Fornleifaskráning í Arnarneshreppi

I. bindi



Elín Ósk Hreiðarsdóttir og Þóra Pétursdóttir (ritstjórar)

Höfundar efnis: Elín Ósk Hreiðarsdóttir, Orri Vésteinsson, Sólveig Guðmundsdóttir Beck, Stefán Ólafsson og Þóra Pétursdóttir

Fornleifastofnun Íslands

FS377-06251

Reykjavík

2008

Forsíðumyndin er af nausti í landi Óss (EY-069:026) (Þóra Pétursdóttir, 2007)

© Fornleifastofnun Íslands 2008

Bárugötu 3

101 Reykjavík

Sími: 551 1033

Fax: 551 1047

Netfang: fsi@instarch.is

Heimasíða: www.instarch.is

Efnisyfirlit I. bindis

1. INNGANGUR ..... - 5 -

2. LÖGGJÖF UM MINJAVERND ..... - 7 -

3. BYGGÐASAGA ..... - 9 -

4. FORNLEIFASKRÁ ..... - 18 -

EY-068 MÖÐRUVELLIR ..... - 20 -
EY-069 ÓS ..... - 43 -
EY-070 PÁLMHOLT ..... - 59 -
EY-071 SYÐRI-BAKKI ..... - 73 -
EY-072 YTRI-BAKKI ..... - 93 -
EY-073 BRAGHOLT ..... - 111 -
EY-074 ARNARNES ..... - 117 -
EY-079 FAGRISKÓGUR ..... - 131 -
EY-080 YTRI-KAMBHÓLL ..... - 141 -
EY-081 SYÐRI-KAMBHÓLL ..... - 144 -
EY-082 KJARNI ..... - 152 -
EY-083 SKRIÐULAND ..... - 158 -

1. Inngangur

Á vordögum 2006 gerðu Fornleifastofnun Íslands og Arnarneshreppur með sér samning um aðalskráningu fornleifa í hreppnum. Samið var um að skráningin færi fram á tveimur árum, 2006-2007 og að lokaskýrslu yrði skilað vorið 2008. Samningnum samkvæmt var einnig skilað bráðabirgðaskýrslu í handriti vorið 2007, sem gaf yfirlit um stöðu verksins.

Ólíkt flestum öðrum hreppum í landinu var þegar til eldri fornleifaskráning í Arnarneshreppi, frá miðjum 9. áratug 20. aldar, en hana gerði Guðmundur Ólafsson fornleifafræðingur. Sú vettvangsúttekt náði hins vegar aðeins til hluta fornleifa auk þess sem hún uppfyllti ekki þær kröfur sem nú eru gerðar til fornleifaskráningar. Minjastaðir voru til að mynda ekki hnitsettir o.s.frv. Skráning Guðmundar var hins vegar höfð til hliðsjónar við skráninguna og er allstaðar vísað í gögn hans þar sem við á.

Í júlí 2006 hófust skrásetjarar Fornleifastofnunar handa við vettvangsrannsóknina og unnu að henni fram eftir ágústmánuði það ár. Í þessum fyrri hluta verksins var skráð svæðið frá hreppamörkum við Hörgárbyggð og til norðurs að Hofi og Ásláksstöðum. Þá voru skráðar 12 jarðir og á þeim 185 fornleifar, en áður hafði Orri Vésteinsson, fornleifafræðingur, skráð fornleifar á Möðruvöllum að beiðni Prestsetrasjóðs og RALA og voru niðurstöður þeirrar skráningar teknar með í heildarskráningu hreppsins.[1] Því var í árslok 2006 búið að skrá samtals 13 jarðir og 239 fornleifar. Skráningin sumarið 2006 var unnin af Elínu Ósk Hreiðarsdóttur, Sólveigu Guðmundsdóttur Beck og Stefáni Ólafssyni. Elín hafði yfirumsjón með úrvinnslu og tók saman bráðabirgðaskýrslu.

Verkinu var haldið áfram síðsumars 2007 og var þá hafist handa á bænum Ósi og svo haldið til norðurs að hreppamörkum við Dalvíkurbyggð. Við skráninguna unnu Sólveig Guðmundsdóttir Beck og Þóra Pétursdóttir. Alls voru skráðar 452 fornleifar á 16 jörðum (auk afréttar) í þessum síðari áfanga. Í heildina hafa því verið skráðar 691 fornleifar í hreppnum á 29 jörðum en það gerir tæplega 24 fornleifar á jörð að meðaltali. Jarðirnar eru þó misstórar og ólíkar að staðháttum og landkostum og er fjöldi minja á jörð því mjög mismunandi. Á sjö jörðum eru skráðar 10 minjar eða færri en flestar fornleifar eru skráðar á jörðunum Möðruvöllum,Ytri Bakka og Ósi, um eða yfir 50 fornleifar á hverri þeirra.

Við skráninguna voru notaðar loftljósmyndir frá Loftmyndum ehf sem sveitarfélagið á og Búnaðarsamband Eyjafjarðar hefur umsjón með. Aftast í skýrslunni er að finna viðauka með loftmyndum með hnitum fyrir alla minjastaði í hreppnum og þar er einnig að finna hnitalista í

[1] Sjá einnig skýrslu um þá úttekt. Orri Vésteinsson. 1998. *Möðruvellir í Hörgárdal: Fornleifakönnun.* FS153-98071. Fjölrit. Reykjavík.

landshnitakerfi Íslands (ISN93). Þess ber að geta að minjastaðir á Möðruvöllum voru færðir inn á loftmyndir en hnit fyrir þá staði voru tekin á meðan nákvæmni gps merkja var enn takmörkuð af bandaríska hernum og því er minni nákvæmni í hnitum þaðan en annars staðar.

Við skráninguna voru allir bæir í hreppnum heimsóttir og gengið um landareignirnar. Rætt var við staðkunnuga og gengið á alla þekkta minjastaði. Á hverjum minjastað var staðháttum lýst, gefnar leiðbeiningar um hvar staðinn sé að finna og minjum lýst. Hnit voru tekin á hverjum stað og þar sem tóftir eða önnur mannvirki var að finna voru þær teiknaðar upp og af þeim teknar myndir. Ástand allra minjastaðanna var metið og sömuleiðis hvort þeir teldust í hættu, og þá hvers vegna.

Skýrslan er sett upp á hefðbundinn hátt, en vegna umfangs er henni skipt niður í tvö bindi. Í þessu fyrra bindi er, á eftir inngagni, að finna umfjöllun um löggjöf um minjavernd (2. kafli), en þar á eftir er farið yfir byggðasögu hreppsins í stuttu máli (3. kafli). Í 4. kafla er fornleifaskrá þar sem er að finna ítarlega umfjöllun um hvern minjastað ásamt túnakortum, uppdráttum og ljósmyndum. Fornleifaskráin er tvískipt og er síðari hluta hennar að finna í II. bindi skýrslunnar. Í þessu bindi er fornleifaskrá fyrir jarðirnar Möðruvelli, Ós, Pálmholt, Syðri-Bakka, Ytri-Bakka, Bragholt, Arnarnes, Fagraskóg, Ytri-Kambhól, Syðri-Kambhól, Kjarna og Skriðuland. Í síðara bindi er fornleifaskrá jarðanna Baldursheims, Ytri-Reistarár, Syðri-Reistarár, Hvammkots, Hvamms, Ásláksstaða, Hofs, Litlu-Brekku, Stóru-Brekku, Ytra Brekkukots, Syðra Brekkukots, Þrastarhóls, Hallgilsstaða, Spónsgerðis, Bjarga, Litla-Dunhaga og Dunhagakots auk afréttar. Í síðara bindi er einnig samantekt um helstu minjaflokka (5. kafli) og umfjöllun um verndun og kynningu minja á skráningarsvæðinu (6. kafli). Að lokum eru heimildaskrá og viðaukar, þ.á.m. hnitaskrá og minjakort, aftast í II. bindi skýrslunnar.

Um skýrsluskrif sáu Elín Ósk Hreiðarsdóttir og Þóra Pétursdóttir en auk þeirra unnu Sólveig Guðmundsdóttir og Lísa Rut Björnsdóttir að tölvugerð teikninga og túnakorta og Lísa Rut vann einnig að kortagerð.

Skrásetjarar vilja að lokum nota tækifærið og koma á framfæri þökkum til heimildamanna fyrir ómetanlega aðstoð og hjálpsemi í hvívetna á meðan á vettvangsvinnu stóð.

2. Löggjöf um minjavernd

Á undanförnum árum hafa verið gerðar breytingar á löggjöf um verndun fornleifa og hefur eftirlit með framkvæmd laganna verið aukið. Samkvæmt 10. grein þjóðminjalaga (nr. 107/2001), eru allar fornleifar á Íslandi friðhelgar: "Fornleifum má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi né nokkur annar, spilla, granda né breyta, ekki heldur hylja þær, laga né aflaga né úr stað flytja nema með leyfi Fornleifaverndar ríkisins." Í þjóðminjalögum er skráning fornleifa ennfremur bundin hverskonar skipulagsgerð en í 11. gr. laganna segir: "Skylt er að fornleifaskráning fari fram áður en gengið er frá svæðisskipulagi, aðalskipulagi eða deiliskipulagi eða endurskoðun þess og skal sá sem ber ábyrgð á skipulagsgerð í samræmi við skipulagslög standa straum af kostnaði við skráninguna."

Er þessi fornleifakönnun í anda þeirra markmiða sem sett hafa verið í þessari löggjöf. Mat á áhrifum skipulagsgerðar á fornleifar gerir kröfur um fjölþætta athugun á heimildum og vettvangsrannsókn, enda er skilgreining á fornleifum í þjóðminjalögum víðtæk. Samkvæmt lögunum teljast minjar 100 ára og eldri til fornleifa, en heimilt er þó að friðlýsa yngri minjar. En til nánari skilgreiningar teljast fornleifar hvers kyns leifar fornra mannvirkja og annarra staðbundinna minja sem menn hafa gert eða mannaverk eru á, svo sem:

a. búsetulandslag, byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi mannvirkjum og öskuhaugum, húsaleifar hvers kyns, svo sem kirkna, bænahúsa, klaustra og búða, leifar af verbúðum, naustum, verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum;

b. vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bólum, mógröfum, kolagröfum og rauðablæstri;

c. gömul tún- og akurgerði, áveitumannvirki og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita;

d. gamlir vegir, stíflur, brýr, vatnsvöð, varir, hafnir og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og vitar og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra;

e. virki og skansar og önnur varnarmannvirki;

f. gamlir þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð;

g. áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum og minningarmörk í kirkjugörðum;

h. haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið;

i. skipsflök eða hlutar úr þeim.

Það er því skýrt af þessari skilgreiningu að fornleifar eru ekki aðeins öll mannvirki heldur einnig staðir sem á einn eða annan hátt tengjast menningu og atvinnuvegum, hvort heldur sem er vöð eða álagablettir. Þessari skilgreiningu hefur verið fylgt fornleifaskráninguna.

3. Byggðasaga

Hér verður í grófum dráttum dregin upp mynd af þróun byggðar í Arnarneshreppi, allt frá landnámi til nútíma. Áður hefur Orri Vésteinsson[2] fjallað ítarlega um byggðasögu Möðruvalla í tengslum við skráningu fornleifa þar og verður nokkuð úr þeirri umfjöllun tekið með hér, enda Möðruvellir þungamiðja svæðisins lengst af.

Fyrir árið 1824 nefndist byggðin frá Litla-Dunhaga í Hörgárdal norður að Ytri-Haga á Árskógsströnd, og líklega ásamt Hrísey, einu nafni Hvammshreppur og var þingstaður hreppsins á samnefndum bæ. 1824 voru hreppamörk hins vegar færð að Hámundarstaðahálsi og þingstaðurinn að Arnarnesi og hreppurinn nefndur Arnarneshreppur. Enn voru hreppamörkin færð til árið 1911 er hreppurinn greindist í tvennt og mörkin sett á milli Fagraskógs og Hillna, þar sem þau eru nú, og hét þá Arnarneshreppur fyrir sunnan þau en Árskógshreppur (nú Dalvíkurbyggð) fyrir utan. Þá var þingstaður hreppsins einnig færður að Ytri-Reistará, þar sem einnig er skilarétt hreppsins. Að austan eru mörk hreppsins um sjávarströndina frá Hillum suður að Hörgá en fylgja síðan ánni til vesturs, á móti Glæsibæjarhreppi, þar til kemur að hreppamörkum móti Skriðuhreppi að suðvestanverðu á milli bæjanna Litla-Dunhaga í Arnarneshreppi og Stóra-Dunhaga í Skriðuhreppi. Þaðan liggja vesturmörkin til fjalls, upp á Dunhagahnjúk og eftir vatnaskilum á Möðruvallafjalli í Vatnshlíðarhaus, um þveran Mjóadal norðan Reistarárskarðs og norður á Kötlufjall og þaðan til sjávar, á milli Hillna og Fagraskógar sem fyrr segir. Lengd milli hreppamarka frá suðri til norðurs er um 15 km.

Undirlendi er fremur lítið nyrst í hreppnum, en breikkar umtalsvert sunnan Arnarnesvíkur. Þar er bæjarröðin tvöföld, annarsvegar í hlíðarfætinum vestan þjóðvegarins og hinsvegar á ásunum austan hans. Landfræðilega greinist hreppurinn í tvennt um holtarana sem liggur um miðja sveit frá fjallsrót í átt til sjávar. Eru holt þessi nefnd Reiðholt vestast en Kúamelar neðar og eru talin endimörk Hörgárdals, en bærinn Ós við mynni Hörgár er sagður nyrsti bær í dalnum. Norðan Reiðholts nefnist sveitin einu nafni Galmaströnd, en samkvæmt Landnámu náði hún á milli Þorvaldsdalsár í norðri og Reistarár í suðri. Há fjöll eru ofan byggðarinnar eftir endilöngum hreppnum. Milli Hvammsfjalls og Reistarárfjalls, svo til í miðri sveit, er allstórt skarð er nefnist Reistarárskarð, en úr því fellur samnefnd á. Að norðanverðu endar Reistarárfjall einnig í grunnu skarði, Þorvaldsdalsskarði, sem er ofan við

[2] Orri Vésteinsson (2001) *Möðruvellir í Hörgárdal. Fornleifakönnun*. FS153-98071. Fornleifastofnun Íslands, Reykjavík

bæinn Baldursheim. Um bæði þessi skörð lágu leiðir um daldrag er Mjóidalur nefnist yfir í Þorvaldsdal sem liggur suður frá Árskógsströnd handan fjalla í átt að Fornhaga í Hörgárdal. Í Þorvaldsdal er nú afréttarland Arnarnes- og Dalvíkurbyggðar, en syðsti hluti dalsins tilheyrir hins vegar Hörgárbyggð.

Um landnám á svæðinu er fjallað í Landnámu, þótt þær frásagnir séu að mörgu leyti óljósar. Hauksbók Landnámu er yngri gerð en Sturlubók og er talin þiggja upplýsingar um landnám í Eyjafirði úr glataðri Íslendingasögu, svonefndri Kræklinga sögu. Þar greinir frá landnámi Hámundar heljarskinns, tengdasonar Helga magra Eyvindarsonar, og segir að Hámundur hafi eignast Galmaströnd alla auk svæðisins á milli Svarfaðardals og Hörgárdals. Hann á síðan að hafa gefið Erni frænda sínum land utan við Reistará og selt Þorvaldi jarðir milli Reistarár og Hörgár. Því er síðan bætt við að Þorvaldsdalur sé við Þorvald þennan kenndur og þar hafi hann búið þótt dalurinn sé samkvæmt áðurgreindu alls ekki í landnámi hans.[3]

Samkvæmt Sturlubók Landnámu miðlaði Hámundur löndum við Örn frænda sinn og bjó sá í Arnarnesi[4], sem þó er í miðju landnámi Galms samkvæmt næsta kafla sem er í báðum Landnámugerðunum.[5] Samkvæmt honum nam Galmur Galmaströnd alla á milli Reistarár og Þorvaldsdalsár. Þá er Þorvaldur einnig sagður sonur Galms og sagður hafa búið í Þorvaldsdal áður en hann þáði lönd milli Reistarár og Hörgár að gjöf frá Hámundi. Hvar Galmur bjó kemur ekki fram í heimildum en í Arnarnesvík niður undan Kambhólsbæjunum, vestan við Arnarnestjörn, mun hafa staðið bærinn Galmastaðir og hafa menn ímyndað sér að þar hafi verið bær Galms. Næsta jörð sunnan Galmastaða er einmitt landnámsjörðin Arnarnes, en það kann að teljast ósennilegt að menn hafi valið sér bæjarstæði svo þétt við upphaf byggðar. Hins vegar má líta svo á að nálægð Anrarness og Galmastaða og vægi beggja staða/örnefna í landnámshefðum bendi til þess að það hafi verið til þekking um að byggð á þessu svæði stæði á sérstaklega gömlum merg – og raunar er Arnarnesið góð staðsetning ætli maður að leggja undir sig Galmaströnd.

Bæir í Arnarneshreppi koma lítið við sögu í Íslendingasögum, en það þarf alls ekki að vera vísbending um að þeir hafi ekki byggst snemma. Hið sama á við um höfuðból hreppsins, Möðruvelli, sem koma meira við sögu síðmiðalda og eftir siðaskipti. Möðruvalla er þó getið í Víga-Glúms sögu, en Víga-Glúmur á að hafa dvalið veturlangt að Möðruvöllum hjá Þorgrími

[3] ÍF I, 255
[4] ÍF I, 254
[5] ÍF I, 256

hnjúk[6]. Þótt það sé vísbending um að Möðruvellir séu komnir i byggð á 10. öld er harla ólíklegt að þeir hafi þá verið orðnir að því höfuðbóli sem síðar varð.

Samtímasögur eru ekki síður þöglar um bæi í Arnarneshreppi og ekki eru margir þeirra nefndir til sögunnar. Möðruvalla er fyrst getið sem kirkjustaðar í Prestssögu Guðmundar Arasonar þegar Guðmundur Arason var fermdur þar árið 1162[7] og koma þeir nokkuð við sögu Sturlungu að öðru leyti. Arnarness, sem jafnframt er landnámsjörð eins og komið hefur fram, er einnig getið í Guðmundar sögu dýra og eins Fagraskógar, sem er ysti bær í hreppnum.[8]

Kuml eru sjálfstæður vitnisburður um að byggð hafi verið komin á fyrir 1000. Kuml hafa fundist á þremur stöðum í hreppnum, í landi Möðruvalla, Syðri-Reistarár og Litla-Dunhaga. Kumlið á Möðruvöllum (068:031) fannst á fyrri hluta 19. aldar og því eru upplýsingar um það ekki eins ítarlegar og best væri á kosið. Staðsetning kumlsins er t.d. óljós en í upphaflegri lýsingu er það sagt "í holtinu fyrir sunnan Möðruvelli…". Berir melar eru sunnan við tún á Möðruvöllum og hefur hluti þeirra verið ræktaður undir tún. Melhólar og klettaholt eru neðst í fjallshlíðinni við merkin á móti Björgum og virðist lýsingin helst eiga við það svæði. Melhólarnir og holtin eru raunar mest í landi Bjarga og má vel vera að kumlið hafi verið þeim megin merkjanna. Í kumlinu fannst auk beina hnífur, fingurbaugur úr silfri og silfurpeningur, líklega af sláttu Aðalsteins Englakonungs (924-40).

Um kumlfundinn í Litla-Dunhaga (099:004) eru ítarlegri upplýsingar. Kumlið þar fannst við túnrækt árið 1963 og rannsakaði Kristján Eldjárn það sama ár. Kumlið fannst á Syðraholti, sunnan við Hesthúslaut um 300 m sunnan og ofan við bæ. Því hafði talsvert verið raskað með jarðýtu áður en beinanna varð vart en þar fundust leifar beina úr karlmanni um fimmtugt en ekki fannst haugfé með honum, en hugsanlegt er að það hafi farið forgörðum við framkvæmdirnar.

Tvö kuml hafa fundist í landi Syðri-Reistarár (086:010), á melnefi rétt sunnan við ána á milli Reistarárbæjanna. Árið 1936 rannsakaði Matthías Þórðarson þar mannabein sem fundust við malartöku. Beinin reyndust úr miðaldra konu og höfðu orðið fyrir allmiklu hnjaski þannig að ekki var unnt að greina frekar legu þeirra eða umgjörð. Árið 1940 komu enn í ljós mannabein á staðnum og rannsakaði Kristján Eldjárn þau. Þau reyndust einnig úr eldir konu, en fá og óheilleg. Hann gróf víðar í melnum en varð einskis vísari. Engir munir fundust.

[6] ÍF IX, 90
[7] Sturlunga saga, 106
[8] Sturlunga saga, 171

Kristján Eldjárn taldi staðinn leifar af fornum kumlateigi enda staðurinn þesslegur. Í umfjöllun sinni um kumlin á Syðri-Reistará segir Kristján ennfremur að víðar á þessum slóðum hafi blásið upp mannabein. Til dæmis væri lærleggur úr manni í refti búrsins á Ytri-Reistará og hefði verið notaður hvað eftir annað. Samkvæmt Davíð Sigurðssyni, síðar bónda á Stóru-Hámundarstöðum, hafði blásið upp stóra mannsbeinagrind ofan við túnið þegar hann var drengur á Ytri-Reistará (085:006) og var sennilegt að lærleggurinn væri úr henni. Samkvæmt þessari frásögn er því mögulegt að þar hafi einnig verið um kuml að ræða þótt ekki verði það fullyrt.

Fleiri staðfest kuml eru ekki á skráningarsvæðinu en þó eru örnefni eða sagnir tengdar nokkrum stöðum til viðbótar þar sem meinast að séu legstaðir eða haugar fornmanna. Má þar nefna sem dæmi Arnbjargarhól (094:005) í landi Syðra-Brekkukots, þar sem fornkonan Arnbjörg á að vera grafin ásamt góðum gripum, og Arnarhól (074:009) í landi Arnarness, þar sem Örn sá er fyrstur byggði jörðina skal vera greftraður. Örnefni og sagnir sem þessar eru afar algengar en oftar en ekki eru þau hins vegar tengd náttúrufyrirbærum sem engin mannaverk eru á. Engu að síður geta örnefni gefið raunverulegar vísbendingar um kuml eða legstaði. Í landi Syðri-Bakka eru til dæmis örnefnin Dysnes og Kumlaholt (071:009), sem verða að teljast mjög forvitnileg. Frásagnir herma auk þess að mannabein hafi fundist á þeim slóðum. Einhverjar rannsóknir hafa farið fram á þessum stöðum en hafa þó enn sem komið er ekki leitt í ljós kuml svo óyggjandi sé.

Staðsetning kirkna og bænhúsa getur gefið vísbendingu um skipan byggðar til forna. Aðeins ein kirkja er skráð í hreppnum, Möðruvallakirkja, en þar var og er enn sóknarkirkja Arnarneshrepps auk þess sem Möðruvallastaður hefur verið þungamiðja svæðisins frá fornu fari. Möðruvallakirkju er fyrst getið 1162 er Guðmundur Arason er fermdur þar, en 1202 eða 1203 eru Möðruvellir orðnir staður.

Ritaðar heimildir eru um bænhús á sex jörðum í hreppnum, í Hvammi, Ósi, Arnarnesi, Skriðulandi, Syðri-Reistará og Stóru-Brekku. Um bænhús að Ósi (069:002), Stóru-Brekku (092:002) og Syðri-Reistará (086:002) eru engar frekari heimildir en þær að í Jarðabók Árna og Páls 1712 er greint frá munnmælum um að bænhús hafi staðið á jörðunum. Í Arnarnesi hefur verið bænhús eða hálfkirkja (074:002) og heimamannagröftur en 1431 voru flutt þaðan á brott Maríulíkneski stórt, Katrínarlíkneski, Ólafslíkneski og sæmilegur spegill,[9] en það er meiri kirkjugripaeign en tíðkaðist í venjulegum bænhúsum og gæti bent til að Arnarneskirkja hafi verið sóknarkirkja áður en Möðruvallastaður varð meiriháttar kirkjumiðstöð á 13. öld.

[9] DI IV, 465

Munnmæli þess efnis voru þekkt á 19. öld.[10] Tíðir eru veittar þar 1461[11], og samkvæmt Jarðabók Árna og Páls allt til ársins 1700. Það gæti ennfremur stutt þá hugmynd að Arnarneskirkja hafi verið meiri en venjulegt bænhús að Arnarnes átti til 1902 ræmu til fjalls sunnan við Kambhól og fylgdu þau munnmæli að sú landspilda hafi tilheyrt kirkjunni. Að Skriðulandi er getið um bænhús (083:002) í jarðabréfi frá 1397 þar sem segir að Böðvar djákni Ögmundarson segi til bænhússkyldar á jörðunum Hallfríðarstöðum og Skriðulandi og skyldi kaupandinn, séra Halldór Loftsson, ábyrgjast fyrnd á bænhúsunum báðum.[12] Í Hvammi er getið um bænhús (088:002) í jarðabréfi frá 1390 þar sem segir; "sagdi [seljandi] til bænhuss skylldar aa huammi ok skildi af ser fyrnd aa bænhus."[13] Að undanskyldu bænhúsinu í Arnarnesi er ekkert vitað um það hvenær bænhús þessi lögðust af annað en að öll virðast þau fyrir löngu fallin 1712 þegar Jarðabók Árna og Páls er tekin saman. Ennfremur ber að geta þess að þessar heimildir eru allar tilviljunarkenndar – engin heildarskrá er til um bænhús eða kirkjur í Möðruvallaklaustursþingum – og má því vel vera að fleiri slík hús hafi verið í hreppnum.

Ef litið er á skipan byggðar í utanverðum Hörgárdal og á Galmaströnd þá virðist auðsætt að fyrstu landnemarnir sem komu upp í Hörgárósa hafa tekið sér bólfestu nálægt ósnum og nálægt þeim miklu engjum sem þar eru. Þrír meginkostir eru við þessa staðsetningu. Í fyrsta lagi hefur ekki þurft að ryðja skóg til að koma sér fyrir á votlendisjaðrinum. Í öðru lagi hefur verið nægur heyfengur á engjunum til að fæða skepnur landnemanna – þeir hafa hvorki þurft að ryðja skóg né rækta tún til að komast af frumbýlingsárin og hafa sennilega getað aukið bústofninn svo um munaði á þessum landkostum einum. Í þriðja lagi hefur skipt máli að þessir frumbyggjar hafa setið fyrir þeim sem seinna komu – allir sem leituðu landa upp um Hörgárdal hafa þurft að komast framhjá þeim sem þegar höfðu tekið sér bólfestu við ósinn með góðu eða illu, og má ætla að frumbyggjarnir hafi reynt að beita áhrifum sínum til að tryggja að þeir sem seinna komu yrðu þeim háðir með einum eða öðrum hætti. Að sunnanverðu við ósinn er Skipalón, meðaljörð og landnámsbýli samkvæmt Landnámabók, sem kemur ágætlega heim við þetta líkan, en norðan við ána eru nokkur býli í hverfi, sem túlka má sem landnámskjarna. Það eru Ós, sem af nafninu og því að þar var bænhús á seinni öldum, er freistandi að líta á sem elsta býlið, og Áslaksstaðir og Hof, sem af nöfnunum má ætla að séu ívið yngri. Þessar þrjár jarðir voru allar í stærra lagi þó engin þeirra væri stórbýli.

[10] SSE, 115.
[11] DI V
[12] DI III, 621
[13] DI III, 449

Samanlagt voru þær 110 hundruð að fornu mati – en það að þær skiptust í þrennt bendir til að þarna hafi verið á ferð allstór hópur manna, sennilega nokkrar fjölskyldur sem ekki lutu stjórn eins höfðingja. Hér hefur því ekki verið á ferð höfðingi eins og Skallagrímur á Borg sem tók sér besta landið og setti fylgismenn sína niður allt í kring, heldur fleiri en ein fjölskylda þar sem nægilegt jafnræði var á milli til að engin ein gat tekið sér vænstu sneiðina. Slíkir hópar hafa verið alltíðir á landnámsöld og má víða finna munstur þessu lík, t.d. í Hjaltastaðaþinghá í Fljótsdal og í Mývatnssveit.

Ætla má að þeir sem komu í Hörgárósa eftir að byggð hafði komist á legg við ósana hafi flestir leitað upp með ánni og stofnað þar sjálfstæð landnám en byggðakjarninn við ósinn hefur einnig vaxið, hvort heldur sem er með því að fleira fólk kom að utan og settist að undir handarjaðri frumbýlinganna, eða að þeir fjölguðu sér sjálfir og tóku að byggja nærliggjandi svæði sem væntanlega hafa verið hulin skógi í fyrstu. Einlægast er að líta á Brekkubæi sem beint framhald af landnámskjarnanum við ósinn, en að Hvammur og Möðruvellir komi næst á eftir í röðinni, enda eru þær jarðir báðar heldur lengra frá og ekki hægt að líta á þær sem hluta af hinu upphaflega hverfi. Hugsanlega eiga Möðruvellir rætur sínar sem höfuðból í því að maður sem vildi gerast höfðingi yfir landnámskjarnanum hefur ekki með góðu móti getað gert eitt af býlunum í hinu upphaflega hverfi að höfuðbóli – enda voru þau öll ámóta stór. Hann hefur því þurft að stofna nýtt býli sem var mun stærra en nokkuð eitt hinna eldri. Kumlið sem fannst á Möðruvöllum á fyrri hluta 19. aldar er ennfremur vísbending um að þar hefur verið komin byggð fyrir árið 1000.

Brekka og Hvammur eru, á eftir Möðruvöllum og byggðakjarnanum við ósinn, stærstu jarðirnar í hreppnum og nálægð þeirra við ósinn réttlætir að telja þær jarðir stofnaðar frá kjarnanum þar. Norðan við Hvamm er hinsvegar þreföld röð af fremur áþekkum býlum að stærð allt norður til Arnarnesvíkur. Arnarnesvík getur talist sennilegur lendingarstaður landnámsmanna, þó tæplega fyrr en eftir að girnilegri staðir höfðu verið numdir (eins og Hörgárósar), og þar gæti hafa komið sér fyrir fólk sem stefndi að því að hafa áhrif á uppbyggingu svæðisins sunnan við víkina. Vel má vera að landnámssagnir um Örn og Galm endurspegli forna þekkingu um að fólk hafi snemma sest að við víkina. Hafi svo verið hefur það þó ekki skilið eftir sig nein ótvíræð ummerki í byggðaskipaninni. Byggðin milli Hvamms og Arnarnesvíkur hefur öll einkenni skipulagðrar byggðar: býlin eru öll áþekk að stærð (20-30 hundruð) og skipta landgæðum í aðalatriðum jafnt. Það mælir helst með sérstöðu býlanna við Arnarnesvík að þau (þ.e. Fagriskógur, Kambhóll og Arnarnes) áttu öll land frá fjalli til fjöru, en býlin þar fyrir sunnan, höfðu einsleitari landgæði (og Bragholt og Pálmholt raunar hvorki land að fjalli né fjöru). Ekki verður með vissu skorið úr hvaðan þessi byggð var skipulögð, en

líklegra verður að telja að það hafi verið að sunnnan, þar sem landgæði voru meiri og því líklega öflugri byggðakjarni.

Þrastarhóll, Hallgilsstaðir, Björg og Litli-Dunhagi eru líka meðalbýli, inni á milli stórbýla. Af nafninu að dæma hefur Litli-Dunhagi upphaflega verið hluti af byggðakjarna með Stóra-Dunhaga, en hinar jarðirnar má líta á ýmist sem skipulagða byggð eða yngri klofninga út úr eldri og stærri jörðum. Dreifing kumlanna í hreppnum bendir til að minni jarðir eins og Björg, Reistarárárbýlin tvö og Dunhagabæirnir báðir hafi verið komnar í byggð fyrir lok 10. aldar og má af því álykta að hið sama eigi við um flest önnur býli af sömu stærðargráðu.

Þó að Ós, Ásláksstaðir, Hof og Brekkubæir hafi eflaust snemma fallið í skuggann af Möðruvöllum þá er ekkert sem bendir til að Möðruvellir hafi orðið meiriháttar miðstöð á 10., 11. eða 12. öld. Meint vetrardvöl Víga-Glúms á Möðruvöllum er tæplega vitnisburður um að býlið hafi verið höfuðból í lok 10. aldar. Á 12. öld bjuggu stórhöfðingjar á Auðbrekku, á Laugalandi, í Lönguhlíð (nú Skriða) og á Bakka í Öxnadal en Möðruvalla er fyrst getið sem kirkjustaðar þegar Guðmundur Arason var fermdur þar 1162. Freistandi er að ætla að Möðruvellir séu ein þeirra jarða, eins og t.d. Reykholt, Skálholt og Hólar, sem eiga mikilvægi sitt að rekja til þess að þar risu snemma kirkjur. Það hafa þá jafnvel verið hinar elstu sóknarkirkjur sem urðu miðstöðvar samkomuhalds og þar með mikilvægar miðstöðvar sem höfðingjar gerðu að aðsetrum sínum. Margar slíkar jarðir urðu staðir mjög snemma, þ.e. jörðin öll var álitin eign kirkjunnar sem á henni stóð. Það hefur að hluta til virkað hvetjandi á sóknarmenn að gefa þangað gjafir – og má vera að mikilvægi Möðruvalla hafi fyrst og fremst legið í því að kirkjan þar (og síðar klaustrið) átti feikimargar jarðir – en einnig hefur það haft í för með sér að yfirráð yfir eignunum gátu orðið óljós, einkum ef staðurinn gekk úr ætt stofnandans. Þannig var komið fyrir Möðruvöllum um 1200 og voru þeir ásamt Völlum í Svarfaðardal undir forræði Hólabiskupa allt frá því undir lok 12. aldar. Það er andstætt öðrum stöðum í Eyjafirði, eins og Tjörn í Svarfaðardal, Glæsibæ, Hrafnagili og Saurbæ sem voru undir forræði leikmanna allt til þess að staðamálum lauk með sigri kirkjunnar í blálok 13. aldar. Það er því langt frá að vera tilviljun að kirkjulegar stofnanir risu á Völlum og Möðruvöllum öðrum stöðum fremur í Eyjafirði. Þar höfðu Hólabiskupar haft heillar aldar forskot til að byggja upp eignir og ítök og má líta á klausturstofnun Jörundar biskups á Möðruvöllum 1296 sem beint framhald af uppbyggingarstarfi hans og forvera hans á staðnum. Það er heldur ekki tilviljun að klaustrið á Möðruvöllum var mun ósjálfstæðara en flest önnur klaustur landsins. Ábóti þess var Hólabiskup og príórar þess voru ekki annað en framkvæmdastjórar á hans vegum.

Elsta heila eignaskrá klaustursins er frá 1447[14] og átti það þá 32 jarðir í byggð og 40 í eyði. Flestar voru þessar jarðir í nágrenni klaustursins, á Galmaströnd, en einnig voru allmargar dreifðar um Svarfaðardal, Hörgárdal og Öxnadal. Þar fyrir utan átti klaustrið meirihluta í Grímsey og hlut í Flatey á Skjálfanda og hefur það greinilega verið þátttakandi í hinni miklu uppbyggingu sjávarútvegs sem varð á 14. og 15. öld. Af eignarjörðum klaustursins eru það aðeins Hallgilsstaðir, Björg og hugsanlega Akrar sem gætu hafa verið hluti af hinni upphaflegu landareign Möðruvalla. Þrastarhóll komst ekki undir klaustrið fyrr en síðar og af nafninu að dæma hefur Litli Dunhagi upphaflega verið hluti af byggðakjarna með Stóra Dunhaga. Ekki er þó ástæða til að ætla annað en að bæði Björg og Hallgilsstaðir séu forn býli – og má hafa það til marks um Björg að kumlið sem fannst á Möðruvöllum á 19. öld virðist hafa verið á merkjum milli jarðanna. Hitt má vera að Björg og Hallgilsstaðir hafi verið útjarðir frá Möðruvöllum frá upphafi og verið hluti af þeim eignum sem lagðar voru til staðarins á 12. öld.

Við siðaskiptin um miðja 16. öld lagðist klausturlíf af á Möðruvöllum og var staðurinn settur í hendur klausturhaldara. Möðruvellir og þær jarðir sem undir klaustrið höfðu legið urðu þar með lítið annað en rekstrareining – klausturhaldararnir leigðu klaustrið og eignir þess af konungi og höfðu ekki aðrar skyldur en að standa skil á leigunni til konungs. Klausturhaldarar á Möðruvöllum voru hinsvegar oft embættismenn og 1784 var klaustrið gert að amtmannssetri, og stóð svo í slétta öld. Eftir siðaskipti bættust engar nýjar eignir við klausturgóssið og ýmis ítök gengu úr sér eða hreinlega gleymdust. Sennilegt er því að umsvif búrekstrar hafi heldur dregist saman þó Möðruvellir hafi áfram verið eitt helsta stórbýli landsins fram eftir 19. öld.

Í heild má segja að ekkert bendi til annars en að byggð í hreppnum hafi haldist nokkuð stöðug í gegnum aldirnar. Þó er vitað um nokkur eyðibýli sem gætu bent til að byggðin hafi verið heldur þéttari á miðöldum en síðar. Þar er fyrst að telja Miðbakka, milli Ytribakka og Syðribakka, en þar eru miklar leifar garða og tófta sem benda til að það býli hafi staðið á gömlum merg er það fór í eyði um 1630. Um miðja 15. öld er nefnt býlið Skógarbrekka milli Skriðulands og Baldursheims en af leigumála þess að dæma hefur búrekstur þar verið af sömu stærðargráðu og annaarra lögbýla í hreppnum.[15] Í sömu heimild er getið eyðibýlanna Akra, Garðshorns og Jarteinabrekku. Akra á þessum slóðum er getið í Ljósvetningasögu og er það talið hafa verið sunnan við Möðruvelli, ef til vill á sama stað og hjáleigan Róðuhóll frá

[14] DI IV, 710-712
[15] DI IV, 710-712.

Björgum síðar. Garðshorn var í landi Hofs og bendir nafnið til að garður hafi legið ofan við Brekkubæí og síðan niður eftir Reiðholti. Jarteinabrekka er talin hafa verið norðan við Skriðuland. Óvíst er að hvort telja á þessi býli sem gömul lögbýli eða flokka þau sem hjáleigur sem voru í óstöðugri byggð á ýmsum tímum. Allnokkur slík eru þekkt frá seinni öldum og hafa þau gjarnan nöfn sem enda á –kot eða –gerði.

Ólíkt mörgum öðrum sveitum verður ekki séð að nýbýla- eða hjáleigustofnun í Arnarneshreppi hafi einkennt eitt tímabil umfram annað. Sumar af þeim hjáleigum sem voru í byggð fram á 20. öld gætu vel hafa staðið á mjög gömlum merg (t.d. Spónsgerði, Brekknakotin, Hvammkot), sömuleiðis Ásláksstaðakot og Neskot sem fóru í eyði á seinni hluta 18. aldar, en á öðrum virðist byggðin hafa verið skammæ (t.d. Róðukot, Jaðar, Brekkugerði, Rauðagerði, Skiptagerði og Grænhóll) og um suma staðina má raunar efast hvort að þar hafi verið raunveruleg býli þó þeir hafi þessleg nöfn.


Þrátt fyrir aðgengi að sjó hefur lífsviðurværi fólks í Arnarneshreppi fyrst og fremst byggst á landbúnaði þótt einhver útgerð hafi verið stunduð til hliðar búrekstrinum. Nokkur þurrabúðarbýli hafa þó verið í hreppnum. Til dæmis myndaðist lítið hverfi þurrabúða austast í landi Hvamms snemma á 20. öld og var nefnt einu nafni Sjávarbakki. Byggð þar stóð þó fremur stutt og er Litli-Hvammur (nefndur Sjávarbakki í daglegu tali) eina býlið sem enn stendur. Undir aldamótin 1900 tók að myndast dálítið þéttbýli, Hjalteyri, við sjóinn undan Bakkásum, norðarlega á Galmaströndinni. Um aldamótin varð þar lögskipaður verslunarstaður og frá 1905-1914 var þar mikið athafnalíf og útgerð á vegum Svía, Norðmanna, Skota og Þjóðverja. Árið 1912 tók fyrirtæki Thors Jensen, Kveldúlfur hf, eyrina á leigu og hóf þaðan útgerð, en fyrirtækið keypti síðan eyrina árið 1932. Síldarbræðsla var reist á staðnum 1937 og jukust umsvif verulega við það og hélst svo óslitið fram á sjöunda áratug síðustu aldar er síldin brást.[16]

[16] Þórður Ingimarsson 1973, 221-222

4. Fornleifaskrá

Í skráningarkerfi Fornleifastofnunar hefur hver sýsla skammstafað heiti (ÁR, EY o.s.frv.) og hver jörð hefur þriggja stafa númer. Miðað er við jarðaskiptingu eins og hún kemur fyrir í Jarðatali Johnsens frá 1847 og byggir tölusetning jarðanna á því. Skipting jarða um miðja 19. öld ræður ekki aðeins númerum í skránni heldur er miðað við hana þegar ákvarðað er hvaða jörð ákveðnir minjastaðir tilheyra. Hverjum minjastað er gefin kennitala, þriggja stafa númer sem hengt er við sýslutákn og jarðarnúmer (dæmi: EY-068:001). Fornleifaskrá hverrar jarðar hefst á stuttu yfirliti yfir skiptingu jarðarinnar, eignarhald hennar og matsverð, og einnig er gefin stutt lýsing á náttúrufari og búskaparaðstæðum og sléttun túna. Þar á eftir kemur listi yfir fornleifar sem fundist hafa heimildir um.

Í skránni fær hver minjastaður eina grein og er framsetning upplýsinganna stöðluð. Í fyrstu línu hverrar greinar eru grunnupplýsingar auðkennisnúmer, sérheiti, tegund, hlutverk og hnattstaða. Á eftir auðkennisnúmeri kemur sérheiti hennar ef eitthvert er og síðan tegund. Með tegundarflokkun er leitast við að skilgreina hvers eðlis fornleifin er, þ.e. hvort um er að ræða mannvirki af einhverju tagi sem enn sést, og þá hverskyns (t.d. tóft, garðlag eða varða), mannvirki sem vitað er um en er horfið (heimild, örnefni) eða fornleif sem ekki hefur verið mannvirki (álagablettur, sögustaður eða nátttröll). Allir fornleifastaðir eru greindir til tegundar en hlutverk þeirra er ekki alltaf hægt að ákvarða. Á eftir hlutverki kemur hnattstaða minjastaðarins í gráðum og mínútum. Mæling hnattstöðu er gerð með GPS staðsetningartækjum (stillingin WGS 84) og er mælt í miðju



Dæmi um skráningu á dæmigerðum minjastað


hvers minjastaðar. Miðað er við að áætlað frávik frá miðju sé ekki meira en 10 metrar að meðaltali. Þar sem getur um „heimild um...“ t.d. útihús, þá er átt við að eingöngu eru til heimildir um staðinn, en minjar hafa ekki fundist á vettvangi við skrásetningu. Þótt engar minjar hafi fundist, er engu að síður tekin hnattstaða staðarins ef unnt hefur verið að ákvarða hann á grundvelli fyrirliggjandi upplýsinga með um 50 metra fráviki.

Í annarri línu hefst lýsing minjastaðar oftast á tilvitnun í fyrirliggjandi heimildir en síðan er staðsetningu hans lýst. Þar á eftir kemur oft lýsing á aðstæðum og síðast lýsing á mannvirkinu sjálfu ásamt öðrum upplýsingum sem við eiga.

Í næstsíðustu línu er lagt mat á þá hættu sem minjastaðurinn kann að vera í. Hættustig eru eftirfarandi: 1) engin hætta, 2) hætta og 3) stórhætta. Þeir minjastaðir sem eru fjarri byggð og öllu því umróti sem hugsanlega gæti skemmt þá teljast ekki í hættu. Minjar á eða við svæði þar sem framkvæmdir eiga sér stað teljast í hættu ef hugsanlegt er talið að þeim verði rótað. Sem dæmi um slíka staði má telja fornleifar í túni á bæjum í byggð en þær teljast í hættu vegna þess umróts sem fylgir ábúð og búskap og minjastaðir sem eru á svæði þar sem framtíðar landnotkun er óráðin. Í stórhættu teljast minjastaðir þar sem miklar líkur teljast á að stöðum kunni að verða raskað vegna áætlaðs eða fyrirsjáanlegs umróts. Sem dæmi um slíka staði má nefna minjastaði sem eru á skipulagssvæði þéttbýlis, inni í skógræktarreitum, innan áhrifasvæðis stórframkvæmda eða sem uppblástur ógnar.

Gerð er grein fyrir hver er hættuorsök hverju sinni. Þá er í síðustu línu getið heimilda ef einhverjar eru, oft með skammstöfunum, en úr þeim er leyst í heimildaskrá aftast í II. bindi skýrslunnar.

EY-068 Möðruvellir



Staður. Getið í Víga-Glúmssögu: "Glúmur bjó á Möðruvöllum í Hörgárdal við Þorgrím hjnúk ok undi því eigi lengr en einn vetr." Getið 1162 er Guðmundur Arason var fermdur þar. 1202 eða 1203 er Möðruvellir orðinn staður og skipar Guðmundur Arason Sigurð Ormsson staðarhaldara og hélt hann staðinn fram yfir 1215. Möðruvellir komust aftur undir biskupa og 1253 hafði Heinrekur biskup skipað Eyjólfi ofsa staðinn en um haustið eftir Flugumýrarbrennu hrakti Gissur Þorvaldsson Eyjólf burt af staðnum og rændi þar og drap fé. 1293 settist Sigurður Jónsson lögmaður á staðinn og virðist hafa gert tilkall til hans áður og hefur jafnvel setið þar en skömmu síðar komu út konungsbréf gegn staðartökunni og fór Sigurður af staðnum með því að Jörundur Þorsteinsson biskup greiddi honum fé fyrir. 1285 : « Herra Jörundur biskup að Hólum greiddi peninga Sigurði í Hlíð fyrir Möðruvallastað … » Árna saga biskups, Sturl, 844. Árið 1296 stofnaði Jörundur síðan kanokaklaustur á Möðruvöllum. 1316 brann klaustrið og var ekki endurreist fyrr en 1326. Ekki er annað vitað en að klausturhald hafi verið á Möðruvöllum óslitið til siðaskipta. Eftir siðaskipti höfðu klausturhaldarar Möðruvelli að léni frá konungi til 1784 að Möðruvellir voru gerðir að amtmannssetri. Eftir bruna

Friðriksgáfu 21.3.1874 var amtmannssetur flutt til Akureyrar en sumarið 1879 var nýtt skólahús reist á rústunum og var skólinn settur 1.10.1880 sbr. lög um gagnfræðaskóla á Möðruvöllum í Hörgárdal frá 1877. Skólinn starfaði til 1902. Jörðinni var skipt í tvennt 1911 og hefur annar helmingur hennar verið prestsetur síðan. Nunnuhóll var sameinaður þeim hluta jarðarinnar er byggð lagðist af þar 1937. Endanleg skipti voru gerð 1975 en frá 1974 hefur Rannsóknarstofnun landbúnaðarins rekið tilraunastöð á nyrðri helmingi jarðarinnar. 1712 var Spónsgerði eyðihjáleiga í landi Möðruvalla en sú jörð hafði verið byggð með 3 kúgildum 1569 og er nú sérstök eign. Aðrar hjáleigur í landi Möðruvalla sem vitað er um eru: Akrar (talin meðal klausturjarða í eyði 1447), Jaðar (búið á 18. öld skv. sóknarlýsingu), Lækjarbakki (búið á 18. öld skv. sóknarlýsingu), Neskot (fornt eyðibýli skv. sóknarlýsingu) og Karlskofi /í Möðruvallaklausturnesi (nefnt meðal eyðibýla í uppkasti að sóknarlýsingu) og Nunnuhóll, búið 1854-1937. "Lifa enn munnmælasagnir um það, að [Möðruvalla]nesið hafi legið undir Brekkutorfujarðir, en príor á Möðruvöllum hafi náð því undir klaustrið. Aðstæður benda til þess, að svo kunni að hafa verið." Jóhannes Óli Sæmundsson, Örnefni í Arnarneshreppi, 85-86.
1917: 26,5 ha, garðar 928 m2. Gamla túnið er allt sléttað en þó sennilega hvergi með jarðýtum og er það allhæðótt á köflum og gæti sumt af þessum misjöfnum verið mannvirkjaleifar. Grónir skriðutaumar sjást víða í vestan og sunnanverðu túninu. Þaksléttur eru 50-150 m suðvestur af prestbústað. Beðasléttur vestan við s.k. Eggertsfjós voru sléttaðar um 1990. Fyrir utan byggingar á gömlum útihússtæðum eru hvergi nýbyggingar í túninu nema nyrst þar sem 3 einbýlishús hafa verið byggð, á stað sem er á norðurmörkum gamla túnsins. Heimatúnin hafa verið stækkuð til norðurs allt að landamerkjum og einnig lítillega til suðurs og suðausturs út á Möðruvallamela. Akramýri austan við staðinn hefur verið ræst fram en ekki nema að hluta til gerð að túni. Möðruvallaengi hefur verið sléttað að miklu leyti nema ysti hlutinn en það var víða slétt frá náttúrunnar hendi. Í SSE er getið um smákot sem fóru ú eyði er Möðruvellir voru gerðir að amtmannssetri 1784: "Tún þessara kota sumra eru nú komin í órækt, jafnvel þó núverandi amtmaður leggi allt kapp á að rækta þau, sem nálægt hans aðsetri eru, að nýju; en það sýnist nærri ómögulegt í tilliti sumra, nema þau væru byggð upp aftur, og mundi þó torsótt veita vegna áburðarleysis fyrst í stað." SSE, 113

EY-068:001 *Möðruvallaklaustur* bæjarhóll bústaður 65°46.232.N 18°15.037.V
Bærinn stóð gegnt kirkjunni og var SV horn hans á móts við NA hornið á Leikhúsinu 007 og mun hann hafa náð svotil alla leið að suðurgafli Stefánsfjóss 006. Bærinn stóð heldur vestar en núverandi íbúðarhús bústjóra frá 1938 en það stendur á svotil sama stað og íbúðarhús það er Stefán Stefánsson lét reisa 1892 og stækka til norðurs 1897. Bærinn var rifinn skömmu síðar nema eldhús sem stóð lengi aftan við íbúðarhús Stefáns og er ýmist talið hafa verið rifið um 1920 eða brunnið með íbúðarhúsinu 20.10.1937.


Gamli torfbærinn á Möðruvöllum 1881, og sér í leikhúsið 007 í smíðum.

Steinsteypt hús stendur þar sem hlaðið var framan (austan) við síðasta torfbæinn. Það er ekki með kjallara en grunnur kjallari virðist hafa verið undir forvera þess, timburhúsi á hlöðnum grunni b. 1892. Sunnan við núverandi hús er trjágarður með stæðilegum trjám, m.a. ösp og reyni. Framan við núv. hús er malarborið hlað en aftan (vestan) við er trjágarður á Öskuhól, sem greinilega er gerður af mannvistarleifum. Grafið hefur verið frá núverandi húsi um 2 m til suðurs og vesturs og þar hreyft við nýlegum ruslalögum með gulum múrsteini úr Friðriksgáfu og 19. aldar postulíni en möl er í sárinu og stendur til að loka því með einhverjum hætti á næstunni. Engar byggingar hafa því verið reistar þar sem síðasti bærinn stóð en í grunni hans eru allmörg stæðileg tré sem sennilega hafa gert usla í hleðslum undir jarðvegi. Annað rask hefur verið sáralítið og fyrir utan lagnir varla farið dýpra en hálfan metra og þá einkum á því svæði sem síðast var hlað.
Frá fyrri tíð er vitað um bæjarbruna á Möðruvöllum 1184, 1317, 1712 og minni háttar bruna 1846,

1849, 1858 og 1867. Sumarið 1846 brunnu bæjardyrnar og portbyggt loft, 1849 brann rjáfrið á eldhúsinu, 1858 kviknaði í herbergi inni í bænum og 1867 kviknaði í svarðarhúsi sunnan og vestan við bæinn - ÞT Ferðabók IV, 25. Bæjarhóllinn, eða svæðið þar sem bær og klaustur hafa staðið, er sennilega miklu stærra en hústæði síðasta torfbæjarins og nær líklega frá því sunnan við prestbústaðinn og norður að Stefánsfjósi og frá því á hlaðinu milli íbúðarhús og kirkju og vestur fyrir Öskuhól en þar er allhá og brött brekka niður að túninu vestan við. Af teikningu af Möðruvöllum frá 1836 að dæma hefur bærinn náð suður á móts við Friðriksgáfu, staðið vestar en hún og haft suðurenda u.þ.b. á móts við steinhúsið en náð mun lengra til norðurs. Ekki er þó víst að þessi teikning sé mjög nákvæm og má vel vera að listamaðurinn hafi þjappað húsunum saman til að koma þeim fyrir á myndfletinum. Bæjarrústir virðast einnig ná norður undir nyrsta hluta Stefánsfjóss 006 sbr. þessa lýsingu Steindórs Steindórssonar: "Þegar grafið var fyrir hlöðutótt hér um aldamótin síðustu, komu í ljós nokkrar leifar úr brunarústum. Þóttust fróðir menn þekkja, að hinar fornlegustu þeirra væru frá hinum fornu klausturrústum. Hefir það þá staðið lítið eitt norðar og vestar en núverandi íbúðarhús, en síðasti torfbærinn stóð vestur af því." Á teikningu af bænum frá 1856 sést að norðan við bæinn sjálfan er röð af fjórum burstum sem sennilega hafa verið skemmur, útihús o.þ.h. og hafa þær staðið heldur austar en bæjarhúsin, en þó tengd þeim. Þessi hús hafa hæglega geta náð norður undir mitt Stefánsfjós. Hulda Á. Stefánsdóttir lýsir minningum sínum um leifar elsta torfbæjarins á Möðruvöllum sem rifinn var fyrir síðustu aldamót: "Rétt norðan við "Leikhúsið" var gamli bærinn, stór torfbær með burstum, sem snéru í austur. Skömmu eftir að ég man eftir mér var þessi gamli bær rifinn, nema eldhúsið stóð eftir. Þar voru miklar hlóðir af ýmsum stærðum. Margra grasa kenndi í gamla eldhúsinu. Í einu horninu stóð keytutunnan; safnað var í hana keytu í ullarþvottinn. Í öðru horni stóð stór tunna með sortulit til að lita skæðaskinn í spariskóna. Stærðar trébalar voru þar fyrir þvottinn, því eldhúsið var notað sem þvottahús. Stórir pottar voru þar á hlóðunum, þar sem þvotturinn var soðinn og síðan færður upp í balana og þveginn á bretti … Á haustin var slátur soðið á hlóðunum. Oft var bakað flatbrauð í þeim á kvöldin til að nota glóðina, áður en hún kulnaði með öllu. Eldiviður var borinn inn í eldhúsið á haustin og hlaðið við endann á hlóðunum, svo að hægara væri um vik, þegar kveikt var upp í þeim. Síðast en ekki síst má geta þess, að í eldhúsinu var reyktur allur sá matur, er reykja þurfti, svo að matarlegt var að líta upp í rótina, ekki síst á haustin, þegar búið var að hengja upp allan jólamatinn og sitthvað fleira. Sauðskinn voru oft strengd á sköft, sem hengd voru á bita, og þannig þurrkuð í eldhúsinu." Minningar Huldu I, 129. Til er ljósmynd af bænum frá 1881 og sést á henni að syðsta húsið hefur verið stofa með lofti, tveir sex rúðu gluggar er á stafni á neðri hæð og einn á loftinu. Næst norðan við eru bæjardyr og þar norðan við annað hús, lægra en stofan og breiðara en dyrnar. Það hefur líka verið með lofti og eru fjögurra rúðu gluggar, einn fyrir loftinu og tveir niðri, en breitt bil er á milli þeirra þar sem gæti hafa verið dyraop. Ekki er að sjá að fleiri hús hafi verið til norðurs þó það sé ekki útilokað en á milli bæjardyranna og nyrsta hússins sést í tvo strompa á þaki (þökum) sem snúa norður-suður á húsum sem voru vestan við framhúsin. Á ljósmynd frá 1892-97, sem tekin var eftir að Stefán Stefánsson byggð nýtt timburhús á hlöðnum kjallara austan við bæinn sést í bæjardyrnar og hluta af nyrsta húsinu. Bæjardyrnar hafa verið á móts við nyrst hluta íbúðarhússins en af eldri myndinni (frá 1881) má sjá að syðsta húsið í bænum náði suður á móts við SA hornið á Leikhúsinu 008 og gætu þó hafa verið 2-4 metrar á milli. Íbúðarhús Stefáns virðist líka hafa staðið nokkra metra fram á hlaðinu þannig að gott bil hefur verið milli þess og bæjarins. Af mynd sem tekin var af Möðruvallastað úr suðaustri skömmu fyrir aldamótin glittir í torfbyggingar í bilinu milli íbúðarhúss Stefáns Stefánssonar sem þá hefur verið stækkað til norðurs og SA-hornsins á Leikhúsinu og gæti það verið eldhúsið sem lengst stóð. Ýmislegt rask hefur verið á bæjarstæðinu frá seinni hluta 19. aldar og hafa þar komið upp ýmsir gripir. 20. júlí 1912 færði Stefán Stefánsson Þjóðminjasafninu þrjá slíka gripi og segir svo í aðfangabók safnsins: "[Þjms. 6321:] Stefán Stefánsson skólameistari á Akureyri: Steinker úr mjög eygðum grásteini, virðist tilhöggvið, slétt og jafnt að innan, sporöskulagað og mjórra í annan enda innan (skálin) og utan; hæð 39 cm., br. utan 47 cm., innan 32 cm. mest l. utan 52 cm., innan 38 cm. Vafasamt til hvers það hefir verið notað, en stærðin og löguninn bendir á, að það hafi verið keytuker. Það fannst í jörðu á Möðruvöllum í Hörgárdal og var steinlok yfir því er það fannst, en lokið hefir brotnað og týnst. [Þjms. 6322:] Hnífur mjög lítill, líklega forn mathnífur og ryðbrunnið framan af blaðinu, en nú er það 6 cm. að lengd; skaftið er 8,7 cm., að nokkru úr járni en hálft klætt messing, með einföldum grefti á til prýðis. [Þjms. 6323:] Leifar af smáhníf, líklega mathníf, skaftið alt, l. 8 cm., járn í því miðju, - framhald blaðsins, trékinnar utan með, klæddar látúnsþynnum yzt; koparkróna á endanum með götum í gegn, sem draga má í. Af blaðinu tveir

lítilfjörlegir smábútar; þetta er jarðfundið." Árbók 1914, 60. Ekki er vitað hvar þessir gripir fundust eða hvort þeir fundust allir á sama stað. Hugsanlegt er að þeir hafi komið í ljós við gröft fyrir hlöðu við Stefánsfjós skömmu eftir 1900. Bæjarhóllinn er um 80 X 80 m að stærð en 4-5 m á hæð. Norður- og vesturhluti hans er s.k. Öskuhóll 025 en í hann var grafið sumurin 2006-2008 og er stefnt á frekari uppgröft á hólnum

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir:Túnakort; Minningar Huldu Á. Stefánsdóttur I, 129; Steindór Steindórsson, Möðruvellir í Hörgárdal; ÞT Ferðabók IV, 25.

EY-068:002 kirkjugarður kirkja 65°46.200.N 18°14.965.V
MÖÐRUVALLAKLAUSTUR Í HÖRGÁRDAL (E)

1184: Brann ból á Moðrv vollvm; Konungsannáll, Lögmannsannáll, IA, 119, 254.


1204: Guðmundr bp skipar Sigurði Ormssyni staðinn á Möðruvöllum; Guðmundarsaga, Bsk I, 488-489.

1208: Guðmundr bp hafði á brott með sér skrín ok helga dóma ok bêkr nokkorar, því at honum þótte ómaklega helgir dómar komnir, þeir er bannsettir menn varðveitto; Guðmundarsaga, Bsk I, 493

1253: Var þar rænt því öllu er eigi var í kirkju borið og drepið fé það er þeir vissu að Eyjólfur [Þorsteinsson] átti; Íslendingasaga, Sturl, 643.

1293: Sigurðr logmaðr settiz a Moðruvalla stað moti vilia herra Jorundar biskups; Høyersannáll, IA, 71.

1294: Komu ut konung bref þau sem savgðu rangtekinn Mauðruvalla stað: skylldu þeir Sigurðr af at ganga oc up at gefa hann j valld Jorundar biskups; Høyersannáll, IA, 71.



442. Þorsteinn Daníelsson: Möðruvallaklausturskirkja, endurgerð 1852. Teikning: Carl Baagøe

Teikning af Möðruvallakirkju 1856, en kirkjan var upphaflega reist 1787. Þorsteinn Daníelsson breytti henni mikið og setti á hana turn 1852. Kirkjan brann 1865 og reisti Þorsteinn núverandi kirkju á rústum hennar.

1295: Jorundr byskop sette klaustr ...aa Modruuallum j Horgardal; Lögmannsannáll, Flateyjarannáll, IA, 261, 385.

1296: Herra Jorundr biskup setti kanoka klaustr a Mauðruvollum; Høyersannáll, Konungsannáll, Skálholtsannáll, IA, 72, 144, 198. Jorvndr byskup setti kanuka klaustr aa Modruvollum j Horgardal; Gottskálksannáll, IA, 339

1296: Rekaskrá; DI II 306-314.

1302: Jorundr Hola byskup let hefia song at nyiu kirkiu at Modr vollum er hann hafdi gera latid; Flateyjarannáll, IA, 388.

1313: brann klaustr at Modru vollvm og kirkia; Gottskálksannáll, IA, 343.

1316: brann kirkia ok klaustr a Modru vollum i Horgardal .ij. naattum eftir krossmesso vm haustid; Flateyjarannáll, IA, 393.

1317: brann kirkia a Modruuollum. ok allt klaustrit; Lögmannsannáll, IA, 266.

1328: hofz klustr a Modru vollum i Horgar dal með styrk ok bodi Jons biskups; Konungsannáll, IA, 153.

Eflt klaustr i annat sinn á Mauðru vóllum; Skálholtsannáll, IA, 206.

Vppreist klavstr aa Modruvollum j Horgar dal epter bodskap ercibyskups og atgongv herra Jons byskups; Gottskálksannáll, IA, 347.

vpp hafit klaustr a Modru vollum; Flateyjarannáll, IA, 397.

28.8.1350: Þesse rekaskrä [þ.e. 1296] var upp lesin a Greniadarstodum ... og saman boren vid þa ellstu

Holaskrä ...; DI II 858.
1353: Tok Þorsteinn prestr Eolfs son Modruuollu til medferdar; Annálsbrot frá Skálholti, IA, 224.
22.8.1378: Klaustrið kaupir Torfuvík og Gunnarsstaði í Þistilfirði; DI III 331-332.
13.1.1379: Klaustrið kaupir Áland í Þistilfirði; DI III 335.
23.3.1380: Klaustrið selur aftur Áland í Þistilfirði, en skilur frá rekann; DI III 350-351.
12.6.1386: Testamenti Þorsteins lögmanns Eyjólfssonar: gefuande ... tuao [hunndrath] til modruualla; DI III 391-392.
19.11.1393: kvitun ráðsmanns um að greitt hafi verið fyrir þann hlut sem staðurinn átti áður í Ásláksstöðum í Kræklingahlíð; DI III 490.
23.8.1394: Staðfesting Péturs biskups á greiðslu fyrir Ásláksstaði; DI III 505-506.
29.3.1398: Úrskurður um að landseti hafi setið heimildarlaust á klausturjörðinni Hnúki og haldið þar með 8 kúgildi heimildarlaust - feldur í bann og þungar sektir; DI III 627-629, DI IV 240-242.
11.6.1398: Virðing á því hversu mikið landsetinn á Hnúki skuldaði klaustrinu; DI III 629-639, DI IV 242-243.
8.12.1403: Testamenti séra Halldórs Loptssonar: klaustrinu aa maudrvwollum tuitugan Ræfil ok mork brænda; DI III 685.
1421: Braut nidur kirkiuna a Modruuollum j Horgar dal j storu vedri; Lögmannsannáll, IA, 293.
1429: Jn primis suo mikit med jordum halfr ellifti tugr kwgilda ær sira jon med tok voru sex daudh oc ecki til. Hæima [kvikfé, kostur] Porcio hundrat; DI IV 373.
1429: [1] prestr ok diaknar ij; DI IV 381.
23.5.1430: Jón biskup Vilhjálmsson veitir séra Jóni Bjarnasyni staðinn á Möðruvöllum í Hörgárdal med ollum sinum æignum fridum oc ofridum fastum oc lausom vndan tekine porcione ecclesie. skal hann stadæn hafva oc stadarens godz vm næstu þriu aar fra fardogum nestum nu komandum oc æiga alla avoxtu oc landskyldæ þa sæm falla kunno æi sidr kugilda læigor. skal fyrnæfndr sira jon æiga helmingh af ollum huolum ef ræka kann en vm vænda honum mæire er edr geyma oss til handa oc hola kirkiu æda afhenda vorum vmbodzmanni. En vidræka skal hann hafua stadnum oc kirkio stadarens jordum til vppheldis. skal hann vera fullr soknare huar hann finnr kirkonar godzsæ rangliga haldet vera sekia oc sekt kræfuia oc kæra oc ollum þeim firir logh stænfna sem honum þycker þess med þurfua. ath þeim ollum ræikningsskap oc gozsum vndan teknum som jon palsson eigr giora edr luka þuiath ver vilium sealfer þær nadær honum þar til gera sem oss litzt hann verdugr þar firir. Skal jon prestr leggia efter stadæn oc hans godz tiu kugilldæ a huærio are. han skal oc fæda prest oc diakna oc fæda oc klæda tua brædr oc klaustrino med hialpa suo ath þir mæge vel med hialpast. kann nokot til kirkonar gifazt þat skal standa til vorrar nadh hvat hnn skal þar af hafua. kunno ver fyr til koma en þriu ar ero lidæn þa skal hann halda til næsto faardaga þa efter komandum en stadræn þa aftur vnder uort vald; DI IV 416-417.
11.9.1430: Klaustrið eignast jörðina Arnarnes á Gálmaströnd í próventu; DI IV 427-428, sbr. 471-472.
6.8.1432: Jarðirnar Fagriskógur og Hillur ... liggia i modruvalla kyrkiusokn; DI IV 507.
15.5.1442: Klaustrinu gefinn skógarpartur í Öxnadal; DI IV 626-627.
1446: Testamenti Þorvarðs Loptssonar: ...gef ec klaustrinu ... fimm c.; DI IV 675-676.
6.11.1447: Reikningur, skrá um jarðeignir klaustursins með kúgildum; DI IV 710-712.
12.5.1452: Vitnisburður um að klaustrið ætti skóginn Maríuhrís á landi Áss á Þelamörk með ummerkjum. DI VI, 93.
16.6.1461: Jörðin Reistará hin syðri á Gálmaströnd ... liggur j modruvalla kirkiu sokn; DI V 234.
1461: Máld DI V 286-291.
1461: 1 prestur og 2 djáknar DI V 360.
14.10.1478: Hólabp samþykkir skipti klaustursins á Síreksstöðum í Kræklingahlíð og Skuggabjörgum í Fnjóskadal. DI VI, 170.
17.1.1479: Jörðin Kamphóll á Galmaströnd er í Möðruvallakirkjusókn. DI VI, 179.
27.4.1479: Jörðin Auðbrekka í Hörgárdal er í Möðruvallakirkjusókn. DI VI, 185.
11.9.1485: Jörðin Arnbjargarbrekka í Hörgárdal er í Möðruvallakirkjusókn. DI VI, 548.
24.5.1486: Jarðirnar Arnbjargarbrekka og Hvammur eru í Möðruvallaþingum. DI VI, 571.
8.1.1487: Klaustrið kaupir Krukstaði í Hrafnagilsþingum mep 2 kúgildum fyrir jörðina Arnarstaði í Núpasveit með 2 kúgildum. DI VI, 588.
6.11.1492: Stóllinn og klaustrið á Möðruvöllum skipta á jörðum þannig að stóllinn fær Engimýri í Öxnadal en klaustrið fær í staðinn Skollatungu í Hörgárdal og eru þær jarðir jafndýrar. DI VII, 146.

1.7.1498: Jörðin Pálmholt er í Möðruvallakirkjusókn. DI VII, 393.
1525: Máld DI IX 316-320.
1712: Hjer er so sem annarstaðar á kóngsins klaustrum kirkjustaður og tilfallandi sókn, sem klausturpresturinn Sr. Jón Marcússon þjónar; JÁM X: 129.
1865: Möðruvallakirkja brennur.
1868: Vígð ný kirkja á Möðruvöllum, byggð af Þorsteini Danielssyni á Skipalóni.
27.2.1880: Glæsibæjarsókn og ytri hluti Lögmannshlíðarsóknar lagðar undir Möðruvallaklaustur; (PP, 273) [lög].
12.1.1884: Lögmannshlíðarsókn öll lögð undir Akureyri; (PP, 273) [lög].
16.11.1907: Bægisár-, Myrkár- og Bakkasóknir lagðar undir Möðruvallaklaustur; (PP, 273) [lög].
Kirkja byggð 1867 af Þorsteini Daníelssyni frá Skipalóni stendur í kirkjugarðinum, sem er austan við hlaðið á Möðruvöllum. Garðurinn er nú 80x55 m (lengri A-V) og hefur verið lengdur um 10 m til austurs eftir 1917. Nýr kirkjugarður stendur sérstakur á melnum sunnan við Leyning. Garðurinn hefur ekki verið sléttaður nema í suðvesturhorni þar sem sléttað var úr hlöðnum leiðum á þessum áratug. Annars sést víða í leiði en auk þeirra eru nokkrir gamlir legsteinar, einn framan við kirkjuna og einir 6 suðaustan við hana, m.a. Stefáns Þórarinssonar amtmanns. Nýrri grafir með legsteinum, stakketum og trjám eru einkum í austasta hluta garðsins en einnig eru nokkrar með norðurhlið.
Grjóthlaðnir veggir eru norðan og sunnan við garðinn, nema austustu 10 metrana, þar sem er trégrindverk. Trégrindur eru fyrir austur og vesturhliðum garðsins. Grjótgarðurinn sunnanmegin er nýlega viðgerður og sést hleðslan aðeins að utan en að innan er þakið upp á hann. Norðanmegin er byrjað á viðgerð vestantil en lengst af er garðurinn þar alveg hruninn. Stórt og gott hleðslugrjót er í þessum görðum, samskonar og í Stefánsfjósi. Grjótgarður gæti hafa verið fyrir austurhlið áður en garðurinn var stækkaður til austurs en trégirðing hefur verið fyrir vesturhlið frá því um aldamót að minnsta kosti sbr. minningar Huldu Á. Stefánsdóttur: "Austan við hlaðið stóð kirkjan, fallegt og mikið hús, og umhverfis hana var stór kirkjugarður, hlaðinn úr grjóti, nema vesturhliðin var falleg trégirðing - skíðgerði með fallegu sáluhliði." Kirkjugarðurinn á Möðruvöllum er einn af fáum óskemmdum kirkjugörðum við höfuðkirkjur á Íslandi og er mikilvægt að hann fái að halda sér eins og hann er. Vitað er um tvo rúnasteina úr kirkjugarðinum á Möðruvöllum. Öðrum lýsir Bjarni Thorarensen amtmaður í skýrslu til konunglegrar nefndar um fornminjar 1817 og taldi þá að áletrunin væri ólæsileg. Sr. Sigurður Stefánsson fann þennan stein í hlöðuvegg 1933 eða 34 og sendi hann á Þjóðminjasafn, þar sem hann hefur nr. 11071. Anders Bæksted les rúninrnar þannig: "Hér hvílir undir Hjalti Guðmundarson / Hér hvílir Sigmundur prestur Guðmundarson." Þessir menn voru uppi um 1400 og mun þetta því vera einn elsti rúnasteinn sem þekktur er á Íslandi - Bekstæd, 156. Hin steininn fann Stefán Stefánsson skólameistari 1893 og segir Björn M. Ólsen svo frá: "Þegar jeg kom að Möðruvöllum í Hörgárdal sumarið 1893, síndi Stefán kennari Stefánsson mér brot af rúnasteini, er hann hafði nífyndið við gröft í túninu norður frá kirkjugarði á gömlu kirkjugarðsstæði. Það er hraunsteinn mjög hrufóttur með letur á einum fleti." Árbók 1899, 22. Á steininum varð ekki lesið annað en "helga" en hann er nú glataður - Bæksted, 157-58. Á svipuðum slóðum komu í ljós mannabein er grafið var fyrir skólplögn frá bústjórahúsi skömmu eftir 1980 sbr. 004.
Hættumat: hætta, vegna líkagraftar
Heimildir:Túnakort 1917; Íslendingasaga, Sturl, 643; Guðmundarsaga, Bsk I; DI I-XVI; IA: Íslenskir annálar; Minningar Huldu Á. Stefánsdóttur, 128; Bæksted, 155-58.

EY-068:003 þúst hjallur 65°46.176.N 18°14.987.V
Útihús stóð 20 m suður af suðvesturhorni kirkjugarðsins en þar er nú grasflöt með ójöfnum, vestan við heimreiðina og er skilti með nafni staðarins nú þar sem norðurgafl hússins hefur verið. Vestan við þar sem húsið hefur staðið er nú dálítil upphækkun og á henni steinn til minningar um Jón Sveinsson.
Grasflöt, malarvegur er fast austan við og skurður fast sunnan við og eru ungar trjáhríslur þar í suðurgafli tóftarinnar.
Tóftin hefur verið sléttuð en þó sést móta fyrir hvar hún hefur verið. Hún hefur snúið N-S. Hulda Á. Stefánsdóttir segir frá þessu húsi í endurminningum sínum: "Hjallur var fyrir sunnan skólahúsið …" Þessi bygging sést ekki á ljósmyndum sem teknar voru af Möðruvöllum úr suðaustri um og skömmu fyrir aldamótin 1900 og bendir það til að hann hafi ekki verið byggður fyrr en eftir aldamót.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Túnakort 1917; Minningar Huldu Á. Stefánsdóttur I, 129

EY-068:004 heimild um rétt 65°46.204.N 18°14.973.V
Hestarétt var sambyggð kirkjugarðinum að norðanverðu, gegnt suðurenda Stefánsfjóss.
Á þessum stað er óræktarblettur milli hlaðsins og grasflatar. Á grasfletinum sem er um 20x20 m, eins og réttin sem sýnd er á túnakorti, er gras en mest þó fíflar og ógrónar skellur inn á milli eins og stutt sé síðan eitthvað stóð á staðnum. 3 grenitré standa við hlaðið í röð út frá kirkjugarðinum.
"Áföst við kirkjugarðinn að norðan var hestaréttin, stór og mikil rétt, sem einnig var notuð sem fjárrétt; þykkir torfveggir umkringdu hana, og mikil trégrind var fyrir réttardyrum að vestan." Af teikningu frá 1856 má ráða að þá hafi lítið útihús staðið á þessum stað og á annarri frá 1836 er sýnt lítið útihús, sem líkist hjalli frammi á hlaðinu, en hlutföllin í þeirri teikningu eru ónákvæm. Þegar skólplögn var lögð frá bústjórahúsi skömmu eftir 1980 kom í ljós mannabein í vegkantinum á þessum stað. Þau voru sett niður aftur.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Túnakort 1917; Minningar Huldu Á. Stefánsdóttur I, 128

EY-068:005 *Fjóshólar* heimild um fjós 65°46.268.N 18°14.973.V
"Yzt og neðst á heimatúninu eru Fjóshólar. Þar var fjósið fyrrum og nú er risið þar nýtízkulegt 40 kúa fjós með heygeymslum mjög reisulegum." segir í örnefnalýsingu. Hulda Á. Stefánsdóttir segir svo frá fjósinu: "Gamla fjósið stóð skammt frá læknum norðan við mylluna. Það var orðið mjög hrörlegt, þegar ég man það, og því ekki vanþörf á nýju fjósi." 1917 stóð útihús vestast og syðst á Fjóshólum um 80 m norður af norðvesturhorni kirkjugarðsins og um 20 m austan við gatnamót Möðruvallavegar og heimkeyrslu að nýjum íbúðarhúsum. Þar mun síðar hafa verið hesthús en fram um 1990 voru tveir braggar á þessum stað, notaðir sem vélageymslur. Rafmagnskassi er nú fast norðan við þar sem fjósið hefur staðið.
Í túni. Möl er í grasrótinni, moldarflög og gisin grasrót eru til marks um hvar braggarnir stóðu.
Fjóshólar eru lágur rani í túninu norðan við kirkjuna, en Eggertsfjós (byggt um 1950) er á þeim norðanverðum um 50 m norðan við þennan stað.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Túnakort 1917; Ö-Arnarneshreppur, 86; Minningar Huldu Á. Stefánsdóttur I, 131

EY-068:006 *Stefánsfjós* hús fjós 65°46.219.N 18°15.043.V
"Gamla Möðruvallafjósið, svokallað Stefánsfjós, sem Stefán skólameistari lét reisa skömmu fyrir aldamótin 1900 stendur enn að nokkru. Í því er mikið af tilhöggnum steini úr Bjargafjalli og músteini úr amtmannssetrinu Friðriksgáfu, er stóð þar sem prestsetursbúsið stendur nú." segir í örnefnalýsingu. Hulda Á. Stefánsdóttir segir í minningum sínum um þennan stað: "Rétt fyrir norðan og aðeins austan við gamla bæinn voru skemmur og hesthús, samfelld bygging. Hesthúsið var aðallega ætlað fyrir brúkunar- og reiðhesta að vetrinum. Þessi bygging var rifin, þegar nýja fjósið var byggt 1902, og hlaðan grafin sunnan við fjósið." Aðrar heimildir telja fjósið byggt 1897. Stefánsfjós er um 10 m norðan við bústjórahús (sbr. 001), vestan við hlaðið, norðvestur af kirkjunni.
Yst og neðst í eða við bæjarhól. Hlað er austan og norðan við, möl og órækt á hólmyndun vestan við þar sem er gamalt athafnasvæði og aðkeyrsla að hlöðunni sem er sunnan við fjósið.
Hulda Á. Stefánsdóttir segir svo frá byggingu Stefánsfjóss: "Skömmu eftir að skólahúsið brann 1902 var ráðist í mikla fjósbyggingu á Möðruvöllum. Nú var múrsteininn, sem þar hafði verið milli þils og veggjar, hrúga ein ... Pabbi keypti múrsteininn og lét hlaða úr honum þá hlið fjóssins, sem sneri fram að hlaðinu. Að öðru leyti voru fjós, hlaða og haughús byggð úr grjóti, sem sprengt var úr Bjargaklöppum, sem svo eru nefndar, nema stafnar, sem voru úr timbri … Bekkur og stólar voru hvítskúraðir, sömuleiðis básarnir, sem voru úr tré, en básstokkar steyptir … Miklar sögur fóru af þessu fjósi, sem tók 20 kýr; … Vatn var leitt úr bæjarlæknum í fjósið. … Mikil hlaða var sunnan við fjósið og haughús meðfram vesturhliðinni. Í norðurenda voru tveir básar fyrir nautin og kálfastía. Skilrúm var þar fyrir framan og 3 eða 4 básar fyrir brúkunarhross þar fyrir framan." Minningar I, 109. Húsið er með þremur grjóthlöðnum veggjum, en það eru austur og vestur veggir fjóssins og suðurveggur hlöðunnar. Gaflar eru nú úr timbri en fram til um 1980 voru steyptir gaflar á húsinu. Um leið og þeir voru rifnir var tekinn niður torfkofi (hesthús) norðan við norðurstafninn. Austurveggur fjóssins er hlaðinn úr gulum múrsteini sem var áður í Friðriksgáfu, en hleðslugrjót er í undirstöðunni. Á honum eru 5 gluggar og eru í fjórum þeirra járngrindur fyrir 12 rúður í hverjum. Vesturveggur fjóssins og

suðurveggur hlöðu eru hlaðnir úr tilkomumiklu hleðslugrjóti. 3 lítil göt eru á vesturveggnum og var skít mokað út um þau. Austurveggurinn er múrhúðaður að utan með 25-40 sm þykku lagi af steypu með möl, og er það raunar eins og annar veggur sé steyptur utan á hinn hlaðna vegg. Múrveggurinn sjálfur er 46 sm þykkur og 1,25 - 1,45 m hár. Ofan á múrvegg og grjóthleðslu í öllum veggjunum hefur verið steypt um 50 sm og hvílir þakið á þessu. Steypan er gömul sem sést af því að mikið af möl er í henni en járn stendur útúr á einum stað og er því ekki víst nema að steypti hluti veggjanna sé yngri en múrsteina- og grjóthleðslurnar. Þakið er einangrað með torfi og er timburþilið innan á því, sem virðist gamalt, orðið mjög illa farið. Fjósgólfið er steypt að mestu leyti og er sennilegt að mikið af því sé gamalt. Hlaðan snýr þvert á fjósendann og hefur náð lengra til vesturs en núverandi gafl með járnklæðningu. Í eystri hluta hlöðunnar er steypt gólf í sömu hæð og fjósgólfið en vestari hlutinn, aðskilinn á parti af 10 sm þykkum steypuvegg sem auðsýnilega er yngri en aðrir hlutar hússins, er a.m.k. 1,5 m dýpri og sést í grjóthleðslur a.m.k. svo djúpt. Í hlöðunni er talsvert af múrhúð sem klínt hefur verið á grjóthleðslurnar að innan þó ekki þannig að þær séu huldar nema að hluta. Húsið er illa farið en á því er nýlegt járnþak og gaflar á norður enda fjóss og austur og vesturgöflum hlöðu eru ekki annað en grindur með léttri klæðningu (járn á vesturgafli hlöðu, nýlegt timburþil á hinum). Í bígerð er að gera húsið upp og hafa þar náttúrusýningu. Húsið var notað sem hesthús til skamms tíma. Steindór Steindórsson segir í grein um Möðruvelli: "Þegar grafið var fyrir hlöðutótt hér um aldamótin síðustu, komu í ljós nokkrar leifar úr brunarústum. Þóttust fróðir menn þekkja, að hinar fornlegustu þeirra væru frá hinum fornu klausturrústum. Hefir það þá staðið lítið eitt norðar og vestar en núverandi íbúðarhús, en síðasti torfbærinn stóð vestur af því."
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Túnakort 1917; Ö-Arnarvatnshreppur, 86; Minningar Huldu Á. Stefánsdóttur I, 109, 129; Send. Steindórss: Möðruvellir í Hörgárdal, Jólablað alþýðumannsins 1955

EY-068:007 *Leikhús* hús skemma 65°46.200.N 18°15.031.V
Um 25 m suðvestur af bústjórahúsi og um 30 m norður af prestbústað er Leikhúsið, ferhyrnd timburbygging og stendur hún á lítilli upphækkun norðanfrá séð en slétt er upp að henni að sunnan. 15 m eru á milli Leikhússins og fjárhúshlöðu vestan við prestbústaðinn.
Í trjágarði, á bæjarhól
Húsið er tvær hæðir og stendur á hlöðnum sökkli. Það er nú styttra en í upphaflegri mynd og náði áður lengra til vesturs og standa þar þverbitar út úr að neðan. Dyr eru nú á suður- og norðurhliðum. Húsið virðist í slæmu ástandi en unnið er að endurbótum. Hulda Á. Stefánsdóttir segir svo frá þessu húsi: "Aðeins vestan og norðan við skólann var "Leikhúsið". Það sneri stöfnum í austur og vestur. Var þetta allstórt timburhús með gluggum á stöfnum og suðurhlið og hólfað í tvennt. Vesturhlutinn var notaður sem íþróttasalur; þar glímdu skólapiltar og lærðu leikfimi. En svo var þetta hús einnig notað sem samkomuhús sveitarinnar; þar var mikið dansað, sungið, leikið og skemmt sér. Enginn húsbúnaður var í þessum samkomusal nema mjóir trébekkir meðfram veggjum og 3-4 8-línu lampar, sem héngu þar á þilinu. Útidyr voru vestarlega á suðurhlið, og innangengt var í austurendann. Þar var geymsla, bæði fyrir skólann og bóndann, sem sat jörðina. Austurendinn var nefndur "Pakkhús"; alls konar amboð voru þar inni, taðkvarnir, taðspaðar, orf, hrífur, klárur o.s.frv. Stigi úr "Pakkhúsinu" lá upp á loft, sem var yfir því. Þar var geymsla fyrir mat, sem þoldi frost, svo sem saltkjöt saltfisk, tólg, kæfu, harðfisk o.fl. Pakkhúsdyrnar sneru móti suðri, og var gríðarstór steinhella fyrir framan dyrnar. Á messudögum fjölmenntu krakkarnir, sem komu til kirkju, suður fyrir "Pakkhús". Góðir felustaðir voru þar inni, og á hellunni sat Ásgrímur snoðinlollur í samnefndum leik. Þá var hellan tilvalin staður fyrir kónginn með alla fuglana sína í fuglaleik. Saltbrauðsleikur fór einnig fram á hellunni." Í Sögu menntaskólans á Akureyri er svo greint frá byggingu Leikhússins: "Á fjáraukalögum sumarið 1881 veitti Alþingi 5500 krónur til smíði geymslu- og leikfimishúss fyrir skólann og var það reist þá um haustið, næst norðan skólahússins … Yfirsmiður var Snorri Jónsson, smiður og kaupmaður á Akureyri. Hús þetta gekk ávallt undir nafninu Leikhúsið. Var leikfimisalurinn 10x12 álnir að gólfrými (um 6.3x7.6 m). Ekki þótti þetta hús vandað. "Síðast og að vísu sízt ber að telja "leikhúsið". … Var það lítt innviðað, nema skilrúm þvert um það austar nokkru en um miðju. En í hinum stærra (vestara) hluta var stórt salsgólf. Átti hús þetta að vera leikfimihús, en var það ekki og varð víst aldrei. Þó var það piltum nokkurs virði, sem síðar greinir. Á fánastöng þess var íslenzka fálkamerkið dregið við hátíðleg tækifæri. (Jón Björnsson, Minningar, 27-228). Þótt lítið þætti til hússins koma voru haldnir í því dansleikir sem settu einna mestan svip á félagslíf æskufólks á Möðruvöllum í þá daga. Í

þessu húsi mun einnig hafa verið leikið og auk þess bjargaðist það í brunanum 1882, því vindur stóð af norðvestri og af húsinu, sem stendur raunar enn að hluta, eina minningin á Möðruvöllum um skólahald þar." Saga MA I, 78. Til er mynd af Möðruvallaskóla tekin síðsumars 1881. Þá er Leikhúsið í smíðum og sést að það hefur verið a.m.k. tvöfalt lengra en það er nú, austast eru dyr og svo gluggi á suðurhlið eins og nú en þar vestan við taka við tveir gluggar og svo dyr við endann og er sá hluti allur horfinn. Vestari hluti hússins var rifinn veturinn 1911-1912 og var viðurinn notaður í viðbyggingu íþróttahúss Menntaskólans á Akureyri ("Fjósið"). Eftir að vestari helmingur hússin var rifinn var skúrbygging við vesturendann, á.a.g. 1,5 m löng en hún hefur nú verið rifin. Finnur Birgisson gerði úttekt á húsinu 1992: "Á vesturstafni sést að syllurnar hafa verið sagðar í sundur þegar vesturparturinn var rifinn og standa þær dálítið út úr stafninum. Á stafninum eru nokkur borð sviðin eins og eftir bruna. Vestan á húsinu er viðbygging úr steinsteypu og timbri og er hún mjög léleg, veggir sprungnir og þak fallið. Hún var full af gömlu heyi, þegar húsið var mælt, en í Leikhúsinu var geymt timbur og annað dót tengt viðgerð Möðruvallakirkju. Risið var þó tómt. … Parturinn sem eftir stendur af Leikhúsinu er … geymsluhúsið, og er hann 6,45 x 7,4 m að utanmáli, eða nokkurn veginn 10 x 12 álnir. Bil milli stoða á langveggjum er nákvæmlega 2 1/2 alin (1,57 m). Eftir myndum að dæma hefur leikfimisalurinn verið 5 slík bil til viðbótar, eða 12 1/2 alin að lengd. Geymsluhúsið er mjög einfalt að gerð, óeinangrað og ekki klætt að innan. Aurstokkar eru úr 7" trjám, en stoðir, skástoðir, syllur og lausholt úr 5"-6" trjám. Viðirnir eru að mestu upprunalegir, en þó hefur þakið einhverntíma verið endurnýjað og settar nýjar sperrur og skammbitar. Svo er að sjá sem gólf rishæðar hafi upphaflega ekki verið með þeim hætti sem það er nú, heldur hafi það verið sett síðar. Gólf gæti í upphafi hafa verið ofar, með gólfbitum sem lágu ofan á syllunum og eru endar þeirra enn á sínum stað, en einnig er hugsanlegt að ekkert milligólf hafi verið í upphafi. Niðri er að hluta timburgólf en að hluta moldargólf. Veggklæðningin lítur út fyrir að vera upprunaleg, standandi klæðning úr 3 cm þykkum og 17-19 cm breiðum borðum með listum yfir samskeytum. Á vesturstafni eru þó ekki listar heldur hefur þar verið settur tjörupappi yfir klæðninguna. gluggar eru á húsinu og eru karmarnir sennilega upprunalegir, svo og miðjupóstur á austurstafninum en grindur eru ekki lengur í þeim. Inni í húsinu voru lausar grindur, sem pössuðu alveg við gluggana, og var farið eftir þeim við gerð teikninganna. Undirstaða hússins er hlaðin úr grjóti og hefur hún sigið og bilað í tímans rás. Stafnarnir virðast þó vera nokkuð réttir en hliðarnar talsvert signar, suðurhliðin ívið meira, enda er undirstaðan ver farin þeim megin og aurstokkurinn brotinn. Grindartrén eru flest heilleg og ófúin, nema aurstokkarnir. Gluggakarmarnir eru furðu heillegir, nema sá á suðurhlið sem hefur skekkst. Veggklæðningin er illa farin, fúin neðst, enda liggur jarðvegur víðast upp að henni. Vatnsbretti neðan við hana er víðast horfið. Dyr á húsinu er óvandaðar að gerð og ekki gamlar." Finnur Birgisson, greinargerð 1992.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Túnakort 1917; Ö-Arnarneshreppur, 87; Minningar Huldu Á. Stefánsdóttur I, 129; Saga MA I, 78, 215; Finnur Birgisson: Leikhúsið á Möðruvöllum. Stutt greinargerð [1992]


EY-068:008 *Miðhús* heimild um útihús 65°46.273.N 18°15.438.V
45 m sunnan við geldneytafjós sem er efst og yst í Möðruvallatúni, heldur sunnar en upp af nýjum íbúðarhúsum norðvestan við staðinn, hefur staðið útihús. Þar er smábakki eða brún í túninu með dekkra grasi og meira af fíflum en annarsstaðar. Ofan við þennan bakka er hvompa í túninu um 2x3 m að stærð.
Í túni
Lítur út eins og rof úr stóru fjárhúsi sem hefur verið rutt niður og jafnað úr. "Önnur peningshús stóðu efst og vestast í túninu. Voru þau flest mjög reisuleg með máluðum timburþiljum í austur. Syðst voru hin svokölluðu Hjaltalínshús, svo komu Sauðhúsin og síðan Miðhús, en norðast voru Lækjarbakkahúsin … Hlöður voru við tvö hin síðastnefndu hús ... " segir Hulda Á. Stefánsdóttir í minningum sínum. Þetta hús var jafnað við jörðu um 1985 að sögn Bjarna Guðleifssonar.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Túnakort 1917; Minningar Huldu Á. Stefánsdóttur I, 131

EY-068:009 heimild um hlöðu 65°46.285.N 18°15.445.V
Útihús stóð skv. túnakorti 10-15 m suðvestan við Miðhús 008 og verða leifar þessara tveggja húsa nú ekki greindar sundur í túninu, en vera má að þetta hús, sem hefur verið stakstæð hlaða, hafi staðið suðvestan við lægð sem er fast suðvestan við 008, en engin sérstök ummerki sjást um það í túninu.

Í túni.
"Önnur peningshús stóðu efst og vestast í túninu. Voru þau flest mjög reisuleg með máluðum timburþiljum í austur. Syðst voru hin svokölluðu Hjaltalínshús, svo komu Sauðhúsin og síðan Miðhús, en norðast voru Lækjarbakkahúsin ... Hlöður voru við tvö hin síðastnefndu hús ..." segir Hulda Á. Stefánsdóttir í minningum sínum.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Túnakort 1917; Minningar Huldu Á. Stefánsdóttur I, 131

EY-068:010 *Lækjarbakkahús* heimild um útihús 65°46.329.N 18°15.364.V
"Önnur peningshús stóðu efst og vestast í túninu. Voru þau flest mjög reisuleg með máluðum timburþiljum í austur. Syðst voru hin svokölluðu Hjaltalínshús, svo komu Sauðhúsin og síðan Miðhús, en norðast voru Lækjarbakkahúsin, en Lækjarbakki hét völlurinn nyrst í túninu, norðan við bæjarlækinn. Hlöður voru við tvö hin síðastnefndu hús …" segir Hulda Á. Stefánsdóttir í minningum sínum. Rétt norðan við lækjarfarveginn, um 75 m norðan við Miðhús 008 og um 30 NNA af geldneytafjósi var tóft í túninu. Þar er nú misgróinn blettur með kafgrasi á pörtum en dauðum skellum og fíflaknippum á milli, og mun þar vera stutt niður á grjóthleðslur. Þessi staður er fast norðan við vírgirðingu sem er norðan við fjósið, beint upp og vestur af syðsta húsinu af þremur nýjum íbúðarhúsum í túninu norðvestur af staðnum.
Í túni og hefur í sumar a.m.k. ekki verið slegið nema upp að þessum bletti að austan. Meðfram vírgirðingunni sem er norðan við hússtæðið hafa tré verið gróðursett en megnið af hússtæðinu mun vera norðan við skógræktarsvæðið.
Í sóknalýsingu frá 1841 er Lækjarbakki talinn sem eyðibýli og er væntanlega eitt þeirra smákota "sem voru í kringum Möðruvallaklaustur en sem lögðust í eyði, þegar það varð amtmannssetur." SSE, 113 sbr. 122. Um 40 m ofan og vestan við fjóshlöðuna og um 80 VSV af Lækjarbakkahúsum er gróinn kantur, allreglulegur, sem liggur á ská þvert á hlíðina SV-NA og sér í grjót í grasrótinni. Gæti verið náttúrulegt en einnig er hugsanlegt að þetta sé skriðuvörn eða vatnsrás gerð af mannahöndum. Bjarni Guðleifsson telur að þessi garður standi í sambandi við vatnsból sem var í læknum ofan við rjómabúið um 1978. Í sama túni og Lækjarbakkahús en um 70 m norðar er hringlaga hvilft, 15-20 m í þvermál á svolítilli upphækkun og gæti það einnig verið mannvirkjaleifar.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Túnakort 1917; Minningar Huldu Á. Stefánsdóttur I, 131, SSE, 113, 122

EY-068:011 *Sauðhús* tóft fjárhús 65°46.229.N 18°15.559.V
"Önnur peningshús stóðu efst og vestast í túninu. Voru þau flest mjög reisuleg með máluðum timburþiljum í austur. Syðst voru hin svokölluðu Hjaltalínshús, svo komu Sauðhúsin og síðan Miðhús, ..." segir Hulda Á. Stefánsdóttir í minningum sínum. Tóft sauðhúsa sést enn og er hún 110 m sunnan við Miðhús 008 og um 350 m vestan við prestbústað, um 40 m sunnan við girðingu sem skiptir landi Möðruvallabýlanna.
Í túni.
Veggir eru mjög útflattir og er kafgras á þeim, nema á austur-langvegg sem er snögg-gróinn og þar glittir í grjót úr hleðslum. Tóftin er 16x4 m að innan, snýr N-S og virðist haf verið skipt í þrjú u.þ.b. 4x4 m stór hólf. Dyr eru hvergi greinilegar. Sauðhús voru skráð 1985 og hlutu númerið 135. Gerður var uppdráttur af rústinni svipaður þeim sem gerður var 1998 nema að 1985 eru sýndar dyr milli hólfanna og syðsta hólfið látið vera sýnu minna en hin. Lýsing fylgir á sama blaði en var ekki færð inn í skráningarbók: "Í túni um 400 m NV af bænum. Rústin er þrískipt. Innri veggjarbrún allt að 40 cm há. Ytri veggjarbrún um 80 cm há."




Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Túnakort 1917; Minningar Huldu Á. Stefánsdóttur I, 131; GÓ 1985

EY-068:012 heimild um útihús 65°46.129.N 18°15.561.V
Útihús stóð þar sem nú er steypt fjárhús, byggt 1954, efst og syðst í Möðruvallatúni, um 40 m vestan við Hjaltalínshús 013 og um 100 m NNV við Nunnuhól.

Fjárhús með hlöðu. Svað í kring en tún umhverfis
Af afstöðu að dæma og stærðarmun gæti þetta hús hafa verið hlaða frá Hjaltalínshúsi 013, en Hulda Á. Stefánsdóttir getur þess ekki í minningum sínum. Gæti það bent til að hlaðan hafi verið nýgerð er túnakortið var gert 1917.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Túnakort 1917

EY-068:013 *Hjaltalínshús* þúst fjárhús 65°46.128.N 18°15.459.V
"Önnur peningshús stóðu efst og vestast í túninu. Voru þau flest mjög reisuleg með máluðum timburþiljum í austur. Syðst voru hin svokölluðu Hjaltalínshús, …" segir Hulda Á. Stefánsdóttir í minningum sínum. Hjaltalínshús stóðu 40 m austur af hlöðu (?) 012, þar sem nú eru fjárhús efst og syðst í Möðruvallatúni, og um 70 m beint norður af Nunnuhóli. Á þessum stað er svolítil upphækkun og á henni grjóthrúga og ýmiskonar drasl.
Í túni skammt frá fjárhúsum.
Húsin hafa verið rifin og þeim ýtt til en ekki hefur verið sléttað úr þeim alveg heldur eru rofin eftir og á þeim grjóthrúga, þ.á.m. steypuleifar. Til er ljósmynd af Hjaltalínshúsum frá 1952 (tekin af Ágústi Sigurðssyni) og hafa húsin þá verið tvístæðuhús, með þriðja húsinu (mögul. hesthús) sunnanvið.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Túnakort 1917; Minningar Huldu Á. Stefánsdóttur I, 131

EY-068:014 *Nunnuhóll* þúst býli 65°46.058.N 18°15.484.V




"Sunnan og ofan við gamla túnið var býlið Nunnuhóll. " segir í örnefnalýsingu. Nunnuhóll er aflangur náttúrulegur hóll uppundir fjallsrótum, efst og syðst í gamla Möðruvallatúni, um 25 m norðan við túngarð og um 60 m sunnan við Hjaltalínshús 013. Af túnakorti að dæma hefur bærinn staðið sunnarlega á hólnum.
Náttúrulegur hóll með byggingaleifum á, slétt tún í kring. Hóllinn er framhald malarása sem eru neðst í fjallsrótunum í Bjargalandi, sá nyrsti af þeim myndunum.
"Syðst og vestast í túninu stóð bærinn Nunnuhóll uppi á háum hól. Lítill torfbær, en þó aðlaðandi, að mér fannst. Þegar komið var inn í bæjardyrnar, var skáli á vinstri hönd; þar var geymsla. Innan við skellihurðina í miðjum göngunum var hlóðaeldhús til hægri, en búr á vinstri hönd. Gengið var inn og upp í baðstofu litlu innar. Hún var í tveim hólfum, frambaðstofa og suðurhús; voru gluggar í vestur á báðum og stafngluggi á suðurhúsinu." Minningar Huldu Á. Stefánsdóttur I, 131. Nunnuhóll mun fyrst byggður 1854 af dönskum manni, Jens Jensen, og virðist þar löngum hafa verið hálf-sjálfstæður búskapur eða allt til 1937 að bærinn brann. Hústóftirnar eru óljósar en tveir ferhyrndir kálgarðar sjást vel. Rof er á nokkrum stöðum og sést víða í grjóthleðslur. Nunnuhóll var skráður 1985 og hlaut þar númerið 129: "[Lega] Um 300-400 m í suðvestur frá kirkju. Rétt suðaustur frá fjárhúsum. [Staðhættir] Sléttlendi og smáþýft í kring. Tún austan við. [Lýsing] Stór bæjarhóll, 63x30 m að ummáli, og um 3ö4 m hár. Á norðurhluta hólsins eru greinilegar bæjarrústir með útlínum veggjanna eru [svo] 1.3 m br. og allt að 40 cm háir. Sunnan í hólnum hafa verið gerðir kartöflugarðar eða eitthvað þ.h., einnig í SA-hornið. Bæjarrústin virðist vera 2 stór herbergi þversum og 2 minni herbergi til endanna. Í austurhlið hólsins er greinileg grjóthleðsla um 30 cm há, 2-3 steinaraðir. [Athugasemdir] Hóllinn virðist hafa hlaðist upp á mjög löngum tíma."
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Túnakort 1917; Ö-Arnarneshreppur, 87; Minningar Huldu Á. Stefánsdóttur I, 131; GÓ 1985

EY-068:015 *Friðriksgáfa* heimild um bústað 65°46.196.N 18°14.994.V
Friðriksgáfa, byggð 1826, stóð á sama stað og prestbústaðurinn nú. Hún hefur náð jafnlangt í vestur

og núverandi hús en heldur lengra til norðurs en þar hefur verið komið niður á múrsteinahleðslur. Undir steinsteyptu húsi, garður í kring

Friðriksgáfa hefur staðið syðst á bæjarhólnum, sunnan og austan við torfbæinn. Ekki er vitað hvort amtmannshúsið svokallaða, sem brann 7.2.1826, stóð á sama stað. Friðriksgáfa brann 21.3.1874 en sumarið 1879 var skólahús byggt á grunninum. Það var múrað í binding og notaður múrsteinn úr Friðriksgáfu. Skólahúsið var alveg jafnstórt og Friðriksgáfa, en þau hafa verið tvöfalt stærri en núverandi prestbústaður b. 1938 og 1952, og náð lengra í norður og austur. Til eru nákvæmar lýsingar og uppdrættir af skólahúsinu: Minningar Huldu Á. Stefánsdóttur I, 131-135; Saga MA I, 69-78; Minningar frá Möðruvöllum.



Byggingateikning af Friðriksgáfu, reist 1826

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir:Túnakort 1917; Minningar Huldu Á. Stefánsdóttur I, 131-135; Saga MA I, 69-78; Minningar frá Möðruvöllum.

EY-068:016 heimild um kamar 65°46.185.N 18°14.988.V

5-10 m vestan við hjallinn 003 og um 10 m sunnan við minningarstein um Jón Sveinsson, SSA af prestbústað, á skurðbarmi stóð kamar sem notaður var í tíð gagnfræðaskólans á Möðruvöllum.

Gróin þúst á skurðbakka, grasflöt í kring, ungar trjáplöntur á henni.


"Hjallur var fyrir sunnan skólahúsið og stórt náðhús, kamar, fyrir vestan það. Var hann byggður yfir stórri safnþró, hólfaður í sundur, og var einn klefinn sérstaklega ætlaður fjölskyldu skólastjórans." segir í minningum Huldu Á. Stefánsdóttur. Steypuleifar komu í ljós á þessum stað er verið var að koma minningarsteinum um Jón Sveinsson fyrir.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Minningar Huldu Á. Stefánsdóttur I, 129

EY-068:017 *Karlskofi* þúst bústaður 65°47.030.N 18°12.902.V

"Yzt á (Möðruvallaengi) heitir Möðruvallanes, oft nefnt aðeins Nes. Á því miðju eru tóftabrot, sem heita Karlskofi. Talið er að einhvern tíma hafi hafzt þar við maður, sem gætti engjanna, sem fjarst eru bænum." segir í örnefnalýsingu. Karlskofi er á smáhól sem er eina mishæðin í Möðruvallanesi, um 80 m norðan við Hörgá, í línu milli Skipalóns og Hallgilsstaða, um 500 m ANA af Neskotshólum.



Á breiðu og grösugu, náttúrulega sléttu engi á bökkum Hörgár. Engið er ekki slegið lengur og munar þó litlu að það sé véltækt, aðeins smáþúfnakollar hér og þar.

Ekki er skýrt tóftarlag á þessum hól, en þó eru beinar brúnir sem sýna að þetta eru ótvírætt mannvistarleifar. Brúnirnar eru á 16x16 m palli, að innan má með vilja greina eitt hólf langs eftir norðurhlið en sunnan við eru þrjár hvompur. Sunnan við brúnina er ógreinileg dæld sem gæti verið eldri byggingaleifar. Gæti hafa verið heystæði síðast. Í uppkasti að sóknalýsingu frá 1841 stendur "Möðruvallaklaustursnesi" þar sem verið er að telja upp eyðikot í sókninni og má vera að það vísi á þennan stað. ef svo er þá á væntanlega við hann það sem segir á öðrum stað í lýsingunni að smákot hafi verið í kringum Möðruvallaklaustur en þau hafi lagst í eyði þegar jörðin varð amtmannssetur 1782. SSE, 112, 124. Má vera að þetta eigi við Neskot frekar en Karlskofa.


Hættumat: engin hætta

Heimildir:Ö-Arnarneshreppur, 85

EY-068:018 *Neskot* þúst býli 65°46.707.N 18°13.548.V

"[á Neskotshólum] Sést ... vel fyrir tóftum og garðbroti, enda er ekki lengra en um tvær aldir síðan þar

var býli, er hér Neskot." segir í örnefnalýsingu. Tóftir Neskots eru suðvestan undir Neskotshólum, sem er þyrping af malarhólum ofan (norðvestan) við Möðruvallaengi, um 400 m beint austur af þjóðvegi (í stefnu frá Hallgilsstöðum) en um 500 m norðaustur af bragganum 035. Tóftirnar eru 30-50 m norðan við slétt tún sem rafmagnslína liggur yfir og er hún fast vestan við tóftirnar. Austasti rústahóllinn er uppi í kverk milli tveggja hóla, miðhóllinn þar skammt vestan við á jafnsléttu en þriðji hóllinn er 70 m vestar á jafnsléttu.



Allstór valllendisblettur milli malarhóla og engjanna sem nú eru framræst tún.
Austast, uppi í hvilftinni milli tveggja melhóla er stór rústahóll með hringlaga rúst ofan á og er önnur, mögulega eldri, aflöng frá N til S, tvíhólfa, vestan í. Annar stór rústahóll er um 40 m vestar niðri á flötinni og er suðurendi hans alveg við sléttaða túnið. Þessi hóll er ekki síður hár en hinn, en er aflangur með eitt lítið hólf syðst og annað stærra, hugsanlega tvískipt í syðri helming. 6 m vestan við þennan hól er skeifulaga gerði, 21 m langt frá norðri til suðurs og 18 m breitt frá austri til vesturs. Gerðið er hæst að austan en lægst syðst og gætu þar hafa verið dyr. 15 m norðan við norðurendann á aflanga hólnum er endi á garði sem rekja má samfleytt undir vesturhlið melhólsins út í mýri sem er norðan við hann. Mögulega eru leifar af öðrum garði samhliða þessum, um 20 m vestar. Um 70 m vestan við skeifulaga garðinn er rústahóll og er á honum vestantil aflöng rúst, 10x8 m en undan henni gengur hringlaga rúst eða garður um 7 m til austurs og 2 m til suðurs. Þessi rúst er vestarlega á suðurbrún valllendisflákans sem teygir sig til vestur frá Neskotshólum og gæti haf verið túnstæði Neskots. Fast sunnan við þessa rúst er blaut mýri. "Neskot hét til forna í Möðruvallanesi." segir í upptalningu á eyðibýlum í sóknalýsingu frá 1841 og má vera að það hafi verið eitt af þeim kotum sem þar er sagt frá að hafi lagst í eyði er Möðruvellir urðu amtmannssetur 1782 - SSE, 112, 122. Guðmundur Ólafsson skráði fornleifar í Neskoti 4.8.1985 og gefur austari rústahólunum tveimur og garðinum aðskilin númer. Austasti hóllinn er nr. 123: "[Lega]: Í Neskotshólum, milli syðsta og vestur hóls að vestanverðu, [Staðhættir] Grasi gróið, með hólum vestan, austan og norðan við. Er á um 1 m háum hól (bæjarhól). [Lýsing]: Þetta er nokkuð ógreinilegt og virðist vera gamlar rústir. Það lítur út fyrir að vera þrjú herb. hér. Eitt þeirra sést betur en hin. Veggirnir eru mjög breiðir og halla út á við. Þeir eru 2 m br. og í herb. a) eru þeir 40 cm [háir]í hinum um 20 cm. Það getur verið að a sé aðeins grafið niður í litlu hæðina sem rústin stendur á. Það er mjög hátt gras - hærra en í kring - á rústinni sem gerir erfiðara að greina herb. skipun. Innanmál eru a) 5.5x6 m, b) 5.5x7 m, c) 3x3 m. Ekki er hægt að greina inngang í þetta." Á uppdrætti sem fylgir er a) svotil ferhyrnt hólf vestantil á hólnum, b) er suðaustantil en c) nyrst [áttatákni hefur snúist við á þessari teikningu]. Aflangi rústahóllinn var 1985 skráður sem nr. 124: "[Lega] Um 20 m suðvestur af rúst nr. 123. Við horn á túni - og við girðingu. [Staðhættir] Grasi gróið svæði. [Lýsing] Þessi rúst er mjög ógreinileg. Hún er ofan á smávegis upphækkuðu svæði um […] það er meira gras á henni en er í umhverfinu. Mjög erfitt er að greina herb. skipun en það sést móta fyrir þrem og mögulega fjórum herb. Erfitt er að greina ytri mörk veggja. Utanmál er 10.5x9 m (u.þ.b.). Herb. a) 4x2.5 m b) 1.5x1.5 m c) 1.5x1.5 m d) [ef það er þar] 3.5x2 m að innanmáli. Sunnan við þetta gætu verið fleiri herb. en þau eru ógreinanleg nema að því leyti að þar er landið hærra." Garðurinn fékk númerið 128 í skráningunni 1985: [Lega] Vestur af vestasta hólnum. [Staðhættir] Móar. [Lýsing] Garðurinn er mjög greinilegur, 2.5 m breiður og 1 m hár, liggur frá lítill tjörn að rúst 124."

Hættumat: hætta, vegna ábúðar


Heimildir:Ö-Arnarneshreppur, 86; GÓ 1985

EY-068:019 heimild um áveitu 65°46.520.N 18°13.714.V
"Fram af Skeiðmel er Flóðgarður, og heitir Alda norðan við hann, vestast. (...) Sunnan við Flóðgarð og að Skeiðmel heitir Gamla-Flæðiengi. Þar sunnan við er Spóngerðisstykkið, einnig takmarkað af flóðgarði. Meðfram því fellur Staðará, sem þarna er einnig nefnd Spónsgerðiskíll." segir í örnefnalýsingu. Þessi stykki og garðarnir er nú allt horfið og hefur verið gert að einu túni milli Skeiðmels, þjóðvegar, Staðarár og Neskotshóla og er það nú nefnt einu nafni Bugaspilda.
Nú slétt tún en í því sjást vatnsrákir sem liggja frá austri til vesturs.
Malarnám er í Skeiðmel austanverðan. Flóðgarðarnir hafa legið A-V út frá Skeiðmel í átt að Neskotshólum og Skipalóni og þannig haldi vatni á vikinu milli Skeiðmels og Neskotshóla.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Ö-Arnarneshreppur, 86

EY-068:020 *Akrar* heimild um býli 65°46.157.N 18°14.441.V
"Akrar hét bær Þóris Akraskeggs, sem um getur í Ljósvetningasögu. Hefur land hans tekið yfir þennan mýrarfláka milli Heyhóls, Möðruvallamela og Spóngerðisholts og bær hans staðið annað hvort við Heyhólinn eða heima á Jaðri " segir í örnefnalýsingu. Í raun er ekkert sem bendir til staðsetningu Akra annað en örnefnið Akramýri 034 en ef miðað er við að aðstæður hafi ekki breyst að ráði frá því sem nú er þá eru önnur bæjarstæði varla líklegri en Jaðar og Heyhóll í næsta nágrenni við mýrina, en þar fyrir utan kemur til greina Róðukot við Hörgá, í Bjargalandi.
"Þorgils hét maðr. Hann var þingmaðr Þóris. Hann bjó at Okrum í Horgárdal ok kallaðr Akrakarl, ekki mjog vinsæll né trúr í kaupum." Ljósvetninga saga, A-gerð, ÍF X, 21. Í C-gerð er sami maður kallaður Þórir Akraskeggur en þar er ekki getið um bústað hans. Þorgils hrökklaðist undan Guðmundi ríka til Húsavíkur en skildi fé eftir í Hörgárdal. Kemur m.a. fram að hann átti land að Steðja - ÍF X, 21-25. Akrar eru taldir meðal eyðijarða kalustursins í eignaskrá frá 1447 - DI IV 710-712, en er ekki getið í öðrum máldögum. Í Þjóðsögum Sigfúsar Sigfússonar (VIII, 160-161) er saga um bónda, er bjó á Ökrum skammt innar frá Möðruvöllum. Hann var sakaður um sauðaþjófnað, og fannst þýfið fyrir sakir skyggni Þorláks prests Þórarinssonar (1745-1773). En Akrabónda varð svo við að hann gekk beint í Hörgá og drekkti sér. Gekk hann síðan aftur og eyddist bærinn á Ökrum við afturgöngu hans. "Var þar þá reistur róðukross, er stóð þar lengi síðan. En við það breyttist nafnið á þessu koti, svo það heitir einatt síðan Róðukot." Steindór Steindórsson segir í Lýsingu Eyjafjarðar að sunnan undir Möðruvallamelum við Hörgá, spölkorn fyrir sunnan Hörgárbrú séu garðlönd mikil og tóftabrot, sem hafi verið kallað Róðukot. Telur hann að það sé sami bær og Akrar og að bærinn hafi lagst af vegna landbrots af völdum Hörgár. Sauðaþjófnaðarsöguna telur hann geta verið afbökun sögunnar um Þorgils Akrakarl/Þóri Akraskegg. Róðukot Ey-098:005 er í landi Bjarga og var ekki skoðað 1998.
Heimildir:ÍF X, 21; DI IV, 710-712; Ö-Arnarneshreppur, 86; LE I, 143

EY-068:021 *Klukkupollur* sögustaður 65°46.157.N 18°14.441.V
"Sunnan heimvegarins og ofan við Heyhól voru nokkrar uppsprettur sem nú eru uppþornaðar, vegna framræslu landsins. Ein þeirra hét Þegjandi, önnur Klukkupollur. Munnmælin herma að þar hafi sökkt verið kirkjuklukku frá Möðruvöllum, til að forða henni frá að lenda í höndum Tyrkja, sem rændu víða hérlendis fyrr á öldum." segir í örnefnalýsingu. Ekki er vitað hvar Klukkupollur var nákvæmlega en skv. lýsingu hefur hann verið þar sem nú er sléttað tún rétt sunnan við heimreið, u.þ.b. 100-200 m vestan við þjóðveg.
Sléttað tún, áður mýri.
Heimildir:Ö-Arnarneshreppur, 86


EY-068:022 *Jaðar* 2 tóftir býli 65°46.179.N 18°14.791.V
"Möðruvallamelarnir mynda stóra skeifu sunnan og ofan við suðurhluta Akramýrar. Norðantil uppi á þeim börðum er jafnan kallað á Jaðri. Þar voru töluverð tóftabrot, forn. Þar er nú nýgerður grafreitur. " segir í örnefnalýsingu. Tóftir Jaðars eru fast á brekkubrún ofan við Akramýri, norðan við nýja grafreitinn en sunnan við lægðina (Barnalaut) er gengur upp að bænum sunnan við kirkjuna. Tóftirnar eru beint austur af prestbústaðnum.
Á brún á grónum, grösugum mel og er bratt niður af á tvo vegur. Neðan við breiðast út miklar mýrar,



nú framræstar, en ofanvið hefur verið valllendi á melnum, þar sem hægt hefur verið að rækta túnblett, skammt neðan við heimatúnið.
Nyrðri tóftin er stærri og er sennilega bæjartóft. Eitt skýrt hólf, um 3x3 m hefur dyr til austurs, en aftan (vestan) við það er annað litlu minna, og sunnan við hafa einnig verið herbergi. Í vesturjaðri tóftahólsins eru tvær hvompur sem gætu verið eldri byggingaleifar. Hin tóftin er mun minni, eitt hólf með dyr til austurs. Um 20 m vestar er lítil ávöl hólbunga sem gæti verið öskuhóll frá Jaðri. Jaðar er talin meðal eyðikota "sem voru í kringum Möðruvallaklaustur en sem lögðust í eyði, þegar það varð amtmannssetur." í sóknarlýsingu frá 1841.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Ö-Arnarneshreppur, 86; SSE, 113, 122.

EY-068:023 heimild um myllu 65°46.269.N 18°14.969.V
"[Bæjarlækurinn hafði] miklu hlutverki að gegna. Talsvert há buna var í læknum rétt neðan við brúna [rétt norðan við Stefánsfjós]. Við hana voru stórar hlóðir, og þar var ullin þvegin á vorin og skolað undir bununni. Fáum skrefum neðar var myllan; sneri lækurinn mylluhjólinu. Myllan fannst mér hreint furðuverk. Þegar mylluhjólið tók að snúast, var korn látið í stóran kassa inni í myllunni, og rann það í gegnum trekt, og þá tóku myllusteinarnir við og möluðu það. Fór það ofan í stóran poka, sem var strengdur neðan við steinana." segir Hulda Á. Stefánsdóttir í minningum sínum. Lækurinn hefur nú verið tekinn í skurð vestan við veginn og er stundum þurr, en þurr farvegur er í túninu um 40 m norðan við kirkjugarðinn. 20 m norðan við garðinn er ræsi þar sem farvegur gæti líka hafa verið. Rör er undir veginn þar sem brúin hefur verið, um 20 m norðar en norðurendi Stefánsfjóss.
Slétt tún. Lítur út fyrir að miklu hafi verið umturnað á þessu svæði.
Myllan er ekki sýnd á túnakorti frá 1917 og hefur hún þá verið horfin.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Minningar Huldu Á. Stefánsdóttur I, 130-131

EY-068:024 *rjómabú* tóft 65°46.341.N 18°15.514.V



Rjómabú var stofnað á Möðruvöllum 1903 og starfaði til 1915. "Búið stóð uppi undir fjallsrótum á litlum hól í skriðufæti rétt norðan lækjarins, sem fellur þar niður túnið, út og upp af fjárhúsum frá Möðruvöllum, svonefndum Lækjarbakkahúsum. Húsgrunnurinn sést enn vel á lækjarbakkanum skammt norðan við núverandi fjárhús Tilraunastöðvarinnar." segir í grein Stefáns Halldórssonar um rjómabúið. Tóftin er um 60 m ofan (vestan) við þar sem Lækjarbakkahús (010) stóðu og um 50 m norðvestur af geldneytafjósinu (sama og fjárhús Tilraunast. í tilvitnun).
Á snöggrónum melum ofan við túnjaðar, grösugir hagar ofan við.
"... að [rjómabúinu] stóðu, þegar flest var, um 30 bændur. Undir lögin [undirrituð 1904] hafa upphaflega skrifað 31 bóndi og eru 15 þeirra úr Arnarneshreppi, 12 úr Glæsibæjarhreppi og 4 úr Skriðuhreppi. Félagatalan mun ætíð hafa verið nokkuð á reiki og síðustu ár búsins fór félögum fækkandi. Starfsemi búsins var svo háttað að mjólkin var aðskilin heima og rjóminn fluttur í búið að jafnaði annan hvern dag. Áfirnar voru svo fluttar jafnóðum til baka, þannig að sá sem rjómann flutti, beið á meðan strokkað var. Búið var starfrækt í

um það bil tvo mánuði yfir hásumarið, í júlí og ágúst, það er að segja yfir fráfærnatímann, því að sauðamjólkin var önnur aðaluppistaðan í hráefninu. ... Grunnurinn er um það bil 40-
50 m2 að flatarmáli og er hann og gólfið steinsteypt og sömuleiðis þró við suðurhlið hans, þar sem sjálft drifhjólið hefur staðið út í lækinn. Húsið sjálft var úr timbri og mun hafa verið skipt í tvennt, vinnslusal og geymslu. Samkvæmt frásögn sjónarvotts, Steindórs Steindórssonar skólameistara frá Hlöðum, en hann flutti á æskuárum sínum rjóma í búið heiman frá Hlöðum, fór vinnslan í stórum dráttum þannig fram: Búið var drifið með vatnsafli úr bæjarlæknum og var hægt að hleypa vatninu á drifhjólið í áðurnefndri þró með handfangi inni í húsinu. Með reimbúnaði var strokkunum síðan snúið, en hann var tunnulaga og hvíldi á ásum sem hægt var að halla að vild til að losa smjör og áfir án þess að þurfa að stöðva snúninginn. Þá var einnig með reimbúnaði drifið svonefnt smjörborð, en það var kringlótt, ívið ávallt, það er, aðeins lægra út við brúnir. Sívalur valti var yfir borðinu og nam út á brúnir þess. Hann var með skorum og var þykkari út við borðbrúnina sem um miðjuna. Snúningur borðsins hnoðaði síðan smjörið við valtann. Smjörinu var síðan drepið ofan í litlar tunnur (kvartil) og geymt uns það var selt, en það fór á markað í Englandi. ... Vorið 1917 keypti Jón St. Melstað á Hallgilsstöðum rjómabúið til niðurrifs. Fékk hann helminginn af viðnum "og var það heilmikið búsílag."" Tóftin sést nú aðeins sem nokkurnveginn ferhyrndur pallur og hlaðin, og að hluta steypt, þró sunnan við þar sem vatnshjólið var. Rjómabústóftin var skráð sumarið 1985 og fékk númerið 133. Nákvæmur uppdráttur var gerður af rústunum og fylgir lýsing með á sama blaði en ekkert var fært inn í skráningarbók: "Rjómabúið er hlaðið úr höggnu grjóti og múrbundið, hefur líkl. verið múrhúðað. Það er 1.10 br. og 4.30 l. [þ.e. hjólhúsið]. Sillur eru beggja vegna 90 cm háar. Norðanvið eru leifar af steyptu gólfi. Það er 1.50-160 cm hærra en botninn í rjómabúinu. Undirstöður að tréveggjum sýna útlínur byggingarinnar. Búið er grafið inn í hól. Um 1 m djúpur skurður liggur í austur frá búinu. Efst eru leifar af torfveggjum og e.t.v.. inngangi."
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Stefán Halldórsson: Rjómabúið á Möðruvöllum, Heimaslóð 1991-93, 46-54; GÓ 1985


EY-068:025 *Öskuhóll* öskuhaugur öskuhaugur 65°46.248.N 18°15.070.V
"Bak við íbúðarhúsið (nyrðra) og Stefánsfjós er hóll, nokkuð víðáttumikill, er heitir Öskuhóll. Á honum vaxa nú trjáplöntur. " segir í örnefnalýsingu. Öskuhóll er í raun hæsti og vestasti hluti bæjarhólsins og nær yfir mest af norður- og vesturhluta hans. Hólmyndun byrjar vestan við Leikhúsið 007 og þar vestan við hefur fjós verið byggt ofan í suðurenda hólsins. Þar skammt norðan við hækkar hóllinn mjög og hallar niður af honum aftur norður á móts við suðurenda Stefánsfjóss 006.
Aflöng hólbunga aftan við íbúðar- og útihús á Möðruvallastað og er á hólnum sjálfum trjágarður með allstæðilegum trjám af ýmsum gerðum. Sléttað tún er vestan og norðan við.
Hulda Á. Stefánsdóttir segir svo frá í endurminningum sínum: "Fyrir vestan aðalhúsaþyrpinguna var yndislegur, grænn hóll, sem lá í sveig eins og faðmur, sem vernda vildi öll þessi blessuð hús. Þetta var gamall öskuhaugur, sem bar vott um, að mikið hefði verið eldað um aldir á þessum söguríka stað. Margar glaðar stundir áttum við krakkarnir á Öskuhólnum. Hann var okkar fyrsti leikvangur á vorin, þegar skeljar og leggir voru komin út, og að vetrinum renndum við okkur á sleða eða rassinum niður hólinn, … Þá má ekki gleyma því að hóllinn stöðvaði allt vatnsrennsli af miðtúninu að vetrinum, og safnaðist vatnið í allstóra tjörn fyrir vestan hólinn. Þegar hún fraus var það hið besta skautasvell … Síðast þegar ég kom að Möðruvöllum var þessi elskulegi hóll aðeins svipur hjá sjón. Hann hafði allur gengið í sig eins og gamalmenni, sem alltaf er að minnka, eftir því sem ellin sækir á … Segja má að Öskuhóllinn væri opinn í báða enda … því alltaf bættist við aska í hólinn. Á hverjum degi var askan úr skólanum borin í suðurendann, en norðurendinn var ætlaður öskunni frá bænum." Hóllinn er sennilega náttúruleg upphækkun í grunninn og er líklegt að byggingaleifar séu í honum auk öskulaga. Hóllinn er hæstur vestast og myndar þar dálítinn hrygg sem sveigir til austurs á móts við suðurenda Stefánsfjóss 007. Tré standa þétt uppi á þessum hrygg en innan við er rjóður en þar innan við er svo önnur röð af trjám milli öskuhaugsins og opins svæðis bak við bústjórahús þar sem torfbærinn stóð áður. Niðurstöður prufuskurðar 2006 leiddu í ljós mikið magn beina og gripa. Varðveisluskilyrði í hólnum eru mjög góð, sér í lagi á lífrænum leifum s.s. viðarleifum og vefnaði. Aðeins gafst tími til að grafa niður á mannvistarlög frá 18. og 19. öld en framhald verður á rannsóknum sumarið 2007 og má þá búast við að grafið verði lengra aftur í aldir.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Ö-Arnarneshreppur, 87; Minningar Huldu Á. Stefánsdóttur I, 129-130 og Ramona Harrison

og Howell Roberts. 2006. The Midden at Möðruvellir: Preliminary excavation report. FS338-06381. Fjölrit. Reykjavík.

EY-068:026 þúst útihús 65°46.115.N 18°15.280.V
Í túninu, 200 m suðvestur af prestbústað og um 100 m austur af Hjaltalínshúsi 013 er stór þúst í túninu með tveimur stórum hvompum og nokkrum minni.
Í sléttu túni.
Hvompurnar tvær eru báðar 4-5x4 m og eru vestantil á þústinni en minni dældirnar eru austanvert á henni. Austur af þessari þúst gengur lágur (0,3-0,5 m) en breiður (5-6 m) rani austur eftir túninu og er nógu reglulegur til að vera mannaverk þó hann sé helsti breiður til að vera túngarður. 50 m sunnar er annar rani, 1,5-2,5 m breiður og nær sá lengra í vestur eða upp á móts við Hjaltalínshús.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar

EY-068:027 *Þorlákskofi* heimild um útihús
"Sunnan og ofan við gamla túnið (var býlið Nunnuhóll.) Þar efra var einnig Þorlákskofi." segir í örnefnalýsingu. Ekki er nú vitað hvar Þorlákskofi var og er líklegast að hann sé sama hús og annaðhvort 012 eða Hjaltalínshús 013 (t.d. eldra nafn á því húsi) eða að hann hafi staðið á Nunnuhóli. Engar tóftir eru sýnilegar neðst í brekkunum suðvestan við túnið.
Heimildir:Ö-Arnarneshreppur, 87

EY-068:028 tóft beitarhús 65°46.481.N 18°16.285.V



"Hjallar eru ekki í hlíðinni [vestan bæjarins], nema Langihjalli, öðru nafni Beitarhúsahjalli. Eru upp í hjallanum, rétt norðan við Staðará, beitarhústóftir." segir í örnefnalýsingu. Beitarhúsatóftirnar eru á norðurbakka Staðarár og brýtur hún af þeim, um 30 m ofan (vestan) við vírgirðingu á hjallabrúninni (fjallgirðing). Kvísl úr Staðará rennur einnig í skorningi norðan við tóftirnar.
Á hörðum stórþýfðum móa, á rana milli tveggja kvísla úr Staðará. Deiglendi er sunnan og norðan við en ofar taka við brattar fjallshlíðar, vel grónar að neðanverðu.
Norðan og austan(neðan) við er stórþýfi og miklar hvompur og gætu þar verið meiri byggingaleifar. Torfleifar sjást í rofi í gilbarminum bæði ofan og neðan við tóftirnar og staðfestir það að mannvistarleifar eru víðar á þessu svæði en þar sem tóftir sjást nú. Yngsta tóftin er fast á árbakkanum og er einföld fjárhústóft með garða eftir endilöngu, hlöðutóft afanvið. Framan við fjárhúsið er eldri tóft, mögulega rétt og við hlið þess norðanmegin eru tvær tóftir sambyggðar, greinilega eldri byggingar. Beitarhúsin voru skráð 1985 og fengu þá númerið 134. Gerður var nákvæmur uppdráttur af rústasvæðinu og er skrifuð lýsing á sama blað en ekki var neitt fært inn í skráningarbók: "Lega: Um 1250-1500 m NV af bænum, í brattri hlíð norðan við lækinn. Þarna er stórt rústasvæði, greinilega frá ýmsum tímum. Greinilegustu rústirnar eru beitarhús með heystæði að baki og jötu eftir endilöngu húsi, um 20 ám háum. Veggjahæð er 30-40 ám. Aðrar rústir eru afar óljósar og mikið hrundar. Þess vegna er látið nægja að skyggja svæðið sem rústirnar eru á og ekki reynt að finna einstök hús. Nyrst eru þó 2 rústir allgreinilegar með 30-40 cm háa veggi. Þetta er afar flókið rústasvæði, sem líka er erfitt að skoða vegna kafgresis. Vafalaust hafa beitarhús frá Möðruvöllum verið þarna frá öndverðu. Þetta svæði þarf að friða."
Hættumat: hætta, vegna vatnsaga
Heimildir:Ö-Arnarneshreppur, 87; GÓ 1985

EY-068:029 þúst óþekkt 65°46.135.N 18°15.154.V
Um 100 m SSV af prestbústað, í túninu um 70 m vestar en rafmagnslína, er breið þúst með dæld í

miðju.
Í túni.
Veggir eru alveg útflattir en ytri mörk eru þó greinileg og regluleg, alls 20x20 m að utanmáli. Gæti hafa verið rétt eða tvístætt fjárhús.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar

EY-068:030 þúst útihús 65°46.160.N 18°15.085.V
Um 50 m beint suður af fjósi, sem er suðvestan í Öskuhól 025, um 60 m SSV af prestbústað og skammt sunnan við garðinn kringum húsið er L-laga þúst og ójöfnur í kring í sléttuðu túninu.
Í túni, beðasléttur vestan við.
Virðist vera leifar af aflangri byggingu, sem snúið hefur N-S og sjást nú þústir þar sem suður og vesturveggir voru. Beðasléttur ná alveg upp að þessum ójöfnum að vestan.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar

EY-068:031 kuml legstaður 65°15.992.N 18°15.790.V
"I Anledning af at et Menneskes Laarben saaes at være blevet afdækket ved Jordlagets Bortblæsning af Efteraarsstormene, i en stenet Bakke (holt) kort sonden og oven for det gamle Modrevalle kloster … eftergrov man nærmere og fandt storste Delen af et kvindelig Skelet …" Ekki er vitað hvar kumlið fannst. Berir melar eru sunnan við tún á Möðruvöllum og hefur hluti þeirra verið ræktaður undir tún. Ofar eru melhólar og klettaholt neðst í fjallshlíðinni við merkin á móti Björgum og virðist lýsingin helst eiga við það svæði. Melhólarnir og holtin eru raunar mest í landi Bjarga og má vel vera að kumlið hafi verið þeim megin merkjanna. Neðst er melrani, að mestu gróinn í landi Möðruvalla en syðri hluti hans, sem er í landi Bjarga, er ber ofantil. Þar ofan við eru stórgrýtt holt hvert upp af öðru, mestanpart gróin milli grjóthnullunganna. Berir melkollar eru einnig neðst í fjallshlíðinni norðar, á móts við Nunnuhól 014 og Hjaltalínshús 013.
Bjarni Thorarensen amtmaður ritar Finni Magnússyni bréf 9. september 1839 og sendir með því "en lille sonderbrudt Mynt, da fundet for faa Dage siden … [lærbein hafði komið í ljós við uppblástur sunnan og ofan við Möðruvelli og var grafið eftir] og fandt storste Delen af et kvindeligt Skelet, hvis Been, især Hovedets, dog tildeels syntes at være blevne voldsomt adskilte og nogle manglede aldeles. Man formodede saaledes at kvindepersonen var bleven myrdet, især da der blandt Beenene fandtes Levninger af en Kniv med Træskaft og paa en af Fingrene en næsten glat Sölvring, der ikke ansaaes for mærkelig og medfulgte ikke heller. Derimod fulgte de ovenommeldte Fragmenter af den lille Mynt, som den 18de October af mig bleve leverede Hr Justitsraad Thomsen, og Mynten blev strax af ham erkjendt for at være Angelsaxisk fra Kong Adelstans Tid." Kristján Eldjárn bætir við: Enginn efi leikur á, að þarna hefur fundizt fornt kuml með hnífi, fingurbaug úr silfri og silfurpeningi. Peningurinn er nú glataður, fannst ekki við leit 1927 en hafði áður verið greindur af myntfræðingum í Kaupmannahöfn. hann var mjög í brotum, en á bakhlið varð lesið: . . . ANTD + [MO]NETA . Rétt er það eflast, að peningurinn er af sláttu Aðalsteins Englakonungs (924-
40), en ekki er unnt að greina gerðina nánar, enda peningar Aðalsteins sjaldgæfir. Þetta er í eina skiptið, sem peningur hefur fundizt í gröf á Íslandi, en heimildin virðist traust. Má vera að peningurinn hafi verið borinn í bandi um hálsinn sem kinga." Um staðsetninguna fæst tæplega nánari vitneskja en í sóknalýsingu frá 1841 er talað um "manneskjubein og litlar fornleifar aðrar, sem í fyrra fundust í jörðu nálægt bæ þeim er Björg heitir, skammt fyrir sunnan Friðriksgáfu" og hafði prestur pata af að aðrir hefðu um það skýrslu gefið.
Heimildir: Kuml og haugfé,s. 133-4; SSE, 109.

EY-068:032 heimild um kvíar 65°46.382.N 18°15.072.V
"Trébrú var yfir lækinn, og þá tók við upphleyptur vegur norður túnið og svo götuslóðar út Grundina, fyrir utan túnhliðið. … Á Grundinni áttum við bú; meira að segja þeir Valtýr og Grímsi gátu veitt Grundarlæknum í djúpt tóftarbrot þar nálægt, líklega leifar af gömlum kvíum. Brátt var komið þar lítið stöðuvatn, og þá var útbúinn kassi, sem átti að vera bátur, og ýtt úr vör." Ekki er vitað hvar tóft þessi var og búið er að slétta allt svæðið, norðan frá túnhliðinu sem hefur verið um 240 m norðan við Stefánsfjós 007, og norður að merkjum. Smáþúst er fast vestan við veginn, sunnan við þar sem slóði liggur út á túnið í framhaldi af afleggjara heim að nyrsta og nýjasta fjósi Tilraunabúsins.
Slétt tún, áður valllendi utan túns.


Samkvæmt sóknarlýsingu frá 1841 voru þá hafðar færikvíar á Möðruvöllum og hafa því torfkvíarnar verið löngu aflagðar er Hulda og leikfélagar hennar höfðu þar leikpoll um síðustu aldamót.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Minningar Huldu Á. Stefánsdóttur I, 130; SSE, 117

EY-068:033 garðlag túngarður 65°16.005.N 18°15.253.V
Túngarður er fyrir vestur og suðurhlið túnsins, alls 716 m á 850 m bili. Norðurendi er um 70 m ofar en suðurgafl geldneytafjóss sem er skammt ofan við Lækjarbakkahús 010. Þar er líka endi á grunnum skurði og hylur uppgröftur úr honum garðendann. 142 m af garðinum eru norðan merkja milli Möðruvallabúanna en vik er í garðinn þar sem merkjagirðingin er. Fast sunnan við hana eru tvær dældir út frá garðinum sem geta verið tóftir, þá allstórar. Frá þessum stað liggur garðurinn til suðurs með heldur austlægari stefnu en norðan við merkjagirðinguna og er hlykkur á honum um 58 m frá merkjagirðingu og stefnir hann enn austar sunnan við þann stað. 96 m frá merkjagirðingu hverfur garðurinn í mýri, en 127 m þar SSA af kemur hann í ljós á ný og eru enn 84 m með sömu stefnu, en þá horn og liggur hann eftir það til ASA í 112 m og er þar gleitt horn á móts við Nunnuhól 014 en síðan 224 m beint í austur að garðenda í miðju túni. Þar austan við hefur garðurinn verið sléttaður og mætti e.t.v. rekja hann lengra í slegnu túni.
Garðurinn liggur um haga að ofan og hefur túnið ekki náð upp að garðinum 1917 þó það geri það nú. Niðri á sléttlendinu hefur tún verið sléttað að garðinum beggja vegna.
Garðurinn er víðast 2-3 m breiður og yfir 1 m hár, sérstaklega stæðilegur niðri á túninu sunnan og suðaustan við Nunnuhól. Túngarðsins er getið í skráningargögnum frá 1985 en virðist ekki hafa fengið sérstakt skráningarnúmer: "Túngarður er um 500 m NV við bæinn, 2.5 m br og 1 m hár. Að austanverðu er hann allt að 1.8 m hár.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:GÓ 1985

EY-068:034 *Akramýri* heimild um mógrafir 65°46.157.N 18°14.441.V
" … fyrir sunnan þetta nes er æðistór mýri, kölluð Akramýri, í hverri að móskurður frá klaustrinu er hafður." segir í sóknarlýsingu frá 1841. Akramýri er allt svæðið austan Möðruvallamela að Heyhól og norður undir Spónsgerði, allt mýrlendið sitthvoru megin við gömlu heimreiðina að Möðruvöllum.
Mýri, nú framræst og að hluta til gerð að túni.
Heimildir:SSE, 106

EY-068:035 heimild um kálgarð
1777: "… heima á klaustrinu sá ég einnig [kál] garð, sem gefið hafði góða uppskeru nokkur undanfarin ár." Ekki er vitað hvar þessi kálgarður var en 1917 voru tveir kálgarðar innan túns á Möðruvöllum, annar syðst og austast á Fjóshólum í brekku mót suðri og hinn minni austan við suðausturhorn kirkjugarðsins í brekkunni austast í Barnalág, einnig í brekku mót suðri, og er sennilegast að um annan hvorn þeirra sé að ræða.
Heimildir:ÓO II, 14

EY-068:036 tóft smalakofi 65°46.745.N 18°13.446.V



"Fyrst á morgnana og fram yfir hádegi var setið yfir kúnum á Grundinni [norðan við túnhliðið], en síðan voru þær reknar niður í Flóa, sem er talsverð vegalengd. Flóinn er skammt utan við svokallaða Neskotshóla. Kýrnar voru oft rólegar í Flóanum; þar var mjög grösugt og því góðir hagar. Uppi á hæsta hólnum áttum við allgott byrgi, sem gott var að leita skjóls í, því þótt veðursæld sé við Eyjafjörð, getur stundum gert kalsaveður." segir Hulda Á. Stefánsdóttir í minningum sínum. Neskotshólar eru þrír. Tveir norðan við mynda eins og boga og er vik á milli þeirra en sunnan í boganum er stærsti hóllinn og er djúp hvilft á milli. Smalakofatóftin er uppi á þessum hól þar sem hann er hæstur, austar- og sunnarlega á honum. Kofinn er um 100 m austur af austustu tóftinni í Neskoti.


Lyng- og mosagróinn melur. Útsýni yfir allar Möðruvallaengjar frá Akramýri og út á Nes.
Þessi tóft var skráð sem nr. 125 í fornleifaskráningu 1985: "[Lega] Í Neskotshólum - ofan á eystra hólnum. [Staðhættir] Uppblásinn hóll. [Lýsing] Þetta er grjóthlaðið og er 4x3 m að ummáli. Veggir eru um 40-50 cm háir og 30-40 cm breiðir."
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Minningar Huldu Á. Stefánsdóttur I, 130; GÓ 1985

EY-068:037 *Frúarsteinn* heimild um 65°46.196.N 18°14.994.V
"Á hlaðinu framan við prestshúsið er Frúarsteinn. Hann var hlaðinn upp handa frú Hjaltalín og hafði hún hann fyrir "bakþúfu"." segir í örnefnalýsingu. Hulda Á. Stefánsdóttir minnist hennar einnig: "Fyrir framan skólahúsið var slétt og falleg flöt, og á henni miðri stóð steintrappa, sem var bakþúfa frú Hjaltalín. Var hún hlaðin úr grjóti og steypt yfir, svo að hún yrði slétt undir fæti, þegar frúin þurfti að nota hana. Hef ég hvergi á byggðu bóli séð slíka bakþúfu, og saknaði ég hennar, þegar ég kom síðast að Möðruvöllum, vorið 1980. Þá lá þessi merkilega bakþúfa á hvolfi úti í flagi; var verið að umturna flötinni fyrir framan prestshúsið …"
Heimildir:Ö-Arnarneshreppur, 87; Minningar Huldu Á. Stefánsdóttur I, 128

EY-068:038 *Spónsgerðiskíll* heimild um aftökustað
"Í [Spónsgerðiskíl, sem er framhald Staðarár, neðst áður en hún rennur í Hörgá] mun Sigríði Vigfúsardóttur hafa verið drekkt 17. apríl 1705, fyrir að hafa banað barni sínu." segir í örnefnalýsingu. Afatakan gæti hafa farið fram hvar sem er neðan við núverandi þjóðveg og að því sem kíllinn rennur í Hörgá. Ekki er vitað um fleiri aftökur á þessum stað.
Heimildir:Ö-Arnarneshreppur, 86

EY-068:039 þjóðsaga legstaður
"Maður er nefndur Jón Ögmundsson, bróðir Ingimundar þess, er Jón Þorláksson kvað um. Þegar hann var ungur, var hann vinnumaður hjá Bjarna Thorarensen, amtmanni á Möðruvöllum. Var það eitt haust, að verið var að reiða tað á völl, og var Jón að þeim starfa með öðrum piltum. Þar nálægt fjóshaugnum voru tvær þúfur, sem sneru í austur og vestur, og var það gömul sögn, að undir þeim lægi fjósamaður og sauðamaður, sem hefði flogizt á í illu og orðið hvor öðrum að bana. Voru þeir piltar að tala um, hvort þetta myndi vera satt, en Jón kvað það mundu ýkjur einar og uppspuna og kvaðst mana þá félaga að láta hann verða varan við sig, ef þeir hefði nokkurntíma verið til. … að lokinni máltíð kemur amtmaður til Jóns og biður hann að skreppa fyrir sig fram í dal með bréf … er hann kemur heim í túnið á Möðruvöllum, sér hann ljós í fjósglugganum, og hugsar með sér, að stúlkurnar muni vera að mjólka … Þegar hann kemur að fjósinu, sér hann dyrnar standa opnar. Hleypur hann þá í einu stökki inn um dyrnar og inn á flór. En er þar kemur, var þar kolamyrkur, en ekkert ljós og engin manneskja. verður honum þá bilt og fer nú að athuga hvar hann sé staddur, og þreifar fyrir sér. Finnur hann þá, að hann stendur við vatnstunnuna, sem var innst við gaflinn á fjósinu. Lízt honum þá ekki á blikuna, og skilur ekki, hvar hann hefur komið inn, enda rann nú upp fyrir honum … að hann gat alls ekki hafa séð fjósdyrnar úr þeirri átt, sem hann kom, og að hann hafði hlotið að koma gegnum fjósgaflinn. Grípur hann þá hræðsla, hleypur fram flórinn og leitar dyranna. En þær voru bundnar aftur að utanverðu og auðséð, að búnar voru allar mjaltir og allir komnir inn. …" Frásögn Ólínu Andrésdóttur.
Ekki er ótvírætt hvar þetta fjós hefur verið og þar með þúfurnar, því ef Jón var að koma framan úr Hörgárdal ætti fjósið að hafa verið sunnan við Möðruvallastað en um aldamótin 1900 var fjósið á Fjóshólum norðan við staðinn. Hvorttveggja getur verið að sögnin hafi skolast til, bréfsendingin hafi t.d. verið út með ströndinni en ekki fram dalinn, eða að fjós hafi verið sunnan við staðinn um miðja 19. öld.
Heimildir: Gráskinna hin meiri I, 142-143

EY-068:040 2 tóftir smalakofi 65°46.825.N 18°13.488.V
Í Neskotshólum eru þrír hólar og í þeim norðaustasta er hvilft eða geil að austanverðu. Efst í henni er tóft og önnur 22 m neðar.
Í grasi vaxinni geil, gróðurlitlir melar eru ofan við. Útsýni yfir ytri hluta Möðruvallaengja, Flóann og Möðruvallanes.



Báðar þessar tóftir virðast vera smalakofar. Í kring um þá neðri er lægra, eins og torf hafi verið rist til að setja í bygginguna. Efri tóftin er greinilega eldri og sést ekki til dyra á henni. Hún er 7x5 m að utan, veggir 1,5 m þykkir og 0,4 m háir. Hin er með dyr til austurs og er mjög djúp að innan og sést þar grjót í hleðslum. Hún er 4,5x4 m að utan, veggir 1,5 m þykkir og 0,7 m háir. Neðri og yngri tóftin var skráð 1985 og gefið númerið 126: [Lega] Á eystri hlið norður hóls Neskotshóla. [Staðhættir] Í lítilli laut milli hólanna - þúfur (litlar) eru í kring og þar fyrir ofan uppblástur. [Lýsing] Þetta er lítil rúst, grasi vaxin. Hún er mjög greinileg. Veggir eru um 50 cm háir og 70 cm - 1 m breiðir. Innanmál er 1.5 x 1.5 m. Hefur sennilega verið hlaðin úr grjóti og torfi - það sést í nokkra steina."
Hættumat: engin hætta
Heimildir:GÓ 1985

EY-068:041 *Ferjuvað* heimild um ferju 65°45.697.N 18°13.822.V
"Gamall ferjustaður var lítið eitt norðar en brúin er, en þar heitir Ferjuklauf að austan í landi Djúpárbakka." Viðtal við Steindór Steindórsson frá Hlöðum 20. desember 1995. Allhár bakki er norðan við brúna austanmegin og er ekki um klauf að ræða fyrr en um 300 m norðar en þar endar bakkinn og við tekur lág eyri. Þar hefur ferjan lagst að austanmegin. Að vestan er allsstaðar lág eyri meðfram ánni norðan við brúna.
Ferjuklauf og Vaðhóll í Djúpárbakkalandi er EY-253:005 - í örnefnalýsingu Djúparábakka er getið um Ferjuvað og hefur það verið á sama stað og ferjan.
Heimildir:Möðruvallatíðindi, 5. ár (1995), 1 tbl.

EY-068:042 *Staðarvað* heimild um vað 65°45.697.N 18°13.822.V
"Gamall ferjustaður var lítið eitt norðar en brúin er, en þar heitir Ferjuklauf að austan í landi Djúpárbakka. Staðarvað var dálítið norðar, skammt sunnan við Tréstaðalæk, spölkorn norðan við melinn sem brúin er á." Viðtal við Steindór Steindórsson frá Hlöðum 20. desember 1995. Staðarvað hefur verið á sama stað eða örfáum metrum norðar en Ferjustaðurinn 041 - og má vera að Ferjuvað sé annað nafn á Staðarvaði.
Áin er um 70 m breið á þessum stað - a.m.k. upp í lendar á hesti - grýtt í botninn og straumþung.
Heimildir:Möðruvallatíðindi, 5. ár (1995), 1 tbl.

EY-068:043 *Heyhólsvað* heimild um vað
"Neðan og aðeins norðan við Heyhól var Heyhólsvað, og var það sennilega mest notað í mínu ungdæmi." Viðtal við Steindór Steindórsson frá Hlöðum 20. desember 1995. Heyhólsvað hefur verið um miðja vegu milli Staðarvaðs 042 og Kerruvaðs 044 og legið yfir í Skeiðhólma.
Heimildir:Möðruvallatíðindi, 5. ár (1995), 1 tbl.

EY-068:044 *Kerruvað* heimild um vað
"Þá var vað nyrst á Skeiðhólma sem kallað var Kerruvað." Viðtal við Steindór Steindórsson frá Hlöðum 20. desember 1995. Ekki er vitað um nákvæma staðsetningu Kerruvaðs en það hefur af lýsingunni að dæma verið 200-300 m sunnar en vað 045.
Heimildir:Möðruvallatíðindi, 5. ár (1995), 1 tbl.

EY-068:045 heimild um vað 65°46.363.N 18°13.506.V
"Nyrst var vaðið af Sandhólma sunnan við Melshornið í Hlaðalandi, þar sem Ólafur Davíðsson mun hafa farist, en stundum grófst botninn í þessu vaði." Viðtal við Steindór Steindórsson frá Hlöðum 20. desember 1995. Þetta vað hefur verið skammt norðan við norðurodda Skeiðhólma, sunnan við norðurenda Melhornsins sem myndar austurbakkann í Hlaðalandi.
Áin er á þessum stað allbreið en hefur greinilega grafið sig mikið niður við austurbakkann.
Heimildir:Möðruvallatíðindi, 5. ár (1995), 1 tbl.

EY-068:046 gata leið 65°46.027.N 18°14.751.V
"Frá brúnni og Staðarvaði var farið upp norðurbrún melanna (um það bil sem Hörgárdalsvegur liggur nú) og síðan beygt út brúnirnar út á Jaðar, yfir Leyning og gegnum Möðruvallahlað norður á Grundir og yfir brú á Staðaránni, sem þarna nefnist Spónsgerðislækur. Síðan skiptist gatan. Lá önnur leiðin áfram beint upp í Brekkutorfu og var alfaraleið á efri bæjarröðina, en hin niður á neðri göturnar norðan við Spónsgerði og á neðri bæina." segir í viðtali við Steindór Steindórsson frá Hlöðum 20. desember 1995.
Götutroðningar eru framan í svokölluðum Börðum og suður frá Jaðri.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Möðruvallatíðindi, 5. ár (1995), 1 tbl.

EY-068:047 gata leið 65°46.675.N 18°13.879.V
"Frá brúnni og Staðarvaði var líka hægt að fara eftir götum út með ánni norður á Heyhól. ... Götur lágu svo áfram norður frá Heyhólnum á bakkanum yfir á Spónsgerðismela og þaðan yfir á Neskotshóla niður á Möðruvallanes og á brúna á Áslaksstaðakílnum. Þetta var alfaraleið á neðri bæina þar til Eggert Davíðsson eldri lokaði leiðinni á milli Heyhóls og Spónsgerðismela einhverntíma fyrir 1920, líklega til að losna við umferð um engjarnar og var þá farið um Möðruvallahlað." Viðtal við Steindór Steindórsson frá Hlöðum 20. desember 1995. Reiðgötur (2 paldrar) sjást á 100-150 m bili sunnan í Skeiðmel. Af melnum má rekja götuna áfram í stórþýfðum móanum að vestustu tóftinni í Neskoti og liggur gatan yfir gaflinn á henni.
Melurinn er gróinn
Göturnar liggja ANA-VNV og hafa beina stefnu á Neskot þar sem þeim sleppir. Leiðin hefur að öðru leyti legið þar sem núverandi þjóðvegur er en svo þverbeygt til austurs á Skeiðmel og þaðan legið framhjá Neskoti og í gegnum Neskotshóla þar sem nú er rudd bílslóð.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Möðruvallatíðindi, 5. ár (1995), 1 tbl.

EY-068:048 heimild um leið 65°46.137.N 18°14.289.V
"Frá brúnni og Staðarvaði var líka hægt að fara eftir götum út með ánni norður á Heyhól. Frá Heyhólnum lá gata upp að Möðruvöllum og upp á hlað um Leyning." Viðtal við Steindór Steindórsson frá Hlöðum 20. desember 1995. Þessi leið er á sama stað og gamla heimreiðin að Möðruvöllum þvert yfir Akramýri af Heyhól.
Heimildir:Möðruvallatíðindi, 5. ár (1995), 1 tbl.

EY-068:049 náma mógrafir 65°46.750.N 18°13.051.V
Stór mógröf er á suðurbakka skurðar, sem liggur frá rótum Neskotshóla til austurs út á engjarnar. Gröfin er vestan við þar sem 90° horn kemur á skurðinn og hann sveigir til norðurs meðfram s.k. Presthólma sem er austan við.
Umhverfis eru ræktuð tún.
Gröfin er óreglulega hringlaga, um 20-25 m að stærð, full af vatni og eru bakkarnir um 1 m háir ofan við vatnsborð.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar

EY-068:050 garðlag áveita 65°46.679.N 18°12.984.V
Áveitugarður liggur u.þ.b. beint í suður frá skurðhorninu við mógröf 049. Eftir um 150 m klofnar hann og liggur annar garður - bæði lægri og mjórri - til ASA út í Hörgá.
Garðurinn er alls 320 m langur og nær út í Hörgá. Hann er 1 m breiður og 0,4-0,8 m hár, torfhlaðinn
Hættumat: hætta, vegna ábúðar

EY-068:051 garðlag áveita 65°46.567.N 18°13.191.V
Áveitugarður liggur þvert yfir Möðruvallaengjar frá austurhorni Neskotshóla til ASA út í Hörgá. Hann er á milli áveitugarðanna 050 og 052 og heldur nær 052. Þeir eru allir hluti af sama kerfi.
Við vesturendann á þessum garði, við Neskotshóla, er eins og hlaðið sé í kringum dý og gæti þar hafa verið mógröf.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar


EY-068:052 garðlag áveita 65°46.573.N 18°13.459.V
Áveitugarður liggur þvert yfir Möðruvallaengjar frá því á móts við syðstu tóftina í Neskoti til ASA áleiðis út í Hörgá, en ekki þó alla leið og er vegarslóði fyrir austurendann. Þessi garður er hluti af sama kerfi og garðarnir 050 og 051.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar

EY-068:053 heimild um útihús
Inn á túnakort frá 1917 er merktur kálgarður um 40 m norðaustan við norðausturhorn kirkjugarðs. Engin ummerki eru lengur sýnileg á þessu svæði.
Heimildir:Túnakort 1917

EY-068:054 heimild um kálgarð
Inn á túnakort frá 1917 er merktur kálgarður fast suðaustan við suðausturhorn kirkjugarðs. Engin ummerki eru lengur sýnileg á þessu svæði.
Heimildir:Túnakort 1917

EY-068:055 heimild um traðir
Inn á túnakort frá 1917 eru merktar traðir sem liggja frá bæjarhóli og til norðurs út heimatúnið. Ekki sjást lengur ummerki traðanna.
Heimildir:Túnakort 1917

EY-069 Ós



Jarðardýrleiki 40 hdr. 1712, Bændaeign (JÁM X, 124).
Jarðarinnar er getið í sölubréfi 10. júlí 1424, þar sem segir: "Brandur Halldórsson og Ragna Rafnsdóttir, kona hans, selja Einari Margnússyni jörðina Sólheima í Sæmundarhlíð...fyrir jarðirnar Ós og Pálmholt á Galmarströnd...." (DI IV, 315).
1917: 8,1 ha. 14/15 slétt. Sáðreitir 1460 m2.

EY-069:001 *Ós* bæjarhóll bústaður 65°47.879.N 18°12.501.V
Bæjarhóllinn á Ósi er á milli núverandi íbúðarhúss (byggt 1971) og bragga vestar. Gamli bærinn var VSV við frá núverandi íbúðarhús. Bæjarhóllinn er nr. 74 í skráningu Guðmundar Ólafssonar frá 1985.
"Grasi vaxinn ás með brattri brekkubrún í boga að sunnan og austanverðu," segir í skráningu Guðmundar Ólafssonar. Hóllinn er mjög gróinn djúpu grasi, og greinilega grænni en umhverfið.
Engar greinilegar tóftir eru á hólnum nú (2007), en nokkurt þýfi. Ummál hólsins er 30x50 m. Hann er hár og brattur að austan og sunnan en fjarar út til norðurs. Það er því erfitt að áætla hæð hans, en hún er a.m.k. 1,3 m. Austast á hólnum var búið að stinga einar 5 holur, ca. 0,5 m í þvermál og allt að 0,4 m djúpar. Líklega til gróðursetningar. Þegar Guðmundur Ólafsson vann fornleifaskráningu í hreppnum árið 1985 stóð gamli bærinn ennþá og segir hann í lýsingu sinni: "I a Gamli bærinn, enn uppistandandi að miklu leyti. Framhúsin hrundu í jarðskjálftanum 1946 og eru nú að nokkru leyti endurbyggð í steinsteypi eða múrhúð. Ekki eru neinar burstir. Aftast (vestast) í húsaröðinni er baðstofan, um 4x3 m að innanmáli. Hún mun vera reist um 1880-85 að sögn bónda. Þiljuð panel. Veggir eru rauðbrúnir til lit listar blámálaðir og þakið hvítt. 2 gluggar eru á vesturhlið (4 rúður) 1-2 þrep eru úr göngum upp í baðstofuna. Kompa er norður úr baðstofu 1,5x3 m, N-gafl opinn. 2 herb. eru suðuraf baðstofunni, sem eru yngri b) 2,5x2,5 m skráðar í vegg þar voru síðar hafðar kindur. c) Búr ? 3x4 m suðurgafl opinn og torf farið af þaki. Skápur í horni. Veggir rauðmálaðir þakið hvítt. Gluggi á V-hlið.


Bæjarhóll 069:001 á Ósi, horft í austur

Hálfhrunið hús, getur farið alveg hvenær sem er. d) Eldhús, 2,5x4m. Þiljaðir veggir, hvítmálaðir. Kolaeldavél ?-heiðina. S-gafl múrhúðaður, skorsteininn steyptur, sperruþak illa farið, torfið fokið burtu af S-hlutanum. e) Hlóðaeldhús 3x6 m. Klömbruveggir á grjótundirstöðum, þakið sperruþak að hruni komið, opið á pörtum. Hlóðir við norðurgafl miðjan. Síðan hafa kindur verið settar hér inn. f) Göng fremur hluti þeirra þiljaður. Innst 3 m fyrir framan baðstofu eru óþiljaðar. Torf og grjót í 60 cm hæð, strengur, þær ofan á í um 150 cm hæð. Fyrir framan eldhúsið eru göngin í um 3 m hæð. Önnur hús eru yngri og verður þeim ekki frekar lýst hér." Samkvæmt Elínu Sigríði Axelsdóttur og Borghildi Einarsdóttur, heimildamönnum, var syðsti partur gamla bæjarins fjós, en áföst honum voru einnig

hænsnakofi og tvær skemmur (norður- og suðurskemma). Framhús bæjarins var timburhús og stofan öll þiljuð að innan. Undir stofunni var lítill kjallari.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Túnakort 1917; Guðmundur Ólafsson: Fornleifaskrá Arnarneshrepps 1985

EY-069:002 mannabein bænhús 65°47.890.N 18°12.439.V
"Hjer var bænhús (so nefnt), en ekki hafa hjer tíðir veittar verið að nálægra manna minni, " segir Jarðabók Árna og Páls frá 1712. Bænhúsið er nefnt í Byggðum Eyjafjarðar og sagt að þar hafi fundist mannabein í jörðu. Bænhúsið mun, samkvæmt því er menn telja, hafa verið nálægt því sem núverandi íbúðarhús stendur, við suðurenda þess. Það er þá um 50 m austan við bæjarhólinn 001.Bænhúsið er skráð með bæjarhólnum, nr. 74, í skráningu Guðmundar Ólafssonar.
Þarna er nú sléttuð flöt umhverfis núverandi íbúðarhús, en við suðurenda er sólpallur.
"Þegar nýja húsið var byggt komu beinagrindur í ljós við suðurvegg þess. Jón [Magnússon] færði húsið þá til um 4-5 m svo að það lenti ekki ofan á beinunum. Þau eru rétt við suðurvegginn á um 1 m dýpi. Einnig voru beinagrindur við SA hornið (Bein eru merkt x á korti). Einar bóndi gróf súrheysturn SV af gamla bænum og kom þar ofan á beinagrindur. III Milli gamla og nýja bæjarins eru flatir steinar rétt undir yfirborði. Þar hefur hugsanlega verið kirkja eða bænhús," segir í skráningu Guðmundar Ólafssonar.
Elínu Sigríði Axelsdóttur mundi eftir atvikinu. Hún minntist þess að móður hennar (sem bjó á Áslaksstöðum) hefði blöskrað upprunaleg staðsetning núverandi íbúðarhúss, og hafði þá haft á orði að það yrði reist beint ofan á bænhúsið og grafreitinn. Þegar menn síðan komu niður á bein við framkvæmdirnar var ákveðið að flytja grunnin nokkuð norðar. Nýlega hefur hins vegar verið reistur mikill sólpallur sunnan við íbúðarhúsið, með steyptum, niðurgröfnum undirstöðum. Við skráninguna fannst beinflís við eina af undirstöðunum. Engar minjar eru sjáanlegar.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:JÁM X: 124; Byggðir Eyjafjarðar 1990 l, 376; Guðmundur Ólafsson: Fornleifaskrá Arnarneshrepps 1985

EY-069:003 heimild um skemmu 65°47.893.N 18°12.447.V
Inn á túnakorti frá 1917 er merkt útihús NA við bæ 001. Þar var geymsluskúr samkvæmt Elínu Sigríði Axelsdóttur, heimildamanni..
Nú er þar sléttuð flöt umhverfis núverandi íbúðarhús.
Ekki sést til fornleifa.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Túnakort 1917

EY-069:004 heimild um smiðju 65°47.899.N 18°12.430.V
Inn á túnakort frá 1917 er merkt tvískipt útihús um 40 m NA af bæjarhúsinu 001. Þar var smiðja og skemma/reykhús. Húsin voru þar sem íbúðarhús á Ósi stendur nú (2007).
Þar sem húsið stóð er nú sléttuð flöt umhverfis íbúðarhús.
Ekki sést til fornleifar.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Túnakort 1917

EY-069:005 þúst fjárhús 65°47.982.N 18°12.446.V
Um 180 m norður af bæ 001 og 30 m austan við túngarð 040 er þúst í sléttuðu túni, en þar er útihús á túnakorti 1917. Samkvæmt Elínu Sigríði Axelsdóttur, heimildamanni, voru þar fjárhús.
Umhverfis er sléttað tún.
Ekki er um greinilega tóft að ræða heldur þúst eða hrygg. Hún hefur snúið norður-suður og greinir sig frá umhverfinu vegna litar og þúfnamyndunar. Utanmál er um 25x10 m.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Túnakort 1917

EY-069:006 tóft hesthús 65°47.968.N 18°12.512.V
Á túnakorti frá 1917 er merkt tvískipt útihús, fast innan við túngarðinn 040 en um 160 m norður af bæ

001. Þar var hesthús og rétt.
Þar sem hesthúsin og réttin stóðu er nú sléttað tún innan túngarðsins, en greinilega má þó sjá hvar húsin hafa staðið.
Fast við túngarðinn eru tvær dældir þar sem húsin voru. Sú syðri er 6x2,5 m stór og sú nyrðri 7x3 m. Um 1 m bil er á milli þeirra.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Túnakort 1917

EY-069:007 þúst hlaða 65°47.957.N 18°12.330.V
Um 195 NNA af bæjarhól 001, þar sem sléttuðu túni fer að halla til norðurs, eru tvær þústir.
Þústirnar eru mjög greinilegar í sléttuðu túninu, fagurgrænar og bungumyndaðar.
Samkvæmt Elínu Sigríði Axelsdóttur, heimildamanni, var hlaða á þessum stað, en hafði áður verið fjárhús. Þústirnar eru tvær og eru um 7 m á milli þeirra. Sú syðri er um 12x9 m að utanmáli og en sú nyrðri um 8x4 m, en báðar snúa norður-suður.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Túnakort 1917

EY-069:008 þúst lambhús 65°47.934.N 18°12.394.V
Inn á túnakort frá 1917 er merkt útihús um 130 m norður af bænum 001. Þúst sést enn á þessum stað, um 130 m NA af bæ 001 í sléttuðu túni. Þar var lambhús samkvæmt Elínu Sigríði Axelsdóttur, heimildamanni.
Þústin er mjög greinileg í sléttuðu túninu.
Þústin er um 7x4 m að stærð og snýr norður-suður.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Túnakort 1917

EY-069:009 heimild um sjóbúð 65°48.358.N 18°11.290.V
"Norðan [Krókeyrar] eru Naustin, öðru nafni Ósnaust. Þar var sjóbúð fram yfir aldamótin 1900," segir í örnefnaskrá. Krókeyrin er langt sandrif sem myndast hefur norðan við Hörgárósinn. Vegslóði liggur austur af Hjalteyrarvegi að sjó og til suðurs að Krókeyrinni meðfram sjávarbakkanum. Ekki er lengur vitað hvar sjóbúðin stóð en hugsanlega hefur hún verið í námunda við naust 026 sem enn stendur undir þaki á sjávarbakkanum.
Austan vegslóðans er gróinn sjávarbakki og grýtt fjara, en vestan hans er þýft holt sem hækkar til vesturs.
Ekki sést til fornleifar. Sjá naust 026.
Hættumat: hætta, vegna sjávarrofs
Heimildir:Örnefni, Jóhannes Óli Sæmundsson

EY-069:010 garðlag túngarður 65°47.910.N 18°11.850.V
Austan við heimatúnið á Ósi, um 200 m austur af bæ 001, er nú stórt sléttað tún. Austan og vestan við þetta tún eru leifar graðlags sem legið hefur í suðvestur-norðaustur.
Meginhluti garðlagsins er nú horfinn í sléttað tún, en utan túnsins eru grónir móar þar sem enn mótar fyrir því.
Sá hluti garðlagsins sem eftir stendur er um 280 m á lengd, eða um 240 m austan við sléttaða túnið og um 40 m vestan við það. Auk þess má af loftmynd greina um 30 m óljósan stubb austast í sjálfu túninu.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar


EY-069:011 *Hallfríðarstaðabyrgi* hleðsla smalakofi 65°48.450.N 18°12.042.V
"Útvestur af Sjávarásnum og norðan við Kjóasund er breitt holt og stórsteinótt, nafnlaust, en þarna var alltaf talað um Hallfríðarstaðabyrgi, rétt eins og þar væri einhver kofi, en slíks sjást engin merki," segir í örnefnaskrá. "Vitað er, að krakkar á Ósi áttu þarna skjól, þegar þeir sátu yfir ánum um fráfærur", segir í viðbótum Elínar Sigríðar Axelsdóttur við örnefnaskrá. Hún kannast hins vegar ekki við að staðurinn sé nefndur Hallfríðarstaðabyrgi, heldur aðeins Hallfríðarbyrgi. Nyrst í Óslandi liggur slóði til austurs að sjónum frá Hjalteyrarvegi. Á holtinu norðan við slóðann, um 1,1 km norður af bæ 001, eru

tveir stórir steinar, mjög áberandi og sjást langt að. Þar heitir Hallfríðar(staða)byrgi. Staðurinn er nr. 74 í skráningu Guðmundar Ólafssonar.
Steinarnir eru hæst á holtinu. Þar vex öðruvísi gróður, grænna og ekki eins þýft umhverfis þá en í holtinu í kring.
"Hallfríðarstaðabyrgi nefnast stórir steinar í hól um 100 m austur af Huldusteini, þar er sagt að kona ein Hallfríður hafi orðið úti," segir í skráningu Guðmundar Ólafssonar. Steinarnir tveir sem eru stærstir og mest áberandi standa hver upp við annan, ekki ólíkir húsum í laginu, og er mjótt sund eða gjá á milli þeirra. Talsvert er svo af stóru grjóti í kring. Sunnan við steinana er dálítil hringlaga hvilft og í henni miðri er smærri steinum (um 30x20 m) raðað í hálfhring um 1,5 m. Þessi hleðsla er einföld, talsvert gróin niður og mosavaxin. Hugsanlega er meira grjót undir sverðinum. Eins og kemur fram í viðbótum Elínar Sigríðar Axelsdóttur við örnefnaskrá áttu börn þarna skjól er þau sátu yfir ánum. Örnefnið byrgi bendir einnig oft til smalabyrgja og er því líklegt að þarna hafi verið slíkt mannvirki.


Hallfríðarstaðabyrgi 069:011, horft í austur

Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Örnefni, Jóhannes Óli Sæmundsson; Ö-Ós Viðbætur, 2; Guðmundur Ólafsson: Fornleifaskrá Arnarneshrepps 1985

EY-069:012 *Gamlistekkur* tóft stekkur 65°48.168.N 18°12.278.V
"Útvestur af Sjávarásnum og norðan við Kjóasund er breitt holt og stórsteinótt, nafnlaust, ... Sunnan í þessu holti er Gamlistekkur..." segir í örnefnaskrá. Hjalteyrarvegur sveigir til norðurs við Ós og liggur þaðan í átt að Hjalteyri. Þar sem vegurinn sveigir eru mýrarsund beggja vegna og heitir Breiðasund vestan vegarins en Kjóasund austan hans. Austan vegarins, þar sem hann sveigir, er nú mjög þýft hrossabeitarland, en fast norðan við það taka við þýfð holt og mýrarsund á milli. Syðst á þessum holtum, fast norðan við hrossahagann og um 80 m austan vegarins, er tóft á litlum hól. Tóftin er um 560 m norður af bæ 001.



Hóllinn eða hryggurinn sem tóftin er á er grasi gróinn og sléttur.
Tóftin er mjög greinileg og sést frá veginum, enda sker hún sig úr umhverfinu vegna gróðurfars. Hins vegar er hún nær alveg útflött og erfitt að greina uppbyggingu hennar. Hún er um 10x10 m að stærð, en mjókkar til suðurs. Hún virðist þrískipt, en þó er aðeins eitt hólf, í NV-horni, vel greinilegt. Það er 3x2 m að innanmáli. Veggjahæð um 0,2 m og þykkt allt að 2 m. Hin hólfin tvö virðast svo vera sunnan og austan við þetta hólf, en eru sem fyrr sagði afar ógreinileg. Engin op eru merkjanleg og ekkert grjót í hleðslum. Sigríður Axelsdóttir segir í Viðbótum við örnefnaskrá að líklega hafi verið fært frá eitthvað fram yfir aldamótin 1900 þar sem móðir hennar (f. 1897) hafði setið hjá.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Örnefni, Jóhannes Óli Sæmundsson; Ö-Ós Viðbætur, 1

EY-069:013 náma mógrafir 65°47.996.N 18°12.575.V
Samkvæmt Borghildi Einarsdóttur heimildamanni voru áður mógrafir þar sem Hjalteyrarvegur sveigir til norðurs við Ós. Grafirnar voru í sundinu fast vestan vegarins, um 300 m NNV af bæjarhól 001.
Nú er þarna gróið mýrarsund vestan vegarins.
Grafirnar eru um 34 m á kannt og vel greinilegar. Þær eru enn djúpar.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Ey-069:014 *Litli-Ós* bæjarhóll býli 65°47.952.N 18°12.431.V

Litli Ós er merktur inn á túnakort frá 1917. Bærinn var um 150 m norðan við bæjarhól 001 í sléttuðu túni. Þar sést enn sléttuð tóft.
Umhverfis er nú sléttað tún en þótt tóftirnar hafi verið sléttaðar út sér greinilega móta fyrir þeim.
Ummál bæjarhólsins er um 15x20 m og hæð um 0,6 m. Ekki er unnt að greina lag húsanna. Þó hafa útihús e.t.v. verið áföst bænum því fagurgrænir hryggir og dældir liggja útfrá hólnum. Litla Óss er ekki getið í Jarðatali Johnsens frá 1847 og er því líklegt að hann hafi byggst upp á milli 1847 og 1917.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Túnakort 1917


Litli-Ós 069:014, horft í austur

EY-069:015 örnefni refagildra 65°47.928.N 18°12.951.V

"Á nafnlausum ási sunnar og ofar [en Breiðasund] eru Gildrusteinar. Þeir eru á merkjum Óss og Ásláksstaða," segir í örnefnaskrá. Hjalteyrarvegur liggur til austurs frá Ólafsfjarðarvegi (þjóðvegi) norðan við bæinn Hof. Hann liggur framhjá Áslákssstöðum en sveigir svo til norðurs við Ós. Á merkjum Óss og Ásláksstaða liggur vegurinn yfir ás, en austan við ásinn (og norðan við veginn) er sund sem nefnist Breiðasund.
Ásnum hefur talsvert verið raskað við vegagerð.
Steinar þessir munu hafa verið á ásnum og hafa líklega verið fjarlægðir við vegagerðina. Ekki kannast heimildamenn, Elín Sigríður Axelsdóttir og Borghildur Einarsdóttir, við að þar hafi verið refagildra. Nokkrir stórir steinar eru við landamerkjagirðinguna norðan vegarins.
Hættumat: hætta, vegna vegagerðar
Heimildir:Örnefni, Jóhannes Óli Sæmundsson

EY-069:016 *Gvendarbrunnur* heimild um vatnsból 65°47.746.N 18°12.692.V

"Sunnan og neðan við Óstúnið er drykkjarvatnslind, sem talið er að Guðmundur biskup góð hafi vígt. ... Gvendarbrunnur hefur nú verið eyðilagður," segir í örnefnaskrá. "Grafinn var skurður, og kemur lindin upp í skurðinum, hefur færzt til," segir í viðbótum Elínar Sigríðar Axelsdóttur við örnefnaskrá.
Sunnan við bæjarhólinn 001 eru sléttuð tún, þrjú stykki sem aðgreind eru með skurðum sem liggja norður-suður. Lindin var fast vestan við vestasta skurðinn, en er nú horfin í hann. Lindin var um 260 m sunnan við bæjarhól 001.
Í túni
Ekkert sést móta fyrir lindinni.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Örnefni, Jóhannes Óli Sæmundsson; Ö-Ós Viðbætur, 2

EY-069:017 *Leirgerði* örnefni bústaður


"Líkur benda til, að annað býli [en Litliós 014] hafi verið suður við Hörgá, því þar heitir Leirgerði," segir í örnefnaskrá. "Leirgerði er drag með leirbotni (mýrarleir), líkt og Leirdalur á Áslákssstöðum. Urriðapollur var áður stærri en nú, og upp frá honum er þetta leirdrag. Sigríður telur ekki, að þar hafi verið býli, þar sjást engar rústir," segir í viðbótum Sigríðar Axelsdóttur við örnefnaskrá.
Ekki fundust neinar rústir á þessu svæði aðrar en tóft 045 vestast í Árholtinu og má vera að hér sé átt við hana.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Örnefni, Jóhannes Óli Sæmundsson; Ö-Ós Viðbætur, 3.

EY-069:018 *Hörgárvöð* heimild um vað 65°47.841.N 18°11.715.V

Við Hörgárósa kvíslast áin á milli grösugra hólma sem eru nokkrir á ánni í landi Óss. Þeir stærstu eru nefndir Austari og Vestari hólmi og beittu menn þar fé áðurfyrr, en í Austari hólma er heytóft 046.

Vað var á Hörgá á þessum slóðum, um 600 m austur af bæ 001.
Á milli hólmanna eru víða eyrar og flæður þar sem komast má yfir ána.
"...kvöddu hann við Hörgárvöð...", segir í Fátæku fólki eftir Tryggva Emilsson. Hvort hér er átt við vöð í landi Óss er ekki víst en hann gæti þó átt við þau vöð í landi Óss sem nefnd eru Ytra- og Syðra-Vað. Samkvæmt Elínu Sigríði Axelsdóttur, heimildamanni voru vöð á ánni innan við ósinn þar sem hún tvístrast á milli hólmanna. Áin var mjög breytileg og var því misjafnt hvar farið var yfir hana, en þó yfirleitt á eyrunum sunnan eða norðan við minnstu hólmana þrjá sem næstir eru bakkanum. Var þess vegna talað um Ytra- og Syðra vað. Ef farið var á Ytra vaði var ýmist farið af bakkanum beint yfir í Vestari hólma eða af bakkanum og til suðurs yfir í litlu hólmana og úr þeim yfir í Austari hólma. Á Syðra vaði var hins vegar farið beint af bakkanum yfir í Austari hólma. Á milli Austari og Vestari hólma var svo einnig hægt að komast á vöðum. Vöðin voru farin er hólmarnir voru nytjaðir. Ekki sjást slóðar að vaðinu og virðist áin þar nokkuð erfið yfirferðar.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Tryggvi Emilsson, Fátækt fólk, 32

Ey-069:019 tóft beitarhús 65°48.421.N 18°11.317.V




Norðarlega í landi Óss liggur vegarslóði austur að sjó frá Hjalteyrarvegi. Þar sem slóðinn sveigir til suðurs við sjávarbakkann er beitarhúsatóft. Hún er fast norðan við slóðann. Í fornleifaskrá Guðmundar Ólafssonar um Arnarneshrepp frá 1985 er nefnd tóft (nr 65) af fjárhúsum, um 3-400 m norður af mynni Hörgár og er það að líkindum sama tóft. Tóftin er um 1,4 km norðaustur af bæ 001.
Holtið sem slóðinn liggur um lækkar aflíðandi til austurs að sjónum, en næst sjónum er dálítil grasi gróin flöt og er tóftin á henni.
Tóftin snýr austur-vestur og er um 18x7 m að stærð. Op er á austurgafli. Tóftin er niðurgrafin og grjóthlaðin að innan og virðist dýpka er innar dregur. Hæð veggja að innanverðu er mest um 0,5 m í vesturgafli, og umför allt að þrjú. Veggir eru mjög signir út að utanverðu. Þykkt þeirra er mest um 2 m. Innanmál tóftarinnar er um 16,5x4,5 m og er hugsanlegt að hún sé tvískipt, þótt það sé alls ekki greinilegt. Torf- og grjóthlaðinn garði liggur úr austurenda eftir miðri tóftinni en endar rétt innan við miðja tóft og má því vera að aðgreint hólf, hlaða eða heytóft, hafi verið þar vestan við. Þar er tóftin einnig dýpri. Garðinn er um 0,8 m breiður og 0,1-0,2 m á hæð. Guðmundur nefnir tóftarbrot suður af miðri tóft. Það er nú afar ógreinilegt, alveg útflatt, en má þó sjá móta fyrir því. Það hefur líklega eyðilagst við vegagerðina. Elín Sigríður Axelsdóttir minnist þess að faðir hennar hafi getið um beitarhús á þessum slóðum og telur hún að þetta séu þau.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Guðmundur Ólafsson: Fornleifaskrá Arnarneshrepps 1985


EY-069:020 dys legstaður
"17 m NA af vegaslóða, 44 m NA af stórum steini í mýrinni," segir í skráningu Guðmundar Ólafssonar nr 71. Samkvæmt korti sem fylgir skráningu Guðmundar er dys þar sem vegslóði liggur austur að sjó frá Hjalteyrarvegi, norðarlega í landi Óss, skammt norður af býli 023.
"Mýrarfláki og þýfður mói mætast þarna," segir í skráningu Guðmundar Ólafssonar.
Staðurinn fannst ekki við leit, og er hugsanlegt að þetta sé nú alveg horfið undir veg. Í skráningu Guðmundar Ólafssonar frá 1985 segir um staðinn: "Um 30 cm djúp laut, 1,2x1,5 m í þverm, full af 20-30 cm stórum steinum. Veturinn 1984 var lagður nýr vegur yfir flóann og fór þá yfir steinhrúguna að hluta. Það sem eftir er stendur út undan norðurhlið vegarslóðans, sem er hlaðinn upp um 80 cm. Bóndinn í Ósi sagði að þessi grjóthrúga hefði verið um 4-5 m löng og eins og skip í laginu með stefni í öðrum enda og flatt í hinn. Stefnan er sem næst N-S. Stefnið ætti þá að hafa snúið til S, eftir því að dæma sem sést á yfirborði - Bóndinn sagði að þarna nálægt ættu að vera 2 steindysir aðrar. Við

fundum eina (NR 73) [sjá fornleif 022], en sú þriðja fannst ekki en á að hafa verið minnst aðeins um 1 m í þvermál," segir í skráningu Guðmundar Ólafssonar.
Hættumat: hætta, vegna vegagerðar
Heimildir: Guðmundur Ólafsson: Fornleifaskrá Arnarneshrepps 1985


EY-069:021 tóftir óþekkt 65°48.384.N 18°11.822.V

Norðarlega í landi Óss liggur vegslóði austur að sjó frá Hjalteyrarvegi. Vestast liggur slóðinn yfir þýft holt og er Hallfríðar(staða)byrgi 011 efst á því holti norðan vegarins. Austan við Hallfríðar(staða)byrgi tekur holtið að lækka og loks tekur við sund gróið djúpu grasi og stöku þúfur. Í þessu sundi, sunnan við slóðann, er stór steinn. Hann stendur stakur og áberandi í grasinu þótt hann sé ekki mjög hár. Vestasta tóftin af þremur er fast við þennan stein. "Tvær tóftir nr. 72", segir í skráningu Guðmundar Ólafssonar. Tóftirnar eru hins vegar þrjár, um 1,1 km noðnorðaustur af bæ 001.


069:021A


069:021B

Umhverfis tóftirnar er gróið sund og stöku þúfur en þýfð holt austan og vestan við sundið.
Þrjár tóftir eru á þessu svæði sem er samtals um 40x10 m stórt og snýr austur-vestur. Hér verður hverri tóft gefinn bókstafur til aðgreiningar og hefst lýsingin vestast á svæðinu. Tóft A er 3 m SA af steininum sem áður er nefndur. Hún er einföld, um 5x6,5 m að utanmáli og snýr norður-suður. Tóftin er gróin og hlaupin í þúfur. Hún er opin bæði til norðurs og suðurs, en er líklega um rof að ræða á suðurhlið. Hleðslur eru úr torfi og um 0,5 m á hæð. Um 25 m SA af tóft a er önnur tóft, B. Hún er um 6x3 m að utanmáli og snýr norður-suður. Tóftin er mjög gróin og hlaupin í þúfur. Hún er tvískipt. Nyrðra hólfið er um 2x1 m að innanmáli og er op á norðurhlið. Syðra opið er um 3x1 m að innanmáli og eru op á suður- og austurhlið. Svo virðist sem hugsanlega sé framhald á tóftinni til suðurs en það er mjög ógreinilegt. Hleðslur eru úr torfi, um 0,5 m á hæð. Um 16 m austan við tóft B er þriðja tóftin C. Hún er um 7x3,5 m að utanmáli og snýr norður-suður. Tóftin er gróin og hlaupin í þúfur. Hún er hálffull af hruni um miðbikið, en virðist þó tvískipt. Hún er opin til suðurs en op virðist vera á miðri austurhlið. Hleðslur eru úr torfi og hleðsluhæð 0,5 m. Hlutverk tóftanna er óþekkt en frá þeim sést vel í tóftir býlis 023 sem eru um 220 m til suðvesturs.


069:021C


Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Guðmundur Ólafsson: Fornleifaskrá Arnarneshrepps 1985

EY-069:022 gryfja óþekkt 65°48.349.N 18°12.099.V

Norðarlega í Óslandi liggur vegarslóði austur að sjó frá Hjalteyrarvegi. Slóðinn liggur um þýft holt. Sunnan slóðans lækkar holtið nokkuð uns það endar og við tekur mýrarsund. Þar á skilunum er pyttur eða hola hálffull af grjóti. Guðmundur Ólafsson skráði holuna og er hún nr. 73 í skrá hans.
"Í mýrarfláka, sem nú er gróinn þar heitir Kjóasund," segir í skráningu Guðmundar Ólafssonar.
Holan er um hálfur metri á dýpt og um 1m í þvermál, en fremur óregluleg að lögun. Holan er hálffull af grjóti, miðlungsstóru. Í skráningu Guðmundar Ólafssonar segir ennfremur; "Steinarnir eru líklega móberg, sem molnað hefur niður í 2-5 cm stóra steina, sumir hverjir. Flestir eru þó um 20-40 cm stórir. Enginn jarðvegur er á milli steinana og um 40 cm neðar glyttir í vatn. Umhverfis steinana er hlaðinn um 20-40 cm hár garður, um 7-8 m í ummál. S_hliðin er óljós og óvíst hvort það stafar af uppblæstri eða að þar hafi verið hlið eða inngangur. Um 50 cm hár bakki er umhverfis steinana á 3 hliðar, vestur, suður, og austurhlið. Aflíðandi halli er niður að steinunum að norðanverðu. Ég [GÓ] tel sennilegast að þetta sé gamalt vatnsból sem þornað hafi upp við framræslu mýranna." Ekki sést til þessara mannvirkja nú.

Hættumat: engin hætta
Heimildir: Guðmundur Ólafsson: Fornleifaskrá Arnarneshrepps 1985


EY-069:023 tóftir+garðlag býli 65°48.303.N 18°12.018.V



Norðarlega í landi Óss liggur vegarslóði austur að sjó frá Hjalteyrarvegi. Af slóðanum sést til Hallfríðar(staða)byrgis 011 á holtinu til norðurs. Það eru tveir áberandi steinar, ekki ósvipaðir húsum í laginu. Ef gengið er eftir slóðanum og numið staðar þegar steinar þessir eru svo til beint í norður og þá sveigt út af slóðanum til suðurs og gengið yfir holtið sjást tóftirnar. Þær eru um 880 m norður af bæ 001. Í fornleifaskrá Guðmundar Ólafssonar úr Arnarneshreppi frá 1985 eru nefndar tóftir (nr. 33) af eyðibýli nærri dys nr 020 og eru það líklega umræddar tóftir.
Tóftirnar eru syðst í holtinu, þar sem við tekur mýrarsund gróið djúpu grasi til suðurs og austurs. Þær sjást vel, skera sig úr umhverfinu bæði vegna litar og þúfnamyndunar og standa auk þess hærra en umhverfið.
Á svæðinu er sporöskjulaga túngarður sem markar af svæði sem er 85 X 75 m stórt og snýr norður-suður. Innan hans eru tvær mjög greinilegar þústir eða hólar a og b og ein greinileg tóft c suðvestast, við túngarðinn. Op er á túngarðinum til norðurs og liggja götur 041]þar í gegn, mjög greinilegar. Suðaustast er svo op eða rof á garðinum, um 20 m breitt, en vestan við það er tóft c, byggð utan í garðinn. Garðurinn er allt að 1 m á breidd og 0,8 á hæð. Hann virðist að mestu úr torfi en þó er eitthvað grjót í honum. Nyrðri þústin, a, er um 17x16 m að utanmáli, og er á greinilegum hól úr uppsöfnuðum mannvistarleifum. Hann er allt að 1 m hár og gæti vel verið bæjarhóll. Veggir eru alveg signir en sér þó móta fyrir hvilftum þar sem hólfin hafa verið. Þau eru a.m.k. fjögur. Inngangur virðist hafa verið á miðri suðurhlið, en einnig á austurhlið nyrsta rýmisins. Sunnan við inngang á suðurhlið hallar nokkuð niður til suðurs og er þar grjótdreif eins og hrunin frá tóftinni. Að öðru leyti er ekkert grjót að sjá. Um 25 m sunnan við tóft a er önnur þúst eða hóll, b, mun ógreinilegri. Hún er um 15,5x12,5 m að utanmáli. Tóftin er alveg sigin. Ógreinilega mótar fyrir hólfum og ljóst að hún hefur skipst í nokkur hólf. Op eru ekki greinanleg. Þessi þúst eða tóft er einnig á hól, um 0,5 m háum. Um 8 m sunnan við þúst b er tóft c upp við túngarð d. Hún er mjög greinileg, um 12,5x6,5 m að utanmáli og snýr austur-vestur. Tóftin er tvískipt og myndar túngarðurinn suðurvegg hennar. Eystra hólfið er stærra eða um 7x5 m að innanmáli. Op er á austurgafli þess. Vestra hólfið er 2,5x4,5 m og er op nyrst á vesturgafli þess. Ekki virðist vera innangengt á milli hólfanna. Hæð veggja er mest 0,6 m að innan, en norðurveggur er niðurgrafinn í slakkann. Ekkert grjót er sýnilegt. Útlit tóftanna bendir helst til þess að þetta sé býli, og þá líklega hjáleiga frá Ósi sem ekki er getið í heimildum.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Guðmundur Ólafsson: Fornleifaskrá Arnarneshrepps 1985


EY-069:024 tóft óþekkt 65°47.813.N 18°12.305.V
Tóftin er um 200 m ASA af bæjarhól 001, um 10 m austan við austasta túnskikann sunnan við bæ. Hún er um 20 m ASA af norðausturhorni túnsins." Guðmundur Ólafsson skráði tóftina og er hún nr.

34 í skrá hans.
Umhverfis er mjög þýft og mikil órækt.
Mjög erfitt var að átta sig á lögun tóftarinnar vegna gróðurs. Utanmál tóftarinnar er um 11x7 m, og snýr hún norður-suður. Hæð veggja er mest 0,5 m, og ekkert grjót í þeim. Mjög gróið var og þýft innan tóftarinnar en þó virtist hún aðeins vera eitt hólf. Ekkert greinilegt op er á tóftinni. Í norðvesturhorni eru hleðslur hrundar út og er þar hugsanlega op. Einnig er rof á miðjum austurvegg og gæti það líka verið op.Hlutverk tóftarinnar er óþekkt.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Guðmundur Ólafsson: Fornleifaskrá Arnarneshrepps 1985



EY-069:025 heimild um kartöflugarður 65°47.883.N 18°12.417.V
Guðmundur Ólafsson skráði leifar gamals kálgarðs um 100 m suðaustur af nýja húsinu. Kálgarðurinn er nr. 35 í skráningu hans frá 1985. Engar leifar kálgarðsins sjást nú (2007).
"Litlar þúfur í kring," segir í skráningu Guðmundar Ólafssonar.
"Þetta er ferkantað, 13x10 m að ummáli. Veggir eru um 1 m breiðir og 0,4-0,5 m háir," segir í skráningu Guðmundar Ólafssonar. Ekki sést lengur til kálgarðsins en samkvæmt heimildarmanni var þarna matjurtagarður, m.a. rabbarbari, kartöflur, kál og rófur.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Guðmundur Ólafsson: Fornleifaskrá Arnarneshrepps 1985

EY-069:026 *Ósnaust* tóftir naust 65°48.367.N 18°11.279.V
"Norðan [Krókeyrar] eru Naustin, öðru nafni Ósnaust," segir í örnefnaskrá. "Norðan við Krókeyri við Hörgá á Ós land að sjó og þar voru Ósnaust, en ekki sjást þar merki uppsáturs," segir í Byggðum Eyjafjarðar. Norðarlega í landi Óss liggur vegarslóði austur að sjó frá Hjalteyrarvegi. Við sjóinn sveigir slóðinn til suðurs meðfram fjörunni. Fast austan við slóðann er gamalt bátanaust, enn uppistandandi, um 1,3 km norðaustur af bæ 001. Guðmundur Ólafsson skráði naustið 1985 og er það nr. 66 í skráningu hans en þar segir: "Við sjóinn um 150 m norðan við sandrif við mynni Hörgár,".
"Grasi gróinn sjávarbakki," segir í skráningu Guðmundar Ólafssonar.
Á svæði sem er um 30x12 m og snýr norður-suður meðfram sjávarmálinu er naust og önnur manvirki. Hér verður byrjað nyrst á svæðinu en þar er naust, enn uppistandandi og undir þaki (sjá ljósmynd á forsíðu). Það er um 4x7 m að innanmáli og veggir allt að 1,3 m háir. Naustið er grafið inn í brekku eða bakka að vestanverðu og að hluta að norðanverðu, og hækkar gólfið því aflíðandi eftir því sem innar (austar) dregur í húsinu. Hleðslur eru úr grjóti að innan og utan en torf á milli. Húsið er alveg opið til austurs. Framan við naustið (austan við það) ganga tvær hleðslur út í sjóinn, um 6 m langar og um 6 m á milli þeirra. Þær eru úr stóru fjörugrjóti og er sú syðri heillegri. Það flæðir yfir þær báðar. Í brekkunni um 3 m sunnan við naustið er steypt hella, sem á er letrað ártalið 1965 og stafirnir BB, JF og AV. Samkvæmt Guðmundi Ólafssyni voru það fuglaskoðarar sem þarna dvöldust sem steyptu þetta. Í skráningu Guðmundar Ólafssonar er einnig getið um grunn timburhúss við þessa hellu, en hann er nú horfinn. Austan við þessa hellu tekur við sléttað plan, niðurgrafið í brekkuna eða




bakkann að vestanverðu um 0,2-0,4 m. Planið er um 12x8 m að stærð, grasi gróið en talsvert af grjóti er þar þjappað niður í svörðinn. Plan þetta nær alveg fram á fjörubarminn, þar sem við tekur grjótfjara og virðist sem sjórinn gangi þar nokkuð á landið. Tvö samsíða niðurgrafin hólf eru í planinu alveg við sjávarbarminn. Hið syðra er um 2x2 m að innanmáli, en hið nyrðra 4x2 m, en veggjahæð er um 0,3 m. Eitthvað er af grjóti í eða við hólfin, en engar hleðslur. Í skráningu Guðmundar Ólafssonar er einnig getið um rúst sunnan við þessi hólf, hugsanlega undirstöðu hjalls, en hún fannst ekki við skráningu 2007.

Hættumat: hætta, vegna sjávarrofs

Heimildir:Örnefni, Jóhannes Óli Sæmundsson; Byggður Eyjafjarðar 1990 I, 376; Guðmundur Ólafsson: Fornleifaskrá Arnarneshrepps 1985

EY-069:027 tóft óþekkt 65°48.373.N 18°11.319.V



Norðarlega í landi Óss liggur vegarslóði austur að sjó frá Hjalteyrarvegi. Við sjóinn sveigir slóðinn til suðurs. Tóft er fast vestan vegslóðans, í þýfðu holti sem hækkar til vesturs, á móts við naust 026 (um 15 m frá) sem enn stendur við sjávarbakkann. Um 1,3 km norðaustur af bæ 001.Guðmundur Ólafsson skráði tóftina (nr. 67) 1985 og segir hana fjárhús. Hún er þó heldur langt frá bæ til þess, en gæti fremur verið beitarhús þótt það verði ekki fullyrt. Eins gæti mannvirkið tengst Ósnaustum sem eru fast austan vegslóðans.


Þar sem slóðinn liggur suður með sjónum er grasi gróin flöt, en vestan slóðans tekur við þýft holt sem hækkar til vesturs.

Tóftin er mjög ógreinileg, hlaupin í púfur og sigin út. Hún virðist vera þrískipt og snýr austur-vestur. Nyrst er um 6x1,5 m stórt hólf með op á austurgafli, en norðurveggur er einnig rofinn á einum stað. Sunnan við þetta hólf eru tvö hólf og er innangengt á milli þeirra. Hið eystra er um 4x1,5 m að innanmáli, snýr austur-vestur, og er op á austurvegg þess. Vestara hólfið er um 5x1,5 m að innanmáli, snýr austur-
vestur, og er op á vesturgafli þess. Ekkert grjót er í veggjum en hæð um 0,7 m og þykkt um 0,8 m.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Guðmundur Ólafsson: Fornleifaskrá Arnarneshrepps 1985

EY-069:028 tóft óþekkt 56°48.374.N 18°11.294.V



Norðarlega í landi Óss liggur vegarslóði austur að sjó frá Hjalteyrarvegi. Við sjóinn sveigir slóðinn til suðurs. Þar vast vestan við slóðann er tóft, sem að hálfu hefur lent undir slóðanum. Austan slóðans, á móts við tóftina, er naust 026 enn undir þaki. Um 1,3 km norðaustur af bæ 001. Guðmundur Ólafsson skráði tóftina árið 1985 og er hún nr. 68 í skrá hans.

Þar sem slóðinn liggur suður með sjónum er grasi gróin flöt, en vestan slóðans tekur við þýft holt sem hækkar til vesturs.

Það sem eftir er af tóftinni er um 4x5 m að utanmáli. Op hefur líklega verið á austurgafli, að sjó. Lítið aðskilið hólf er við utanvert suðvesturhorn. Grjót er ekkert í tóftinni en hæð veggja um 0,5 m og þykkt um 1,5 m. Fast austan slóðans eru þrír stórir steinar og er hugsanlegt að þeir hafi tengst tóftinni. Ekki er vitað hvaða tilgangi tóftin þjónaði, en hún gæti tengst Ósnaustum 026 sem eru við fjöruna austan vegslóðans.

Hættumat: stórhætta, vegna vegagerðar

Heimildir: Guðmundur Ólafsson: Fornleifaskrá Arnarneshrepps 1985

EY-069:029 tóft naust 65°48.324.N 18°11.333.V

Vegslóðinn sem liggur frá Hjalteyrarvegi austur að sjó endar við Krókeyrina, sem er mjótt sandrif sem myndast hefur norðan við Hörgárósinn. Norðan við sandrifið og fast vestan slóðans er dálítill hóll sem sker sig úr umhverfinu. Þar er tóftarbrot. Guðmundur Ólafsson skráði brotið árið 1985 (númer nr. 69 í skráningu hans) og taldi hann að um naust og hugsanlega verbúð væri að ræða.

"Á þýfðum bakka vestan við vegaslóða sem er í fjöruborðinu," segir í skráningu Guðmundar Ólafssonar. Umhverfis hólinn vestan vegarins er þýft holt sem hækkar til vesturs.
Brotið er afar ógreinilegt, hlaupið í þúfur og sigið út. Þó er ljóst af lit og lögun þúfna að mannvirki hefur verið þarna. Erfitt er að greina skipulag þess en það virðist þó a.m.k. þrískipt. Veggjabrot eru allt að 0,3 m á hæð og ekkert grjót í þeim. Svæðið allt er um 8x8 m. Um hlutverk mannvirkisins er ekki hægt að segja.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Guðmundur Ólafsson: Fornleifaskrá Arnarneshrepps 1985

EY-069:030 tóft óþekkt
Guðmundur Ólafsson skráði árið 1985 litla tóft við "..lítið lækjargil um 50 m frá norðurhluta lónsins í Hörgá,". Tóftin er nr. 70 í skráningu Guðmundar Ólafssonar og samkvæmt henni á svæði sem er um 1 km norðaustur af bæ 001. Gengið var um allt svæðið norðanvert við Hörgárósa en engin tóft fannst á þessum slóðum.
"Lítill kofi um 2x2 m að innanmáli. Inngangur til SV. Veggjahæð er um 60-80 cm. N-hlutinn er eyðilagður af vatnsrennsli sem hefur grafið sig inn í norðurhliðina. E.t.v. er þetta smalakofi? ," segir í skráningu Guðmundar Ólafssonar
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Guðmundur Ólafsson: Fornleifaskrá Arnarneshrepps 1985

EY-069:031 heimild um bústað 65°47.873.N 18°12.507.V
" Á flötinni sunnan við gamla bæinn [001] er gamalt bæjarstæði sem búið er að slétta út að mestu. Sést móta fyrir 6-8 lautum þar sem herbergin voru. Dýpsta lautin er um 6 m suður af eldhúsi gamla bæjarins og mun líklega hafa verið fjós...," segir í skráningu Guðmundar Ólafssonar nr. Þústin var nr. 74 í skráningu hans en er nú alveg sléttuð. Líklega voru þessar leifar einfaldlega leifar eldri bæjar sem hefur þá náð aðeins lengra í suður en gamli bærinn á Ósi sem enn stóð 1985 en ekki er hægt að fullyrða um það.
Sunnan við bæjarhólinn 001 eru nú sléttuð tún.
Ekki sést lengur þúst á flötinni sunnan við bæjarhólinn. Vel er hugsanlegt að hér sé um að ræða hluta gamla bæjarins, en samkvæmt heimildarmanni var einmitt fjós syðst í bæjarröðinni.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Guðmundur Ólafsson: Fornleifaskrá Arnarneshrepps 1985

EY-069:032 heimild 65°47.898.N 18°12.462.V
Guðmundur Ólafsson skráði stein með mannaverkum á (nr. 74) skammt frá bæ á Ósi. Í skráningu hans segir: "Bollasteinn er um 4 m sunnan við nýja bæinn,". Sólpallur hefur nú verið byggður sunnan við íbúðarhúsið og því hefur steinninn verið fluttur. Hann stendur nú um 10 m vestan við útidyr íbúðarhússins.
Í afgirtum bakgarði.
Steinninn er kantaður, um 50 cm í þvermál, og liggur þannig að bollinn veit upp. Bollinn er hringlaga, um 15 cm í þvermál og um 10 cm djúpur. Hann er nokkurnveginn á miðjum fleti steinsins. Til hliðar við bollann, nálægt einu horni steinsins, er annar bolli eða hola. Sú er aðeins um 2 cm í þvermál og um 5 cm á dýpt. Ekki er vitað um tilgang steinsins.



Bollasteinninn á Ósi 069:032

Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Guðmundur Ólafsson: Fornleifaskrá Arnarneshrepps 1985

EY-069:033 heimild um áveitu 65°47.943.N 18°12.534.V
"Guttormur Einarsson lét gera djúpan skurð frá Hofsá niður að Ósi, um 2 m djúpan til að leiða vatn að bænum. Um 200 m norðan við bæinn. Einnig gróf hann framræsluskurði og hlóð túngarða," segir í

skráningu Guðmundar Ólafssonar (númer 74). Samkvæmt Borghildi Einarsdóttur heimildamanni var bæjarlækurinn leiddur inn túnið, í tilbúinni rás. Hann kom inn á heimatúnið norðan við hliðið og rann síðan til ASA að bæ 001. Þetta hefur líklega verið gert um eða fyrir aldamótin 1900 en Guttormur Einarsson (f. 1858) bjó á Ósi til dánardags 1915.Nú er þarna sléttað tún og heimkeyrsla að núverandi íbúðarhúsi.
Ekki sér móta fyrir rásinni.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Guðmundur Ólafsson: Fornleifaskrá Arnarneshrepps 1985; Byggðir Eyjafjarðar 1990 I, 377

EY-069:034 gerði kartöflugarður 65°47.886.N 18°12.638.V



Inn á túnakorti frá 1917 eru merktir kálgarðar fast vestan við túngarðinn 040 vestur af bænum 001. Garðarnir sjást enn um 150 m vestur af bæjarhól 001, sunnan við bragga sem nú (2007) stendur.
Í grónum aflíðandi halla til suðurs.
Svæðið samtals 42x20 m að stærð. Austast myndar túngarðurinn 040 austurhlið garðanna, en hann er grjóthlaðinn, um 0,6 m hár. Frá túngarðinum liggur torfgarður til vesturs um 10 m og sveigir þá til norður um aðra 10 m og myndar þannig hólf eða gerði Að norðan er hólfið grafið í brekkuna. Vestan við þetta hólf er annað hólf, svipað að stærð. Það er niðurgrafið að sunnan og norðan en engin afmörkun er í vesturenda. Um 20 m vestan við það er stök grjóthleðsla um 15 m löng norður-suður. Að túngarðinum undanskildum eru hleðslur allar signar, um 0,2-0,3 m háar.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Túnakort 1917

EY-069:035 hleðsla óþekkt 65°47.782.N 18°12.689.V
Grjóthrúgur eru á milli tveggja jarðfastra steina um 200 m suður af bæ 001 í óslægjubletti vestast í sléttuðum túnum.
Umhverfis eru sléttuð tún, en grjóthrúgurnar ber hæst á óslægjublettinum.
Grjótið er hlaðið, eða hrúgað, á milli steinanna tveggja. Mest eru þetta litlir steinar, um 10x10 cm eða aðeins stærri. Grjóthrúgan sjálft er um 1x1 m og um 0,2 m á hæð, en virðist ná niður fyrir svörðinn. Það er mögulegt að grjótið hafi verið hreinsað af túninu og lagt þarna en einnig má vera að þetta hafi verið hlaðið þarna í ákveðnum tilgangi. Ekki er vitað hvert hlutverk þessa mannvirkis kann að hafa verið.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar

EY-069:036 gryfja áveita 65°47.803.N 18°12.642.V
"Vatnsveita á túninu. Áveituskurður voru grafnir víða í gamla túnið til þess að það sprytti (um 4-6 m allt niður á vatn) var því veitt úr Horfsánni og safnað í smá bolla þar sem húsdýraáburði var blandað í vatnið og síðan borið á túnin. Þetta mundi Einar [Guttormsson, 1888-1983], bóndinn sem bjó hér á undan Jóni [Magnússyni sem bjó á Ósi frá 1971] að hafa notað. Áveitukerfið var umhverfis gamla túnið og sumir bollarnir sjást ennþá. Jón hefur sléttað yfir marga þeirra og flesta áveituskurðina. Sést þó enn móta fyrir einum skurði," segir í skráningu Guðmundar Ólafssonar nr. 74. Enn sjást a.m.k. tveir bollar í túninu um 170 m suður af bæjarhól 001.
Nú hefur túnið allt verið sléttað.
Bollarnir eru hvor um sig um 2x2 m að stærð og 0,1-0,2 m djúpir. Um 4 m eru á milli bollanna, en þeir

eru fagurgrænir og skera sig úr umhverfinu. Hvort hér er um þessi sömu mannvirki að ræða verður þó ekki fullyrt.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Guðmundur Ólafsson: Fornleifaskrá Arnarneshrepps 1985; Byggðir Eyjafjarðar 1990 I, 377

EY-069:037 heimild um óþekkt 65°47.757.N 18°12.748.V
"Að baki nr I [001] eru djúpar 50-80 cm lautir og a.m.k. einn greinilega hlaðinn garður. Við enda hans er öskuhaugur. Lautirnar eru þar sunnanvið 2-3 stór hólf. E.t.v. eru þetta leifar af elsta bænum, virðist vera eldri en bæði I [001] og II [031]," segir í skráningu Guðmundar Ólafssonar nr. 74. Umræddar fornleifar hafa verið tæplega 300 m sunnan við bæjarhólinn 001 en þar endar túngarðurinn 040. Þar er ruslahaugur, aðallega nýlegt drasl og engar fornleifar sjást. Ekki er ljóst hvers vegna Guðmundur Ólafsson taldi líklegt að dældirnar væru af bæjarstæði.
Vestast í sléttuðu túni.
Það er erfitt að átta sig á hvað átt er við og engin ummerki fundust.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Guðmundur Ólafsson: Fornleifaskrá Arnarneshrepps 1985

EY-069:038 heimild um býli
"Húsin að mestu uppistandandi. Eldhús, stofa og búr þiljuð. Í búri er brennsluklossi [?] fyrir vindmylluna uppi á þakinu. Áföst skepnuhús hafa hrunið," segir í skráningu Guðmundar Ólafssonar nr. 75, og greinir hann húsin sem "kot". Ekki er hægt að átta sig á hvar þessi hús hafa staðið af lýsingu Guðmundar, en af korti Guðmundar að dæma eru húsin norðan við bæ 001, norðan heimkeyrslunnar að Ósi, og líklegt að þetta eigi við Litla-Ós 014, þó ekki verði það fullyrt.
Heimatúnið hefur nú allt verið sléttað og tóftir jafnaðar út.
Engin hús eru nú uppistandandi.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Guðmundur Ólafsson: Fornleifaskrá Arnarneshrepps 1985

EY-069:039 heimild um fjós
"Í túni, sk. Gamlatúni. ...Að mestu uppistandandi hús, veggir hlaðnir úr torfi og grjóti neðst," segir í skráningu Guðmundar Ólafssonar nr. 76, og segir þar að um fjós sé að ræða. Það er erfitt að átta sig á hvar umrædd hús hafa staðið, en af korti Guðmundar að dæma er þetta norðan heimkeyrslunnar að bænum og á þá líklega við eitt af útihúsunum sem merkt eru inná túnakort frá 1917. Líklega á lýsingin við eitt þeirra húsa sem hér eru skráð sem 005, 006 eða 008, sem eru öll horfin.
Þarna er nú sléttað tún.
Ekki sést til fornleifar.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Guðmundur Ólafsson: Fornleifaskrá Arnarneshrepps 1985

EY-069:040 garðlag túngarður 65°47.860.N 18°12.631.V
Garður er 380-800 m austur til norðaustur að 089:001 og vestur til suðvesturs að Ósi.
Milli punkta A og B er skurður samsíða garði austan megin og vestan við garð er 0,2-0,5 m djúp rás sem líkist göngugötu. Fylling úr skurði austan við garð er sömu megin og garður. Eftir punkt B er grasi- og mosavaxinn mói vestan við garð en austan við garð eru tún bæði í rækt og órækt.
Garður er 655 m á lengd og liggur aðallega norðaustur-suðvestur. Á suðvestur enda garðs (A) er garður ógreinilegur og ekki hægt að segja hvort um er að ræða garðlag eða fyllingu úr skurði til ræktunar túna. Þar hverfur garður í þúfur og hátt gras. Milli punkta A og B er göngugata í miðjum garði. Garðurinn er aðallega milli 0,5-1 m á hæð en á smá kafla nálægt Ósi fer hann þó upp í 2,5 m á hæð. Hann er um 1-4 m á breidd en 1-2 m er algengasta breiddin. Vestari hlið garð er skýrari en austur hlið hans milli punkta A og B og ekkert sést í hleðslur. Á þessu bili er garður vaxinn grasi og mjög þýfður. Milli punkta A og B er garður skýrastur 30-40 m frá norðaustur enda. Norðan við punkt B er um 5 m skarð í garð vegna vegaslóða. Í punkti C er garður mjög greinilegur. Þar er hann mosavaxinn og hlaðinn úr grjóti. Girðing er ofan á garði alla leið að punkti M. Í punkti D sjást hleðslur mjög greinilega á vestur hlið garðs en að austan verðu er garður grasi og mosavaxinn og hallar um 20° í

austur. Hleðsluhæð er mismunandi alla leið eða 2-5 hæðir af misstóru grjóti. Í punkti F hefur hrunið úr vegg og fast norðan við G er um 4 m skarð í garð vegna vegaslóða/sléttunar. Um 10 m sunnan við G er hætt að sjást í hleðslur vegna gróðurs á smá kafla. Milli H og I liggur garður utan í háum hól og verður þar allt að 2,5 m á hæð. Norðan við I lækkar garður verulega og verður 1-2 raðir af grjóti, minni en 0,4 m á hæð og 0,5-1 m á breidd. Hleðslur þar signar og lítið grónar. Í J er um 4 m hlið skorið í garð upp að bragga 25-30 m norðvestan við garð. Göngugata liggur í suðaustur-
norðvestur frá íbúðarhúsinu á Ósi að bragga. Íbúðarhúsið er hér um 200 m í suðaustur. Í K verður garður aftur grasigróinn og 1-2 m á breidd og um 0,5-1 m á hæð. Í L endar garður við veg upp að íbúðarhúsi. Vegurinn er um 5 m breiður. Garður heldur áfram norðan við veg vel gróinn djúpu grasi, 1-1,8 m hár og 1,5-2 m breiður. Í N hverfur garður í tún. Kemur ekki aftur í ljós austan við tún þó að endi garðs beygi í M austur inn á tún.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar

EY-069:041 gata leið 65°48.313.N 18°12.017.V
Austan við Hjalteyrarveg (en alfaraleiðin um sveitina lá áður þar sem vegurinn er nú) er þýft holt, nyrst í landi Óss. Frá merkjum móti Hvammi í norðri og að Kjóasundi í suðri eru greinilegar götur í holtinu.
Göturnar eru greinilegar í holtinu en hverfa þar sem holtið er skorið af grónum mýrarsundum.
Götuslóðarnir sjást greinilega. Þeir eru djúpir skorningar, allt að fimm hlið við hlið, í gegnum holtið. Göturnar hverfa norðan við merkin en eru greinilegar frá merkjum að og umhverfis Hallfríðar(staða)byrgi 011. Þaðan liggja þær suður að tóftum býlis 023, þar sem þær liggja inn um túngarðinn d að norðan, umhverfis þústirnar a og b og í gegnum túngarðinn að sunnan fast vestan við tóft c. Þaðan liggja þær svo suður að Gamlastekk 012, en hverfa í þýfðum hrossahaga sunnan við hann. Ekki er ólíklegt að göturnar gætu verið leifar alfaraleiðarinnar þó hún hafi að mestu horfið í Hjalteyrarvegurinn er nú en þó er ekki óhugsandi að göturnar hafi einfaldlega verið á leið á milli bæja.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar

EY-069:042 garðlag óþekkt 65°48.462.N 18°11.405.V


Garðlag 069:042, horft í SSV


Norðarlega í landi Óss liggur vegslóði austur að sjó. Þar sem slóðinn sveigir til suðurs er áberandi fuglaþúfa fast vestan við hann. Fast norðan við þúfuna er garðlag sem liggur í VSV-ANA. Suðurendi garðlags er um 1,1 km norðaustur af bæ 001.
Það liggur í þýfðu holti sunnan vegarins.
Vestan við slóðann, frá þúfunni og áfram, er garðlagið mjög greinilegt. Austan við slóðann er það hins vegar mjög óljóst, mótar þó fyrir því næst slóðanum en hverfur svo alveg. Það er um 1 m á breidd og 0,5 m á hæð. Lengd garðlagsins er um 350 m og liggur lengsti partur þess í norðaustur-suðvestur, en sveigir síðan til austnorðausturs. Ekkert grjót virðist vera í því. Á tveimur stöðum voru leifar girðingarstaura í garðlaginu. Meðfram garðlaginu að vestan er mjó rás, eins og mokað hafi verið upp þeim megin. Tilgangur garðlagsins er óþekktur.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar

EY-069:043 náma mógrafir 65°48.089.N 18°11.674.V
Austan við heimatúnið á Ósi er nú sléttað tún sem enn er slegið. Norðan við þetta tún er skurður sem liggur austur-vestur frá Hjalteyrarvegi og alveg austur í árósinn. Norðan við þennan skurð, norðan við áðurnefnt tún, er nú órækt gróin djúpu grasi. Í óræktinni, um 100 m norðan við skurðinn og um 740 m norðaustur af bæ 001, eru mógrafir.
Nú er allt á kafi í grasi á þessum slóðum og því erfitt að fóta sig.
Svæðið er um 50x50 m og allt gróið.

Hættumat: engin hætta

EY-069:044 garðlag óþekkt 65°47.838.N 18°11.790.V
Um 550 m austur af bæ 001, við Hörgána þar sem hún rennur í kvíslum á milli hólma. Um 200 m sunnan við ósinn útí lónið, er blautur flói meðfram ánni. Yfir þennan flóa hefur verið hlaðið garðlag norður-suður.
Flóinn er gríðarlega blautur og eru djúpir pyttir meðfram garðlaginu á köflum.
Garðlagið er torfhlaðið, um 100 m langt og snýr norður-suður. Það er 0,4 m á hæð og mest um 0,8 m breitt. Það er víða rofið vegna bleytunnar. Ekki er vitað í hvaða tilgangi garðlagið er hlaðið.
Hættumat: hætta, vegna vatnsaga

EY-069:045 tóft óþekkt 65°47.893.N 18°11.886.V



Austan við heimatúnið á Ósi er nú sléttað tún sem enn er slegið. Norðan við þetta tún er skurður sem liggur austur-vestur frá Hjalteyrarvegi og alveg austur í árósinn. Sunnan við þennan skurð en austan við túnið er þýft holt (Árholt) sem nær frá árbakkanum, þar sem það er breiðast, og vestur að túninu. Vestast í þessu holti er tóft, um 470 m austur af bæ 001.
Þarna mætist þýft holt og órækt gróin djúpu grasi.
Tóftin er á kafi í grasi en sker sig þó greinilega úr umhverfinu vegna gróðurfars auk þess sem hún er aðeins hærra en umhverfið. Tóftin er um 12,5x7 m stór og virðist þrískipt. Op er á austurhlið tóftar inn í stærra hólfið, sem greinist í tvennt um vegg sem nær þó ekki þvert yfir tóftina. Innanmál syðra hólfs er 3x4 m en þess nyrðra 4x3,5 m. Í norðurenda tóftarinnar er svo þriðja hólfið, alveg aðskilið. Það er um 1x2 m að innanmáli. Ekkert op er greinanlegt á þessu hólfi. Ekkert grjót var sýnilegt í hleðslum en hleðsluhæð um 0,4 m. Hlutverk tóftarinnar er óþekkt en gæti þó verið stekkur.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar


EY-069:046 tóft heystæði 65°47.918.N 18°11.526.V
Við Hörgárós kvíslast Hörgá um grösuga hólma sem nokkrir eru í Óslandi. Stærstur er Austari hólmi. Samkvæmt Elínu Sigríði Axelsdóttur heimildarmanns var haft fé í hólmanum áður fyrr og er þar heytóft.
Hólminn er flatlendur og grösugur.
Tóftin sést vel á loftmynd, nokkurn veginn í miðjum hólmanum, ekki langt frá vesturbakka hans. Ekki var farið í hólmann við skráningu 2007. Samkvæmt loftmynd virðist tóftin vera einföld og snúa austur vestur. Stærð hennar gæti verið um 6x4 m.
Hættumat: engin hætta

EY-069:047 *Öskuhaugur* öskuhaugur 65°47.866.N 18°12.607.V
"Í túni á Ósi voru nokkur örnefni. Hóll er vestan við bæ, sem hét Öskuhóll, nú gróinn, og vestan við hann dálítil lægð, Öskulaut," segir í viðbótum Sigríðar Axelsdóttur við örnefnaskrá. Öskuhóllinn er um 90 m vestan við bæjarhólinn er 001 í sléttuðu túni. Í brekkurótinni vestan hans liggur túngarðurinn 040 í norður-
suður.
Til vesturs, vestan við túngarðinn, eru gróin holt en til suðurs eru sléttuð tún.
VNV við hólinn, á milli hans og túngarðsins er dálítil laut. Bæði hóllinn og lautin eru fagurgræn. Þetta eru Öskuhóll og Öskulaut.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Ö-Ós Viðbætur, 1-2

EY-069:048 *Horngrýti* heimild um útihús 65°47.788.N 18°12.684.V
"Brekka var sunnan við bæ [001] og slétta suður úr, og voru þar kallaðar Horngrýtissléttur. Torfkofi var þar, nú horfinn, sem kallaður var Horngrýti, en Sigríður veit ekki hvers vegna kofinn hét svo eða til hvers hann var notaður," segir í viðbótum Sigríðar Axelsdóttur við örnefnaskrá. Kofinn var um 200

m sunnan við bæjarhól 001.
Nú eru sléttuð tún suður af bæjarhólnum 001 en vestast í þeim, við túngarðinn 040 er dálítið grýtt.
Engar tóftir sjást lengur þar sem kofinn var, en timbur- og bárujárnsbrak er á nokkrum stöðum. Þar er einnig grjótdys 035.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Ö-Ós Viðbætur, 2


EY-069:049 tóft óþekkt 65°47.739.N 18°12.705.V



Lítil tóft er um 300 m suður af bæjarhól 001, fast sunnan við sléttuð tún sem liggja suður frá bænum.
Í grónu, þýfðu holti.
Um er að ræða hringmyndaða hvilft, um 3x2 m að utanmáli. Tóftin er niðurgrafin og veggir lítið upphlaðnir. Hún dýpkar inn að miðju, mest 0,5 m. Ekkert greinilegt op sést á henni. Tóftin er einföld. Ekki er vitað hvaða tilgangi tóftin hefur þjónað.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar


EY-070 Pálmholt

16 hdr. 1712. "Pálmholt var þó komið í byggð fyrir 1240. En það ár getur þess í bréfabókum." Ö(2)-Pálmholt, 3. Fornbréf frá þessum tíma fannst ekki í Fornbréfasafni við svæðisskráningu. Uppruni heimildar óþekktur.
10. júlí 1424 "BRANDR Halldórsson og Ragna Rafnsdóttir, kona hans, selja Einari Margnússyni jörðina Sólheima í Sæmundarhlíð...fyrir jarðirnar Ós og Pálmholt á Galmarströnd...." (DI IV, 315).
1. og 2. júlí 1498 "...Narfe sellde til fullrar eignar og fials forrædis adurgreindum Grime bonda Palssyne svo heitande jarder: Arskog...og Palmhollt...." fyrir 15 hdr. (DI VII, 393).



"Stekkjarholt hét býli, er stóð suðvestan við Búland (farið í eyði áður en Búland var reist)." (Ö-Pálmholt, 38).
"Búland [nýbýli] var byggt úr landi Pálmholts 1930." (BE I, 370). Búland byggt úr landi Pálmholts 1930.
1917: 3,6 ha. Sáðreitir 685 m2. 1990: Sunnan bæjarins eru miklar mýrar, Pálmholtsmýrar, að hluta framræstar.


EY-070:001 *Pálmholt* bæjarhóll bústaður 65°49.268.N 18°13.132.V
"Pálmholt var þó komið í byggð fyrir 1240. En það ár getur þess í bréfabókum (Fornbréfasafn: Jarðaskipti Brands lögmanns 1244). [...] Húsin í Pálmholti, bæjarhús og fjós, standa á flötum hól og er slétta fyrir neðan. Var þar kallað niður á sléttur. Þar hafði verið rist ofan af. Sumt af þessum hól, ásamt nærliggjandi hólum eru gamlir öskuhaugar og sýnir að mannabyggð hefur um langan aldur staðið á



sama stað og nú er. Gamli bærinn stóð röskar tvær faðmslengdir frá því húsi sem nú er, vestan við það." segir í örnefnaskrá. Samkvæmt Ólafi Kjartanssyni, heimildarmanni, stóð gamli bærinn um 3 m vestan við nýja íbúðarhúsið og um 1200 m SV við Syðri-Bakka EY-071:001. Guðmundur Ólafsson skráði bæjarþústina árið 1985 og er hún nr. 29 í skrá hans.

Bærinn stóð á grasigróinni og sléttlendri 2-5 m hárri náttúrulegri hæð sem snýr A-V en aðeins suðurhlið hennar er greinanleg og hallar hún 25-30° í suður.

Þar sem bærinn var er náttúruleg hæð. Gera má ráð fyrir að undir sverði leynist einhverjar mannvistarleifar en stærstur hluti hæðar er þó án efa náttúrumyndun. Lítið sést af gamla bænum annað en ógreinilegar 0,4-1 m djúpar dældir sem snúa NA-SV en gamla bæjarröðin var aflöng og snéri NV-SA. Bærinn er ekki í byggð lengur en svæðið er enn nytjað og slegið. Búið er að slétta landið út þar sem bæjarhóllinn var áður en ekki er ólíklegt að eldri fornleifar finnist undir sverði þar sem enn sjást vísbendingar um gamla bæinn á svæðinu. Samkvæmt Ólafi Kjartanssyni var smiðja norðvestan í bæjarröðinni en hún var ekki áföst bænum (sjá 015). Norðvestast í bænum sjálfum var svefnherbergi og þar á loftinu var smíðaverkstæði



þar sem afi Ólafs smíðaði báta. Suðvestan við það kom stofa og svo forstofan þar sem gengið var inn í bæinn að norðaustan. Suðaustan við inngganginn var stofa og fast suðvestan við stofuna var baðstofa og eldhús. Bærinn var byggður úr torfi, grjóti og timbri og var moldarkjallari undir framhúsinu. Suðaustast í bænum var svo skemma en torfveggur skildi á milli stofunnar og skemmunnar. Innangengt var úr skemmunni út í fjósið sem var suðaustan við hana og hlöðuna sem var sunnan við hana. Fjósið var torfbyggt og tók fjórar kýr.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir:Túnakort 1917; Guðmundur Ólafsson: Fornleifaskrá Arnarneshrepps 1985; Ö-Pálmholt, 3, 5

EY-070:002 heimild um útihús 65°49.330.N 18°13.195.V

Samkvæmt túnakorti frá árinu 1917 var útihús um 125 m NNV við bæ 001 og um 45 m NNA við útihúsaþúst 028.

Á þessu svæði er sléttað tún og vegur sem liggur A-V norðan við Pálmholt 001 og Búland. Heimreiðar frá báðum bæjum tengjast þessum veg.

Ekkert sést til fornleifa. Samkvæmt Ólafi Kjartanssyni, heimildarmanni, voru á þessu svæði áður fjögur útihús sem voru byggð úr grjóti, torfi og timbri. Um var að ræða hlöðu, reykingakofa og tvö fjárhús sem nú (2007) hefur verið rutt upp í og undir Pálmholtsveg. Nyrðra fjárhúsið kallaðist Gíslafjárhús. Líklega var fornleif 002 eitt af þessum húsum en hvorki er hægt að staðfesta það né heldur hvert húsanna 002 var. Á túnakorti frá 1917 eru hins vegar aðeins merkt tvö hús á þessum slóðum (sjá einnig 003) og hafa því tvö af húsunum fjórum líklega verið byggð eftir 1917.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar


Heimildir:Túnakort 1917

EY-070:003 heimild um útihús 65°49.321.N 18°13.205.V

Samkvæmt túnakorti frá árinu 1917 var útihús um 115 m NNV við bæ 001 og um 10 m SV við útihús

002.
Á þessu svæði er sléttað graslendi og Pálmholtsvegur.
Ekkert sést til fornleifa. Samkvæmt Ólafi Kjartanssyni, heimildarmanni, voru á þessu svæði áður fjögur útihús sem voru byggð úr grjóti, torfi og timbri. Um var að ræða hlöðu, reykingakofa og tvö fjárhús sem nú (2007) hefur verið rutt upp í og undir Pálmholtsveg. Nyrðra fjárhúsið kallaðist Gíslafjárhús. Líklega var fornleif 002 eitt af þessum húsum en hvorki er hægt að staðfesta það né heldur hvert húsanna 002 var. Á túnakorti frá 1917 eru hins vegar aðeins merkt tvö hús á þessum slóðum (sjá einnig 002) og hafa því tvö af húsunum fjórum líklega verið byggð eftir 1917.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Túnakort 1917

EY-070:004 þúst fjárhús 65°49.243.N 18°13.241.V
Samkvæmt túnakorti frá árinu 1917 var útihús um 100 m VSV við bæ 001 og um 40 m NNV við útihús 006. Samkvæmt Ólafi Kjartanssyni, heimildarmanni, var gamalt fjárhús á þessu svæði um 10 m VNV við steinsteyptan og bárujárnsklæddan bragga sem enn stendur í landareigninni og var einnig nýttur sem fjárhús.
Á þessu svæði er nú sléttlendur grasbali sem hallar um 5° í suður.
Ekkert er eftir af þessu fjárhúsi sem merkt er inn á túnakort annað en um 22 m langur, um 14 m breiður og 0,5-1,5 m hár grasigróinn egglaga hóll sem snýr austur-vestur. Ekkert sést til fornleifa á yfirborði en ekki er ólíklegt að hér finnist leifar undir sverði.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Túnakort 1917

EY-070:005 tóft fjárhús 65°49.265.N 18°13.267.V



Samkvæmt túnakorti frá árinu 1917 var útihús um 100 m vestan við bæ 001 og um 40 m norðan við útihús 004. Á þessum stað sést enn fjárhústóft um 110 m vestan við bæ 001. Guðmundur Ólafsson skráði tóftina árið 1985 og er hún nr. 30 í skráningu hans. Á þessu svæði er sléttlendur grasbali sem hallar 5-10° í suður.
Tóftin er hlaðin úr torfi og grjóti en hleðslur hennar eru signar. Hún er um 18 x 18 m stór og er að minnsta kosti skipt í 5 hólf. Öll hólf tóftarinnar snúa austur-vestur og eru þau vel gróin háu grasi og arfa. Fjögur stærri hólfin (I-IV) mynda ferning og eru öll 3-4 m á breidd og um 4 m á lengd. Hólf II og III eru nyrst og er hólf II austan við hólf III. Hólf I er sunnan við hólf II og hólf IV er sunnan við hólf III. Hólf V er sunnan við hólf IV í tóftinni vestanverðri. Hólf V er miklu minna, 2 x 3 m að innanmáli. Veggir tóftarinnar eru um 2-3 m á breidd og 0,4-0,5 m á hæð. Guðmundar Ólafssonar skiptir tóftinni upp í eldra og yngra útihús (hið eldra norðan við hið yngra) en skráningarmaður (2007) gat ekki greint aldursmun í byggingu tóftarinnar vegna gróðurs og sigs.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Túnakort 1917; Guðmundur Ólafsson: Fornleifaskrá Arnarneshrepps 1985

EY-070:006 heimild um útihús 65°49.225.N 18°13.208.V
Samkvæmt túnakorti frá árinu 1917 var útihús um 110 m SV við bæ 001. Þetta svæði er um 45 m NNV við þúst 043.
Á þessu svæði er nú sléttaður grasbali.
Ekkert sést til fornleifa.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Túnakort 1917

EY-070:007 heimild um útihús 65°49.252.N 18°13.099.V
Samkvæmt túnakorti frá árinu 1917 var útihús um 35 m SSA við bæ 001.
Á þessu svæði er nú sléttaður bali gróinn grasi, arfa og njóla og á þessum bala stóð gamli bærinn 001. Balinn er fast NNV við öskuhauga 030 og 031. Brún balans á þessu snýr ANA-VSV og endar hann í brekku sem hallar þar 25-30° í SSA. Við ANA- og VSV brúnir balans mótar fyrir hugsanlegum

húshornum en annars er ekkert annað sem gefur til kynna að hér hafi hús staðið áður.
Ekkert sést til fornleifa og Ólafur Kjartansson, heimildarmaður kannaðist ekki við byggingu á þessu svæði.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Túnakort 1917

EY-070:008 *Þvergarður* heimild um landamerki 65°49.927.N 18°12.846.V
"Pálmholtsland nær vestan frá Dauðutjörn (Reistarármerki) og austur undir Ósveg, norðan frá Þvergarði og suður að Pálmholtslæk (Reistaránni), [...] Utarlega í Sundinu er Kolluhóll og yzt er hluti af Þvergarðssundi sunnan merkjanna." segir í örnefnaskrá Jóhannesar Ó. Sæmundssonar. Í örnefnaskrá Pálmholts segir: "Gamli vegurinn [EY-631:001] er síðan landamerki milli Pálmholts og Syðri-Bakka, allt frá læknum og út (norður) að Þvergarði. Þvergarðurinn var síðan landamerki áfram milli Pálmholts og Syðri-Bakka allt upp að (vestur að) Dauðutjörn." Þvergarður er um 1200 m norðan við Pálmholt 001 og um 700 m VNV við Syðri-
Bakka EY-071:001.
Leifar garðsins liggja um þýfðan grasi-, mosa og lyngigróinn móa og rofabörð sem hér og þar leynast milli þúfa.
Garðlagið (A) er orðið mjög óskýrt og er að mestu leyti horfið í þúfur eða vegna rofs og búið er að jafna það út að hluta undir girðingu. Þar sem garðlagið er sjáanlegt er það torfhlaðið og gróið grasi og lyngi, um 1,5-2 m á breidd, um 0,4-1 m á hæð og liggur austur-vestur Ásana. Bútarnir sem af því sjást eru alls um 470 m á lengd en áður en hlutar af því hurfu hefur það verið að minnsta kosti 1200 m á lengd. Í vestri hverfur garðlagið snögglega á brún Ásanna í rofabarði. Í austri hverfur garðlagið við malarveg 800 sunnan við eyðibýlið Mið-Bakka EY-071:006. Um 1200 m NNV við bæ 001 er sveigur á garðinum og einna helst eins og á þessum stað hafi hólf (B) verið byggt upp við garðinn. Garðlagið er þar um 1 m á hæð og um 1,5 m á breidd í greinilegum boga sem er um 11 m á lengd og um 2-2,5 m á breidd. Hólfið hefur snúið austur-vestur. Nú er suðurhluti þess af einhverjum óþekktum ástæðum þó horfinn.



Hættumat: hætta, vegna rofs
Heimildir:Örn.Jóh.Ól., 38, 39; Ö-Pálmholt, 1

EY-070:009 *Grafarmór* heimild um mógrafir 65°48.862.N 18°13.053.V
"...Pálmholtslækur [beygir] suður fyrir Pálmholtsflóa og Pálmholtsmýrar. Meðfram læknum er þurrlendur þúfnakargi, sem kallast Krappi. Hluti af honum heitir þó Grafarmór, því að þar var fyrrum mótekja." segir í örnefnaskrá Jóhannesar Ó. Sæmundssonar. Í örnefnaskrá segir: "Meðfram læknum var þurrari og stórþýfðari spilda og kallaðist Krappi. Þar var oft grasgefið og engjaheyskapur stundaður. Hluti þessarar spildu á móts við Hvammkot nefndist þó Grafarmór. Þar voru gamlar svarðargjafir [-grafir]." Samkvæmt Ólafi Kjartanssyni er Grafarmór um 770 m SSV við Pálmholt 001 og um 160 m VNV við stekk 037.
Á þessu svæði er þýft graslendi.
Ekkert sést til mógrafa. Svæðið er víðáttumikið sléttlendi og öll ummerki um mótekju horfin í þúfur.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:Örn.Jóh.Ól., 38; Ö-Pálmholt, 6

EY-070:010 *Heygarðar* heimild um heygarð 65°48.903.N 18°12.542.V
"Syðst og austast í landareign Búlands er engjaspildan Heygarðar, sunnar en Kringluholtið." segir í örnefnaskrá Jóhannesar Ó. Sæmundssonar. Í örnefnaskrá Pálmholts segir einnig: "Austasti hluti Krappans eða austan við hann nefndist engjaspildan Heygarðar. Þar þótti grasgefið mjög og gott að heyja því ekki var þar eins stórþýft og víðast annarsstaðar við lækinn. Nafnið mun koma frá bungulaga upphækkunum sem líklega eru gamlar leyfar [svo] af görðum sem hlaðnir hafa verið utan um hey sem sett hefur verið saman [svo] þarna fyrrum og geymt þar. Hefur því þá trúlega verið ekið heim á hestum

um veturinn. Eru þónokkrar slíkar bungur þarna. [...] þar sem heita Heygarðar var einn garðurinn nokkuð frá honum og var kallaður Staki heygarður." Samkvæmt Ólafi Kjartanssyni, heimildarmanni, er engjaspildan um 820 m SSA við bæ 001 og um 250 m VSV við stekk 037.
Á þessu svæði er mjög kargaþýft graslendi gróið háu þéttu grasi.
Ekkert sést til fornleifa vegna mikils grasvaxtar en ekki er ólíklegt að heygarðar kæmu í ljós ef landið yrði beitt í einhvern tíma.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:Örn.Jóh.Ól., 38; Ö-Pálmholt, 6-7

EY-070:011 *Brúarholt* hleðsla samgöngubót 65°49.079.N 18°12.165.V
"[...] nokkru utar [en Kiðulækjarhóll] alveg á Bakkamerkjunum, er Brúarholt, kennt við upphlaðinn spöl á gamla veginum (en það var kallað að brúa mýrarsund, ef þar var hlaðinn upp vegur)." segir í örnefnaskrá Jóhannesar Ó. Sæmundssonar. Brúarholt er um 815 m SA við Pálmholt 001 og um 1200 m sunnan við Syðri-Bakka EY-071:001. Þessi brú var hluti af þjóðleið EY-631:001 um sveitina. Á veginum voru einnig skráð göngubrú 019 og vað 025.
Upphlaðni spölurinn á holtinu er fast austan við sléttað tún í sléttlendu þýfðu graslendi.
Hleðslan er greinileg á þessu svæði og er hún um 0,5 m há og um 5 m breið upphækkun á Gamla veginum EY-631:001 sem lá N-S á landamerkjum Syðri-Bakka og Pálmholts (nú Búlands 2007). Samkvæmt Ólafi Kjartanssyni var vegurinn hér hækkaður í mýrinni með torfi svo auðveldara væri fyrir vagna og hesta að komast áfram. Lítið sést til vegslóða nú á brúnni vegna gróðurs. Lengd hennar er óljós.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:Örn.Jóh.Ól., 38

EY-070:012 heimild um leið
"Frá Pálmholti var alllöng sjávargata þar sem bærinn stóð í miðjum breiðum mikils undirlendis [...]." segir í Fátæku fólki eftir Tryggva Emilsson. Ólafur Kjartansson, heimildarmaður, kannaðist ekki við þessa lýsingu. Hugsanlega er hér um að ræða sömu leið og lýst er undir númeri 035 þ.e. að farið hafi verið yfir í Syðri-
Bakkaland eða að bænum sjálfum EY-071:001 til þess að komast niður í fjöru. Nákvæm staðsetning er óþekkt.
Heimildir:TE: Tryggvi Emilsson. Fátækt fólk, 9

EY-070:013 *Stekkjarholt* þúst bústaður 65°49.409.N 18°12.689.V
"Stekkjarholt hét býli, er stóð suðvestan við Búland (farið í eyði áður en Búland var reist)." segir í örnefnaskrá Jóhannesar Ó. Sæmundssonar. Í Byggðum Eyjafjarðar l segir svo: "Þurrabúðarbýlið Stekkjarholt stóð suðvestur af Búlandsbænum og er nú horfið í tún. Þar var búseta á árabilinu 1909 - 1924." Í örnefnaskrá segir: "Stekkjarholt [...] stóð um 200 m í suðvestur af Búlandshúsinu." Stekkjarholt var um 430 m ANA við Pálmholt 001, um 200 m SV af Búlandi og um 1000 m NNA við stekk 037.
Á þessu svæði er aðeins ósléttur og ósleginn grasigróinn hóll í miðju sléttuðu túni gróinn grasi og njóla.


Stekkjarholt 070:013, horft í NA


Ekkert sést til minja annað en egglaga hóll sem er um 20 m á lengd, 15 m á breidd, um 0,5 m á hæð og snýr norður-suður. Mjög líklega er hér um að ræða uppsafnaðan hól úr byggingarefni sem sléttað hefur verið út. Örnefnið Stekkjarholt gefur til kynna að bústaðurinn hafi verið byggður á leifum stekkjar eða að stekkur hafi áður verið á svipuðu svæði. Hugsanlegt er að holtið sé skírt eftir stekk 037 en engar heimildir fundust um slíkt.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir:Örn.Jóh.Ól., 38; B.E. I, 368; Ö-Pálmholt, 4

EY-070:014 *Stekkjarholtslind* heimild um vatnsból 65°49.392.N 18°12.526.V
"Stekkjarholt hét býli, er stóð suðvestan við Búland (farið í eyði áður en Búland var reist.) Skammt þaðan er vatnsból, sem heitir Stekkjarholtslind." segir í örnefnaskrá Jóhannesar Ó. Sæmundssonar. Vatnsbólið var um 520 m austan við Pálmholt 001 og um 130 m SA við Stekkjarholt 013.
Á þessu svæði er þýft graslendi gróið háu grasi og njóla undir um 2 m hárri brekku sem hallar um 20° í SSV og djúpir skurðir.
Samkvæmt Ólafi Kjartanssyni, heimildarmanni, var djúpur skurður grafinn í gegn um lindina. Áður var handdæla sem dældi vatninu og skúr var byggður yfir hana. Yfirleitt var bara labbað og náð í vatnið í lindina. Einnig var náð í vatn í Reistará frá Stekkjarholti 013 og Pálmholti 001. Ekkert sést til vatnsbóls.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Örn.Jóh.Ól., 38

EY-070:015 *Smiðjuhóll* heimild um smiðju
"Rétt vestan við íbúðarhúsið í Pálmholti er Smiðjuhóll [...]." segir í örnefnaskrá Jóhannesar Ó. Sæmundssonar. Í örnefnaskrá Pálmholts segir: "Norðan við gamla bæinn stóð smiðjuhús á sér hól og hét hann Smiðjuhóll." Hér stangast á frásagnir um staðsetningu Smiðjuhóls. Engir líklegir hólar eru nú á þessu svæði hvorki norðan né vestan við gamla bæjarstæðið 001 en svæðið hefur nú alveg verið sléttað. Nákvæm staðsetning er því óþekkt. Ólafur Kjartansson, heimildarmaður, vildi ekki kannast við þessar lýsingar en í hans tíð var smiðja í bæjarröðinni norðvestanverðri.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Örn.Jóh.Ól., 39; Ö-Pálmholt, 5

EY-070:016 garðlag túngarður 65°49.293.N 18°13.067.V
"Sigríðarsteinn er utan við gamla túngarðinn og er nú á merkjunum milli Pálmholts og Búlands." segir í örnefnaskrá Jóhannesar Ó. Sæmundssonar. "[...] norðan gamla túngarðsins í Pálmholti. Hann mun nú vera á merkjum Pálmholts og Búlands." segir í örnefnaskrá. Túngarður er um 90 m NA við Pálmholt 001 á landamerkjunum milli Búlands og Pálmholts. Hér er þó trúlega ekki um að ræða túngarð utan um heimatún Pálmholts sem sýnt er á túnakorti frá 1920.
Garðlagið liggur í útjaðri grasigróins túns í órækt.
Garðlagið er greinilegast um 10 m NA við útihús hlaðið úr steini sem stendur á hlaðinu norðaustan við bæ 001. Garðlagið liggur í NNV um 75 m áður en það beygir í ANA. Þaðan liggur það í ANA um 40 m áður en það hverfur vegna sléttunar. Garðlagið er torfhlaðið, 1-1,5 m á breidd, 0,2-0,5 m á hæð og um 115 m á lengd. Garðlagið er orðið mjög ógreinilegt og rofið vegna rasks í kringum bæjarhólinn og beitar búfénaðar en það hefur umkringt svæði eða tún sem hefur verið a.m.k. um 70 x 40 m að stærð og snúið NV-SA. Hér er trúlega ekki um að ræða leifar af túngarði umhverfis heimatún eins og það leit út þegar túnakortið var teiknað um 1920 en ekki er vitað hvenær þessi garður var byggður.




070:017A

Hættumat: hætta, vegna rofs
Heimildir:Örn.Jóh.Ól., 39; Ö-Pálmholt, 4; Túnakort 1920


EY-070:017 *Ás* tóftir býli
65°49.737.N 18°12.509.V
"Allbreið mýrarspilda liggur út á milli Ásanna frá Búlandi, nefnist hún Sund. Austan þess eru rústir býlisins Áss, er þar stóð lengi, en hefur verið í eyði um nokkurt skeið." segir í örnefnaskrá Jóhannesar Ó. Sæmundssonar. Í Byggðum Eyjafjarðar l segir svo: "Smábýli syðst í Bakkaásum, áður í landi Pálmholts en nú í landi Búlands. Tóftirnar sjást enn beint vestur af Syðri-Bakka, rétt vestan Bakkavegarins. [...] Frá 1934 í eyði." Í athugasemdum og viðbætum eftir Guðrúnu S. Magnúsdóttur segir: "Ás var smábýli fyrir

norðan Búland. Jóhann Jónsson, bróðir langafa Jóns, mun hafa reist það eftir að hann hætti að mestu búskap [trúlega á seinni hluta 19. aldar]. Það fór í eyði 1936." Eyðibýlið Ás er um 350 m vestan við Syðri-Bakka EY-071:001 og um 1 km NNA við Pálmholt 001. Guðmundur Ólafsson skráði staðinn 1985 og er fornleifin númer 23 í skráningu hans.
"Rústarsvæðið er grasi vaxin, þýfi er vestan við hana, liggur á flatlendi." segir í skráningu Guðmundar Ólafssonar. Eyðibýlið er á grasigrónu sléttlendi fast norðan við sléttað tún sem nú er notað sem hrosshagi.



070:017B

Guðmundur Ólafsson skráði staðinn árið 1985 og ber lýsingu hans í stórum dráttum saman við lýsingu skrásetjara sem hér fer á eftir. Tvær tóftir og ein þúst sjást ennþá á þessu svæði sem er um 50 x 35 m stórt og snýr norður-suður. Engin hólmyndun er greinanleg. Tóft A er um 21 x 13 m stór og snýr NNA-SSV. Tóftin skiptist í þrjú hólf og veggir hennar eru 0,2-0,6 m á hæð og um 2-3 m á breidd. Hólf I er stærst og syðst, um 7 x 12 m að innanmáli og snýr NNA-SSV. Veggir þess eru óljósir og grasigrónir og lítið af grjóthleðslum eru sjáanlegar. Hólf II er frekar skýrt. Það er 3 m norðan við hólf I, um 2 x 3 m að innanmáli og snýr NNA-SSV. Hólf III er um 2 m austan við hólf II og um 3 m NNA við hólf I og er það alveg eins og hólf II. Líklega er þessi tóft af sjálfu íbúðarhúsinu. Hugsanlega hefur það verið timburbyggt þar sem veggir tóftarinnar eru frekar rýrir miðað við að torfbær hafi staðið á þessu svæði nema búið sé að slétta eitthvað úr tóftunum. Tóft B er um 12 m austan við tóft A. Tóft B er líka þrískipt, um 15 x 9 m stór og snýr N-S. Hólf I og II eru ógreinileg og eru veggir þeirra aðeins lágar raðir af grjóti ekki mikið hærri en um 0,4 m. Hólf I er um 2 x 6 m að innanmáli og snýr austur-vestur. Hólf II er 1 m norðan við hólf I og er það um 7 x 4 m að innanmáli og snýr austur-vestur. Enginn greinilegur inngangur er inn í hólf II en trúlega hefur verið gengið inn í hólf I á austurhlið þess um 1 m breiðan inngang. Veggir hólfanna eru aðeins um 1 m á breidd. Hólf III er um 2 m norðan við hólf II. Þetta hólf er öðruvísi. Veggir þess eru torfhlaðnir og lítið rofnir, 0,2-0,6 m á hæð og 2-3 m á breidd. Innanmál þess er um 2 x 1 m og snýr það austur-vestur. Hér er trúlega um útihús að ræða og samkvæmt Ólafi Kjartanssyni, heimildarmanni, höfðu íbúar Áss að minnsta kosti eina kú. Um 4 m sunnan við tóftina er um 0,5 m djúp hringlaga hola sem er um 2 m í þvermál. Hugsanlega hefur hér verið brunnur. Þúst C er um 20 m norðan við tóft B. Hún er grasigróin egglaga hóll sem er um 8 x 6 m stór og snýr NNA-SSV. Mjög óskýr 0,2 m djúp dæld er í miðju hólsins. Dældin er um 3 m á lengd og um 2 m á breidd. Óljóst er hvort um er að ræða tóft, öskuhaug eða bara mykjuhaug.



070:017C

Hættumat: hætta, vegna rofs
Heimildir:Örn.Jóh.Ól., 39; BE l, 425; Guðmundur Ólafsson: Fornleifaskrá Arnarneshrepps 1985; Örn.G.S.M., 1


EY-070:018 garðlag áveita 65°49.179.N 18°13.000.V
"Flóðgarðar, suðaustur af Pálmholti; þar var áveita áður," segir í viðbótum Aðalsteins Jónssonar við örnefnaskrá. Leifar flóðgarða liggja austur-vestur 110-180 m suðaustan, sunnan, suðvestan og vestan við bæ 001.
Flóðgarðarnir liggja um þýfða lyngigróna móa, grasigróið tún í órækt og deigar mýrar.
"Þaðan [þar sem túngirðing Pálmholts beygir til vesturs] kom ný girðing að flóðgarði þeim sem liggur til austurs og vesturs og þaðan í framræsluskurð og síðan meðfram honum suður að læk. Er flóðgarðurinn og skurðurinn síðan taldir landamerki. Flóðgarðarnir voru hlaðnir snemma á þessari öld til áveitutilrauna sem munu ekki hafa gefist vel." segir í örnefnaskrá. Aðeins fundust ummerki um einn langan flóðgarð sem nær yfir um 500 m langt og um 230 m breitt svæði sem snýr A-V. Garðurinn afmarkar svæðið aðeins að sunnan og vestan. Samkvæmt Ólafi Kjartanssyni, heimildarmanni, var vatninu veitt úr Kílnum sem samkvæmt örnefnaskrá er mýrarlækur sem rennur til Suðurs frá Dauðutjörn og þjónar sem landamerki milli Pálmholts 001 og Ytri-Reistarár EY-085:001. Áveitutilraunin tókst ekki sem skyldi en ástæða þess er óþekkt. Í austri endar flóðgarðurinn í framræsluskurði um 370 m suðaustan við bæ 001. Frá skurðinum liggur garðurinn í vestur um 215 m

um deiga mýri áður en hann beygir í norður. Garðurinn liggur í norður um 75 m áður en hann beygir aftur í VNV. Er vestar kemur þornar landsvæðið sem garðlagið liggur um og verður að lyngigrónum móa og svo grasigrónu túni í órækt. Um 260 m vestar beygir svo garðlagið aftur í norður og liggur um grasigróið tún í órækt yfir um 80 m áður en það hverfur undir malarveg um 170 m vestan við bæ. Ekki er hægt að fylgja garðlaginu að Kílnum norðan við veg. Garðlagið er að mestu mjög greinilegt og er það torfhlaðið, 1-1,5 m á breidd, 0,5-1 m á hæð og um 630 m á lengd. Skýrast er það vestan við bæ þar sem þurrast er. Á stöku stað sunnan og suðaustan við bæ er það sokkið í mýri og er þá ekki meira en 0,5-1 m á breidd og minna en 0,5 m á hæð. Fast sunnan og vestan við garðlagið er svo mjög grasigróinn um 0,4 m djúpur skurður þar sem efnistakan fyrir garðlagið fór fram.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:Örn.AJ, 1; Ö-Pálmholt, 1, 2

EY-070:019 heimild um brú 65°48.781.N 18°12.237.V
"Brúarstæði við Pálmholtslæk, ca. 100 m sunnan við Pálmholtsveg; þar var brú yfir lækinn, áður en vegurinn var byggður." segir í viðbótum Aðalsteins Jónssonar við örnefnaskrá. Samkvæmt Ólafi Kjartanssyni, heimildarmanni, var göngubrú um 1200 m SSA við bæ 001 og um 10 austan við malarveg 812 á gömlu þjóðleiðinni um sveitina EY-631:001 á landamerkjum Pálmholts 001 (nú Búlands 2007) og Syðri-Bakka EY-071:001 við suðurmörk Pálmholts. Á veginum voru einnig skráð upphlaðin brú 011 og vað 025
Lækurinn er hér stígvélafær og grýttur, um 3 m á breidd og 0,2-0,3 m á dýpt. Göngubrúin var aðeins vestar á læknum en vað 025. Hér eru bakkar lækjarins 0,3-1 m á hæð en þó er auðvelt að komast upp á báða bakka.
Ekkert sést til brúar.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:Örn.AJ, 1

EY-070:020 frásögn kvíar 65°49.334.N 18°13.161.V
Samkvæmt Ólafi Kjartanssyni, heimildarmanni, voru kvíar frá Pálmholti 001 á svæði um 120 m norðan við bæinn.
Á þessu svæði er nú malarvegur sem liggur austur-vestur norðan við Pálmholt og Búland.
Ekkert sést til minja.
Hættumat: engin hætta


EY-070:021 gerði kálgarður 65°49.512.N 18°12.823.V



Guðmundur Ólafsson skráði kálgarð skammt frá íbúðarhúsi Búlands í skráningu sinni 1985 en í gögnum hans segir um staðinn: "Norðvestur af Búlandi - íbúðarhúsi. Norður af túni fyrir vestan húsið." Fornleifin var númer 24 í skrá Guðmundar. Kálgarðurinn sést enn um 510 m NA við Pálmholt 001 og um 50 m norðan við malarveg sem liggur frá þjóðvegi 1 að Pálmholti og Búlandi.
"Á jafnsléttu, grasi gróið en vestan við þetta er þýfi." segir í skráningu Guðmundar Ólafssonar. Á þessu svæði er þýfður mosa-, grasi- og lyngigróinn mói í brekku sem hallar um 10° í suður.
Gerðið er um 28 x 20 m stórt og snýr NNA-SSV. Það er mjög rofið vegna beitar búfénaðar, um 2,0 m á breidd og 0,4-0,8 m á hæð. Engar grjóthleðslur eru sjáanlegar. Innanmál er um 24 x 16 m. Enginn inngangur er sjáanlegur. Guðmundur Ólafsson skráði staðinn árið 1985 en lýsingu hans ber ekki saman við lýsingu skrásetjara hér að ofan. Samkvæmt Guðmundi var kálgarðurinn helmingi minni og garðlagið óljósara en engar aðrar leifar af kálgörðum sem átt gætu við lýsingar hans fundust á þessu svæði.
Hættumat: hætta, vegna rofs
Heimildir: Guðmundur Ólafsson: Fornleifaskrá Arnarneshrepps 1985 nr. 24

EY-070:022 tóft beitarhús 65°49.647.N 18°13.247.V

Tóft er um 710 m norðan við Pálmholt 001 og um 580 m VSV við Ás 017. Guðmundur Ólafsson skráði hana árið 1985 og er hún nr. 25 í skráningu hans.



"Sunnan og aðeins neðan við þýft svæði. Er á grösugu sléttlendi. Austan við hana er mýri en að sunnan og vestan er grasi vaxið." segir í skráningu Guðmundar Ólafssonar. Á þessu svæði er grösugt deigt sléttlendi sem gróið er fífum og er tóftin vestan og sunnan undir um 3 m hárri brekku sem hallar 10-30° í austur og suður.


Guðmundur Ólafsson skráði staðinn árið 1985 og ber lýsingu hans í stórum dráttum saman við lýsingu skrásetjara sem hér fer á eftir. Tóftin er einföld, um 11 x 6 m stór og snýr austur-vestur. Veggir hennar eru torfhlaðnir og grónir þéttu lyngi, um 2 m á breidd og 0,4-0,5 m á hæð. Engar grjóthleðslur eru sjáanlegar en gengið hefur verið inn í tóftina að austan um 0,5 m breiðan inngang. Tóftin lítur út fyrir að vera mjög gömul en hér er líklega um einhvers konar skepnuhús að ræða, líklega beitarhús fyrir búfénað.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Guðmundur Ólafsson: Fornleifaskrá Arnarneshrepps 1985

EY-070:023 tóft óþekkt 65°49.611.N 18°13.880.V

Tóft er um 490 m VSV við útihúsatóft 022 og um 850 m NV við Pálmholt 001. Guðmundur Ólafsson skráði tóftina árið 1985 og er hún nr. 26 í skráningu hans.



"Á engi, smáþýft er rétt í kringum rústina og fyrir austan hana um 25 m er lítil brekka." segir í skráningu Guðmundar Ólafssonar. Á þessu svæði er að mestu mýri gróin mosa og grófu mýrargrasi en all í kring um tóftina er lyngigróður og smáþýfður mói.


Guðmundur Ólafsson skráði staðinn árið 1985 og ber lýsingu hans í stórum dráttum saman við lýsingu skrásetjara sem hér fer á eftir. Tóftin er greinilega mjög gömul. Hún er gróin lyngi og grasi og er mjög þýfð. Hún hefur verið hlaðin upp úr mýrinni með torfi því engar grjóthleðslur eru sjáanlegar. Tóftin hefur líklega verið tvískipt, hugsanlega þrískipt, og snýr hún N-S. Hún er um 12 x 6 m stór. Veggir tóftarinnar eru 0,4-1 m á hæð og 1-2 m á breidd. Tvö nyrðri hólfin (I og II) eru frekar skýr og hafa þau trúlega verið um 2 x 2 m innanmáli. Hugsanlega hefur verið eitt hólf í viðbót (III) í suðurenda tóftarinnar en það svæði er nú mjög þýft og óljóst hvort um er að ræða hólf eða bara náttúrulegar þúfur. Ef þarna hefur verið hólf hefur það trúlega verið í svipaðri stærð og hin tvö. Greinilegur inngangur í nyrsta hólf I er á austurhlið tóftarinnar og er hann um 0,5 m á breidd. Hugsanlegur 0,5 m breiður inngangur er í hólf II á vesturhlið tóftarinnar en einnig er hugsanlegt að hér sé aðeins um rof vegna búpenings að ræða. Miðað við staðsetningu tóftarinnar og útlit má giska á að hún hafi verið stekkur en ekkert er hægt að fullyrða um það.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Guðmundur Ólafsson: Fornleifaskrá Arnarneshrepps 1985

EY-070:024 tóft stekkur 65°49.585.N 18°13.366.V

Tóft er um 615 m norðan við Pálmholt 001 og um 150 m SV við útihúsatóft 022. Guðmundur Ólafsson skráði rústina í skráningu sinni árið 1985 og er hún nr. 27 í henni.



"Mjög mikið af þúfum en gras fyrir sunnan sem gengur vestur og austur í u.þ.b. 10 m br. smá laut." segir í skráningu Guðmundar Ólafssonar. Á þessu svæði er þýfður grasi- og lyngigróinn mói.

Guðmundur Ólafsson skráði staðinn árið 1985 en lýsingu hans ber ekki fullkomlega saman við lýsingu skrásetjara sem hér fer á eftir. Skrásetjari bætti við einu óljósu hólfi sunnan við tvö skýrari hólfin sem Guðmundur Ólafsson minntist ekki á í sínum lýsingum. Tóftin skiptist í þrjú hólf, og er samtals 11x11 m stór og snýr N-S. Veggir


hennar eru 0,4-1 m á hæð og 1-2 m á breidd. Norðurveggur tóftar er grafinn inn í hlíð lautarinnar og öll þrjú hólf hennar eru mjög grasigróin að innan. Nyrsta hólf hennar (I) er skýrast, um 4 x 2 m að innanmáli og snýr A-V. Hugsanlega hefur verið gengið inn í hólfið á SA-horni þess en eins gæti hér verið um rof vegna búfénaðar að ræða. Hólf II er sunnan við hólf I og er um 1,5 m breiður veggur á milli þeirra. Hólfið er þýft að innan en hefur verið um 3,5 x 3 m á breidd og snýr N-S. Um 0,5 m breiður inngangur er inn í hólfið á suðurhlið þess, nær suðausturhorni hólfsins. Hólf III er mjög óskýrt og hér gæti jafnvel verið um náttúrumyndun að ræða. Hólfið er um 1,5 x 2 m að innanmáli og snýr N-S. Gengið hefur verið inn um timburþil að sunnan ef um hólf er að ræða. Hér getur í mesta lagið hafa verið hólf fyrir 2 hrúta eða 2-3 lömb því tóftin er mjög líklega gamalt beitarhús eða stekkur að mati skrásetjara og kemst Guðmundur Ólafsson að þeirri niðurstöðu í skráningu sinni að líklega sé tóftin stekkur.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Guðmundur Ólafsson: Fornleifaskrá Arnarneshrepps 1985

EY-070:025 frásögn vað 65°48.796.N 18°12.181.V
Samkvæmt Ólafi Kjartanssyni var vað á Pálmholtslæk um 1200 m SSA við Pálmholt 001 og um 75 m austan við malarveg 812. Vaðið var hluti af Gamla veginum EY-631:001 sem lá N-S um sveitina á landamerkjum Pálmholts (nú Búlands 2007) 001 og Syðri-Bakka EY-071:001. Á veginum voru einnig skráðar upphlaðin brú 011 og göngubrú 019.
Á þessu svæði er lækurinn grunnur og stígvélafær, grýttur, 4-5 m á breidd og um 0,2 m á dýpt.
Farið var yfir vaðið á hestum og með kerrur. Bakkar lækjarins eru lágir og auðvelt er að komast upp bæði á norður- og suðurbökkum hans sem eru 0,2-0,4 m á hæð. Þó er aðkoman aðeins auðveldari á norðurbakka en suðurbakka hans. Lítið sést til slóða nú vegna mikils gróðurs norðan við lækinn en sunnan við lækinn er nú sléttað tún.
Hættumat: engin hætta

EY-070:026 þúst óþekkt 65°49.301.N 18°13.175.V
Tveir samsíða garðar 026A og tvær þústir 026B og 026C eru um 80 m NV við bæ 001. Garðlögin eru um 70 m NV við bæ 001 og um 40 m SA við Pálmholtsveg. Guðmundur Ólafsson skráði garðana árið 1985 og eru þeir nr. 28 í skráningu hans. Þúst B er áföst syðra garðlagi A um 10 m vestan við austurenda þess að sunnanverðu. Þústin er um 70 m NNV við bæ 001 og um 100 m NA við tóft 005. Þúst C er um 80 m NV við bæ 001 og um 20 m SA við útihúsaþúst 028, á milli garðlaga A, um 20 m VSV við ANA-enda þeirra.
Mannvirkin eru á sléttlendum grasigrónum bala. "Grasi gróið slétt lendi." segir í skráningu Guðmundar Ólafssonar.
Mannvirkin eru á svæði sem er um 120 m á lengd, um 20 m á breidd og snýr NA-SV. Guðmundur Ólafsson skráði staðinn árið 1985 og ber lýsingu hans í stórum dráttum saman við lýsingu skrásetjara sem hér fer á eftir. Tvö bein samsíða garðlög A liggja ANA-VSV á svæði sem er um 100 m á lengd og um 15 m á breidd. Garðlögin eru bæði um 100 m á lengd, um 2-3 m á breidd og um 10 m eru á milli þeirra. Syðra garðlagið er 0,5-1 m á hæð á meðan nyrðra garðlagið er aðeins lægra eða um 0,5 m á hæð. Garðlögin eru hlaðin úr torfi. Hugsanlega eru þau líka hlaðin með grjóti en hvergi sést í grjóthleðslur á yfirborðinu. Garðlögin hverfa í austri í sléttaðan grasbala. Eystri hluta þeirra hefur trúlega verið ýtt upp í Pálmholtsveg. Í vestri hverfur syðra garðlagið við norðvesturhorn tóftar 005 en nyrðra garðlagið hverfur í vestri í þýft graslendi. Um 50 m austan við tóft 005 er um 5 m breiður vegslóði sem rofið hefur um 8 m breitt gat í bæði garðlög. Hlutverk þeirra er óþekkt. Ef horft er á túnakort passa þeir ekki við teikningar á túngarði Pálmholts á þeim tíma en þó gætu þeir verið e.k. vörslugarðar fyrir heimatún bæjarins, þá hugsanlega yngri en frá 1917. Þúst B er grasigróin og ferköntuð, um 6 x 4-6 m stór og snýr A-V. Þústin er 0,5-1 m á hæð. Dæld er í miðri þústinni og er hún um 0,5 m á dýpt, um 4 m á lengd og um 2 m á breidd. Norðurveggur tóftarinnar er syðra garðlag A. Ekki er ljóst hvaða hlutverki þústin kann að hafa gegnt. Þúst C er torfhlaðin og tvískipt, um 25 x 10-12 m stór og snýr ANA-VSV. Innanmál eystra hólfsins er um 10 x 9 m og snýr það ANA-VSV. Norður- og suðurveggir hólfsins eru garðlög 038. Vestara hólfið er óskýrara og er innanmál þess um 4 x 6-8 m og snýr það NNV-SSA. Suðurveggur hólfsins er syðra garðlag 038 en austur og norðurveggir þess eru ekki hluti af nyrðra garðlagi 038. Engir inngangar eru sjáanlegir inn í hólfin. Hólfin eru um 0,4-1 m á dýpt.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Guðmundur Ólafsson: Fornleifaskrá Arnarneshrepps 1985 nr. 28

EY-070:027 gerði kálgarður 65°49.267.N 18°13.300.V
Gerði er um 25 m vestan við tóft 005 og um 45 m austan við áveitugarðlag 018. Guðmundur Ólafsson skráði það 1985 og er það númer 31 í skrá hans.
Á þessu svæði er sléttlendur grasbali.
Guðmundur Ólafsson skráði staðinn árið 1985 en lýsingu hans ber ekki fullkomlega saman við lýsingu skrásetjara sem hér fer á eftir. Samkvæmt lýsing Guðmundar Ólafssonar á mannvirkinu ætti gerðið að vera mikið minna en engin önnur fornleif fannst á þessu svæði sem passað gæti við lýsingar hans. Norður- og vesturveggir gerðisins eru greinilegir og hefur það líklegast verið utan um kálgarð. Austurveggur hólfsins er lág brekka sem hallar um 30° í vestur. Mannvirkið hefur verið um 18 x 20 m og snýr norður-suður. Veggir hólfsins eru hlaðnir úr grjóti og torfi, um 2 m á breidd og 0,4-1 m á hæð. Gengið hefur verið inn að sunnan en ef garðlag hefur verið á suðurhlið mannvirkisins hefur hann verið fjarlægður að mestu. Ógreinilegar leifar af því sjást við suðausturhorn hólfsins.



Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Guðmundur Ólafsson: Fornleifaskrá Arnarneshrepps 1985


EY-070:028 þúst útihús 65°49.306.N 18°13.209.V
Þúst er um 90 m NV við bæ 001 og um 90 m NNA við fjárhústóft 005 (sjá teikningu við 027).
Á þessu svæði er sléttlendur grasbali.
Þústin er um 14 x 12 m stór og snýr N-S. Hún er grasigróin, um 2,5 x 7 m að innanmáli. Veggir hennar eru 2-4 m á breidd og 0,2-0,6 m á hæð. Veggirnir eru mjög signir og ekkert sést í grjóthleðslur. Mjög líklegt er að tóftin sé af útihúsi. Samkvæmt Ólafi Kjartanssyni, heimildarmanni, voru fjögur útihús á þessum slóðum sem voru byggð úr grjóti, torfi og timbri. Um var að ræða hlöðu, reykingakofa og tvö fjárhús en þeim hefur nú öllum verið rutt upp í og undir Pálmholtsveg. Nyrðra fjárhúsið kallaðist Gíslafjárhús. Ekki er ljóst hvort þúst 028 eru síðustu leifar af einu húsanna en ekki er það ólíklegt. Á túnakorti frá 1917 eru hins vegar aðeins merkt tvö hús á þessum slóðum (sjá einnig 002 og 003) og hafa því tvö af húsunum fjórum líklega verið byggð eftir 1917.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar

EY-070:029 *Lindin* lind vatnsból 65°49.241.N 18°13.100.V
"Lindin var röska hundrað metra í suður frá bænum og er þar enn þótt minnkað hafi í henni vegna uppþurrkana. Hún er enn notuð og hefur vafalaust verið vatnsból í Pálmholti um langan aldur. Í henni var oftast gott vatn." segir í örnefnaskrá. Samkvæmt Ólafi Kjartanssyni, heimildarmanni, var lindin um 60 m sunnan við bæ 001 og um 20 m sunnan við Lindarhól 030.
Á þessu svæði er grasigróið þýft tún í órækt.
Ekkert sést til lindarinnar.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Ö-Pálmholt, 5

EY-070:030 *Lindarhóll* öskuhaugur 65°49.251.N 18°13.104.V
"Lindarhóll var norður af Lindinni [029]. Var hann sýnilega gamall öskuhóll." segir í örnefnaskrá.

Lindarhóll er um 40 m sunnan við bæ 001 og um 10 m vestan við Gamla öskuhól 031.
Á þessu svæði er grasigróið tún í órækt sunnan undir um 2 m hárri brekku sem hallar 25-30° í SSA.
Lindarhóll er um 8 x 5 m stór, 1-2 m á hæð og snýr NNV-SSA. Hóllinn er egglaga og gróinn grasi, arfa og njóla. Samkvæmt Ólafi Kjartanssyni, heimildarmanni, var hluti hólsins notaður sem áburður fyrir þökur.
Hættumat: hætta vegna ábúðar
Heimildir:Ö-Pálmholt, 5.

EY-070:031 *Gamli öskuhóll* öskuhaugur 65°49.251.N 18°13.086.V



"Mýri var austur og suður af Lindinni [020] og þar stendur hóll, nokkuð hár sem nefndur var Gamli öskuhóll en stundum Öskuhóllinn." segir í örnefnaskrá. Gamli öskuhóll er um 10 m A við Lindarhól 030 og um 40 m SA við bæ 001.
"Hann er nú grasi vaxinn." segir í örnefnaskrá. Á þessu svæði er grasigróið tún í órækt sunnan undir um 2 m hárri brekku sem hallar 25-30° í SSA.
Hóllinn er tígullaga, um 16 x 10 m stór, 1-2,5 m á hæð og snýr N-S. Aska sést í grasinu í toppi hólsins sem nú er gróinn grasi, arfa og njóla.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Ö-Pálmholt, 5.

EY-070:032 heimild um fjárhús 65°49.369.N 18°12.940.V
"Norðan við brekku þessa [Hallabrekku] stóðu fjárhús sem nú eru horfin. Við þau var hlaða reist, líklega um 1920. Var hún nokkuð niðurgrafin í móhellubergið sem þarna er undir." segir í örnefnaskrá. Samkvæmt Ólafi Kjartanssyni, heimildarmanni, var fjárhúsið um 240 m NA við bæ 001.
Á þessu svæði er grasigróinn þýfður mói og sléttað tún.
Ekkert sést til leifa af fjárhúsi.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Ö-Pálmholt, 5.

EY-070:033 gripir 65°49.369.N 18°12.940.V
"Norðan við brekku þessa [Hallabrekku] stóðu fjárhús sem nú eru horfin [032]. Við þau var hlaða reist, líklega um 1920. Var hún nokkuð niðurgrafin í móhellubergið sem þarna er undir. Höggvið var í móhelluna með haka. [...] Sveiflaði hann síðan haka sínum og viti menn, kemur ekki peningur í ljós í hakafarinu og síðan fleiri. Var það nokkur sjóður sem reyndist geymdur þarna. Ekki var hann úr vönduðum málmi en að áliti manna nokkuð forn. Hefur þessi atburður alla tíð verið mönnum ráðgáta. Peningarnir munu hafa dreifst smám saman um sveitina og horfið." segir í örnefnaskrá. Samkvæmt Ólafi Kjartanssyni, heimildarmanni, var þessi staður um 240 m NA við bæ 001.
Á þessu svæði er grasigróinn þýfður mói og sléttað tún.
Sjóðurinn er horfinn í dag (2007) og ekki er vitað hvar hann er niðurkominn.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Ö-Pálmholt, 5


EY-070:034 heimild um mógrafir 65°49.630.N 18°12.699.V
"Utarlega í Sundinu er Kollhóll og norður af Búlandi eru svarðargrafir [...]." segir í örnefnaskrá. Samkvæmt Ólafi Kjartanssyni, heimildarmanni, voru mógrafir um 750 m NA við Pálmholt 001 og um 520 m VSV við Syðri-Bakka EY-071:001.
Á þessu svæði er víðáttumikill og þýfður mosa-, grasi- og lyngigróinn deigur mói.
Fyrir tíma Ólafs Kjartanssonar og Kjartans Ólafssonar föður hans var á þessu svæði svarðartekja frá Búlandi og Pálmholti. Ekkert sést til mógrafa.
Hættumat: engin hætta

Heimildir:Ö-Pálmholt, 4

EY-070:035 heimild um leið
Í örnefnaskrá segir: "Pálmholtsvegur liggur utan (norðan) gamla túngarðsins í Pálmholti. Lagður upphaflega á árunum 1944-48. Áður voru þarna götur. Lágu þær þar sem nú er Búlandstúnið, að býlinu Stekkjarholti [...]. Þaðan lágu þær yfir ásinn og að Syðri-Bakka. Vegurinn skipti Pálmholtstúninu í tvennt." Nákvæm staðsetning er óþekkt en hugsanlega er hér um að ræða sömu götu og lýst er í 012.
Á þessu svæði er malarvegur sem liggur A-V frá þjóðvegi 1 að malarvegi 812, sléttuð tún í landi Búlands og þýft graslendi.
Ekkert sést til gatna.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Ö-Pálmholt, 4

EY-070:036 garðlag óþekkt 65°49.363.N 18°12.913.V
Torfhlaðið garðlag er um 240 m NA við bæ 001 á svipuðu svæði og fjárhús 032 stóð áður.
Á þessu svæði er grasigróinn þýfður mói og sléttað tún.
Garðlagið er torfhlaðið, um 2 m á breidd, um 0,5 m á hæð, um 40 m á lengd og liggur VNV-ASA. Garðlagið endar í ASA í skurði og í mjög lágri brekku í mosa- og lyngigrónum móa í VNV. Ekki er vitað hvaða hlutverki þetta garðlag hefur gegnt en einnig er hugsanlegt að hér sé aðeins um rask vegna skurðgraftar að ræða.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar

EY-070:037 tóft stekkur 65°48.851.N 18°12.837.V
Tóft er um 810 m sunnan við Pálmholt 001 og um 5 m ASA við krappa beygju á Pálmholtslæk. Samkvæmt Ólafi Kjartanssyni, heimildarmanni, var þarna stekkur frá Pálmholti.
Tóftin er í smáþýfðu graslendi á norðurbakka Pálmholtslækjar.
Tóftin er einföld, um 10 x 9 m stór og snýr NA-SV. Veggir hennar eru torfhlaðnir og mjög grasigrónir, 0,5-1,5 m á hæð og 2-3 m á breidd en engar grjóthleðslur eru sjáanlegar. Innanmál tóftar er 3 x 1,5 m en hefur þó örugglega verið stærra áður en veggir hennar sigu og urðu þýfðir. Mjög líklega hefur verið gengið inn í tóftina á SV-hlið og svo virðist sem um 1,5 m breidd garðlag hafi verið byggt frá vesturhorni tóftarinnar í SV niður að Pálmholtslæk sem aðhald fyrir búfénað svo auðveldara væri að beina honum inn í tóftina. Inngangurinn er þó mjög ógreinilegur en hefur verið um 0,5-1 m á breidd.



Hættumat: engin hætta

EY-070:038 heimild um útihús
"Um 70 m frá fjárhúsi [trúlega 005] í SV og um 18 m austur af skurði [er rúst]." segir í skráningu Guðmundar Ólafssonar. Rústin er nr. 32 í skráningu hans. Þetta svæði er gróið háu grasi og mjög þýft. Tóftin fannst ekki við skráningu 2007. Guðmundur Ólafssonar lýsir henni sem mjög óljósri og ekki er óhugsandi að einhverjar leifar séu enn um hana þó að þær hafi ekki fundist í óræktinni.
"Þúfur - sléttlendi." segir í skráningu Guðmundar Ólafssonar.
"Þetta er mjög óljóst en virðist vera mannvirki. Veggir eru um 50 cm br. og 40 cm háir. ekki sést í suðurvegg. Ummál er 6x4 m. Innanmál er 4x2 m." segir í skráningu Guðmundar Ólafssonar.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Guðmundur Ólafsson: Fornleifaskrá Arnarneshrepps 1985 nr. 32

EY-070:039 *Friðriksgrafir* frásögn mógrafir 65°49.201.N 18°13.322.V
Samkvæmt Ólafi Kjartanssyni, heimildarmanni, voru mógrafir um 190 m VSV við bæ 001, um 100 m SV við fjárhústóft 005 og um 720 m ASA við Grund EY-085:012.

Á þessu svæði er mjög þýft graslendi.
Samkvæmt Ólafi Kjartanssyni voru grafirnar kallaðar Friðriksgrafir eftir Friðriki frá Grund EY-085:012 (býli í landi Ytri-Reistarár EY-085:001) og voru þær nýttar þaðan. Ekkert sést til mógrafa trúlega vegna einhvers rasks á svæðinu og þúfumyndunar.
Hættumat: engin hætta


EY-070:040 heimild um kálgarð 65°49.356.N 18°13.181.V
Samkvæmt túnakorti frá árinu 1917 var kálgarður um 170 m NNV við bæ 001.
Á þessu svæði er sléttað tún.
Ekkert sést til fornleifa.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Túnakort 1917

EY-070:041 heimild um útihús 65°49.289.N 18°13.159.V
Samkvæmt túnakorti frá árinu 1917 var útihús um 30 m NNA við gamla bæinn í Pálmholti 001.
Á þessu svæði er sléttur grasigróinn grasbali.
Ekkert sést til fornleifa. Hugsanlega gæti hér verið um að ræða smiðju 015 en ekki er hægt að fullyrða það með vissu. Ólafur Kjartansson, heimildarmaður, kannaðist ekki við byggingar á þessu svæði.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Túnakort 1917

EY-070:042 heimild um útihús 65°49.282.N 18°13.136.V
Samkvæmt túnakorti frá árinu 1917 var útihús um 10 m NNA við gamla bæinn 001 og um 20 m sunnan við útihús 041.
Á þessu svæði er sléttur grasigróinn grasbali.
Ekkert sést til fornleifa. Hugsanlega gæti hér verið um að ræða smiðju 015 en ekki er hægt að fullyrða það með vissu. Ólafur Kjartansson, heimildarmaður, kannaðist ekki við byggingar á þessu svæði.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Túnakort 1917

EY-070:043 þúst óþekkt 65°49.205.N 18°13.167.V
Þúst er um 120 m SSV við bæ 001 og um 10 m sunnan við áveitugarð 018.
Á þessu svæði er smáþýft graslendi.
Þústin er aflöng, um 12 x 8 m stór. Hún er í raun mjög þýfður hóll sem snýr VNV-ASA sem er mikið grænni en umhverfið í kring. Hóllinn er 0,4-0,6 m á hæð. Ekki er ólíklegt að hér hafi áður staðið útihús eða heygarður á þessum stað en ekkert er hægt að fullyrða um það.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar

EY-071 Syðri-Bakki



30 hdr. 1712. Gilsbakki byggður úr landi Syðri-Bakka 1944.
1917: 4,8 ha. 3/5 slétt. Sáðreitir 420 m2. 1712: "Jörðin öll kann að fóðra ii kýr, xviii ær, x lömb og i hest... [...] Þessi jörð liggur við sjó og á allan reka fyrir sínu landi... [...] Torfrista er hjer yfirmáta slæm, so annarstaðar verður til að kaupast. Vatnsból er hjer óalmennilega vont og þrotlegt um vetur og ærið langt til að sækja" JÁM X, 122.

EY-071:001 *Syðri Bakki* bæjarhóll bústaður 65°49.728.N 18°12.054.V
Í Byggðum Eyjafjarðar segir svo: "Bærinn stendur nokkuð austan Bakkavegar og nær landið frá merkjum Ytri-Bakka og Bragholts í norðri og suður að Gilsbakka og Búlandi og frá sjó vestur að Kílnum við Ytri-
Reistará." Gamli bærinn á Syðri-Bakka stóð 5-10 m norðan við núverandi íbúðarhús á jörðinni, um 630 m sunnan við Mið-Bakka 006 og um 1200 m norðaustan við Pálmholt EY-070:001.
Á þessu svæði er sléttlent þýft graslendi.
Óljós sléttaður bæjarhóll er rétt greinanlegur fast norðan við núverandi íbúðarhús en hann er egglaga, um 18 x 16 m stór, um 0,4 m á hæð og snýr N-S. Ekkert mannvirki stendur á hólnum en ekki er ólíklegt að núverandi íbúðarhús hafi verið reist á eldri byggingum sem hugsanlega voru áfastar eða við gamla bæinn. Ekki virðist vera niðurgrafinn kjallari í núverandi íbúðarhúsi en einhverju hefur þó örugglega verið raskað á þessu svæði við byggingu nýlegri húsa á svæðinu. Núverandi íbúðarhús var samkvæmt Byggðum Eyjafjarðar I byggt árið 1952 svo trúlega hefur gamli bærinn verið rifinn um það leyti eða stuttu eftir ef hann hefur ekki verið nýttur sem útihús.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Túnakort 1917; BE I, 366

EY-071:002 þúst útihús 65°49.790.N 18°12.037.V
Samkvæmt túnakorti frá árinu 1917 var útihús um 130 m norðan við bæ 001.
Á þessu svæði er nú sléttað tún.
Ekkert sest til fornleifa en þar sem húsið hefur staðið er aflangur hóll í túninu sem er um 25 x 15 m stór, 0,5-1,5 m á hæð og snýr N-S. Nákvæmt hlutverk útihúss er óþekkt en hugsanlega gæti hér verið


um að ræða fjárhús eða hesthús.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Túnakort 1917

EY-071:003 heimild um útihús 65°49.809.N 18°12.035.V
Samkvæmt túnakorti frá árinu 1917 var útihús um 150 m norðan við bæ 001 fast norðan við útihús 002.
Á þessu svæði er sléttað tún.
Ekkert sést til fornleifa en á þessu svæði er aflangur hóll í túninu fast norðan við hól 002 sem er um 35 x 15 m stór, 0,5-1,5 m á hæð og snýr N-S. Nákvæmt hlutverk útihúss er óþekkt en hugsanlega gæti verið hér um að ræða fjárhús eða hesthús.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Túnakort 1917

EY-071:004 heimild um útihús 65°49.719.N 18°12.029.V
Samkvæmt túnakorti frá árinu 1917 var útihús um 25 m SSA við bæ 001. Þetta svæði er 5-10 m austan við núverandi íbúðarhús á Syðra-Bakka.
Á þessu svæði er sléttað graslendi sem hallar um 5° í austurs.
Ekkert sést til fornleifa.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Túnakort 1917


EY-071:005 heimild um útihús 65°49.678.N 18°12.104.V
Samkvæmt túnakorti frá árinu 1917 var útihús um 100 m SV við bæ 001 og um 25 m SV við útihús 002.
Á þessu svæði er sléttað tún.
Ekkert sést til fornleifa.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Túnakort 1917


EY-071:006 *Mið-Bakki* tóftir og garðlag býli 65°50.046.N 18°12.359.V
"Eyðiból eitt er hjer í landinu, sem að nefnst hefur Midbacke. Ekki hefur hjer um lxxx ára tíma bygð verið." segir í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín. "Miðja vega milli Ytri- og Syðri-Bakka mun fyrrum hafa staðið bærinn Mið-Bakki, en hann hefur verið í eyði síðan á 17.öld, eða lengur. Þar sést þó enn fyrir túngarði og tóftaleifum." segir í örnefnaskrá Jóhannesar Ó. Sæmundssonar. Í örnefnaskrá Syðribakka segir: "Utan og ofan við Syðribakka, mitt á milli bæjanna Ytri- og Syðri-Bakka, hefir til forna verið býli, sem heitið hefur Miðbakki. Sést þar glöggt móta fyrir tóftum og túngarði á dálitlum parti, og virðist ennþá vera rækt í jörð þar í kring. Hvenær býli þetta hefir farið í eyði, er mér ekki kunnugt um, en þó virðist allt benda til þess, að það muni hafa verið nokkuð snemma. Býlið hefir lagzt undir Syðribakka." Í Byggðir Eyjafjarðar segir: "Norðan bæjar og vestan Bakkavegar eru miklar og greinilegar rústir af fornbýlinu Miðbakka eða Miðbakkakoti." Býlið Mið-Bakki er fast vestan við Hjalteyrarveg 812, um 20 m NA við Bakkaklauf 043 og um 640 m NNV við Syðri-Bakka 001. Guðmundur Ólafsson skráði býlið 1985 og er það nr. 2-11 og 15 í skrá hans.




"Grösug flöt. Mýrlendi er sunnan við rústina," segir í skráningu Guðmundar Ólafssonar. Býlið er í grasigrónu flatlendi við rætur austanverðra Ásanna og moldarslóði liggur A-V upp á Ásana fast norðan við rústir býlisins. Mosa- og lyngigróinn mói er norðan við býlið en deig rofin mýri sunnan við það. Í skrá yfir friðlýstar fornleifar segir: "Syðri-Bakki. 1. Rústir eyðibýlisins Mið-Bakka svo og leifar af túngarði umhverfis. [...] Skjal undirritað af ÞM 21.12.1983. Þinglýst 05.01.1984." Skráning 2007: Alls fundust ellefu tóftir sem hér verður öllum gefinn bókstafur til

aðgreiningar (A, B, C, D, E, F, G, H, I, J og X) og einn túngarður (K) sem talin eru hafa tilheyrt býlinu Mið-Bakka og er þeim öllum lýst hér að neðan eftir stafrófsröð. Svæðið er samtals um 450 x 200 m að stærð og snýr N-S. Guðmundur Ólafsson fann einnig 11 mannvirki og 1 garðlag í sinni skráningu 1985 en ekki var hægt að tengja þau öll við mannvirkin sem skráð voru 2007. Tóft A (GÓ 1985: Rúst 2): Tóftin er í stórþýfðu graslendi við austurrætur Ásanna um 20 m NA við Bakkaklauf 043. Tóftin er aflöng og er henni skipt í að minnsta kosti 10 hólf. Hún er um 38 x 18 m stór og snýr NA-SV. Veggir tóftarinnar eru vel grasigrónir og torfhlaðnir, eru 2-3 m á breidd og 0,5-1,5 m á hæð. Engar grjóthleðslur eru sjáanlegar en ekki er ólíklegt að þær finnist undir sverði. Hólf I og II eru í suðvesturenda tóftar en hólf I er 2 m NV við hólf II. Hólf I er um 3 x 3 m að innanmáli. Hólf II er um 2 x 2 m að innanmáli. Hólf III er óljóst. Hugsanlega er hér um að ræða aðeins innskot á milli tveggja tófta sem hugsanlega voru tengdar með gangi í NV eða þá að hér hefur verið hólf sem lokað hefur verið af með um 6 m löngu viðarþili að SA. Hólfið er um 6 x 6 m stórt og er norðaustan við og samsíða hólfi II. Í norðurhorni hólfs III hefur hugsanlega verið inngangur inn um suðurhorn hólfs IV. Hólf IV er um 8 m NA við hólf I. Hólfið er um 4 x 3 m stórt og snýr NV-SA. Um 1 m NA við og samsíða hólfi IV er hólf V. Hólf V er um 4 x 2,5 m að innanmáli og snýr það NV-SA. Hólf VI er svo 1 m SA við hólf V. Hólf VI er um 4 x 2 m stórt, snýr NA-SV og er um 2 m NA við hólf III. Hólf IV, V og VI eru öll tengd um 1-1,5 m breið op á NA horni IV, suðausturhorni V og NV horni VI en aðeins hólf IV tengist hólfi III. Hólf VII og IX eru samsíða hólfum V og VI um 2,5 m NV við þau. Hólf VII er NV við hólf IX. Hólfin eru aðeins um 2 x 2 m stórar dældir ofan í tóftina og engir inngangar inn í þau eru sjáanlegir. Um 2 m eru á milli hólfanna. Hólf VIII og X eru svo í NV enda tóftarinnar um 2 m NV við hólf VII og IX. Hólf VIII er 2 m NV við hólf X. Hólf VIII er um 4 x 3 m stórt og snýr NA-SV. Enginn inngangur er sjáanlegur. Hólf X er í sömu stærð en um 1 m breiður inngangur er greinilegur inn í hólfið á miðri suðausturhlið þess. Öll þessi hólf eru frekar óljós vegna hruns úr veggjum, grasvaxtar og þúfumyndunar innan tóftarinnar. Hugsanlega er svo eitt hólf í viðbót utan á aðal tóftinni um 6 m NNV við hólf I. Svæðið er mjög þýft og því óljóst en hugsanlega er þar um 4 x 2 m breitt hólf XI sem snýr NA-SV. Veggir hólfsins eru 1,5-2 m á breidd og mjög signir eða ekki meira en um 0,5 m á hæð. Hugsanlegur 0,5 m breiður inngangur er á NV hlið hólfsins. Þar sem þetta er stærsta og mest áberandi tóftin á svæðinu er líklega sjálf bæjartóftin á Mið-Bakka. Tóft B:








Tóftin er í þýfðri mosa- og lyngigróinni brekku ofarlega austan í Ásunum um 5 m sunnan við Bakkaklauf og um 90 m SSV við tóft A. Tóftin er þó ekki mikið meira en þúst sem er um 11 x 10 m stór og snýr NA-SV. Þústin er egglaga, 0,4-1 m á hæð og vel grasigróin. Hugsanlega má greina eitt hólf í norðurenda þústarinnar sem er um 0,2 m á dýpt, um 3 x 2 m að innanmáli. Líklega hefur verið hér einhvers konar útihús sem vel getur hafa verið tvískipt en hvorki inngangar eða grjóthleðslur eru sjáanlegar vegna hruns og grasvaxtar. Engin lýsing fannst á þessari tóft í skráningu Guðmundar Ólafssonar frá 1985. Tóft C (GÓ 1985: Rúst 3): Tóftin er í grasigrónu flatlendi um 9 m NV við tóft A og fast NA við moldarslóðann sem liggur upp á Ásana frá Hjalteyrarvegi 812. Tóftin er tvískipt og vel grasigróin, um 10 x 10 m stór og snúa bæði hólf hennar NV-SA. Veggir tóftarinnar eru torfhlaðnir og mjög signir, 2-3 m á breidd og 0,4-1 m á hæð. Engar grjóthleðslur eða inngangar inn í tóftina eru sjáanleg. Hólf I er SV við hólf II. Hólf I er um 7 x 2 m að innanmáli. Hólf II er mikið minna eða 3 x 1,5 m að innanmáli. Þessi tóft hefur líklega verið einhvers konar útihús. Tóft D (GÓ 1985: Rúst 4): Tóftin er um 45 m N við tóft A í miðri mosa- og lyngigróinni austurhlíð Ásanna ofan og NV við moldarslóðann frá vegi 812. Tóftin er tvískipt og óvenjulega löng, eða um 19 x 8-10 m að stærð og snýr ANA-VSV. Veggir hennar eru mjög signir og grasi- og lyngigrónir, 1,5-3 m á breidd og 0,4-0,8 m á hæð. Ekkert sést til innganga í tóftina eða




grjóthleðslna í veggjum. Hólf I er frekar óskýrt og er austar en hólf II sem er skýrara. Hólf I er um 12 x 3 m að innanmáli og snýr ANA-VSV en hólf II er aðeins 3 X 2 m að innanmáli og snýr NNV-SSA. Hlutverk tóftar er óljóst. Á þessu svæði skráði Guðmundur Ólafsson fleiri tóftir í skráningu sinni 1985 en skrásetjari fann þær ekki árið 2007. Þar segir: Rúst nr. 4: "I Skáli? og II tótt. [...] 25 m norður af fjárhús eða stekk sem lýst er í nr 3, strax austan og ofan við vegslóða. [...] I. Aflöng rúst um 11 m l. að innan. Br. er um 2 m til endanna og 3 m um miðjuna. Veggjabr. um 1 m og hæð um 40 cm. Suðurhliðin er nokkuð bein með inngang nálægt báðum endum. Norðurhliðin er bogadregin. Í rústinni miðri er dálítil upphækkun. Ekki er þó ljóst hvort þar er um millivegg að ræða. Rétt austan við hann var grafin lítil prufuhola 20x40 cm. Á 35 cm dýpi var komið niður á steina og dökkt lag sem sennilega er gólflag. Það var blandað viðarkolum og br. beinum. Einnig var rauðleitt lag, e.t.v. móaska þar í gólflaginu. [GÓ telur þetta vera skála.] II) Norðan við skála (austur enda hans) er tótt sem er [?] m að ummáli. Í henni eru eitt stórt herb. og eitt mjög lítið herb. Innanmál stærra herb. er 4 x 1,2 m en þess minna 1,4 m x 1 m. Veggir eru um 0,6 m br. og 0,6 m l. Minna herbergið liggur vestan við það stærra. III) Við vesturgafl skála eru ein eða tvær litlar rústir. Gaflinn snýr mót suðri, en það vantar suðurvegg." Eins og áður sagði fundust þær tóftir sem Guðmundur lýsir hér að ofan ekki 2007 en þetta svæði er nú stórþýft og gróið grasi og lyngi svo þær eru trúlega horfnar í þúfur. Tóft E (GÓ 1985: Rúst 6): Tóftin er grasigróinni brekku í austurmynni Bakkaklaufar að sunnanverðu um 80 m SV við tóft A. Tóftin er tvískipt og vel grasigróin, um 8 x 5 m stór og snýr NV-SA. Veggir hennar eru torfhlaðnir og mjög signir, 1-1,5 m á breidd og 0,4-0,6 m á hæð. Gengið var inn á norðvesturenda tóftar um 0,5 m breiðan inngang inn í hólf I sem er um 2 x 2 m að innanmáli. Hólf II er SSA við hólf I, er um 2 x 1,5 m að innanmáli og snýr NA-SV. Hugsanlega hefur verið gengið inn í hólf II um 0,5 m breiðan inngang á ANA hlið hólfsins. Ekki virðist hafa verið gengt á milli hólfa inni í tóft. Tóft F (GÓ 1985: Rúst 8): Tóftin er fast ASA við Hjalteyrarveg 812 í þýfðum grasi- og lyngigrónum móa um 210 m NNA við tóft A. Tóftin er ferköntuð og tvískipt, um 12 x 7 m stór og snýr NNA-SSV. Veggir hennar eru torfhlaðnir, 0,4-1 m á hæð og 1-2 m á breidd. ASA-veggir tóftarinnar eru svotil horfnir eða þá að hugsanlega hefur verið viðarþil eða viðargrindur sem lokuðu af hólfi I er það var í notkun. Hólf I er um 3 x 3 m að innanmáli. Hólf II er minna eða 2 x 1 m á breidd að innanmáli og snýr NNA-SSV. Um 1 m breiður inngangur virðist hafa verið í þetta litla hólf. Engar grjóthleðslur eru sjáanlegar. Hugsanlega er hér um að ræða lítinn kofa og/eða aðhald fyrir fé. Tóft G (GÓ 1985: Rúst 15?): Tóftin er í þýfðum grasi- og lyngigrónum móa við rætur brekku sem hallar um 10° í A um 200 m NA við tóft A. Tóftin er einföld, um 9 x 8 m stór og snýr NNA-SSV. Hún er ferköntuð með ávölum hornum en mjókkar þó örlítið til NNA. Veggir hennar eru torfhlaðnir, 1,5-2 m á breidd, um 1 m á hæð og grónir grasi- og lyngi. Innanmál tóftar er um 4 x 2-3 m. Hvorki sést inngangur né grjóthleðslur í veggjum. Hugsanlega er hér um að ræða einhvers konar aðhald fyrir búpening. Guðmundur Ólafssonar taldi sig sjá fleiri hólf á svæðinu en stórþýft er nú á svæðinu og vel gróið svo ekki var hægt að greina fleiri hólf 2007. Í lýsingu Guðmundar segir:










"Við suðvestur horn túngarðsins (nr. 7) u.þ.b 150 m A frá vegi. [...] Rústin er mjög óljós vegna þess hve þýft er. Rústin virðist hafa nokkra skilveggi innan hennar. Veggir eru 0,6-0,7 m breiðir. Hæð veggja er hæst 0,8 m á austur hlið annars um 0,4 m. Herbergi A: Innanmál 6x6 1/2 m. Herbergi B: Innanmál 2x2 m. Herbergi C: Innanmál 2x3 m. Inngangur er í herbergi C á suður hlið. Minni 2 herbergin liggja við vesturhlið hússins." Í þessari lýsingu er ósamræmi því að ef staðið er við suðvesturhorn túngarðsins er viðkomandi ekki austan heldur vestan við veg. Talið var líklegast að um tóft G væri að ræða því á svæði þar sem Guðmundur taldi suðausturhorn túngarðs vera 1985. Tóft H (GÓ 1985: Rúst 5): Tóftin er í grösugri brekku við austurmynni Bakkaklaufar að norðanverðu um 60 m VSV við tóft A. Rutt hefur verið mold og sandi yfir helming tóftar er moldarslóði var ruddur upp á Ásana. Tóftin var líklega einföld og aflöng, um 7 m á lengd, að minnsta kosti 3 m á breidd og snýr NA-SV. Ytri brún veggja er um 1 m á hæð á meðan innri brún er aðeins 0,5 m. Breidd veggjanna hefur verið um 1,5 m. Enginn inngangur er greinilegur á tóftinni og engar grjóthleðslur eru sjáanlegar í veggjum hennar. Aðeins sjást hluti NA-veggjar og allur SA-veggur tóftar. Tóft I (GÓ 1985: Rúst 7b): Tóftin er í grasigróinni brekku í sunnanverðu mynni Bakkaklaufar um 65 m SV við tóft A. Tóftin er í raun aðeins ógreinileg, 0,5-1,5 m há, ferköntuð þúst. Hún er um 6 x 6 m stór. Leifar vestur-, austur- og suðurveggja eru greinanlegar en ytri hliðar þeirra eru skýrari en þær innri. Veggir hafa verið um 1-2 m á breidd og innanmál þústar um 4 x 3 m. Þústin snýr N-S en engar grjóthleðslur eru sjáanlegar. Tóft J (GÓ 1985: Rúst 10): Tóftin er í þýfðu graslendi austan undir mosa- og lyngigróinni brekku um 200 m SSV við tóft A. Tóftin er ferköntuð, um 12 x 10 m stór og snýr A-V. Innanmál tóftar er 8 x 6 m og er hún mjög þýfð að innan. Veggir hennar eru torfhlaðnir, 2-4 m á breidd og 0,4-1 m á hæð. Um 1 m breiður inngangur er í tóftina á austurhlið við suðausturhorn tóftar. Suðurveggur tóftarinnar er landamerkjagarður EY-070:008 og er tóftin staðsett fast austan við hornið þar sem garðlag K tengist landamerkjagarðinum. Tóftin er líklega einhvers konar aðhald eða gerði fyrir búfénað. Tóft X: Tóftin er á brún brekku sem hallar 20-30° í austur um 50 m austan við Hjalteyrarveg 812 og um 250 m NA við tóft A. Hún er torfhlaðin, um 3 x 2 m stór og snýr NNA-SSV. Engar grjóthleðslur eru sjáanlegar. Veggir tóftarinnar eru 1,5-2 m á breidd og 0,4-0,8 m á hæð en innanmál tóftarinnar er 3 x 2 m. Enginn inngangur er sjáanlegur. Hugsanlega er hér um að ræða heygarð en engar heimildir hafa fundist um þessa tóft. Guðmundur Ólafsson virðist ekki hafa skráð þessa tóft en þó er hugsanlegt að hér sé um að ræða tóft 029. Engar heimildir hafa fundist því til stuðnings. Tóft Z er sama tóft og Guðmundur Ólafsson skráði sem rúst 9. Í skráningu hans segir: Rúst 9: "Fjárhús? og hlaða. [...] Um 100 m suður af býli og aðeins vestar í brekkunni. [...] Fjárhús: Innanmál 9,3 m. Veggirnir eru nokkuð óljósir. Vesturveggur er skýrastur um 0,6 m á br. og 0,3-0,4 m h. Það er líka hliðarveggur á hlöðu fyrir ofan. Minna herb. er við suð-austur horn. Innanmál þess er 2x2 m. Ytrimörk veggja eru nokkuð óljós. Innan frá eru þeir u.þ.b. 0,2-0,3 m háir. Hlaða? Fyrir ofan fjárhús gæti hafa verið hlaða, það er mikið af stórum þúfum inní henni. Innanmál er 7x4 m og mjókkar til endanna." Á þessu svæði hafa myndast gríðarlegar þúfur sem eru nú grónar þykku og háu grasi svo að ómögulegt er nú að segja nokkuð um lag tóftar og vísast þar þess í stað í lýsingu Guðmundar. Túngarður K (GÓ 1985: Rúst 7): Túngarðurinn hefur verið að minnsta kosti um 370 m á lengd alls en hann liggur NNA-SSV í nokkuð beina línu og afmarkar aðeins vesturhlið heimatúns Miðbakka. Alls ekki er ólíklegt að garðlagið hafi áður náð allan hringinn utan um heimatúnið en vegna þúfumyndunar og rasks sést ekki til frekari leifa af honum nú (2007). Túngarðurinn liggur NNA-SSV um þýfða lyngi- og grasigróna móa í austurhlíð Ásanna um 60 m NV við tóft A. Garðlagið kemur í ljós 20-30 m vestan við










Hjalteyrarveg 812 um 150 m norðan við tóft A. Hann er frekar ógreinilegur til að byrja með vegna þúfumyndunar en skýrist svo er kemur upp í hlíðar Ásanna. Hann liðast í SSV í um 150 m áður en hann hverfur vegna rasks og moldarslóða við Bakkaklauf. Garðlagið kemur aftur í ljós sunnan við klaufina um 75 m í burtu um 5 sunnan við tóft I og 10 m austan við tóft E. Garðlagið heldur áfram í suður fast ofan við tóft B í smá boga um 150 m þar sem það endar í landamerkjagarði EY-070:008. Þetta garðlag hefur mjög líklega áður náð heilan óreglulegan hring utan um allar þær tóftir sem skráðar voru á Mið-Bakka en lítið sem ekkert sést í garðlagið neðan við Hjalteyrarveg 812 vegna þúfumyndunar. Þar sem garðlagið sést er það torfhlaðið, 1,5-3 m á breidd, 0,4-1,2 m á hæð og um 300 m á lengd. Garðlagið er á köflum mjög rofið og óskýrt vegna rofs og þúfumyndunar. Engar grjóthleðslur sjáanlegar. Aðeins ein tóft sem Guðmundur Ólafsson lýsir 1985 fannst ekki. Lýsing hans hljómar svo: Rúst 11: "Rúst? einhverskonar útihús. [...] 40 metra sunnan og 38 m austan við Nátthaga [Tóft J] við túngarð (landamerkjagarð). Grösug aflíðandi brekka, nokkuð þýft í kringum rústina. I. þetta er mjög grösugt, með mikið af þúfum norðan og vestan við það. Suðurveggur er túngarður - 2 m br. Innanmál er 10x8 m. S og V veggir eru um 0,8 m br. Norðurveggur er óljósari en virðist breiðari, hann er lægri en hinir sem eru upp undir 1 m háir. Ekki sést vel hvar inngangur gæti hafa verið. II) Óljós hugsanleg rétt austur af rústinni. Ummál þess er 16 x 13 m." Staðsetning tóftarinnar er mjög óljós þar sem að tóft getur ekki verið bæði verið austan og sunnan við sömu fornleifina. Leitað var allt í kring um tóft J en engin mannvirki fundust. Allar þær tóftir sem lýst var hér að hætta, vegna efnistöku ofan virðast vera í svipuðu ástandi og ekki eru nein augljós merki um yngri byggingarstig eða að einhverjar tóftir hafi verið endurnýttar til annars eftir að þær voru upprunalega yfirgefnar.
Hættumat: hætta, vegna efnistöku.
Heimildir: JÁM X, 122; Örn.Jóh.Ól., 36; Ö-Syðribakki, 2; BE.l., 366; Skrá um friðlýstar fornleifar (1990), 48; Guðmundur Ólafsson: Fornleifaskrá Arnarneshrepps 1985

EY-071:007 tóftir óþekkt 65°50.072.N 18°13.167.V
Friðlýst 21.12.1983, þinglýst 5.1.1984. "2. Tættur tvær sunnan undir Bjarnarhól á Bakkaásum." Í grein í Heimaslóð eftir Helga Hallgrímsson segir: "Sunnan undir honum [Bjarnarhól] eru tvær tættur, önnur dálítið einkennileg og minnir á lítið völundarhús, en hin gæti verið af stekk. Eftir gróðri að dæma eru þær báðar mjög gamlar." Tvær tóftir og hugsanlegt gerði eru um 1000 m NV við Syðri-Bakka fast utan í SSV hlíð Bjarnarhóls 008 og um 1500 m NNA við Pálmholt EY-070:001. Guðmundur Ólafsson skráði tóftirnar undir númerinu 1a-c.



"Grösug hlíð að norðan og vestan, þýfðir móar að sunnan og austanverðu." segir í skráningu Guðmundar Ólafssonar. Tóftirnar tvær eru í sléttu graslendi utan í SSV hlíð Bjarnarhóls 008.
Guðmundur Ólafsson skráði staðinn árið 1985 og ber lýsingu hans á tóft A og holu C (mannvirki 1b og 1c í lýsingum Guðmundar) í stórum dráttum saman við lýsingu skrásetjara sem hér fer á eftir. Lýsing hans á tóft B (1a) er öðruvísi en trúlega er hér aðeins um að ræða mismun í huglægu mati skrásetjara á því hvernig hægt er að túlka þúfurnar í tóftinni sem mjög erfitt er að lýsa. Tvær tóftir og gerði (A og B) ásamt einni holu (C) voru skráð 2007 á svæði sem er um 50 x 40 m stórt og snýr A-V. Tóft A er tvískipt, um 9 x 6-8 m stór og snýr NNA-SSV. Veggir tóftarinnar eru torfhlaðnir, 1-2 m á breidd og 0,4-1 m á hæð. Tóftin er gróin grasi- og lyngi og engar grjóthleðslur eru sjáanlegar. Inngangur er í tóftina inn í hólf I á SSV-enda hennar og er hann um 0,5 m á breidd. Hólf I er um 2 x 3,5 m að innanmáli og snýr VNV-ASA. Gengið hefur verið inn í hólf II úr NNA-verðu hólfi I en enginn inngangur er sjáanlegur á útvegg. Hólf II er 1 x 2 m stórt og snýr einnig VNV-ASA. Ekki er ólíklegt að hér sé um stekk eða e-s konar aðhald fyrir búpening að ræða. Um 2 m sunnan við SSA horn tóftar A er hola C. Holan er hringlaga, um 1 m í þvermál og um 0,3 m djúp. Hún er nú full af berjalyngi. Tilgangur hennar er óljós en hugsanlegt er að hér sé um brunn að ræða eins og Guðmundur Ólafsson getur sér til í lýsingu sinni. Tóft og gerði B eru um 9 m SA við tóft A. Erfitt er að átta sig á innra lagi mannvirkis B vegna hruns og þúfumyndunar en það er ferkantaður hóll með ávöl horn sem er um 11 x 10 m stór og snýr NV-SA. Með góðum vilja má í hólnum sjá torfhlaðið gerði meðfram brún hólsins þétt umhverfis litla tóft sem snýr NV-SA. Innanmál gerðisins er 8 x 6 m og hugsanlegur 0,5 m breiður inngangur er inn í það á suðausturhlið

þess en þó gæti hér einnig aðeins verið um að ræða rof vegna beitar búpenings. Gerðisveggurinn er 1,5-2 m á breidd og 0,5-1 m á hæð. Tóftin innan í gerðinu er ógreinileg. Hún er líklega einföld, um 6 X 5 m stór og snýr NV-SA. Hugsanlegur 0,5 m breiður inngangur er á norðvesturenda tóftar. Innanmál tóftarinnar er 2,5 x 1,5 en veggir hennar eru um 1 m á breidd og 0,4-0,6 m á hæð. Engar grjóthleðslur eru sjáanlegar. Þessi lýsing á tóftinni er ekki endilega sú rétta þar sem mjög erfitt er að sjá út byggingu í öllum þúfunum og hlutverk þessa mannvirkis er óljóst. Líklegast er hér um að ræða leifar af einhvers konar útihúsi útlitið minni um margt á bænhús. Ekkert annað styður þá hugmynd hins vegar enda eru rústirnar langt frá bænum og of umfangslitlar til að vera taldar af sæmilega stæðilegum bæ. Engin þekkt þjóðleið liggur neinstaðar nálægt tóftinni. Hér er mjög líklega um svipað byggingarstig tófta að ræða en frekari rannsókna er þörf ef skera á úr um það með einhverri vissu.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Skrá um friðlýstar fornleifar (1990), 48; HH: "Huldufólksstaðir og aðrir átrúnaðarstaðir í Arnarneshreppi í Eyjafirði" Heimaslóð 13-15 árg, 115; Guðmundur Ólafsson: Fornleifaskrá Arnarneshrepps 1985

EY-071:008 *Bjarnarhóll* heimild um legstað 65°50.110.N 18°13.193.V
Í örnefnaskrá Jóhannesar Sæmundssonar segir: "Þar sem Bakkaásar eru hæstir er hinn geisistóri [svo] Bjarnarhóll í 94 m hæð frá sjávarmáli. Þar á að vera heygður fornmaður í skipi sínu. Hefur oftsinnis verið reynt að grafa í hól þennan, en aldrei tekizt, því að einhverjir af bæjum nágrennisins hafa jafnan virzt standa í ljósum loga, jafnskjótt og einhver hefur hafizt handa um að kanna hólinn." Í Sýslu- og sóknarlýsingum Eyjafjarðarsýslu segir: "Arnarhóll er í Arnarneslandi, en Bjarnarhóll í Syðribakkalandi, sem eru gamlir haugar." Bjarnarhóll er um 1100 m NV við Syðri-Bakka 001 og um 1550 m N við Pálmholt EY-070:001.
Bjarnarhóll er náttúrulegur egglaga malarhóll sem snýr NNV-SSA. Hóllinn er 6-8 m hár, um 200 x 100 m stór. Bjarnarhóll er rofinn á toppnum en hlíðar hans eru mosa- og lyngigrónar. Hóllinn er í mjög þýfðum mosa- og lyngigrónum móa.
"Biarnarhóll, á Ásunum norðurundan Palmholte stendur eíns og hinn á flatri, þyfdri Iördu, eíns án allra siáannlegra Gyrdínga, vídur niður, enn uppmiór eins og uppmokadur verid hafi. I þennan Haug er talad Biarni nockur hafi nidursettur verid, edur Heigdur umm hvers Stand, edur Ásigkomulag, eg eckert uppspurt fæ." segir í Frásögur um Fornaldarleifar II. "Þar sem Bakkaársar eru hæstir er hinn geysistóri Bjarnarhóll, í 94 m hæð frá sjávarmáli. Þar á að vera heygður fornmaður í skipi sínu. Hefur oftsinnis verið reynt að grafa í hól þennan, en aldrei tekizt, því að einhverjir af bæjum nágrennisins hafa jafnan virzt standa í ljósum loga, jafnskjótt og einhver hefur hafizt handa um að kanna hólinn. Bjarnarhóll er á miðjum Bakkaásum, um 10-15 m hár yfir umhverfi sitt og allbreiður, flatur að ofan og lítt gróin, en með algrónum hliðum. Uppi á honum er dálítil grjóthrúga, vaxin grasi og mosa. Gæti verið leifar af vörðu, eða uppmokstur úr gryfju. Hóllinn mun vera úr jökulruðningi, eins og Bakkaásar, og tilheyrir því sömu jarðmyndun." segir í Huldufólksstöðum og öðrum átrúnaðarstöðum. Ekkert sést til kumla eða grafa og ólíklegt er að slíkar fornleifar finnist í sjálfum Bjarnarhólnum þar sem hér er um náttúrulegan malarhól með frekar sléttlendar og lítt grónar hlíðar að ræða.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:Örn.Jóh.Ól. 36; FF II, 548; SSE, 108; HH: "Huldufólksstaðir og aðrir átrúnaðarstaðir í Arnarneshreppi í Eyjafirði" Heimaslóð 13-15 árg, 116-7

EY-071:009 *Dysnes* heimild um legstað 65°49.240.N 18°11.437.V
"Sunnan við tjörn þessa [Bakkatjörn] eru tvö lítil nes. Heitir hið ytra Litlanes en hitt Dysnes, eða Dysjarnes. Hafa sést mannabein standa þar fram úr bakkanum." segir í örnefnaskrá Jóhannesar Ó. Sæmundssonar. Í örnefnaskrá Syðribakka segir: "Heitir nyrðra nesið Litlanes, en hið syðra Dysnes. Heyrt hefi eg, að ekki alls fyrir löngu hafi bein sézt standa þar fram úr


Dysnes 071:009, horft í NNA


bakkanum. Voru það álitin mannabein. Er sennilegt, að einhver hafi verið heygður þar í fornöld, enda bendir nafnið til þess, að svo hafi verið." Dysnes er um 1000 m sunnan við bæ 001 og um 700 m sunnan við verbúðir 040.
Á nesinu er þýfður mói og rofabörð vestan við malarfjöru.
Hér og þar á svæðinu eru háar og aflangar rofnar púfur sem gætu hugsanlega líkst dysjum en engin mannabein eru sjáanleg.
Hættumat: hætta, vegna vatnsaga
Heimildir:Örn.Jóh.Ól., 36; Ö-Syðribakki, 2

EY-071:010 *Bygghóll* örnefni akur 65°48.918.N 18°11.468.V
"Sunnan Dysjarness [009] er Pollnaustavík. Þaðan er skammt suður að Bygghóli. [svo] sem er rétt við Pálmholtslækinn. [...] Mýrarsundið norðan við Bygghólinn heitir Bygghólsenni." segir í örnefnaskrá Jóhannesar Ó.Sæmundssonar. Í örnefnaskrá Syðribakka segir: "[...] sunnan við hana [Pollsnaustavík] er allhár hóll, sem Bygghóll heitir. Er hann rétt norðan við, þar sem Reistaráin (sem þar heitir Pálmholtslækur) fellur til sjávar. Af hverju Bygghóllinn dregur nafn, er mér ekki fullkunnugt. Þó er sennilegt, að þar hafi bygg verið ræktað í fornöld. Þó sjást engar menjar eða mannvirki, sem benda til slíks." Bygghóll er um 1500 m sunnan við bæ 001 og um 100 m SV við tóft 026 fast norðan við Pálmholtslæk.
Bygghóll er um 1-5 m hár náttúrulegur hóll þakinn mosa- og lyngigróinn þýfðum móa.
Ekkert sést til ummerkja um akuryrkju á hólnum.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Örn.Jóh.Ól., 36; Ö-Syðribakki, 2

EY-071:011 *Pollnaustavík* gryfja naust 65°49.124.N 18°11.499.V
"Sunnan Dysjarness er Pollnaustavík. Þaðan er skammt suður að Bygghóli [010] [svo] sem er rétt við Pálmholtslækinn. [...] Mýrarsundið norðan við Bygghólinn heitir Bygghólsenni," segir í örnefnaskrá. "Við ströndina um 80 m sunnan við Dysnes [009] þar sem heitir Pollsnaustavík og Pálsnaustavík. [...] Bóndinn á Gilsbakka kallaði þessa vík Pollsnaustavík eða Pálsnaustavík, [...]." segir í skráningu Guðmundar Ólafssonar nr. 56. Pollnaustavík er um 880 m SSV við Norsku bryggjuna 040 og um 1200 m sunnan við bæ 001.
"Skorningur inn í ströndina með um 2 m háum grösugum bökkum til beggja hliða. Lækjarsytra seytlar í tjörnina úr mýri sunnan og ofan við hana," segir í skráningu Guðmundar Ólafssonar. Á þessu svæði er náttúrulegur skorningur eins og Guðmundur Ólafsson lýsir hér að ofan. Skorningurinn er um 13 x 13 m stór og um 0,5-1,5 m djúpt rofabarð inn í grasigróna þýfða strandlengjuna.
Í skráningu Guðmundar Ólafssonar er staðnum lýst á eftirfarandi hátt: "Um 10 m innan við sjávarkambinn er lítil tjörn um 4x7 m í þvm. Sunnan við hana er a) um 10x4,5 m stór rúst að innanmáli. Hún þrengist við munnann þar sem hún er 3 m br. og snýr niður að tjörninni. Veggir eru ógreinilegir. E.t.v. er rústin aðeins grafin niður. Nú er hún um 40-50 cm djúp, og hallar nokkuð niður til norðurs að tjörninni, [...]." Lítið er við þessar lýsingar Guðmundar að bæta. Hér er trúlega um niðurgrafna gryfju að ræða sem snýr A-V, en botn hennar hallar til A og er inngangur einnig á A hlið hennar. Hugsanlega hefur þarna verið uppsátur fyrir báta bæði í gryfjunni og í tjörninni sjálfri norðan við gryfjuna.
Hættumat: hætta, vegna rofs
Heimildir:Örn.Jóh.Ól., 36; Guðmundur Ólafsson: Fornleifaskrá Arnarneshrepps 1985 nr. 56

EY-071:012 tóftir verbúð 65°49.138.N 18°11.472.V
"Sunnan Dysjarness [009] er Pollnaustavík [011]. Þaðan er skammt suður að Bygghóli [010]. [svo] sem er rétt við Pálmsholtslækinn. [...] Mýrarsundið norðan við Bygghólinn heitir Bygghólsenni," segir í örnefnaskrá. "Við ströndina um 80 m sunnan við Dysnes, þar sem heitir Pollsnaustavík og Pálsnaustavík," segir í skráningu Guðmundar Ólafssonar nr. 56. Tvær tóftir eru við Pollnaustavík um 880 m SSV við Norsku bryggjuna 040 og um 1200 m sunnan við bæ 001.
"Skorningur inn í ströndina með um 2 m háum grösugum bökkum til beggja hliða. Lækjarsytra seytlar í tjörnina úr mýri sunnan og ofan við hana, [...]." segir í skráningu Guðmundar Ólafssonar. Á þessu svæði er náttúrulegur skorningur eins og Guðmundur Ólafsson lýsir hér að ofan. Sjávarbakkinn er hér þýfður og grasigróinn ofan við grýtta fjöru.

Tvær tóftir eru á um 16 x 5 m stóru svæði sem snýr N-S fast vestan (ofan) við fjöru. Í skráningu Guðmundar Ólafssonar er staðnum lýst á eftirfarandi hátt: "b) Norðan við tjörnina er lítil rúst um 4x4 m að innanmáli. A-gafl er alveg við sjávarbakkann og er að byrja að rofna af ágangi hans. Inngangur er á V-hlið. Veggir eru allgreinilegir, sumstaðar allt að 60 cm háir. c) Norðan við b) er rúst sem snýr niður að sjó. A-gafl er opinn, eða þá eyddur af sjávarágangi. Rúmlega 10 m norðan við c) er lítil hola um 1 m í þvm. sem gæti verið brunnur?" Lítið er við þessar lýsingar Guðmundar Ólafssonar að bæta. Veggir tóftanna eru allir torfhlaðnir en engar grjóthleðslur eru sjáanlegar. Tóftir b og c eru tvö samföst hólf á ströndinni sem snúa N-S og eru tóftirnar mjög rofnar og ógreinilegar. Girðing liggur nú N-S yfir vesturhluta tóftanna. Holan fannst ekki.



Hættumat: stórhætta, vegna rofs

Heimildir:Örn.Jóh.Ól., 36; Guðmundur Ólafsson: Fornleifaskrá Arnarneshrepps 1985

EY-071:013 *Kumblholt* örnefni legstaður 65°48.962.N 18°11.544.V

"Mýrarsundið norðan við Bygghólinn [010] heitir Bygghólsenni. Það nær að Kumblholti." segir í örnefnaskrá Jóhannesar Ó. Sæmundssonar. "Nýbýlið Gilsbakki stendur við Pálmholtslækinn, þar sem áður hét Kumblholt." segir í örnefnaskrá Pálmholts. "Þessi jörð [Gilsbakki] var byggð úr landi Syðri-Bakka 1944, og á land niður með Pálmholtslæknum [...]." segir í BE I. Í örnefnaskrá Syðribakka segir: "Syðst í landi þessarar jarðar, meðfram læk, sem ræður merkjum milli Hvamms [EY-088] og Syðribakka, er hæðarholt, lyngi vaxið, sem heitir Kumlaholt. Ef til vill er nafnið dregið af heykumli, sem sett hefur verið þar saman." Kumblholt er um 1500 m SSA við Syðri-Bakka 001 og um 1300 m ASA við Pálmholt EY-070:001.

Á Kumblholti er nú sléttað tún umhverfis íbúðarhúsið á Gilsbakka og þýfður mosagróin mói og malarbörð á austurbrún þess utan við tún.

Í skrá sinni um Arnarneshrepp lýsir Guðmundur Ólafsson meintum dysjum (nr. 55) uppi á holtinu, um 100 m norðan við Bygghól. Helgi Hallgrímsson nefnir þennan stað einnig í sinni skrá og telur holtið vera Kumlholt. Hinar meintu dysjar eru um 60 m norðan við tóft á Bygghóli (sjá EY-071:010 og 038). Lýsing Guðmundar hljómar svo: "Í rúmlega 50 m langri röð fremst á brekkubrún eru 4-5 þústir, 6-8 m í þvermál. Búið er að grafa holu í miðju flestra þústanna. Lega þeirra er næstum N-S. a) Hola um 1x2 m og 40 cm djúp er í miðja þúst. Allmargir steinar eru þar sýnilegir 20-40 cm í þvm. b) Hola 40 cm x 100 cm og 0,5 m djúp er grafin þar í miðju. c) 0,4 x1,0 m hola, 0,2 m djúp í miðju, annars er óvíst hvort þetta sé dys eða eitthvað annað. Strax þar norðanvið er 5 m br. uppblásið svæði. Syðst og vestast í því eru nokkrir steinar sem gætu hugsanlega verið lagðir til. d) Norðan við uppblásna blettinn þar er lítil hola um 30 cm djúp í miðju. Milli d og e er dráttarvélavegur. e) Nyrsta þústin er 4x5 m í þvm og í miðju 0,2 m djúp 0,2-0,4 m br hola. Þústirnar eru að jafnaði um 30-40 cm hærri en umhverfið. Austurbakkinn er þó hærri þar sem hann er á brekkubrún," segir í skráningu Guðmundar Ólafssonar. Ekkert er hér við lýsingu Guðmundar að bæta en þetta svæði er orðið mjög þýft og óljóst. Engar heimildir hafa fundist um kumlafundi í þessum þústum eða nokkur staðar annarsstaðar á holtinu og óljóst er hver hefur grafið allar þessar holur. Þar sem engin raunveruleg kuml hafa fundist á holtinu er ekki víst að heiti þess tengist nokkuð fornum gröfum. Í örnefnaskrá Syðribakka er talið hugsanlegt að nafnið sé dregið af heykumli eða heystæði og telur Ólafur Kjartansson, heimildarmaður frá Pálmholti, að þar hafi hugsanlega áður verið heykuml. Engin heykuml fundust þó heldur á svæðinu en ekki er ólíklegt að slík mannvirki hafi verið byggð á holtinu á einhverjum tímapunkti. Adolf Friðriksson skoðaði svæðið 6.júní 2006 og segir í dagbókarfærslu hans: “neðan túns er mói, stórþýfður, þar eru götur, efst á brún móans, áður en landið lækkar í brekku niður að sjónum eru kumlin. Í röð frá N til S, og holurnar í þeim eru sumar aflangar, með sömu stefnu. Grjót er í syðstu kumlunum 2. Rofskallar eru á milli, grónir. Annars eru þetta dálitlir haugar, a.m.k 3-4, sennilega 6, og jafnvel tvöföld röð að hluta. Meint kuml eru stutta gönguleið frá nýbýlinu, stutt er að ánni sem er á merkjum við Sjávarbakka. RL og HG gerðu könnunargröft í ágúst 2006. Athugun leiddi í ljós það sem virtist vera rænt kuml og fundust þar hælbein úr manni og rónaglar og virðist sem um kuml sé að ræða. Fullnaðarrannsókn er ekki lokið. Ljóst er að fleiri kuml eru umhverfis og kunna sum þeirra jafnvel að vera óröskuð.


Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir:Örn.Jóh.Ól., 36; Ö-Pálmholt, ; BE I, 372; Ö-Syðribakki, 3; Guðmundur Ólafsson: Fornleifaskrá Arnarneshrepps 1985; Heimaslóð 13-15 árg, 116-7, Dagbók Adolf Friðrikssonar, Hildur Gestdóttir, munnleg heimild, 9.9. 2008

EY-071:014 gata traðir 65°49.754.N 18°12.310.V
Traðir hafa legið frá malarvegi 812 í ASA heim að bæ 001. Traðirnar sjást utan við tún um 100 m VNV við bæ en hverfa í sléttað tún sem er fast vestan við bæ og sjást ekki við bæjarhól. Engar traðir heim að Syðri-Bakka eru sýndar á túnakorti frá árinu 1917.
Traðirnar liggja um þýfðan mosa- og lyngigróinn móa.
Traðirnar eru upphlaðnar úr torfi, 4-5 m á breidd, 0,2-0,4 m á hæð og um 115 m á lengd. Traðirnar eru mjög þýfðar og grasigrónar en þær enda í ASA við gamalt timburhlið í girðingu vestan við sléttað tún og í VNV við malarveg 812. Trúlega hafa þær legið alveg heim að bæ en um 80 m langur hluti traðanna næst bæ hefur verið sléttaður í tún.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar

EY-071:015 *Sjóarlind* heimild um vatnsból
"Sunnan og neðan við túnið á Syðri-Bakka er Heybandslaut, og nær hún niður á svonefnd Höll. Norðan við Heybandslaut er uppsprettulind, sem heitir Sjóarlind, [...]." segir í örnefnaskrá. Nákvæm staðsetning lindarinnar er óþekkt.
Á þessu svæði er kargaþýft graslendi í órækt austan undir brekku sem hallar um 25° í austurs.
Enginn heimildarmaður fannst sem kannaðist við Sjóarlind. Ekkert sést til fornleifa.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:Örn.Jóh.Ól., 37

EY-071:016 *Kvíasund* tóftir+garðlag kvíar 65°49.706.N 18°12.252.V



"Sunnan og ofan við túnið er Kvíasund," segir í örnefnaskrá Jóhannesar Ó. Sæmundssonar. Líklegt er að Kvíasund dragi nafn sitt af kvíum í nágrenninu. Lítið er vitað um kvíarnar en hugsanlegt er að tóftir og garðlag sem eru um 160 m vestan við bæ 001 og um 640 m sunnan við Mið-Bakka 006 séu umrætt mannvirki ásamt umfangsmiklum nátthaga (sjá einnig 018).
Á þessu svæði er smáþýfður grasi- og lyngigróinn mói.
Rústir á þessu svæði eru afar óljósar og erfitt að átta sig á útliti þeirra á jörðu niðri. Þó virðist sem gerði hafi umlukið svæðið. Gerðið a) var 130 x 30-60 m stórt og snýr NNA-SSV. Mjög líklegt er að hér sé um að ræða leifar nátthaga. Veggir þess eru trúlega aðeins torfhlaðnir en í raun mjög signir og ógreinilegir, um 3-5 m á breidd og um 0,2-0,4 m á hæð. Norðurveggur gerðisins virðist vera torfhlaðin heimreið Syðri-Bakka 014 sem liggur austur-vestur en þó er einnig hugsanlegt að heimreiðin hafi verið byggð seinna ofan á vegg gerðisins. Í suðurenda gerðisins má greina litla tóft b). Þar sést þó aðeins egglaga þúst sem snýr NA-SV og er um 14 x 6 m stór og 0,5-1 m á hæð. Í miðri þústinni er aðeins rofabarð en í barðinu glittir þó í vegghleðslur. Hér gæti verið um kvíar að ræða. Í miðju gerði a) má á loftmynd einnig greina minna gerð eða tóft c). Það var ferkantað, um 20 x 12 m stórt og snýr A-V. Hlutverk þessa mannvirkis er óþekkt en mjög líklega hefur hér verið e-s konar aðhald fyrir búpening. Frá norðausturhorni hins eiginlega gerðis má greina óljósan hrygg sem liggur í um 70 m til ASA inn í slegin tún. Þar virðist hryggurinn beygja og liggur þvínæst í 60 m til suðurs áður en hann beygir aftur til SSV og liggur í 55 m áður en hann fjarar út um 70 m austan við suðurodda aðalgerðisins (a). Þessi ummerki eru mjög óljós.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:Örn.Jóh.Ól., 37

EY-071:017 *Brunnhall* örnefni brunnur
"Utan og neðan við tún er Brunnhall, [...]." segir í örnefnaskrá Jóhannesar Ó. Sæmundssonar. Örnefnið

gefur til kynna að brunnur hafi verið á þessu svæði en enginn brunnur fannst á þessu svæði og enginn heimildarmaður fannst sem þekkti nákvæma staðsetningu hans.
Hættumat: hætta vegna ábúðar
Heimildir:Örn.Jóh.Ól., 37

EY-071:018 heimild um býli
Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín segir: "Gerði er hjer nokkurt í landinu, sem enn nú sýnileg merki tilsjást af girðíngum og tóttarleifum, sem menn halda þrælsgerði." Þessar tóftir fundust ekki því nákvæm staðsetning er óþekkt. Hugsanlegt er að hér sé um að ræða gerðið og tóftirnar í Kvíasundi 016 en enginn heimildarmaður fannst sem gat hrakið eða staðfest þá hugmynd.
Heimildir:JÁM X, 122-123


EY-071:019 *Bakkagerði* bæjarstæði býli 65°49.539.N 18°11.945.V
"Bærinn stóð beint suður af Syðri-Bakka og var jörðin byggð úr landi Syðri-Bakka um 1870. Þar var þurrabúð uns búskapur hófst þar 1925. Tóftir sjást þarna enn. Fór í eyði 1966, [...]." segir í Byggðir Eyjafjarðar I. Sumarbústaðurinn Bakkagerði er nú (2007) á þessu svæði um 350 m sunnan við bæ 001 og um 1000 m austan við Pálmholt EY-070:001. Guðmundur Ólafsson skráði bæinn árið 1985 og er hann nr. 58 í skrá hans.
"Í Halla eða aflíðandi brekku í túnsléttu," segir í skráningu Guðmundar Ólafssonar. Á þessu svæði er sléttað tún sem hallar um 5° í A og skógræktarland umhverfis timburbyggðan sumarbústað.
Lítið sem ekkert er eftir af býlinu á þessu svæði þar sem búið er að sléttað það í tún, gróðursetja mikið af trjám og byggja sumarbústað svo nákvæm staðsetning býlisins er óþekkt. Einu leifarnar sem sjást og gætu hugsanlega verið hluti af býlinu eru annars vegar garðlag sem liggur til vesturs í um 25 m frá sumarbústað og hins vegar um 50 m langt garðlag (austur-vestur) og óljós dæld í túni á svæði sem er um 50 x 50 m að stærð fast norðaustan við sumarbústað. Í skráningu Guðmundar Ólafssonar er fornleifunum lýst á eftirfarandi hátt: "Ferhyrnd hola um 3x3 m í þvermál og 40 cm djúp. E.t.v. er þetta bara rotþró frá sumarbústað, en e.t.v. hefur þetta tilheyrt Bakkagerðiskoti. Engar minjar aðrar sjást með vissu umhverfis bústaðinn. Hugsanlega má með góðum vilja greina upphækkun sunnanvið og vestanvið sumarbústaðinn en ekkert óyggjandi. Um 3 m br. og 1,5 m hár skjólgarður gengur í vestur frá bústaðnum um 30 m og annar garður e.t.v. landamerkjagarður 2 m br. og 0,5 m hár liggur um 70 m norðan við bústaðinn til austurs niður að sjó." Tré hafa verið gróðursett ofan á garðlagið sem Guðmundur telur vera landamerkjagarð og hann er nú aðeins sjáanlegur á um 40 m bili frekar en alveg niður að sjó eins og Guðmundur lýsir því þar sem það svæðið utan við tún er nú hlaupið í grófar þúfur. Garðlagið byrjar um 40 m norðan við sumarbústað, liggur um 40 m í ANA og hverfur svo í þúfur utan við girðingu umhverfis skógræktarlandið og bústaðinn. Þetta garðlag hefur trúlega verið sléttað en hér er mjög líklega um garð á landamerkjum Syðri-Bakka og Bakkagerðislands að ræða eins og Guðmundur Ólafsson heldur fram frekar en leifar túngarðs utan um heimatún býlisins. Hugsanlegar leifar garðlagsins sjást ógreinilega á loftmynd utan við tún austar niður við sjó sem styrkir líkur á því að hér sé um landamerkjagarð að ræða. Skjólgarðurinn upp við sumarbústaðinn er trúlega ekki fornleif og óljóst er hvort holan sem um ræðir er hluti af gamla býlinu eður ei. Ekki er útilokað að leifar býlis finnist undir sverði á svæðinu en óljóst er hvar byrja ætti að leita þar sem enginn bæjarhóll er greinanlegur.
Hættumat: stórhætta, vegna ábúðar
Heimildir:BE l, 425

EY-071:020 heimild um óþekkt
Tóftir eru "Um 100 m vestan vegar." segir í skráningu Guðmundar Ólafssonar nr 95. Þessar tóftir fundust ekki við skráningu sumarið 2007 þó að gengið væri um allt svæðið. Þær hafa líklega horfið í stórþýfi og rof.
"Neðarlega í stórþýfðum móum vestan við mýrina sunnan við Bakkaklauf." segir í skráningu Guðmundar Ólafssonar.
Lýsing Guðmundar Ólafssonar hljómar svo: "A) Sennilega ferhyrnd rúst, sem sýnist nú vera sporöskjulaga í norður hluta. Innanmál 4x5 m. Rústin er mjórri í N-enda eða 3 m br. Veggir eru greinilegir úr torfi, S-
hlið er 50 cm há, vesturhlið líka. Að utanverðu er N- og A-hlið um 80 cm háir, en innri brún er um 30

cm. Rústin stendur um 60-80 cm upp úr þýfinu umhverfis. Ekki er sjáanlegur neinn inngangur í rústina. B) Sporöskjulaga rúst, fremur ógreinileg rúst, mjög vallgróin þakin berjalyngi eins og flestar aðrar af eldri rústum á þessu svæði. Innanmálið er 4x8 m. Garðurinn umhverfis er mjög líkur þúfunum í kring, en aðeins hærri. Allt að 60 cm hár. Norðurhliðin er óljós og hlaupin í þúfur, þar gæti þó hafa verið inngangur. Innan garðsins eru 3 raðir af þúfum sem virðast fremur náttúrulegar en einhver mannaverk."
Hættumat: hætta, vegna rofs
Heimildir: Guðmundur Ólafsson: Fornleifaskrá Arnarneshrepps 1985

EY-071:021 *Torfhóll* heimild um ristu 65°49.965.N 18°14.201.V
"Vestanhallt í Bakkaásnum er Breiðasund og syðst á því Torfhóll." segir í örnefnaskrá. Torfhóll er 1700 m VNV við Syðri-Bakka 001 og um 1550 m norðan við Pálmholt EY-070:001.
Á Breiðasundi er lítið um hæðir og hóla. Breiðasund er sléttlend mýri gróin grasi og mosa. Á því sunnanverðu er hærra svæði sem er þýfður lyngi- og mosagróinn móa með rofabörðum hér og þar sem hugsanlega gæti hafa verið nýtt til að þurrka torf sem rist var úr mýrinni.
Mýrin er um 50 m á breidd og 100-150 m á lengd. Ekkert sést til mógrafa.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:Örn.Jóh.Ól., 36


EY-071:022 tóft óþekkt 65°49.285.N 18°11.465.V



Tóft er um 610 m sunnan við verbúðir 040, um 950 m sunnan við bæ 001 og fast norðan við Dysnes 009." Guðmundur Ólafsson skráði tóftina 1985 og er hún nr. 57 í skrá hans.
"Á sjávarbakka," segir í skráningu Guðmundar Ólafssonar. Á þessu svæði er þýfður grasi- og mosagróinn móa fast vestan við malarfjöru.
Í skrá Guðmundar Ólafssonar segir: "Veggir allt að 0,6 m háir, en sumstaðar allhrundir. Sunnan við tóftina er stór þúfa um 1 m á hæð. Inngangur snýr niður að sjó og þar virðist vera lítið hliðarberbergi sem er hálfhrunið saman. Rústin stendur niður við sjóinn og er eins og hún geti hafa spillst eitthvað af ágangi sjávar." Aðeins ein einföld og mjög ógreinileg tóft fannst á svæðinu en ekki er alveg ljóst hvort um sömu tóft og Guðmundur lýsir er að ræða. Tóftin er um 4 x 3 m stór og snýr A-V. Hún er mjög rofin vegna sjávarágangs en inngangur hefur trúlega verið á austurhlið hennar. Suðurveggur tóftarinnar er greinilegastur og er hann um 0,5 m á hæð en tóftin lítur út fyrir að hafa verið grafin inn í sjávarbakkann ofan við fjöru. Engar grjóthleðslur eru sjáanlegar. Hugsanlegt er að hluti af henni sé horfinn vegna ágangs sjávar sem gæti skýrt þann mismun í lýsingum skráningarmanna en einnig er hugsanlegt að fleiri tóftir finnist á þessu svæði ofar (vestar) þar sem landslagið er orðið eitt kargaþýfi og mjög grasigróið.
Hættumat: stórhætta, vegna rofs
Heimildir: Guðmundur Ólafsson: Fornleifaskrá Arnarneshrepps 1985

EY-071:023 gerði óþekkt 65°48.837.N 18°11.770.V
Samkvæmt skrá Guðmundar Ólafssonar um fornleifar í Arnarneshreppi frá 1985, er rétt (nr. 50 í skrá hans) um 15 m norðan við Pálmholtslæk og um 200 m suður af Gilsbakka. Þessi lýsing getur ekki verið rétt ef fornleif á að vera í Syðri-Bakkalandi þar sem svæðið er í landi Hvamms. Torfhlaðið garðlag var skráð á norðurbakka Pálmholtslækjar um 1700 m sunnan við Syðri-Bakka 001 og um 50 m sunnan við Gilsbakka og er þetta mjög líklega sama fornleif og Guðmundur skráði þar sem ekkert annað svæði í nágrenninu kemur heim og saman við lýsingar hans.
"Um 2 m djúp laut suður af Gilsbakka norðan við lækinn." segir í skráningu Guðmundar Ólafssonar. Á lækjarbakkanum er nú skógrækt í mjög þýfðu graslendi.
Lýsing Guðmundar Ólafssonar hljómar svo: "Réttin er grafin inn í bakka sem myndar N-hlið hennar. Lengd 7 m. Br. 5 m. Veggir 1 m br.; h: 80-100 cm. Inngangur er á miðri S-hlið um 1 m br. Bakkinn er um 2-
2,5 m hár umhverfis réttina frá veggbrún og upp á bakkann er um 1 m." Engin rétt fannst á bakka


lækjarins á þessu svæði sem passar við lýsingu Guðmundar hér að ofan. Skráð var torfhlaðið garðlag sem er um 2 m á breidd, 0,8-1 m á hæð og um 65 m langt. Garðlagið lokar af lítið hólf á lækjarbakka Pálmholtslækjar sem er um 50 x 15 m stórt og snýr A-V. Um 13 m austan við vesturenda garðlagsins skiptist það í tvær áttir og liggur um 15 m langt garðlag í norður frá aðal garðlaginu. Í norðri endar minna garðlagið upp við brekku sem er 2-3 m á hæð og hallar hún 50-60° í suður. Aðeins eitt garðlag fannst sem liggur N-S og ekki fundust nein lokuð hólf sem gætu hafa verið rétt að þeirri stærð sem Guðmundur lýsir. Hugsanlegt er að allur lækjarbakkinn á þessu svæði hafi verið notaður sem eins konar hólf fyrir búpening þar sem í norðri er þessi hái bakki og í suðri er djúpur lækur sem erfitt er að komast yfir. Einnig er hugsanlegt að einhver hluti garðlagsins hafi verið sléttaður þegar skógrækt hófst á þessum slóðum en engin merki sáumst um slíkar framkvæmdir.



Hættumat: hætta, vegna skógræktar
Heimildir: Guðmundur Ólafsson: Fornleifaskrá Arnarneshrepps 1985

EY-071:024 tóft óþekkt 65°48.883.N 18°11.465.V

Samkvæmt skrá Guðmundar Ólafssonar um fornleifar í Arnarneshreppi er tóft (nr 51 í skrá hans), hugsanlega af stekk, undir háum bakka, um 10 m norður af Pálmholtslæk, nærri Gilsbakka. Umrædd tóft er þrískipt, um 1600 m sunnan við bæ 001, um 70 m NV við lendingu 025 og fast sunnan undir Bygghól. Hún er um 10 m norðan við Pálmholtslæk




"Grösugur bakki að norðan og boginn náttúrulegur garður að sunnan e.t.v." segir í skráningu Guðmundar Ólafssonar. Á þessu svæði er smáþýft graslendi sunnan við Bygghól.
Guðmundur Ólafsson skráði staðinn árið 1985 og ber lýsingu hans í stórum dráttum saman við lýsingu skrásetjara sem hér fer á eftir. Tóftin er þrískipt, bogalaga, vel grasigróin og snýr A-V. Tóftin er um 20 x 6-8 m að stærð breidd. Gengið hefur verið inn í hólf II um hólf I að austanverðu og hólf III í gegnum hólf II einnig að austanverðu. Þverveggir hafa trúlega verið hlaðnir úr torfi á milli tveggja náttúrulegra hæða, Bygghóls í norðri og hugsanlegs eldri lækjarbakka í suðri. Hólf I er um 2 x 3 m að innanmáli og snýr N-S. Um 1,5 m breiður veggur er á milli hólfa I og II. Hólf II er 1,5-2 x 5 m að innanmáli og snýr VSV-ANA. Um 2 m breiður veggur er á milli hólfa II og III. Hólf III er 2,5-3 x 4 m að innanmáli og snýr einnig VSV-ANA. Veggirnir eru um 0,4-1 m á hæð en inngangar á milli hólfa eru mjög ógreinilegir. Engar grjóthleðslur eru sjáanlegar. Hlutverk tóftarinnar er óþekkt en ekki er ólíklegt að hér sé um einhverskonar aðhald fyrir búpening að ræða eins og stekk eða sel en einnig er hugsanlegt að hér hafi verið einhvers konar hjallar eða verbúð fyrir fiskimenn sem geymdu báta sína ofan við lendingu 025 en engar heimildir hafa fundist um slíkt.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Guðmundur Ólafsson: Fornleifaskrá Arnarneshrepps 1985

EY-071:025 mannvirki lending 65°48.867.N 18°11.386.V

Í skrá Guðmundar Ólafssonar um fornleifar í Arnarneshreppi er vör (nr 52 í skrá hans) 10-15 m norðan við mynni Pálmholtslækjar, við sjávarbakkann. Lending er um 180 m sunnan við tóft 026 og um 1700 m sunnan við bæ 001.
Á þessu svæði er malarfjara og grasigróinn þýfður sjávarbakki fast norðan við mynni Pálmholtslækjar.
"Vörin er rudd frá sjó og um 17 m upp í land. Efst (vestast) er hún um 5 m br. en þrengist þegar dregur nær sjó og er um 1,5-2,5 m, misbreið. Vörin er sendin, er umhverfis er stórgrýtt og klappir. 2 bátar voru nú [1985] í vörinni. Spil var um 5 m vestan við vörina." segir í skráningu Guðmundar Ólafssonar. Ekkert er við þessa lýsingu að ofan að bæta.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Guðmundur Ólafsson: Fornleifaskrá Arnarneshrepps 1985

EY-071:026 tóft óþekkt 65°48.968.N 18°11.410.V



Tóft er um 1500 m sunnan við bæ 001 og um 100 m NNA við tóft 036. Í skrá Guðmundar Ólafssonar um fornleifar í Arnarneshreppi er tóftin nr. 61. Tóftin er á sjávarbakka, um 80 m norðaustur af Bygghól.
"Þýfð flöt að vestan; að austan 5 m hár sjávarbakki." segir í skráningu Guðmundar Ólafssonar. Á þessu svæði er blábrún þýfðs sjávarbakka sem er 3-5 m hár og gróinn mosa- og lyngi.
Guðmundur Ólafsson skráði staðinn árið 1985 og ber lýsingu hans í stórum dráttum saman við lýsingu skrásetjara sem hér fer á eftir. Tóftin er tvískipt, um 10 x 6 m stór og snýr NNA-SSV. Veggir hennar eru torfhlaðnir, 1-2 m á breidd og 0,5-1 m á hæð. Veggirnir eru mjög þýfðir og grónir lyngi og mosa. Óljóst er hvar inngangar hafa verið í tóftina. Hólf tóftarinnar eru bæði um 2 x 1-1,5 m að innanmáli og 0,4-0,6 m á dýpt. Hugsanlegt er að hrun úr þaki hafi fyllt upp í þau að stórum hluta. Engar grjóthleðslur eru sjáanlegar. Ef sjórinn heldur áfram að brjóta niður bakkann á þessum stað hrynur tóftin brátt í sjóinn. Ekki ljóst hvaða hlutverki þessi tóft gegndi en hugsanlega er hér um að ræða einhverskonar aðhald eða skýli fyrir búpening.
Hættumat: stórhætta, vegna rofs
Heimildir: Guðmundur Ólafsson: Fornleifaskrá Arnarneshrepps 1985

EY-071:027 garðlag landamerki 65°50.107.N 18°12.724.V
Í lýsingum Helga Hallgrímssonar í Heimaslóð segir: "Athyglivert er að aldagamlir torfgarðar (vörslugarðar) liggja þvert yfir Bakkaása, norðan og sunnan við Bjarnarhól [008], og milli þeirra virðast hafa verið einn eða tveir þvergarðar. Austantil í þessu garðhólfi, við Hjalteyrarveg, eru rústir af fornbýli, sem kallað var Miðbakki eða Miðbakkakot [006], og gætu tætturnar [007A og B] við hólinn tengst því." Aðeins einn þvergarður fannst við skráningu 2007 um 300 m vestan við Mið-Bakka 006, um 870 m NV við bæ 001 og um 1600 m NNA við Pálmholt EY-070:001.
Garðlag liggur um grasigróna sléttlenda mýri í norðri og þýfða móa í suðri.
Garðlagið liggur norður-suður samsíða hæstu brún Ássins að vestanverðu í suðri en þegar norðar kemur lækkar það sig þar til það hverfur í mýri á köflum við rætur holtsins. Garðlagið er torfhlaðið, 1,5-2 m á breidd, 0,4-1 m á hæð og um 700 m á lengd. Í garðlaginu eru skörð hér og þar vegna sigs eða rofs og er garðlagið nokkuð sigið í mýri fyrir miðju. Í norðri endar garðlagið við Þvergarð EY-072:056 á landamerkjum Ytri- og Syðri-Bakka og í suðri við garðlag EY-070:008 á landamerkjum Pálmholts og Syðri-
Bakka. Hugsanlegt er að þetta garðlag hafi markað vestari landamerki Miðbakka úr landi Syðri-Bakka.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:HH: "Huldufólksstaðir og aðrir átrúnaðarstaðir í Arnarneshreppi í Eyjafirði" Heimaslóð 13-15 árg, 117-8

EY-071:028 garðlag landamerki 65°50.032.N 18°11.904.V
Garðlag er um 350 m ASA við Mið-Bakka 006, um 650 m NNA við bæ 001 og um 660 m ANA við suðurenda landamerkjagarðs 027 og hefur það líklegast verið á merkjum Mið-Bakka (suður) og Syðri-Bakka (norður). Garðlagið var nr. 12 í skráningu Guðmundar Ólafssonar frá 1985.
Garðlagið liggur um mosa- og lyngigróna móa og deiga grasigróna mýri.
Guðmundur Ólafsson skráði staðinn árið 1985 og ber lýsingu hans í stórum dráttum saman við lýsingu skrásetjara sem hér fer á eftir. Garðlagið er þó að miklu leyti nú (2007) horfið í þúfur, graslendi í órækt eða vegna rofs. Þar sem garðlagið er enn greinilegt er það torfhlaðið, 4-6 m á breidd og 0,4-1 m á hæð og um 260 m á lengd. Alls hefur garðlagið verið að minnsta kosti um 830 m á lengd frá fjöru í austri og alveg örugglega tengst garðlagi EY-070:008 í vestri ofan við malarveg 812 á einhverjum tímapunkti. Góðar líkur eru á því að hér sé um að ræða gamlan landamerkjagarð á landamerkjum Mið-Bakka 006 og Syðri-Bakka 001.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Guðmundur Ólafsson: Fornleifaskrá Arnarneshrepps 1985 nr. 12

EY-071:029 heimild um óþekkt
Í skráningu Guðmundar Ólafssonar er skráð rúst nr. 14 í landi Syðri-Bakka en staðsetning hennar er óljós þar sem merkingu fyrir tóftina vantar á yfirlitskort Guðmundar frá 1985. Þessi rúst fannst ekki við skráningu 2007. Hugsanlegt er að hér sé um að ræða tóft 006X sem skráð var sem hluti af Miðbakka en engar heimildir hafa fundist sem staðfesta þær hugmyndir.
"Þýfðir móar í aflíðandi brekku mót austri." segir í skráningu Guðmundar Ólafssonar.
"Dálítið niðurgrafin rúst að innan." segir í skráningu Guðmundar Ólafssonar.
Heimildir: Guðmundur Ólafsson: Fornleifaskrá Arnarneshrepps 1985

EY-071:030 garðlag óþekkt 65°49.900.N 18°11.539.V
Torfhlaðið garðlag er um 670 m SA við Mið-Bakka 006 og um 420 m NA við Syðri-Bakka 001. Í skráningu Guðmundar Ólafssonar er garðurinn skráður nr. 17 og telur Guðmundur hann landamerkjagarð.
Garðurinn liggur upp þýfða grasi- og lyngigróna brekku sem hallar 10-20° til austurs.
Guðmundur Ólafsson skráði staðinn árið 1985 og ber lýsingu hans í stórum dráttum saman við lýsingu skrásetjara sem hér fer á eftir. Garðlagið er samfellt en ógreinilegt, 2-3 m á breidd, um 180 m á lengd og 0,2-0,5 m á hæð. Það er hlaðið úr torfi og snýr ANA-VSV. Garðlagið hverfur til beggja enda í stórþýfi. Ekki er víst að hér sé um landamerkjagarð að ræða þar sem engin tengsl eru sjáanleg milli þessa garðlags og næstu landamerkja EY-070:008 á milli Syðri-Bakka 001 og Pálmholts EY-070:001 og virðist hann einnig vera staðsettur of sunnarlega til þess. Líklegra er að hér sé um að ræða vörslugarð eða hagagarð.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Guðmundur Ólafsson: Fornleifaskrá Arnarneshrepps 1985


EY-071:031 gryfja naust 65°49.688.N 18°11.490.V
Niðurgrafið naust er um 440 m ASA við bæ 001 og um 2-3 m vestan við Pollsnaustavík. Guðmundar Ólafssonar skráði staðinn og er hann nr. 18 í skráningu hans frá 1985.
Á þessu svæði er kargaþýft graslendi í órækt.
Í skráningu Guðmundar Ólafssonar segir: "Lengd 15,8 m. Breidd 3 m við sjó, mjókkar í endann í 2,8 m. Niðurgrafið um 0,8 m. 2 metra sunnan við naustið er 30-40 cm djúp rás sem liggja samhliða naustinu, þær eru um 30-40 cm breiðar. Tvær aðrar (eins) rásir með 2 til 2,5 m [...] millibili liggja sunnar og líka samhliða naustinu. E.t.v. eru þetta rennur fyrir báta." Aðeins ein rás fannst við skráningu 2007 en líklegt er að mannvirkin séu óskemmd. Mikill grasvöxtur veldur því hins vegar að ekki er lengur hægt að greina þær. Rásin er um 16 m x 2-3 m stór og hefur verið grafin 0,6-1,5 m niður í bakkann. Rásin snýr ausur-vestur og er hún grasigróin og þýfð í botninn. Engar grjóthleðslur eru sjáanlegar en botn rásarinnar stendur 1-2 m hærra en ströndin. Mjög líklegt er að hér hafi verið geymdir bátar.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Guðmundur Ólafsson: Fornleifaskrá Arnarneshrepps 1985

EY-071:032 náma mógrafir 65°49.758.N 18°11.504.V
Mógrafir eru um 420 m austan við bæ 001 og um 130 m norðan við naust 031. Grafirnar eru nr. 18 í skráningu Guðmundar Ólafssonar frá 1985.
Á þessu svæði er kargaþýft graslendi í órækt.
Svæðið er grasi gróið og um 200 x 100 m stórt. Hér og þar á svæðinu eru 0,5-1 m djúpar gryfjur sem eru óreglulega ferkantaðar að lögun og snúa ýmist A-V eða N-S. Gryfjurnar eru mjög þýfðar að innan og flestar mjög ógreinilegar vegna mikils grasvaxtar og þúfumyndunar.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Guðmundur Ólafsson: Fornleifaskrá Arnarneshrepps 1985

EY-071:033 heimild um mógrafir65°49.658.N 18°11.521.V Guðmundar Ólafssonar skráði mógrafir (nr. 18) sunnan við naust 031. Ekki sjást lengur mógrafir á þessum slóðum en þær hafa verið um 60 m SV við naust 031 og um 425 m SA við bæ 001.
Á þessu svæði er kargaþýft graslendi í órækt.


Ekkert sést til mógrafa sunnan við naust 031 vegna mikils grasvaxtar og þúfumyndunar.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Guðmundur Ólafsson: Fornleifaskrá Arnarneshrepps 1985

EY-071:034 tóft stekkur 65°49.862.N 18°11.739.V
Tvískipt tóft er um 580 m SA við Mið-Bakka 006 og um 350 m NA við Syðri-Bakka 001. Guðmundur Ólafsson skráði tóftina árið 1985 og er hún nr. 19 í fornleifaskrá hans.



"Undir brattri þýfðri brekku." segir í skráningu Guðmundar Ólafssonar. Tóftin er fast austan undir grasigróinni brekku sem hallar um 45° í A.
Guðmundur Ólafsson skráði staðinn árið 1985 og ber lýsingu hans í stórum dráttum saman við lýsingu skrásetjara sem hér fer á eftir. Tóftin er um 10 x 10 m stór og snýr A-V. Gengið hefur verið inn í hólf I að austan og inn í hólf II í norðri úr hólfi I. Norður-, suður- og austurveggir tóftarinnar eru torfhlaðnir, 1-3 m á breidd og 0,2-1,5 m á hæð. Vesturveggur tóftarinnar er hins vegar náttúruleg brekka sem tóftin er byggð fast upp við. Hólf I er um 6 x 2 m að innanmáli og snýr A-V. Hólf II er fast norðan við hólf I en það er á um 0,5 m háum stalli ofan við gólf hólfs I. Hólfið er um 3 x 2,5 m að innanmáli og snýr einnig A-V. Engar grjóthleðslur eru sjáanlegar. Guðmundur Ólafsson skráir tóftina sem stekk og er það líklegt hlutverk þegar fjarlægð frá bæ, lag og staðsetning er höfð í huga.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Guðmundur Ólafsson: Fornleifaskrá Arnarneshrepps 1985


EY-071:035 heimild um óþekkt
Guðmundur Ólafsson skráði fimm tóftir í þyrpingu árið 1985 í landi Miðbakka 006 neðan við malarveg 812 á svæði 250-350 m norðvestan við tóft 006A. Tóftirnar eru nr. 20a-e í skrá Guðmundar. Tóftirnar fundust ekki við skráningu 2007 og Guðmundur Ólafsson virðist ekki hafa teiknað þessar tóftir. Ekki er ólíklegt að þær finnist á þessu svæði en hluti þess er nú (2007) hlaupinn í þúfur og var við skráningu gróinn mjög þéttu og háu grasi.
"Skálinn er ofarlega í grösugri hlíð," segir í skráningu Guðmundar Ólafssonar.
Í skrá Guðmundar er tóftunum lýst á eftirfarandi hátt: "20a) Um 9 m langur skáli að innanmáli. Um 2 m br til endanna og 3 m br um miðjuna. Veggir um 1 m br. Innri veggjabrún er um 60 cm há, ytri 30-40 cm há. Inngangur er um 2 m frá N-gafli, á A-hlið. 1 m br. N gaflinn er mjög ógreinilegur. 20b) Upp (vestur) af suðurenda hússins er lítið bakhús, um 2,5 x 3 m að innanmáli. Veggjaþykkt er 50 cm, hæð um 30 cm. Inngangur er úr skála. 20c) Utanvið SA-hornið á skálanum er um 50 cm djúp hola, 2x3 m að innanmáli. Virðist hafa hlaðna veggi umhverfis, en A-veggur er mjög óljós, um 50 cm br, 20 cm h. S-hlið er 90 cm br ; 50 cm h. 20d) Rúst sunnan við bakhúsið 6 x 3 m að innanmáli. Veggir eru um 1 m br og um 50 cm háir. 20e) (Kofi) Rúst 10 m V af inngangi skálans. Innanmál 2 x 1,5. Um 50 cm djúp. Veggir eru 1 m br. og ytri veggjabrún um 20-30 cm há. A-hlið stendur á bakkabrún og er ytri veggjabrún þar um 2 m há. Inngangur er á N-gafli."
Heimildir: Guðmundur Ólafsson: Fornleifaskrá Arnarneshrepps 1985



EY-071:036 tóft óþekkt 65°48.918.N 18°11.468.V
Þrískipt tóft er á Bygghóli 010 um 1500 m sunnan við bæ 001 og um 100 m SV við tóft 026. Í skrá Guðmundar Ólafssonar er tóftin skráð nr. 54.
Í skráningu Guðmundar Ólafssonar segir: "Þýft holt, grösugur bakki fyrir austan, niður að sjó." Bygghóll er um 1-5 m hár náttúrulegur hóll þakinn mosa- og lyngigrónum þýfðum móa.
Í skráningu Guðmundar Ólafssonar segir: "a) Þrískipt tóft. Inngangur virðist vera mót austri í NA- horninu. Suður af aðalhúsinu er minna herbergi með lágum millivegg um 2x3 m að innanmáli. Suðurgaflinn er óljós eins og litla herbergið sé aðeins grafið niður. Þar sunnanverið er herbergi sem er opið mót austri. Alls er rústin 17 m x 6,5 m. Stærsta herbergið er mest niðurgrafið,

innribrún veggja um 50 cm, ytri veggjabrún 20-40 cm há. b) Rúst. Um 5 m vestan við suðurbrún rústarinnar er dálítil þúst, um 5x7,5 m í þvermál. Hún stendur eins og 30-40 cm upp úr þúfunum umverfis (sunnan við hann er holtið að blása upp). Við vesturhliðina er eitthvað sem virðist vera lægra útskot frá þústinni. Ekki er hægt að segja hvað þetta er, svo óljóst sem það er." Lítið er við þessa lýsingu á tóft a að bæta annað en að tóftin snýr NNA-
SSV. Veggir hennar eru um 1-3 m á breidd, um 0,4-1 m á hæð og grónir mosa- og lyngi. Engar grjóthleðslur eru sjáanlegar. Trúlega er hér um að ræða stekk eða beitarhús frá Syðri-Bakka 001. Þúst b fannst ekki vegna þýfis.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Guðmundur Ólafsson: Fornleifaskrá Arnarneshrepps 1985 nr. 53


EY-071:037 gerði kálgarður 65°48.893.N 18°11.453.V



Kálgarður var um 70 m NV við lendingu 025 og um 1600 m sunnan við bæ 001, í landi Gilsbakka. Kálgarðurinn er nr. 53 í skrá Guðmundar Ólafssonar en þar segir: "Efst í slakkanum um 50 m norðan við lækinn upp af stekk 51 [EY-071:024], þar sem sjávarbakkinn sveigist til norðurs."
"Garðarnir snúa mót suðri, syðst í Byggholti [Bygghóli 010]." segir í skráningu Guðmundar Ólafssonar. Garðurinn hefur verið grafinn inn í suðurhlíð Bygghóls sem er grasi- mosa- og lyngigróin og hallar 25° í suður.
Guðmundur Ólafsson skráði staðinn árið 1985 og ber lýsingu hans í stórum dráttum saman við lýsingu skrásetjara sem hér fer á eftir. Kálgarðurinn er um 28 x 10 m að stærð og snýr A-V. Torfhlaðið garðlag sést ennþá á suður-, austur- og vesturhlið garðsins. Það er um 2 m á breidd og 0,4-0,6 m á hæð. Allur jarðvegur innan garðsins er fokinn í burtu og þar er nú aðeins grýttur jarðvegur. Örnefnið Bygghóll gefur til kynna hugsanlega akuryrkju á svæðinu (sjá 010) en ólíklegt er að þessi kálgarður tengist slíkum henni á nokkurn hátt.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Guðmundur Ólafsson: Fornleifaskrá Arnarneshrepps 1985

EY-071:038 *Svarðarmelur* náma mógrafir 65°50.000.N 18°12.525.V
"Vestanhallt í Bakkaásnum er Breiðasund og syðst á því Torfhóll [021]. Sunnanvert við Bakkaklauf [020] er Svarðarmelur," segir í örnefnaskrá. Svarðarmelur er um 1500 m NA við Pálmholt EY-070:001 og um 620 m NV við Syðri-Bakka 001.
Melurinn er náttúrulegur malarmelur gróinn þýfðum lyngi- og mosagrónum móa hér og þar. Mýri er vestan og NV við melinn.
Mýrlendið er um 100 x 50 m stórt og snýr N-S. Litlar sem engar vísbendingar um svarðartekju sjást á svæðinu en tvær hugsanlegar mógrafir eru þó efst í Bakkalauf nyrst á svæðinu. Þær eru 6-12 m á lengd, 4-
5 m á breidd og 0,2-0,5 m á dýpt. Líklegast er að svörður hafi verið stunginn í mýrinni umhverfis melinn en síðan þurrkaður á melnum sjálfum. Ekki er ólíklegt að fleiri grafir finnist í mýrlendinu ef betur væri leitað.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:Örn.Jóh.Ól., 36-37


EY-071:039 tóft naust 65°49.625.N 18°11.467.V



Þúst er um 490 m SA við bæ 001 og um 120 m sunnan við naust 031. Guðmundur Ólafsson skráði þústina árið 1985 og er hún nr. 59 í skrá hans.
Á þessu svæði er graslendi fast vestan við lónið austur af Syðri Bakka.
Guðmundur Ólafsson skráði staðinn árið 1985 og ber lýsingu hans í stórum dráttum saman við lýsingu skrásetjara sem hér fer á eftir. Þessi tóft er mjög ógreinileg, varla meira en grasigróin þúst. Þústin er um 6 x

5 m stór og snýr NA-SV. Veggir þústarinnar eru torfhlaðnir, um 1 m á breidd og 0,2-0,8 m á hæð. Innanmál hennar er 1,5 x 3 m stór. Meirihluti norðausturhliðar hennar er horfin vegna sjávarrofs en gengið hefur trúlega verið inn í þústina einnig á þeirri hlið. Mjög líklegt er að um sé hér að ræða naust sem tengist Norsku verbúð 040.
Hættumat: stórhætta, vegna rofs
Heimildir: Guðmundur Ólafsson: Fornleifaskrá Arnarneshrepps 1985


EY-071:040 tóftir verbúð 65°49.608.N 18°11.515.V
Tvær tóftir eru um 150 m SSV við naust 031 og um 470 m SA við bæ 001. Þarna voru umsvif vegna síldarsöltunar. Þau voru skráð nr. 60 í skrá Guðmundar Ólafssonar en í henni segir: "Síldarverksmiðja, síldarsöltun. [...] Norska bryggja. Fremst á sjávarbakka á um 100 m kafla sunnan við lónið. [...] Bóndinn á S-Bakka sagði að hér hefðu Norðmenn haft mikla síldarverksmiðju fyrir og eftir aldarmótin 1900. Lengi hefðu sést leifar af staurum sem reknir hefðu verið út í sjóinn og kallað var Norska bryggja. Bóndinn á Gilsbakka mundi líka eftir þessum staurum en hélt að það gæti hafa verið staurar fyrir netalagnir, einhverskonar kvíanet? Gömul kona sem búið hefur 60 ár í Pálmholti sagði að útgerð þarna hefði lagst niður þegar þrír bátar sem sigldu til útlanda (Noregs?) með síld fórust á leiðinni og allir drukknuðu." segir í skráningu Guðmundar Ólafssonar nr. 60.



"Grasi gróinn sjávarbakki upp af malarfjöru." segir í skráningu Guðmundar Ólafssonar. Á þessu svæði er enn smáþýft vel gróið graslendi en stór partur af því er nú einnig gróinn víðfeðmum breiðum af brenninetlum.
Svæðið er nú á kafi í brenninetlum og erfiðara að greina mannvirki en var áður. Guðmundur Ólafsson lýsir mannvirkjum á þessum slóðum í skráningu sinni frá 1985 á eftirfarandi hátt: "a) leifar af 2, e.t.v. 3 rústum sem að mestu eru horfnar í sjóinn. Á sjávarbakkanum er vesturhlið rústanna. Í sniði bakkans sést hvar veggir úr torfi og grjóti hafa gengið fram og í fjörunni fyrir austan sjást hleðslusteinar á stöku stað. Nyrðra húsið virðist hafa verið 3x6 m að innanmáli, syðra: 4x6m. b) þyrping sjóbúða, 5 samtals, úr torfi og grjóti. 1) veggir eru um 20 cm háir. 2) Veggir um 20-30 cm háir, 3) 40-50 cm háir veggir; 4) Veggir um 1 m háir. Innarlega í 4 standa nokkrar grjóthellur upp á rönd. Að baki 3 er ógreinileg rúst (nr. 5). Þessar 4 rústir 1-4 eru allar með bogadregna V-gafla og snúa niður að sjó. c) Áfastar þeim er grunnur af timburhúsi tvískiptu. Undirstöðuhleðslur sjást víða í grasrótinni. Bæjarhella hefur verið framan við nyrðra húsið, 40x60 cm stór hella. Að baki húsanna hefur verið lítill torfkofi. Torfveggir hans eru við innri veggjabrún 40 cm háir og 1 m á ytri veggjabrún. d) Naust, niðurgrafið um 50 cm. Eignlegir veggir ekki til staðar, en S-hliðin er sameiginleg með lítilli sjóbúð (e). e) eru tvær sjóbúðir, austurhluti þeirra er eyddur af sjógangi. Veggir fremur óljósir um 30 cm háir V-gaflinn er líklega hluti af garði f) sem teygir sig til suðurs, um 80 cm hár en sumstaðar rofinn og sprunginn. Víða inní sjóbúðunum eru steinar sem sjórinn hefur kastað á land. g) Óljós rúst um 10 m vestur af naust. Virðist hafa verið hús, en er mjög illa farið. Veggir sjást á A-hlið um 80 cm að ytriveggjabrún og 50 cm við innri N-hlið er óljós og hruninn. V-hlið er sæmilega greinileg þar hefur spil verið sett niður til að draga báta að landi. h) Grunnur að timburhúsi 7x7 m að innanmáli. Grafnar hafa verið 1x1 m br holur og þær fylltar af grjóti fyrir undirstöður. 40-50 cm háir torfveggir eru þar utanvið. Þetta hús er 40 m vestan við húsin á ströndinni. Að baki þess er garður um 7x10 m að innanmáli, grafinn um 40 cm í bakkann ." Þar sem svæðið er nú á kafi í brenninetlum og háu grasi var ekki hægt að skoða það allt nákvæmlega og aðeins tvær tóftir (A og B) voru skráðar af þeim rústum sem Guðmundur Ólafsson lýsir hér að ofan. Svæðið sem hér er um að ræða er að minnsta kosti um 100 x100 m stórt. Líklega eru margar af þeim tóftum sem Guðmundur skráði sem rofnar að mestu horfnar nú (2007) vegna ágangs sjávar en ekki var hægt að sannreyna þetta að neinu leiti vegna þess hversu vel gróinn sjávarbakkinn er af brenninetlum. Tóft A (merkt c hjá Guðmundi Ólafssyni) er ferkantaður og grjóthlaðinn grunnur timburhúss sem er um 12 x 12 m að stærð. Veggir grunnsins eru um 1 m á breidd og um 0,4 m á hæð. Tóftin er vel grasigróin en ef vel er að gáð sjást fimm stoðarholur sem eru hringlaga, um 1 m í


þvermál, um 0,4 m á dýpt og allar eru þær fullar af grjóti. Á fjórum öðrum stöðum sjást einnig stórir steinar sem mjög líklega eru stoðarsteinar. Holurnar og steinarnir (samtals níu) eru upp við veggina miðja, í öllum hornum og í miðju tóftarinnar. Ekkert sést til stoða. Enginn greinanlegur inngangur er á grunninum. Hugsanlega er hér um að ræða eina af verbúðum sjómannanna. Tóft B (ekki hægt að tengja hana tóftum Guðmundar Ólafssonar með neinni vissu) er torfhlaðin og um 15 m NV við tóft A. Tóftin er um 4 x 4 m stór og snýr NV-SA. Gengið hefur verið inn að suðaustan um 0,4 m breiðan inngang. Veggir tóftarinnar eru um 1-2 m á breidd og 0,5-0,8 m á hæð en engar grjóthleðslur eru sjáanlegar og hleðslur þeirra eru mjög signar. Hlutverk hennar er óþekkt. Fleiri tóftir og aðrar merkilegar mannvistaleifar leynast líklega í óræktinni og undir breiðum brenninetla en ekki reyndist unnt að greina þær sumarið 2007.
Hættumat: stórhætta, vegna rofs
Heimildir: Guðmundur Ólafsson: Fornleifaskrá Arnarneshrepps 1985

EY-071:041 tóft óþekkt 65°49.849.N 18°11.856.V



Tvískipt tóft er um 270 m NA við bæ 001 og um 530 m SA við Mið-Bakka 006.
Á þessu svæði er grasi- og lyngigróinn mói í brekku sem hallar um 5° í austur rétt norðaustan við sléttað tún.
Tóftin er tvískipt, um 7 x 5 m stór og snýr A-V. Veggir hennar eru torfhlaðnir og mjög signir, 0,5-1 m á breidd og 0,4-0,6 m á hæð. Innanmál hólfs I er 2,5-3 x 3 m og snýr hólfið A-V. Fast austan við hólf I er hólf II. Innanmál hólfs II er mun minna eða 3 x 1 m og snýr hólfið N-S. Líklega hefur verið gengið inn í hólfin um tvo innganga á suðurhlið þeirra. Ekkert sést í grjóthleðslur. Ekki er ljóst hvaða hlutverki tóftin hefur gengt en e.t.v. líklegast að hún hafi verið útihús.
Hættumat: engin hætta

EY-071:042 þúst óþekkt 65°50.057.N 18°13.280.V



Fornleg, einföld þúst er um 1500 m norðan við Pálmholt EY-070:001, um 1100 m NV við Syðri-Bakka 001 og 30-40 m SV við Bjarnarhól 008.
Þústin er í mjög þýfðum lyngi- og mosagrónum móa og er vegslóði sem liggur A-V um 15 m norðan við hana.
Þústin er einföld, um 6 x 4,5 m stór og snýr NA-SV. Innanmál hennar um 3 x 1,5 m. Enginn inngangur er sjáanlegur. Veggir tóftarinnar eru mjög lyngi- og mosagrónir, um 1,5 m á breidd og 0,5-1 m á hæð. Engar grjóthleðslur eru greinilegar og þústin er örlítið þýfð að innan en grasigróin í botninum. Þúfur ganga út úr veggjum hennar að utanverðu hér og þar. Mögulegt er að þústin sé í raun ekki mannaverk heldur að frostverkun hafi myndað hana. Hún virðist þó helst of regluleg til að vera náttúrusmíð.
Hættumat: engin hætta


EY-071:043 *Bakkaklauf* heimild um áfangastað 65°50.005.N 18°12.489.V
Í örnefnaskrá Syðribakka segir: "Rétt vestan við þessar bæjarrústir [Mið-Bakka 006] - fast við gamla þjóðveginn [EY-631:001] - er alldjúp laut, sem Bakkaklauf heitir. Var þar áningarstaður ferðamanna." Bakkaklauf er náttúruleg laut um 610 m NV við Syðri-Bakka 001 og um 1500 m NA við Pálmholt EY-
070:001.
Klaufin er grasigróin, um 50 m löng en 8 m á breið og snýr A-V. Deig mýri er í botni hennar að vestanverðu en þaðan rennur lítil lækjarspræna um graslendi í austurs.
Engin mannvirki eru sjáanleg í klaufinni en 2-4 óljósir grasigrónir götuslóðar liggja meðfram hlíðum hennar A-V um 0,3 m á breidd og 0,2-0,4 m á dýpt. Klaufin var áfangastaður fast austan við þjóðleið EY-631:001 sem lá norður-suður um sveitina á ásnum.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:Ö-Syðri-Bakka, 2

EY-071:044 heimild um kálgarð 65°49.779.N 18°12.040.V
Samkvæmt túnakorti frá árinu 1917 var kálgarður um 85 m norðan við bæ 001.
Á þessu svæði er sléttað tún.
Ekkert sést til fornleifa.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:Túnakort 1917

EY-071:045 heimild um kálgarð 65°49.837.N 18°12.013.V
Samkvæmt túnakorti frá árinu 1917 var kálgarður um 55 m norðaustan við útihús 003 og um 200 m NNA við bæ 001.
Á þessu svæði er sléttað tún og djúp laut.
Ekkert sést til fornleifa.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:Túnakort 1917

EY-071:046 heimild um kálgarð 65°49.738.N 18°12.055.V
Samkvæmt túnakorti frá árinu 1917 var kálgarður fast norðan við bæ 001.
Á þessu svæði er sléttað graslendi fast sunnan við bárujárnsklætt útihús.
Ekkert sést til fornleifa.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:Túnakort 1917

EY-072 Ytri-Bakki



20 hdr. 1712. Eign Möðruvallaklausturs. Syðri hluti Hjalteyrar er byggður úr landi Ytri-Bakka. Ytri-Bakki átti Hjalteyri móti Arnarnesi. Sögur eru til um Friðrik Jónsson frá Bakka er gerði út þilskip til hákarlaveiða fyrstur manna frá Norðurlandi í lok 19. aldar. Hjalteyri tilheyrði Bakka til 1930 er Kveldúlfur eignaðist Hjalteyri 1932 til að byggja þar upp verksmiðjur sínar. Faðir Jóns keypti þá Ytri-Bakka af hreppnum. Mh. JÞB, 2006.
1917: 4,5 ha. 3/5 slétt. Sáðreitir 870 m2. 1712: "Hinn annar peningur fóðrast á tilfengnum heyjum og útigángi. Uppresktur á Þorvaldsdal fyrir toll. Til sjóar á jörð þessi i hluta, so sem um finst skrfað hjá jörðinni Bragholti, frammkemur að jörð þessi eigi engjateig nokkurn í Bragholts jörðu. Torfrista er hjer mjög lök, þó hafa ábúendur hjer til við hana bjargast. Vatnsból er hjer mjög þrotlegt um vetur." JÁM X, 123.

EY-072:001 *Ytri Bakki* bæjarhóll bústaður 65°50.581.N 18°12.041.V
Gamli bærinn á Ytri-Bakka var í grasigróinni brekku sem hallar 5-10° í austur að sjó um 485 m suðaustan við gamla skólahúsið Skruggu og um 2-5 m vestan við gamla íbúðarhúsið á Ytri-Bakka sem byggt var 1935.
Svæðið er sléttað og gróið háu grasi.
"Ár 1898, 9. maí, var hreppstjórinn í Arnarneshreppi ásamt Jóni bónda Guðmundssyni á Litlabakka staddur á Ytri-Bakka til þess eptir beiðni herra Friðriks bónda Jónssonar hér á til að taka út téða jörð. Framfór svo úttektin sem hér greinir". Kemur þar á eftir lýsing á baðstofu, búri, eldhúsi, göngum,

bæjardyrum, skemmu, fjósi, fjárhúsi, jötukofa, hesthúsi, fjárhúshlöðu og öðru.. "Baðstofa 12 alin lengd, 6 alin á breidd, 4 ½ alin á hæð með 2ur bitum og einum sundurskornum, lausheltum 7 sperrum og skammbitum við hverjar sperrur og langböndum, 5 4ja rúðugluggar eru á baðstofunni og aðrir 5 gluggar fylgja sem hafðir eru á veturna til skjóls. Baðstofan er öll þiljuð alt um kring og með gólfi og lofti neðan á skammbitum. Skilrúm er á norðurenda á henni skráfest hurð er við skilrúmið, hurð á hjörum með klinku er fyrir baðstofunni. 6 rúmstæði fylgja og eru öll dregin út til hliðar. Sigið er niður um 2 sperrur og dálítið er húsið snarað til austurs. Slagbekkur er sem fylgir, veggir eru gamlir en stæðilegir og þak eins. Álag kr. 80,00. Búr. 5alnir á lengd, 41/4 alin á breidd, 41/2 alin á hæð með 6 stoðum, lausholtum, 2ur bitum, 3ur sperrum og langböndum, þil að framan til gangna með hurð á hjörum og skrál..., einn gluggi með einni rúðu, veggir eru stæðilegir, en þak er hrjálegt. Álag kr. 10,00. Eldhús. 5 álnir á lengd, 4 ¼ alin ábreidd, 4 ½ alin á hæð með 6 stoðum, 2ur bitum, 3ur 3 sperrum, lausholtum og langböndum, þil að framan til gangna með hurð á hjörum og hespu, einn gluggi með einni rúðu, veggir eru stæðilegir, en þak er hrjálegt. Álag kr. 8.00," segir í úttektargjörð fyrir Arnarneshrepp. Í sömu úttektargjörð er einnig minnst á kamar sem hugsanlega getur hafa verið við bæinn eða við fjósið. Gamli torfbærinn, sem lýst er hér að ofan, hrundi í Dalvíkurskjálftanum árið 1934. Bæjarhóllinn er frekar ógreinilegur vegna sléttunar en hefur hann náð yfir að minnsta kosti 30x25 m stórt svæði sem snúið hefur norður-suður en hann er ekki hærri en 0,5-1 m á hæð. Grafið hefur verið í gegnum hólinn fyrir hitavatnslögn og komu þá upp grjóthleðslur úr gamla bænum. Utan í bæjarhólnum austanverðum var íbúðarhús á tveim hæðum byggt 1935 en í dag er það aðeins notað hluta ársins. Ekki er ljóst hversu mikið hólnum hefur í raun verið raskað þar sem fjárhús hafa verið byggð og rifin á svæðinu eftir aldamótin 1900 og kjallari íbúðarhússins grafinn ofan í hólinn en ekki er þó ólíklegt að einhverjar leifar af gamla bænum finnist undir sverði suðvestan, vestan og norðvestan við húsið.


Ytri-Bakki 072:001, horft í ANA

Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Túnakort 1917; H-6/39 Arnarneshreppur - Úttektargjörð 1898, 3 bls.

EY-072:002 heimild um fjós 65°50.576.N 18°12.042.V
Samkvæmt túnakorti frá árinu 1917 var útihús um 10 m sunnan við bæ 001. Samkvæmt Jóni Þ. Benediktssyni, heimildarmanni hefur þetta trúlega verið fjósið mögulega gæti þetta þó verið skemman sem minnst er á í úttektargjörð (sjá einnig 003) fyrir Arnarneshrepp frá árinu 1898. Einnig er minnst á fjóshlöðu í úttektinni en hún hefur mjög líklega verið áföst fjósinu.
Á þessu svæði er sléttað graslendi í órækt.
Í Úttektargjörð fyrir Arnarneshrepp segir um skemmuna og fjósið: "Skemma suðrá hlaði. 7 álnir á lengd, 3 1/2 alin á breidd, 4 3/4 alin á hæð með 8 stoðum, einslæg lausholt, 4rir bitar, 4ar sperrur og 10 langbönd, þil að framan úr skífum, með skrálæstri hurð á hjörum, þil að vestan fyrir ofan bita úr skífum, veggir eru hrjálegir en þak gott. Álag kr. 14,00. Fjós 5 álnir á lengd, 5 álnir á breidd, 5 álnir á hæð með 6 stoðum, einlægum lausholtum 3ur, 3ur sperrum og langrafti yfir, 4ar stoðir undir bitum milli ása, 2 hurðir eru fyrir fjósinu með dyra umbúnaði, veggir og þak lélegt. Álag kr. 20.00." Ekkert sést til fornleifa á þessum slóðum lengur.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Túnakort 1917; H-6/39 Arnarneshreppur - Úttektargjörð 1898, 3 bls.

EY-072:003 heimild um skemmu 65°50.560.N 18°12.039.V
Samkvæmt túnakorti frá árinu 1917 var útihús um 30 m sunnan við útihús 002 og um 40 m sunnan við bæ 001. Líklega hefur þetta hús verið skemman sem minnst er á í úttektargjörð fyrir Arnarneshrepp frá árinu 1898 en hugsanlega gæti það verið fjósið sem minnst er á í sömu úttekt (sjá annars 002). Einnig er minnst á fjóshlöðu í úttektinni en hún hefur mjög líklega verið áföst fjósinu.

Á þessu svæði er grasigróið sléttað tún í órækt.
Í Úttektargjörð fyrir Arnarneshrepp segir um skemmuna og fjósið: "Skemma suðrá hlaði. 7 álnir á lengd, 3 1/2 alin á breidd, 4 3/4 alin á hæð með 8 stoðum, einslæg lausholt, 4rir bitar, 4ar sperrur og 10 langbönd, þil að framan úr skífum, með skrálæstri hurð á hjörum, þil að vestan fyrir ofan bita úr skífum, veggir eru hrjálegir en þak gott. Álag kr. 14,00. Fjós 5 álnir á lengd, 5 álnir á breidd, 5 álnir á hæð með 6 stoðum, einlægum lausholtum 3ur, 3ur sperrum og langrafti yfir, 4ar stoðir undir bitum milli ása, 2 hurðir eru fyrir fjósinu með dyra umbúnaði, veggir og þak lélegt. Álag kr. 20.00." Ekkert sést til fornleifa á þessum slóðum lengur.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Túnakort 1917; H-6/39 Arnarneshreppur - Úttektargjörð 1898, 3 bls.

EY-072:004 heimild um útihús 65°50.632.N 18°12.044.V
Samkvæmt túnakorti frá árinu 1917 var útihústæpa 100 m NNA við bæ 001, um 425 m SA við gamla skólahúsið Skruggu og um 5 m austan við heimreiðina niður að gamla bænum á Ytri-Bakka. Ekki er ólíklegt að húsið hafi verið eitthvað af þeim sem getið er í úttektargjörð fyrir Arnarneshrepp frá 1898 en ómögulegt er að ákvarða hvort það var hesthús eða fjárhús, jötukofi eða fjárhúshlaða.
Á þessu svæði er graslendi í órækt.
Í Úttektargjörð fyrir Arnarneshrepp er lýsing á nokkrum útihúsum á Ytri-Bakka og þar sem ekki er unnt að ákvarða hvert þessara húsa var það sem hér er skráð er lýsingin birt í heild sinni: "Fjárhús. 11 3/4 alin á lengd, 6 alnir á breidd, 4 alnir á hæð, með 12 stoðum á garða og 12 stoðir undir hliðar ás sem eru einlægir, og ásar eru einlægir yfir garða, 22 mattarraptar á hliðum, 30 spitur milli ása, 5 raptar yfir tóttardyrum og eins yfir framdyrum, hurð á hjörum við dyrastafi, garðastokkar og garðabönd, veggir og þak allgott. Álag kr. 15,00. Jötukofi. 11 3/4 alin á lengd, 2 1/2 alin á breidd, engin ás, en er þverrept á milli veggja, með 21 rapti, hurð á hjörum við dyrastafi, jata er úr timbri meðfram öðrum hliðveggnum, veggur undir henni að norðan er góður, að sunnan er húsveggurinn á [fjárhúsi] no. 8, þak er gott. Álag kr. 8,00. Hesthús. 4 álnir á lengd, 5 álnir á breidd, 3 álnir á hæð með einum ás, 11 máttarröptum og dálitlu árepti, stallfjöl og 2 stoðir þar við harðarræfill í á hjörum, veggir og þak lélegt. Álag kr. 9,00. Fjárhúshlaða. 12 álnir á lengd, 6 álnir á breidd, með 10 stoðum undir lausholtum, 3ur bitum, 5 sperrum, 16 langböndum og þilstafnar fyrir ofan bita, vestur veggur og stafnar eru ..... og þak er gamalt, stafnbiti að norðan er brotinn og langbönd á vesturhlið og sperrurnar að norðan brotnar og hlaðan er snöruð. Álag kr. 40,00." Ekkert sést til fornleifa á þessum slóðum.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Túnakort 1917; H-6/39 Arnarneshreppur - Úttektargjörð 1898, 3 bls.

EY-072:005 heimild um útihús 65°50.548.N 18°11.994.V
Samkvæmt túnakorti frá árinu 1917 var útihús um 70 m SSA við bæ 001. Ekki er ólíklegt að húsið hafi verið eitthvað af þeim sem getið er í úttektargjörð fyrir Arnarneshrepp frá 1898 en ómögulegt er að ákvarða hvort það var hesthús eða fjárhús, jötukofi eða fjárhúshlaða.
Þetta svæði er sléttað og gróið grasi og njóla. Á þessu svæði stóð fjós sem byggt var 1947 og votheysturnar byggðir 1965.
Í Úttektargjörð fyrir Arnarneshrepp er lýsing á nokkrum útihúsum á Ytri-Bakka og þar sem ekki er unnt að ákvarða hvert þessara húsa var það sem hér er skráð er lýsingin birt í heild sinni: "Fjárhús. 11 3/4 alin á lengd, 6 alnir á breidd, 4 alnir á hæð, með 12 stoðum á garða og 12 stoðir undir hliðar ás sem eru einlægir, og ásar eru einlægir yfir garða, 22 mattarraptar á hliðum, 30 spitur milli ása, 5 raptar yfir tóttardyrum og eins yfir framdyrum, hurð á hjörum við dyrastafi, garðastokkar og garðabönd, veggir og þak allgott. Álag kr. 15,00. Jötukofi. 11 3/4 alin á lengd, 2 1/2 alin á breidd, engin ás, en er þverrept á milli veggja, með 21 rapti, hurð á hjörum við dyrastafi, jata er úr timbri meðfram öðrum hliðveggnum, veggur undir henni að norðan er góður, að sunnan er húsveggurinn á [fjárhúsi] no. 8, þak er gott. Álag kr. 8,00. Hesthús. 4 álnir á lengd, 5 álnir á breidd, 3 álnir á hæð með einum ás, 11 máttarröptum og dálitlu árepti, stallfjöl og 2 stoðir þar við harðarræfill í á hjörum, veggir og þak lélegt. Álag kr. 9,00. Fjárhúshlaða. 12 álnir á lengd, 6 álnir á breidd, með 10 stoðum undir lausholtum, 3ur bitum, 5 sperrum, 16 langböndum og þilstafnar fyrir ofan bita, vestur veggur og stafnar eru ..... og þak er gamalt, stafnbiti að norðan er brotinn og langbönd á vesturhlið og sperrurnar að norðan brotnar og hlaðan er snöruð. Álag kr. 40,00." Ekkert sést til fornleifa á þessum slóðum.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir:Túnakort 1917; H-6/39 Arnarneshreppur - Úttektargjörð 1898, 3 bls.

EY-072:006 heimild um hesthús
Samkvæmt úttektargjörð fyrir Arnarneshrepp frá árinu 1898 var í landi Ytri-Bakka virtur uppí álag "Hesthúskofi útá túni [...] kr. 4,00." Nákvæm staðsetning þessa hesthúss er óþekkt en engar útihúsleifar sjást lengur í túni Ytra-Bakka.
Sléttuð tún.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:H-6/39 Arnarneshreppur - Úttektargjörð 1898, 3 bls.

EY-072:007 heimild um smiðju
Samkvæmt úttektargjörð fyrir Arnarneshrepp frá árinu 1898 var í landi Ytri-Bakka virt uppí álag "Smiðja [...] kr. 12,00." Nákvæm staðsetning smiðjunnar er óþekkt og óljóst er hvort hún hefur verið áföst öðru húsi eða staðið sér. Engar tóftarleifar sjást þó lengur í túni þannig að ljóst er að ummerki um smiðjuna eru horfin.
Sléttuð tún.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:H-6/39 Arnarneshreppur - Úttektargjörð 1898, 3 bls.

EY-072:008 *Dys* örnefni legstaður
"Utan og neðan við túnið á Ytri-Bakka sést móta fyrir gömlum vallargarði umhverfis lítinn túnblett, sem heitir Grænhóll [009]. [...] Skammt þaðan er smáhóll, líkur uppbornum haugi (öskuhaugi?), og nefnist hann Dys." segir í örnefnaskrá. Nákvæm staðsetning er óþekkt en, eins og segir í örnefnalýsingu, hefur hóllinn verið nálægt Grænhóli 009. Líklegast hefur hóllinn horfið í tún.
Á svæðinu þar sem Grænhóll er talinn vera er sléttað tún á stóru svæði.
"Minjar þessar eru líklega komnar í túnið og sléttaðar." segir í Vesturströnd Eyjafjarðar. Ekkert sést til fornleifa og enginn fannst sem kannaðist við sig á svæðinu áður en það var sléttað eða hvenær það gerðist.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Örn.Jóh.Ól., 34; VE: Vesturströnd Eyjafjarðar. Náttúrufar og minjar 1982, bls. 185


EY-072:009 *Grænhóll* heimild um býli 65°50.641.N 18°11.953.V
"Utan og neðan við túnið á Ytri-Bakka sést móta fyrir gömlum vallargarði umhverfis lítinn túnblett, sem heitir Grænhóll. Þar gæti hafa verið smábýli, en um það kunna menn engar sagnir." segir í örnefnaskrá. Nákvæm staðsetning Grænhóls er óþekkt og vallargarður er horfinn í tún. Þegar mörk heimatúns á Ytri-
Bakka frá 1917 eru borin saman við svæðið nú (2007) og lýsingar í örnefnaskrá kemur í ljós að hugsanlegt er að hóllinn hafi verið um 130 m NA við bæ 001 og um 480 m SA við gamla skólahúsið Skruggu.
Á þessu svæði er sléttað tún.
Ekkert sést til fornleifa á yfirborði. Á loftmynd er hægt að sjá þar sem virðast vera ójöfnur á þessum slóðum og gætu gefið vísbendingar um fornleifar undir sverði. Ekki er öruggt að um sé að ræða smábýlið Grænhól en þó er það hugsanlegt. Enginn heimildarmaður fannst sem vissi nákvæma staðsetningu Grænhóls eða hvort býli hefur staðið á þessu svæði eður ei. Svæðið sem um er að ræða er um 100 X 50 m stórt og snýr norður-suður.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Örn.Jóh.Ól., 34

EY-072:010 heimild um brunn
Samkvæmt úttektargjörð fyrir Arnarneshrepp frá árinu 1898 var í landi Ytri-Bakka 001 virt upp í álag "Brunnhús með fötu [...] kr. 15,00." Nákvæm staðsetning brunns er óþekkt. Jón Þór Benediktsson, heimildarmaður, og faðir hans Benedikt K. Alexandersson könnuðust ekki við að brunnur hefði verið heima við bæ eða í heimatúni en þar sem vatn rennur sífellt undan Ásunum vestan við bæinn er ekki ólíklegt að hola hafi verið grafin hugsanlega vestan og ofan við bæ þar sem vatn hefði safnast saman þó ekkert sjáist til slíks í dag (2007).

Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:H-6/39 Arnarneshreppur - Úttektargjörð 1898, 3 bls.

EY-072:011 *Einarstótt* heimild um óþekkt
"Túngarður, nátthagi, e.t.v. fjárhús. [...] Einarstótt. Suður undir landamerkjagarðinum (nr. 21 [sjá 056]) þar sem hann er nokkuð óljós. Sunnan við refabú byggingu á Y-Bakka." segir í skráningu Guðmundar Ólafssonar nr. 22. Nákvæm staðsetning þessara fornleifa er frekar óljós og fundust þær ekki við skráningu sumarið 2007 en samkvæmt lýsingum Guðmundar Ólafssonar voru þær á svæði um 350 m SSV við Ytri-Bakka 001.
"Rústin er í grasi gróinni brekku á móts við holt." segir í skráningu Guðmundar Ólafssonar.
"Í N-A hluta svæðisins er stór ferköntuð rúst (A) sem gæti hafa verið fjárhús, annað horn hennar er blásið upp. Hún liggur innan stærra túngarðs - Vestan megin í túngarðinum hefur verið hefur verið hólfað af (B). Einnig virðist hafa verð hólfað af (C) vestan við (A) fjárhús. Þetta er allt í mikilli brekku og gætu A þess vegna kannski verið nátthagi. Ummál svæðisins er 48x69 m. Innanmál A er 12x10 m. Innanmál B er 18x10 m. Veggirnir eru u.þ.b. 0,6 m br. og 0,4 m háir. Á (A) eru veggir hærri eða um 0,6 m háir og mjög skýrir. Innanmál C er 16x2 m. Veggurinn sem skilur C af er fremur óljós þar sem veggirnir eru aðeins um 0,1 m háir. Þetta sést allt mjög vel ef staðið er í brekku sem er gengt þessu. Húsfreyja á Ytri-Bakka segir að A hafi eins lengi og hún muni (frá barnæsku) verið kallað Einarstótt og heldur hún að hér hafi verið fjárhús."
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Guðmundur Ólafsson: Fornleifaskrá Arnarneshrepps 1985

EY-072:012 *Sæborg* mannvirki 65°50.662.N 18°11.741.V
Í Byggðum Eyjafjarðar I segir: "Fjaran niður undan bænum nefnist Dust og þar á bakkanum byggði sænskur útgerðarmaður fiskverkunarhús 1911, en 1918 var byggt grasbýli við fjöruna og nefnt Sæborg, en Dust í almennu tali. Það fór í eyði 1948, en tóftir sjást enn." Samkvæmt Gunnari Ragnarssyni, heimildarmanni, var fiskverkunarhúsið síldarsöltunarstöð í eigu Svía að nafni Samúelssen. Árið 1918 braut hafís niður bryggjuna 014 og var þá söltun hætt. Hugsanlegt er að söltunarhúsið (Sæborg fyrri) hafi verið flutt að Skálum á Langanesi eftir það. "Fjaran sunnan við Hjalteyrina og beint austur af bænum frá Ytri-Bakka, hefur um langt skeið verið nefnt Dust, en enginn veit um tilefni þessa nafns. Um 1920 var framan í Dustarbakka reist íbúðarhús og skírt Sæborg, en kallað lengi vel Dust. Það hefur nú verið rifið." segir í örnefnaskrá. Í örnefnaskrá Margeirs Jónssonar segir: "Framan í bökkunum niður undir bænum [001] er dálítil hvilft, sem nefnist Dust. Af hverju nafnið er dregið, er mér ekki kunnugt. Þar hefur verið uppsátur [013] frá Ytribakka. Nú er búið að byggja þar íbúðarhús úr timbri, er Sæborg heitir." Örnefnalýsing Margeirs er ódagsett, en hún virðist hafa verið skrifuð á meðan íbúðarhúsið Sæborg var enn á Ytri-Bakka. Samkvæmt Jóni Þ. Benediktssyni, heimildarmanni, var seinna húsið Sæborg flutt til Akureyrar um 1960 og stendur nú við Þingvallastræti. Jón Þór vill meina að grasbýlið Sæborg hafi staðið á öðrum stað sunnar í brekkunni en síldarsöltunarstöðin en engar heimildir hafa fundist sem styðja það. Steinsteyptur hálfhruninn grunnur timburhúss er um 615 m SA við gamla skólahúsið Skruggu og um 270 m ANA við bæ 001.



Grunnurinn er í mjög brattri brekku sem hallar um 45° í austur. Hann er á um 20 m langri og um 8 m breiðri syllu sem grafin hefur verið inn í brekkuna. Brekkan er grasigróin og þýfð.
Grunnur hússins (A) er steinsteyptur og grjóthlaðinn, um 12 x 7 m stór og snýr norður-suður. Suðvesturhorn og suðvesturhluti vesturveggjar er grjóthlaðinn en að hluta hruninn. Aðrir hlutar grunnsins eru steinsteyptir. Hlaðnir steinveggirnir eru um 1-1,8 m á hæð og eru umförin um 3-8 talsins. Breidd grjóthlöðnu veggjanna er um 0,6 m. Steypa hefur verið notuð til að múra grjótið saman. Steypan í hinum veggjunum er gróf og eru þeir veggir 0,25-0,30 m á breidd og 1-1,4 m á hæð. Inni í tóftinni eru stórir steypuklumpar sem hafa hrunið trúlega úr veggjunum. Við norðvestur- og

norðausturhorn grunnsins eru steyptar tröppur. Grunninum hefur líklega verið skipt í tvennt um 2 m norðan við miðju hans með steypuvegg en á austurhlið grunns virðist aðeins hafa verið timburþil. Um 70 m sunnan við grunninn er ferhyrnd aflöng manngerð dæld (B) 5-6 m ofan við sjávarmál. Hún er um 8 x 15 m stór og snýr einnig norður-suður. Aðeins sést nú einn mosagróinn steypuklumpur á svæðinu en auðvelt er að ganga frá dældinni upp að tóft Sæborgar. Þarna er mjög líklegt að einhver mannvirki hafi verið s.s. naust fyrir báta söltunarstöðvarinnar eða skemma fyrir veiðarfæri. Einnig er hugsanlegt að þetta mannvirki tengist grasbýlinu Sæborg á einhvern hátt eða jafnvel Ytri-Bakka. Margeir Jónsson minnist á uppsátur (013) frá Ytri-Bakka framan í bökkunum og gæti þessi dæld hugsanleg tengst þeim. Óvissa er um nákvæma staðsetningu söltunarstöðvarinnar og býlisins Sæborgar. Heimildir og frásagnir heimildarmanna stangast á og er óljóst hvort að húsin hafa staðið á sama stað. Það verður þó að teljast mjög líklegt þar sem lítið er um syllur í bröttum bakkanum þar sem timburhús gætu hafa staðið á þessu svæði (sjá 013). Hafi þær verið fleiri sjást þær ekki nú (2007).
Hættumat: engin hætta
Heimildir:B.E.I, 364; Ö-Ytri-Bakki, 1; Örn.M.J., 1

EY-072:013 heimild um uppsátur 65°50.638.N 18°11.703.V
Í örnefnaskrá Margeirs Jónssonar segir: "Framan í bökkunum niður undir bænum [001] er dálítil hvilft, sem nefnist Dust. Af hverju nafnið er dregið, er mér ekki kunnugt. Þar hefur verið uppsátur frá Ytribakka. Nú er búið að byggja þar íbúðarhús úr timbri, er Sæborg heitir [012]." Nákvæm staðsetning uppsáturs er óþekkt (sjá einnig 012) en gróflega má staðsetja það miðað við Sæborg. Ætla má að uppsátrið hafi verið um 60 m suðaustan við Sæborg 012 og um 280 m ANA við bæ 001.
Á þessu svæði er nú mjó grasigróin strandlengja vestan við smágrýtta fjöru.
Ekkert sést til fornleifa á strandlengjunni. Um 70 m sunnan við grunn Sæborgar 012 í brekkunni ofan (vestan) við ströndina er ferhyrnd aflöng manngerð dæld 5-6 m ofan við sjávarmál sem er um 8 x 15 m stór og snýr norður-suður. Aðeins sést nú einn mosagróinn steypuklumpur á svæðinu en auðvelt er að ganga frá dældinni upp að Sæborg. Þessi dæld gæti hugsanleg tengst uppsátri frá Ytri-Bakka en engar heimildir hafa fundist sem staðfesta það (sjá einnig 012).
Hættumat: engin hætta
Heimildir:Örn. M.J., 1

EY-072:014 *Samúelssonbryggja* frásögn lending 65°50.622.N 18°11.685.V
Viðarbryggja var um 290 m austan við bæ 001 og um 90 m SSA við Sæborg 012.
Á þessu svæði er grýtt fjara meðfram grasigrónum bakka.
Aðeins sést í nokkra rotna viðarplanka á grasbakkanum. Breidd, lengd og hæð bryggju er óþekkt. Samkvæmt Gunnari Ragnarssyni, heimildarmanni, var hún samsett úr einu plani og einni álmu. Hafís eyðilagði bryggjuna frostaveturinn mikla árið 1918.
Hættumat: hætta, vegna rofs


EY-072:015 frásögn 65°50.590.N 18°12.779.V
Samkvæmt Jóni Þ.Benediktssyni, heimildarmanni, voru fallbyssustæði og kampur úr síðari heimstyrjöldinni um 560 m vestan við Ytri-Bakka 001 og um 360 m SV við gamla skólahúsið Skruggu. Engar heimildir fundust um þennan kamp og heimildarmaður hafði ekki frá meiru að segja.
Á þessu svæði er nú hálf mosa- og lyngigróinn melur.
Ekkert sést til stríðsminja.
Hættumat: engin hætta

EY-072:016 hús 65°50.546.N 18°12.023.V
Gamalt timburhús er um 70 m sunnan við bæ 001 og um 540 m SSA við gamla skólahúsið Skruggu. Húsið var byggt árið 1880 sem sænskt eða þýskt söltunarhús niðri á Hjalteyri (sjá 026). Seinna var það flutt að Ytri Bakka og nýtt sem fjárhús og hesthús í kringum 1930.
Húsið er á sléttu graslendi í órækt.

Grunnur hússins er steinsteyptur. Húsið er timburbyggt, um 16 x 8 m stórt. Það snýr austur-vestur, með tvennar dyr á austurenda þess og einar dyr og eitt hlöðugat á vesturenda. Á suðurhlið hússins eru tvennar dyr og 4 gluggar. Gluggarnir á húsinu eru flestir tvískiptir, um 0,5 m á breidd og 0,8 m á hæð, nema á austurenda þess þar sem eru 2 lengri gluggar. Sá efri er um 2 m á lengd og 0,8 m á hæð á meðan sá lægri er um 3 m á lengd og 0,8 m á hæð.



Hús 072:016, horft í norðaustur



Hættumat: engin hætta

EY-072:017 *Bragholt Camp* heimild um mannvirki 65°50.814.N 18°12.368.V
"Eins og þegar hefur komið fram voru tvennar herbúðir austur af Skriðulandi, á Bakkaásum var Bragholt Camp og undir þeim Hjalteyri og herbúðirnar [046] þar." segir í Hernámsárin á Akureyri. Á austurbrún Ásanna um 160 ANA við gamla skólahúsið Skruggu og um 500 m NNV við bæ 001 var varðstöð Breta (2 braggar og skotgröf) í seinni heimstyrjöldinni.
Á þessu svæði er nýlegt skógræktarsvæði. Trjágróður innan um mosa- og lyngigrónar þúfur og rofabörð.
Skráningarmaður fann engar leifar á svæðinu en samkvæmt Jón Þ. Benediktssyni og Jóhannesi Hermannssyni, heimildarmönnum, á steinsteyptur grunnur varðstöðvarinnar enn að sjást. Á svæðinu er mjög gott útsýni út fjörðinn og var stöðin notuð til að fylgjast með skipaferðum.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:Jón Hjaltason: Hernámsárin á Akureyri, 158.


EY-072:018 *Kúagötusund* örnefni leið 65°50.548.N 18°11.994.V
"Sunnan við skólahúsið er Kúagötusund [...]." segir í örnefnaskrá. Samkvæmt Jóhannesi Þ. Hermannssyni, heimildarmanni, var þetta svæði trúlega um 160 m sunnan við gamla skólahúsið Skruggu og um 350 m NV við bæ 001. Heimildarmaður kannaðist þó ekki við örnefnið og þekkti ekki tilgang götunnar. Ef eitthvað er af nafninu að dæma er líklegt að hér hafi verið um að ræða troðning eftir kýr frá Ytri-Bakka t.d. til og frá haga en engar heimildir hafa fundist um slíkt.
Á þessu svæði er upphækkað malbikað vegstæði sem liggur í austur niður á Hjalteyri.
Ekkert sést til götu.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Örn.Jóh,Ól., 35

EY-072:019 gata leið 65°50.411.N 18°12.072.V
Grasigróinn vegslóði er um 715 m sunnan við gamla skólahúsið Skruggu og um 350 m NV við bæ 001.
Slóðinn liggur um grasi- og mosagróið tún í órækt og þýfðan grasi- og lyngigróinn móa neðan við bratta grasigróna bakka í Ásunum austanverðum.
Gatan er um 3 m breiður og 0,4-0,8 m djúpur vel grasigróinn vegslóði sem myndar smá dæld í brekku suðaustan við suðausturhorn refabús Ytri-Bakka. Gatan virðist hafa legið NA-SV frá Hjalteyri og Ytri-Bakka áfram inn fjörðinn meðfram bökkunum í suðvestur þar sem hún hefur líklega sameinast Kirkjuveginum gamla EY-631:001.

Hættumat: engin hætta

EY-072:020 heimild um kálgarð 65°50.599.N 18°12.072.V
Inn á túnakort frá árinu 1917 er merktur inn kálgarður um 40 m NNV við bæ 001 og um 440 m SA við gamla skólahúsið Skruggu.
Á þessu svæði er grasigróin brekka sem hallar um 5° til austurs og lágur trjágróður.
Engin ummerki sjást um kálgarðinn lengur.
Hættumat: hætta, vegna skógræktar
Heimildir:Túnakort 1917

EY-072:021 gerði kálgarður 65°50.538.N 18°12.116.V



Samkvæmt túnakorti frá árinu 1917 var kálgarður um 70 m SV við bæ 001. Örlitlar leifar af kálgarðinum sjást enn um 90 m SV við bæjarstæði 001 og um 65 vestan við tóft 022.
Garðbrot eru í grasigróinni brekku sem hallar 10-20° til austurs fast sunnan við um 5 m breitt og um 2 m djúpt gil sem snýr A-V. Botn gils er ósléttur og þýfður og hallar um 10° í austur.
Leifar gerðisins eru nú ógreinileg garðbrot á svæði sem er 11 X 10 m stórt. Garðbrotin eru torfhlaðin, um 1-1,5 m á breidd, 0,4-0,6 m á hæð og snúa austur-vestur. Vesturhlið garðsins virðist hafa verið grafin inn í brekkuna og er bakkinn um 1 m á hæð. Norðurhlið garðsins er um 10 m langt garðlag sem liggur A-V inn í bakkann í vestri. Suðurhlið garðsins er mjög ógreinileg og er aðeins um 4 m langt garðlag sjáanlegt á þeirri hlið sem einnig liggur A-V inn í bakkann í vestri. Austurhlið kálgarðsins virðist alveg horfin ef garðlag var þar einhvern tíman. Innanmál garðsins hefur verið að minnsta kosti um 11 m á lengd og um 9 m á breidd.
Svæðið innan garðsins og umhverfis er innan skógræktarsvæðis.
Hættumat: stórhætta, vegna skógræktar
Heimildir:Túnakort 1917

EY-072:022 tóft útihús 65°50.545.N 18°12.102.V
Einföld tóft er um 5 m NA við kálgarð 021 (sjá einnig teikningu við 021) og um 80 m SV við bæjarstæði 001.
Tóftin er í grasigróinni brekku sem hallar 10-20° til austurs fast sunnan við um 5 m breitt og um 2 m djúpt gil sem snýr A-V. Botn gils er ósléttur og þýfður og hallar um 10° í austur.
Tóftin er einföld, 16-18 x 8 m stór og snýr austur-vestur. Gengið hefur verið inn í tóftina að austan en inngangur er nú ógreinilegur vegna sigs veggja. Innanmál tóftar er um 12 x 3-4 m. Veggir tóftarinnar eru torfhlaðnir, 3-4 m á breidd og 1,5-2 m á hæð. Engar grjóthleðslur eru sjáanlegar og ekki sést hvort þak hefur verið yfir tóftinni. Hugsanlega hefur verið hér einhvers konar aðhald fyrir búpening.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar

EY-072:023 *Guðrúnarhús* heimild um bústað 65°50.985.N 18°11.803.V
Samkvæmt Gunnari Ragnarssyni, heimildarmanni, var Guðrúnarhús, íbúðarhús sem stóð á Hjalteyrinni, við suðvesturenda Friðrikshúss 054 um 770 m NNA við Ytri-Bakka 001.
Á þessu svæði stendur nú (2007) Pétursshús 042 á sléttu grasigrónu malarplani.
Ekkert sést til fornleifa því húsið var rifið um 1916 er Pétursshús var byggt. Húsið var timburhús á tveimur hæðum (jarðhæð og loft).
Hættumat: hætta, vegna ábúðar

EY-072:024 *Friðriks Antonssonarhús* mannvirki bústaður 65°50.947.N 18°11.859.V
Samkvæmt Gunnari Ragnarssyni, heimildarmanni, var fyrst íbúðarhús á þessum stað sem kallaðist Friðriks Antonssonarhús. Húsið var um 690 m NNA við Ytri-Bakka 001 og um 5 m SV við Gamla hótelið 034. Húsið brann árið 1908. Á þessum sama stað var svo Rauða húsið reist eftir 1908. Var í því húsi íbúðarhús og verslun.
Á þessu svæði er grasigróinn og sendinn grunnur.
Lítið sem ekkert er vitað um Friðriks Antonssonarhús annað en að það var íbúðarhús úr timbri. Rauða húsið var byggt eftir 1908 úr timbri, það var rauðmálað og dró nafn af lit sínum. Seinna var húsið klætt pappa. Ekkert sést til fornleifa annað en ógreinilegar útlínur sendins grunns húss sem hefur verið um 10 x 9 m stórt og snúið NA-SV.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar

EY-072:025 *Búðin* bæjarstæði bústaður 65°50.964.N 18°11.827.V
"fyrsti íbúi Hjalteyrar fluttist þangað árið 1885 og byggði sér þar hús. [...] Gunnar Einarsson var fyrsti skráði íbúi Hjalteyrar. Hann mun hafa flutt þangað árið 1885. [...] Gunnar kom til Hjalteyrar sem ekkjumaður, og reisti sér hús á Hjalteyri er gekk undir nafninu Búðin. Hann mun hafa haft verslun í húsinu einnig, svo og lítilsháttar síldarverkun. Þetta hús var fyrir stuttu síðan rifið, og hafði þá gegnt ýmsum hlutverkum á Hjalteyri og gengið undir ýmsum nöfnum, s.s. Íshúsið og Gamla fiskhúsið." segir í tímaritinu Súlum. "Gunnar Einarsson er fyrsti kaupmaður á Hjalteyri árið 1884. Óli Möller setti upp verslun á Hjalteyri 1897 og fékk þá afmarkaðan blett á eyrinni sem sérstakt verslunarsvæði og er fyrsta verslunarleyfi á Hjalteyri gefið út á þennan blett." segir ennfremur í sömu grein í Súlum. "Elsta íbúðarhúsið stendur enn og nefnist í dag Fiskhúsið." segir í Byggðum Eyjafjarðar I. Samkvæmt Gunnari Ragnarssyni, heimildarmanni, hefur húsið einnig gengið undir nafninu Gamla búðin. Búðin var um 730 m NNA við Ytri-Bakka 001 og um 30 m NNA við Gamla hótelið 034 en hefur nú verið rifin.
Á þessu svæði er malbikað plan fast NV við fjöruborð.
Búðin var verslun og íbúðarhús eftir að hún var byggð árið 1884. Húsið var timburhús. Seinna varð húsið að ruslakompu og var hænsnahús einhvern tíman áfast húsinu að austanverðu. Frystiklefi var settur í húsið um 1945 og var það þá kallað Íshúsið. Steinsteypt grunnplata hússins eru nú einu sjáanlegu minjarnar um húsið og er hún 15 x 15 m stór.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Jón Þór Benediktsson: Hjalteyri - Sjávarþorp við Eyjafjörð, Súlur 2004, 91, 93, 97-98; BEI, 415

EY-072:026 *Norsku húsin* heimild um skemmu
"Á Hjalteyri hafa í gegnum tíðina verið allra þjóða menn að veiðum og haft þar verkunar og geymsluhús. [...] Það næsta sem maður kemst til að tímasetja mannvirki Norðmanna á Hjalteyri er að þeir voru þar um 1881 með húsnæði og slæ ég því sem föstu að það sé jafnvel ári eftir að þeir hafi reist þar hús. En fleiri koma við sögu en Norðmenn. Til dæmis eru það Þjóðverjar [sjá 027] og Skotar [sjá 030] er koma til Hjalteyrar um 1905 og 1907. Þeir reistu þar bryggjur og hús, líkt og Norðmenn. Þýsku húsin voru reist á þessum tíma en það voru tvö hús sem Þjóðverjar reistu á miðri Hjalteyri." segir í tímaritinu Súlum. "Umsvif jukust þarna [á Hjalteyri] á síðari hluta aldarinnar þegar síldveiðar hófust og um 1880 voru fyrstu salthúsin reist á Hjalteyri, flest í eigu Norðmanna, en Íslendingar hófu þarna einnig umsvif." segir í Byggðum Eyjafjarðar I. Nákvæm staðsetning þessara húsa er óþekkt. Eitt húsanna er þó ennþá uppistandandi og var það nýtt sem fjárhús frá Ytri-Bakka um sinn (sjá 016). Gunnar Ragnarsson setti fram þá tilgátu að Fjósið 048 og Pakkhúsið 047 sem voru norðaustan við Guðrúnarhús 023 hafi áður verið Norsku húsin en það er óstaðfest.
Búið er að slétta mikið af Hjalteyrinni og þar sem gömul hús standa ekki lengur á Eyrinni eru malbikuð og malarborin plön.
Ekkert sést til fornleifa.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Jón Þór Benediktsson: Hjalteyri - Sjávarþorp við Eyjafjörð, Súlur 2004, 92; BE I, 415

EY-072:027 *Þýsku húsin* heimild um skemmu 65°51.064.N 18°11.569.V

"Á Hjalteyri hafa í gegnum tíðina verið allra þjóða menn að veiðum og haft þar verkunar og geymsluhús. [...] Það næsta sem maður kemst til að tímasetja mannvirki Norðmanna [026] á Hjalteyri er að þeir voru þar um 1881 með húsnæði og slæ ég því sem föstu að það sé jafnvel ári eftir að þeir hafi reist þar hús. En fleiri koma við sögu en Norðmenn. Til dæmis eru það Þjóðverjar og Skotar [030] er koma til Hjalteyrar um 1905 og 1907. Þeir reistu þar bryggjur og hús, líkt og Norðmenn. Þýsku húsin voru reist á þessum tíma en það voru tvö hús sem Þjóðverjar reistu á miðri Hjalteyri." segir í grein eftir Jón Þór Benediktsson tímaritinu Súlum 2004. "Árið 1907 festu Þjóðverjar sig í sessi á Hjalteyri. [...] Þeir byggðu nú tvö hús á lóð sinni og voru þau metin 14. janúar 1908. Stærra húsið var 41x19 álnir og hið minna 26x19 álnir. Samanlagt flatarmál húsanna var því sem næst 500 fermetrar. Húsin voru einkum ætluð til geymslu á verkfærum og aðföngum til veiða og söltunar. Þá byggðu Þjóðverjarnir myndarlega bryggju [052] framundan húsunum og síðar tvær í viðbót samsíða hinni fyrstu. Í matsgerð frá 1917 er rætt um þrjár bryggjur, alls 1.700 ferálnir." segir í grein eftir Hrein Ragnarsson tímaritinu Súlum 1998. Húsin tvö eru hér skráð saman og stóðu þau hlið við hlið um 970 m NA við Ytri-Bakka 001, um 300 m NA við Gamla hótelið 034 og um 60 m SSV við Syðri-Odda 044.
Samkvæmt Gunnari Ragnarssyni, heimildarmanni, fór vestara húsið undir austurhlið mjölskemmu og austara húsið stóð austan við síldarverksmiðjuna þar sem nú er malbikað plan.
Vestara húsið var rifið árið 1943 og eystra húsið var árið 1949. Húsin voru timburbyggð, klædd þykkum pappa og snéru norður-suður. Í eystra húsinu voru meðal annars smiðja og ruslageymsla og í vestara húsinu voru stimpilstofa, trésmíðaverkstæði og efnarannsóknastofa. Í báðum húsunum voru svo mötuneyti og íveruherbergi. Stimpilstofan var sér skúr inni í vestara húsinu og var skúrinn seinna nýttur sem sjóskúr neðar á Eyrinni.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Jón Þór Benediktsson: Hjalteyri - Sjávarþorp við Eyjafjörð, Súlur 2004, 92; Hreinn Ragnarsson: Þýsk útgerð á Hjalteyri, Súlur 1998, 157

EY-072:028 heimild um lendingu 18°11.626.N 65°51.031.V
Samkvæmt Gunnari Ragnarssyni, heimildarmanni, voru Skotar með bryggjuálmu (einfalda bryggju) sem byggð var úr timbri. Varð hún seinna ysta álma Kveldúlfsbryggju 038. Bryggjan var um 890 m NNA við Ytri-Bakka 001 og í fjörunni 20-30 m SV við Pöntunarhúsið 030.
Á þessu svæði er sléttað malarplan og sendin fjara.
Ekkert sést til fornleifa.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar

EY-072:029 *Wallenshús* heimild um skemmu 65°50.942.N 18°11.886.V
"C.A. Wallen byggði ásamt öðrum Svíum hús á Hjalteyri. Var það hús reist ofarlega á Hjalteyri en seinna fært niður á eyrina og sett ofan við þýsku húsin [027]. Það hús var jafnan nefnt Wallenshús og gegndi mikilvægu hlutverki í mynd Hrafns Gunnlaugssonar við tökur á myndinni Í skugga hrafnsins en þar endaði það lífdaga sína, þar sem það var brennt við tökurnar." segir í grein eftir Jón Þór Benediktsson tímaritinu Súlum. Samkvæmt Gunnari Ragnarssyni, heimildarmanni, var Wallenshús til að byrja með um 680 m NNA við Ytri-Bakka 001 og 5-10 m vestan við Rauða húsið 024. Seinna (á milli 1933 og 1937) var það flutt neðar á Eyrina. Braggar voru seinna byggðir upp við húsið.
Á upprunalegum stað þess er sléttað graslendi.
Húsið var timburhús sem stóð á steyptum stöplum án kjallara. Húsið hefur haft mörg hlutverk. Í fyrstu eftir að það var byggt var það síldarsöltunarstöð, í kring um 1935 var það pakkhús fyrir þurrfisk og eftir að það var flutt varð það að skreiðaskemmu þar sem skreið var metin og geymd. Wallenshús var brennt um 1987. Ekkert sést til fornleifa.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Jón Þór Benediktsson: Hjalteyri - Sjávarþorp við Eyjafjörð, Súlur 2004, 92

EY-072:030 *Pöntunarhúsið* heimild um skemmu 65°51.044.N 18°11.649.V
"Á Hjalteyri hafa í gegnum tíðina verið allra þjóða menn að veiðum og haft þar verkunar og geymsluhús. [...] Það næsta sem maður kemst til að tímasetja mannvirki Norðmanna [026] á Hjalteyri er að þeir voru þar um 1881 með húsnæði og slæ ég því sem föstu að það sé jafnvel ári eftir að þeir hafi reist þar hús. En fleiri koma við sögu en Norðmenn. Til dæmis eru það Þjóðverjar [027] og Skotar

[030] er koma til Hjalteyrar um 1905 og 1907. Þeir reistu þar bryggjur og hús, líkt og Norðmenn." segir í tímaritinu Súlum. Samkvæmt Gunnari Ragnarssyni, heimildarmanni, keyptu Skotar hús sem kallaðist Pöntunarhúsið. Húsið var byggt árið 1881 og var það fyrst nýtt sem verslunarhús en pöntunarfélag var þar til húsa. Er Skotar komu til landsins var það nýtt til síldarsöltunar. Húsið var timburhús á kjallara en loft var yfir aðalherbergi þess á jarðhæð og var þakið klætt bárujárni. Bogaskemma var reist seinna á þessu svæði eftir að húsið var rifið sumarið 1948. Húsið var um 230 m NA við Gamla hótelið 034 og um 910 m NA við Ytri-Bakka 001.
Á þessu svæði er sléttað malarplan og engar byggingaleifar sjást.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Jón Þór Benediktsson: Hjalteyri - Sjávarþorp við Eyjafjörð, Súlur 2004, 92

EY-072:031 heimild um 65°51.006.N 18°11.768.V
"Þorsteinn á Lóni útvegaði Friðriki árið 1861 jörðina Ytri Bakka til leigu en sú jörð var þá í eigu Möðruvallaklausturs. Þar með var Friðrik kominn með aðstöðu fyrir skútuna [Mínervu] á Hjalteyri og reisti hann þar lifrarbræðslu, bryggjur [032] og fleira." segir í grein eftir Jón Þór Benediktsson tímaritinu Súlum. Í Skútuöldinni segir: "Keypti hann [Friðrik Jónsson] þá jörðina Ytri-Bakka við Eyjafjörð og bjó þar síðan óslitið til dauðadags. Bækistöð fyrir Mínervu hafði hann á Hjalteyri, enda er Ytri-Bakki þar rétt hjá. Kom hann sér upp lifrarbræðslu, bryggjustúf og öðrum nauðsynlegum mannvirkjum á eyrinni. Þar setti hann skútu sína upp á haustin, og dyttaði vandlega að henni að vetrinum." Allar fornleifar tengdar lifrarbræðslu Friðriks eru nú löngu horfnar en Gunnar Ragnarsson, heimildarmaður, telur líklegast að byggingar hans hafi verið um miðja Eyrina þar sem Kveldúlfsbryggjurnar (038) risu seinna um 820 m NNA við Ytri-Bakka 001. Hér eru skráð saman þau hús sem hafa staðið á þessum slóðum en bryggja Friðriks er skráð undir númerinu 032.
Á þessu svæði er sléttað malarplan.
Ekkert sést til fornleifa.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Jón Þór Benediktsson: Hjalteyri - Sjávarþorp við Eyjafjörð, Súlur 2004, 95; Gils Guðmundsson: Skútuöldin II, 84

EY-072:032 heimild um lendingu 65°51.006.N 18°11.768.V
"Þorsteinn á Lóni útvegaði Friðriki árið 1861 jörðina Ytri Bakka til leigu en sú jörð var þá í eigu Möðruvallaklausturs. Þar með var Friðrik kominn með aðstöðu fyrir skútuna á Hjalteyri og reisti hann þar lifrarbræðslu [031], bryggjur og fleira." segir í grein eftir Jón Þór Benediktsson í tímaritinu Súlur. Allar fornleifar tengdar lifrarbræðslu Friðriks eru nú löngu horfnar en Gunnar Ragnarsson, heimildarmaður, telur líklegast að byggingar hans hafi verið um miðja Eyrina þar sem Kveldúlfsbryggjurnar 038 risu seinna um 820 m NNA við Ytri-Bakka 001.
Á þessu svæði er sléttað malarplan.
Bryggja Friðriks var skotbryggja sem ekki var föst á stöplum í sjávarbotninum. Var bryggjan dregin á land á vetrum. Ekkert sést til fornleifa.
Heimildir:Jón Þór Benediktsson: Hjalteyri - Sjávarþorp við Eyjafjörð, Súlur 2004, 95

EY-072:033 *Knútshús* hús bústaður 65°50.923.N 18°11.883.V
"Seinna kom svo mágur hans [Gunnars Einarssonar] frá fyrra hjónabandi, Norðmaðurinn Knud Hertervig en hann einmitt reisti elsta núverandi hús á Hjalteyri, Knútshús árið 1887." segir í grein eftir Jón Þór Benediktsson í tímaritinu Súlum. Knútshús er um 640 m NNA við Ytri-Bakka 001 og um 60 m SSV við Gamla hótelið 034.
Húsið stendur vestan við malbikaðan veg austur undir brekku sem hallar 35-40° til austurs. Fast norðan, sunnan og vestan við húsið er grasigróinn sléttaður garður.
Knútshús var byggt árið 1887 og er það elsta húsið


Knútshús 072:033, horft í SSV

á Hjalteyri sem uppi stendur. Síðan þá hefur verið byggt við húsið að vestan og norðan. Húsið er timburhús á steinsteyptum grunni, með kjallara. Grunnur hússins er um 11 x 10 m stór og snýr NNA-SSV. Inngangur er í húsið á ASA hlið inn í kjallara og einnig á fyrstu hæð. Gluggar eru á risi að SSV- og NNA-verðu og á fyrstuhæð að ASA.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Jón Þór Benediktsson: Hjalteyri - Sjávarþorp við Eyjafjörð, Súlur 2004, 98

EY-072:034 *Möllershús II* hús bústaður 65°50.950.N 18°11.844.V


Möllershús II 072:034, horft í suðvestur

"Óli Möller kaupmaður frá Akureyri, flutti til Hjalteyrar árið 1897. Keypti hann allt af Gunnari Einarssyni er áður er getið. Reyndar byggði hann sér íbúðarhús þá um sumarið og kallaði það Möllershús [sjá 035]. [...] "Nýja" húsið var aftur kallað Möllershús og seinna Gamla hótelið og er það byggt árið 1900." segir í grein eftir Jón Þór Benediktsson í tímaritinu Súlum. Gamla hótelið stendur um 700 m NNA við Ytri-Bakka og um 55 m NA við Knútshús 033.
Húsið er á grasigrónum bala norðvestan við malbikaðan veg sem liggur NA-SV á Eyrinni.
Húsið var byggt af Kristjáni Pálssyni (yfirsmiður) frá Ytri-Bakka árið 1900. Húsið er timburhús á steinsteyptum grunni sem er um 15 x 11 m að stærð og snýr NA-SV. Það er á þremur hæðum, kjallari, jarðhæð og ris. Óljóst er hvort kjallarinn er niðurgrafinn. Gengið er inn á suðausturhlið í kjallarann en aðalinngangurinn er upp tröppur á norðvesturhlið upp í forstofu. Gluggar eru á fyrstu hæð á norðvestur-, suðvestur- og suðausturhlið. Gluggar eru á risi á öllum hliðum en aðeins eru gluggar inn í kjallarann á suðausturhlið.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Jón Þór Benediktsson: Hjalteyri - Sjávarþorp við Eyjafjörð, Súlur 2004, 98-99

EY-072:035 *Möllershús I* heimild um bústað 65°50.960.N 18°11.842.V
"Óli Möller kaupmaður frá Akureyri, flutti til Hjalteyrar árið 1897. Keypti hann allt af Gunnari Einarssyni er áður er getið. Reyndar byggði hann sér íbúðarhús þá um sumarið og kallaði það Möllershús. Missti þá "gamla" húsið hans nafnbótina og var jafnan nefnt Litla húsið eftir það." segir í grein eftir Jón Þór Benediktsson í tímaritinu Súlum. Litla húsið var 2-3 m NA við Gamla hótelið 034, á milli þess og Gömlu búðar 025, og um 710 m NNA við Ytri-Bakka 001.
Á þessu svæði er sléttaður grasbali og malbikaður vegur fast ASA við hann.
Samkvæmt Gunnari Ragnarssyni, heimildarmanni, var Litla húsið byggt um 1896-1897 og var það íbúðarhús á tveimur hæðum úr timbri á hlöðnum eða steyptum grunni. Húsið var á tveimur hæðum og var lítil kjallarahola með lúgu fyrir undir hluta hússins. Svefnpláss var á loftinu. Húsið var svo rifið um 1985-1986.


Möllershús III 072:036, horft í norðvestur

Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Jón Þór Benediktsson: Hjalteyri - Sjávarþorp við Eyjafjörð, Súlur 2004, 98-99

EY-072:036 *Möllershús III* hús bústaður 65°50.964.N 18°11.900.V
"Sonur Óla Möller, Ludvig Möller, keypti sér hús á Hjalteyri af Pálma Kristjánssyni byggt 1913. Það hús fékk þá nafnið Möllershús og er nefnt það enn þann dag í dag." segir í grein eftir Jón Þór Benediktsson í tímaritinu Súlur. Samkvæmt Gunnari Ragnarssyni, heimildarmanni, var Möllershús byggt árið 1907

en ekki árið 1913 eins og Jón Þór Benediktsson en samkvæmt Gunnari keypti Ludvig Möller húsið árið 1913. Möllershús er um 715 m norðan við Ytri-Bakka 001 og um 45 m NV við Gamla hótel 034.
Húsið er austan í brekku sem hallar um 45° til austurs, norðvestan við malbikaðan veg sem liggur í norðaustur niður af Ásunum út á Hjalteyri.
Húsið er timburhús á steinsteyptum grunni og er í húsinu kjallari ásamt jarðhæð og risi. Grunnurinn er um 15 x 15 m stór og snýr NA-SV. Gengið inn í kjallarann á suðausturhlið. Einn gluggi er einnig í kjallarann á sömu hlið. Gengið er inn á fyrstu hæð upp tröppur að suðaustan og eru gluggar á þeirri hæð á öllum hliðum. Gluggar eru á risi að norðaustan og suðvestan.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Jón Þór Benediktsson: Hjalteyri - Sjávarþorp við Eyjafjörð, Súlur 2004, 99

EY-072:037 *Kveldúlfur hf* heimild um skemmu 65°51.010.N 18°11.748.V
Í grein eftir Jón Þór Benediktsson í Súlum segir: "Kveldúlfur var með saltfiskverkun á Hjalteyri frá 1912 ásamt síldarsöltun. [...] Kveldúlfur hf., útgerðarfyrirtæki Thors Jensen og fjölskyldu, kom til Hjalteyrar árið 1913. [...] Var hafist handa strax og byggðar í skyndi bryggjur [038], söltunarpláss [038] og verbúð [039]." Samkvæmt Gunnari Ragnarssyni, heimildarmanni, var geymsluhús á miðju Kveldúlfsplaninu og stóð það að minnsta kosti fram til 1916. Uppruni þess er óþekktur en Gunnar telur hugsanlegt að hér hafi verið um gamalt Norskt hús (sjá 026) að ræða. Nákvæm staðsetning er óþekkt en húsið hefur trúlega verið um 130 m NA við Gamla hótelið 034 og um 830 m NA við Ytri-Bakka 001.
Á þessu svæði er sléttað hálfgrasigróið malarplan.
Ekkert sést til húsa á þessum slóðum.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Jón Þór Benediktsson: Hjalteyri - Sjávarþorp við Eyjafjörð, Súlur 2004, 101

EY-072:038 *Kveldúlfsbryggjur* mannvirki lending 65°51.023.N 18°11.652.V
Í grein eftir Jón Þór Benediktsson í Súlum segir: "Kveldúlfur var með saltfiskverkun á Hjalteyri frá 1912 ásamt síldarsöltun. [...] Kveldúlfur hf., útgerðarfyrirtæki Thors Jensen og fjölskyldu, kom til Hjalteyrar árið 1913. [...] Var hafist handa strax og byggðar í skyndi bryggjur, söltunarpláss og verbúð [039]." Bryggjuplanið er 10-15 m frá landi um 200 m ANA við Gamla hótelið 034 og um 880 m NA við Ytri-Bakka 001.
Á þessu svæði er sendin fjara og sjór.
Samkvæmt Gunnari Ragnarssyni og Jóhannesi Þ. Hermannssyni, heimildarmönnum, var eitt stórt bryggjuplan á svæðinu á tímum Kveldúlfs hf. með þremur landgöngum, eða álmum (A), og um 75 m suðvestar í fjörunni beint suður af Pétursúsi 042 voru einnig tvær bryggjuálmur án plans (B). Aðeins eystri hluti (2/3) bryggjuplans Kveldúlfs er uppistandandi því búið er að rífa mannvirkin niður að mestu. Planið er 2-3,5 m á hæð, um 35 x 15 m stórt og snýr NA-SV. Planið er timburbyggt á timburstólpum en í mjög slæmu ásigkomulagi vegna ágangs sjávar og rotnunar timburs. Fiskur var saltaður á bryggjuplaninu og tunnurnar geymdar á malarplaninu á milli Kveldúlfsskúrs 039 og bryggjanna. Trúlega var einnig saltað á planinu en það er þó ekki víst. Flestum timburbryggjum á Hjalteyri var rutt í burt af hafís árið 1918 nema bryggjum Kveldúlfs.
Hættumat: hætta, vegna rofs
Heimildir:Jón Þór Benediktsson: Hjalteyri - Sjávarþorp við Eyjafjörð, Súlur 2004, 101

EY-072:039 *Kveldúlfsskúr* heimild um verbúð 65°51.027.N 18°11.776.V
Í Súlum segir: "Kveldúlfur var með saltfiskverkun á Hjalteyri frá 1912 ásamt síldarsöltun. [...] Kveldúlfur hf., útgerðarfyrirtæki Thors Jensen og fjölskyldu, kom til Hjalteyrar árið 1913. [...] Var hafist handa strax og byggðar í skyndi bryggjur, söltunarpláss [038] og verbúð. Fyrst voru þeir við síldarsöltun en seinna fóru þeir að verka þar saltaðan þorsk var hann sólþurrkaður í miklu mæli á Hjalteyri." Kveldúlfsskúr var um 850 m NA við Ytri-Bakka 001 og um 75 m NA við Pétursúsi 042.
Á þessu svæði er sléttað grasigróið malarplan og Kaffi Lísa stendur á grunni skúrsins.
Í skúrnum var verbúð fyrir vinnufólk Kveldúlfs hf.. Skúrinn var byggður árið 1913 en var hann seinna lengdur til muna. Thorsarar (fjölskylda Thors Jensens) bjuggu í austurenda skúrsins á tímabili og var sá hluti betur byggður en verbúðirnar sjálfar. Austurendinn var seinna notaður sem þurrkhús fyrir saltfisk. Skúrinn var timburhús á einni hæð með skúrþaki. Húsin stóðu á gildum timburstaurum og var

hlaðið á milli stauranna. Húsin brunnu á 8. áratugnum og voru rifin stuttu seinna.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Jón Þór Benediktsson: Hjalteyri - Sjávarþorp við Eyjafjörð, Súlur 2004, 101

EY-072:040 heimild um hjall 65°51.130.N 18°11.500.V
Í grein eftir Jón Þór Benediktsson í Súlum segir: "Kveldúlfur var með saltfiskverkun á Hjalteyri frá 1912 ásamt síldarsöltun. [...] Kveldúlfur hf., útgerðarfyrirtæki Thors Jensen og fjölskyldu, kom til Hjalteyrar árið 1913. [...] Var hafist handa strax og byggðar í skyndi bryggjur, söltunarpláss [038] og verbúð [039]. Fyrst voru þeir við síldarsöltun en seinna fóru þeir að verka þar saltaðan þorsk og var hann sólþurrkaður í miklu mæli á Hjalteyri." Samkvæmt Gunnari Ragnarssyni, heimildarmanni, var þorskur saltaður í kring um 1920 úti á grandanum austan við Hjalteyrartjörn út frá bryggjum Þjóðverja 052, um 420 m NA við Gamla hótel 034 og um 1100 m NA við Ytri-Bakka 001.
Á þessu svæði eru háir nýlegir timburbyggðir fiskihjallar þar sem skreið er þurrkuð.
Ekkert sést til hjallanna nú (2007). Samkvæmt Gunnari Ragnarssyni, heimildarmanni, var hætt að þurrka og salta fisk í kringum árið 1927 á Hjalteyri. Fiskurinn var þurrkaður á lágum timburgrindum. Strengdir voru vírar á milli viðarbúkka sem reknir voru niður sandinn og fiskurinn breiddur út á vírana til þurrkunar.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Jón Þór Benediktsson: Hjalteyri - Sjávarþorp við Eyjafjörð, Súlur 2004, 101

EY-072:041 *Nýja hótelið* hús 65°51.002.N 18°11.873.V
Í grein eftir Jón Þór Benediktsson í Súlum segir: "Árið 1914 reistu Thorsararnir veglegt hús á tjarnarbakkanum, seinna var sett upp hótel í þessu húsið, er var rekið umárabil." Samkvæmt Gunnari Ragnarssyni, heimildarmanni, var ekki byrjað að byggja húsið fyrr en árið 1916 og var það í byggingu til ársins 1919. Nýja hótelið stendur enn og er um 790 m NNA við Ytri-Bakka 001 og um 100 m norðan við Gamla hótelið 034.


Nýja hótelið 072:041, horft í norður

Húsið er á sléttu graslendi á Hjalteyrinni sunnan við Hjalteyrartjörn.
Húsið er timburhús á tveimur hæðum á steinsteyptum grunni. Grunnur hússins er um 12 x 10 m stór og snýr norður-suður. Kjallari er í grunninum og var gengið inn í tvær geymslur í kjallaranum að norðan. Sex gluggar eru á kjallaranum og eru flestir þeirra byrgðir með timburhlerum. Gengið er inn í húsið á fyrstu hæð upp tröppur að norðan og sunnan og gluggar eru á öllum hliðum hússins bæði á fyrstu og annarri hæð. Ekki er lengur rekið hótel í húsinu.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Jón Þór Benediktsson: Hjalteyri - Sjávarþorp við Eyjafjörð, Súlur 2004, 102

EY-072:042 *Pétursshús* hús bústaður 65°50.987.N 18°11.804.V
"Sunnan Bragholt Camp [017], sem stóð þar sem Hjalteyrarskóli reis síðar, var varðskýli við veginn og þar urðu allir að gera grein fyrir sér sem vildu niður á eyrina. Norðan við Pétursshús var annað varðskýli [043] og það þriðja var eins og áður segir á grandanum sjálfum [EY-074:038]." segir í Hernámsárunum á Akureyri og Eyjafirði. Pétursshús er um 770 m NA við Ytri-Bakka 001 og um 8 m NA við Friðrikshús 054.
Norðan og sunnan við húsið eru malbikaðar götur á sléttlendri eyrinni en smá grasblettur er í kring um húsið.
Samkvæmt Gunnari Ragnarssyni, heimildarmanni, var Pétursshús líklega byggt í kringum 1916. Húsið er timburhús á einni hæð á steinsteyptum grunni. Húsið er um 13 x 9 m að stærð og snýr NA-SV. Kjallari er undir húsinu og var þar á tímabili íbúð. Gengið er niður í kjallarann á suðausturhlið og geymsluloft er ofan við jarðhæð. Gengið er inn í húsið á suðvestur og norðausturhlið og eru gluggar á öllum hliðum.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir:Jón Hjaltason: Hernámsárin á Akureyri og Eyjafirði, 158

EY-072:043 heimild um 65°50.994.N 18°11.809.V
"Sunnan Bragholt Camp [017], sem stóð þar sem Hjalteyrarskóli reis síðar, var varðskýli [045] við veginn og þar urðu allir að gera grein fyrir sér sem vildu niður á eyrina. Norðan við Pétursshús [042] var annað varðskýli [043] og það þriðja var eins og áður segir á grandanum sjálfum [EY-074:038]." segir í Hernámsárunum á Akureyri og Eyjafirði. Samkvæmt Gunnari Ragnarssyni, heimildarmanni, var varðskýlið um 790 m NNA við Ytri-Bakka 001 og 10-15 m norðan við Pétursshús 042.
Á þessu svæði er malbikaður vegur sem liggur niður (austur) á Eyrina og sléttuð grasflöt.
Samkvæmt Gunnari Ragnarssyni, heimildarmanni, voru varðskýlin yfirleitt vel varin gegn byssuskotum en varðskýlið á Hjalteyrinni var lélegt. Það var aðeins timburskúr, varla stærri en útikamar. Var skýlið opið að framan en yfirbyggt og var hægt að snúa því eftir vindátt. Ekkert sést lengur (2007) til skýlisins.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:Jón Hjaltason: Hernámsárin á Akureyri og Eyjafirði, 159

EY-072:044 *Syðri-Oddi* heimild um bústað 65°51.108.N 18°11.484.V
Samkvæmt Gunnari Ragnarssyni, heimildarmanni, var hús sem kallaðist Syðri-Oddi, um 1000 m NA við Ytri-Bakka 001 og um 400 m NA við Gamla hótelið 034.
Á þessu svæði er nú sléttað graslendi um 10 m VSV við vita sem stendur á grandanum, inn á milli timburhjalla.
Húsið var timburhús á einni hæð án lofts eða kjallara. Húsið var íbúðarhús fyrir utan einn vetur er það var nýtt sem skóli. Húsið var rifið á milli 1970-1980 en óljóst er hvenær það var byggt en Gunnar Ragnarsson, heimildarmaður, telur það hafa verið fyrir 1920. Ekkert sést til fornleifa.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar

EY-072:045 heimild um 65°50.727.N 18°12.410.V
"Sunnan Bragholt Camp [017], sem stóð þar sem Hjalteyrarskóli reis síðar, var varðskýli við veginn og þar urðu allir að gera grein fyrir sér sem vildu niður á eyrina. Norðan við Pétursshús [042] var annað varðskýli [043] og það þriðja [EY-074:038] var eins og áður segir á grandanum sjálfum." segir í Hernámsárunum á Akureyri og Eyjafirði. Samkvæmt Jóhannesi Þ. Hermannssyni, heimildarmanni, var varðskýlið um 400 m NV við Ytri-Bakka 001, fast norðan við gamla veginn niður á Hjalteyri.
Á þessu svæði er malarvegur sem liggur A-V og norðan vegar, samsíða honum er 1 m djúpur og 1,5 m breiður skurður í þýfðum grasi- og mosagrónum móa trúlega í tengslum við ræsingu lands.
Ekkert sést til skýlis og heimildarmaður vissi ekki hvernig skýlið var byggt.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Jón Hjaltason: Hernámsárin á Akureyri og Eyjafirði, 159

EY-072:046 heimild um 65°51.012.N 18°11.755.V
Í bókinni Hernámsárin á Akureyri og Eyjafirði segir: [...] tvennar herbúðir [voru] austur af Skriðulandi, á Bakkaásum var Bragholt Camp [017] og undir þeim norðanverðum Hjalteyri og herbúðirnar þar. Þeir voru ekki fleiri en 12 bresku hermennirnir sem hertóku Hjalteyri. Fyrst í stað bjuggu þeir í stórum skála sunnan við tjörnina en þar var mötuneyti og svefnstaður fyrir verkamenn síldarbræðslunnar. Bráðlega fjölgaði Bretunum, mislit tjöld stungu upp kollinum og braggar byrjuðu að rísa, fyrst norðan við Pétursshúsið [042] og síðan á grandanum [EY-074:034] frá Jónshúsi [EY-074:033] og út að Thorsteinssongrunni [EY-
074:021]." Samkvæmt Gunnari Ragnarssyni, heimildarmanni, var Bretakampur um 830 m NA við Ytri-
Bakka 001, á malarplaninu þar sem áður voru geymdar síldartunnur (sjá 038) sunnan og suðaustan við Kveldúlfsskúr 039.
Á þessum slóðum er sléttað grasigróið malarplan og malbikaður vegur sem liggur austurs út á Eyri.
Ekkert sést til búðanna en á svæðinu voru braggar úr bárujárni. Engar nánari upplýsingar fengust um búðirnar en ekki er ólíklegt að einhvers staðar séu til gamlar ljósmyndir af þessum búðum.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Jón Hjaltason: Hernámsárin á Akureyri og Eyjafirði, 158

EY-072:047 *Pakkhúsið* frásögn skemma 65°50.987.N 18°11.804.V
Samkvæmt Gunnari Ragnarssyni, heimildarmanni, var eitt elsta hús Hjalteyrar geymsla sem nefndist Pakkhúsið. Hún var um 770 m NA við Ytri-Bakka 001 og um 8 m NA við Friðrikshús 054 en Péturshús 042 var byggt seinna á svipuðum stað.
Á þessum stað stendur Péturshús.
Pakkhúsið var timburhús sem notað var sem geymsla. Hún var með elstu húsum á Eyrinni. Húsið var flutt neðar á Eyrina seinna en óþekkt er hvenær húsið var byggt eða hvenær það var rifið en það hefur verið fyrir 1916 en þá er Péturshús byggt.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar

EY-072:048 *Fjósið* frásögn skemma 65°50.990.N 18°11.794.V
Samkvæmt Gunnari Ragnarssyni, heimildarmanni, var Fjósið um 780 m NNA við Ytri-Bakka 001 á svæði sem nú (2007) er fast NA við og undir norðausturenda Péturshúss 042.
Á þessu svæði er Péturshús og grasigróið sléttað malarplan.
Ekkert sést til fornleifa. Fjósið var timburhús sem meðal annars var notað sem geymsla og fjós. Gunnar Ragnarsson, heimildarmaður, kannaðist ekki við hvenær húsið var byggt eða hvenær það var rifið en það hefur verið fyrir 1916 en þá er Péturshús byggt.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar

EY-072:049 *Ásgeirsbryggja* frásögn lending 65°50.967.N 18°11.813.V
Samkvæmt Gunnari Ragnarssyni, heimildarmanni, lá Ásgeirsbryggja út í sjó í suður út frá Gömlubúð 025 og um 750 m NA við Ytri-Bakka 001.
Á þessu svæði er grýttur 1,5 m hár sjávarvarnargarður og sendin fjara á háfjöru.
Bryggjan var uppbyggð af einu plani og lá ein álma út í sjó frá planinu. Bryggjunni og planinu var rutt burt árið 1918 af hafís á leið út úr Eyjafirði. Ekkert sést til fornleifa.

EY-072:050 *Wallensplan* frásögn lending 65°50.939.N 18°11.845.V
Samkvæmt Gunnari Ragnarssyni, heimildarmanni, lá timburbryggja út í sjó út frá Rauða húsinu 024 (til suðurs). Bryggjan var um 685 m NA við Ytri-Bakka 001 og um 15 m SA við Rauða húsið.
Á þessu svæði er sendin fjara.
Samkvæmt Gunnari Ragnarssyni, heimildarmanni, tilheyrði bryggjan Wallenshúsi 029 og var uppbyggð af einu plani og einni álmu úr timbri sem lá út í sjó suður frá Hjalteyri. Bryggjunni var rutt í burt árið 1918 af hafís á leið út Eyjafjörð. Ekkert sést til fornleifa.

EY-072:051 *Pálsbryggja* frásögn lending 65°51.085.N 18°11.449.V
Samkvæmt Gunnari Ragnarssyni, heimildarmanni, var Pálsbryggja um 390 m ANA við Gamla hótelið 034 og um 1000 m NA við Ytri-Bakka 001.
Á þessu svæði er sendin fjara.
Samkvæmt Gunnari Ragnarssyni, heimildarmanni, snéri bryggjan N-S og lá út úr Eyrinni rétt sunnan við tangann, fram undan Syðri Odda 044. Bryggjan var úr timbri og samsett af einu plani og einni álmu. Bryggjunni var rutt í burt árið 1918 af hafís á leið inn Eyjafjörð. Ekkert sést til fornleifa.

EY-072:052 frásögn lending 65°51.059.N 18°11.537.V
Samkvæmt Gunnari Ragnarssyni, heimildarmanni, voru bryggjur Þjóðverja um 970 m NA við Ytri-Bakka 001 og 25-30 m sunnan við Þýsku húsin 027.
Á þessu svæði er sendin fjara.
Samkvæmt Gunnari Ragnarssyni, heimildarmanni, lá bryggjan til suðurs niður undan Þýsku húsunum 027. Bryggjan var úr timbri og var samsett úr einu plani og lágu þrjár álmur í suður út frá planinu. Hafís á leið inn Eyjafjörð ruddi bryggjunni árið 1918. Ekkert sést til fornleifa.

EY-072:053 *Templarinn* hús 65°51.001.N 18°11.907.V
Samkomuhúsið Templarinn er um 100 m norðan við Gamla hótel 034 og um 785 m NNA við Ytri-Bakka 001.
Húsið stendur austur undir brattri grasigróinni brekku sem hallar um 40° í austur.

Samkvæmt Gunnari Ragnarssyni, heimildarmanni var Templarinn byggður árið 1886 af Stúkunni. Húsið hefur alltaf verið samkomuhús en á árunum 1943-1947 var það einnig notað sem skóli. Húsið er timburhús á steinsteyptum grunni sem er um 10 x 7 m stórt og snýr N-S. Húsið er aðeins ein hæð og enginn kjallari er undir því. Gengið er inn að austan og gluggar eru á öllum hliðum.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar

EY-072:054 *Friðrikshús* hús bústaður 65°50.978.N 18°11.809.V
Friðrikshús er um 55 m NA við Gamla hótelið 034 og um 755 m NA við Ytri-Bakka 001.
Norðan og sunnan við húsið eru malbikaðar götur á sléttri eyrinni en smá grasblettur er í kring um húsið.
Húsið er timburhús á grjóthlöðnum og steyptum grunni sem er um 13 x 7 m stórt og snýr NA-SV. Kjallari er undir húsinu og er gengið niður í hann um tröppur að SA. Einnig eru tveir litlir gluggar inn í kjallarann að suðaustan. Gengið er inn í húsið á jarðhæð að SV og eru gluggar á NV, SA og SV hlið. Hátt ris með kvisti er ofan við jarðhæðina og voru þar tvö herbergi og kompur. Gluggar eru á risi að SA, NA og SV. Oft fylltust kjallarar húsanna á eyrinni af sjó. Hefur húsið trúlega verið byggt um eða eftir 1900.
Hættumat: engin hætta



Friðrikshús 072:054, horft í NNA

EY-072:055 gerði kálgarður 65°50.980.N 18°11.956.V
Gamlir kálgarðar eru um 740 m NNA við Ytri-Bakka 001 og um 50 m NV við Möllershús 036.
Kálgarðarnir eru grafnir inn í brekku norðvestan við Hjalteyri í austurhlið Ásanna sem hallar um 40° í austur.
Á svæði sem er um 50 x 40 m stórt eru 3 manngerðir stallar sem grafnir hafa verið 0,5-3 m niður í brekkuna og snúa NNA-SSV. Þarna voru kálgarðar Hjalteyrar. Ekki er vitað hversu gamlir þeir eru. Stallarnir eru um 30-40 x 10 m að stærð. Efsti pallurinn er um 2 m ofan við mið stallinn og neðsti stallurinn er um 2,5 m neðan við hann. Stallarnir halla um 5-10° í austur og eru mjög grasigrónir. Hvorki sést til garðlaga eða matjurta.
Hættumat: engin hætta



Kálgarðar 072:055, horft í vestur

EY-072:056 *Þvergarður* garðlag landamerki 65°50.331.N 18°12.391.V
"Við vesturmerkin er Röndin en á suðurmerkjunum Þvergarður, forn merkjagarður. Nær hann þvert yfir ásana allt að Arnarnesslæk (Tjarnarlæk) [...]." segir í örnefnaskrá Jóhannesar Ó. Sæmundssonar. Torfhlaðið garðlag er um 630 m SV við Ytri-Bakka 001 og um 790 m sunnan við gamla skólahúsið Skruggu á landamerkjum Ytri-Bakka og Syðri-Bakka EY-071." Guðmundur Ólafsson skráði garðlagið árið 1985 og er það nr. 21 í skrá hans.
"Öðru megin er tún, hinu megin eru þúfur. Fer hann yfir holt og upp í fjall." segir í skráningu Guðmundar Ólafssonar. Garðlagið skilur á milli sléttaðs túns að norðan og lyngi- og víðigróins móa að sunnan.
Guðmundur Ólafsson skráði staðinn árið 1985 og ber lýsingu hans í stórum dráttum saman við lýsingu skrásetjara sem hér fer á eftir en mikill hluti garðlagsins er þó trúlega orðið miklu óskýrara í dag (2007) og því erfiðara að skrá. Þar sem garðlagið er sjáanlegt er það grjót- og torfhlaðið, um 250 m á lengd, um 3-5 m á breidd, 0,4-1 m á hæð og liggur A-V. Samanlagt hefur garðlagið verið að minnsta kosti um 1 km að lengd. Garðlagið er aðeins greinilegt fast austan og vestan við malarveg 812. Austan


við veg er garðlagið mjög óljóst og vel gróið berjalyngi og víði, um 3 m á breidd, 0,4-0,6 m á hæð og um 35 m á lengd. Um 35 m austan við veg hverfur garðlagið í þúfur og gras. Ekkert sést í garðlag eftir það alveg austur að sjó. Vestan við veg er garðlagið mjög greinilegt, um 4-5 m á breidd og um 0,6-1 m á hæð. Garðlagið endar um 215 m vestar í rofabarði. Efst á Ásunum sést að garðlagið er að stóru leyti hlaðið úr grjóti sem hrúgað hefur verið saman þar sem torfið er allt rofið burt. Mjög líklegt er að garðlagið haldi áfram að vesturlandamerkjum Ytri-Bakka vestan við ásana þar sem rofabarðið hverfur en vegna mikillar þúfumyndunar sést ekki til þess. Mjög líklegt er að hægt sé að greina garðlagið eftir fyrstu snjóa líkt og suðurlandamerki Bragholts EY-073:007.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Örn.Jóh.Ól. 35; Guðmundur Ólafsson: Fornleifaskrá Arnarneshrepps 1985

EY-072:057 heimild um mógrafir 65°50.506.N 18°12.987.V
"Við vesturmerkin er Röndin, en á suðurmerkjum Þvergarður, forn merkjagarður." segir í örnefnalýsingu. Samkvæmt Jóni Þ. Benediktssyni, heimildarmanni, var Röndin ofarlega í ásunum. Er hún í rauninni moldarrönd eða geil eftir jökulruðning þar sem tekin var svarðamold í gamla daga. Þetta svæði er um 580 m SV við gamla skólahúsið Skruggu og um 730 m VSV við bæ 001.
Á þessu svæði eru sléttuð tún og mjög þýfðir móar grónir lágum runnagróðri, grasi og lyngi.
Lítið sést til mógrafa vegna sléttunar túna og þúfumyndunar í móunum. Skurðir hafa einnig verið grafnir til að þurrka svæðið til ræktunar en fífur vaxa þar sem landið er lægra og deigra. Svæðið er að minnsta kosti 1000 x 400 m stórt og snýr norður-suður.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:Örn. Jóh.Ól., 35

EY-072:058 gerði kálgarður 65°50.420.N 18°12.083.V




Kálgarðar eru í grasigróinni brekku suðaustan við suðausturhorn refabús, um 300 m SSV við Ytri-Bakka 001 og um 10 m NV við vegslóða 019.
Á þessu svæði er grasi-, mosa og lyngigróinn brekka sem hallar um 45° til SA.
Tvö gerði sjást enn á þessu svæði og voru þau kálgarðar samkvæmt Jóni Þ. Benediktssyni, heimildarmanni, sem hafði þær upplýsingar frá afa sínum. Gerðin eru á svæði sem er um 65 x 25 m stórt og snýr NA-SV. Kálgarður A er tvískiptur, um 10 x 12 m stór og snýr NV-SA. Norðvestara hólf garðsins er frekar ógreinilegt vegna rofs sem trúlega er tengt byggingu refabús en hefur verið um 10 x 5 að innanmáli og snúið NA-SV. Norðausturhorn hans er mjög rofið. Suðaustara hólfið er stærra og miklu greinilegra. Það er um 10 x 8 m að innanmáli og snýr einnig NA-SV. Hleðslan er frekar sigin, um 0,2-0,5 m á hæð og 0,5-1 m á breidd. Gerðin eru torfhlaðin. Hugsanlegt er að eitt hólf í viðbót hafi verið SA við neðra hólfið þar sem garðlag liggur út frá austurhorni þess áfram niður brekkuna um 9 m í SA að vegslóða 019. Annar kálgarður, enn óljósari, B, er um 45 m SV við garð A. um 22 x 6-10 m stórt og snýr NV-SA. Hleðslan er 1 m á breidd og um 0,4 m á hæð. Ekkert sést í grjóthleðslur.



Hættumat: engin hætta

EY-073 Bragholt



30 hdr. 1712. Eign Möðruvallaklausturs. 10.8.1447. Bréf Kristophers konungs af Bayern, þar sem hann skipar Bragholt og fleiri jarðir norðanlands undir Pétr Pétrsson hirðmann sinn, "...nema því aðeins að hústrú Margrét Vigfúsdóttir, ekkja Þorvarðs Loptssonar, sem haldið hefði jörðunum fyrir Pétri, sýni að hún eða börn hennar eigi þessar jarðir með lögum" (DI IV, 705-6). 6.11.1447 Upptalning í reikningum Möðruvallaklausturs, "...Item bragholt vij kogylde, bykt alft annat hundrat j landskyld ok ij agylde..." (DI IV, 711). Árið 1447 átti Möðruvallaklaustur jörðina Bragholt í þáverandi möruvallaprestakalli (EM, 39 og 55). 1525: Upptalning á jörðum í eigu Möðruvallaklausturs, Bragholt nefnt Bragholl (DI IX, 319). 1569-70: Enn er Bragholt talið upp sem eign Möðruvallaklausturs og segir: "Med Braghollte V (kúgildi)." (DI XV, 364 og 366) Jörðin Bragholt er í eyði í dag en eitthvað nýtt af túnum. Bærinn fór í eyði einhvern tíman eftir 1990 (B.E. I, 361).

1917: 4,8 ha. 2/3 slétt. Sáðreitir 1100 m2. Bærinn stendur vestanhalt í Bakkaásnum, gegnt Skriðulandi, rétt norðan við Hjalteyrarveginn, og nær landið norðan frá Arnarnesi að Syðri Bakka í suðri og frá Tjarnarlæk í vestri að Ytri Bakka í austri. (BE I, 360)



Bragholt 073:001, horft í vestur

EY-073:001 *Bragholt* bæjarhóll bústaður 65°50.785.N 18°13.538.V

Í Byggðum Eyjafjarðar segir: "Bærinn stendur vestanhalt í Bakkaásunum, gegnt Skriðulandi, rétt norðan við Hjalteyrarveginn, og nær landið norðan frá Arnarnesi að Syðri-Bakka í suðri og frá Tjarnarlæk í vestri að Ytri-Bakka í austri."

Bragholt er um 3200 m SSA við Fagraskóg (EY-079:001) og um 1200 m NV við Ytri-Bakka (EY-072:001).
Á grasigrónum bæjarhólnum er íbúðarhús byggt árið 1938.
Bæjarhóllinn er ekki mjög áberandi en mest 0,5-1 m hár. Hann er um 25 x 15 m stór og snýr norður-suður. Ekkert sér til eldri torfbæjar. Húsið sem er á bæjarhólnum nú (2007) er tvær timburbyggðar hæðir á steinsteyptum niðurgröfnum kjallara. Flatarmál hússins er 14 x 9 m og snýr það NNA-SSV. Ekki er að sjá að bæjarhólnum hafi verið raskað frekar nema með þessari byggingu.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Túnakort 1917; BE I, 360-361

EY-073:002 heimild um fjós 65°50.794.N 18°13.533.V
Á túnakorti frá árinu 1917 er útihús um 15 m norðan við bæ 001. Samkvæmt Guðrúnu J. Þorsteinsdóttur, heimildamanni, var torfbyggt fjós á þessum stað.
Á svæðinu er sléttað malarplan fyrir heyrúllur.
Fjósið var hlaðið úr torfi og grjóti og voru í því 6-7 básar. Stafn úr timbri með glugga var að sunnan en gengið var inn að austan. Bárujárn var undir torfi á þaki þess. Ekkert sést til fornleifa á þessu svæði nú (2007) en fjós stóð enn er Guðrún J. Þorsteinsdóttir yfirgaf Bragholt árið 1966.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Túnakort 1917

EY-073:003 *Fjárhúsahóll* þúst fjárhús 65°50.770.N 18°13.624.V
Í örnefnaskrá segir: "Heima í túni er Bæjarhóll [001], þar vestur af Fjárhúsahóll." Samkvæmt túnakort frá árinu 1917 var útihús á fjárhúshóli um 60 m vestan við bæ 001. Samkvæmt Guðrúnu J. Þorsteinsdóttur var þarna fjárhús um 70 m vestan við bæ og fast sunnan við suðvesturhorn núverandi kartöflugarðs í Bragholti.
Þetta svæði er í sléttuðu túni.
Fjárhúsið var torf- og grjóthlaðið með timburgörðum og timburþili að vestan og var þar gengið inn í húsið. Á svæðinu er aðeins lágur hóll gróinn háu grasi og njóla en ennþá vottar fyrir leifum hleðslna í suðvesturhorni hólsins. Svæðið er um 22 x 20 m stærð en hóllinn er um 0,5 m á hæð og snýr norður-suður. Þetta fjárhús stóð enn er Guðrún J. Þorsteinsdóttir yfirgaf Bragholt árið 1966.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Túnakort 1917; Örn.AJ., 1

EY-073:004 hús skemma 65°50.702.N 18°13.482.V
Á túnakorti frá 1917 er bygging um 175 m SSV við Bragholt 001. Á þessu svæði er torf- og grjóthlaðin kartöfluskemma um 160 m sunnan við bæ 001 og um 30 m sunnan við veg 812 niður á Hjalteyri. " Í örnefnaskrá segir: [...] beint suður af bænum sunnan við veg er Svarðarhóll [008] og þar munu hafa verið kvíar en nú er þar kartöflugeymsla."



Skemma 073:004, horft í austur

Húsið er í grasigrónum móa. Vestan við húsið er rofið malarbarð vegna bílaumferðar við húsið.
Húsið er hlaðið úr torfi og grjóti með torfþaki og um 1 m breiða hurð á 1,2-1,5 m breiðu viðarþili á vesturhlið þess. Húsið er um 8 x 8 m á stærð. Engir gluggar eru á húsinu. Hæð hússins er um 2,5 m en engar grjóthleðslur eru sjáanlegar að utan. Samkvæmt Guðrúnu J. Þorsteinsdóttur, heimildamanni, er húsið sameiginleg kartöflugeymsla Hjalteyrar og bæjanna í nágrenninu. Á tímabili voru einnig kartöflugarðar sunnan við húsið á tímabili en engar hleðslur voru utan um þá og lítið sést til þeirra á svæðinu. Samkvæmt örnefnaskrá voru kvíar á þessu svæði áður en ekki er ljóst hvort geymslan eða kvíarnar eru teiknaðar á túnakortið. Ekkert sést til kvía.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:Túnakort 1917; Örn.AJ., 1


EY-073:005 þúst útihús 65°50.780.N 18°13.693.V
Samkvæmt túnakorti frá árinu 1917 var útihús um 115 m vestan við bæ 001 og um 55 m NV við Fjárhúsahól 003.
Þetta svæði er í sléttuðu túni.
Á svæðinu er aflangur hóll sem snýr norður-suður og er 30 x 15 m stór. Hóllinn er um 0,5-1,5 m á hæð og er greinilegt að hér hefur staðið bygging. Hvorki voru útihús né tóftir á þessum stað í tíð Guðrúnar J. Þorsteinsdóttur, heimildamanns, milli 1948-1966.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Túnakort 1917

EY-073:006 gryfja brunnur 65°50.777.N 18°13.674.V
Dæld, líklega eftir brunn, er rúmum 100 m vestan við bæ 001 og um 40 m NV við Fjárhúsahól 003.
Á þessu svæði er sléttað tún.
Dældin er um 1x1 m að stærð og um 0,3 m á dýpt. Fyllt hefur verið áður upp í holu með mold en fyllingin hefur nú sigið og holan komin í ljós aftur. Haukur G. Jóhannsson, heimildamaður, telur líklegt að brunnur hafi verið á þessum stað en nú sést aðeins dældin.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar

EY-073:007 garðlag landamerki 65°50.289.N 18°13.392.V
"Að vestan er það [landamerki] Tjarnarlækur og suður í Baldursheimsíki að hluta. Að sunnan sést móta fyrir garði yzt á Breiðasundi, [...]." segir í örnefnaskrá. Í örnefnaskrá Jóhannesar Ó. Sæmundssonar segir: "Að utan ræður Merkjaskurður, en að austan Merkjagarður, gegnt Ytri Bakka." Landamerki að sunnan eru um 930 m sunnan við Bragholt 001.
Á þessu svæði er þýfður lyngi- og mosagróinn mói.
Á suðurmerkjum sést lítið til garðlags vegna kargaþýfis. Samkvæmt Hauki Jóhannssyni, heimildamanni, má helst greina útlínur garðsins í fyrstu snjóalögum á vetrum. Þessi landamerkjagarður er framhald af landamerkjum EY-072:056 milli Ytri- (EY-072:001) og Syðri-Bakka (EY-071:001). Hann sést óljóst, af loftmynd á 870 m kafla. Framhald þessa garðs er 072:056.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:Örn. AJ., 1; Örn. JÓS, 39

EY-073:008 *Svarðarhóll* örnefni mógrafir 65°50.526.N 18°14.574.V
"Skammt sunnan við Hjalteyrarveg upp við Tjarnarlæk er Svarðarhóll nokkru sunnar er þrjú holt er heita Kringluholt" segir í örnefnaskrá. Svarðarhóll er um 930 m VSV við 001 og um 50 m sunnan við Hjalteyrarveg 812.
Hóllinn er grasi- og lyngigróinn,snýr norður-suður og er 100 x 50 m stór og um 3-5 m á hæð. Í norðurenda hans er stór egglaga dæld vegna malartöku.
Nafn hólsins gefur til kynna að svörður hafi verið skorinn á svæðinu. Líklegast er þó að svörður hafi verið þurrkaður á hólnum en skorinn í mýrunum sem eru sunnan, austan og vestan við hólinn þó engar vísbendingar um slíkt sjáist í mýrunum.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:Örn.AJ., 1

EY-073:009 tóft stekkur 65°50.520.N 18°13.887.V
Í örnefnaskrá segir: "[...] suður undir merkjum, er langur melur, sem heitir Stekkjarmelur og sunnan í honum Stekkur." Stekkjartóftin er um 560 m SV við bæ 001, um 460 m SV við skemmu 004 og um 220 m NV við útihús 014. Stekkurinn er nr. 111 í skráningu Guðmundar Ólafssonar.




Tóftin er í mjórri grasigróinni lægð sem hallar um 5° í vestur. Tóftin er tvískipt, um 11 x 5 m stór og snýr NV-SA. Veggir hennar eru mjög signir og um 0,4-1 m á hæð. Tóftin er mjög grasigróin og torfhlaðinn en engar grjóthleðslur eru sjáanlegar. Gengið hefur verið inn í tóftina um 1 m breiðan

inngang inn í hólf I á norðvesturhlið. Hólf I er um 4 x 3 m að innanmáli og snýr NV-SA. Veggir þess að norðan og sunnan eru mjög óskýrir. Hólf II er um 2 m SA við hólf I. Enginn inngangur er greinanlegur inn í hólfið. Hólfið er 2 x 1 m að innanmáli og snýr NA-SV.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:Örn.AJ.,1; Guðmundur Ólafsson: Fornleifaskrá Arnarneshrepps 1985

EY-073:010 *Álfasteinn* náttúrumin huldufólksbústaður 65°50.511.N 18°13.122.V
"Á sundinu austan við Bragholtsás sunnarlega er Álfasteinn." segir í örnefnaskrá. Í Heimaslóð 13-15 árg. segir: "Álfasteinn nefnist grettistak, skammt frá bænum Bragholti í Arnarneshreppi. Er hann á ásundum suðaustur af bænum, líklega við Mjóasund." Steinninn er um 600 m SSA við Bragholt 001.
Er í þýfðum, mosa-, lyngi- og grasigrónum móa. Á milli þúfna eru rofabörð hér og þar. Á svæðinu standa minni klettar upp úr gróðrinum hér og þar en er þessi steinn áberandi stærstur og að öllum líkindum sá sem kallaður var Álfasteinn.
Steinninn er 1-1,2 m á hæð, um 3 x 2 m stór og snýr austur-vestur.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:Örn.AJ. ; Helgi Hallgrímsson: "Huldufólksstaðir og aðrir átrúnaðarstaðir í Arnarneshreppi í Eyjafirði" Heimaslóð 13-15 árg, 116

EY-073:011 *Bragholtsgrafir* náma mógrafir 65°50.716.N 18°13.123.V
"Norður við Hjalteyrarveg eru Bragholtsgrafir en beint suður af bænum sunnan við veg er Svarðarhóll [008]" segir í örnefnaskrá. Bragholtsgrafir voru um 340 m SA við bæ 001.
Á þessu svæði eru sléttuð tún, Hjalteyrarvegur og djúpir skurðir.
Ekkert sést til svarðargrafa á svæðinu fast við Hjalteyrarveg nú vegna rasks. Svörður var tekinn þarna á stóru svæði bæði frá Bragholti og Ytri Bakka (EY-072:057). Leifar svarðargrafa sjást hins vegar enn óljóst þar sem tún hafa verið ræst fram um 120 m sunnan við veginn. Þar má greina óljósar dældir í túni sem greinilega eru eftir svarðargrafir á svæði sem er um 110 X 90 m stórt og snýr norður suður. Þær eru þornaðar og grónar.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Örn.AJ., 1

EY-073:012 tóft óþekkt 65°50.437.N 18°13.676.V
Tóft er um 660 m SSV við bæ 001 og um 8 m NA við tóft 014 ofarlega í Ásunum vestanverðum. Tóftirnar eru nr. 96 í skráningu Guðmundar Ólafssonar frá 1985.




"Dálítil lág sem liggur NV-SA. Utan í norðurhlið lágarinnar. Þýfðir móar að norðan, grösug brekka að sunnan og vestan." segir í skráningu Guðmundar Ólafssonar. Ekkert við þessa lýsingu að bæta.
Guðmundur Ólafsson skráði staðinn árið 1985 og ber lýsingu hans í stórum dráttum saman við lýsingu skrásetjara sem hér fer á eftir. Tóftin er um 8 m NA við tóft 014 og er hún trúlega miklu eldra mannvirki. Veggir hennar eru mjög þýfðir og grónir grasi, mosa og lyngi. Tóftin snýr austur-vestur og skipt upp í 3-4 hólf (I-IV). Hún er um 17 x 12 m stór. Veggir hennar eru 1-4 m á breidd og 0,4-1 m á hæð. Hólf I og II eru skýrust og eru þau bæði um 2 x 1,5 m að innanmáli og snúa norður-suður. Hólf III og IV eru óskýrari og gætu hugsanlega verið aðeins náttúrulegar þúfumyndanir. Hólf III er um 2 x 2 m að innanmáli en hólf IV er um 2 x 1,5 m og bæði snúa þau norður-suður. Ekki er hægt að segja með vissu hvar inngangar í hólfin hafa verið vegna rofs eftir kindagötur yfir tóftina. Engar grjóthleðslur

eru sjáanlegar. Tóftirnar hafa trúlega verið beitarhús eða einhvers konar aðhald fyrir búpening.
Hættumat: engin hætta

EY-073:013 frásögn kálgarður 65°50.779.N 18°13.544.V
Samkvæmt Guðrúnu J. Þorsteinsdóttur, heimildamanni, var kálgarður 15-20 m SSV við bæ 001.
Á þessu svæði er sléttað tún.
Norðurveggur kálgarðsins var hlaðinn úr torfi og grjóti en ekkert sést til fornleifa nú (2007).
Hættumat: hætta, vegna ábúðar

EY-073:014 tóft óþekkt 65°50.433.N 18°13.679.V
Tóft er um 660 m SSV við bæ 001 og um 8 m SV við tóft 012 ofarlega í Ásunum vestanverðum. Tóftirnar eru nr. 96 í skráningu Guðmundar Ólafssonar frá 1985.
"Dálítil lág sem liggur NV-SA. Utan í norðurhlið lágarinnar. Þýfðir móar að norðan, grösug brekka að sunnan og vestan." segir í skráningu Guðmundar Ólafssonar. Ekkert við þessa lýsingu að bæta.



Guðmundur Ólafsson skráði staðinn árið 1985 og ber lýsingu hans í stórum dráttum saman við lýsingu skrásetjara sem hér fer á eftir. Tóftin er tvískipt og torfhlaðin, um 11 x 6-7 m stór snýr NNA-SSV. Veggir hennar eru 1,5-2 m á breidd og grasigrónir. Ytri brú veggja er 1-1,2 m há fyrir utan norðurvegg hennar sem er byggður inn í norðurhlíð lágarinnar og er aðeins um 0,2 m á hæð. Innri brún veggja er hins vegar aðeins 0,2-0,4 m há. Hólf I er skýrara og er innanmál þess 3-3,5 x 3 m stór og snýr VNV-ASA. Hugsanlegur innangur í hólfið, um 0,5 m á breidd, er á VNV hlið þess. Hólf II er mjög ógreinilegt en hefur hugsanlega verið um 2-3 x 2-3 m stórt. Ekki er ólíklegt að torfþak hafi verið yfir hólfi II en ekki hólfi I en þó virðast þau hafa verið byggð á sama tíma. Engar grjóthleðslur eru sjáanlegar. Fast upp við ASA hlið tóftarinnar er mögulegt að gerði hafi verið sambyggt henni. Það hefur verið um 18 x 5 m að innanmáli og snúið VNV-ASA. Inngangur í hólfið hefur trúlega verið sunnan við SSV enda tóftarinnar og um 3 m á breidd. Leifar af hleðslum í veggjum hólfsins sjást aðeins á 2 stöðum ANA og sunnan við tóft A. Hleðslurnar eru úr torfi, um 2 m á breidd og 0,4-1,5 m á hæð. Hugsanlega er hér um að ræða stekk eða annars konar aðhald fyrir búpening.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Guðmundur Ólafsson: Fornleifaskrá Arnarneshrepps 1985


EY-073:015 heimild um kálgarð 65°50.788.N 18°13.517.V
Samkvæmt túnakorti frá árinu 1917 var kálgarður um 15 m austan við bæ 001.
Á þessu svæði er sléttað malarplan og heimreið.
Ekkert sést til fornleifa.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Túnakort 1917

EY-073:016 heimild um kálgarð 65°50.774.N 18°13.496.V
Samkvæmt túnakorti frá árinu 1917 var kálgarður um 30 m SA við bæ 001.
Á þessu svæði er malarplan fast sunnan við viðarbyggt fjós innan í hestagirðingu.
Ekkert sést til fornleifa.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Túnakort 1917

EY-073:017 gryfja óþekkt 65°50.773.N 18°13.719.V
Á túnakorti frá árinu 1917 er merktur með ógreinilegum hætti svartur punktur um 30 m VSV við útihús 005. Ekki er ljóst fyrir hvað punkturinn á að standa en á þessu svæði er hringlaga dæld um 140 m vestan við bæ 001.
Á þessu svæði er sléttað tún.
Dældin er hringlaga, um 0,2 m djúp og 4 m í þvermál. Hugsanlega hefur verið þarna súrheysgryfja eða

brunnur en engar upplýsingar hafa fundist um fornleifar á þessu svæði annað en punkturinn á túnakorti.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Túnakort 1917


EY-073:018 tóftir óþekkt 65°50.914.N 18°13.993.V
Tvær ógreinilegar, rofnar tóftir eru á 60 x 50 m stóru svæði um 400 m NV við bæ 001.



Tóftirnar eru í þýfðum grasigrónum móa vestan við rætur Ásanna.
Tóft A er hringlaga hóll í þýfðum móa, um 20 x 16 m stór og 0,5-1 m á hæð. Á hólnum er hringlaga gerði sem er 16 x 12 m að stærð en er um 2 m breitt og 0,2-0,5 m hátt. Gerðið er hringlaga og eru hleðslurnar eru greinilegri í austurhlið hringsins en engar grjóthleðslur sjáanlegar. Út úr hringnum SSA verðum er þríhyrningslaga rani um 10 m á lengd og 4-11 m á breidd. Hugsanlega hefur þarna verið heygarður, fjárborg eða einhvers konar gerði. Tóft B er um 40 m SA við tóft A. Tóftin er tvískipt, um 10 m á lengd, um 7 m á breidd og snýr NNA-SSV. Veggir hennar eru mjög rofnir, 0,4-0,6 m á hæð og 1,5-2 m á hæð. Engar grjóthleðslur eru sjáanlegar. Hólf I er greinilegra, um 5 x 2 m að innanmáli en hólf II er mjög ógreinilegt, um 4 x 2 m að innanmáli. Hugsanlega hefur þarna verið stekkur eða beitarhús. Engar heimildir hafa fundist um hlutverk þessara tófta.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar

EY-074 Arnarnes

Eign Möðruvallaklausturs. Getið í Landnámu. Hámundur Heljarskinn gaf Erni frænda sínum jörðina til búsetu. ÍF I, 254-255, 157. Einnig getið í Guðmundar sögu Dýra. 1430: Í próventubréfi kemur fram að Oddi Þorsteinsson og Guðríður Þorgeirsdóttir hafi gefið Arnarnes með sér í próventu að Möðruvöllum, ásamt 50 kúgildum. DI IV, 427-428.
1431: "hefer sira berdor brot fra anarnæsi [ornamenti til kirkju á Tjörn]." Máld DI IV, 464-465 [Tjarnar]. 1461: "Mödruvalla klaustrs Maldage [...] heytollur oc liostollur af. xvj. bium. lig(g)ur til arnarnes." Máld. DI V, 290. 33 hdr. 1712. "Hjer hefur að forngildu bænhús verið, og að menn meina heimamanna gröftur. Líka voru hjer tíðir veittar, nær fólk var til sacramentis, inn til þess árs 1700," segir í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns. JÁM X, 123.
Fjögur grasbýli byggð úr landi Arnarness á f.hl. þessarar aldar [20.aldar]: Arnarholt, Hvammur, Eyrarbakki og Grímsstaðir, nú aðeins búið í Arnarholti.
1917: 6,8 ha. 5/6 slétt. Sáðreitir 3200 m2.



EY-074:001 *Arnarnes* bæjarhóll bústaður 65°51.571.N 18°13.955.V
"Bærinn stendur norðvestan í ásum þeim, sem liggja eftir endilangri sveitinni norðanverðri. Er þaðan víðsýnt og fögur útsýn til hafsins," segir í örnefnaskrá. "Arnarnes er landsnámsjörð." segir í örnefnaskrá Jóhannesar Ó. Sæmundssonar. Samkvæmt Jósavin H. Arasyni og Eygló Jóhannesdóttur, heimildarmönnum, var gamli torfbærinn fast austan við núverandi íbúðarhús í Arnarnesi um 1900 m SA við Fagraskóg EY-079:001.
Á þessu svæði er sléttaður grasigróinn bakgarður Arnarnessbæjar.
Samkvæmt Jósavin H. Arasyni og Eygló Jóhannesdóttur brann gamli torfbærinn um árið 1940. Gamli bærinn stóð það nálægt nýrra íbúðarhúsinu að allar rúður nær gamla bænum sprungu er


Arnarnes 074:001, horft í vestur

hann brann. Á túnakorti frá árinu 1917 virðist vera útihús samfast bænum að sunnanverðu. Hlutverk þess er óþekkt en líklega hefur verið þar fjós. Búið er að slétta svæðið austan við íbúðarhúsið svo útlínur bæjarhóls eru ekki greinanlegar en ekki er þó ólíklegt að einhverjar leifar af gamla bænum finnist undir sverði á svæðinu þó ekki sé hægt að kasta máli á eiginlegan bæjarhól.
Hættumat: hætta vegna ábúðar
Heimildir:Túnakort 1917; Ö-Arnarnes,1; Guðmundur Ólafsson: Fornleifaskrá Arnarneshrepps 1985; Örn,Jóh.Ól., 35

EY-074:002 heimild um bænhús 65°51.595.N 18°14.044.V
"Hjer hefur að forngildu bænhús verið, og að menn meina heimamanna gröftur. Líka voru hjer tíðir veittar, nær fólk var til sacramentis, inn til þess árs 1700." segir í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns. "Bænhúshóll er flatur hóll skammt neðan (vestan) við fjósið." segir í skráningu Guðmundar Ólafssonar nr. 136. Í örnefnaskrá Jóhannesar Ó. Sæmundssonar segir: "Heima í Arnarnesi kunna menn nú engin örnefni, nema á hólum tveim, Bænhússhóli vestan bæjar og Hjallhóli [003] utar og austar." Í mun ýtarlegri örnefnaskrá Arnarness frá árinu 1936 segir hins vegar: "Norðvestan við bæinn er hóll, og er þar dálítið garðbrot. Þar stóð bænhús á fyrri öldum,". Kallaðist þar Bænhúshóll. Austur frá hólnum er annar hóll, sem heitir Hjallhóll. [...] Í túninu rétt hjá Bænhúshólnum er talið, að sé gamall grafreitur." Í viðauka sömu örnefnaskrár segir einnig: "Hálfkirkja mun hafa verið í Arnarnesi, og gæti sú kirkja hafa verið helguð Ólafi helga eða Maríu mey, því 1431 hafa verið flutt þaðan brott Maríulíkneski stórt, Katrínarlíkneski og Ólafslíkneski og sæmilegur spegill. (D.I. IV. 465.) Og 1461 virðast þar hafa tíðir verið veittar (D.I. V). [...] Johnsen segir, að til ársins 1802 hafi Kambhólsjarðir verið aðeins ein jörð, en löngu fyrir þann tíma var bænhúsið (eða hálfkirkjan) í Arnarnesi lagt niður." Nákvæm staðsetning Bænhúshóls er því óljós þar sem í heimildum er ýmist fullyrt er að hann sé vestan eða norðvestan við bæ. Þó virðist lýsingum á staðsetningu Hjallhóls bera saman um að vera utar og austan við bæ þ.e. NA eða NNA við bæ (sjá 003). Eftir göngu um túnið var komist að þeirri niðurstöðu að líklegasta staðsetning Bænhúshóls sé um 80 m norðvestan við bæ 001. Þar er lítill hóll 20-30 m vestan við heimreiðina heim að bænum.
Mjög mikið af svæðinu umhverfis bæinn hefur verið sléttað í tún eða horfið undir yngri byggingar. Hafi bænhús verið norðvestan við bæ eins og hér er tilgetið eru nú sléttuð tún allt umhverfis. Ef það hefur verið vestan við bæ er þar fjós byggt á 20. öld og sléttað tún í órækt gróið háu grasi og njóla.
ARNARNES Á GÁLMASTRÖND (E)
1431: "hefer sira berdor brot fra anarnæsi [ornamenti til kirkju á Tjörn]." Máld DI IV, 464-465 [Tjarnar] 1461: "Mödruvalla klaustrs Maldage [...] heytollur oc liostollur af. xvj. bium. lig(g)ur til arnarnes." Máld. D.I. V, 290 1712: "Hjer hefur að forngildu bænhús verið, og að menn meina heimamanna gröftur. Líka voru hjer tíðir veittar, nær fólk var til sacramentis, inn til þess árs 1700," segir í Jarðabók Árna og Páls eins og áður kemur fram. Guðmundur Ólafsson lýsti þeim hól sem hann taldi Bænhúshól og var vestan við bæ á eftirfarandi hátt: "Hóllinn er næstum flatur að ofan, um 20-30 m í þvm. Honum hallar bratt til vesturs, niður að framræsluskurði, og niður að túni að norðanverðu. Búið er að slétta hólinn og sést ekki móta fyrir neinum minjum." Skráning 2007: Hóllinn sem Guðmundur lýsir fannst ekki, trúlega vegna mikillar órækt á svæðinu. Ef Bænhóll hefur verið vestan við bæ hafa leifar bænhússins trúlega horfið fyrir löngu undir útihús 004 eða 007 sem sýnd eru vestan við bæ á túnakorti frá árinu 1917 þar sem hús voru oft byggð upp á sama stað og úrelt eldri hús. Á túnakorti frá 1917 eru engin útihús sýnd NV við bæ. Í sléttuðu túni NV við bæ er ógreinilegur 20 x 15 stór hóll sem snýr austur-vestur. Vesturhlið hólsins er greinlegust og er hún um 0,5 m á hæð og hallar um 20° í vestur. Hugsanlegt er að bænhúsið hafi staðið hér áður og telur skráningarmaður líklegra að það hafi staðið í svipaðri hæð og bærinn frekar en á láglendi langt neðan við bæ. Ekki er hægt að skera úr um rétta staðsetningu bænhússins án frekari rannsókna.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:JÁM X, 123-124; D.I. IV, 465; D.I.V, 290; Örn. Jóh.Ól., 35; Ö-Arnarnes, 2 og 3; BE.l.; Guðmundur Ólafsson: Fornleifaskrá Arnarneshrepps 1985

EY-074:003 *Hjallhóll* þúst hesthús 65°51.605.N 18°13.931.V
Í örnefnaskrá Jóhannesar Ó. Sæmundssonar segir: "Heima í Arnarnesi kunna menn nú engin örnefni, nema á hólum tveim, Bænhúshóli [002] vestan bæjar og Hjallhóli utar og austar." Í mun ýtarlegri örnefnaskrá Arnarness frá árinu 1936 segir hins vegar: "Austur frá hólnum [Bænhúshól 002] er annar

hóll, sem heitir Hjallhóll." Nákvæm staðsetning Bænhúshóls er óljós þar sem ýmist er fullyrt er að hann sé vestan eða norðvestan við bæ. Þó virðist lýsingum á staðsetningu Hjallhóls bera saman um að vera utar og austan við bæ þ.e. NA eða NNA við bæ. Samkvæmt túnakorti frá árinu 1917 var útihús um 50 m NNA við bæ 001 og hefur það að öllum líkindum staðið á Hjallhól. Guðmundur Ólafsson skráði hóllinn nr. 138 í skráningu sinni frá 1985. Hóllinn er um 65 m NA við bæ 001 og um 90 m austan við þann hól sem í þessari skráningu var helst talinn Bænhúshóll 002.
"Lág hólbrún í túni." segir í skráningu Guðmundar Ólafssonar. Á þessu svæði er sléttað tún.
Guðmundur Ólafsson skráði staðinn árið 1985 og ber lýsingu hans í stórum dráttum saman við lýsingu skrásetjara sem hér fer á eftir. Í túninu er ógreinilegur ferkantaður hóll sem er <0,4 m á hæð, um 14 x 10 m stór og snýr norður-suður. Í hólnum miðjum er ógreinileg dæld sem er <0,4 m á dýpt, um 8 x 2 m stór og snýr einnig norður-suður. Samkvæmt Jósavin H. Arasyni og Eygló Jóhannesdóttur, heimildarmönnum, voru þarna tóftir sem rutt var út og telja þau að þær hafi verið síðast nýttar sem hesthús. Þau könnuðust þó ekki við nafnið. Hugsanlega er hér orðið "hjallur" í merkingunni lélegur húskofi en einnig gætu hafa verið geymd verkfæri eða veiðarfæri og slíkt í húsi á þessu svæði. Þó er talið líklegra að tæki og tól tengd fiskveiðum hafi til dæmis verið geymd þar sem bátarnir voru geymdir (sjá 020) nær fjörunni.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Túnakort 1917; Guðmundur Ólafsson: Fornleifaskrá Arnarneshrepps 1985; Örn.Jóh.Ól., 35

EY-074:004 heimild um útihús 65°51.566.N 18°14.007.V
Samkvæmt túnakorti frá árinu 1917 var útihús um 40 m vestan við bæ 001.
Á þessu svæði er bárujárnsklætt fjárhús og malarborið plan.
Ekkert sést til fornleifa. Samkvæmt Jósavin H. Arasyni og Eygló Jóhannesdóttur, heimildarmönnum, var lítill torfkofi á þessu svæði en honum var rutt út er fjárhúsið var reist.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Túnakort 1917

EY-074:005 heimild um útihús 65°51.577.N 18°13.879.V
Samkvæmt túnakorti frá árinu 1917 var útihús um 60 m austan við bæ 001.
Á þessu svæði er sléttað tún.
Ekkert sést til fornleifa.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Túnakort 1917

EY-074:006 heimild um útihús 65°51.571.N 18°13.980.V
Samkvæmt túnakorti frá árinu 1917 var lítið útihús 10-15 m vestan við bæ 001.
Á þessu svæði er nýlegasta íbúðarhús í Arnarnesi sem byggt var árið 1938.
Ekkert sést til fornleifa.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Túnakort 1917


EY-074:007 heimild um útihús 65°51.554.N 18°14.080.V
Samkvæmt túnakorti frá árinu 1917 var útihús um 100 m vestan við bæ 001. Hugsanlegt er að á svipuðu svæði hafi einnig staðið bænhús 002.
Á þessu svæði er þýft tún í órækt gróið háu grasi og njóla.
Ekkert sést til fornleifa. Guðmundur Ólafsson lýsti hól sem hann taldi Bænhúshól á þessu svæði á eftirfarandi hátt: "Hóllinn er næstum flatur að ofan, um 20-30 m í þvm. Honum hallar bratt til vesturs, niður að framræsluskurði, og niður að túni að norðanverðu. Búið er að slétta hólinn og sést ekki móta fyrir neinum minjum." Ekkert sást til þessa hóls við skráningu 2007 (sjá einnig 002).
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Túnakort 1917

EY-074:008 hleðsla útihús 65°51.524.N 18°13.884.V
Samkvæmt túnakorti frá árinu 1917 var útihús um 90 m SSA við bæ 001. Um 100 m SSA við

bæjarstæði 001 glittir í hleðslur útihústóftar sem búið er að slétta.
Á þessu svæði er sléttað tún.
Í túninu glittir aðeins í grjót í beinni línu í óljósum hól <0,5 m háum, sem trúlega hefur verið hluti af veggjum útihúss. Hóllinn er um 15 x 10 m stór og snýr norður-suður.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Túnakort 1917

EY-074:009 *Arnarhóll* heimild um legstað 65°51.291.N 18°13.975.V
"Arnarhóll er í Arnarneslandi, en Bjarnarhóll í Syðribakkalandi [EY-071:001], sem eru gamlir haugar," segir í Sýslu og sóknarlýsingum frá 19. öld. Arnarhóll er um 520 m SSV við bæ 001 og um 230 m SV við Steinnes 015. Guðmundur Ólafsson skráði staðinn 1985 og er hann nr. 93 í skráningu hans.
"Aflíðandi brekka sem hallar til vesturs. Mýrlendi er umhverfis hólinn." segir í skráningu Guðmundar Ólafssonar. Austan við hólinn er þýfður grasigróinn mói en vestan við hann er mýrlendi gróið mýrargróðri og fífum.
"Arnarhöll [...], stendur á þyfdu Flatlendi, þó án allra siáannlegra Gyrdinga líkastur því ad uppruddur edur mokadur verid hafi er frá gamalli Tíd alræmt ad Arnar, sem fyrstr nam Arnarnes hafi verid nidursettur i þennann áminnsta Hól og sie þar heígdur." segir í Frásögnum af Fornminjum. Í skráningu Guðmundar Ólafssonar segir: "Hóllinn er um 20x50 m að ummáli, og sporöskjulaga. Hann er um 1 m að hæð, austanmegin en um 3 m hár við vesturhliðina. Að ofan er hann fremur flatur, en þó er hann um 40 cm hærri á norðurenda og suðurenda, en um miðjuna. Hóllinn er grasi gróinn og smáþýfður. Austurhliðin hefur blásið lítillega, en er að gróa aftur. Hóllinn er náttúrusmíð. [...] Annars er hóllinn þannig lagaður að vel er líklegt að fólk hafi talið hann vera haug landnámsmannsins." Ekkert er við lýsingu Guðmundar á hólnum að bæta. Hóllinn er náttúrulegur og þó vel geti verið að kuml sé á þessu svæði er hóllinn sjálfur trúlega ekki haugur hans. Engar kumlarannsóknir hafa farið fram á þessu svæði.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:FF, 548; SSE, 108; Guðmundur Ólafsson: Fornleifaskrá Arnarneshrepps 1985

EY-074:010 þúst óþekkt 65°51.291.N 18°13.975.V




Einföld þúst er um 520 m SSV við bæ 001 og um 230 m SV við Steinnes 015 í suðurenda Arnarhóls 009. Tóftin er nr. 93 í skráningu Guðmundar Ólafssonar frá 1985.
"Aflíðandi brekka sem hallar til vesturs, Mýrlendi er umhverfis hólinn," segir í skráningu Guðmundar Ólafssonar. Austan við hólinn er þýfður grasigróinn mói en vestan við hann er mýrlendi gróið mýrargróðri og fífum.
Í skráningu Guðmundar Ólafssonar segir: "Syðst á hólnum er þúst sem gæti verið af mannavöldum. Virðist sem þar séu leifar af um 40 cm br. veggjum, utanum ferhyrnda rúst sem er 3x4 m í ummál. Þar innaní er um 30 cm djúp laut, en að utanverðu er þústin allt að 60 cm hærri en hóllinn norðanvið. Mér sýnist að þarna gæti hafa staðið smá kofi. [...] Í norðurbrún er slétt þúst með fuglaþúfu í miðju, um 5 m í þvermál." Aðeins ein þúst fannst í suðurenda hólsins við skráningu árið 2007. Þústin er mjög ógreinileg enda er hún vel mosa- og grasigróin og þýfð. Hún er einföld, um 4 x 3,5 m stór og snýr norður-suður. Enginn inngangur er sjáanlegur. Veggir hennar eru um 0,8-1 m á breidd og <0,5 m á hæð. Innanmál hennar er 2 x 1,5 m. Hlutverk er óþekkt en hugsanlegt er að hér sé um heystæði að ræða. Ekki fundust leifar af þúst í norðurbrún hólsins.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Guðmundur Ólafsson: Fornleifaskrá Arnarneshrepps 1985

EY-074:011 frásögn fallbyssustæði 65°51.877.N 18°14.169.V
Samkvæmt Jósavin H. Arasyni og Eygló Jóhannesdóttur, heimildarmönnum, voru stríðsminjar um 600 m norðan við Arnarnes 001 og um 20 m ASA við Arnarnestjörn.
Á þessu svæði er þýft graslendi gróið hvönn hér og þar.

Ekkert sést til fornleifa m.a. vegna mikils gróðurs á svæðinu. Á þessum stað var steinsteyptur grunnur og samkvæmt Jóhannesi Þ. Hermannssyni, heimildarmanni, var á honum stór og mikil grámáluð gervifallbyssa (sjá einnig 012).
Hættumat: engin hætta

EY-074:012 heimild um fallbyssustæði 65°51.897.N 18°13.438.V
Samkvæmt Jósavin H. Arasyni og Eygló Jóhannesdóttur, heimildarmönnum, var fallbyssustæði nálægt suðurodda Arnarness um 720 m NA við bæ 001. Í bókinni Hernámsárin á Akureyri og Eyjafirði eftir Jón Hjaltason segir: "Fyrir utan Hjalteyri, á Arnarnesnöfum, var mikið fallbyssuhreiður. Þar var vörður dag og nótt og enginn fékk að koma nálægt ógnvekjandi byssukjöftunum. Það var ekki fyrr en setuliðið hvarf á braut að upp komst að fallbyssurnar hrikalegu voru ekkert annað en haglega gerð timburverk." Jóhannes Þ. Hermannsson, heimildarmaður, vill þó meina að aðeins ein gervifallbyssa hafi verið í landi Arnarness og að hún hafi verið niðri á flatlendinu austan við Arnarnestjörn (sjá 011) svo nákvæm staðsetning þessarar fallbyssu er óljós.
Á þessu svæði er sléttað tún.
Ekkert sést til minja. Jóhannes Þ. Hermannsson, heimildarmanni, sem var með kartöflugarða á Arnarnesnöfum og eyddi miklum tíma á þessu svæði og varð hann aldrei var við neinar minjar sem tengst gætu stríðsrekstri á svæðinu.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:Jón Hjaltason: Hernámsárin á Akureyri og Eyjafirði, 161

EY-074:013 *Stekkjarlaut* tóft stekkur 65°51.197.N 18°13.440.V



"Á öðrum stað í landareigninni [en 014] eru einnig stekkjar- örnefni [svo]. Það er við Bragholtsmerkin rétt við Reiðgöturnar [EY-631:001]. Þar er bæði Stekkjarhóll og Stekkjarlaut. Lautin þótti góður áfangastaður. Annað nafn á henni er Presthvammur [017]." segir í örnefnaskrá Jóhannesar Ó. Sæmundssonar. Í örnefnaskrá Arnarness segir: "[...] sunnan við hólinn er stekkjarbrot, [...]." Tvískiptur stekkur er um 1600 m NNV við Ytri-Bakka EY-072:001 og um 800 m SSA við Arnarnes 001 fast suðvestan í norðausturhlíð Stekkjarlautar. Í skráningu Guðmundar Ólafssonar er stekkurinn nr. 92.
"Stekkurinn er grafinn utan í norðurhlið Stekkjalautar, sem er grösug laut er liggur í NV -SA og beygir til suðurs í austasta hluta." segir í skráningu Guðmundar Ólafssonar. Stekkjarlaut er 20-40 m breitt dalverpi sem snýr NV-SA í vesturhlíð Ásanna. Í Stekkjarlaut er grasi- og mósagróinn mói og skógræktarsvæði.
Stekkurinn er tvískiptur, um 15 x 8 m stór og snýr VNV-ASA. Veggir hans eru hlaðnir úr torfi og grjóti, 1-2 m á þykkt og 0,4-1 m á hæð. Tóftin er greinileg og lítið þýfð en búið er að grjótursetja tré í norðurvegg hennar sem á eftir að skemma hana verulega. Tóftin er vel grasigróin en hér og þar sjást grjóthleðslur. Um 1 m breiður inngangur er inn í tóftina á VNV enda hólfs A. Hólf A er um 8 x 3 m að innanmáli og snýr ASA-VNV. Um 0,2 m breiður inngangur er inn í hólf B úr hólfi A. Hólf B er um 3 x 1,5 m á breidd að innanmáli og snýr NNA-SSV. Út frá nafni lautarinnar og byggingu tóftar er hér líklegast um stekk að ræða.
Hættumat: stórhætta, vegna skógræktar
Heimildir:Örn.Jóh.Ól., 35 ; Guðmundur Ólafsson: Fornleifaskrá Arnarneshrepps 1985

EY-074:014 *Stekkjarnes* örnefni stekkur 65°51.474.N 18°12.494.V
Í örnefnaskrá Jóhannesar Ó. Sæmundssonar segir: "Utan við Hjalteyri er Stekkjarvík og utan við hana Stekkjarnes." Stekkjarnes er um 1100 m norðan við Möllershús EY-072:034 og um 1100 m ASA við Arnarnes 001.
Á nesinu er smáþýfður mói og deig mýri.
Ekkert sést til fornleifa og Jóhannes Þ. Hermannsson, heimildarmaður kannaðist ekki við stekkjartóftir á þessu svæði.
Hættumat: engin hætta

Heimildir:Örn.Jóh.Ól., 35

EY-074:015 *Steinnes* heimild um býli 65°51.374.N 18°13.744.V
Í örnefnaskrá Jóhannesar Ó. Sæmundssonar segir: "Sunnan túns heitir Steinnes. Þar var býli fyrrum og aftur um nokkurra ára skeið fyrir 1930." Í Byggðum Eyjafjarðar l segir að Steinnes hafi verið þurrabúðarbýli af og til frá 1890 til 1930. Í örnefnaskrá Arnarness segir: "Steinnes heitir sunnan við túnið; Friðrik Antonsson í Arnarnesi byggði þar býli, seint á 19. öldinni, en svo var það lagt í eyði litlu eftir aldamótin." Á túnakorti frá árinu 1917 er Steinnes sýnt um 390 m sunnan við Arnarnesbæ 001. Í skráningu Guðmundar Ólafssonar er býlið skráð nr. 137.
Á þessu svæði er sléttað tún.
"Lágur hóll sem búið að slétta yfir. Þarna eru þó óljósar lautir og bollar sem gætu bent til þess að þar hafi staðið hús áður fyrr. Annars sjást þar engin mannvirki." segir í skráningu Guðmundar Ólafssonar. Ekkert sést til fornleifa á yfirborði en ekki er ólíklegt að leifar finnist undir sverði.
Hættumat: hætta, vegna jarðræktar
Heimildir:Túnakort 1917; Örn.Jóh.Ól., 35; Guðmundur Ólafsson: Fornleifaskrá Arnarneshrepps 1985

EY-074:016 heimild um skemmu
"Þorsteinn Þorsteinsson, kaupmaður og útgerðarmaður í Reykjavík, stofnaði Braga hf. og gerði út tvo togara. Í kringum 1913 fékk hann leigða Ytri Hjalteyri. Var reist stórt og mikið hús innan við Stekkjarvíkina [014] en hún er lítil vík utan við norðurenda grandans er skilur að sjóinn og Hjalteyrartjörnina. Þar voru einnig reistar söltunarbryggjur [037] og geymsluhúsnæði [sjá einnig 023]. [...] Árið 1918 varð útgerðarmönnum þungt í skauti. Hafís lagðist inn fjörðinn og brauta allar bryggjur á grandanum [...]. Tók ísinn einnig hinar bryggjurnar [EY-072:014, EY-072:028, EY-072:038, EY-072:049, EY-072:050, EY-072:051 og EY-072:052], er voru sunnan á Hjalteyrinni á útleiðinni, og braut allt í spón. Var þá öllum umsvifum Braga hf. á Hjalteyri hætt, húsið rifið og flutt og eftir stóð svonefndur Thorsteinssongrunnur [021]. Seinna var stofnað félag er kallað var Hrútur og var fjárræktunarfélag Hjalteyringa og var það staðsett [...] á Thorsteinssongrunninum." segir í tímaritinu Súlum. Nákvæmt staðsetning geymsluhúsnæðis Braga hf. er óþekkt en trúlega hafa þau verið ofan (vestan) við söltunarbryggjur 037. Á þessu svæði er grýtt fjara. Ekkert sést til fornleifa.
Hættumat: hætta, vegna rofs
Heimildir: Hjalteyri - Sjávarþorp við Eyjafjörð eftir Jón Þór Benediktsson, Súlur 2004, 99


EY-074:017 *Stekkjarlaut* heimild um áfangastað 65°51.188.N 18°13.445.V
Í örnefnaskrá Arnarness segir: "Á landamerkjum Bragholts og Arnarness er Stekkjarlaut og Stekkjarhóll [sjá einnig 013]; sunnan við hólinn er stekkjarbrot, og þar liggur vegurinn [EY-631:001]. Það var venja ferðamanna, áður en bílarnir komu til sögunnar, að æja hestum sínum í lautinni, og Svarfdælingar kölluðu hana Prestahvamm. Er hún grösug vel og því góður áningarstaður." Stekkjarlaut/Presthvammur er um 1600 m NNV við Ytri-Bakka EY-072:001 og um 800 m SSA við Arnarnes 001.
Stekkjarlaut er 20-40 m breitt og 2-4 m djúpt dalverpi sem snýr NV-SA í vesturhlíð Ásanna. Í lautinni er grasi- og mósagróinn mói og skógræktarsvæði.
Ekkert sést til fornleifa sem tengjast ferðalögum eða leiðum.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:Örn.Jóh.Ól., 35

EY-074:018 *Kúavað* heimild um vað 65°51.376.N 18°14.638.V
Í viðbætum Aðalsteins Jónssonar við örnefnaskrá Arnarness segir: "Á mýrunum vestur frá bænum er alllangur melur, er Reiðmelur heitir [019], og nær hann vestur að læk. Þar er gott vað á læknum, er Kúavað heitir." Samkvæmt Jósavin H. Arasyni og Eygló Jóhannesdóttur, heimildarmönnum, er Kúavað um 630 m VSV við bæ 001 og um 155 m norðan við þúst 031.
Tjarnarlækur er hér um 4 m á breidd og mjög grunnur. Lækurinn er grýttur og stígvélafær. Bakkar hans eru lágir og grasigrónir en á vesturbakka lækjarins á um 2 m breiðu svæði er hann mjög rofinn og greinilegt er hvar farið hefur verið um vaðið.
Um 0,4 m breið og um 0,5 m djúp gata liggur niður af túnunum á Reiðmel að vaðinu úr suðaustri og

götur eru einnig sjáanlegar á vesturbakka lækjarins. gatan er mjög gróin á austurbakka Tjarnarlækjar en mjög rofin á þeim vestari. Ekki er langt síðan hætt var að nota þetta vað en nafnið bendir til að mest hafi það verið nýtt af nautgripum í leit að æti. Einnig er þó hugsanlegt að það hafi verið notað á hugsanlegri leið 019 í vestur frá Arnarnesi að bæjum vestar í Eyjafirði.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:Ö-Arnarnes viðb., 1

EY-074:019 *Reiðmelur* örnefni leið 65°51.422.N 18°14.525.V
Í viðbætum Aðalsteins Jónssonar við örnefnaskrá Arnarness segir: "Á mýrunum vestur frá bænum er alllangur melur, er Reiðmelur heitir, og nær hann vestur að læk. Þar er gott vað á læknum, er Kúavað [018] heitir." Hnit var tekið á Reiðmel um 120 m ANA við Kúavað 018 og um 510 m vestan við bæ 001.
Á þessu svæði er náttúrulegur melur sem snýr austur-vestur í sléttuðu túni.
Ekkert sést til gatna og Jósavin H. Arason og Eygló Jóhannesdóttir, heimildarmenn, könnuðust ekki við reiðgötur á þessu svæði. Hugsanlegt er að riðið hafi verið um melinn frá Arnarnesi til að ná í kýrnar eða til að stytta leiðina yfir að Kambhólsbæjunum EY-081:001 og EY-082:001 en engar heimildir hafa fundist um slíkt.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Ö-Arnarnes viðb., 1

EY-074:020 tóft naust 65°51.916.N 18°14.128.V
Tvær tóftir eru sagðar "Á sjávarbakka 50-60 m austan við lónið í Arnarnesvík." í skráningu Guðmundar Ólafssonar nr. 91. Aðeins ein af þeim tóftum sem Guðmundur sá á þessum slóðum, sú sem hann nefnir naust B, fannst við skráningu sumarið 2007. Tóftin er um 650 m norðan við bæ 001 og um 12 m SSA við grýtta fjöru. Mjög líklegt er að sú tóft sem Guðmundur nefndi tóft A sé nú alveg rofin í burtu.




"Sjávarbakkinn er um 1 m hár og grasi gróinn. Greinilegt er að stöðugt er að brotna framan af honum." segir í skráningu Guðmundar Ólafssonar. Á þessu svæði er grasigróinn sléttlendur sjávarbakki sunnan og suðaustan við malarfjöru.
Í skráningu Guðmundar Ólafssonar segir: "a) Naust. Norðurhluti naustsins er hruninn í sjóinn og horfinn. Að innanmáli hefur breiddin verið rétt tæpir 3 m, og 3 m eru eftir af lengd þess. Veggir eru 1-2 m br. mjög útflattir. Veggjahæð er 20-30 cm. Rústin er öll mjög vallgróin. Í bakkanum á um 20 cm dýpi fannst krítarpípuhalabrot. Á um 70 cm dýpi var dökkt mólag, e.t.v. bl. mannvistarleifum á svipuðu dýpi fundust 2 stór bein. Einnig sést móta fyrir grjóthleðslum við V-hliðina í sárinu, á um 80 cm dýpi. Á sjávarbakkanum vestan við þetta naust sést óljóst móta fyrir veggjabrotum á stöku stað, en sennilega eru flest eldri naustin eydd af ágangi sjávar. b) Naust, Innanmál um 4x7,5 m. Veggir eru um 1 m háir og S-gafl um 40 cm hár. Þeir eru hlaðnir úr klömbruhnaus. Veggjabreidd er 2 m og halla veggjum niður frá innri veggjabrún og niður að jörð við ytri veggjabrún. Þessi rúst er um 20 m SV af a) og 20 m suður af fjöruborði. (Á S gafli hefur efri hlutinn verið timburþil með 45° halla og glugga fyrir miðju, um 1 m í þvm.)" Skráning 2007: Tóft B er einföld, um 12 x 9 m að stærð og snýr norður-suður. Austur- og vesturveggir hennar eru torfhlaðnir, um 3 m á breidd og 0,8-1 m á hæð. Norðurveggur tóftar hefur trúlega verið timburþil og þar sem suðurveggur er aðeins 0,4-0,5 m á hæð og um 2 m á breidd er líklegt að timburþil hafi einnig verið á þeim enda með torf til stuðnings. Hvergi sést í grjóthleðslur en trúlega hefur einhvern tíman verið bárujárnsþak á tóftinni þar sem enn sjást leifar af bárujárni í tóftinni. Innanmál tóftarinnar er 10 x 3 m. Engar aðrar tóftir eru sjáanlegar á svæðinu. Ekki er vitað hvaðan Guðmundur Ólafsson hafði upplýsingar um hlutverk þessara tófta en staðsetning og lag þeirrar tóftar sem eftir er fer vel saman við að um naust sé að ræða. Þó er einnig hugsanlegt að hér sé um leifar af hjalla eða sjóbúð að


ræða og að öll naust sem voru á svæðinu séu hreinlega öll rofin í burtu þannig að aðeins vinnuhúsnæði sjómannanna standi eftir ofan við fjöruna.
Hættumat: hætta, vegna rofs
Heimildir: Guðmundur Ólafsson: Fornleifaskrá Arnarneshrepps 1985

EY-074:021 *Bragi hf.* mannvirki verbúð 65°51.323.N 18°11.870.V
"Þorsteinn Þorsteinsson, kaupmaður og útgerðarmaður í Reykjavík, stofnaði Braga hf. og gerði út tvo togara. Í kringum 1913 fékk hann leigða Ytri Hjalteyri. Var reist stórt og mikið hús innan við Stekkjarvíkina en hún er lítil vík utan við norðurenda grandans er skilur að sjóinn og Hjalteyrartjörnina. Þar voru einnig reistar söltunarbryggjur [037] og geymsluhúsnæði [016 og 023]. [...] Árið 1918 varð útgerðarmönnum þungt í skauti. Hafís lagðist inn fjörðinn og brauta allar bryggjur á grandanum [...]. tók ísinn einnig hinar bryggjurnar [EY-072:014, EY-072:028, EY-072:038, EY-072:049, EY-072:050, EY-072:051 og EY-072:052], er voru sunnan á Hjalteyrinni á útleiðinni, og braut allt í spón. Var þá öllum umsvifum Braga hf. á Hjalteyri hætt, húsið rifið og flutt og eftir stóð svonefndur Thorsteinssongrunnur. Seinna var stofnað félag er kallað var Hrútur og var fjárræktunarfélag Hjalteyringa og var það staðsett [...] á Thorsteinssongrunninum." segir í tímaritinu Súlum. Thorsteinssongrunnurinn er um 1650 m SA við Arnarnes 001 og um 690 m norðan við Gamla hótelið (Möllershús) EY-072:034.
Á þessu svæði eru fiskihjallar úr timbri og sandborinn vegslóði norður-suður eftir grandanum ofan á hluta grunnsins.
Á svæðinu sést ennþá í sökkul hússins og er hann að minnsta kosti um 6 m á lengd en breidd hans er óþekkt vegna sandborna vegslóðans sem liggur ofan á honum. Hefur hann verið að minnsta kosti 0,4 m á hæð. Húsið var byggt úr timbri og var það á þremur hæðum. Árið 1918 var húsið flutt í Ingólfsfjörð. Í húsinu var verbúð fyrir þá sem unnu í síld hjá togaraútgerðarfélagi frá Reykjavík sem kallaðist Bragi hf.
Hættumat: hætta, vegna rofs
Heimildir: Hjalteyri - Sjávarþorp við Eyjafjörð eftir Jón Þór Benediktsson, Súlur 2004, 99

EY-074:022 *Stekkhóll* tóftir stekkur 65°51.135.N 18°14.492.V



Tvær tóftir eru utan í suðurenda náttúrulegs aflangs hóls sem er um 910 m SV við bæ 001 og um 490 m VSV við Arnarhól 009. Guðmundur Ólafsson taldi tóftirnar stekkjartóftir og eru þær nr. 104 í skrá hans. Samkvæmt Jósavin H. Arasyni og Eygló Jóhannesdóttur hefur þessi hóll oft verið kallaður Stekkhóll.
Tóftirnar eru utan í suðurenda Stekkhóls í grasi- og mosagrónum þýfðum móa.
Tvær tóftir eru á um 30 x 25 m stór svæði sem snýr austur-vestur. Tóft A er tvískipt, um 10 x 10 m stór og snýr austur-vestur. Veggir hennar eru torfhlaðnir og mjög signir, 2-3 m á breidd og 0,2-0,5 m á hæð. Hólf I er norðan við hólf II. Hólf I er um 4 x 2 m að innanmáli. Inngangur hefur hugsanlega verið á vesturhlið þess þó lítil sem engin merki þess sjáist. Hólf II er minna, um 3 x 1,5 m að innanmáli. Enginn inngangur er greinilegur á milli hólfanna og engar grjóthleðslur eru sjáanlegar. Bæði hólf snúa austur-vestur. Tóft B er um 15 m ASA við tóft A fast upp við suðurenda hólsins. Tóftin er tvískipt, um 13 x 8 m stór og snýr austur-vestur. Veggir hennar eru torf- og grjóthlaðnir, 2-3 m á breidd og 0,4-1 m á hæð. Gengið hefur verið inn í tóftina að vestan inn í hólf I sem snýr austur-vestur um 0,8 m breiðan inngang. Í hólfi I glittir í grjóthleðslur í veggjum hér og þar.




Hólf II er 2 m austar en hólf I og er það um 0,5 m grynnra en hólf I. Hólf II er um 2,5 x 2 m að innanmáli og snýr austur-vestur. Engar grjóthleðslur sjást í veggjum í hólfi II.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Guðmundur Ólafsson: Fornleifaskrá Arnarneshrepps 1985

EY-074:023 heimild um skemmu 65°51.248.N 18°11.623.V
"Þorsteinn Þorsteinsson, kaupmaður og útgerðarmaður í Reykjavík, stofnaði Braga hf. og gerði út tvo togara. Í kringum 1913 fékk hann leigða Ytri Hjalteyri. Var reist stórt og mikið hús [021] innan við Stekkjarvíkina en hún er lítil vík utan við norðurenda grandans er skilur að sjóinn og Hjalteyrartjörnina. Þar voru einnig reistar söltunarbryggjur [037] og geymsluhúsnæði [sjá einnig 013]. [...] Árið 1918 varð útgerðarmönnum þungt í skauti. Hafís lagðist inn fjörðinn og braut allar bryggjur á grandanum [...]. tók ísinn einnig hinar bryggjurnar [EY-072:014, EY-072:028, EY-072:038, EY-072:049, EY-072:050, EY-072:051 og EY-072:052], er voru sunnan á Hjalteyrinni á útleiðinni, og braut allt í spón. Var þá öllum umsvifum Braga hf. á Hjalteyri hætt, húsið rifið og flutt og eftir stóð svonefndur Thorsteinssongrunnur. Seinna var stofnað félag er kallað var Hrútur og var fjárræktunarfélag Hjalteyringa og var það staðsett [...] á Thorsteinssongrunninum." segir í tímaritinu Súlum. Staðsetning geymsluhúsnæðis Braga hf er óþekkt en mjög líklegt er talið að þau hafi verið nálægt söltunarbryggju 037.
Á þessu svæði er grýtt fjara og grasigróinn sendinn grandi sem liggur NV-SA og markar brún Hjalteyrartjarnar.
Ekkert sést til fornleifa.
Hættumat: hætta, vegna rofs
Heimildir: Hjalteyri - Sjávarþorp við Eyjafjörð eftir Jón Þór Benediktsson, Súlur 2004, 99

EY-074:024 *Grímsstaðir* þúst býli 65°51.188.N 18°12.389.V
Í Byggðum Eyjafjarðar segir um Grímsstaði: "Smábýli byggt úr landi Arnarness 1917. Býlið stóð ofan við Hjalteyri, norðarlega, beint upp af Eyrarbakka. Á Grímsstöðum sjást nú einungis tóftarbrot, enda var íbúðarhúsið rifið og flutt til Akureyrar þegar býlið fór í eyði 1952." Grímsstaðir voru um 1400 m SA við Arnarnes 001 og um 180 m vestan við Eyrarbakka 025. Býlið var skráð jafnvel þó það sé ekki fornleif þar sem útihúsin voru byggð með gömlu byggingarlagi.
Á þessu svæði er sléttað tún í órækt sem nú er nýtt sem hrossahagi.
Samkvæmt Jóhannesi Þ. Hermannssyni, heimildarmanni, var húsið á Grímsstöðum timburhús á steyptri plötu. Norðan við bæinn voru svo torfbyggt fjós og fjárhús sem nú hefur verið jafnað við jörðu. Í túninu er nú aðeins einn staður þar sem húsið getur hafa staðið. Búið er að sléttað túnið en í túninu sjást leifar grjóthleðslna á svæði sem er um 50 x 20 m stórt og snýr norður-suður. Ekki er hægt að greina sérstök útihús frá íbúðarhúsi og ekkert sést til kartöflugarða. Hugsanlegar leifar brunns á svæðinu , steinsteyptur ferningur byrgður með bárujárnsplötum. Mjög hugsanlegt er að fleiri leifar finnist undir sverði.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:BE I, 423

EY-074:025 *Eyrarbakki* heimild um býli 65°51.205.N 18°12.150.V
Í Byggðum Eyjafjarðar segir um býlið Eyrarbakka: "Smábýli byggt 1913 úr Arnarneslandi á ásbrúninni ofan við Hjalteyri, beint suður af Hvammi. Íbúðarhúsið er nú notað sem sumarbústaður [...]." Samkvæmt Jóhannesi Þ. Hermannssyni, heimildarmanni, var torfbær byggður árið 1913. Timburhúsið sem ennþá stendur var seinna byggt á milli 1935-1940. Timburhúsið á Eyrarbakka er um 180 m ASA við Grímsstaði 024 og um 1500 m SA við Arnarnes 001. Nákvæm staðsetning torfbæjarins er óþekkt en hann hefur trúlega verið um 180 m ANA við Grímsstaði og um 50 m NNA við yngra húsið á Eyrarbakka. Býlið var skráð jafnvel þó það sé ekki fornleif þar sem húsin voru byggð með gömlu byggingarlagi.



Á þessu svæði er sléttað tún í órækt gróið háu grasi.
Ekkert sést til fornleifa og enginn greinanlegur bæjarhóll greinanlegur. Samkvæmt Jóhannesi Þ. Hermannssyni var fjósið trúlega partur af gamla torfbænum.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:BE I, 423

EY-074:026 heimild um kálgarð 65°51.473.N 18°13.845.V
Samkvæmt túnakorti frá árinu 1917 var kálgarður um 200 m sunnan við bæ 001.
Á þessu svæði er sléttað tún.
Ekkert sést til fornleifa.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Túnakort 1917

EY-074:027 heimild um kálgarð 65°51.348.N 18°13.727.V
Samkvæmt túnakorti frá árinu 1917 var kálgarður um 50 m sunnan við Steinnes 015 og um 450 m sunnan við bæ 001.
Á þessu svæði er sléttað tún.
Ekkert sést til fornleifa.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Túnakort 1917


EY-074:028 mannvirki brunnur 65°51.439.N 18°13.779.V
Samkvæmt Jósavin H. Arasyni og Eygló Jóhannesdóttur, heimildarmönnum, var brunnur um 280 m sunnan við bæ 001.
Á þessu svæði er grasigróið skógræktarland.
Brunnur er nú byrgður með viðarplönkum en hann hefur verið um 1 m í þvermál. Ekki er ljóst hvort brunnur var grjóthlaðinn eður ei en hann var notaður frá bænum 001 áður en annar stærri var grafinn annarsstaðar.
Hættumat: hætta, vegna skógræktar

EY-074:029 garðlag túngarður 65°51.334.N 18°13.700.V
Torf- og grjóthlaðinn túngarður er um 480 m SSA við bæ 001. Þessi túngarður hefur trúlega legið eftir austurmörkum túna bæði Arnarness 001 og Steinness 015.
Túngarðurinn liggur meðfram sléttuðu túni í þýfðum grasigrónum móa.
Túngarðurinn í Arnarnesi er mjög mis greinilegur. Þegar þær minjar sem greinilega má sjá á vettvangi eru lagðar saman við það sem greina má á loftmynd má sjá að garðurinn hefur verið 830 X 150-320 m stór og snúið NNV-SSA. Aðeins má greina hluta þessa garðs á jörðu niðri enda hefur stór hluti verið sléttaður í tún. Þar sem túngarðurinn sést er hann torf- og grjóthlaðinn, um 0,5-3 m á breidd, 0,4-2 m á hæð og samtals um 380 m á lengd. Garðlagið kemur í ljós í þýfðu túni í órækt um 60 m SA við bæ 001 en um 120 m SSV hverfur það aftur í púfur. Það kemur aftur í ljós 140 m SSV. Eftir það er garðlagið greinilegt og hægt er að fylgja því um 170 m í SSV áður en það beygir í VSV. Eftir það sést það aðeins í 90 m áður en það hverfur alveg í þýfðan lyngi- og grasigróinn móa. Hér og þar eru einnig smærri skörð í garðlagið vegna rofs. Samanlögð lengd garðlagsins með götum hefur verið að minnsta kosti 525 m á lengd.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar

EY-074:030 náma mógrafir 65°51.153.N 18°14.402.V
Mógrafir eru austan og norðan við Stekkhól 022 og 800 m SV við bæ 001, á svæði sem er að minnsta kosti um 200 x 100 m stórt.
Á þessu svæði er þýft graslendi en Stekkhóll sem stendur upp úr graslendinu er gróinn grasi, mosa og lyngi.
Að minnsta kosti tvö svæði þar sem tekinn hefur verið mór sjást um 10 m austan (A) við og um 20 m norðan (B) við Stekkhól. Austan við hólinn er um 100 x 30 m stórt svæði sem er um 0,5 m djúpt (A). Svæðið snýr norður-suður. Gryfjan er deig og gróin fífum og grasi í botninn. Hér og þar sjást 4-6 ógrónir blettir í gryfjunni þar sem ekki hefur gróið yfir jarðveginn og hefur hér hugsanlega verið farið

þar dýpra niður á móinn en annars staðar. Önnur mógröf (B) er norðan við hólinn. Hún er um 50 x 20 m stór og snýr austur-vestur. Gröfin er um 0,5 m djúp og botn hennar er einnig deigur og gróinn fífum og mýrargrasi. Mjög líklegt er að fleiri mógrafir hafi verið á þessu svæði en ekki fundust þær í graslendinu sumarið 2007.
Hættumat: engin hætta

EY-074:031 þúst óþekkt 65°51.293.N 18°14.620.V



Torfhlaðin hringlaga þúst er um 720 m VSV við bæ 001 og um 300 m norðan við Stekkhól 022.
Á þessu svæði er kargaþýft graslendi.
Þústin er aflöng, um 14 x 10 m stór og 0,5-1 m á hæð. Hún er mjög þýfð, mosa- og grasigróin og snýr NNA-SSV. Þegar rýnt er í þústina er hægt að sjá út þýft garðlag umhverfis mjög óljóst mannvirki. Garðlagið er sporöskjulaga, um 1 m á breidd og 0,5-1 m á hæð og liggur meðfram brún þústarinnar. Mannvirkið í miðjunni er mjög óskýrt og ekki er hægt að greina uppbyggingu þess vegna þúfumyndunar en það er um 7 x 5 m að stærð og <0,5 m á hæð. Hlutverk þessara mannvirkja er óþekkt og Jósavin H. Arason og Eygló Jóhannesdóttir, heimildarmenn, könnuðust ekki við mannvirki á þessu svæði.
Hættumat: engin hætta

EY-074:032 *Byttuvík* mannvirki lending 65°51.748.N 18°14.429.V


Byttuvík 074:032, horft í norður

Í viðbótum Aðalsteins Jónssonar við örnefnaskrár Arnarness segir: "Tjarnarmór er út af bænum og nær út að sjó, Lambhagi og Lambhagahorn vestur við Tjörnina; þar er og Byttuvík. Þar var geymd bátkæna á sumrin, því oft var dregið fyrir silung í Arnarnestjörn á sumrin og veiði oft talsverð." Byttuvík er um 480 m NV við bæ 001 á austurbakka Arnarnestjarnar.
Á þessum stað er grasigróinn, um 0,5 m hár tjarnarbakki.
Í bakkanum er 3 m löng, 2 m breið og 0,5-1 m djúp ferköntuð dæld sem snýr norður-suður. Lendingin hefur trúlega verið grafin inn í bakkann. Hér er ennþá geymdur bátur sem bundinn er með snæri í bakkann. Engin önnur mannvirki eru sjáanleg.
Hættumat: hætta, vegna rofs
Heimildir:Ö-Arnarnessaths, 1

EY-074:033 *Jónshús* heimild um bústað 65°51.229.N 18°11.622.V

Í Byggðum Eyjafjarðar segir: "Á kambinum norðaustan við Hjalteyrartjörnina reisti Jón Antonsson sér hús og hóf þar búskap nokkru eftir síðustu aldamót [aldamótin 1900]. Íbúðarhúsið var við hann kennt og kallað Jónshús, en í raun hét býlið Ytri-Hjalteyri og var byggt úr landi Arnarness. Kveldúlfur keypti Ytri-Hjalteyri 1943 og sameinar þá Ytri-Hjalteyri og Syðri-Hjalteyri þar sem megnið af mannvirkjunum stóð. Búið var í Jónshúsi fram yfir 1960, en það var rifið snemma á níunda áratugnum. Á þessum slóðum sést enn grunnur af byggingum hermanna frá stríðsárunum [034-036]." Jónshús var um 1250 m NA við Ytri-Bakka EY-072:001 og um 1900 m SA við Arnarnes 001.
Á þessu svæði eru viðarbyggðir fiskihjallar á sendnum granda.
Samkvæmt Gunnari Ragnarssyni, heimildarmanni, sést nú (2007) þar sem húsið stóð aðeins í hluta af steinsteyptum húsgrunnum frá stríðsárunum. Jónshús var byggt árið 1902 og var aðeins kjallari undir hálfu húsinu að sunnan verðu. Ofan við kjallarann var stofa og eldhús og á loftinu þar ofan á var íbúð. Norðan við eldhúsið og stofuna var svo geymsluskúr og ofan á skúrnum á loftinu var íbúð og verkstæði. Verkstæði skildi á milli íbúðanna tveggja. Fast sunnan við húsið var kálgarður og þar sunnan við kálgarðinn var uppsátur norðan við Gula húsið 042. Um 10 m NV við Jónshús var fjós B fyrir um 2 kýr. Um 20 m NV við fjósið var fjárhús og hlaða C fyrir um 20 kindur. Um 20 m NNV við

fjárhúsið var fiskhús D þar sem fiskur var þurrkaður og vaskaður. Ekkert sést til fornleifa nú (2007) en flest húsin voru úr timbri og bárujárni og voru þau rifin eftir 1982.
Hættumat: hætta, vegna rofs
Heimildir:BE I, 424

EY-074:034 heimild um 65°51.263.N 18°11.727.V
Samkvæmt Gunnari Ragnarssyni, heimildarmanni, voru breskir hermannabraggar um 160 m SA við Thorsteinssonsgrunn 021 og um 100 m NV við Jónshúss 033. Í bókinni Hernámsárin á Akureyri og Eyjafirði segir: "[...] tvennar herbúðir [voru] austur af Skriðulandi, á Bakkaásum var Bragholt Camp [EY-
072:017] og undir þeim norðanverðum Hjalteyri og herbúðirnar þar [EY-072:046]. Þeir voru ekki fleiri en 12 bresku hermennirnir sem hertóku Hjalteyri. Fyrst í stað bjuggu þeir í stórum skála sunnan við tjörnina en þar var mötuneyti og svefnstaður fyrir verkamenn síldarbræðslunnar. Bráðlega fjölgaði Bretunum, mislit tjöld stungu upp kollinum og braggar byrjuðu að rísa, fyrst norðan við Péturshúsið [EY-072:042] og síðan [034] á grandanum frá Jónshúsi [033] og út að Thorsteinssongrunni [021]."
Á þessum stað er sléttað malarplan og fiskihjallar.
Ekkert sést til fornleifa.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Jón Hjaltason: Hernámsárin á Akureyri og Eyjafirði, 158

EY-074:035 frásögn herminjar 65°51.242.N 18°11.641.V
Samkvæmt Gunnari Ragnarssyni, heimildarmanni, var steinsteyptur varðturn frá hernámsárunum sem nýttur var til að fylgjast með mögulegum skipaferðum inn Eyjafjörð um 1300 m NA við Ytri-Bakka EY-
072:001 og um 30 m NNV við Jónshús 033.
Á þessu svæði er sléttað graslendi og fiskihjallar.
Ekkert sést til fornleifa á svæðinu annað en brot úr turninum í fjörunni. Turninn var steinsteyptur, holur að innan og 8-10 m hár. Efst í turninum var lítið herbergi og var þar hafður sterkur ljóskastari. Í kringum árið 1984 var hann sprengdur í loft upp.
Hættumat: engin hætta

EY-074:036 heimild um herminjar 65°51.254.N 18°11.669.V
Samkvæmt Gunnari Ragnarssyni, heimildarmanni, var steinsteypt fallbyssustæði og 2 fallbyssur um 60 m NNV við Jónshús 033A rétt utan við fiskhúsið 033D. Í bókinni Hernámsárin á Akureyri og Eyjafirði segir: "Miðunartæki voru einnig innan við glervegginn [sem breskir hermenn reistu á efri hæð Jónshúss] og fengu skytturnar, sem stjórnuðu gríðarstóru fallbyssunum tveimur rétt norðan við húsið, leiðbeiningar um skotstefnu frá félögum sínum í glerbúrinu."
Á þessu svæði er sléttað hálf grasigróið malarplan og fiskihjallar.
Ekkert sést til fornleifa.
Hættumat: hætta, vegna rofs
Heimildir:Jón Hjaltason: Hernámsárin á Akureyri og Eyjafirði, 158

EY-074:037 heimild um lendingu 65°51.248.N 18°11.623.V
"Þorsteinn Þorsteinsson, kaupmaður og útgerðarmaður í Reykjavík, stofnaði Braga hf. og gerði út tvo togara. Í kringum 1913 fékk hann leigða Ytri Hjalteyri. Var reist stórt og mikið hús [021] innan við Stekkjarvíkina en hún er lítil vík utan við norðurenda grandans er skilur að sjóinn og Hjalteyrartjörnina. Þar voru einnig reistar söltunarbryggjur og geymsluhúsnæði [sjá 016 og 023]. [...] Árið 1918 varð útgerðarmönnum þungt í skauti. Hafís lagðist inn fjörðinn og braut allar bryggjur á grandanum [...]. tók ísinn einnig hinar bryggjurnar [EY-072:014, EY-072:028, EY-072:038, EY-072:049, EY-072:050, EY-072:051 og EY-072:052], er voru sunnan á Hjalteyrinni á útleiðinni, og braut allt í spón. Var þá öllum umsvifum Braga hf. á Hjalteyri hætt, húsið rifið og flutt og eftir stóð svonefndur Thorsteinssongrunnur [021]. Seinna var stofnað félag er kallað var Hrútur og var fjárræktunarfélag Hjalteyringa og var það staðsett [...] á Thorsteinssongrunninum." segir í tímaritinu Súlum. Samkvæmt Gunnari Ragnarssyni, heimildarmanni, voru söltunarbryggjur um 35 m norðan við Jónshús [033] og um 1900 m SA við Arnarnes 001.

Á þessu svæði er grýtt fjara.
Bryggjurnar voru tvær timburbryggjur, 1 plan og tvær álmur, rétt utan við fiskhús frá Jónshúsi. Hafís braut bryggjurnar árið 1918. Ekkert sést til fornleifa á þessum slóðum lengur.
Hættumat: hætta, vegna rofs
Heimildir: Hjalteyri - Sjávarþorp við Eyjafjörð eftir Jón Þór Benediktsson, Súlur 2004, 99

EY-074:038 heimild um herminjar 65°51.151.N 18°11.531.V
"Sunnan Bragholt Camp [EY-072:017], sem stóð þar sem Hjalteyrarskóli reis síðar, var varðskýli við veginn [EY-072:045] og þar urðu allir að gera grein fyrir sér sem vildu niður á eyrina. Norðan við Pétursshús [EY-072:042] var annað varðskýli [EY-072:043] og það þriðja var eins og áður segir á grandanum sjálfum." segir í Hernámsárunum á Akureyri og Eyjafirði. Samkvæmt Gunnari Ragnarssyni, heimildarmanni, var varðskýli ð á grandanum um 40 m NV við Odda 040 og um 440 m NA við Möllershús EY-072:034.
Á þessu svæði er grasigróinn malargrandi sem snýr norður-suður, austan við Hjalteyrartjörn.
Ekkert sést til fornleifa.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:"Hernámsárin á Akureyri og Eyjafirði" eftir Jón Hjaltason, 159

EY-074:039 heimild um legstað
Í örnefnaskrá Arnarness segir: "Norðarlega í Arnarneslandi virðast vera dysjar, 3 eða 4; eru þær lítið eitt aflangar." Dysjarnar fundust ekki. Jósavin H. Arason og Eygló Jóhannesdóttir, heimildarmenn, könnuðust ekki við frásögnina og engar kumlarannsóknir hafa farið fram á þessu svæði.
Heimildir:Ö-Arnarnes, 2


EY-074:040 *Oddi* heimild um bústað 65°51.136.N 18°11.489.V
Samkvæmt Gunnari Ragnarssyni, heimildarmanni, var Oddi íbúðarhús um 300 m ANA við Syðri Odda EY-
072:044 og um 440 m NA við Möllershús EY-072:034.
Á þessu svæði er grýtt fjara.
Samkvæmt Gunnari Ragnarssyni, heimildarmanni, var Oddi eitt af elstu húsunum á Eyrinni á svipuðum aldri og Gamlabúð EY-072:025 sem byggð var 1884. Húsið var byggt úr timbri og var það á tveim hæðum. Tvær íbúðir voru í húsinu og ein í skúr sunnan við það. Enginn kjallari var í húsinu en herbergi var í risinu. Uppsátur og grindarhjallur voru austan við húsið en eigandinn þurrkaði fisk á hjallinum og saltaði fisk í kör þar á Eyrinni. Ekki er ljóst hvenær húsið var rifið en sjórinn er búinn að brjóta grunninn þannig að engin ummerki sjást um hann lengur.
Hættumat: hætta, vegna rofs

EY-074:041 mannvirki herminjar 65°51.157.N 18°11.522.V
Samkvæmt Gunnari Ragnarssyni, heimildarmanni, var vélaskúr um 45 m norðan við Odda 040 og um 455 m NA við Möllershús EY-072:034.
Á þessu svæði er grýtt fjara.
Skúrinn var reistur í heimsstyrjöldinni síðari trúlega af Bretum og voru þar geymdar ljósavélar. Húsið var á tveimur hæðum, hlaðið úr grjóti á steinsteyptum grunni án kjallara. Í fjörunni er nú aðeins mikið af steypuklumpum og veggbrotum úr húsinu sem sjórinn er smám saman að brjóta niður.
Hættumat: stórhætta, vegna rofs

EY-074:042 *Gula húsið* frásögn skemma 65°51.211.N 18°11.594.V
Samkvæmt Gunnari Ragnarssyni, heimildarmanni, var skemma um 40 m SSV við Jónshús [033]. Skemman var kölluð Gula húsið og var timburhús sem nýtt var sem geymsla. Byggingarár þess er ekki þekkt en hefur það líklega verið byggt um eða eftir 1900. Seinna var húsið flutt ofar á eyrina og nýtt sem slökkvistöð en húsið fauk svo í óveðri upp úr 1950.
Á þessu svæði er slétt graslendi fast sunnan við syðsta fiskihjallann á grandanum austan við Hjalteyrartjörn.
Ekkert sést til fornleifa.
Hættumat: engin hætta

EY-074:043 þúst kálgarður 65°51.190.N 18°11.905.V
Kálgarður er um 1700 m ASA við bæ 001 og um 700 m SA við Stekkjarnes 014.
Kálgarðurinn er vestan við Ytri-Hjalteyri og Hjalteyrartjörn í grasigróinni brekku sem hallar um 20° í austur. Skógræktarsvæði er nú á þessum slóðum.
Samkvæmt Gunnari Ragnarssyni, heimildarmanni, hefur kálgarðurinn ekki verið notaður í ein 10-15 ár. Aldur garðsins er ekki þekktur en hann hefur trúlega verið stunginn eitthvað eftir 1900. Ennþá vex þó rabbabari á svæðinu. Svæðið er um 10 x 10 m stórt og 0,4-1 m á dýpt. Garðurinn hefur verið grafinn niður í graslendið sem nú er gróið háu grasi. Lítið sést til garðlaga utan um garðinn.
Hættumat: engin hætta

EY-074:044 *Stinnabær* tóft býli 65°51.140.N 18°12.122.V




Stinnabær er um 35 m SA við timburhúsið á Eyrarbakka 025, um 1600 m SA við Arnarnes 001 og um 415 m norðan við Möllershús EY-072:034.
Á þessu svæði er þýft graslendi í brekku sem hallar 2-5° til austurs.
Stinnabæjartóft er um 9 x 8 m stór og snýr norður-suður. Tóftin er torfhlaðin og var viðargrind og bárujárn undir torfinu í þaki tóftarinnar en þakið er nú hrunið ofan í tóftina. Veggir tóftarinnar standa grónir, eru 1-2 m á hæð (um 1 m á hæð á suður, austur og vesturhlið og um 2 m á hæð á norðurhlið) og 1,5-2 m á breidd. Inngangur var á austurhlið tóftarinnar við norðausturhorn hennar. Torf var greinilega hlaðið utan um viðargrind sem þjónaði sem dyragætt sem er nú að falla saman. Ekki er ljóst hvert innanmál hennar hefur verið vegna hruns úr þaki en líklega hefur það verið um 4-5 m á breidd og um 5-6 m á lengd því veggir tóftarinnar eru um 1,5-2 m á breidd. Veggir tóftarinnar eru mjög grasigrónir en þaktorfið er uppþornað og brunnið af þurrki. Engar grjóthleðslur eru sjáanlegar. Stinnabær var byggður fyrir 1935 á undan timburhúsinu á Eyrabakka. Húsið var í byrjun þurrabúð fyrir fiskiútgerð frá Eyrarbakka en var seinna nýtt sem fjárhús samkvæmt Jóhannesi Þ. Hermannssyni, heimildarmanni. Húsið hefur trúlega ekki verið mikið notað síðan um 1960 en þá fór Eyrabakki í eyði.
Hættumat: engin hætta

EY-074:045 garðlag landamerki 65°51.136.N 18°11.883.V
Torfhlaðið garðlag er um 100 m sunnan við kálgarð 043 og um 1700 m ASA við Arnarnes 001.
Garðlagið er í grasigróinni brattri brekku sem hallar um 40° til austurs.
Garðlagið er torfhlaðið, um 90 m á lengd, um 1,5 m á breidd og 0,4-0,6 m á hæð. Garðlagið liggur austur frá Hjalteyrartjörn í vestur upp á Ásana. Girðingastaurar standa upp úr garðlagi hér og þar. Í austri hverfur garðlagið í mýri á tjarnarbakkanum og í vestri hverfur það í þúfur þegar upp á Ásana er komið. Garðlagið er á merkjum Arnarnesslands og Ytri-Bakkalands og er líklega landamerkjagarður þó að mögulegt sé að það hafi einungis verið hlaðið undir girðingu.
Hættumat: hætta, vegna skógræktar

EY-079 Fagriskógur

30 hdr. 1712. Jarðarinnar er getið í Landnámu: "Galmr hét maðr, er nam Galmansstrǫnd á milli Þorvaldsdalsár ok Reistarár" (ÍF I, 256) Fagrakógar er getið í Guðmundar saga dýra "Þórður hét maður. Hann bjó á þeim bæ er heitir í Fagraskógi" en samkvæmt sögunni var þetta um 1200- (Sturlunga saga 1988, , 171) Þann 6. ágúst 1432 á Hálsi er tekið fyrir mál "um kæru Ólafs Eyjólfssonar til Lopts Guttormssonar, að Loptr héldi fyrir honum jörðunum Fagraskógi og Hyllum" og málalyktir urðu "þä dæmdum vier Jaerdernar Olaffe effter kaupe sijnu og lofft skildugann að affhenda þær greindar Jarder Olaffe ad næstum fardǫgum." (DI IV, 507-508) Árið 1461 "Suar ma(u)rg ero christfe firir nordan yxnadaalsheide epter þy sem sakt er. Jn primis að þiorn . j fagre skoge. j kleif. j þeigi. j cristnesi. j grund ij. cristfe. a mørafelle. j saurbæ. biork alcristfe. j þorestadum." (DI V, 285). Þann 25. október 1505 á Munkaþverá eru eigendaskipti "Símon Þorsteinsson fær Gottskalk biskupi á Hólum til fullrar eignar jörðina Fagraskóg á Galmaströnd, og kvittar um andvirðið. vm fagraskog. 1505."ek hefuer feingit minum herra godskalk með gudz nad biskup a holum iordina alla fagraskog er liggr að galmastraund j maudruualla kirkiusokn" (DI VII, 802-803).



Þann 8. desember árið 1685 eru eigendaskipti, Jarðaskjöl Eyjafjarðarsýsla "Þorlákur Benediktsson gefur þeim systkinum Hallgrími Þorvaldssyni og Þórunni Þorvaldsdóttur jörðina Fagraskóg, 30 hndr. að dýrleika." (Jarðabréf) "Fagreskógur öðru nafni Fagreárskógur. Jarðdýrleiki xxx c. Eigandinn er Sr. Sæmundur Hrólfsson að Stærra Árskógi. Ábúandinn er Jón Jónsson. Landskyld cxxiv álnir, geldst í gildum landsaurum heim til landsdrottins. Kúgildi eru 3. Leigur í smjöri heim til landsd‹r›ottins skilaðar." (JÁM,115.) "Fagraskógi tilheyrir eyðibýlið Torfnes sem er yst við hreppamörkin og fór í eyði 1965" BE 1990, 344.

"Jörðin Galmarstaðir hefur verið í eyði síðan 1922 og var sameinuð Fagraskógi 1971. [...] Jörðin Ytri-Kambhóll hefur verið í eyði síðan 1942 og var sameinuð Fagraskógi 1971" Ö- Syðri Kambhóll, . Torfnes byggt úr landi Fagraness 1911, fór í eyði 1965 og tilheyrir nú Fagraskógi, BE 1990, 420.

Jörðin nefnd: Fagriárskógur skv. Byggðum Eyjafjarðar (BE 1990, 344). "fagra skoge"- DI V, 285. "Fagreskógur, öðru nafni Fagreárskógur" JÁM, 115. "Fagri Skógur"- FB 1932, 79. "Fagri-Skógur"- FB 1957, 203.

1917: 7,4 ha. 3/4 slétt. Sáðreitir 1300 m2. -- Hluti túnsins á Bæjarnesi heitir Löngusléttur [elstu slétturnar), segir örnlýs, og einnig: Mýrar og móar, allvíðlent svæði, sem var milli Galmarsstaða og

Fagraskógar, eru nú eggslétt tún. 1990: Landið er nokkuð brattlent norðantil, klettahryggir með mýrasundum á milli, að hluta til ræktuðum. "Fagriskógur, forðum nefndur Fagriárskógur, er nyrsti byggði bær í Arnarneshreppi og nytjar hann land frá hreppamörkum við Hillur og suðar að Syðra-Kambhóli." [...]"Landið er nokkuð brattlent norðan til, klettahryggir meðmýrasundum á milli, að hluta til ræktuðum." (BE 1990, 344). "Þótt enginn skógur fyrifinnist nú í landareigninni, eru fyrir því órækar sannanir, að í Fagraskógi og á Galmarsstöðum hefur verið mikið skóglendi fyrr á tíð. Við svarðrtöku hegur komið mikið af ævafornum skógarleifum, gildir trjábolir og langir." (Ö-Fagriskógur og Torfnes).

EY-079:001 *Fagriskógur* bæjarhóll bústaður 65°52.211.N 18°15.838.V
Í Byggðum Eyjafjarðar segir: "Fagriskógur, forðum einnig nefndur Fagriárskógur, er nyrsti byggði bær í Arnarneshreppi og nytjar hann land frá hreppamörkum við Hillur og suður að Syðra-Kambhóli. Bærinn stendur rétt vestan við Ólafsfjarðarveg, undir Kötlufjalli, og á land allt niður að sjó og að Arnarnestjörn." Gamli bærinn í Fagraskógi var um 730 m NNA við Syðri-Kambhól EY-081:001 og um 10 m SV við núverandi íbúðarhús í Fagraskógi. Samkvæmt Magnúsi V. Stefánssyni, heimildarmanni, voru norðausturhorn gamla bæjarins á nánast sama stað og suðvesturhorn núverandi íbúðarhúss.
Á þessu svæði er skrautgarður með trjágróðri og sléttaðri grasflöt.
Á þessu svæði er nú sléttuð grasflöt en þar sem bærinn stóð er nú um 0,4 m há upphækkun í lóðinni sem gæti verið hluti af bæjarhólnum. Ekki er flatarmál hans ljóst vegna trjágróðurs og sléttunar en ekki er ólíklegt að hann hafi snúið norður-suður og að leifar bygginga finnist enn undir sverði.Ekkert sést til gamla bæjarins vegna sléttunar. Bærinn var torfbær og var trúlega gengið inn að austan. Var hann notaður fram til ársins 1930 en búið var að slétta úr bæjarrústunum um árið 1934.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Túnakort 1917; BE I, 344


EY-079:002 heimild um óþekkt 65°52.203.N 18°15.901.V
Samkvæmt túnakorti frá árinu 1917 var útihús um 30 m VSV við bæ 001 og um 50 m SSA við fjárhús 003. Magnús V. Stefánsson, heimildarmaður, kannast ekki við að útihús hafi staðið á þessu svæði frá því hann fór að muna eftir sér um 1940.
Þar er grunnur af fjósi sem byggt var um 1934 eftir að hætt var að nýta fjós 016.
Ekkert sést til fornleifa.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Túnakort 1917

EY-079:003 *Lambhúshóll* heimild um lambhús 65°52.236.N 18°15.917.V
"Bæjarlækurinn, Fagraskógslækur, fellur ofan utan og vestan bæjar og er Ærhúsvöllur [sjá 004] ofan og utan við hann, neðan Lambhúshóls, þar sem nú standa fjárhús." segir í örnefnaskrá Stefáns Stefánssonar. Lambhúsið/Fjárhús á Lambhúshól er líklega það sama og merkt er inn á túnakort frá 1917 um 60 m VNV við bæ 001 og um 100 m NNA við fjárhús 004.
Á þessu svæði er bárujárnsklætt fjárhús og hlaða á malarbornu plani.
Samkvæmt Magnúsi V. Stefánssyni, heimildarmanni, var áður torfhlaðin bygging á svæðinu. Fjórar krær voru í húsinu fyrir gemlinga sem settir voru á og einnig var hólf fyrir um 4 hesta. Ekkert sést til fornleifa.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Túnakort 1917; Örn. St.Stefánssonar, 4

EY-079:004 *Ærhúshóll* heimild um fjárhús 65°52.253.N 18°15.834.V
"Bæjarlækurinn, Fagraskógslækur, fellur ofan utan og vestan bæjar og er Ærhúsvöllur ofan og utan við hann, neðan Lambhúshóls [003], þar sem nú standa fjárhús. Skammt norðan bæjarlækjar, rétt vestur af þjóðveginum, hét Ærhúshóll, stór hóll, sem nú er sléttur völlur." segir í örnefnaskrá Stefáns Stefánssonar. Í örnefnaskrá Jóhannesar Ó. Sæmundssonar segir: "Bæjarlækurinn, [...] fellur ofan utan og vestan bæjar og er Ærhúsvöllur ofan og utan við hann." Umrætt fjárhús er merkt inn á túnakort frá árinu 1917 um 100 m norðan við bæ 001 og um 140 m NNA við útihús 002.
Á þessu svæði er sléttað tún.

Ekkert sést til fjárhússins en samkvæmt Magnúsi V. Stefánssyni, heimildarmanni, var það torfbyggt, með 6 kræ r fyrir um 120 kindur.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Túnakort 1917; Örn. St.Stefánssonar, 4; Örn.Jóh.Ól., 31

EY-079:005 *Sauðhúsvöllur* heimild um hrútakofa 65°52.282.N 18°15.723.V
Í örnefnaskrá segir: "Ofan Búðavallar [sjá 006] út og niður frá bænum, hét Sauðhúsvöllur. Þar voru fyrrum allstórar lautir og hólar og súrheysgryfjur [svo, sjá 021], sem grafnar voru í hólana voru í notkun fram á 40. [svo] áratuginn, en nú eru lautirnar og hólarnir slétt grund." Í örnefnaskrá Jóhannesar Óla Sæmundssonar segir: "Út og niður frá bænum [001] hét Sauðhússvöllur." Á Sauðhúsvelli var, samkvæmt túnakorti frá árinu 1917, útihús um 125 m NA við bæ 001 og um 100 m austan við fjárhús 004. Samkvæmt Magnúsi V. Stefánssyni voru hrútakofi og súrheysgryfjur [021] á þessu svæði um 160 m NA við bæ 001 og um 100 m ANA við fjárhús 004 og er líklegt að þau séu húsin sem merkt eru inn á túnakortið 1917.
Á þessu svæði er sléttað tún.
Ekkert sést til fornleifa. Samkvæmt Magnúsi V. Stefánssyni var hóll í túninu þar sem útihúsin stóðu en hann hefur verið sléttaður.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Túnakort 1917; Örn.St.Stefánssonar, 2; Örn.Jóh.Ól., 31

EY-079:006 tóft sjóbúð 65°52.304.N 18°15.612.V


Í örnefnaskrá Fagraskógar og Torfness segir: "Sunnanvert við Lendingu [008] fellur Bæjarlækurinn til sjávar, og þar rétt sunnan við voru fyrrum sjóbúðir, enda heitir túnflöturinn upp frá þeim Búðavöllur." Í örnefnaskrá Stefáns Stefánssonar segir svo: "[...] en suður og upp af henni [lendingunni] voru fyrrum sjóbúðir. Enda heitir túnflöturinn upp frá þeim Búðavöllur og lækjargilið norðan hans, upp að þríhyrnu, Búðargil." Samkvæmt túnakorti frá árinu 1917 var tóft við ströndina um 210 m NA við bæ 001 og um 80 m austan við útihús 005. Er þar líklega umræddar sjóðbúðir þó að í raun séu þær um 250 m NA við bæ (001) og um 100 m ANA við útihús 005. Guðmundur Ólafsson skráði búðirnar nr. 132 og segir í skráningunni: "Sjóbúðir voru bæði sunnan og norðan við læk (Magnús Stefánsson bóndi). Nú sjást engar minjar sunnan við lækinn"
Á þessu svæði er rennur Bæjarlækur til sjávar. Þar er grýtt fjara og um 3-5 m hár sjávarbakki sem hallar um 50° til austurs. Sléttuð tún eru alveg út á brún bakkanna og lítið sést til leifa um búðirnar.
Aðeins ein tóft (A) er sjáanleg í sjávarbakkanum fast norðan við þar sem Bæjarlækurinn rennur til sjávar. Hún er grafin inn í bakkann og hlaðin úr torfi og grjóti. Austurendi tóftar er mjög rofin vegna ágangs sjávar. Leifar tóftarinnar eru um 5 x 4 m stórar og veggir hennar eru um 1-1,5 m á breidd en þá má aðeins greina á vestur- og suðurhlið tóftar. Tóftin er um 0,4-1 m á dýpt og um 4 x 2 m að innanmáli. Rofabarð er í austurenda tóftar og eru um 1,5 m niður í fjöru. Samkvæmt Magnúsi V. Stefánssyni, heimildarmanni, átti afi hans, Stefán B. Stefánsson, 1 sexæring og 1 áttæring og réði hann menn til að fiska á vetrum og fram á vor. Veiðarfæri voru geymd í búðunum og beitt var seinna með beituskel í tóftunum. Búðirnar hafa ekki verið í notkun síðan Magnús man eftir sér. Í tóftinni er spil sem áður var notað í Byttuvík á Torfunesi EY-079:028.
Hættumat: hætta, vegna rofs
Heimildir:Túnakort 1917; Ö-Fagriskógur og Torfnes, 102; Örn.St.Stefánssonar, 2; Guðmundur Ólafsson: Fornleifaskrá Arnarneshrepps 1985

EY-079:007 *Stekkjarlaut* heimild um stekk 65°52.432.N 18°16.100.V
"Syðst í Fagraskógsbrekkum norðan Stekkjarlækjar er allstór laut, sem heitir Stekkjarlaut. Stekkjarlækurinn rennur sunnan við Flóann og heitir túnvanginn sunnan lækjarins Stekkjarvöllur. Þar

var fyrr á árum stekkur, rétt sunnan lækjarins, um miðja vegu milli Efri-Klappar og fjallsgirðingar." segir í örnefnaskrá Stefáns Stefánssonar. Í örnefnaskrá Margeirs Jónssonar segir: "Lækur er utan við túnið og fellur utan við Bæjarnesið; heitir hann Stekkjarlækur, og er grasigróið stekkjarbrot í mó við lækinn, nokkuð ofan við þjóðveginn." Samkvæmt Magnúsi V. Stefánssyni, heimildarmanni, var stekkurinn um 460 m norðan við bæ 001 og um 840 m SV við Torfnes 022 sunnan við Stekkjarlæk við Stekkjarlaut.
Á þessu svæði er sléttað tún.
Ekkert sést til fornleifa.
Hættumat: hætta, vegna jarðræktar
Heimildir: Örn.St.Stefánssonar, 5; Örn.M.Jóns., 1

EY-079:008 heimild um lendingu 65°52.303.N 18°15.595.V


Festasteinn 079:008, horft í suður

Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns segir: "Heimræði er hjer, so nóg er gott skip upp að setja og lendíng brúka, að sjó vel færum, [...]." Í örnefnaskrá Fagraskóga og Torfness segir: "Sunnanvert við Lendingu fellur Bæjarlækurinn til sjávar og þar rétt sunnan við voru fyrrum sjóbúðir [006]". Í örnefnaskrá Stefáns Stefánssonar segir: "[...] suður undir Lendinguna í Fagraskógsvík er samfelldur sjávarbakki klettalaus. Rétt utan og norðan við Lendingu er steinninn Stóri-Kollur, en gegnt honum, sunnan hennar er Litli-Kollur." Samkvæmt Magnúsi V. Stefánssyni, heimildarmanni, var lendingin rétt norðan við Bæjarlækinn um 250 m NA við bæ 001.
Á þessu svæði er grýtt fjara austur undir rofnum um 1-2 m háum og bröttum sjávarbakka.
Í fjörunni við tóft 006 er ennþá festarsteinn sem fallinn er á hliðina svo ekki sést lengur í járnkenginn í steininum sem skip voru áður bundin við. Bátar þurftu að lenda milli Stóra Kolls og Litla Kolls. Lítið sést til mannvirkja tengdum lendingunni vegna sjávarrofs.
Hættumat: hætta, vegna rofs
Heimildir:JÁM X, 115; Ö-Fagraskógar og Torfnes, 102; Örn.St.Stefánssonar, 1

EY-079:009 heimild um uppsátur 65°52.304.N 18°15.612.V
Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns segir: "Heimræði er hjer, so nóg er gott skip upp að setja og lendíng brúka, að sjó vel færum, [...]." Nákvæm staðsetning uppsáturs er óþekkt en væntanlega hefur það verið upp af lendingunni 008.
Á þessu svæði rennur Bæjarlækurinn til sjávar. Þar er grýtt fjara og um 3-5 m hár sjávarbakki í um 50° halla til austurs. Sléttuð tún eru nú alveg út á brún bakkanna.
Magnús V. Stefánsson, heimildarmaður, kannaðist ekki við fornleifar tengdar uppsátri en ekki er ólíklegt að uppsátur hafi verið á svæðinu þar sem sjóbúðirnar 006 voru áður. Lítið sést til mannvirkja tengdum lendingunni vegna sjávarrofs.
Hættumat: hætta, vegna rofs
Heimildir:JÁM X, 115

EY-079:010 heimild um túngarð 65°52.257.N 18°16.060.V
"Norður og upp af Guddugerði [013] er Hesthúshóll [016] og upp af bænum utan túngarðs heitir Kvíaból [024] og Nátthagi [024]." segir í örnefnaskrá Stefáns Stefánssonar. Samkvæmt Magnúsi V. Stefánssyni, heimildarmanni, var túngarður ofan við tún um 190 m NV við Fagraskóg 001.
Á þessu svæði er sléttað tún og þýfður grasigróinn mói.
Lítið sést til fornleifa. Samkvæmt Magnúsi V. Stefánssyni var svo hann muni aðeins torfhlaðinn túngarður vestan við bæ þó ekki sé ólíklegt að áður hafi slíkur garður einhvern tíman verið utan um allt heimatúnið.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:Örn. St.Stefánssonar, 4

EY-079:011 heimild um kálgarð 65°52.139.N 18°15.745.V
Samkvæmt túnakorti frá árinu 1917 var kálgarður um 150 m sunnan við Fagraskóg 001 og um 320 m SV við Búðavöll 006.
Á þessu svæði er sléttað tún.
Ekkert sést til fornleifa.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Túnakort 1917

EY-079:012 frásögn öskuhaugur 65°52.213.N 18°15.832.V
Samkvæmt Magnúsi V. Stefánssyni heimildarmanni var öskuhaugur bæjarins undir suðvesturhorni núverandi íbúðarhúss Fagraskógar, fast norðaustan við bæ 001.
Á þessum stað er núverandi íbúðarhús Fagraskógar.
Í Fagraskógi var kynt með kolum. Þessi hóll var fjarlægður fyrir tíma Magnúsar V. Stefánssonar heimildarmanns svo stærð hans og uppbygging eru óþekkt.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar

EY-079:013 *Guddugerði* heimild um bústað 65°52.164.N 18°15.875.V
"Suður og upp frá bæ í Fagraskógi er Guddugerði, þar sem nú stendur nýbyggt fjós, en gerðið var áður vallgróinn hóll með tóftarbrotum. Þar segir sagan, að um síðustu aldamót hafi börn þóttist heyra Guddu gömlu snúa kvörn sinni, ef vel var hlustað. Gerðið á sér líka aðra sögu, því að framan af stríðsárunum í Heimsstyrjöldinni síðari, þá héldu breskir hermenn guðsþjónustur sínar á Guddugerði undir berum himni." segir í örnefnaskrá Stefáns Stefánssonar. Í örnefnaskrá Margeirs Jónssonar segir: "Guddugerði í suðurtúninu, ofan við veginn, og er það á hól eða hávaða, og sést þar enn móta fyrir grónum tóftum. Ekki er mér kunnugt, af hverju það ber nafnið." Samkvæmt Magnúsi V. Stefánssyni, heimildarmanni, var Guddugerði um 90 m SSV við bæ 001.
Á þessu svæði er nýlegt steinsteypt fjós og malarborið og grasigróið plan í kring.
Heima við bæ í Fagraskógi voru tjaldbúðir breskra hermanna fyrst er hermenn komu þangað um 1940/41. Um veturinn sömdu hermennirnir við bóndann um að setja upp tjöldin sín í fjárhúsunum vegna kulda (sjá einnig EY-081:015). Ekkert sést til fornleifa.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Örn.St.Stefánssonar, 4; Örn.M.Jónssonar, 1

EY-079:014 frásögn öskuhaugur 65°52.227.N 18°15.860.V
Samkvæmt Magnúsi V. Stefánssyni, heimildarmanni, var öskuhaugur um 30 m norðan við bæ 001 fast sunnan við Bæjarlækinn.
Meðfram Bæjarlæknum eru um 0,5 m háir bakkar hans grónir grasi og hvönn.
Ekkert sést til öskuhaugs en samkvæmt Magnúsi hvarf mest af öskunni í lækinn.
Hættumat: engin hætta

EY-079:015 *Ferðamannaklauf* örnefni áfangastaður 65°52.771.N 18°16.375.V
Í örnefnaskrá segir: "Frá þeim [Hólunum] liggja tvær lágar út og niður fyrir ofan Torfnes. Sú eystri heitir Ferðamannaklauf, en Þórðarklauf eða Stóralág sú vestari." Ferðamannaklauf er mjótt skarð sem snýr norður-suður milli tveggja hárra hæða í jökulrofinni klettabrún um 1100 m norðan við bæ 001 og um 450 m V við Torfnes 022. Örnefnið bendir til að í klaufinni hafi verið áningarstaður ferðamanna.
Í klaufinni er skógræktarsvæði gróið þéttum skógi af barrtrjám, lyngigróinn móa og þýft graslendi í órækt. Búið er að grafa skurð um hana þvera og endilanga.
Magnús V. Stefánsson, heimildarmaður, kannast ekki við að áfangastaður hafi verið í klaufinni og ef götur hafa legið um klaufina hafa það líklega aðeins verið kinda- og hestagötur. Ekkert sést til gata eða annarra mannvirkja á svæðinu.
Hættumat: stórhætta, vegna skógræktar
Heimildir:Örn.St.Stefánssonar, 5

EY-079:016 *Hesthúshóll* þúst fjós 65°52.186.N 18°15.941.V
"Norður og upp af Guddugerði [013] er Hesthúshóll" segir í örnefnaskrá Stefáns Stefánssonar. Samkvæmt Magnúsi V. Stefánssyni, heimildarmanni, var fjós á hól um 90 m VSV við bæ 001 og um

65 m NV við Guddugerði 013 og taldi hann það passa við lýsinguna. Hann kannaðist hins vegar ekki við að hesthús hefði verið á þessum stað.
Á svæðinu eru geymd gömul heyvinnutæki.
Á þessu svæði er um 2-3 m há egglaga hæð sem er um 20 x 15 m stór og snýr norður-suður. Samkvæmt Magnúsi V.Stefánssyni, heimildarmanni, var hætt að nota fjósið um 1934 og var það fyrir um 4 kýr. Ekkert sést til fornleifa þar sem byggingin var sléttuð fyrir tíð Magnúsar. Hugsanlegt er að fjós 016 hafi áður verið nýtt sem hesthús eða að hesthús hafi staðið á svipuðum stað fyrir tíma Magnúsar en engar heimildir hafa fundist um slíkt. Ekkert sést til fornleifa.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Örn.St.Stefánssonar, 4


EY-079:017 *Selhjalli* örnefni sel 65°52.168.N 18°16.681.V
Í örnefnaskrá Jóhannesar Ó. Sæmundssonar segir: "Neðst í hlíðinni [í Kötlufjalli] heiti Langabrekka, en ofar eru Selhjalli og Gráhjalli og á honum Gráhjallahaus." Selhjalli er um 650 m vestan við bæ 001 og um 1300 m NNV við Kjarna EY-082:001.
Hjallinn er neðsti hjalli ofan við Fagraskóg. Hann er að mestu þýfður grasi- og mosagróinn mói en hér og þar er deig mýri gróin mýrargrasi, mosa og fífum. Hjallinn er í 160-180 m hæð yfir sjávarmáli, um 100-150 m breiður og hallar um 10° til austurs.
Magnús V. Stefánsson, heimildarmaður, kannaðist ekki við að hafa séð seltóftir á hjallanum en hjallinn er svotil allur aðeins í landi Fagraskógar. Gengið var um hjallann þveran og endilanga en ekkert sel fannst. Þó er ekki ólíklegt að á Hjallanum hafi einhvern tíman verið sel þó til þess sjáist ekki.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:Örn.Jóh.Ól., 32

EY-079:018 *Byrgisgeirar* heimild um smalakofa 65°52.073.N 18°17.573.V
Í örnefnaskrá Jóhannesar Ó. Sæmundssonar segir svo: "Brúnkolluhjalli er ofan við Gráhjallann, Þá Hlíðin og Kálfahjalli, en efst Hrossahjalli. Þar voru ær setnar fyrrum." Í örnefnaskrá Syðri Kambhóls segir: "Byrgisgeirar eru norðan við Hrossahjalla sem er ofan við Löngubrekkur. Langabrekka er fyrir ofan Kambhól. Grasivaxnar, grænar rendur kallaðar Byrgisgeirar." Í örnefnaskrá Jóhannesar Ó. Sæmundssonar segir einnig: "Skriða, sem féll á þessum slóðum, myndar kassalaga dyngju, sem heitir Kista. Beint upp þaðan er Skriðuhryggur uppi á Hrossahjallanum. Grasi vaxnir geirar norðan hans heita Byrgisgeirar." Í örnefnaskrá Magnúsar Jónssonar segir: "Utan við hann [Skriðuhrygg] eru litlir grasgeirar, er heita Byrgisgeirar. Var þar smalabyrgi frá gamalli tíð, en nú sjást þess ekki merki." Heimildarmenn, Magnús V. Stefánsson og Jóhannes Þ. Hermannsson, könnuðust ekki við örnefnið Byrgisgeirar en Hrossahjalli er efsti hjalli í Kötlufjalli um 1400 m VSV við Fagraskóg 001. Jóhannes taldi hugsanlegt að geirarnir hafi verið sneiðingar utan og ofan við Kistuna norðan Skriðuhryggs.
Á hjallanum er þýfður grasi-, mosa- og lyngigróinn mói.
Byrgisgeirar eru hugsanlega skírðir eftir smalabyrginu sem Magnús Jónsson sagði frá. Samkvæmt Magnúsi V. Stefánssyni, heimildarmanni, sat Davíð Stefánsson skáld yfir ám á Hrossahjalla en hann kannaðist ekki við nein mannvirki á svæðinu.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:Örn.Jóh.Ól., 32; Ö-Syðri Kambhóll, 99; Örn.Jóh.Ól., 29; Örn.M.J.- Ytri-Kambhóll, 1

EY-079:019 heimild um kolagröf
"Þá er og til fornt nafn á Fagraskógarfjalli: Kolafjall (sóknarlýsingar), og bendir það til kolagerðar og skóglendis." segir í örnefnaskrá Jóhannesar Ó. Sæmundssonar. Í Sýslu og sóknarlýsingum segir svo: "Kolafjall var kallað til forna ofan Fagraskóg, sem sýnir, að þar hefur verið kolaskógur til forna, [...]." Í örnefnaskrá Stefáns Stefánssonar segir: "Þótt enginn skógur fyrirfinnist nú í landareigninni, eru fyrir því órækar sannanir, að í Fagraskógi og á Galmarsstöðum hefur verið mikið skóglendi fyrr á tíð. Við svarðartöku hefur komið upp mikið af ævafornum skógarleifum, gildir trjábolir og langir. Má því ætla, að fyrrum hafi staðarnafnið verið fullkomið réttnefni. Auk þess er eigi langt síðan, að nafnið Skógarbrekkur, var í gildi um spildu frá Arnarnesi, er lá upp sunnan við Kambhól. Þá er Kolafjall fornt nafn á Fagraskógsfjalli, og bendir það til kolagerðar og skóglendis." Nákvæm staðsetning kolagrafa er

óþekkt.
Magnús V. Stefánsson, heimildarmaður, kannast ekki við staðsetningu kolagrafa í landi Fagraskógar.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Örn.Jóh.Ól, 33; SSE, 108; Örn.St.Stefánssonar, 6-7

EY-079:020 hleðsla rétt 65°52.430.N 18°15.683.V





"Rétt norðan hans [Stekkjalækjar], skammt upp frá sjónum, var Réttin, þar sem til skamms tíma stóðu gamlir réttarveggir, en neðan hennar hét Réttarhvammur." segir í örnefnaskrá Stefáns Stefánssonar. Leifar réttarinnar eru um 420 m NA við bæ 001 og um 240 m NNV við tóft 006.
Leifar réttarinnar eru í suðurbrún sléttaðs túns á grasigrónum norðurbakka Stekkjarlækjar.
Svæðið er mjög grasigróið og vegna túnasléttunar sést lítið eftir af réttinni. Í norðurbakka lækarins má þó greina óverulegar leifar . Mótar fyrir hugsanlegu litlu hólfi um 7 x 4 m stóru. Aðeins eru leifar norður- og vesturhliðar eftir. Suður- og austurhliðar þess er brún lækjarbakka Stekkjarlækjar. Botn hólfsins er frekar sléttur, um 1 m lægri en sléttað túnið norðan við það. Ytri brúnir veggja hólfsins eru ósýnilegar. Einnig er hugsanlegt að aðeins útveggir réttarinnar sjáist í brún lækjarins og botn þess sé horfinn.
Hættumat: hætta, vegna jarðræktar
Heimildir:Örn.St.Stefánssonar, 1

EY-079:021 heimild um 65°52.282.N 18°15.723.V
Í örnefnaskrá segir svo: "Ofan Búðavallar [006] út og niður frá bænum, hét Sauðhúsvöllur [005]. Þar voru fyrrum allstórar lautir og hólar og súrheysgryfjur, sem grafnar voru í hólana voru í notkun fram á 40.[svo] áratuginn, en nú eru lautirnar og hólarnir slétt grund." Samkvæmt túnakorti frá árinu 1917 var útihús á þessu svæði um 125 m NA við bæ 001 og um 100 m austan við Ærhúshól 004. Samkvæmt Magnúsi V. Stefánssyni var á þessu svæði hrútakofi [005] og súrheysgryfja um 160 m NA við bæ og um 100 m ANA við fjárhús 004. Nákvæm staðsetning er þó óþekkt.
Á þessu svæði er sléttað tún.
Ekkert sést til fornleifa. Samkvæmt Magnúsi V. Stefánssyni var hóll í túninu á þessum slóðum en hann hefur nú verið sléttaður.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Örn.St.Stefánssonar, 2


EY-079:022 *Torfnes* tóftir býli 65°52.870.N 18°15.830.V
"Fagriskógur er yzti bær í Arnarneshreppi, þegar með er talið smábýlið Torfnes, sem stendur yzt og austast í landareigninni rétt upp af Byttuvík, sem er austan undir Merkjamel, sem einnig kallast nú Torfnesmelur." segir í örnefnaskrá . Í örnefnaskrá Margeirs Jónssonar segir: "Nesið neðan við bæinn heitir Torfnes og hóllinn fremst á því Torfneshóll. Í Torfnesi er nú (1936) bær. Utan í nesið gengur Byttuvík." Í Byggðum Eyjafjarðar segir svo: "[...] fór í eyði 1965 og standa hús enn að hluta neðan vegarins [...] Torfnes var byggt árið 1911 úr landi Fagraskógs og stendur nálægt merkjum Arnarnes- og Árskógshrepps, austan Ólafsfjarðarvegar, nærri sjávarbakkanum. Stendur hluti húsa enn." Torfnes er um 1200 m norðan við Fagraskóg 001 og um 830 m NNV við rétt 020.
Á þessu svæði er þýft grasigróið tún í órækt.

Í Torfnesi eru 5 tóftir ásamt lendingu í Byttuvík á svæði sem er um 210 x 80 m stór. Bærinn stóð á brekkubrún sem hallar um 20° í SA en lítill bæjarhóll er greinanlegur vegna sléttunar fyrir um 15 árum. Svæðið sem bærinn (A) stóð á hefur verið að minnsta kosti um 8 x 8 m stórt. Á svæðinu glittir í eina hlið af steinsteyptum grunni húss sem er um 7 m á lengd og snýr NNA-SSV. Breidd hans er óþekkt þar sem vesturhlið grunnsins er horfinn undir svörð vegna sléttunar en hefur trúlega verið um 5 m á breidd. Grunnurinn er um 1,2 m á hæð. Norður og suðurveggir eru um 0,3 m á breidd, steyptir úr grófri steypu og snúa austur-vestur. Einnig sést aðeins í grjóthlaðinn vegg milli steinsteyptu veggjanna í ASA-hlið tóftarinnar. Veggurinn snýr NNA-SSV, er um 7 m á lengd og um 0,6-1 m á hæð (2-3 umför), en breidd hans er óþekkt vegna sléttunar. Samkvæmt Magnúsi V. Stefánssyni, heimildarmanni, var húsið timburhús á steyptum og grjóthlöðnum grunni og var lítill kjallari í suðurenda hússins. Í húsinu var stofa, eldhús og smá geymsla í norðurenda þess. Reiðingur var notaður sem einangrun og var öskuhaugur austan í brekku austan og fast neðan við bæinn. Um 1,5 m norðan við grunninn glittir í steinsteypt horn annars grunns og eru veggirnir svipaðir og í grunni bæjarins. Hugsanlegt er að þarna hafi





staðið fjós. Samkvæmt Magnúsi V. Stefánssyni var síðasti ábúandi, Gunnlaugur Þorvaldsson (bjó hér 1927-1965) með vindrafstöð fyrir 5-6 perur. Fjárhús (B) er um 100 m SSV við bæ (A). Samkvæmt Magnúsi hafði Gunnlaugur þar um 27 kindur. Húsið er hlaðið úr torfi og grjóti, er um 16 x 14 m stórt og er skipt upp í 3 hólf. Veggir tóftarinnar eru um 1,5-3 m á breidd, um 0,4-1,2 m á hæð og eru vel grasigrónir en hleðslur eru signar. Hólf I er vestast og samkvæmt heimildarmanni var þar heygarður. Heyi var þar hlaðið upp og torf sett yfir. Innanmál hans er um 7 x 2 m. Í norðurenda hólfsins glittir í grjóthleðslur (a.m.k. 3 umför) og snýr hólfið norður-suður. Fjárhúsið sjálft (hólf II) er fast austan við heygarðinn. Enginn inngangur er sjáanlegur inn í hólf I úr húsi. Hólfið er um 8 x 4 m að innanmáli og snýr austur-vestur. Í hólfinu miðju er um 1 m breið og um 0,6 m há garðaundirstaða sem skiptir hólfinu í tvær 1,5 m breiðar krær. Um 1 m breiður inngangur er í hólfið á austurhlið og er það eini staðurinn í hólfi II þar sem glittir í grjóthleðslur. Hólf III er um 2 m sunnan við hólf I og er það mjög grasigróið. Það er frekar óljóst en líklega hefur verið gengið inn í það að utan á austurhlið þess. Innanmál þess er um 2 x 1 m að innanmáli og snýr það austur-vestur. Veggir þess eru mjög signir og eru um 0,4-0,6 m á hæð. Hugsanlega hefur verið hér hrútakofi. Óljósar leifar, hugsanlega af niðurgröfnu húsi (C) eru um 40 m sunnan við fjárhús B. Tóftin er kassalaga hola um 2 x 1,5 m að innanmáli og um 1,5 m á dýpt. Utanmál tóftarinnar er um 7 x 5 m og snýr tóftin austur-vestur. Lágir torfhlaðnir veggir, sem eru um 1 m á breidd og um 0,4 m á hæð, eru umhverfis dældina að austan, sunnan og vestan. Hugsanlegt er að reft hafi verið yfir hana og að aðgangur að henni hafi verið um timburþil á norðurhlið. Engar grjóthleðslur eru sjáanlegar en viðarleifar sjást í botni holu. Hlutverk hennar er óþekkt en e.t.v. líklegast hún hafi verið e-s konar geymsla. Í Byttuvík var lending (D) Torfness um 90 m NA við bæ A. Þar sjást engar leifar uppsáturs eða varar en ströndin er hér grýtt en auðvelt er að komast upp á ströndina úr víkinni. Mjög brött, um 4 m há, brekka er þó rétt ofan við fjöruna sem þarf að klifra upp til að komast að sjóhúsum E. Samkvæmt Magnúsi V.Stefánssyni, heimildarmanni, var Gunnlaugur með árabát og veiddi hann aðallega rauðsprettu. Notaði hann spil úr trédrumbi sem vír var vafinn upp



á til þess að koma bátnum sínum upp í fjöru. Spilið var staðsett í brekkunni ofan við víkina en leifar þess eru nú í tóft 006. Fiskurinn var svo sendur með mjólkurbílnum og seldur í sveitinni. Gunnlaugur spáði einnig fyrir um veður fyrir daginn á stríðsárunum og sendi spárnar með mjólkurbílnum þar sem bannað var að senda út veðurfréttir í útvarpinu á þeim tíma. Sjóhús (E) í Torfnesi voru um 30 m SSV við Byttuvík D og um 70 m austan við bæ A. Þar eru nú tvær tóftir I og II. Tóft I er einföld, torf og grjóthlaðin, um 8 x 6 m stór og snýr ANA-VSV. Veggir hennar eru um 2 m á breidd og um 0,3-1 m á hæð. Innanmál tóftarinnar er um 4 X 2 m. Um 1 m breiður inngangur er á ANA hlið hennar.Tóftin er mjög grasigróin en þó glittir í grjóthleðslur í innanverðum VSV-vegg hennar. Innan í tóftinni eru í dag aðeins tvær járntunnur sem Gunnlaugur geymdi, samkvæmt heimildarmanni, fiskilifur í til lýsisgerðar. Um 0,5 m eru á milli tófta I og II en tóft I snýr þvert á tóft II. Tóft II er í raun aðeins steinsteyptur grunnur timburhúss þar sem Gunnlaugur geymdi línur og net. Grunnurinn er um 4 x 2,5 m stór . Breidd steinsteyptra veggja hans er um 0,3 m á breidd og ennþá sjást leifar timburgrindarinnar sem hefur verið boltuð hefur verið við hann. Einnig sjást leifar af bárujárni á svæðinu. Gólfið hefur einnig verið steinsteypt en platan er nú brotin og hefur hún verið um 0,05-0,07 m á þykkt. Um 20 m SSA við fjárhús B og 20 m NA við niðurgrafna tóft C eru leifar gerðis, líklega kálgarðs (F). Kálgarðurinn hefur verið um 15 x14 m stór og snúið austur-vestur. Utan um kálgarðinn sést ennþá grasigróið torfhlaðið garðlag sem er tæplega 1 m á breidd, um 0,3-1 m á hæð. Hleðslur þess standa grónar og ennþá sjást leifar lítils rabbabaragarðs (5x2 m) innan garðlagsins nyrst í miðju gerðisins. Engar grjóthleðslur eru sjáanlegar.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:Ö-Fagriskógur og Torfnes; BE 1990, 344, 420


EY-079:023 náma rista 65°52.686.N 18°16.123.V
Samkvæmt Magnúsi V. Stefánssyni, heimildarmanni, risti Gunnlaugur Þorvaldsson í Torfnesi torf um 400 m SV við Torfnes 022 og um 860 m norðan við Fagraskóg 001.
Mógröfin er í þýfðum grasigrónum móa á skógræktarsvæði.
Stærsta mógröfin er vel greinileg, um 50 x 20 m á breidd og um 0,5-1,2 m djúp. Gryfjan snýr NNA-SSV og botn hennar er mjög deigur á stöku stað en þar vaxa fífur og mýrarstör. Dýpt gryfju er misjöfn þar sem víða sjást smærri og dýpri ferkantaðar gryfjur innan svæðisins þar sem grafið hefur verið dýpra en annarsstaðar hugsanlega eftir mó til upphitunar. Torfið breiddi ábúandinn yfir heyin í hlöðutóftinni/heygarðinum og einnig var mór hugsanlega stunginn á sama stað.
Hættumat: hætta, vegna skógræktar

EY-079:024 *Kvíaból* heimild um kvíar 65°52.217.N 18°16.075.V
"Kvíaból heitir ofan við gamla túnið, beint upp frá bænum." segir í örnefnaskrá Jóhannesar Ó. Sæmundssonar. "Norður og upp af Guddugerði [013] er Hesthúshóll [016] og upp af bænum utan túngarðs [010] heitir Kvíaból og Nátthagi." segir í örnefnaskrá Stefáns Stefánssonar. Örnefnið bendir til að kvíar og nátthagi hafi verið á þessum slóðum, um 180 m VNV við bæ 001. Samkvæmt Magnúsi V. Stefánssyni, heimildarmanni, voru öll mannvirki horfin á þessum slóðum þegar hann fór að muna eftir sér (um 1940).
Á þessu svæði er kargaþýfður grasigróinn mói sem er nýttur sem kúahagi.
Ekkert sést til fornleifa.
Hættumat: hætta vegna ábúðar
Heimildir:Örn.Jóh.Ól., 32; Örn.St.Stefánssonar , 4;

EY-079:025 *Efri-Klöpp* heimild um huldufólksbústað 65°52.389.N 18°15.871.V
"Litlu utar er dálítil klöpp, sem ýmist nefnist Klöppin, eða Efri-Klöpp til aðgreiningar frá Bæjarnessklöppinni, sem fyrr er nefnd." segir í örnefnaskrá Jóhannesar Ó. Sæmundssonar. "Nokkuð út með þjóðveginum að vestan er allstór klöpp, sem ýmist nefnist Klöppin eða Efri-Klöpp, til aðgreiningar frá Bæjarnesklöppinni [...] Það var trú manna, að í Klöppum þessum byggi huldufólk." segir í örnefnaskrá Stefáns Stefánssonar. Klöppin er um 325 m norðan við Fagraskóg 001 og um 250


m NV við sjóbúð 006.
Á þessu svæði er mosa og grasigróið klettabelti sem liggur NA-SV fast vestan við þjóðveg 1.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:Örn.Jóh.Ól., 31; Örn.St.Stefánssonar, 4

EY-080 Ytri-Kambhóll



Kambhóll 30 hdr. 1712, tveir bæir Kambhóll og Ytri-Kambhóll á jörðinni en henni óskipt. Ytri-Kambhóll fór í eyði 1941 og hefur verið lagður undir Fagraskóg 1993 (BE 1993, 421).
1917: 3.4 ha. 1/2 slétt. Garðar 560 m2. 1993: "Bærinn stóð í brekkunni norðan við Syðri-Kambhól, undir hlíðum Kötlufjalls. Ytri-Kambhóll var lítil jörð og var þar nokkuð skriðuhætt. Þar féll skriða 1873 og skemmdist þá túnið nokkuð. Aftur féllu skriður í maí 1940 og skemmdu um helming túnsins en eyðilögðu ekki hús. Fór jörðin í eyði árið eftir, en þar sjást enn allmiklar tóftir. (BE 1993, 421).


EY-080:001 *Ytri-Kambhóll* bæjarhóll bústaður 65°51.859.N 18°16.087.V



Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín segir: "Nú eru 2 bær [EY-080:001 og EY-081:001] á þessari jörðu, en eru þó engin eignarskifti lögleg ágengin. [...] hálf jörðin [...] nefnist Ytri Kamphóll. Í Byggðum Eyjafjarðar segir: "Bærinn stóð í brekkunni norðan við Syðri-Kambhól, undir hlíðum Kötlufjalls. [...] Fór jörðin í eyði [1941][...] en þar sjást enn allmiklar tóftir." Tóftir Ytri-Kambhóls eru nú í landi Fagraskógar EY-079, um 680 m suðvestan við íbúðarhúsið í Fagraskógi og um 30 m norðan við eldra íbúðarhúsið á Syðri-Kambhóli EY-081:001. Guðmundur Ólafsson skráði bæjartóftina 1985 og er hún nr. 46 í skráningu hans. Syðri-Kambhóll fór í eyði 1941. Allar fornleifar sem lenda utan heimatúns á Ytri-Kambhóli eru skráðar í landi Syðri-Kambhóls þar sem nákvæm landamerki Ytri-Kambhóls eru óljós. Samkvæmt Jóhannesi Þ. Hermannssyni, heimildarmanni, er ekki vitað hvort Ytri- eða Syðri-Kambhóll var byggður fyrst en Syðsti-Kambhóll byggðist síðast.
"Í grasi vaxinni brekku (fjallshlíð), lækur rennur sunnan við." segir í skráningu Guðmundar Ólafssonar. Tóftir bæjarins eru í brekku í hlíðum Kötlufjalls. Hún er þýfð og hallar um 10-15° í A.
Guðmundur Ólafsson skráði staðinn árið 1985 og ber lýsingu hans í stórum dráttum saman við lýsingu skrásetjara sem hér fer á eftir. Enginn bæjarhóll er sjáanlegur og hefur hann líklega ekki náð að myndast á þeim stutta tíma sem bærinn var í byggð. Bæjartóftin er um 18 x 16 m stór og snýr norður-suður. Hleðslur hennar eru signar en grjóthleðslur sjást hér og þar (1-2 umför). Veggir hennar eru 0,6-1,5 m á hæð og 2-4 m á breidd en mjög þýfðir og óljósir vegna hruns. Í tóftinni má greina fimm,


misgreinileg hólf og var inngangur í tóftina inn í hólf A og B, trúlega um viðarþil á austurvegg. Hleðslur tóftar eru greinilegastar á úthlið austurveggjar og í millivegg milli hólfa A og B. Hólf A er um 9 x 3 m að innanmáli. Hólfið er breiðast austast en um 6 m vestar mjókkar það um 1 m. Trúlega hefur verið um 1 m breiður gangur á milli hólfa A og B um 2 m austan við hólf E. Hólf A og B snúa austur-vestur. Hólf B er 4 x 6 m að innanmáli. Hólf C er ógreinilegt en þó glittir hér og þar í grjóthleðslur. Það var 4 x 3 m stórt með inngang á suðurhlið, trúlega um viðarþil og snýr hólfið norður-suður. Hólf D er greinilegt og sést í mikið af grjóthleðslum á vesturvegg hólfsins. Það snýr norður-suður, er um 5 x 3 m stórt og inngangur þess hefur verið í suðurenda, trúlega um viðarþil. Hólf E er mjög óljóst og þýft vegna hruns og engar grjóthleðslur eru sjáanlegar. Hólfið er um 3 x 2 m stórt og snýr austur-vestur. Enginn inngangur greinanlegur.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:Túnakort 1917; JÁM X, 115; BE.l, 421; Guðmundur Ólafsson: Fornleifaskrá Arnarneshrepps 1985

EY-080:002 tóft fjárhús 65°51.870.N 18°16.168.V



Útihústóft er merkt inn á túnakort frá 1917 um 65 m norðvestan við bæ 001. Tóftin sést enn um 680 m SV við íbúðarhúsið í Fagraskógi EY-079:001. Tóftin var fjárhús frá Ytra-Kambhóli og skráði Guðmundur Ólafsson það nr. 46.
Tóftin er á þýfðum hjalla í brekku í fjallshlíð Kötlufjalls sem hallar 5-10° í austur.
Guðmundur Ólafsson skráði staðinn árið 1985 og ber lýsingu hans í stórum dráttum saman við lýsingu skrásetjara sem hér fer á eftir. Samkvæmt Magnúsi Stefánssyni heimildamanni var þetta fjárhús nýtt frá Fagraskógi um tíma. Tóftin er 14 x 10 m stór og snýr norður-suður. Hún er tvískipt með tvo 1 m breiða innganga á austurhlið inn í hólf B. Veggir tóftarinnar eru 2-3 m á breidd, 1-1,5 m á hæð og grjóthleðslur sjást í flestum veggjum hennar (2-3 umför). Hólfin eru frekar þýfð að innan og mjög grasigróin. Innanmál vestara hólfs, A, er 9 x 3 m snýr það norður-suður. Inngangar inn í hólfið úr hólfi B eru þrír á austurhlið þess og eru þeir um 0,5 m á breidd. Hólf A hefur trúlega verið hlaða. Í austur út frá öllum þremur hlöðudyrunum eru grjóthlaðnar undirstöður garða, um 1 m á breidd og 0,2-0,5 m á hæð og hafa þeir skipt sjálfu fjárhúsinu (hólfi B) upp í 4 krær, 2-5 m á breidd og 4 m á lengd. Hólf B snýr einnig norður-suður og er það um 9 x 4 m að innanmáli.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:Túnakort 1917; Guðmundur Ólafsson: Fornleifaskrá Arnarneshrepps 1985

EY-080:003 tóft hesthús 65°51.931.N 18°16.115.V




Útihús er merkt inn á túnakort frá 1917 um 135 m norðan við bæ 001. Útihúsið var hesthús og sést tóftin ennþá um 560 m SV við Fagraskóg EY-079:001. Guðmundur Ólafsson skráði tóftina 1985 og er hún nr. 47 í skrá hans.
Tóftin er á grasigrónum þýfðum hjalla í fjallshlíð Kötlufjalls.
Guðmundur Ólafsson skráði staðinn árið 1985 og ber lýsingu hans í stórum dráttum saman við lýsingu skrásetjara sem hér fer á eftir. Tóftin er um 14 x 11 m stór og snýr norður-suður. Veggir hennar eru 0,4-1,2 m á hæð og 2-3 m á breidd. Torf- og grjóthleðslur hennar eru signar en greinilegar. Hólfin eru fjögur, þrjú hólf (A-B og D) snúa austur-vestur og eitt hólf (C) snýr norður-suður og hefur það trúlega verið hlaða eða heygarður. Hólf A er skýrast og grjóthleðslur sjást í öllum veggjum. Hólfið er um 4 X 2 m að innanmáli og eru veggir þess 1-2 m á breidd. Inngangur þess hefur trúlega verið á austurhlið en er nú hruninn. Norðan við hólf A er mjög ógreinilegt hólf, B, sem trúlega hefur verið aðeins minna en hólf A. Vegna hruns sést lögun þess mjög illa en grjóthleðslur og grjóthrun sjást hér og þar, aðallega í vesturenda hólfs. Hólf C er vestan við hólf A og B. Hólfið er um 6 x 2 m að innanmáli en aðeins sjást hleðslur í suðurenda þess. Enginn inngangur greinanlegur. Hugsanlega hefur verið enn eitt hólf sunnan við hólf A en svæðið er mjög

grasigróið og þýft svo erfitt er að greina skýr merki. Grjóthrun og hleðslur hér og þar gefa til kynna að þar hafi verið hólf, líklega 4 x 3 m stórt með inngang í suðvesturhorni.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:Túnakort 1917; Guðmundur Ólafsson: Fornleifaskrá Arnarneshrepps 1985

EY-080:004 garðlag túngarður
Túngarður hefur umlukið tún, eða hluta af túnum á Ytra-Kambhóli. Túngarðurinn sést enn að hluta í túni, austan við bæ 001.
Sléttuð tún í halla til austurs
Garðlagið hefur verið sléttað í tún og er á kafi í grasi. Það hefur náð frá læk á milli bæjanna og um 40 m til norðausturs en þá beygt til norðurs og legið í 40 m til viðbótar áður en það fjarar út.
Heimildir:Túnakort 1917

EY-081 Syðri-Kambhóll



Kambhóll 30 hdr. 1712, tveir bæir á jörðinni en henni óskipt. 1712: Eyðibýli á jörðinni sem kallað var Galmastaðir (JÁM X, 116). 21. september 1444. ,, Þrír menn votta, að Runólfr Sturluson hafi fyrir tveim árum (1442) selt Magnúsi syni sínum jörðina Laugaland fyrir sextigi hundraða, en Magnús hafi lagt á móti jörðina á Kamphóli í Hörgárdal fyrir þrjátigi hundraða og hitt í lausafé."(DI IV, 659-660). Getið í Sigurðarregistri 1525: ,,hinn x.da hlut j hual helming j recum vid kampshöl fra arnarnesreca austan og vestur til kiarnanaustz bæke uals og vidar." Árið 1525 átti Möðruvallarklaustur sem sagt tíunda hvern hlut í öllum hvalreka sem koma á Kambhólsland (DI IV, 319). 4. maí 1568 ,,j Þuerbrecku jord. hier j mote gaf fyrr nefndur sera Biorn adurnefndre Gudniju Jordina Kamphöl ä Galmastrond er liggur j Modurvalla-klausturz kirkiusokn. Med ollum þein hohnum og giædum er þeirri jordu fijlger og fylgt hefur at fornu og niju."(DI IV, 96). 1654 var Kambhóll í eigu Sr. Bjarna Hallsonar. Árið 1678 keypti Þovaldur Gunnlaugsson jörðina og var dýrleiki hennar þá 30 hndr. (Jarðabréf, bls 222, 224). 1686 var dýrleiki Kambhóls enn 30 hndr. og kúgildi 7, en árið 1695 voru kúgildi einungis 6.(OILR, bls 273).

Árið 1847 var búið að skipta jörðinni niður í tvær Syðri- og Ytri- Kambhól og var hvor um sig 15 hndr með sitthvor 2 kúgildin. (JJ 1847, 288). Fyrir nokkrum árum var byggt annað íbúðarhús á svæðinu, Kambhóll. Á Syðri-Kambhóli býr enginn í dag. Syðsti Kambhóll fór í eyði 1967 og telst nú með eignum Kambhóls. (munnl.heimild Þ.G.H). Einnig getið sem Kambhóll og Kamphóll. Hluti af landinu hét Ytri-Kambhóll.

1712: ,,Fornt eyðiból er hjer í landinu, semtóttarleifar og girðingar þar um bevísa. Segja menn að nefnt hafi verið Gálmastader, aðrir Galmagierde, líka sem meinast rjettast að vera, kalla sumir Calemansstade. Ekki hefur hjer bygð verið í manna minnum." (Jarðarbók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns). ,,Samkvæmt bændatali Hannesar var aftur byggt upp á Galmarsstöðum árið 1883, og var þar nokkuð stöðug byggð til 1922, er býlið fór í eyði. Jörðin hefur nú verið lögð undir Fagraskóg og er búið að slétta yfir allar rústir. (Náttúrufar og minjar.1982:187) Getið í fasteignabók 1932, skráð að jörðin sé nytjuð frá annari jörð, þar sé túngarður og engjagirðing. Verð í hundruðum kr: landverð 24, húsverð 2, samtals 26. (Fasteignabók.1932:79)

,,Bærinn stóð vestan við Arnarnestjörn, niður undan Kambhólsbæjunum. Galmur landnámsmaður nam Galmaströnd á milli Þorvaldsdalsár og Reistarár, en þess er ekki getið hvar hann bjó. Menn láta sér detta í hug að hann hafi sest að á Gálmastöðum, en það verður að teljast ólíklegt þar sem annar landnámsmaður settist að á nágrannajörðinniArnarnesi. Galmastaðir sem einnig hafa verið nefndir

Galmarsstaðir , Gálmastaðir, Galmagerði og Kalmannsgerði, hafa verið kotbýli og stunduðu ábúendur mikið aðra atvinnu en búskap. (Byggðir Eyjafjarðar 1993:421).
1917: 2,4 ha. 1/2 slétt. Sáðreitir 100 m2. "Jörðin öll kann að fóðra 2 kýr, xii ær og 2 hesta til hjálpar. Torfskurður meinast hjer að verið hafi, en brúkast ekki. Þessi jörð á allan reka fyrir sínu landi. Festifjara er hjer,en ósjaldan er rekinn til stórra gagnsmuna landsdrotni. Ítak þessarar jarðar er hálfsmánaðar teigur í Kjarna landi. Framm kemur að skjal nokkurt muni til hafa verið það eð segi að Möðruvellir (klaustrið), undir hvört að kjarni liggur, skyldi eiga hálfan reka hvala og viða móts við Hól. Land er hjer so yfirmáta lítið á jafndýrri jörðu, að menn hyggja breidd landsins muni ei verða stóru yfir cxxx faðma, og sama er að segja það lengd landsins viðvíkur, að því leyti. (JÁM X, 116). "Lítið rækanlegt land. Beit upp til fjallsins." (BE 1973) Í Byggðum Eyjafjarðar frá 1990 segir að flest útihús Syðsta-Kambhóls standi að mestu og ræktað land 6,8 ha (BE 1990, 346).
Holtið 1917: 2 ha. 1/2 slétt.

EY-081:001 *Syðri-Kambhóll* bæjarhóll bústaður 65°51.833.N 18°16.107.V


Syðri-Kambhóll 081:001, horft í norðaustur

Í Byggðum Eyjafjarðar I segir: "Bærinn stendur hátt uppi á brekkubrún vestan við Ólafsfjarðarveg. Bæjarnafnið Kambhóll var forðum einnig ritað Kamphóll." Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín segir: "Nú eru 2 bæir á þessari jörðu, en eru þó engin eignarskifti lögleg ágengin. [...] hálf jörðin [...] nefnist Ytri Kamphóll [EY-080:001]." Gamli bærinn á Syðri-Kambhóli var um 190 m norðan við tóftir Syðsta-Kambhóls 008, 2-4 m vestan við eldra íbúðarhúsið (byggt 1975) á Syðri-Kambhóli og um 50 m SSV við Ytri-Kambhól EY-080:001. Allar fornleifar sem lenda utan heimatúns á Ytri-Kambhóli eru skráðar í landi Syðri-Kambhóls þar sem nákvæm landamerki Ytri-Kambhóls eru óljós. Samkvæmt Jóhannesi Þ. Hermannssyni, heimildarmanni, er ekki vitað hvort Ytri- eða Syðri-Kambhóll var byggður fyrst en Syðsti-Kambhóll 008 byggðist síðast. Á svæðinu þar sem húsið stóð er sléttuð grasflöt, rabbabaragarður og röð af trjám sem snýr norður-suður.
Ekkert sést til gamla torfbæjarins en samkvæmt Þorvaldi Hermannssyni heimildamanni var fjósið fast norðan og vestan við bæ. Aðeins sést ógreinilegur bæjarhóll sem snýr austur-vestur. Svæðið er um 25 x 20 m að stærð og er hóllinn 0,5-1 m á hæð. Íbúðarhús sem byggt var 1975 er nú austan í gamla bæjarhólnum en hefur trúlega ekki raskað honum mikið. Húsið er trúlega ekki með kjallara og ekki er ólíklegt að leifar eldri bæjar finnist undir sverði á þessu svæði.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Túnakort 1917; JÁM X, 115; BE I, 346-347

EY-081:002 heimild um fjárhús 65°51.785.N 18°16.082.V
Fjárhús var um 90 m sunnan við bæ 001 og um 100 m norðan við Syðsta-Kambhól 008 samkvæmt túnakorti frá 1917.
Á þessu svæði er sléttaður garður fast suðvestan við nýjasta íbúðarhúsið á Syðri-Kambhóli.
Samkvæmt Jóhannesi Þ. Hermannssyni og Þorvaldi G. Hermannssyni heimildamönnum var á þessu svæði torf- og grjóthlaðið fjárhús fyrir um 40 kindur. Tvær krær voru í húsinu og grjóthlaðnar undirstöður fyrir garða. Gengið var inn að austan í báðar krær um innganga á viðarþili. Húsið var sléttað um 1970. Ekkert sést til fornleifa.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Túnakort 1917

EY-081:003 heimild um hesthús 65°51.789.N 18°16.119.V
Útihús er merkt inn á túnakort frá 1917 um 30 m NV við fjárhús 002 og um 80 m SSV við bæ 001. Á þessum stað var hesthús.
Á svæðinu er þýfð laut gróin háu grasi, trjám og blómagróðri í brekku sem hallar um 30° í austur

vestan við nýjasta íbúðarhúsið á Syðri Kambhóli.
Samkvæmt Jóhannesi Þ.Hermannssyni, heimildamanni, var hesthúsið torf- og grjóthlaðið með inngang á timburþili að austanverðu. Var húsið gott fyrir 2 hesta (3 í neyðartilvikum). Hætt var að nota hesthúsið fyrr en fjárhúsið en voru þau bæði sléttuð á svipuðum tíma í kring um 1970. Ekkert sést til fornleifa á svæðinu.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Túnakort 1917

EY-081:004 *Galmarsstaðir* heimild um býli 65°51.877.N 18°15.445.V
"Fornt eyðiból er hjer í landinu, sem tóttarleifar og girðíngar þar um bevísa. Segja menn að nefnt hafi verið Gálmastader, aðrir Galmagierde, líka sem meinast rjettast að vera, kalla sumir Calemansstade. Ekki hefur hjer bygð verið í manna minnum." segir í Jarðbók Árna Magnússonar og Páls Vídalín frá 1712. Í örnefnaskrá Stefáns Stefánssonar segir: "Jörðin Galmarsstaðir hefur verið í eyði síðan 1922 og var sameinuð Fagraskógi [EY-079] 1971. Galmarsstaðabærinn stóð uppi á lágum hól suðvestur af Kambhólsnaustunum, þar sem tún á Galmarsstöðum stendur hæst austur af Kambhólsfitinni. Til skamms tíma markaði fyrir gömlu brunnstæði suðaustan til við bæjarhólinn og ekki var óalgengt að steinar vildu koma upp í hólnum, sem taldir voru gamlir hleðslusteinar. En nú er Bæjarhóllinn túnvöllur og öll ummerki um bæjarhús horfin sjónum." Í Byggðir Eyjafjarðar segir að bærinn hafi verið við Arnarnestjörn, niður undan Kambhólsbæjunum, en þeirra sjái ekki lengur stað. Samkvæmt Magnúsi V. Stefánssyni frá Fagraskógi var bærinn um 690 m sunnan við Fagraskóg EY-079:001 og um 510 m austan við Syðri-Kambhól 001. Útihús (B) frá Galmarsstöðum voru einnig á svæðinu um 150 m austan við bæinn (A) ásamt brunni (C) um 140 m sunnan við bæ (A) en ekkert af þessum mannvirkjum sést nú (2007). Samkvæmt Magnúsi V. Stefánssyni, heimildamanni, var bæði fjós og fjárhús á Galmarsstöðum. Guðmundur Ólafsson skráði bæinn 1985 og er hann nr. 140 í skráningu hans.
"Á hólbungu í túni," segir í skráningu Guðmundar Ólafssonar. Á þessu svæði er sléttað tún og plægðir kornakrar.
"Galmarsstaðabærinn stóð skammt frá naustunum [005], líklega þvert vestur þaðan, eða því sem næst." segir í örnefnaskrá Fagraskógar. Í skráningu Guðmundar Ólafssonar segir: "a) Rústaleifar sem sléttað hefur verið yfir, greina má lautir og bolla í túninu þar sem herbergi hafa verið, þessi rúst er á háhólnum í túninu. b) Um 80 m SA af a er dálítil grjóthrúga í túninu. Það er talið vera hleðslugrjót úr bænum sem kom upp þegar sléttað var. c) Um 150-200 m NV af a virðast vera rústaleifar sem sléttað hefur verið yfir. Þetta er þó mjög ógreinilegt, þarna eru nokkrar lautir sem gætu bent til gamalla húsa," Ekkert sést til fornleifa lengur (2007) vegna túnasléttunar og kornræktar.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:JÁM X, 115-116; Örn.St.Stefánssonar, 3; BE.l., 420-421; Guðmundur Ólafsson: Fornleifaskrá Arnarneshrepps 1985


EY-081:005 *Kambhólsnaustir* heimild um sjóbúð 65°51.944.N 18°15.169.V
"Útróðrarstaður nyrztu bæja Galmarsstrandar var á Kambhólsnaustum eða Kambhólsmöl, sem er hið sama. Þessi staður er við vesturenda grandans, sem skilur Arnarnesstjörn frá Fagraskógarvík (Arnarnessvík). [...] Innar með sjónum er Snorrahóll [014] og er þá komið að Kambhólsnaustum, sem í daglegu tali heita jafnan Naustin. Þaðan var töluvert útræði, þó að lendingin sé þar óvarin fyrir norðanátt. Frá naustunum liggur langur malarkambur austur milli Tjarnarinnar (Arnarnesstj.) og sjávar, og er hann oftast nefndur Mölin, [...]." segir í örnefnaskrá Jóhannesar Ó. Sæmundssonar. Þetta land er nú í eigu Fagraskógar en var áður í landi Kambhóls. Búðirnar og naustin voru um 710 m SA við Fagraskóg 001 og um 740 m ANA við Syðri-Kambhól EY-081:001. Samkvæmt Magnúsi V. Stefánssyni, heimildarmanni, voru þarna einnig sjóbúðir.
Á þessu svæði er þýfður grasigróinn mói við grýtta fjöru. Mikið er um rekavið og spýtnadrasl er á þessu svæði.
Ekkert sést til fornleifa.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:Örn.Jóh.Ól, 29 og 30

EY-081:006 frásögn mógrafir 65°51.773.N 18°15.520.V


Samkvæmt Jóhannesi Þ. Hermannssyni, heimildamanni, voru mógrafir frá Syðri-Kambhóli um 460 m VNV við bæ 001 og um 850 m SSA við Fagraskóg EY-079:001.
Á þessu svæði er sléttað tún og plægður kornakur.
Ekkert sést til mógrafa á svæðinu.
Hættumat: hætta, vegna jarðræktar

EY-081:007 *Tjarnargrafir* náma mógrafir 65°51.816.N 18°15.038.V
Í örnefnaskrá Stefáns Stefánssonar segir: "Sunnan farvegarins [Kambhólslækjar], suður að merkjum, heitir túnið Ræman og nær hún allt frá Tjörninni og Tjarnargröfum og upp að Kambhólsfit, þar sem er tún Syðra-Kambhóls [001]. Í Tjarnargröfum var góð svarðartekja og þar var tekinn svörður frá Fagraskógi [EY-079:001] allt fram til þess, er svarðartaka lagðist af um miðjan 50. áratuginn [svo, á trúlega að vera 5. áratug - 20. aldar]." Tjarnargrafir eru á vesturbakka Tjarnarinnar um 330 m suðaustan við Galmarsstaði 004 og um 950 m SSA við Fagraskóg EY-079:001.
Á þessu svæði er deig mýri þakin fífum og öðrum mýrargróðri.
Grafirnar eru enn greinilegur og eru á um 50 x 20 m stóru svæði sem snýr austur-vestur. Gryfjurnar eru að minnsta kosti 10 talsins, óreglulega ferkantaðar að lögun og eru þær um 0,5-1 m á dýpt. Samkvæmt Jóhannesi Þ. Hermannssyni, heimildarmanni, var hægt að taka 10-12 stungur áður en komið var niður á vatn. Mórinn var borinn heim á bakinu í eldinn.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:Örn.St.Stefánssonar, 3

EY-081:008 *Syðsti-Kambhóll* þústir býli 65°51.732.N 18°16.072.V



Í Byggðum Eyjafjarðar I segir: "Þetta býli var syðst í röð Kambhólsbæjanna og lengst af var bærinn nefndur Holtið. Má vera að þetta sé sama býli og nefnt er Arnarneskot árið 1841 og Skógarbrekkur í eldri heimildum. Þetta var lítið en grösugt býli. Hús standa enn að mestu á Syðsta-Kambhóli og hafa útihús verið nytjuð af eiganda, Jóhannesi Hermannssyni á Syðra-Kambhóli." Fór í eyði 1967. Í örnefnaskrá Arnarness segir svo: "Það eru gömul munnmæli, að Syðsti-Kambhóll hafi verið gefinn til bænhússins í Arnarnesi, og fylgdi hann þeirri jörð, þar til hann var seldur árið 1912. [...] Johnsen segir, að til ársins 1802 hafi Kambhólsjarðir verið aðeins ein jörð, en löngu fyrir þann tíma var bænhúsið (eða hálfkirkjan) í Arnarnesi lagt niður." Þess má til gamans geta að samkvæmt Jóhannesi Þ. Hermannssyni fylgdi þessari sögu að jörðinni hafi í raun verið stolið af réttmætum eigendum. Presturinn sem þá þjónaði í Arnarnesi á að hafa fullyrt (logið) í áheyrn fjölskyldunnar á dánarbeði fyrri eiganda að hann hefði hvíslað að sér að bænhúsið í Arnarnesi ætti að erfa jörðina en ekki fjölskyldan. En eins og segir einnig í örnefnaskránni "Munnmæli þessi verða nú varla rannsökuð til hlítar." Syðsti-



081:008C

Kambhóll er um 1630 m VNV við Arnarnes EY-074:001 og um 190 m sunnan við Syðri-Kambhól 001. Ekki er vitað hvort Ytri- eða Syðri-Kambhóll var byggður fyrst en Syðsti-Kambhóll byggðist síðast.
Bæjarhóll er á brún grasigróinnar brekku sem hallar um 30° í A við rætur Kötlufjalls.
Bær (A) og útihús (B og C) á Syðsta-Kambhóli voru á svæði sem er um 80 x 70 m stór og snýr norður-suður. Þar sem gamli bærinn stóð er nú steinsteypt íbúðarhús, sem nú er yfirgefið. Bæjarhóllinn er grasigróinn og ógreinilegur en virðist vera um 25 x 16 m stór, um 0,5 m á hæð og snýr norður-suður. Trúlega hefur hann verið sléttaður eitthvað þegar núverandi hús var steypt en húsið er ekki með kjallara svo bygging hússins hefur ekki raskað eldri leifum of mikið. Engar leifar þess torfbæjar sem þarna stóð sjást nú (2007) lengur. Samkvæmt túnakorti frá því 1917 var útihús (B) um 30 m sunnan við bæ A. Samkvæmt Jóhannesi Þ. Hermannssyni, heimildarmanni, var þar fjárhús fyrir um 40 kindur. Húsið var hlaðið úr torfi og grjóti og var því skipt upp í 3 kræ. Gengið var inn að austan og var þar timburþil á milli hurða en hlaðið að hurðum norðan og sunnan við þær. Ekkert sést til hússins lengur þar sem þar er nú steinsteypt útihús á sléttuðu malarplani. Utan túns um 80 m SV við bæ (A) var svo hesthús (C) fyrir 2-3 hross. Tóftir þess sjást enn. Húsið er byggt úr torfi og gengið var inn að austan um inngang sem er um 0,8 m á breidd. Engar grjóthleðslur eru sjáanlegar. Húsið er um 10 x 6 m stórt og snýr austur-vestur. Innanmál tóftarinnar er 6 x 2 m. Tóftin er mjög rofin vegna hrossabeitar. Meirihluti veggja hennar hafa verið hlaðnir úr klömbruhnausum og viðargrind hefur verið innan í þaki. Óljóst er hvort þak var úr bárujárni eða torfhlaðið. Veggir tóftarinnar eru um 2 m á breidd og um 0,6-1,5 m á hæð.


Klömbrur í vegg tóftar 081:008C, horft í VNV


Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Túnakort 1917; BE I 1990, bls. 422; Ö-Arnarnes, 2 og 4

EY-081:009 *Arnarneskot* heimild um býli 65°51.772.N 18°16.076.V
"Heima í túni á Syðsta-Kambhóli, út við merki, sást fyrir tóftarbroti, sem heitir Kot. Þar á að hafa verið býli áður og hét Arnarneskot, enda átti Arnarnes áður land til fjalls þar sem Syðsti-Kambhóll er nú." segir í örnefnaskrá. Samkvæmt Jóhannesi Þ. Hermannssyni, heimildarmanni, var bæjarstæðið um 70 m norðan við Syðsta-Kambhól 008A og um 115 m sunnan við Syðri-Kambhól 001.
Á þessu svæði er sléttað tún.
Ekkert sést til fornleifa á þessu svæði, aðeins um 15 x 15 m stór grasigróinn hóll um 0,5-1 m á hæð. Jóhannes kannast við að rústir hafi verið á þessu svæði en hafði talið að þær hefðu verið einhvers konar útihústóftir.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Ö-Kjarni, Syðri- og Syðsti-Kambhóll, 2

EY-081:010 *Þinghóll* örnefni þingstaður 65°51.871.N 18°15.115.V
"Austar en Galmarsstaðir [EY-081:004] var býlið Þinghóll, og því nærri Tjörninni. Bendir það nafn til þess, að þarna kunni að hafa verið einhvern tíma samkomustaður, vafalaust fyrir mjög löngu" segir í örnefnaskrá Jóhannesar Óla Sæmundssonar. Þinghóll er talinn hafa verið á svæði um 840 m SSA við Fagraskóg EY-079:001 og um 760 m ANA við Syðri-Kambhól 001 en nákvæm staðsetning er óþekkt. Guðmundur Ólafsson skráði (nr. 141) hins vegar Þinghól "Um 10 m norðan vegar, um 150 m vestur af Arnarnestjörn." og er það svæði um 800 m NV við Arnarnes EY-074:001 og um 100-150 m SV við

Arnarnestjörn.
Á bakkanum austan við Galmarsstaði og vestan við Arnarnestjörn er nú (2007) plægður kornakur og enginn hóll sjáanlegur nema hóllinn eða hæðin sem bærinn Galmarsstaðir var byggður á.
Ekkert sést til fornleifa á vesturbakka Arnarnestjarnar. Guðmundur lýsir líklegum hól svo: "Sporöskjulaga hóll um 1 m að hæð, sléttur að ofan. Ummál um 15-20 m. Engin mannaverk er að sjá á þessum hól. Hann er eingöngu skráður með, vegna örnefnisins Þinghóll. Í örnefnaskrá segir að Þinghóll hafi verið býli, austar en Galmarstaðir. Ekki tókst að finna þennan Þinghól með vissu, en hóllinn við veginn var talinn líklegasti staðurinn." Lítið er við lýsingu Guðmundar að bæta annað en að búið er að grafa um 3 m djúpan og 2 m breiðan skurð A-V í gegn um þennan hól. Ekki er víst að um réttan hól sé hér að ræða. Alveg eins er hugsanlegt að Galmarsstaðir hafi verið byggðir á Þinghól en sá bær stóð einmitt á hæð eða hól vestan við tjörnina. Þó hafa engar heimildir fundist sem styðja slíka hugmynd.
Hættumat: hætta, vegna jarðræktar
Heimildir:Örn.Jóh.Ól., 31; Guðmundur Ólafsson: Fornleifaskrá Arnarneshrepps 1985

EY-081:011 tóft stekkur 65°51.725.N 18°16.634.V
Í örnefnaskrá Jóhannesar Ó. Sæmundssonar segir: "Suðurmerki S.Kambhóls [001] (gegnt Kjarna [EY-082:001]) eru um Stekk á Steinahjalla og syðst í Kambhólsskál, ofarlega í fjallinu." Stekkur er um 430 m vestan við Syðsta-Kambhól 008 og um 450 m VSV við Syðri-Kambhól 001.
Í þýfðum grasi- og mosagrónum móa á Steinahjalla.
Stekkurinn er mosa- og grasigróinn. Hann er einfaldur og 6 x 5 m stór. Veggir hans eru um 1,5 m á breidd og um 0,5 m á hæð og snýr hann ASA-VNV. Innanmál stekkjarins er um 2 x 1,5 m. Inngangur er í stekkinn á vesturhlið og er hann um 0,5 m á breidd. Engar grjóthleðslur eru sjáanlegar.



Hættumat: engin hætta
Heimildir:Örn.Jóh.Ól, 28

EY-081:012 frásögn kartöflugarður 65°51.711.N 18°16.338.V
Samkvæmt Jóhannesi Þ. Hermannssyni, heimildamanni, voru gerði umhverfis kartöflugarð um 200 m vestan við Syðsta-Kambhól 008A og um 285 m SV við Syðri-Kambhól 001.
Þýfður móa gróinn háu grasi í hlíðum Kötlufjalls.
Hleðslur voru á svæðinu en ekkert sést til þeirra nú (2007) vegna óræktar og þúfumyndunar.
Hættumat: engin hætta

EY-081:013 heimild um mógrafir 65°52.010.N 18°15.506.V
Í örnefnaskrá Ytri-Kambhóls segir: "Smiðjumór er í bökkum og botni lækjarins [Leyningur]. Heyrt hef ég suma kalla þetta gil í bakkann Rass [014], [...]." Nákvæm staðsetning mógrafanna er óþekkt en þær hafa trúlega verið á svæði fast vestan við Leyning þar sem nú er sléttað tún um 520 m norðaustan við Ytri-Kambhól EY-080:001 og um 560 m norðaustan við bæ 001.
Á bökkum lækjarins er sléttað tún og búið er að grafa í lækinn skurði til ræsingar túna eða fylla alveg upp í hann vegna sléttunar þeirra.
Ekkert sést til mógrafa.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:Ö-Ytri-Kambhóll, 1

EY-081:014 *Snorrahóll* frásögn uppsátur 65°52.025.N 18°15.496.V
Í örnefnaskrá Stefáns Stefánssonar segir: "Nokkru innar með sjónum er melhóll, sem nefnist Snorrahóll, og kallast norðvestur vangi hans Rassinn." Í örnefnaskrá Jóhannesar Ó. Sæmundssonar segir: "Rétt utan við Galmarsstaði er Snorrahóll. Frá honum liggur melrani niður í fjöruna. Utan við melhrygg þennan er gil, sem var kallað Rass." Samkvæmt Jóhannesi Þ. Hermannssyni var á þessum stað uppsátur frá Syðri-Kambhóli EY-081:001. Snorrahóll er um 440 m SSA við Fagraskóg EY-079:001 og um 585 m NA við Syðri-Kambhól 001.


Á þessu svæði er grýtt fjara og um 10 m breitt gil sem liggur NA-SV. Botn gilsins er í sömu hæð og fjaran. Sjórinn er smám saman að brjóta niður ströndina.
Ekkert sést til mannvirkja trúlega vegna rofs. Uppi á suðurbrún gilsins er Snorrahóll en hann er í sléttuðu túni.
Hættumat: hætta, vegna rofs
Heimildir:Örn.St.Stefánssonar, 2; Örn.Jóh.Ól., 29

EY-081:015 heimild um herminjar 65°51.901.N 18°15.652.V
Samkvæmt Magnúsi V. Stefánssyni og Gunnari Ragnarssyni, heimildarmönnum, var hermannakampur og varðskýli í seinni heimstyrjöldinni um 590 m sunnan við Fagraskóg EY-079:001 og um 170 m NV við Galmastaði 004. Í Hernámsárin á Akureyri og Eyjafirði segir: "Það var hins vegar ekkert óraunverulegt við varðskýlið sem reis haustið 1940 í þjóðvegarkantinum rétt fyrir sunnan Fagraskóg. Í herbúðirnar, sem byggðar voru rétt hjá, fluttust tæplega 80 liðsmenn úr Hallamshire Battalion of the York and Lancaster Regiment. Hlutverk þeirra var að fylgjast með umferð um veginn, stöðva bíla og ganga úr skugga um að enginn sem um hann færi hefði óhreint mjöl í pokahorninu." Kampurinn og varðskýlið hafa trúlega verið á svipuðum stað og voru þau því skráð hér saman.
Á þessu svæði eru sléttuð tún og malbikaður þjóðvegur 82.
Kampurinn var byggður að mestu af um 300 bandarískum hermönnum sem komu á eftir bresku hermönnunum (sjá einnig EY-079:013). Seinna voru þeir allir sendir til Normandí. Aðeins 17 eða 70 (óvíst hvor talan er) menn lifðu af. Um árið 1955 kom einn yfirmaðurinn, Mr. Gook, í heimsókn í Fagraskóg. Gook hafði fengið sprengjubrot í bakið á leiðinni og tók því ekki þátt í baráttunni í Normandí. Á veginum sunnan við Fagraskóg var einnig varðskýli og mjókkaði vegurinn þar. Var það á sama stað við þjóðveginn og kampurinn. Samkvæmt Gunnari Ragnarssyni, heimildarmanni, var skýlið vel varið gegn byssuskotum því það var byggt úr þykku torfi og sandpokum. Skýlið var U-laga og opið fram á veg. Ekki mundi heimildarmaður hvort þak var á skýlinu en trúlega hefur það verið ef miðað er við íslenska veðráttu. Ekkert sést til fornleifa á þessu svæði.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:Jón Hjaltason: Hernámsárin á Akureyri og Eyjafirði, 161, 164

EY-081:016 frásögn herminjar 65°51.987.N 18°15.415.V
Samkvæmt Jóhannesi Þ. Hermannssyni, heimildarmanni, voru skotgrafir um 1350 m NV við Arnarnes EY-074:001 og um 525 m SSA við Fagraskóg EY-079:001.
Á þessu svæði er sléttað tún.
Ekkert sést til fornleifa.
Hættumat: engin hætta

EY-081:017 náma mógrafir 65°51.727.N 18°14.947.V
Mógrafir eru um 800 m NV við Arnarnes EY-074:001, um 900 m ASA við bæ 001 á vesturbakka Arnarnesstjarnar.
Á þessu svæði er þýft graslendi og skógræktarsvæði.
Gryfjan sem er ennþá greinileg er um 40 m á lengd, um 15 m á breidd, 0,5-1 m á dýpt og snýr norður-suður. Botn gryfju er mjög deigur og gróinn fífum og mýrargrasi. Vesturbakki Arnarnestjarnar hefur verið mjög gott svæði til mótekju.
Hættumat: engin hætta


EY-081:018 tóft stekkur 65°51.692.N 18°15.066.V



Tvískipt tóft er um 870 m NV við Arnarnes EY-074:001 og um 830 m ASA við bæ 001. Guðmundur Ólafsson skráði tóftina árið 1985 og er hún nr. 94 í skrá hans.
Tóftin er í þýfðu graslendi SSA í 1-1,5 m háum bakka sunnan í lág sem liggur austur frá sumarbústað efst (vestast) og niður að Arnarnestjörn. Í láginni er einnig skógræktarsvæði.
Guðmundur Ólafsson skráði staðinn árið 1985 og ber lýsingu hans í stórum dráttum saman við lýsingu

skrásetjara sem hér fer á eftir. Tóftin er tvískipt, um 9 x 5 m stór og snýr ANA-VSV. Um 0,5 m breiður inngangur er á ANA-hlið. NNV veggur tóftar er náttúrulegur 1-1,5 m hár grasigróinn bakki sem hallar um 50° í SSA. Aðrir veggir tóftarinnar eru torfhlaðnir, um 2 m á breidd og 0,4-0,6 m á hæð. Tóftin er gróin háu grasi og frekar þýfð. Vestara hólf tóftarinnar, A, er um 2 x 2 m að innanmáli. Um 0,5 m breitt torfhlaðið skilrúm er á milli vestara og eystra hólfs B. Hólf B er um 3 x 2 m að innanmáli. Engar grjóthleðslur eru sjáanlegar og enginn sjáanlegur inngangur er úr tóft A í tóft B. Mjög líklegt er að hér sé um stekk að ræða eins og Guðmundur Ólafsson heldur fram enda styður lag tóftar og fjarlægð þá kenningu.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Guðmundur Ólafsson: Fornleifaskrá Arnarneshrepps 1985

EY-082 Kjarni



30 hdr. 1712. Eign Möðruvallaklausturs. JÁM X, 116.
1917: 5 ha. 3/5 slétt. Sáðreitir 900 m2.
1990: Austan Ólafsfjarðarvegar eru Kjarnamýrar, að nokkru leyti ræktaðar. BE I 1990, 348.

EY-082:001 *Kjarni* bæjarhóll bústaður 65°51.501.N 18°15.856.V
"Kjarni stendur skammt ofan við Dalvíkurveg, á brekkubrún, en Kambhólarnir utar og ofar á hólbungum, og er skammt á milli þeirra, og eiga þeir lítið land neðan við veg, en á Kjarna er mikið flatlendi, neðan vegar, sem nær austur að Tjarnarlæk og heitir einu nafni Kjarnamýrar." segir í örnefnaskrá Kjarna. Kjarni er um 640 m SSA við Syðri-Kambhól EY-081:001 og um 1400 m VSV við Arnarnes EY-074:001.
Á þessu svæði er sléttað tún og garður í órækt og umhverfis garðinn er limgerði.
Svæðið þar sem bærinn stóð hefur verið sléttað svo ekkert sést til bæjarhóls. Gamli bærinn var hlaðinn úr hraungrýti og torfi og seinna var svo byggt óeinangrað timburhús með járnþaki og kvisti framan við gamla bæinn. Hugsanlegt er að hluti torfbæjarins hafi verið rifinn á þeim tíma. Gengið var inn að austan og gengið á milli herbergja um gang fyrir miðju húsi. Í timburhúsinu var stofa að sunnan, forstofa og geymsluhús. Í torfbænum austanverðum var búr og hlóðaeldhús en baðstofa vestast í bænum sem var tveimur tröppum ofar en hin herbergin. Í baðstofunni var timburgólf og veggir og loft voru þiljuð. Öskunni á Kjarna var ekki safnað saman í haug. Helgi Helgason, heimildamaður, telur að annað hvort hafi ösku verið hent í lækinn eða hent í flórinn og nýtt sem áburður. Vatn var tekið úr bæjarlæknum sunnan við fjósið.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Túnakort 1917; Ö-Kjarni, 1

EY-082:002 heimild um hesthús 65°51.452.N 18°15.770.V
Samkvæmt túnakorti frá árinu 1917 var útihús um 80 m SA við bæ 001 og um 10 m austan við fjárhús 012. Samkvæmt Helga Helgasyni, heimildarmanni, var þarna hesthús en þó aðeins lengra í burtu frá bæ en sýnt er á túnakorti eða um 110 m SSA við bæ og um 20 m austan við fjárhús 012.
Á þessu svæði er sléttað graslendi sem nýtt er sem hrossahagi.
Hesthúsið var einfalt, torfbyggt og var heytóft fast vestan við húsið (sjá 012). Húsið var fyrir 2-3 hesta.

Ekkert sést til fornleifa á þessu svæði. Aðeins sést nú lítil dæld sem er um 4 m á lengd og um 4 m á breidd í brekku sem hallar um 5° í austur.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Túnakort 1917

EY-082:003 *Smiðjan* heimild um smiðju 65°51.459.N 18°15.875.V
"Heima í túni á Kjarna, sunnan við bæ, Lambhús [007] og Lambhúsvöllur og Smiðja þar sunnan við." segir í örnefnaskrá. Samkvæmt túnakorti frá árinu 1917 var útihús um 60 m SSV við bæ 001 og um 70 m vestan við hesthús 002. Samkvæmt Helga Helgasyni, heimildarmanni, var á þessu svæði torfhlaðinn kofi sem kallaðist Smiðjan en hann mundi ekki til þess að húsið hefði verið notað sem slíkt í hans tíð. Kofinn var um 60 m vestan við fjárhús 012 og um 80 m SSV við bæ 001.
Á þessu svæði er sléttað tún.
Á þessu svæði sést aðeins ávalur lítill hóll í túni um 30 x 25 m stór og 1,5-2 m á hæð. Smiðjan var notuð sem reykhús í tíð Helga Helgasonar og var hún öll hlaðin úr torfi og grjóti. Húsið var ekki stærra en 3x3 m að innanmáli og labbað var inn að austan.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Túnakort 1917; Ö-Kjarni, 1

EY-082:004 heimild um fjárhús 65°51.491.N 18°15.982.V
Samkvæmt túnakorti frá árinu 1917 var útihús um 100 m vestan við bæ 001 og um 110 m NV við smiðju 003.
Á þessu svæði er sléttað tún.
Samkvæmt Helga Helgasyni, heimildarmanni var líklega fjárhús á þessu svæði en aðeins stóðu þar tóftir er Helgi kom í Kjarna árið 1926. Á þessu svæði sést nú (2007) aðeins um 2 m hár ávalur hóll í túni sem er um 30 x 25 m stór.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Túnakort 1917


EY-082:005 heimild um útihús 65°51.490.N 18°16.022.V
Samkvæmt túnakorti frá árinu 1917 var útihús um 140 m vestan við bæ 001 og um 40 m vestan við fjárhús 004.
Á þessu svæði er búið að grafa skurð sem liggur norður-suður meðfram rótum Kötlufjalls, undir brekku í halla til austurs.
Samkvæmt Helga Helgasyni, heimildarmanni, voru tóftarbrot á þessu svæði er hann kom árið 1926 en hann þekkir ekki hlutverk þess.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Túnakort 1917

EY-082:006 heimild um hesthús 65°51.468.N 18°15.999.V
"Hesthús efst í túni, utar og ofar [en Lambhúsið 007 og Smiðjan 003]." segir í örnefnaskrá. Samkvæmt Helga Helgasyni, heimildarmanni, var húsið 80 m suðvestan við útihús 004 og um 130 m vestan við bæ 001.
Á þessu svæði er sléttað tún.
Einu ummerkin í sléttuðu túninu er ávalur hóll sem er um 20 x 20 m stór og um 2 m á hæð. Er Helgi Helgason kom í Kjarna árið 1926 var þarna stór tóft. Helgi taldi líklegast að þarna hafi verið hesthús. Seinna var þar svo grafinn kartöflugarður.
Hættumat: hætta vegna ábúðar
Heimildir:Túnakort 1917; Ö-Kjarni, 1


EY-082:007 *Lambhús* heimild um lambhús 65°51.489.N 18°15.883.V
Útihús er merkt inn á túnakort frá 1917 25-30 m SSV við bæ 001. Samkvæmt Helga Helgasyni, heimildamanni var lambhús á þessum stað en um það segir í örnefnaskrá: "Heima í túni á Kjarna, sunnan við bæ, Lambhús og Lambhúsvöllur [...]."
Á þessu svæði er sléttað tún.
Lambhúsið tók um 40 kindur og var það aðeins eitt hólf sem skipt var í tvær krær með einum garða.

Húsið var torf og grjóthlaðið í fyrstu en seinna setti Helgi á það járnþak. Gengið var inn að austan og garðar voru grjóthlaðnir. Í túni sést nú (2007) aðeins um 1-2 m hár hóll sem er um 45 x 35 m stór. Hóllinn er ávalur og snýr NA-SV.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Túnakort 1917; Ö-Kjarni, 1

EY-082:008 tóft stekkur 65°51.285.N 18°16.024.V



"Stekkjarstæði er hjer það í landinu sem að er umgirt, meinast að hafa verið (so kallað) þrælsgerði." segir í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín frá 1917. "Suður og upp frá túni er ás flatlendur ofan, en brekka allskörp að framan, og heitir það Höllin þar framan í, en uppi á ásnum eru Fletjar syðst, grösugt og greiðfært engi; utar er Stekkjarmór og Stekkur, og sést þar fyrir húsbroti." segir í örnefnaskrá. Tóft er um 420 m suðvestan við bæ 001 og um 270 m VSV við íbúðarhús í Kjarna sem var byggt árið 1986. Guðmundur Ólafsson skráði tóftina árið 1985 og er hún nr. 48 í skrá hans.
Tóftin er í þýfðu graslendi í órækt á brún neðsta hjalla ofan við Kjarna.
Guðmundur Ólafsson skráði staðinn árið 1985 og ber lýsingu hans í stórum dráttum saman við lýsingu skrásetjara sem hér fer á eftir. Tóftin er líklega þrískipt, um 13 x 12 m stór og snýr austur-vestur. Veggir hennar eru 2-3 m á breidd og 0,6-1 m á hæð en aðeins útveggir tóftarinnar eru mjög greinilegir. Hólf A er nyrst, um 6 x 2 m að innanmáli og snýr austur-vestur. Hólf B er um 2 m SV við hólf A. Innanmál þess er 2 x 2 m. Hugsanlega hefur verið eitt hólf í viðbót sunnan við hólf A og austan við hólf B en innanmál þess er ógreinilegt. Hólfið hefur ekki verið stærra en 5-6 x 4-5 m. Ekkert sést til girðingar eða garðlags umhverfis tóftina trúlega vegna þúfumyndunar og órækt.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:JÁM X, 117; Ö-Kjarni, 2; Guðmundur Ólafsson: Fornleifaskrá Arnarneshrepps 1985



EY-082:009 þúst óþekkt 65°51.572.

Ógreinileg þúst er um 250 m NV við bæ 001 og um 100 m SSV við tóft 017.
Þústin er í þýfðu graslendi í brekku sem hallar um 5° til austurs í hlíð Kötlufjalls.
Þústin er hringlaga, um 7 x 6 m stór að utanmáli og snýr NNV-SSA. Tóftin er torfhlaðin, en engar grjóthleðslur eru sjáanlegar og er hún mjög þýfð í miðjunni. Innanmál tóftar er 4 x 4 m. Veggir hennar eru um 1-2 m á breidd og um 1 m á hæð að utan en 0,2 - 0,5 m á hæð að innan. Veggir hennar eru einnig þýfðir en aðeins sjást veggir að norðan, sunnan og vestan. Hugsanlegt er að hér hafi verið hrútakofi en nákvæmt hlutverk er óþekkt.


Hættumat: engin hætta

EY-082:010 heimild um mógrafir 65°51.336.N 18°15.394.V
"Ofan við þessi holt [Brunaholt] eru miklar nýræktir; þar var og tekinn svörður áður." segir í örnefnaskrá. Samkvæmt Helga Helgasyni, heimildarmanni, var þetta svæði um 470 m SA við Kjarna 001 og um 1200 m VSV við Arnarnes EY-074:001.
Á þessu svæði er sléttað tún.
Ekkert sést til mógrafa.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:Ö-Kjarni, 1

EY-082:011 frásögn mógrafir 65°51.582.N 18°14.736.V
Samkvæmt Helga Helgasyni, heimildarmanni, voru mógrafir um 860 m austan við Kjarna 001 og um 590 m vestan við Arnarnes EY-074:001.

Á þessu svæði er grasigróin mýri í brekku fast V við Tjarnarlæk sem hallar um 5° til austurs.
Samkvæmt Helga voru 2-3 stungur niður á mó sem var biksvartur og ríkur af spreki. Allt að 9 stungur niður voru í gröfunum af mó en þegar hann þornaði varð hann grjótharður. Svæðið er um 80 x 60 m að flatarmáli og snýr austur-vestur. Lítið sést til grafanna nú (2007) vegna sléttunar og gróðurs. Aðeins sjást mjög óljósar dældir á þessu svæði, sérstaklega niður við lækjarbakkann.
Hættumat: engin hætta

EY-082:012 *Ærhús* tóft fjárhús 65°51.454.N 18°15.801.V



"Neðan við Lambhúsið [007] voru önnur fjárhús og voru nefnd Ærhús [...]." segir í örnefnaskrá. Tóftir fjárhúsa eru um 100 m sunnan við bæ 001 og um 115 m norðan við íbúðarhús byggt árið 1986. Samkvæmt Helga var áður heygarður vestan við hesthús 002 á svipuðu svæði.
Tóft fjárhúsanna er í smáþýfðu graslendi sem er nýtt sem hrossahagi.
Tóftin er einföld, um 14 x 12 m stór og snýr austur-vestur. Neðri hluti veggja hennar er grjóthlaðinn en efri hlutinn hlaðinn úr klömbruhnausum.


Rústir Ærhúss 082:012, horft í suðvestur

Veggirnir eru 0,6-1,2 m á hæð (3-4 umför) og 1,5-2 m á breidd. Fjárhúsið er nýlega hrunið. Mikið af timbur- og bárujárnsdrasli er í tóftinni. Samkvæmt Helga Helgasyni, heimildarmanni, var fjárhúsið upprunalega allt torfhlaðið með timburþil að austan þar sem gegnið var inn. Fjarhúsið var fyrir um 80 kindur í tveimur húsum við tvo garða (fjórar krær). Eftir að Helgi Helgason fór að búa var fjárhúsinu breytt í fjós milli 1930 og 1940 og var görðunum þá rutt í burt og viðargarðar settir í staðinn. Helgi setti einnig í sinni tíð járnþak á tóftina og gólf voru steinsteypt.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Ö-Kjarni, 1

EY-082:013 heimild um kartöflugarður 65°51.393.N 18°15.782.V
"Syðst í túni var áður sáðgarður, en lagður niður nú, en þar áður fjárhús um og fyrir aldamót." segir í örnefnaskrá. Samkvæmt túnakorti frá árinu 1917 var kálgarður um 220 m sunnan við bæ 001 og um 115 m SSV við útihús 012 og er það sá garður sem getið er um í örnefnaskrá.
Á þessu svæði er sléttað tún og steinsteypt íbúðarhús sem byggt var árið 1986.
Samkvæmt Helga Helgasyni, heimildarmanni, var þarna kartöflugarður sem stunginn var með rekuspöðum og var hlaðinn torfgarður allt um kring. Ekkert sést til fornleifa.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Ö-Kjarni, 1; Túnakort 1917


EY-082:014 gerði kálgarður 65°51.482.N 18°16.059.V
"Utan við hann [Kúabolla] voru sáðgarðar, sem fyrir löngu eru lagðir niður, en þar sést mjög vel fyrir garðhleðslum enn." segir í örnefnaskrá. Gömlu kálgarðarnir voru um 160 m vestan við bæ 001 og ennþá sjást gerðin sem umkringdu þá.
Gerðið er í grasigróinni og þýfðri brekku sem hallar um 45° til austurs við rætur Kötlufjalls.
Gerðið er hlaðið úr torfi og grasigróið. Það er 1,5-2 m á breidd, 0,4-0,8 m á hæð og rofið hér og þar vegna hrossabeitar. Gerðið er um 50 x 24 m stórt og snýr norður-suður. Grænmeti var oft ræktað í bröttum brekkum þar sem minni kalhætta er til staðar þar sem miklar hreyfingar eru á lofti.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Ö-Kjarni, 2

EY-082:015 heimild um fjós 65°51.499.N 18°15.873.V

"Annars var fjós áður rétt sunnan við bæinn og Bæjarlækurinn við fjósvegginn að sunnan [...]." segir í örnefnaskrá. Samkvæmt Helga Helgasyni, heimildarmanni, var fjósið í Kjarna rétt SSV við bæ og var það ekki sambyggt bænum.
Á þessu svæði er sléttað tún og garður í órækt.
Fjósið var hlaðið úr torfi og grjóti og gengið inn að austan. Í fjósinu voru 7 básar. Ekki var innangengt úr bæ inn í fjós. Ekkert sést til fornleifa á svæðinu.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Ö-Kjarni, 1

EY-082:016 *Þorvaldsskarð* heimild um leið 65°51.223.N 18°18.552.V
"Uppi á Hrossahjallanum ofarlega er flatneskja, sem heitir Flatihjalli, og þar uppi er skarð í gegnum fjallið, sem heitir Þorvaldsdalsskarð; er leið um það vestur á Mjóadal, sem er afdalur suðaustur úr Þorvaldsdal." segir í örnefnaskrá. Í Byggðum Eyjafjarðar segir: "Kjarni stendur niður undan Þorvaldsskarði, en um skarðið má fara yfir í Þorvaldsdal um Mjóadal." Þorvaldsskarð heitir skarðið á milli Kötlufjalls (að norðan) og Reistarárfjalls (að sunnan). Þorvaldsskarð er ysta skarðið í fjallgarðinum og aðeins umfangsminna en Reistarárskarð sem er næst fyrir sunnan og umfangsmest.
Í hlíðinni neðan skarðsins, sem er nokkuð brött, eru grónir klettahjallar sem hallar nokkuð til suðurs, en uppi í skarðinu er hrjóstrugra um að litast. Skarðið er í um 750 m hæð, en lækkar niður í Mjóadal að vestanverðu.
"Þorvaldsskarð ætla menn að sé kennt við Þorvald Galmsson sem settist fyrstur manna að í Þorvaldsdal en fluttist síðar á Galmaströnd...Gæti verið að hann hefði nytjað Þorvaldsdal áfram og því farið skarðið sem við hann er kennt, en þetta er án efa stysta leiðin milli Þorvaldsdals og Galmastrandar," segir í grein Bjarna E. Guðleifssonar. Um Þorvaldsskarð var farið yfir í Mjóadal og þaðan í Þorvaldsdal. Mjóidalur er dalverpi sem liggur norður-suður vestan Kötlufjalls og Reistarárfjalls. Eftir Mjóadal rennur Mjóadalsá (sem neðar nefnist Hrafnagilsá) og fellur til vesturs niður í Þorvaldsdal og Þorvaldsdalsá innan við eyðibýlið Hrafnagil í austanverðum dalnum. Leiðin er ekki vörðuð og ekki greinilegar götur eða slóðar. Leiðin er enn farin í göngum.
Heimildir:Örn. M.J., 1; BE I, 348; Bjarni E. Guðleifsson: "Óbyggðaleiðir umhverfis Þorvaldsdal og Hörgárdal", 115


EY-082:017 tóft+garðlag óþekkt 65°51.622.N 18°16.126.V



Tóft og garðlag er um 300 m NV við bæ 001 og um 10 m sunnan við landamerki Kjarna 001 og Syðri-Kambhóls EY-081:001. Guðmundur Ólafsson skráði þessar fornleifar 1985 undir númerinu 48.
"Grasi gróin brekka, nokkuð þýft í kring," segir í skráningu Guðmundar Ólafssonar. Tóftin er ofarlega í brekku neðan við fyrsta hjalla ofan við Kjarna sem hallar um 20° til austurs.
Tóft og garðlag eru á svæði sem er um 40 x 25 m að stærð og snýr austur-vestur. Tóftin er um 25 x 24 m stór og snýr norður-suður. Hún skiptist upp í 4-5 hólf sem öll snúa austur-vestur. Veggir tóftarinnar eru 0,8-1,2 m á hæð, og 2-4 m á breidd. Engar grjóthleðslur eru sjáanlegar en veggirnir eru mjög grasigrónir og þýfðir. Á stöku stað eru 0,3-0,5 m breiðar rofnar götur í veggina eftir kindur og/eða hross. Hólf I er syðst, það er um 8 x 2 m að innanmáli. Gengið hefur verið inn að austan. Hólf II er NV við hólf I og er 2 m breiður veggur þar á milli. Hólfið er um 5 x 3 m að innanmáli. Hugsanlegt er að gengið hafi verið inn í hólfið við suðvesturhorn þess þar sem um 1 m breitt op er á veggnum við vesturenda hólfs I. Hólf III er norðan við hólf II og er 4 m breiður veggur þar á milli. Hólfið er um 5 x 5 m að innanmáli. Óljóst er hvar gengið hefur verið inn. Hólf IV er austan við hólf III og er 2 m veggur þar á milli. Hólfið er um 6 x 2 m að innanmáli og trúleg hefur verið gengið inn að austan. Hólf I og IV eru samsíða en á milli þeirra er um 7 x 6 m stórt svæði sem hugsanlega getur einnig hafa verið hólf. Ef svo er hefur því verið lokað með viðarþili þar sem torfvegg vantar að austan. Engar timburleifar eru sjáanlegar. Ekki er ólíklegt að hér sé um að ræða beitarhús, stekk eða jafnvel lítið býli. Um 10 m vestan við tóftina er mjög sigið bogalaga garðlag. Garðlagið er torfhlaðið og mjög rofið, 1,5-2 m á breidd, 0,2-0,5 m á hæð og um 30 m á lengd. Hugsanlegt er að garðlagið hafi einhvern tíman

náð alla leið í kring um tóftina og verið túngarður.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:Ö-Kjarna, Syðri- og Syðsti-Kambhóll, 2; Guðmundur Ólafsson: Fornleifaskrá Arnarneshrepps 1985

EY-083 Skriðuland



30 hdr. 1712, kóngleg Majestat er eigandi jarðarinnar og liggur hún undir Möðruvallaklaustur (JÁM X, 117). Skriðulands er fyrst getið í reikningi Möðruvallaklausturs 6.10.1447: "Jtem VIIJ [7 ½] kúgildi, byggt hálft annað hundrað," (DI IV 711). 1525: Kemur fram í Sigurðarregisteri í upptalningu á eignum Möðruvallaklausturs. (DI IX 319). 1569: Kemur fram í reikningum Möðruvallaklausturs, þegar Ormur Stullason tekur við af Halldóri Benediktssyni, 5 kúgildi. (DI XV 364). 1570: Kemur fram í reikningum Möðruvallaklausturs, þegar Benedikt Halldórsson tekur við af Ormi Stullasyni, 3 ½ gömul kúgildi (DI XV 366).
1712: Í jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns segir: "Hjáleiga hefur hjer til forna verið í landinu, nefnist Jardteiknabrecka [083:008]. Ekki hefur hjer bygð verið í manna minni, ei og heldur má hjer aftur byggja án heimajarðarinnar skaða," (JÁM X, 117). 1847: Í Jarðatali Johnsens segir í neðanmálsgrein: "1802 er hér með talin eyðihjáleiga, Jarteiknabrú," (JJ, 289). 1990: Í Byggðum Eyjafjarðar segir: "Á hólnum [Efri-Strunsuhóli] er talið verið hafi eyðibýlið Strunsa, sem gæti verið sama og fornbýlið Jarðteiknabrekka," (BE 1990, 350). Jarðteiknabrekku getið í reikningi Möðruvallaklausturs 6.10.1447, 40 álnir í leigu. (DI IV 712).
1917: 5,5 ha. 1/3 slétt. Sáðreitir 470 m2. 1990: Austan vegar eru miklar mýrar sem áður nýttust til mótekju og engjaheyskapar, en eru nú ræktaðar að mestu.


Bæjarhóll Skriðulands og Arnarhóll, horft í vestur

EY-083:001 *Skriðuland* bæjarhóll
bústaður 65°50.558.N 18°15.463.V
Um 220 m SV af núverandi bæjarhúsi á Skriðulandi (byggt 1981) stendur gamalt íbúðarhús, nefnt Arnarhóll (byggt 1936), sem síðar var notað sem fjós. Gamli Skriðulandsbærinn stóð fast vestan við Arnarhól.
Á þessum slóðum er nú mikil órækt, þýfi og djúpt gras. Sunnan við gamla bæjarstæðið rennur lækur eftir skurði til austurs, en sunnan við lækinn eru

útihús.
Tóftir bæjarins hafa verið jafnaðar út. Þó er greinilegur hóll, um 1 m hár, þar sem hann stóð, um 15x10 m ummáls. Bygging Arnarhóls hefur að líkindum raskað hólnum eitthvað þótt ekki sé í því kjallari.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Túnakort 1917

EY-083:002 heimild um bænhús 65°50.558.N 18°15.463.V
Á Skriðulandi var bænhús til forna.Ekki er vitað annað en bærinn á Skriðulandi hafi ætíð verið þar sem bæjarhóllinn er skráður (001). Bænhúsið hefur líklegast verið á eða við bæjarhól. Ekki er getið um bænhús eða bænhúsrúst í Jarðatali Árna og Páls frá 1712 og er það vísbending um að húsið hafi löngu verið komið úr notkun og staðsetning þess jafnvel týnd á þeim tíma.
Við bæjarhólinn 001 er nú mikil órækt, þýfi og djúpt gras. Sunnan við gamla bæjarstæðið rennur lækur eftir skurði til austurs, en sunnan við lækinn eru útihús.
Varðveitt er sölubréf fyrir Skriðuland (í Íslensku fornbréfasafni): 9.9.1397: "sagde boduar [djákni Ögmundarson,seljandi] til bænhuskylldar a badum iordunum [Hallfríðarstöðum og Skriðulandi] enn skillde ath sira halldor [Loptsson, kaupandi] skyllde abyrgiaz fyrnd a badum bænhusuum."
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:DI III 621.; BE. l.

EY-083:003 heimild um útihús 65°50.564.N 18°15.443.V
Samkvæmt túnakorti frá 1917 var þá útihús og eða sáðreitur fast austan við bæinn 001.
Nú er þarna mikil órækt, þýfi og djúpt gras. Sunnan við gamla bæjarstæðið rennur lækur eftir skurði til austurs, en sunnan við lækinn eru útihús.
Ekki sést til fornleifa, en hnit tekið við Arnarhól, gamalt íbúðarhús sem nú stendur þar (byggt 1936) sem eldra mannvirki var 1917.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Túnakort 1917;


EY-083:004 heimild um útihús 65°50.539.N 18°15.472.V
Inn á túnakorti frá 1917 er útihús um 20 m sunnan við 001. Þar eru nú útihús og hlaða.
Sléttað er sunnan og austan við húsið en lækur rennur í skurði fast norðan við það.
Ekki sést til fornleifa lengur á þessum stað þar sem nýrri byggingar hafa verið byggðar á sama stað og eldri hús stóðu.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Túnakort 1917;

EY-083:005 *Hraunkofahús* þúst fjárhús 65°50.560.N 18°15.623.V
"Yzti og efsti hluti gamla túnsins nefndist Hraunkofapartur, kenndur við peningshús, er þar voru og nefndust Hraunkofar," segir í örnefnaskrá. "Á brekkubrún upp af bæ eru fjárhús Hraunkofahús," segir í örnefnaskrá Aðalsteins Jónssonar. Þetta er líklega sama hús og merkt er inná túnakort frá 1917 um 120 m vestnorðvestur af bæ 001. Þar voru fjárhús, á brekkubrúninni.
Þarna er nú mikil órækt og þýfð brekka til austurs.
Enn má sjá ummerki um mannvirki á þessum slóðum þótt eiginlegar tóftir séu ógreinilegar, enda allt hlaupið í þúfur og órækt. Svæðið er um 30x20 m og mikið af timbur- og bárujárnsbraki á dreif.


Hraunkofahús 083:005, horft í norður

Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Örnefni, Jóhannes Óli Sæmundsson; Túnakort 1917; Ö-Skriðuland AJ, 2

EY-083:006 tóft fjárhús 65°50.535.N 18°15.680.V



Útihús er merkt inn á túnakort frá 1917 um 170 m beint vestur af bæ 001. Tóftin er enn greinileg uppi á brekkunni um 60 m SV af fjárhústóftum 005 á brekkubrúninni. Húsin voru fjárhús. Guðmundur Ólafsson skráði þau árið 1985 og eru þau nr. 49b í skráningu hans.
Á þessum slóðum er þýfður og gróinn mói.
Tóftin er samtals 24x13 m stór og snýr norður-suður. Nyrðri hluti tóftar greinist tvö hólf. Þessi hluti er samtals um 18x7 m að utanmáli og snýr norður-suður. Innanmál nyrðri hluta er um 12,5x3,5 m og er hann opinn til suðurs. Í norðurenda er annað hólf, ógleggra. Það er hringlaga hvilft, um 2 m í þvermál. Við suðurenda tóftarinnar er hitt hólfið. Það liggur þvert á fyrra hólfið til vesturs. Það er um 7x3 m að innanmáli og opið til austurs. Suðurveggur þess er upphlaðinn en sá nyrðri niðurgrafinn. Hleðslur hólfanna beggja eru aðallega úr torfi, en þó er eitthvað grjót greinanlegt. Hæð er mest um 1 m að innan, en hólfin eru aðeins niðurgrafin.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Guðmundur Ólafsson: Fornleifaskrá Arnarneshrepps 1985; Túnakort 1917;

EY-083:007 heimild um útihús 65°50.498.N 18°15.781.V
Inn á túnakorti frá 1917 er merkt útihús um 250 m VSV af bæ 001, SV af fjárhúsi 006, vestast í túni. Vegur meðfram raflínu liggur á þessum slóðum norður-suður.
Þarna er afar blautur slakki vestast í gamla túninu, sem nú er komið í órækt.
Ekki sést til fornleifar.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Túnakort 1917;

EY-083:008 *Jarðteiknabrekka* heimild um býli
Í jarðabók Árna og Páls frá 1917 segir: "Hjáleiga hefur hjer til forna verið í landinu, nefnist Jardteiknabrecka. Ekki hefur hjer bygð verið í manna minni, ei og heldur má hjer aftur byggja án heimajarðarinnar skaða," 1847: Í Jarðatali Johnsens segir í neðanmálsgrein: "1802 er hér með talin eyðihjáleiga, Jarteiknabrú," Jarðteiknabrekku er getið í reikningi Möðruvallaklausturs 6.10.1447, 40 álnir í leigu; "Íbúðarhúsið stendur á melhóli rétt vestan við Ólafsfjarðarveg, stutt norðan við vegamótin að Hjalteyri og nefndist melhóllinn Efri-Strunsuhóll. Á hólnum er talið að verið hafi eyðibýlið Strunsa [009], sem gæti verið sama og fornbýlið Jarðteiknabrekka," segir í Byggðum Eyjafjarðar. "E.t.v. er þar [þ.e. þar sem Strunsa stóð 009] um sama býlið að ræða, sem í Jarðabók ÁM er nefnt Jarðteiknabrekka, og var þá nýlagt niður sem mannabústaður (1712)," segir í örnefnaskrá.Í Byggðum Eyjafjarðar er stungið upp á því eyðibýlið Strunsa hafi verið sama býli og fornbýlið Jarðteiknabrekka. Hvergi kemur þó fram hvers vegna örnefnaskrá og búkolla telja þetta sama stað og erfitt er að skera úr um að svo sé. Því er Jarðteinabrekka skráð sem sérstakur minjastaður í skrá þessari. Ekkert er þó vitað um staðsetningu hennar.
Heimildir:Örnefni, Jóhannes Óli Sæmundsson, 27; Byggðir Eyjafjarðar 1990 I, 350; NM 1982, 187, JÁM X, 117; JJ, 289; DI IV 712.

EY-083:009 *Strunsa* heimild um býli 65°50.654.N 18°15.305.V
"Út og niður frá gamla túninu er Strunsa, eða Strunsuhóll," segir í örnefnaskrá. "Íbúðarhúsið stendur á melhóli rétt vestan við Ólafsfjarðarveg, stutt norðan við vegamótin að Hjalteyri og nefndist melhóllinn Efri-
Strunsuhóll. Á hólnum er talið að verið hafi eyðibýlið Strunsa, sem gæti verið sama og fornbýlið


Jarðteiknabrekka," segir í Byggðum Eyjafjarðar. "Hóllinn er skemmdur af vegagerð, en einhverjar tættur munu þar vera sýnilegar. Garðbrot er þar, sem bendir til einhverra bygginga [...] E.t.v. er þar um sama býlið að ræða, sem í Jarðabók ÁM er nefnt Jarðteiknabrekka, og var þá nýlagt niður sem mannabústaður (1712)," segir í örnefnaskrá. Mögulegt er að Strunsa sé sama býli og í eldri heimildum var nefnt Jarðteiknabrekka og er nú týnt (sjá 008) um það verður þó ekki fullyrt. Strunsa var á Efri-Strunsuhól sem er um 220 m norðaustur af bæ 001, þar sem núverandi íbúðarhús stendur.


Núverandi íbúðarhús á Skriðulandi stendur á Efri-Strunsuhól. Horft í norður

Efri-Strunsuhóll er allstór hóll í NA frá gamla bæjarstæðinu 001, en á honum stendur núverandi íbúðarhús. Hóllinn er skammt ofan (vestan) þjóðvegarins og liggur heimkeyrslan upp á hann að austanverðu. Hóllinn er nú sléttaður að ofan en annars gróinn og þýfður.
Í Byggðum Eyjafjarðar segir að íbúðarhús byggt 1981 sé reist á Efri-Strunsuhóli, þar sem talið sé að eyðibýlið Strunsa hafi verið, sem gæti verið sama og fornbýlið Jarðteiknabrekka. Engar skýrar vísbendingar eru hins vegar um að svo sé og því voru býlin skráð sem tvær fornleifar í þessari skráningu. Í örnefnaskrá Aðalsteins Jónssonar segir að við neðri hólinn muni hafa verið sáðgarðar áður og sjáist þar enn fyrir garðbrotum (sjá 016), en ekkert sagt um aldur hans. Engar fornleifar eru sjáanlegar á eða við hólinn. Samkvæmt Helga Helgasyni, heimildarmanni mun þó hafa verið fornlegt tóftarbrot á honum áður en íbúðarhúsið var byggt (1981).
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Örnefni, Jóhannes Óli Sæmundsson, 27; Ö-Ós AJ, 1; Byggðir Eyjafjarðar 1990 I, 350; NM 1982, 187

EY-083:010 *Hesthúshóll* heimild um hesthús 65°50.516.N 18°15.556.V
"Á brekkubrún upp af bæ eru fjárhús Hraunkofahús [005], þar rétt sunnan við Hesthúshóll og þar var hesthús. Syðst í túni í sömu línu Eiríkshús [018]," segir í örnefnaskrá Aðalsteins Jónssonar. Samkvæmt Helga Helgasyni, heimildarmanni, voru 20-30 m milli Hraunkofahúss 005 og hesthússins. Hóll er túninu sunnan við fjárhús 005 en um 110 m SV af gamla bæjarstæðinu 001.
Nú er þarna órækt og mjög þýft.
Engar tóftir eru nú á svæðinu.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Örnefni, Jóhannes Óli Sæmundsson, 28 Ö-Skriðuland AJ, 2

EY-083:011 *Skriðulandsstekkur* tóft stekkur 65°50.642.N 18°16.062.V
"[Í Skriðulandshrauni/Hrauni] er Skriðulandsstekkur," segir í örnefnaskrá. "Fast upp við [Hrossa-] hjallann er skál, Hraunskál. Utan við hraun er annar Stekkur, út og upp af Hraunkofafjárhúsum," segir í örnefnaskrá Aðalsteins Jónssonar. Skriðulandshraun er greinileg hraunspýja úr Hrossahjallanum, beint upp af Skriðulandi. Norðan við hraunið er lítill, gróinn hóll og er stekkurinn sunnantil, eða fjallsmegin á hólnum. Hann er um 490 m NV við bæ 001, um 100 m ofan við línuveg sem liggur norður-suður á þessum slóðum.



Tóftin er í grónum hjalla við brekkufótinn, undan Hrossahjalla.
Tóftin er torf- og grjóthlaðin, en snjóföl var yfir svæðinu þegar hún var skráð og því erfitt að greina hleðslur nánar. Virtust þó vera allt að 5 umför grjóts. Tóftin er talsvert niðurgrafin og er hæð innri brúnar veggja allt að 1 m að innanverðu, en 0,5 m að utanverðu. Þykkt veggja er 1-1,5 m. Utanmál tóftarinnar er um 13x8 m. Tóftin er tvískipt og á hana er eitt op sem er sameiginlegt op inn í bæði hólfin á vesturhlið. Tóftin er í nokkrum halla og liggur nyrðra hólfið talsvert hærra en það syðra. Nyrðra hólfið er um 4x3 m að


Skriðulandsstekkur 083:011, horft í austur

innanmáli, en hið syðra um 6x5 m.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:Örnefni, Jóhannes Óli Sæmundsson; Ö-Skriðuland AJ, 2


EY-083:012 örnefni sel 65°50.498.N 18°16.124.V
"[Í Skriðulandshrauni/Hrauni] er Skriðulandsstekkur og Selhjalli," segir í örnefnaskrá. "Sunnan við hraun endar Selhjalli sunnan frá og þar er Ystugrænur ofan við," segir í örnefnaskrá Aðalsteins Jónssonar. Selhjalli liggur á milli Baldursheims og Skriðulands, og endar við Skriðulandshraun. Þetta svæði er um 500 m ofan (vestan) við bæ 001.
Hjallinn er grösugur, þýfður og afar blautur. Ofan við hann er klettabelti sem liggur norður-suður, Hrossahjalli, en grösugar brekkur, kallaðar Grænur, niðurundan klettunum.
Engar tóftir fundust við leit. Sjá einnig í fornleifaskráningu Baldursheims 084:018. Í örnefnaskrá hefur verið strikað yfir " og Selhjalli". Heimildarmenn hafa ekki kannast við sel í Selhjalla, enda eru landkostir þar ekki þesslegir.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:Örnefni, Jóhannes Óli Sæmundsson.; Ö-Skriðuland AJ, 2

EY-083:013 *Skriðulandsgrafir* heimild um mógrafir 65°50.591.N 18°14.750.V
"Austurmörk Skriðulands er Tjarnarlækur, við hann er Hvíthóll og sunnan hans eru Skriðulandsgrafir. Þar var góð mótekja," segir í örnefnaskrá. "Austan vegar eru miklar mýrar sem áður nýttust til mótekju og engjaheyskapar, en eru nú ræktaðar að mestu," segir í Byggðum Eyjafjarðar. Landamerki Skriðulands og Bragholts eru um Tjarnarlæk. Vestan við hann, norðan við Hjalteyrarveg, er nú fjárbeitartún og í því, fast norðan vegarins er lítill kofi eða fjárskýli. Norðan við skýlið á áberandi hóll, en það er Hvíthóll. Þar sem mógrafirnar voru eru nú sléttuð tún um 550 m austan við bæ 001.
Nú eru þarna sléttuð tún.
Mógrafir voru þarna sunnan hólsins, spölkorn vestan lækjarins. Þær hafa nú verið fylltar og sér ekki fyrir þeim.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Ö-Skriðuland AJ, 1; Byggðir Eyjafjarðar 1990 I, 350


EY-083:014 heimild um kvíar 65°50.607.N 18°15.478.V
"Út af gamla bænum [001] sem stóð ofan við gamla veginn voru Kvíar fast við túnið ...," segir í örnefnaskrá. Kvíarnar voru um 100 m norður af gamla bæjarstæðinu 001, vestan við veginn sem liggur þar í norður-suður.
Þarna er nú mikið þýfi og órækt.
Engar tóftir eru nú á þessu svæði.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Ö-Skriðuland AJ, 1

EY-083:015 tóft stekkur 65°50.969.N 18°15.905.V
"Út við merki litlu ofar [en Stórholt er] Stekkur og Stekkjarmór," segir í örnefnaskrá Aðalsteins Jónssonar. Stekkjartóftin er um 830 m norður af gamla bæjarstæðinu 001, fast sunnan við merkin en 20-30 m neðan (austan) við línuveginn sem liggur norður-suður á þessum slóðum uppi á brekkunni ofan við túnin.. Guðmundar Ólafssonar skráði stekkinn árið 1985 og er hann nr. 100 í skráningu hans.

"Í grasi gróinni brekku," segir í skráningu Guðmundar Ólafssonar.
Tóftin er mjög greinileg, um 13x9,5 m að utanmáli. Hún skiptist í tvö hólf, hið nyrðra um 3x2,5 m að innanmáli en hið syðra 6x5 m. Innangengt er á milli hólfanna. Á syðra hólfinu er einnig op á miðjum austurvegg. Hleðslur eru aðallega úr torfi en snjóföl var yfir og því ekki útilokað að eitthvað grjót sé í þeim. Hæð veggja er um 0,5 m og þykkt 1,5-2 m.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Örn.AJ; Guðmundur Ólafsson: Fornleifaskrá Arnarneshrepps 1985



EY-083:016 gerði kálgarður 65°50.635.N 18°15.136.V
"Upp við Dalvíkurveg beint upp af Hvíthól er 2 hólar Strunsuhólar og liggur vegurinn nú á milli þeirra," segir í örnefnaskrá. Neðri hóllinn er blásinn melhóll og þar munu hafa verið sáðgarðar áður og sést þar fyrir garðbrotum enn. Annarsstaðar eru að því er virðist sömu garðbrot tengd fornbýlinu Strunsu 009 eða Jarðteiknabrekku 008. Núverandi íbúðarhús stendur á Efri-Strunsuhól, en sá neðri er um 100 m beint austur af honum, fast austan þjóðvegarins. Garðurinn er um 290 m ANA við bæ 001.
Gróinn, ávalur hóll, allstór.
Hóllinn hefur eyðst nokkuð af malartekju síðari ár. Suðvestan í honum eru þó garðbrot. Þar er stór stakur steinn og eru garðbrotin sunnan og norðan við hann. Um 6 m sunnan við steininn er garðbrot sem liggur norður-suður. Það er um 12 m langt. 1,5 m norðaustan við steininn er annað garðlag, eða tóftarbrot. Það er U-laga og er opið til vesturs. Vegghleðslan er greinileg að utanverðu en ógreinileg að innan. Utanmál tóftarbrotsins er 4,5x4 m. Hleðsluhæð garðbrotanna er um 0,5 m, og virðist aðallega vera úr torfi.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Ö-Skriðuland AJ, 1; Örnefni, Jóhannes Óli Sæmundsson, 27



EY-083:017 *Lambhúshjalli* örnefni lambhús
65°50.456.N 18°15.717.V
"Syðst og efst í túni Lambhús og Lambhúsvöllur þar framan við. Skammt þar ofan við er hjalli eða gróin brún Lambhúshjalli," segir í örnefnaskrá. Þessi örnefni eru um 270 m SV af gamla bæjarstæðinu 001 en engin ummerki um hús sjást þar lengur.
Þarna er nú mikil órækt og þýfi.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Ö-Skriðuland AJ, 2

EY-083:018 *Eiríkshús* heimild um fjárhús 65°50.460.N 18°15.648.V
"Fjárhúsin, sem voru syðst og efst í túninu, hétu Eiríkshús, OG Eiríksþúfur [019] voru þar neðan við. Þar kvað Eiríkur nokkur hafa ráðið sér bana (hengt sig)," segir í örnefnaskrá. "Á brekkubrún upp af bæ eru fjárhús Hraunkofahús [005], þar rétt sunnan við Hesthúshóll og þar var hesthús [010]. Syðst í túni í sömu línu Eiríkshús. [...] í þessu húsi á maður að nafni Eiríkur að hafa hengt sig og er talið að hann sé grafin í þúfunum þar framan við,"segir í örnefnaskrá Aðalsteins Jónssonar. Húsin voru um 230 m SV af gamla bæjarstæðinu 001, syðst og efst í túninu, fast norðan við línuveginn liggur austur-vestur á þessum slóðum, átt að fjallinu en sveigir svo norður-suður uppi á brekkunni.
Nú er þarna órækt og miðkið þýfi.
Engar tóftir sjást nú á þessum slóðum.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Örnefni, Jóhannes Óli Sæmundsson, 28; Ö-Skriðuland AJ, 2

EY-083:019 *Eiríksþúfa* þjóðsaga legstaður 65°50.461.N 18°15.648.V
"Fjárhúsin, sem voru syðst og efst í túninu, hétu Eiríkshús [018], OG Eiríksþúfur voru þar neðan við. Þar kvað Eiríkur nokkur hafa ráðið sér bana (hengt sig)," segir í örnefnaskrá. "Á brekkubrún upp af bæ eru fjárhús Hraunkofahús [005], þar rétt sunnan við Hesthúshóll og þar var hesthús [010]. Syðst í túni í sömu línu Eiríkshús. [...] í þessu húsi á maður að nafni Eiríkur að hafa hengt sig og er talið að hann sé grafin í þúfunum þar framan við,"segir í örnefnaskrá AJ. Húsin voru um 230 m SV af gamla bæjarstæðinu 001, syðst og efst í túninu, fast norðan við línuveginn liggur austur-vestur á þessum slóðum, átt að fjallinu en sveigir svo norður-suður uppi á brekkunni.
Nú er þarna órækt og miðkið þýfi.
Engar tóftir sjást nú á þessum slóðum og því ekki hægt að staðsetja Eiríksþúfu mjög nákvæmlega enda sjást hennar ekki merki.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Örnefni, Jóhannes Óli Sæmundsson, 28; Ö-Skriðuland AJ, 2

EY-083:020 *Skógarbrekka* heimild um býli
Í reikningi Möðruvallaklausturs sem gerður var af Sigurði Jónssyni príor og dagsettur er þann 6. nóvember 1447 segir eftirfarandi: "...confessoris af jardom ok kogylldom som bygda standa. Jn primis. ...Jtem skreidelande viij kogylde. bykt halft annat hundrat. Jtem skogarbrekka vj kogylde. bykt jc j landskyld. Jtem med baldrsheime vij kogylde. bykt jc j landsyld," DI IV, 710-712. Reikningurinn er skipulega uppsettur og eru bæir upptaldir í réttri röð, en samkvæmt því er Skógarbrekka á milli Skriðulands og Baldursheims. Neðanmáls í Fornbréfasafni kemur þó fram að upplýsingar um Skógarbrekku hafi verið viðbót á spássíu handritsins, sem e.t.v. dregur úr áreiðanleika þess að staðsetning býlisins í textanum gefi til kynna raunverulega staðsetningu þess.
Á milli Skriðulands og Baldursheims eru þýfðir móar og tún, sem hallar nokkuð til austurs.
Ekki er vitað hvar býlið var.
Heimildir:DI IV, 710-712

Fornleifaskráning í Arnarneshreppi

II. bindi



Elín Ósk Hreiðarsdóttir og Þóra Pétursdóttir (ritstjórar)

Höfundar efnis: Elín Ósk Hreiðarsdóttir, Orri Vésteinsson, Sólveig Guðmundsdóttir Beck, Stefán Ólafsson og Þóra Pétursdóttir

Fornleifastofnun Íslands

FS377-06251

Reykjavík

2008

Forsíðumyndin er af nausti í landi Óss (EY-069:026) (Þóra Pétursdóttir, 2007)

© Fornleifastofnun Íslands 2008

Bárugötu 3

101 Reykjavík

Sími: 551 1033

Fax: 551 1047

Netfang: fsi@instarch.is

Heimasíða: www.instarch.is

Efnisyfirlit II. bindis

FORMÁLI II. BINDIS ..... **- 5 -**

4. FORNLEIFASKRÁ, FRAMHALD ..... **- 7 -**

EY-084 BALDURSHEIMUR ..... - 7 -
EY-085 YTRI-REISTARÁ ..... - 13 -
EY-086 SYÐRI-REISTARÁ ..... - 20 -
EY-087 HVAMMKOT ..... - 30 -
EY-088 HVAMMUR ..... - 32 -
EY-089 ÁSLÁKSSTAÐIR ..... - 41 -
EY-090 HOF ..... - 45 -
EY-091 LITLA-BREKKA ..... - 56 -
EY-092 STÓRA-BREKKA ..... - 58 -
EY-093 YTRA BREKKUKOT ..... - 67 -
EY-094 SYÐRA BREKKUKOT ..... - 69 -
EY-095 ÞRASTARHÓLL ..... - 74 -
EY-096 HALLGILSSTAÐIR ..... - 83 -
EY-097 SPÓNSGERÐI ..... - 87 -
EY-098 BJARGIR ..... - 90 -
EY-099 LITLI-DUNHAGI ..... - 94 -
EY-183 DUNHAGAKOT ..... - 100 -
EY-631 ARNARNESHREPPUR, FORNLEIFAR Á FLEIRI EN EINNI JÖRÐ ..... - 101 -
EY-633 ÞORVALDSDALUR ..... - 103 -

5. SAMANTEKT UM HELSTU MINJAFLOKKA ..... **- 107 -**

BÆJARHÓLAR, BÆJARSTÆÐI OG BÝLI ..... - 107 -
KIRKJUR, BÆNHÚS OG KUML ..... - 114 -
ÚTIHÚS OG ÖNNUR HÚS Í HEIMATÚNUM ..... - 117 -
TÚN, KÁL- OG TÚNGARÐAR ..... - 121 -
GARÐLÖG ..... - 122 -
ENGJAR OG ÁVEITUR ..... - 124 -
VATNSBÓL ..... - 125 -
SVARÐARGRAFIR ..... - 125 -
KVÍAR, RÉTTIR OG STEKKIR ..... - 126 -
BEITARHÚS OG SEL ..... - 128 -
GERÐI ..... - 130 -
VERBÚÐIR OG ÚTGERÐARMINJAR ..... - 130 -
LEIÐIR ..... - 131 -

6. VERNDUN OG KYNNING MINJA Á SKRÁNINGARSVÆÐINU ..... **- 134 -**

HEIMILDASKRÁ ..... **- 144 -**

VIÐAUKI 1: HNIT Í LANDSHNITAKERFI (ISN93) ..... **I**

VIÐAUKI 2: LISTAR YFIR MINJAFLOKKA OG MINJAR Í STÓRHÆTTU ..... **X**

LISTI 1: FJÁRHÚS ..... *x*
LISTI 2: HESTHÚS ..... *xi*
LISTI 3: KÁLGARÐAR ..... *xi*
LISTI 4: KVÍAR, RÉTTIR OG STEKKIR ..... *xii*
LISTI 5: MINJAR Í STÓRHÆTTU ..... *xiii*

VIÐAUKI 3: ÖRNEFNASKRÁ, SKRÁ YFIR FORNLEIFAR MEÐ SÉRHEITI (Í STARFRÓFSRÖÐ) **XV**

VIÐAUKI 4: LOFTMYNDIR, MINJAKORT ..... **XVIII**

Formáli II. bindis

Hér fer á eftir síðari hluti fornleifaskráningar í Arnarneshreppi. Vettvangsskráning fornleifa í hreppnum var gerð af starfsmönnum Fornleifastofnunar Íslands sumrin 2006 og 2007, en úrvinnsla skráningarinnar haustið 2007 og 2008.

Skýrslan er sett upp á hefðbundinn hátt, en vegna umfangs er henni hins vegar skipt niður í tvö bindi. Í fyrra bindi skýrslunnar er að finna almennan inngang (1. kafli) þar sem greint er frá aðdraganda og framvindu verksins. Þar á eftir fylgir umfjöllun um löggjöf um minjavernd (2. kafli), en þar á eftir er farið yfir byggðasögu hreppsins í stuttu máli (3. kafli). Í 4. kafla er fornleifaskrá þar sem er að finna ítarlega umfjöllun um hvern minjastað ásamt túnakortum, uppdráttum og ljósmyndum. Fornleifaskráin er tvískipt og er fyrri hluti hennar í I. bindi skýrslunnar en sá síðari í þessu bindi. Í I. bindi er fornleifaskrá fyrir jarðirnar Möðruvelli, Ós, Pálmholt, Syðri-Bakka, Ytri-Bakka, Bragholt, Arnarnes, Fagraskóg, Ytri-Kambhól, Syðri-Kambhól, Kjarna og Skriðuland. Í þessu bindi er fornleifaskrá jarðanna Baldursheims, Ytri-Reistarár, Syðri-Reistarár, Hvammkots, Hvamms, Ásláksstaða, Hofs, Litlu-Brekku, Stóru-Brekku, Ytra Brekkukots, Syðra Brekkukots, Þrastarhóls, Hallgilsstaða, Spónsgerðis, Bjarga, Litla-Dunhaga og Dunhagakots auk afréttar. Í þessu bindi er einnig að finna samantekt um helstu minjaflokka (5. kafli) og umfjöllun um verndun og kynningu minja á skráningarsvæðinu (6. kafli). Að lokum eru heimildaskrá og viðaukar, þ.á.m. hnitaskrá og minjakort, aftast í bindinu.


Um skýrsluskrif sáu Elín Ósk Hreiðarsdóttir og Þóra Pétursdóttir en auk þeirra unnu Sólveig Guðmundsdóttir og Lísa Rut Björnsdóttir að tölvugerð teikninga og túnakorta og Lísa Rut vann einnig að kortagerð.

Skrásetjarar vilja að lokum nota tækifærið og koma á framfæri þökkum til heimildamanna fyrir ómetanlega aðstoð og hjálpsemi í hvívetna á meðan á vettvangsvinnu stóð.

4. Fornleifaskrá, framhald

EY-084 Baldursheimur

20 hdr. 1712, kóngleg Majestat er eigandi jarðarinnar og liggur hún undir Möðruvallaklaustur (JÁM X, 117). Bærinn kemur fram í reikningi Möðruvallarklausturs 6. nóvember 1447 sem Sigurður príor Jónsson gerði fyrir Gottskálk Hólabiskup. Þar segir "Item med baldrsheime vij kogylde. Bykt jc j landskyld," (DI IV, 711) Jörðin kemur fyrir í Sigurðaregisteri um upptalningu eigna Möðruvallarklausturs 1525 (DI IX, 319) Árið 1569 er Baldursheimur nefndur i reikningum Möðruvallarklausturs og er jörðin metin á 5 kúgildi. "Suo mørg kugillde Woru med Mødruwalla clausturs Jordum þä Ormur Stullason. Løgmann Med tök Enn sera Halldor Benedigtsson afhente. Anno 1569. ... Med Balldursheijme v" (DI 364). Jarðarinnar er getið aftur árið 1570 þegar Benedicht Halldörsson tekur við af Ormi Stullasyni í Möðruvallaklaustri og er Baldursheimsjörðin þá enn metin á fimm kúgildi og tekið fram "Ein kyr gømul þar J," (DI XV, 366).
1917: 3 ha. 1/3 slétt. Sáðreitir 300 m2. 1712: "Tún spillist hjer mjög af vatnsuppgángi, sem bágt er við að varna," (JÁM X 118). 1990: Austan vegar er allvíðáttumikið mýrlendi, að mestu ræktað nú, en þar var ágæt mótekja og engjaheyskapur fyrrum..



EY-084:001 *Baldursheimur* bæjarhóll bústaður 65°50.091.N 18°15.318.V
Gamli bærinn í Baldursheimi stóð þar sem íbúðarhúsið á jörðinni er nú. Syðri hluti núverandi bæjarhúss er byggður 1938, en þá var torfbær fast norðan við hann. Torfbærinn var síðan rifinn og nyrðri hluti hússins byggður 1949.
Bærinn stendur ofarlega á hól sem nefndur er Bæjarhóll. Umhverfis húsið er nú sléttað.



Baldursheimur 084:001, horft í vestur

Hóllinn sem húsið stendur á hefur breyst talsvert í seinni tíð. Hann hefur verið sléttaður og efni úr honum rutt til í kringum húsið. Mikið efni var tekið úr honum þegar vegurinn að bænum var gerður og er því nú mjög bratt niður af hólnum austan við húsið, en var áður aflíðandi brekka. Einnig hefur bygging núverandi íbúðarhúss raskað honum, en í því er niðurgrafinn kjallari. Þó mótar enn fyrri hólnum á svæði sem er um 40x20 m og snýr norður-suður.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Túnakort 1917;

EY-084:002 heimild um fjárhús 65°50.110.N 18°15.410.V
Um 100 m NV af bæ 001 eru nú fjárhús, en þar stóðu áður eldri fjárhús úr torfi og grjóti, eins og sýnt er á túnakorti frá 1917.
Húsin voru á hjallanum norðvestan við bæinn, skammt norðan við bæjarlækinn.
Nú eru þarna stór fjárhús og sléttað umhverfis þau.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Túnakort 1917

EY-084:003 heimild um hesthús 65°50.108.N 18°15.340.V
Samkvæmt túnakorti frá 1917 var tvískipt útihús fast norðan við bæ 001. Þar var hesthús og heytóft. Hesthúsið var síðar notað undir kálfa.
Þarna er nú sléttaður völlur og malarvegur norðurfyrir núverandi bæjarhús.
Ekki sést til fornleifar.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Túnakort 1917

EY-084:004 *Hesthúshóll* tóft hesthús 65°50.138.N 18°15.385.V



"...Bröttusléttur [015] [eru] út og upp frá bæ og þar er Hesthúshóll", segir í örnefnaskrá. Hesthústóft er um 100 m NNV af bæ 001, á hól norðaustan við fjárhús 002, þar sem útihús er merkt inn á túnakort frá 1917.
Þarna er grösugur hóll efst í túninu og er tóftin á honum.
Tóftin sést vel þótt eitthvað sé búið að raska henni. Innanmál tóftarinnar er um 6,5x3 m, en ytri mál veggja eru engin. Húsið hefur verið niðurgrafið og grjóthlaðið að innan. Dokkin er um 1 m djúp í miðju og er grjóthleðsla í austurhlið hennar. Hæð hleðslunnar er um 0,4 m, mest tvö umför.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Túnakort 1917; Ö-Baldursheimur AJ, 2

EY-084:005 heimild um útihús 65°50.205.N 18°15.376.V
Samkvæmt túnakorti frá 1917 voru útihús nyrst í túninu, um 200 m norður af bæ 001.
Þar eru nú sléttuð beitartún.
Efst, eða vestast, í túninu eru hólar og hafa húsin líklega verið vestan við þá. Ekki sést til fornleifar.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Túnakort 1917

EY-084:006 heimild um útihús 65°50.199.N 18°15.335.V
Samkvæmt túnakorti frá 1917 voru útihús nyrst í túninu, um 200 m norður af bæ 001, um 20 m austan við 005.
Þar eru nú sléttuð beitartún.
Efst, eða vestast, í túninu eru hólar og hafa húsin líklega verið vestan við þá. Ekki sést til fornleifar.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Túnakort 1917

EY-084:007 *Baldursheimagrafir* heimild um mógrafir 65°50.123.N 18°14.869.V
"Austan þjóðvegarins sunnan og neðan við Baldursheimatún voru Baldursheimsgrafir og neðan við þær Grafarhryggur eða Gráhryggur ", segir í örnefnaskrá. Mógrafir voru austan við núverandi þjóðveg (Ólafsfjarðarveg), þar sem tún eru nú, og náðu allt uppundir það sem vegurinn er nú.
Austan við þjóðveg eru nú sléttuð tún.
Fyllt hefur verið upp í allar grafirnar og mótar ekki fyrir þeim.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Örnefni, Jóhannes Óli Sæmundsson, 26; Ö-Baldursheimur AJ, 1

EY-084:008 heimild um ristu 56°49.951.N 18°14.680.V
"Austan þjóðvegarins sunnan og neðan við Baldursheimatún voru Baldursheimsgrafir [007] og neðan við þær Grafarhryggur eða Gráhryggur. Litlu sunnar er Torfmelur, sem nú hefur verið skemmdur af malartöku fyrir veginn", segir í örnefnaskrá. Í örnefnaskrá Aðalsteins Jónssonar segir: "... neðan við [Torfmel] er Flatiflói, þar var torfrista áður, mjög góð velta. Sóttu margir í að fá þar ristuland (Torfmelur er að mestu eyddur af malartekju)". Torfrista var fast austan við núverandi þjóðveg (Ólafsfjarðarveg), um 550 m suðaustur frá bæ 001, og náði allt uppundir það sem vegurinn er nú.
Þarna eru nú sléttuð tún.
Sunnarlega í landi Baldursheims er slóð af þjóðvegi til austurs inn á túnin. Þar er Torfmelur.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Örnefni, Jóhannes Óli Sæmundsson, 26; Ö-Baldursheimur AJ, 1


EY-084:009 *Dýjahraukur* huldufólksbústaður huldufólksbústaður65°49.793.N 18°15.503.V
Frá Dýjahrauk hafa ferðamenn heyrt söng, þar á meðal einn núlifandi maður sem ég veit um," segir Aðalsteinn Jónsson í örnefnalýsingu sinni og strikar undir! Dyjahraukur er stakur klettur eða bjarg, gríðarstórt og áberandi í gróinni hlíðinni. Hann er á merkjum að sunnan, milli Baldursheims og Ytri Reistarár, fast norðan við merkjagirðinguna.
Bjargið er á dálitlum stalli í hlíðinni, en allt umhverfis hann er mjög blautt.
Bjargið er um 4 m á hæð og kantað, og sést vel bæði þegar komið er upp á ásinn vestan (ofan) við bæinn og austan af þjóðveginum.


Dýjahraukur 084:009, horft í austur

Hættumat: engin hætta
Heimildir:Ö-Baldursheimur AJ, 1

EY-084:010 *Grænagerði* heimild um óþekkt 65°49.927.N 18°15.110.V
"Vestan suður í engi er grösugur hóll með engjabrekku sunnan í. Heitir það Grænagerði," segir í örnefnaskrá Jóhannesar Óla Sæmundssonar. "Suður í engi nokkru neðar en bærinn er Grænagerði," segir í örnefnaskrá Baldursheims. Grænagerði heitir í túninu um 340 m suðaustur af bæ 001, um miðja vegu milli bæjar og landamerkja að sunnan.
Þarna er nú hrossahagi sunnan við sléttuð tún.
Ekki sést til fornleifa.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Örnefni, Jóhannes Óli Sæmundsson, 27; Ö-Baldursheimur, 2
.


EY-084:011 tóft stekkur 65°49.949.N 18°15.220.V
"...nokkru neðar [en Nauthólsmelur] er Stekkjarmelur. Stekkjarbrot eru í lægðinni þar rétt utan við," segir í örnefnaskrá Jóhannesar Óla Sæmundssonar. Í örnefnaskrá Aðalsteins Jónssonar segir: .. skammt ofan við [Grænagerði 010] er Stekkjarmelur beint suður frá bænum, utan við hann er Stekkur og norðan við hann Stekkjarmór en ofan við Stekkjarlaut. Stekkurinn er um 300 m suður af bæ 001, í lægð norðan við melinn í brekkunum vestan við tún. Guðmundur Ólafsson skráði stekkinn árið 1985 og er hann nr. 97 í skráningu hans.



"Í grösugri lág, rétt norðan við lækjarsytru sem rennur gegnum mýrarfláka sunnan við stekkinn," segir í skráningu Guðmundar Ólafssonar. Í þýfðri laut.
Stekkurinn er torfhlaðinn og er hleðsluhæð allt að 0,5 m. Hann er um 9x6 m að utanmáli og greinist í þrjú hólf. Stærsta hólfið er vestast, snýr austur-vestur og er 5x2 m að innanmáli. Inngangur er vestast á suðurvegg þess. Hin hólfin tvö austan við fyrr nefnda hólfið og liggja þvert á það í norður-suður. Þau eru hvort um sig um 2x1,5 m innanmáli. Op eru á vesturvegg beggja hólfa. Að vestan- og norðanverðu er stekkurinn grafinn niður í brekkuna.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Örnefni, Jóhannes Óli Sæmundsson, 26; Ö-Baldursheimur .AJ, 2; Guðmundur Ólafsson: Fornleifaskrá Arnarneshrepps 1985

EY-084:012 *Baldursheimsstekkur* tóft stekkur 65°49.984.N 18°15.734.V



"Upp frá norðanverðu túninu á Baldursheimi er Kollumelur, og til austurs þaðan Baldursheimaás. Önnur stekkjarbrot [en við Stekkjarmel] á ási þessum heita Baldursheimsstekkur," segir í örnefnaskrá Jóhannesar Óla Sæmundssonar. Í örnefnaskrá Aðalsteins Jónssonar segir: "Upp af bænum uppi á Ásnum er Stekkur." Stekkurinn er um 400 m beint VSV af bæ 001, uppi á ásnum, neðan við klettabeltið, fast vestan við girðingu sem þar liggur norður-suður.
Á þýfðum blautum ási.
Stekkurinn er siginn og gróinn en þó mjög greinilegur. Hann er 12x7,5 m að utanmáli, snýr austur-vestur og greinist í tvö hólf. Eystra hólfið er fullt af grjóti, sem e.t.v. hefur fallið úr hleðslum eða hefur verið hrúgað þar saman, en erfitt er því að greina innanmál hólfsins. Hið vestara er stærra, eða um 5x3 m að innanmáli. Ekkert grjót er greinanlegt í hleðslum þess. Hleðsluhæð er allt að 0,5 m. Mikill vatnsagi er í kringum tóftina og getur henni stafað hætta af því.
Hættumat: hætta, vegna vatnsaga
Heimildir:Örnefni, Jóhannes Óli Sæmundsson, 26.; Ö-Baldursheimur AJ, .


EY-084:013 *Efra-Gerði* örnefni óþekkt 65°50.057.N 18°15.170.V
"Mjög virðist örnefnalaust heima í túninu á Baldursheimi. Þar heita þó Gerði utanvert, Efra-Gerði og Neðra-Gerði, og Gerðishólar," segir í örnefnaskrá Jóhannesar Óla. Gerðishólar eru í sléttuðu túni um 250 m suðaustan við bæ 001. Þeir eru í túnskikanum sunnan við heimkeyrsluna, vestan við þjóðveg.
Nú er þarna beitarhólf fyrir nautgripi. Hólarnir eru grónir en sá efri nokkuð traðkaður niður af nautgripum.
Ekki sést til fornleifa og ekki er vitað nákvæmlega hvers konar mannvirki Gerðin hafa verið.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Örnefni, Jóhannes Óli Sæmundsson, 26-27

EY-084:014 *Neðra Gerði* heimild um óþekkt 65°50.058.N 18°15.121.V
"Mjög virðist örnefnalaust heima í túninu á Baldursheimi. Þar heita þó Gerði utanvert, Efra-Gerði og Neðra-Gerði, og Gerðishólar," segir í örnefnaskrá Jóhannesar Óla. Gerðishólar eru í sléttuðu túni um 250 m suðaustan við bæ 001. Þeir eru í túnskikanum sunnan við heimkeyrsluna, vestan við þjóðveg, um 30 m suðaustan við Efra Gerði 013.
Nú er þarna beitarhólf fyrir nautgripi. Hólarnir eru grónir en sá eftir nokkuð traðkaður niður af nautgripum.
Ekki sést til fornleifa og ekki er vitað nákvæmlega hvers konar mannvirki Gerðin hafa verið.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Örnefni, Jóhannes Óli Sæmundsson, 26-27

EY-084:015 *Bröttusléttur* frásögn akur 65°50.190.N 18°15.420.V
"Bröttusléttur [eru] út og upp frá bæ...," segir í örnefnaskrá Aðalsteins Jónssonar. Þar voru samkvæmt Þorláki A. Aðalsteinssyni, heimildamanni, "þökusléttur", þ.e. öldumyndaðir reitir. Þeir voru efst í túni um 200 m norður af bæ 001.
Nú er þar sléttað tún.
Þetta eru einnig nefndar beðasléttur, en það voru reitir með mjóum, kúptum hryggjum til þess gerðum að auka yfirborðið. Hryggirnir lágu austur-vestur í hallanum norður frá bænum . Ekki sést til þeirra nú.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Örnefnaskrá AJ, 2.

EY-084:016 frásögn fjós 65°50.092.N 18°15.345.V
Samkvæmt heimildamanni, Þorláki A. Aðalsteinssyni, var fjós fast vestan við bæinn 001.
Nú er þar blómagarður, vestan við núverandi bæjarhús.
Fjósið var hlaðið úr torfi og grjóti og voru göng á milli þess og bæjarhússins. Ekki sést til fornleifar.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar

EY-084:017 tóftir kvíar 65°50.063.N 18°15.428.V
Skammt ofan við bæ er Kvíaból og sunnan við það Kvíabólslaut, segir í örnefnaskrá Aðalsteins Jónssonar. Kvíatóft er uppi á hjallanum fast vestur af bænum, um 100 m vestan við 001.
"Fremst á bröttum hól, í brattri þýfðri brekku," segir í skráningu Guðmundar Ólafssonar. Lækur rennur fast norður af tóftunum.
Tóftirnar eru tvær og liggja samsíða austur-vestur. Samtals er tóftasvæðið um 16x13 m stórt. Hér verður báðum tóftum gefinn bókstafur til aðgreiningar. Tóftirnar eru mjög signar og grónar, en greina sig frá umhverfinu vegna litar og þúfnamyndunar. Hæð hleðslnanna er frá 0,2 í 0,4 m. Syðri tóftin A er 14x7 m að stærð og greinist í þrjú hólf. Eitthvað grjót er gróið grasi í tóftinni en engar sýnilegar grjóthleðslur. Stærsta hólfið er 8,5x3 m að innanmáli og er inngangur austarlega á norðurhlið þess. Í vesturenda hólfsins er innangengt í annað minna hólf, um 2x1,5 m að innanmáli. Á suðurlanghlið utanverðri, fyrir miðju, er þriðja hólfið. Það er um 2x1,5 m að innanmáli. Op er á því til austurs eða suðausturs en ekki innangengt í hin hólfin. Nyrðri tóftin B liggur samsíða hinni og er aðeins um 1 m á milli þeirra. Hún er um 11x8 m að stærð og er tvískipt með op í SA-horni. Eystra hólfið er um 4,5x3,5 m en hið vestara 2,5x3 m. Ekkert op er á milli hólfanna. Ólíkt syðri tóftinni er eitthvað af grjóti í þessari. Við austurenda norðurlanghliðar gengur lítið veggjarbrot til norðurs. Vestan við þetta brot er einhverskonar niðurgröftur, um 2 m í þvermál. "Í brattri brekkunni austan við rústina er garður 10x12 m í þverm og annar rétt norðan við lækinn 15x13m," segir í skráningu Guðmundar Ólafssonar. Þessir garðar eru nú horfnir.




Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Ö-Baldursheimur AJ, 2 ; Guðmundur Ólafsson: Fornleifaskrá Arnarneshrepps 1985

EY-084:018 *Selhjalli* örnefni sel 65°50.225.N 18°16.126.V
"Upp frá bænum á melkúlu er heitir Litlimelur ofan við hann er langur melur upp og niður Kollumelur og út af honum efst er Selhjalli og nær hann út að Skriðulandshrauni," segir í örnefnaskrá. Selhjalli er grösugur hjalli undir klettabelti 600-700 m NV frá bæ 001.
Hjallinn er grösugur, þýfður og afar blautur. Ofan við hann er klettabelti sem snýr norður-suður, Hrossahjalli, en grösugar brekkur, kallaðar Grænur, niðurundan klettunum.
Engar tóftir fundust við leit. Heimildamenn hafa ekki kannast við sel í Selhjalla, enda eru landkostir þar ekki þesslegir. Sjá einnig í fornleifaskráningu Skriðulands 083:012.

Hættumat: engin hætta
Heimildir:Ö-Baldursheimur AJ, 2

EY-085 Ytri-Reistará



24 hdr. 1712, kóngleg Majestat er eigandi jarðarinnar og liggur hún undir Möðruvallaklaustur (JÁM X, 118). Árinnar er getið í Landnámu (ÍF I, 255) en bæjarins fyrst 1381 - (DI IV, 13). Grund 085:012 byggð syðst í landi Ytri-Reistarár 1884, en fór í eyði 1939.
1917: 4,5 ha. 3/5 slétt. Sáðreitir 870 m2.

EY-085:001 *Ytri Reistará* bæjarhóll bústaður 65°49.507.N 18°14.667.V




Bæjarstæði Ytri-Reistarár 085:001, horft í vestur

Núverandi íbúðarhús á Ytri-Reistará (byggt 1946) og stendur ofan (vestan) við þjóðveginn. Tæpa 100 m suðvestur af af því er afgirtur trjálundur, við suðvesturhorn vélaskemmu sem þar stendur. Gamli bærinn var við trjálundinn.
Trjálundurinn er þéttgróinn og fellur bæjarlækurinn til austurs fast sunnan við hann. Vestan og norðan við lundinn er nú sléttað plan.
Nokkurt þýfi er í lundinum, en engar tóftir, né heldur greinilegur bæjarhóll. Rústir hússins voru greinilegar árið 1959, er heimildamaður flutti á bæinn, en voru

sléttaðar út skömmu eftir það. Húsin voru úr torfi og grjóti, en skipulag þeirra er óþekkt.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Túnakort 1917;

EY-085:002 tóftir sel 65°49.398.N 18°16.154.V



Tóftir eru um 1,2 km beint vestur af bæ 001, í um 330 m hæð í fjallinu. Vörðubrot 022 er um 250 m vestar og ofar í hlíðinni, en sést þó vel frá tóftunum. Guðmundur Ólafsson skráði tóftirnar árið 1985 (þær eru nr. 116 í skráningu hans) og telur þar að um sel sér að ræða.
Bletturinn þar sem tóftirnar eru sker sig úr umhverfinu. Hann er þýfður mjög og fagurgrænn í annars dökkum lyngmóa. Blaut dý eru til vesturs við tóftirnar, og jafnvel hefur þar áður verið dálítill lækur.
Svæðið allt er um 20x15 m, allt hlaupið í þúfur og illgreinanlegt. Þó virðist um tvær aðskildar tóftir að ræða og er sú eystri greinilegri. Hún greinist í tvö hólf og eru bæði opin til norðurs. Hin tóftin er um 3 m vestar. Hún greinist í tvö hólf. Op er á suðurvegg vestara hólfsins en bæði til suðurs og norðurs á því eystra. Ekkert grjót er greinanlegt í hleðslum en hleðsluhæð er 0,5-1 m. Umhverfis tóftirnar er mikið þýfi og er ekki ósennilegt að fleiri byggingar leynist þar.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Guðmundur Ólafsson: Fornleifaskrá Arnarneshrepps 1985

EY-085:003 þúst fjárhús 65°49.510.N 18°14.720.V
Um 40 m VSV af gamla bæ 001, vestan við núverandi hlöðu og fast sunnan við bæjarlækinn, stóðu áður fjárhús. Þau eru merkt inn á túnakort frá 1917.
Á þeim slóðum sem húsin stóðu eru nú (2007) sléttuð tún.
Þó að tóftir hafi nú verið sléttaðar í tún sjást ummerki þeirra á um 20x20 m svæði í sléttuðu túninu. Húsin voru uppistandandi 1959, er heimildamaður kom fyrst á jörðina, en voru rifin fljótlega eftir það. Fjárhúsin voru hlaðin úr torfi og grjóti, en þó var í þeim steyptur milliveggur sem skipti rýminu í tvennt. Norðurhlutinn var þá hafður fyrir sauðfé en suðurhlutinn fyrir hænsni.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Túnakort 1917;


EY-085:004 *Hesthúshóll* heimild um hesthús 65°49.502.N 18°14.521.V
Í örnefnaskrá Aðalsteins Jónssonar segir: "Suður af bænum er Smiðjuhóll [015] og suður af honum Hesthúshóll." Sunnan við heimkeyrsluna að bænum eru nú sléttuð tún sem skiptast í tvennt um malarveg sem liggur af þjóðvegi og vestur að fjósi og hlöðu. Hesthúsið var austast á túninu, nokkurnveginn þar sem malarvegurinn er nú, eða fast sunnan við hann. Það var um 60 m suðaustan við bæ 001. Hesthúsið er merkt inn á túnakort frá 1917.
Þar sem húsin stóðu er nú sléttuð, gróin tún.
Ekki sést til fornleifar, né hólsins.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Túnakort 1917; Ö-Ytri-Reistará AJ, 1

EY-085:005 frásögn bústaður 65°49.495.N 18°14.499.V
Sunnan við heimkeyrslu að Ytri-Reistará eru nú sléttuð tún sem skiptast í tvennt um malarveg sem liggur af þjóðvegi vestur að fjósi og hlöðu. Hesthús 004 var austast á túninu, nokkurnveginn þar sem malarvegurinn er nú, eða fast sunnan við hann. Á svipuðum slóðum, nálægt hesthúsinu, mun um tíma hafa verið íbúðarhús, nafnlaust. Hús er um 100 m suðaustan við bæ 001 samkvæmt túnakorti frá 1917 og er það líklega þetta íbúðarhús.
Þar sem þurrabúið var eru nú sléttuð tún.

Ekki sést til fornleifar.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Túnakort 1917

EY-085:006 mannabein legstaður 65°49.400.N 18°15.080.V
"Þegar Davíð Sigurðsson (...) var drengur á Ytri-Reistará, blés upp stóra mannsbeinagrind þar ofan við túnið," segir Kristján Eldjárn í umfjöllun sinni um kuml við Syðri-Reistará (sjá 086:010). Bæjarlækurinn kemur niður brekkurnar nokkurnveginn beint ofan við (vestan) bæinn. Nokkru sunnar rennur annar lækur, talsvert minni, niður hlíðina. Kristján Buhl Pétursson, heimildamaður, taldi fundinn hafa verið þar við lækinn, ofan við túnið.
Þarna eru þýfðir móar ofan við sléttuð tún.
Í Kuml og haugfé segir um fundinn: "Á þessum slóðum hefur víðar blásið upp mannabein. Lærleggur úr manni er t.d. í refti búrsins á Ytri-Reistará og hefur verið notaður hvað eftir annað, er byggt hefur verið upp. Þegar Davíð Sigurðsson, síðar bóndi á Stóru-Hámundarstöðum, var drengur á Ytri-Reistará, blés upp stóra mannsbeinagrind þar ofan við túnið. Sennilegt er, að lærleggurinn sé úr henni."
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Kuml og haugfé, 134

EY-085:007 *Beitarhús* tóft beitarhús 65°49.367.N 18°15.829.V
"Úr [Reistarárskarði] fellur Beitarhúsalækur fram af Efstubrún, rétt utan við tóftir, sem heita Beitarhús. ... Sunnan lækjarins liggja Beitarhúsamelar frá tóftunum allt upp í Reistarárskarð," segir í örnefnaskrá Jóhannesar Óla Sæmundssonar. "Beitarhúsin voru lögð niður laust fyrir aldamótin (um 1896)," segir í örnefnaskrá Aðalsteins Jónssonar. Beitarhúsatóftin er 920 m vestur af bæ 001, fast sunnan við lækinn sem rennur ofan úr skarðinu.




Tóftin er á stalli (Beitarhúsahól) í gróinni hlíð. Fast austan við tóftirnar er bratti niður af stallinum, en dálítil flöt til vesturs.
Tóftin er um 15x10 m að stærð og snýr austur-vestur. Hún skiptist í tvö hólf. Hið eystra er stærra og er sjálft fjárhúsið. Það snýr austur-vestur og hefur op á austurhlið. Hleðslur eru úr torfi og grjóti, allt að 0,5 m á hæð og mest 2 umför grjóts merkjanleg. Hólfið er um 9x4 m að innanmáli en skiptist í tvennt um garða, hlaðinn úr torfi og grjóti, um 0,3 m háan og 1 m breiðan. Vesturveggur hólfsins er sameiginlegur öðru hólfi, sem snýr norður-suður fast vestan við hið fyrrnefnda. Á því eru op á norður- og vesturhlið. Ekkert grjót er sýnilegt í hleðslum en hæð er mest um 0,5 m. Innanmál hólfsins er um 6x2 m. Þetta hefur líklega verið hlaða eða heytóft.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:Örnefni Jóhannes Óli Sæmundsson, 24; Ö-Ytri-Reistará AJ, viðb., 2

EY-085:008 örnefni kvíar 65°49.501.N 18°14.938.V
"Skammt ofan við túnið, norðan Bæjarlækjar, er Bælismelur og þar hét fyrrum Kvíaból," segir í örnefnaskrá. Kristján Buhl Pétursson, heimildamaður, kannaðist hvorki við örnefnin né tóftir á þessu svæði og engar tóftir fundust við vettvangsrannsókn. Þær eru líklega horfnar í tún. Svæðið er um 300 m vestan við bæ 001.
Vestan við sléttuð tún sem nú eru ofan við bæinn, norðan við Bæjarlækinn, er óslétt og þýft svæði. Þar er nautgripum beitt og sér þess glögg merki á landinu.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Örnefni, Jóhannes Óli Sæmundsson, 24

EY-085:009 tóftir stekkur 65°49.321.N 18°14.963.V
"Suður og upp frá túninu eru Stekkjarlaut og Stekkur," segir í örnefnaskrá Jóhannesar Óla Sæmundssonar. Stekkjarhólar eru tveir melhólar um 400 m SV af bæ 001. Þeir sjást vel frá þjóðveginum, suðvestur af túninu skammt norðan við Reistarárgilið, uppi undir fjallsgirðingu. Raflína

liggur yfir syðri hólinn. Í lautinni á milli hólanna, Stekkjarlaut, er stekkjartóft.
Lautin er alldjúp, skjólsæl og gróin. Landinu hallar þar aflíðandi til austurs.



Tóftirnar eru á svæði sem er um 22x13 m að stærð og snýr austur-vestur. Austast er tóft sem er 13x11m að stærð og greinist í tvennt. Syðst er hólf sem snýr norður-suður, um 8,5x2,5 m að innanmáli. Op er á austurhlið þess og tvö á vesturhlið. Hleðslur eru úr torfi og grjóti, allt að 0,5 m á hæð og mest tvö umför grjóts. Syðsti hluti hólfsins er nokkuð hærri en sá nyrðri, en þar hefur hólfið verið niðurgrafið. Við norðurvegg hólfsins gengur annað hólf til vesturs. Það snýr austur-vestur og er op á austurhlið þess. Það er um 9x4 m utanmáls og skiptist í tvennt, hið eystra 6x1,5 m að innanmáli en hið vestara 2x2 m og hringmyndað. Ólíkt hinu hólfinu er ekkert grjót í hleðslum þessa hólfs og hleðsluhæð um 0,4 m. Úr SV-horni þess gengur lítil torfhleðsla um 3 m til suðvesturs og útfrá henni tekur svo við niðurgrafið barð eða bakki í sverðinum, sem myndar ferkantað svæði til SV við hólfin tvö. Svæðið er um 10x8,5 m og um 0,3 m lægra en umhverfið. Fast vestan við þennan niðurgröft er tóft, mun ógreinilegri en hin. Hún er um 8x3 m að utanmáli og snýr austur-vestur. Mannvirkið hefur greinst í tvö hólf greinilegar dældir eru í hana austast og vestast. Líklega er þetta önnur tóft.


Stekkjartóft 085:009, horft í norðaustur

Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Örnefni, Jóhannes Óli Sæmundsson

EY-085:010 *Sundpollur* heimild um sundlaug 65°49.402.N 18°14.471.V
"Dalvíkurbraut liggur neðst í túninu. Rétt ofan við hana, sunnan við túnið, heitir dálítil lægð Sundpollur. Þar var einu sinni gerð fyrirhleðsla, Derrislækur látinn fylla lægðina með vatni og þarna kennt sund," segir í örnefnaskrá Jóhannesar Óla Sæmundssonar. Sundlaugin var um 250 m suður af bæ 001, fast vestan við þjóðveginn, um miðja vegu milli Ytri Reistarár og Freyjulunds.
Þarna liggur nú moldarslóði frá þjóðvegi til vesturs inná sléttað svæði sem notað er undir heyrúllur.
Nyrst á sléttuðu svæði er skurður sem liggur austur-vestur. Sundlaugin var nokkurn veginn á þeim stað. Hún var hins vegar fyllt upp og sléttuð fyrir a.m.k. 20 árum. Laugin var niðurgrafin hvilft, dýpst í miðjunni (þar sem hún var alldjúp) en grynnkaði mjög til bakkanna. Ekkert grjót var í henni. Mesta breidd hennar var líklega um 10-12 m en hún var talsvert lengri á hinn veginn.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Örnefni, Jóhannes Óli Sæmundsson, 24.; Ö

EY-085:011 þúst óþekkt 65°49.286.N 18°14.304.V
Greinileg þúst er í túni, um 500 m SA af bæ 001, um 150 ANA af Freyjulundi og um 30 m austan við þjóðveg.
Umhverfis þústina er sléttað og er nautgripum er beitt þar.
Þústin er mest um 0,5 m há og er um 13x8 m að stærð. Hún er þýfð og greinilegt að þar hefur verið einhverskonar mannvirki. Grjót hefur verið fjarlægt úr túninu og lagt utan þess, fast austan við þjóðveginn.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Örn.Jóh.Ól.

EY-085:012 *Grund* heimild um bústað 65°49.240.N 18°14.268.V
"Um skeið stóð býlið Grundin við ána nokkru austar en samkomuhúsið. Liggur vegurinn vestanvert í túni býlisins", segir örnefnalýsingu Jóhannesar Óla Sæmundssonar. Í Byggðum Eyjafjarðar segir:

"Bærinn stóð rétt austan Ólafsfjarðarvegar og eru ummerki hans nú að mestu horfin." Bærinn Grund stóð um 100 m austur af Freyjulundi, fast austan við þjóðveginn, um 580 m SSA við bæ 001.
Þarna er nú sléttað tún.
Ekki sést til fornleifar.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Örnefni Jóhannes Óli Sæmundsson, 25; Byggðir Eyjafjarðar 1990 l, 422

EY-085:013 varða samgöngubót 65°49.429.N 18°16.478.V


Varða 085:013, horft í norður

Vörðubrot er um 1,4 km beint vestur af bæ 001, á melhæð austurundan Reistarárskarði. Það er í tæplega 400 m h.y.s.
Hóllinn er blásinn og lítið gróinn, en gróin hlíð umhverfis hann.
Varða hefur verið hlaðin úr stórum grjóthellum, en er nú að mestu fallin. Grjót úr henni liggur í slakkanum fast austan við brotið. Aðeins 2-3 umför grjóts standa enn, um 0,4 m á hæð og 0,5 í þvermál. Varðan hefur líklega vísað á tóftir 002 sem eru um 250 m neðar í hlíðinni.
Hættumat: engin hætta

EY-085:014 varða samgöngubót 65°49.353.N 18°14.979.V

Stekkjarhólar eru tveir melhólar um 400 m SV af bæ 001. Þar eru stekkjartóftir. Raflína liggur yfir syðri hólinn. Í lautinni á milli hólanna, Stekkjarlaut, er stekkjartóft [009]. Á nyrðri hólnum er vörðubrot sem e.t.v. vísaði á stekkinn.
Hóllin er lítið gróinn, allhár og sést vel frá bæ og af þjóðveginum.
Varðan er alveg fallin, aðeins tvö umför grjóts sem enn standa og hæð hennar varla meiri en 0,3 m. Brotið er um 1x1 m umfangs, en grjót hefur einnig oltið úr vörðunni niður hólinn til austurs.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar



Varða 085:014, horft í norðaustur

EY-085:015 *Smiðjuhóll* örnefni smiðja 65°49.497.N 18°14.605.V
"Suður af bænum er Smiðjuhóll og suður af honum Hesthúshóll [004] ," segir í örnefnaskrá Aðalsteins Jónssonar. Um 50 m suður af bæ 001, þar sem nú eru fjós og hlaða, var áður hóll í túninu. Kristján Buhl Pétursson, heimildamaður taldi líklegt að það væri Smiðjuhóll. Þar er sýnt útihús á túnakorti frá 1917.
Þarna eru nú fjós og hlaða, en sléttað plan og tún umhverfis.
Ekki sést til fornleifar.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Ö-Ytri-Reistará AJ, 1

EY-085:016 *Reistarárrétt* heimild um rétt 65°49.228.N 18°14.473.V
"Fjárrétt hreppsins stendur þar suður við ána, Reistarárréttin," segir í örnefnaskrá. Réttin var fast vestan við Freyjulund, alveg suður við Reistará, en þar eru landamerki milli Ytri og Syðri Reistarár.
Þarna er nú sléttaður völlur.
Réttin sem þar stendur nú er nýleg, úr timbri. Áður var þarna rétt úr timbri og bárujárni. Ekki vissu heimildamenn, Kristján Buhl Pétursson eða Sveinn Þorbergsson, hvort enn eldri rétt hafði verið þarna áðurfyrr, en engin ummerki eru um það.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir:Örn.Jóh.Ól.

EY-085:017 *Helgugarður* gerði kartöflugarður 65°49.464.N 18°14.788.V




"Í túni eru ... einnig Smiðjuhóll [015], Hesthúshóll [004] og Garðsmelur í túnjaðrinum ofanverðum. Þar var lengi stór kartöflugarður frá um 1875 og annar minni, kallaður Helgugarður," segir í örnefnaskrá. Um 130 m SV af bæ 001 er hóll ofan túnsins, fast norðan við læk sem rennur þar niður brekkuna. Utanundir hólnum sunnanverðum og suðvestanverðum eru garðarnir tveir.
Garðarnir eru undir hálfgrónum melhól vestast í sléttuðu túni.
Garðarnir eru tveir, aðskildir af melhólnum sem þeir eru byggðir utan í en svæðið allt er um 32x14 m og snýr austur-vestur. Sá eystri er stærri, um 11x12 m stór. Hóllinn myndar norðurhlið garðsins. Op er í SA-horni. Hleðslur eru nokkuð signar og ekkert grjót er sýnilegt í þeim en hæð þeirra er um 0,4 m. Vestan við garðinn gengur rani úr melhólnum til suðurs og vestan hans er annar garður. Sá er um 4x7 m að stærð. Aðeins suðurhlið hans virðist upphlaðin, en melhóllinn myndar austurhliðina og um1 m hátt barð vesturhliðina. Úr SV-horni hólfsins gengur lítið garðlag, um 6 m langt, til suðurs.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Ö-Ytri-Reistará AJ, 1.

EY-085:018 tóft stekkur
Guðmundur Ólafsson skráði stekkjartóft 2-300 m suðvestur af bæ og er tóftin nr. 99 í skráningu hans. Gengið var um svæðið og leitað, en árangurslaust.
"Djúp laut norðanvið lækjarsprænu," segir í skráningu Guðmundar Ólafssonar
Í skráningu Guðmundar Ólafssonar segir: "Stekkurinn er 8 m l og 2 m br. Norðurhlið hans er grafin inní bakka, en suðurhliðin er hlaðin úr torfi og er allt að 40 cm há. Inngangur er að suðvestan, og þar er stekkurinn þrengri. V-gaflinn er líka grafinn inn í 2,5 m háan bakka. Lítið hólf er efst undir bakkanum um 40 cm hærra en gólfið í stekknum. Á vesturbrún lautarinnar ofan við stekkinn er hlaðinn garður frá NNA-SSV frá læknum í norðurátt. Garðurinn er 1 m br. og allt að 1 m hár. Við vesturbrún er hann um 40 cm hár. Lautin hefur vafalaust verið notuð sem aðhald." Hugsanlegt er að þetta eigi við minna gerðið, eða aðhaldið, sem skráð er sem 017.
Heimildir: Guðmundur Ólafsson: Fornleifaskrá Arnarneshrepps 1985

EY-085:019 frásögn akur 65°49.531.N 18°14.772.V
Um 100-200 m vestan við bæ 001, í haganum fast vestan við núverandi vélaskemmu, voru tveir aðskildir reitir, einhverskonar sáðreitir eða beðasléttur.
Á þessum slóðum er nú sléttað tún.
Er Kristján Buhl Pétursson heimildamaður kom fyrst á jörðina árið 1959 voru reitirnir tveir mjög greinilegir en þeir voru sléttaðir út fljótlega eftir það. Í þeim báðum lágu hryggir austur-vestur. Engin ummerki sjást um þá nú.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar


EY-085:020 tóft óþekkt 65°49.263.N 18°14.630.V
Tóft er um 450 m sunnan við bæ 001, í trjálundi ofan (vestan) við félagsheimilið Freyjulund. Ef gengið er inn í lundinn að austan er fljótlega komið á inná stórt opið svæði, en tóftin er um 30 m ofan (vestan) við þetta opna svæði, inni í þéttum gróðrinum.
Umhverfis tóftina er þýft og hallar landinu nokkuð til austurs. Þéttur trjágróður, aðallega birki, er allt umhverfis en í tóftinni miðri er stór rifsberjarunni.
Tóftin snýr norður-suður og er 10,5 X 6 m stór. Hún skiptist í þrjú hólf. Ekkert grjót er sýnilegt í veggjum en þeir eru signir út og grónir. Hæð þeirra er mest um 0,6 m í stærsta hólfinu innanverðu, en

þar er tóftin niðurgrafin. Op er á nyrsta hólfið, sem jafnframt er stærst, á norður- og austurhlið. Þetta hólf er 8,5x3 m að innanmáli. Í suðurenda tóftarinnar er annað hólf, um 1,5x2 m að innanmáli. Op er á suðurhlið, en ekki virðist innangengt á milli hólfanna tveggja. Syðst við austurlanghlið tóftarinnar er þriðja hólfið. Það er ógreinilegast og hleðsluhæð þar mun lægri en annarsstaðar, eða um 0,3m. Op er á austurhlið þess en hugsanlega einnig í SV-horni. Langhliðar tóftarinnar eru greinilega bogadregnir. Norðan við tóftina er nokkurt þýfi og greinilegur bakki eða barð í A-V, sem hugsanlega er manngert. Erfitt er að greina hvort fleira leynist umhverfis tóftina vegna þess hve þéttur gróðurinn er. Hlutverk tóftarinnar er óþekkt en þetta gæti verið stekkur.
Hættumat: stórhætta, vegna skógræktar




EY-085:021 tóft óþekkt 65°49.277.N 18°15.509.V

Tóft er um 770 m VSV af bæ 001, fast norðan við Reistarárgil.
Hún er í þýfðum lyngmóa, á stalli norðan í gilbarminum. Sunnan við tóftina er brött en gróin brekka niður að ánni.
Tóftin er um 4,5x3,5 m að utanmáli og er op á norðurhlið hennar. Hún myndar gleitt "U" untanundir grónu barði, en barðið myndar vesturhlið hennar. Hleðslur eru úr torfi, allt að 0,6 m háar að utanverðu en signar að innan. Hlutverk tóftarinnar er óþekkt.
Hættumat: engin hætta



EY-086 Syðri-Reistará



30 hdr. 1712, kóngleg Majestat er eigandi jarðarinnar og liggur hún undir Möðruvallaklaustur; (JÁM X, 118-
119). Árinnar er getið í Landnámu (ÍF I, 255) en bæjarins fyrst 1381 - (DI IV, 13).
1917: 6,8 ha. 5/6 slétt. Sáðreitir 790 m2. 1990: Austan vegar er víðáttumikið mýrlendi, að hluta ræktað.


EY-086:001 *Syðri Reistará* bæjarhóll bústaður 65°49.055.N 18°14.383.V
Gamli bærinn á Syðri-Reistará var um 130 m sunnan við núverandi íbúðarhús (byggt 1954). Þar standa nú fjárhús (var áður fjós) og hlaða á upphækkun í túninu.
Fjárhúsin standa á upphækkuðum sléttuðum velli en umhverfis eru sléttuð tún
"1882-96 var byggt framhús við torfbæinn," segir í Bændur og búhagir. Gamli bærinn var uppistandandi þegar Sveinn Þorbergsson, heimildamaður, flutti að Syðri-Reistará 1948, en var rifinn fljótlega eftir það. Hann var úr torfi og grjóti, en með framhúsi úr timbri sem byggt var af Séra Davíð Guðmundssyni. Þrjár burstir voru að sunnanverðu en framhúsið að norðanverðu. Baðstofan var þrískipt og þiljuð öll að innan. Fast sunnan við bæinn, með allri suðurhliðinni, var stór og gróskumikill blóma- og trjágarður. Uppsafnaðar mannvistarleifar, bæjarhóll er enn greinilegur þar sem útihúsin eru nú og er um 40x40 m að stærð. Ekki sést til fornleifa á yfirborði og má ætla að bygging útihúsanna hafi eitthvað skemmt efstu mannvistarlögin í hólnum.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Túnakort 1917; Bændur og búhagir, 49

EY-086:002 heimild um bænhús 65°49.055.N 18°14.383.V
Getið er um bænhús á Syðri-Reistará í Jarðabók Árna og Páls frá 1712: "Munnmæli segja, að hjer hafi bænhús til forna verið, en ei minnist fólk hjer hafi tíðir veittar verið," Ekki er lengur þekkt hvar bænhúsið hefur verið og heldur ekki vitað til þess að menn hafi komið niður á mannabein eða annað sem gæti gefið vísbendingu um staðsetningu þess. Ekki er annað vitað en að bærinn á Syðri-Reistará hafi um langt skeið staðið þar sem gamli bærinn var og er líklegast að bænhúsið hafi verið í námunda við hann.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:JÁM X, 118.

EY-086:003 heimild um fjós 65°49.061.N 18°14.415.V
Fast vestan við bæ 001 var fjós og heytóft vestan við það. Útihúsin eru merkt inn á túnakort frá 1917. Þarna er nú sléttaður völlur og tún, vestan við núverandi fjárhús.
Ekki sést til fornleifa. Fjósið var torf- og grjóthlaðið fast vestan við gamla bæinn. Í því voru 8-9 básar og helluflór. Nyrst inni í fjósinu var líka upphlaðinn brunnur þar sem mjólkin var kæld.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Túnakort 1917

EY-086:004 þúst fjárhús 65°49.142.N 18°14.422.V
Útihús eru merkt inn á túnakort frá 1917 um 100 m NNA við núverandi íbúðarhús á Syðri-Reistará en um 170 m norðan við 001. Þar stendur nú skemma (áður fjárhús og hlaða) en á sama stað voru áður fjárhús og hlaða 006.
Þarna er nú sléttað tún.
Umhverfis skemmuna er greinileg upphækkun í túninu, þar sem víst er að mannvistarleifar leynist undir sverði. Svæðið er um 50x30 m stórt og snýr austur-vestur.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Túnakort 1917


EY-086:005 þúst hesthús 65°49.161.N 18°14.334.V



"Utan við Ölduna [sem lá upp og niður í túni] neðarlega [hét] Hesthúsvöllur," segir í örnefnalýsingu. Aldan er hryggur sem liggur austur-vestur í miðju heimatúninu, en um hann er nú heimreiðin að íbúðarhúsinu. Hesthús var áður nálægt norðausturhorni túnsins, vestan þjóðvegarins, um 200 m norður af gamla bænum 001 en um 150 m ANA af núverandi íbúðarhúsi. Húsið er merkt inn á túnakort frá 1917.
Þarna er nú sléttað tún.
Tóftin er því útflött en mótar þó greinilega fyrir henni. Hún er 9 x 4 m stór og snýr austur-vestur. Op hefur líklega verið á austurgafli. Vesturendi hennar er greinilegastur. Þar er einskonar dæld, en ekki greinilegt hólf. Hæð veggja er um 0,1-0,2 m.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Túnakort 1917; Ö-Syðri-Reistará, viðbætur, AJ, 1


EY-086:006 þúst hlaða 65°49.161.N 18°14.405.V
Útihús er merkt inn á túnakort frá 1917 um 100 m NNA við núverandi íbúðarhús. Þar er nú skemma (áður fjárhús og hlaða) en á sama stað voru áður fjárhús 004 og hlaða um 10 m norðan við þau.
Þar sem húsin voru er nú skemma og umhverfis er sléttað tún.
Umhverfis skemmuna er greinileg upphækkun í túninu, þar sem víst er að mannvistarleifar leynist undir sverði. Svæðið er um 50x30 m stórt og snýr austur-vestur.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Túnakort 1917

EY-086:007 *Garðakinn* gerði kartöflugarður 65°49.138.N 18°14.751.V




Kálgarðar eru merktir inn á túnakort frá 1917 um 320 m norðvestan við gamla bæjarstæðið 001. Leifar þeirra sjást enn í brekkunni fast norðan við Litluá, rétt ofan (vestan) heimatúns. Brekkan heitir Garðakinn og eru garðarnir sunnan í henni.
Brekkan er gróin og hallar til suðurs að ánni.
Svæðið er samtals um 50x30 m stórt. Gerðin eru afar greinileg, allt að 1,2 m á hæð. Hleðslurnar virðast aðallega úr torfi en þó er einstaka grjót á stöku stað. Gerðin eru skipulögð í einskonar stalla í brekkunni og skiptast í a.m.k. átta misstór hólf, en eitt er þeirra langstærst. Syðst, utan við einn lengsta útvegginn, er svo lítið hólf eða kró opin til austurs.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Túnakort 1917;

EY-086:008 tóft óþekkt 65°49.118.N 18°14.647.V
Um 300 m NV af gamla bæjarstæðinu 001. Tóft hússins er enn greinileg fast sunnan við Litluá, á móts við kartöflugarðana 007 í Garðakinn.
Tóftin er norðanundir gróinni brekku sunnan við ána, um 150 m vestan við sléttað heimatúnið. Í brekkunni fast sunnan og vestan við er vegslóði.
Tóftin er afar sigin og gróin. Hún er um 5x3,5 m að stærð og er einföld. Op er í suðausturhorni tóftar. Hleðsluhæð er um 0,3 m. Ekkert grjót er sýnilegt í veggjum hennar en virðist þó vera undir sverðinum.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar




EY-086:009 tóft útihús 65°49.070.N 18°14.544.V



Tóft er um 120 m vestur af gamla bæjarstæðinu 001 og um 150 m VSV af núverandi íbúðarhúsi. Þar var útihús samkvæmt túnakorti frá 1917.
Tóftin er í þýfðu beitartúni fast sunnan við bæjarlækinn, en sunnan við hana er vélgrafinn skurður.
Tóftin er á dálitlum hól sem sker sig greinilega úr umhverfinu fyrir lit og þúfnamyndun. Hún er sigin og hlaupin í þúfur en þó má greina lag hennar. Hún er um 9x6 m að utanmáli, snýr austur-vestur og er op á vesturgafli, en mögulega einnig á miðri suðurlanghlið. Tóftin skiptist í tvö hólf og er innangengt á milli þeirra. Hið vestara er stærra, um 5x2,5 að innanmáli, en hið eystra um 3,5x1,5 m. Hæð veggja er um 0,3 m og virðast þeir eingöngu úr torfi. Fast norðan og sunnan við tóftina eru greinilegar manngerðar niðurgrafnar dældir eða hvilftir, um 0,5 m djúpar. Í þeirri syðri, fast við mögulegan inngang á suðurlanghlið tóftarinnar, er svo djúp en gróin hola, um 0,4 m djúp. Tilgangur hennar er óljós og ólíklegt að þar sé brunnur þar sem bæjarlækurinn rennur þarna fast norðan við. Svæðið allt er um18x10 m stórt.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Túnakort 1917

EY-086:010 kuml legstaður 65°49.217.N 18°14.637.V
Árið 1936 rannsakaði Matthías Þórðarson mannabein sem fundust við malartöku, á melnefi milli Ytri- og Syðri-Reistarár, rétt sunnan við ána og um 350 m NNV af gamla bæjarstæðinu 001. Árið 1940 komu enn upp mannabein á sömu slóðum og rannsakaði Kristján Eldjárn þau. Hann gróf víðar í melnum en varð einskis vísari. Engir munir fundust. Kristján Eldjárn telur staðinn leifar af fornum kumlateigi og segir að á þessum slóðum hafi víðar blásið upp mannabein. Melraninn er á milli Reistarár að norðan og Litluár að sunnan.
Melurinn er lítt gróinn að ofan en norðan í honum, í brekkunni niður að Reistaránni, er dálítill afgirtur trjálundur gerður og nýttur af Ungmennafélagi Möðruvallasóknar.
Í Kuml og haugfé segir svo frá þessum kumlum: "1. kuml. Árið 1936 rannsakaði Matthías Þórðarson melnef milli Ytri- og Syðri-Reistarár, rétt sunnan við ána. Höfðu þar fundist mannabein við malartöku. Melurinn var blásinn, og voru beinin í yfirborðinu. Þau höfðu orðið fyrir allmiklu hnjaski, og verður því ekki sagt um legu líksins. Ekki er getið um grjót hjá beinunum, og engir munir fundust. Beinin eru úr miðaldra konu. 2. kuml. Sumarið 1940 var ég staddur á Reistará, og sagði bóndinn mér þá, að malartökumenn hefðu enn fundið mannabein í melnum. Þau voru fá og óheilleg, en nóg til að sjá mátti, að þau voru úr annarri beinagrind en hin, einnig úr miðaldra konu. Ég gróf víðar í melinn, en varð einskis vísari. Þetta eru sennilega leifar af fornum kumlateigi, enda er staðurinn mjög þesslegur." Vegagerðin hefur tekið mikið úr melnum til vegagerðar og hefur melnefið færst mikið upp (vestur) í brekkuna. Hvar kumlin voru nákvæmlega er ekki lengur vitað.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Kuml og haugfé, 134.

EY-086:011 tóft smalakofi 65°48.795.N 18°16.799.V



"Litlu neðar [en Miðaftansskál sunnan Reistarárskarðs] eru rústir af smalabyrgi á Byrgishóli," segir í örnefnalýsingu. Miðaftansskál var einnig nefnd Bæjarskál og er hún undir Hvammsfjalli beint upp af Syðri Reistará, sunnan við Reistarárskarðið. Niðurundan þessari skál er melhólar og er Byrgishóll sá hæsti. Hann er um 1,9 km vestur af bænum 001.
Hóllinn er ógróinn.
Byrgið er á hóltoppnum. Það er grjóthlaðið en alveg fallið saman, þó vel megi greina útlínur þess. Það hefur verið um 5x3,5 m að utanmáli og skiptist í tvö hólf. Hið eystra er tæplega 2x2m að innanmáli og virðist vera op á austurhlið þess. Úr vesturhliðinni liggja tvær fallnar hleðslur til vesturs og mynda annað hólf eða króm sem er alveg opin til vesturs. Engin regluleg umför eru greinanleg en hleðsluhæð mest um 0,2 m.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:Örnefni, Jóhannes Óli Sæmundsson, 22


Smalakofi 086:011, horft í suður

EY-086:012 *Reistarársel* heimild um sel 65°49.045.N 18°16.163.V
"Lágt klettabelti suður frá Fossum heitir Svörtuklettar, og enn sunnar eru tveir einstakir klettar, sem heita Tófuklettur sá efri, en Selklettur sá neðri. Eru rústir af Reistarárseli skammt þar fyrir neðan. Tóftirnar eru mjög greinilegar, sést fyrir fjórum húsum, og hefur eitt verið alveg sérstakt, spöl nokkurn frá hinum," segir í örnefnalýsingu. Guðmundur Ólafsson skráði selið árið 1985 og er það nr. 115 í skráningu hans. Fossar eru í Reistaránni ofarlega, undir Reistarárskarði. Þaðan ganga Svörtuklettar eða Votuklettar til suðurs, lágt en greinilegt klettabelti. Syðst, nálægt landamerkjum, eru svo tveir stakir klettar. Neðan og norðan við þá er víða grösugt og "seljalegt" en ekki fundust rústirnar sem nefndar eru.
"Í brattri fjallshlíð, þúfur að sunnan og norðan, mýri að suðaustan klettur norð-norðvestan við," segir í


skráningu Guðmundar Ólafssonar. Þarna er mjög gróið, nokkuð þýft og víða mikil bleyta.
Búkolla segir Reistarássel eða beitarhús hafi verið uppi við Reistarárfossa og sjást þar enn tóftir." "Þessar rústir eru mjög greinilegar, selið er byggt inn í hlíðina að norð-norð-vestan verðu. Veggir eru um 0,8-1 m háir og 1,5 m breiðir. Þar eru 4 hólf, innanmál þeirra eru a) 6x3 m, b) 7x3,5 m, c) 3,5x2,5 m, d) 4x2,5 m, Herb. d) er aðskilið frá hinum 4.m í suðvestur, inngangur er á suðausturhlið," segir í skráningu Guðmundar Ólafssonar. Ekki er fullljóst hvort selið er sunnan eða norðan landamerkja, en í skráningu Guðmundar Ólafssonar virðist það vera í landi Hvamms. Selið fannst ekki við skráningu 2007. Hnit var þó tekið neðan við Selklett um 1,4 km vestur af bæ 001.
Heimildir:Örnefni Jóhannes Óli Sæmundsson, 22.; Byggðir Eyjafjarðar 1990 l, 356; Guðmundur Ólafsson: Fornleifaskrá Arnarneshrepps 1985

EY-086:013 *Nauthólasteinar* huldufólksbústaður 65°49.061.N 18°15.588.V


Nauthólasteinar, horft í vestur

"Eigi alllangt neðar en Svörtuklettar eru Nauthólar tveir og milli þeirra Nauthólalág, grösug laut. Á nyrðri hólnum eru tveir stórir steinar, ekki ólíkir húsum í laginu. Heita þeir Nauthólasteinar og voru taldir huldufólksbústaðir", segir í örnefnaskrá Jóhannesar Óla Sæmundssonar. Steinarnir eru um 870 m vestur af bæ 001. Þeir eru greinilegir þegar gengið er upp hlíðina í átt að Reistarárskarði.
Melhryggirnir tveir eru lágir og ógrónir en grösug hvilft á milli þeirra. Þeir liggja í hlíðinni austur-vestur og eru steinarnir á þeim nyrðri.
"Þessi staður [Nauthólssteinar] mun vera miðhlíðis, nokkurn veginn beint upp af bænum, sunnan og neðan við svonefnda Fossa í Reistaránni. Þar fyrir ofan eru tættur af Reistarárseli [012], en fyrir innan og neðan steinana er stekkjartótt í Stekkjarlaut [014]", segir Helgi Hallgrímsson. Steinarnir eru báðir þríhyrnings- eða húslaga. Sá efri er mun stærri, um 2x2 m og 1,7 m á hæð, en hinn neðri 2x1 m og tæplega 1 m á hæð.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:Örnefni, Jóhannes Óli Sæmundsson, 22; Byggðir Eyjafjarðar 1990 I; Helgi Hallgrímsson: "Huldufólksstaðir og aðrir átrúnaðarstaðir í Arnarneshreppi í Eyjafirði" Heimaslóð 13-15 árg, 115

EY-086:014 tóft stekkur 65°48.969.N 18°14.997.V




"Framan í [melrana sem heitir Kambur] eru tvær grasivaxnar hvilftir, Kambslaut og Breiðasundslaut, öðru nafni Stekkjarlaut. Þar var stekkur til síðustu aldamóta [1900]. Stekkjarhalli er þar neðan við," segir í örnefnaskrá. Stekkjartóftin er rúmum 700 m norðvestan við bæ. Mjög áberandi melrani (Kambur) liggur í sveig niður hlíðina ofan við bæinn, efst til norðausturs en sveigir svo til austurs. Sunnan undir þessum kambi, alveg neðst, er tóft.
Guðmundur Ólafsson skráði tóftina árið 1985 og er hún nr. 117 í skráningu hans. Melurinn er ógróinn að ofan og norðan, þar sem hann er hár og snarbrattur. Að sunnan er hann hins vegar ekki eins hár og meira aflíðandi. Tóftin er suðvestan við melnefið neðst í hlíðinni, í gróinni skál.



Stekkjartóft í Stekkjarlaut, horft í suður

"Þessi staður [Nauthólssteinar 013] mun vera miðhlíðis, nokkurn veginn beint upp af bænum, sunnan og neðan við svonefnda Fossa í Reistaránni. Þar fyrir ofan eru tættur af Reistarársels [012], en fyrir innan og neðan steinana er stekkjartótt í Stekkjarlaut," segir Helgi Hallgrímsson í grein sinni í Heimaslóð. Tóftin er 9x8,5 m að utanmáli og er op á austurhlið, nálægt NA-horni. Hún er tvískipt og er innangengt á milli hólfa. Hið eystra snýr norður-suður og er um 6x2 m að innanmáli. Gengið er yfir í vestara hólfið á vesturhlið þess, nálægt SV-horni. Vestara hólfið snýr austur-vestur og er um 3x1,5 m að innanmáli. Hleðslur eru úr torfi og grjóti, og standa grónar um 0,5 m á hæð. Allt að þrjú umför eru greinanleg að innanverðu, og er torfi hlaðið yfir og utanmeð grjótinu.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Örnefni, Jóhannes Óli Sæmundsson, 22; Helgi Hallgrínsson: "Huldufólksstaðir og aðrir átrúnaðarstaðir í Arnarneshreppi í Eyjafirði" Heimaslóð 13-15 árg, 115; Guðmundur Ólafsson: Fornleifaskrá Arnarneshrepps 1985

EY-086:015 *Skiptagerði* tóftir+garðlag býli 65°48.797.N 18°14.605.V




"Girðingar eru hjer í landinu, sem meinast að hafi verið þrælsgerði, og er nefnt Skiptegerde" segir í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín frá 1712. Í örnefnalýsingu segir: "Sunnan og vestan við gamla bæinn var eitt sinn býli, er hét Skiptagerði,....Milli þess og bæjarins eru tveir túnskikar, aðgreindir af mýrarsundi. Heitir sá syðri Gerði en ytri Hringur." Í Byggðum Eyjafjarðar segir: " ...og sér þar móta fyrir túngarði," "Skiptagerði hét eyðikotið fyrir sunnan Syðri-Reistará," segir í Sýslu og sóknarlýsingum. Suður við landamerkin milli Hvamms og Syðri Reistarár eru sléttuð tún vestan við þjóðveginn. Vestan við þau, uppi í brekkurótinni, er Skiptagerði, um 550 m SSV af bæ 001.
Tóftirnar eru órækt vestan við tún, beint undir og austan við rafmagnslínu sem liggur SA-NV á þessum slóðum.
Talsverðar mannvistarleifar sjást enn á Skiptagerði. Þar eru 6 tóftir og túngarður (A) umhverfis sem samtals afmarkar svæði sem er sporöskjulaga, 120 X 70 m stórt og snýr norður-suður. Garðurinn er afar greinilegur og umlykur túnið að sunnan, vestan og norðan, en að austanverðu afmarkast það af brekku. Garðurinn er hæstur þar sem hann liggur norður-suður, allt að 1,5 m hár og 2,5 á breidd. Úr suðvesturhorni liggur garðurinn áfram í suðurátt, þá í landi Hvamms, og hlykkjast þar neðarlega í hliðinni, nokkurn veginn undir rafmagnslínunni, alveg að Efri Stekkjarhól í Hvammslandi 088-021. Sunnan við hann verður garðlagið ógreinilegra og hverfur brátt í þýfi sunnan við Hvammslækinn. Þó á garðlagið, samkvæmt Sveini Þorbergssyni, heimildarmanni að ná alveg suður að suðurmerkjum Hvamms og austur með þeim. Nokkrunveginn í miðju Skiptagerðistúninu liggur garðspotti (B) frá túngarðinum í austur-vestur. Hann er um 50 m langur og skiptir túninu í tvennt. Hann virðist fornlegri en aðrir hlutar túngarðsins, mjög siginn út, 1,5 m breiður en varla meira en 0,3 m hár. Hér verður öllum mannvirkjum gefinn bókstafur til aðgreiningar. Tóft (C) er vestast í túninu, 5 m austan túngarðsins. Hún er um 16x6,5 m að stærð og snýr norður-suður og skiptist í þrjú hólf. Nyrsta hólfið er stærst, eða um 6,5x4 m að innanmáli. Garði gengur eftir því endilöngu, norður-suður.




086:015 C


Tvö op virðast vera á norðurhlið, sitt hvoru megin við garðann. Einnig virðist vera op á austurhlið, nálægt NA-horni. Syðst í hólfinu er op inn í næsta rými. Það er um 3x3 m að innanmáli. Syðst í tóftinni er svo hringlaga hólf, um 2,5 m í þvermál. Engin op eru á því hólfi. Hleðslur eru allar mjög signar, ekkert grjót er í þeim og hæð mest um 0,2-0,3 m. Í skráningu Guðmundar Ólafssonar frá 1985 er tóftin nr. 112 og talin beitarhús. Þar sem hún er innan túns er þó líklegra að hér sé um fjárhús að ræða. Um 5 m austan við tóft (C) er önnur tóft (D), mun signari og ógreinilegri. Hún er um 8x4 m að stærð og snýr norður-suður. Tóftin skiptist í tvö hólf og er hið syðra stærra, eða um 2,5x4 m að innanmáli. Það greinist í tvennt um garða, 1 m breiðan, sem liggur norður-suður. Op eru á suður hlið, sitt hvoru megin við garðann. Nyrst í tóftinni er svo annað hólf, aðeins um 1x1 m að innanmáli, líklega heytóft eða hlaða. Innangengt virðist á milli hólfanna. Hins vegar er erfitt að greina op á nyrðra hólfinu, en útveggir eru þar hlaupnir í púfur og rofnir. Ekkert grjót er í veggjum en hæð um 0,2 m. Tóft þessi er nr. 121 í skráningu Guðmundar Ólafssonar frá 1985 og talin fjárhús, sem er líklegt. Í miðju túni Skiptagerðis er tóft (E). Tóftin er 7x7 m stór og er einföld. Hún er niðurgrafin og er innanmál hennar 4x5 m. Op á suður- og austurhlið. Hæð veggja er um 0,5 m að innanverðu. Ekkert grjót er í hleðslum en talsvert af grjóti er gróið í svörðinn umhverfis tóftina. Tóftin er nr. 120 í skráningu Guðmundar Ólafssonar frá 1985. Tóft (F) er í norðausturenda túngarðsins (A) sem umlykur tún býlisins. Þar sem túngarðurinn endar í norðaustri gengur dálítill rani til norðurs og myndar hann austurhlið tóftarinnar sem er 5 x 3 m stór og snýr norður-suður. Hún er hlaupin í púfur og afar ógreinileg en virðist opin til norðurs og suðurs. Veggir tóftarinnar eru um 0,4 m á hæð. Engar grjóthleðslur sjást. Tóftin var ekki skráð í skráningu Guðmundar Ólafssonar 1985. Tóftir (G og H) eru fast við túngarðinn (A) þar sem hann sveigir í norðvesturhorni túnsins.Tóftirnar eru tvær og myndar túngarðurinn vesturvegg beggja. Syðri tóftin (G) er stærri, um 9x4 m að stærð, snýr í norður-suður og er hún tvískipt. Nyrðra hólfið er 3,5x2,5 m að innanmáli og er op á norðurhlið þess. Syðra hólfið er 2,5x2 m að innanmáli og er op á suðurhlið þess. Innangengt er á milli hólfanna. Um 7 m norðan við þessa tóft er svo önnur tóft (H). Sú virðist einnig tvískipt. Hún er um 5x4 m að stærð og snýr norður-suður. Syðra hólfið er greinilegra, um 2x2 m að innanmáli. Op er á suðurhlið þess en einnig á norðurhlið yfir í nyrðra hólfið. Þarna verður rof á túngarðinum, sem annars myndar vesturvegg tóftanna, og er vesturhluti hólfsins niðurgrafinn, og myndar þannig einskonar kró við austurveginn. Hvergi er að sjá grjót í hleðslum tóftanna, en hleðsluhæð er allt að 0,4 m. Tóftirnar hafa númerið 119 í skráningu Guðmundar Ólafssonar frá 1985.




086:015 B og D



086:015E



086:015F



086:015G og H

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir:JÁM X, 119; Örnefni Jóhannes Óli Sæmundsson, 23; Byggðir Eyjafjarðar 1990 l, 356; Sýslu og sóknarlýsingar; Guðmundur Ólafsson: Fornleifaskrá Arnarneshrepps 1985

EY-086:016 dys óþekkt 65°49.152.N 18°14.927.V


Grjótdys 086:016, horft í norður

Fast norðan við Litluá í hvamminum ofan við neðsta fossinn í henni er dys eða grjóthrúgald sem mögulega gæti verið mannaverk og er því skráð. Dysið er um 450 m vestur af bæ 001,
Þetta er gróinn og skjólsæll hvammur og liggur rafmagnslínan yfir hann.
Í hvamminum, norðan við ána, er gróinn hryggur eða barð og er steindys sunnan í því. Það má vera að hrúgan sé aðeins framburður árinnar en þar sem það er ekki fullsannað er það hér skráð. Grjótið er aðallega í einni hrúgu en einnig dreift hér og þar og gróið niður í svörðinn. Vestar í hvamminum, sunnan við ána er stakur klettur og norðandundir honum er líka steinhrúga. Hrúgan gæti verið framhrun en erfitt er að fullyrða um það.
Hættumat: engin hætta

EY-086:017 hleðsla hlóðir 65°49.129.N 18°14.837.V


Hlóðir 086:017

Um 370 m NV af bæ 001, fast sunnan við Litluá, þar sem neðsti fossinn er í henni, eru hlóðir.
Í gróinni hvilft sunnan við ána.
Þarna er allstór steinn, ca. 1,5x1,5 m, lágur og flatur að ofan. Ofaná hann hafa verið lagðir 8 minni steinar og eru þeir stærstu um 30x30 m stórir. Steinarnir mynda hring, en einn steinninn, flatur og ferkantaður, liggur í miðjum hringnum. Allt er þetta nú gróið niður af lyngi. Eitthvað er af grjóti í grasinu umhverfis og má vera að það tengist þessu. Þarna voru samkvæmt Sveini Þorbergssyni, heimildarmanni hlóðir og ull þvegin, en það var þó fyrir hans tíð.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar

EY-086:018 heimild um aftökustað 65°49.108.N 18°16.673.V
"...gljúfur Reistarárinnar, [ofan við Krummaberg] þar sem hún fellur þvert [nefnist] Þvergil. Munnmælasögn hermir, að þar hafi verið hengdur maður, sumir segja Sveinn skotti", segir í örnefnalýsingu. Þessi staður er austurundir Reistarárskarði um 1,5 km vestur af bæ 001, þar sem áin sveigir og rennur "þvert".


Þúst þar sem svínakofi 086:019 hefur líklega verið, horft í suður

Áin fellur þarna í gili, með grýttum börmum beggja vegna.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:Örnefni, Jóhannes Óli Sæmundsson, 23

EY-086:019 *Svínakofi* þúst útihús 65°49.192.N 18°13.752.V
"Norðurhluti engisins niður frá túninu heitir Dýjapartur. Í honum miðjum er tóftarbrotið Svínakofi. Nokkru neðar og fast við ána, sem þá hefur fengið nafnið Pálmholtslækur, er pytturinn Söngull. ... Nokkru sunnar er pollur, sem heitir Tóftartjörn", segir í örnefnaskrá. Landamerki Syðri Reistarár austan þjóðvegarins eru í norðri og austri

um Reistará og Pálmholtslæk, en þær renna saman. Ef ánni er fylgt austur frá þjóðvegi og þangað sem hún sveigir til suðurs er komið í afar blautan og þýfðan hluta engjanna. Í honum miðjum er Svínakofi, skammt vestan við ána um 540 m austur af bæ 001." Guðmundur Ólafsson skráði tóftina árið 1985 og er hún nr. 122 í skrá hans. Svæðið allt er mjög þýft en tóftarbrotið sker sig þó úr umhverfinu þar sem það stendur aðeins hærra. Mikil bleyta er allt umhverfis og eru miklar mógrafir 026c skammt sunnan við.
Tóftarbrotið er hlaupið í þúfur og illa farið af beit og vatnsrofi. Því er ekki lengur hægt að sjá neina hólfaskipan. Það er um 6x3 m, snýr austur-vestur og um 0,5 m á hæð.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Guðmundur Ólafsson: Fornleifaskrá Arnarneshrepps 1985; Örnefni, Jóhannes Óli Sæmundsson, 23

EY-086:020 áletrun 65°49.091.N 18°14.481.V




„1864 AHS“

Fast vestan við núverandi íbúðarhús á Syðri-Reistará stendur steinn upp við girðingarstaur. Á hann er letrað "1864 AHS".
Steinninn er kantaður og flatur að framan, e.t.v. tilhöggvinn. Hann er um 0,5 m hár. Hann var áður í túninu sunnan við íbúðarhúsið, þar sem ummerki um fjárhús 021 sjást enn, enda hafði hann verið í hleðslu hússins.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar

EY-086:021 *Fjárhúsavöllur* þúst fjárhús 65°49.091.N 18°14.481.V
"[þar sem vegurinn heim að íbúðarhúsinu liggur nú] hét áður Fjárhúsavöllur," segir í örnefnalýsingu. Heimreiðin að bænum liggur beint í vestur frá þjóðvegi að núverandi íbúðarhúsi. Beggja vegna eru nú sléttuð tún. Í túninu, um 60 m fyrir sunnan íbúðarhúsið, er talsverð óslétta, hryggir og dældir. Þar voru áður fjárhús.
Á þessum slóðum eru nú sléttuð tún.
Fjárhúsin voru úr torfi og grjóti og voru þau uppistandandi er Svein Þorbergsson, heimildamaður, kom á bæinn 1948, en rifin fljótlega eftir það. Í grjóthleðslu húsanna að utanverðu var steinn með áletruninni "1864 AHS" og snéri hann þannig að áletrunin var útávið. Þessi steinn 020 stendur nú vestan við íbúðarhúsið. Talsvert hefur komið upp af grjóti á þessu svæði og hefur það allt verið fjarlægt, enda til ama. Ekki sést til fornleifar en ummerki um mannvirkið eru augljós. Svæðið er um 30x20 m að stærð og snýr norður-suður.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Ö-Syðri-Reistará viðbætur, AJ, 1

EY-086:022 tóft smalakofi 65°49.102.N 18°16.514.V




Beint niður af Reistarárskarði, fast sunnan við árgilið, er dálítill melur í annars gróinni hlíð. Þar efst á melnum, um 1,6 km vestur af bæ 001, er byrgi.
Melraninn liggur austur-vestur í gróinni brekku fast sunnan árgilsins.
Byrgið er grjóthlaðið og er talsvert af hellugrjóti í því. Það er um 4,5x3,5 m að stærð. Op er á austurhlið. Hleðsluhæð er mest um 0,3 m. Umför grjóts eru mest 2 nema í vesturvegg, þar sem hleðslan er hæst og gerð úr þunnum hellum, eru allt að 5 umför. Líklega hefur þarna verið smalabyrgi samkvæmt Sveini Þorbergssyni heimildamanni.
Hættumat: engin hætta

EY-086:023 þúst útihús 65°49.087.N 18°14.270.V

Í túninu ASA af núverandi íbúðarhúsi, sunnan við heimreið og um 100 m ANA við gamla bæ 001 er óljós þúst í túninu. Þar var ekki útihús samkvæmt túnakorti 1917.
Umhverfis eru sléttuð tún.
Þústin er lítill hóll eða bunga, um 0,6 m á hæð og 4x3 m að utanmáli. Það virðist vera eitthvað af grjóti í þústinni þótt ekki sé það sýnilegt.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar


Þúst 086:023, horft í suður

EY-086:024 tóft herminjar 65°49.274.N 18°14.781.V
Um 480 m NV af bæ 001, fast sunnan við Reistará er tóft. Um 150 m sunnan við tóftina er afgirtur trjálundur norðan í melrana, í eigu Ungmennafélags Möðruvallasóknar.
Tóftin er í grónum hvammi sem áin hefir grafið. Áin rennur til austurs fast norðan við tóftina, en norðan við ána er hár og brattur, ógróinn melur.
Tóftin er mikið niðurgrafin, og eru torf og grjóthleðslur að innanverðu allt að 1,2 m háar. Að utanverðu eru veggir aðeins 0,3 m. Tóftin er 5 x 3,5 m stór en veggir eru talsvert signir inn og er innanmál tóftarinnar því aðeins um 3x0,8 m. Hún snýr norður-suður og er op á henni til norðurs að ánni. Aðeins eru um 2 m frá árbakkanum að opinu, en tóftin stendur þó aðeins hærra en áin. Einskonar grjótrani liggur úr opi tóftarinnar fram á 0,5 m hátt barð niður á árfarveginn og hallar rananum inn í tóftina. Sveinn Þorbergsson, heimildamaður telur tóftina tengjast umsvifum Breta á svæðinu í seinna stríði.




Hættumat: hætta, vegna vatnsaga

EY-086:025 þúst óþekkt 65°48.860.N 18°13.735.V
Um 600 m SA af bæ 001, í sléttuðu túni um 200 m norðan við landamerki Hvamms og Syðri Reistarár, eru þústir og óslétta í túninu.
Þarna eru sléttuð tún alveg vestan frá þjóðvegi og austur að Pálmholtslæk.
Svæðið er um 20x20 m. Engar tóftir eru þarna, en mikið af grjóti hefur komið upp á svæðinu og það er mjög óslétt. Afar líklegt er að þarna leynist e.k. mannvistarleifar undir sverði.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar

EY-086:026 náma mógrafir 65°49.109.N 18°13.099.V
Austur við Pálmholtslæk, sem er á merkjum, 530 m austur frá bæ [001] í óræktinni austan við sléttuð tún eru mógrafir.
Vestan við þær eru sléttuð tún vestur að þjóðveginum.
Mógrafirnar eru um allt þarna í óræktinni meðfram læknum, allt að landamerkjum Hvamms og Syðri Reistarár [086:26B]. Sumar eru alldjúpar, en flestar þornaðar upp og aðrar hafa verið fylltar. Ein þeirra er flennistór [086:28C], um 10x10 m, fast sunnan við tóftarbrot [019]. Rétt er að geta þess að framhald þessara grafa má einnig greina austan við læk í landi Pálmholts og um 40 m sunnan við veg.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar

EY-087 Hvammkot



1712: "Ábúandinn hjáleigunnar Hvammkots (sem að eru v C) og x Caða í heimajörðunni er Íngimundur Sumarliðason. Hans eign er hjáleigan," segir í Jarðabók Árna og Páls frá 1712, 120. Samkvæmt Byggðum Eyjafjarðar (1990 I, 380 og 426) fór bærinn í eyði 1945.
1917: 2,6 hdr. 1/4 slétt.

EY-087:001 *Hvammkot* bæjarstæði bústaður 65°48.635.N 18°13.979.V
"Beint útaf bænum utan við læk er tún sem heitir Dagsláttur ... Þar stóð fyrir löngu bær sem hét Hvammkot ... Þessi bær brann fyrir löngu og var hann þá færður nokkru neðar [002] En nú jafnaður við jörðu," segir Örnefnaskrá Aðalsteins Jónssonar. "Neðarlega í túninu um það bil sem Ólafsfjarðarvegur er nú," segir í Byggðum Eyjafjarðar. Samkvæmt Þórði G. Þórðarsyni heimildamanni var Hvammkotsbærinn fyrst norðvestur frá bæjarhúsinu í Hvammi 088:001, en eftir að bærinn brann var hann færður mun austar og stóð þá í NNA frá Hvammi. Er þetta síðara bæjarstæði skráð hér. Þá stóð bærinn um 30-40 m vestur af þjóðveginum (Ólafsfjarðarvegi). Bærinn fór í eyði 1945.
Þar sem Hvammkot stóð síðast eru nú sléttuð tún.
Ekki sést til fornleifar og ekki er greinilegur bæjarhóll, þótt einhverjar mishæðir séu í túninu. Samkvæmt frásögn heimildarmanns var 4-5 básа fjós áfast bæjarhúsinu.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Túnakort 1917; Ö-Hvammur AJ, 2; Örnefni, Jóhannes Óli Sæmundsson; Byggðir Eyjafjarðar 1990 I, 381og 426

EY-087:002 *Hvammkot* bæjarstæði bústaður 65°48.635.N 18°14.082.V
"Beint útaf bænum utan við læk er tún sem heitir Dagsláttur ... Þar stóð fyrir löngu bær sem hét Hvammkot ... Þessi bær brann fyrir löngu og var hann þá færður nokkru neðar. En nú jafnaður við jörðu," segir Örnefnaskrá Aðalsteins Jónssonar. Hvammkotsbærinn var fyrst norðvestur frá bæjarhúsinu í Hvammi 088:001, en eftir að bærinn brann var hann færður mun austar og stóð þá í NNA frá Hvammi. Fyrra bæjarstæðið er skráð hér.
Á því svæði sem Hvammkot mun hafa staðið fyrir bruna eru nú sléttuð tún.
Ekki sést til fornleifar, og engin ummerki bæjarhóls greinanleg á þessu svæði.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Ö-Hvammur AJ, 2


EY-087:003 heimild um hænsnakofa 65°48.645.N 18°14.033.V
Á túnakorti frá 1917 er útihús fast austan vegarins, um 80 m vestan við bæ 001. Þar var hænsnakofi.

Á þessum slóðum eru nú sléttuð tún, en moldarvegurinn liggur enn á sama stað.
Ekki sést til fornleifar.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Túnakort 1917

EY-087:004 heimild um fjárhús 65°48.663.N 18°14.042.V
Inn á túnakort frá 1917 er merkt útihús um 100 m NA af bæ 001. Þar var fjárhús, en það var nokkurn veginn á sama stað og útihús stendur nú norður í túninu, um 130 m norður af íbúðarhúsinu í Hvammi 088:001.
Umhverfis útihúsið er nú sléttað tún.
Mikil þykknun og hólmyndun er við útihúsið að vestanverðu, en sá hluti er elstur. Einhverjar grjóthleðslur eru einnig undir og við vesturhlutann.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Túnakort 1917

EY-087:005 frásögn brunnur 65°48.635.N 18°13.979.V
Samkvæmt Þórði G. Þórðarsyni, heimildarmanni, var brunnur við suðausturhorn Hvammkotsbæjarins 001, þar sem hann stóð síðast.
Á þessum slóðum eru nú sléttuð tún.
Brunnurinn var hlaðinn upp, en hefur nú fyrir löngu verið jafnaður og fylltur. Ekki sést til fornleifar.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar

EY-088 Hvammur



50 hdr. að meðreiknaðri hjáleigunni Hvammkoti 1712, bændaeign (JÁM X 1712, 119). Á jörðinni var bænhús til forna og er þess fyrst getið 1390 (DI III, 449). Það virðist fyrir nokkru niðurfellt við skráningu Jarðabókar Árna og Páls 1712 (JÁM X 1712, 119). Á jörðinni voru hjáleigurnar Hvammkot (fór í eyði 1945 og landið lagt undir Hvamm), Lækjarbakki (fór í eyði 1963) og Steinar (fór í eyði upp úr aldamótum 1900). Niður við sjóinn myndaðist einnig þurrabúðaþorp í landi jarðarinnar og stóðu þar mest sex býli, Sjávarbakki, Litli-
Hvammur, Sæból, Miðkot, Háagerði og Ásbyrgi (Byggðir Eyjafjarðar 1990 I, 380-381).
1917: 4,5 ha. 1/2 slétt. Sáðreitir 120 m2.

EY-088:001 *Hvammur* bæjarhóll bústaður
65°48.572.N 18°14.019.V
Íbúðarhúsið í Hvammi, það sem nú stendur (2 hæðir og kjallari) er byggt 1926, en gamli bærinn stóð á sama stað. Fast sunnan við gamla bæinn var síðar reist timburhús með kjallara (nú rifið) og 8 básа fjós, úr torfi og grjóti, áfast því að sunnan, syðst á bæjartorfunni. Á bæjarhólnum fast vestan við núverandi íbúðarhús var einnig torfbær og stóð hann eftir


Hvammur 088:001, horft í vestur


að húsið var byggt. Þar var búið fram yfir stríð, e.t.v. til 1948 að sögn Þórðar G. Þórðarsonar heimildamanns. Á bæjartorfunni, sunnan við núverandi íbúðarhús, stóð einnig þinghús hreppsins 011 en það var rifið þegar húsið var byggt.
Nú er sléttað allt umhverfis núverandi íbúðarhúsið í Hvammi. Malarplan er að húsinu að sunnan og austan en grasflöt að norðan og vestan. Um 10 m norðan við húsið rennur bæjarlækurinn í litlu gili eða dragi til austurs.
Ekki sést til fornleifa. Bæjarhóllinn í Hvammi er uppburðarlítill og hefur greinilega talsvert verið raskað. Upphækkun má þó greina á svæði sem er 30x30 m stórt. Hóllinn er mest 1 m hár, greinilegastur að norðanverðu við núverandi íbúðarhús.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Túnakort 1917;

EY-088:002 gripir bænhús 65°48.571.N 18°13.993.V
Bænhús var í Hvammi og er elsta varðveitta heimildin um það frá1390: "sagdi [seljandi] til bænhuss skylldar aa huammi ok skildi af ser fyrnd aa bænhus," segir í sölubréfi sem varðveist hefur í Íslensku fornbréfasafni. Í Jarðabók Árna og Páls frá 1712 segir: "Hjer hefur til forna bænhús verið, sem menn þykjast muna, en ei þykjast nú nálægir menn minnast hjer hafi tíðir veittar verið." Ekki er vitað nákvæmlega hvar bænhúsið stóð, en þegar grafið var fyrir símanum fast austan við núverandi íbúðarhús á 7. áratug 20. aldar fannst kólfur úr bjöllu.
Nú er sléttað allt umhverfis íbúðarhúsið og sléttuð tún austan, norðan og vestan við það.
Ekki sést til fornleifar en þar sem bænhúsið var er nú malarplani austan við núverandi íbúðarhús.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:JÁM 1712, 119; DI III, 449

EY-088:003 heimild um útihús 65°48.567.N 18°14.000.V
Inn á túnakort frá 1917 er merkt útihús fast austan við bæ. Samkvæmt Þórði G. Þórðarsyni, heimildarmanni voru tveir kofar á þessum slóðum. Þeir hafa væntanlega verið e.k. útihús en nákvæmt hlutverk þeirra óþekkt.
Nú er sléttað malarplan austan við íbúðarhús.
Ekki sést til fornleifar.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Túnakort 1917

EY-088:004 heimild um fjárhús 65°48.570.N 18°14.067.V
Inn á túnakort frá 1917 er merkt útihús um 50 m vestan við bæ 001. Þar voru fjárhús með hlöðu og hesthús. Á svipuðum slóðum, um 50 m vestan við íbúðarhúsið í Hvammi er nú fjós og hesthús.
Umhverfis útihúsin er sléttað plan að austan og sunnan, en bæjarlækurinn rennur fast norðan þeirra.
Ekki sést til fornleifar.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Túnakort 1917

EY-088:005 þúst hesthús 65°48.496.N 18°13.992.V
"Suður á túni, sem eru harðvellishólar voru skepnuhús áður, þar heitir Þríhyrningur," segir í örnefnaskrá. Þessi hús eru merkt inn á túnakort frá 1917. Þar eru sýnd tví- eða þrískipt útihús syðst í túninu. Tóftarbrot sjást enn á þessum stað, um 140 m suður af bæ 001 á grónu holti, skammt vestan við malarslóða sem liggur þar norður-suður. Þarna voru hesthús og fjárhús.
Þarna er órækt og nokkuð þýft.
Þústin er mjög sigin og hefur henni eitthvað verið raskað. Hún er um 16x10 m að stærð. Ein vegghleðsla er mjög greinileg, liggur norður-suður um 4,5 m. Veggurinn er niðurgrafinn og er hleðslan hlaðin inn í bakkann. Hún er mest tvö umför af fremur stóru grjóti. Hæð er um 0,5 m. Aðrar vegghleðslur eru ógreinilegri. Þústin virðist tvískipt. Lítið niðurgrafið hólf er í suðurenda, um 2,5 m í




þvermál. Nyrðra hólfið er L-laga, um 9 X 5 m stórt. Op virðist vera til austurs nálægt norðurenda, og hugsanlega annað á norðurvegg.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Örn.AJ; Túnakort 1917;

EY-088:006 þúst hesthús 65°48.507.N 18°14.165.V
Inn á túnakort frá 1917 er merkt útihús nálægt túnjaðri um 160 m VSV af bæ 001. Vestan í hól sem þar er, var útihús, líklega hesthús.
Þarna er nú ruslahaugur fast austan við skurð sem liggur norður-suður. Sléttað tún er vestan við skurðinn.
Á þessu svæði er ógreinleg þúst sem er um 10x10 m stór og sker sig úr vegna litar og þúfnamyndunar. Engar greinilegar tóftir sjást lengur.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Túnakort 1917;

EY-088:007 heimild um hesthús 65°48.501.N 18°14.132.V
Inn á túnakort frá 1917 er merkt útihús um 160 m VSV af bæ 001. Þar var líklega hesthús en er nú horfið.
Sunnan undir hól sem raflína liggur yfir, en vestan hólsins er ruslahaugur. Gróið djúpu grasi.
Ekki sést til fornleifar.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Túnakort 1917;

EY-088:008 tóft fjárhús 65°48.502.N 18°11.111.V



Inn á túnakort frá 1917 er merkt útihús nærri túnjaðri, um 150 m SSV af bæ 001.Tóftir hússins sjást enn, í gróinni brekku vestan undir rafmagnslínu. Á þessum stað var fjárhús og heytóft samkvæmt Þórði G. Þórðarsyni, heimildarmanni.
Þarna er sund á milli Hvamms I 001 og Hvamms II, gróið háu grasi.
Tóftin 10 X 2 m að innanmáli, snýr norður-suður og er einföld. Hún er grafin inn í brekkuna að norðanverðu. Að sunnanverðu er sigin vegghleðsla út torfi og grjóti, um 0,3 m há. Hún er rofin á einum stað, fyrir miðju og var líklega op þar. Tóftin er opin til vesturs.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Túnakort 1917;


EY-088:009 *Krókhús* heimild um fjárhús 65°48.514.N 18°14.081.V
Inn á túnakort frá 1917 er merkt útihús um 130 m SSV af bæ 001, norðan við útihús 008. Þar var fjárhús, kallað Krókhús samkvæmt Þórði G. Þórðarsyni, heimildamanni.
Þarna er gróinn hóll undir rafmagnslínu.
Ekki sést til fornleifar.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Túnakort 1917;

EY-088:010 heimild um útihús 65°48.589.N 18°14.193.V
Inn á túnakort frá 1917 er merkt útihús í norðvesturhorni túns, um 160 m VNV af bæ 001, fast norðan við bæjarlækinn. Nú eru þarna sléttuð tún og ekki sést til fornleifar.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Túnakort 1917;

EY-088:011 heimild um þingstað 65°48.566.N 18°14.006.V
"Fram til 1824 var hreppurinn kenndur við þennan bæ og nefndur Hvammshreppur og var þá þingstaður hér," segir í Byggðum Eyjafjarðar. Þinghús úr torfi og grjóti stóð á bæjartorfunni sunnan

við núverandi íbúðarhús. Það var rifið þegar íbúðarhúsið var byggt 1926. Nú er sléttað plan umhverfis húsið. Ekki sést til fornleifar.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:BE 1990, 380

EY-088:012 heimild um mógrafir 65°48.711.N 18°13.190.V
"..merkin [milli Hvamms og Reistará eru] í beinni línu um [Kamb] frá Tófukletti ofarlega í fjalllinu niður um Skiptageröi [086:015] og Neðri-Grafarlæk," segir í örnefnalýsingu. Mógrafir voru beggja vegna landamerkja þar sem nú eru tún austan við þjóðveg, um 680 m ANA við bæ 001. Þarna eru nú sléttuð tún. Ekki sést til fornleifar.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Örnefni, Jóhannes Óli Sæmundsson

EY-088:013 tóft stekkur 65°48.562.N 18°14.444.V


"Eigi miklu vestar en túnið í Hvammi eru Stekkjarhólar. Sunnan undir þeim eru rústir af stekk frá Hvammi," segir í örnefnaskrá. Stekkjartóftin er um 340 m vestur af bæ 001, sunnan undir Neðri Stekkjarhól og fast norðan við bæjarlækinn. Guðmundur Ólafsson skráði stekkinn árið 1985 og er tóftin nr. 101 í skráningu hans. "Grasi gróin laut í hlið á hól, lautin er kölluð dalur," segir í skráningu Guðmundar Ólafssonar. Í grasi gróinni brekku norðan lækjar, vestan við sléttuð tún.
Tóftin er um 10x5 m að stærð og snýr austur-vestur. Hún er tvískipt. Op er í suðausturhorni, og gengt á milli hólfanna um op á millivegg. Vestara hólfið er um 3x2,5 m að innanmáli en hið eystra 4,5x3,5 m. Að norðanverðu er tóftin grafin inn í brekkuna, en aðrir veggir eru torfhlaðnir, um 0,3 m á hæð.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Örnefni, Jóhannes Óli Sæmundsson; Guðmundur Ólafsson: Fornleifaskrá Arnarneshrepps 1985

EY-088:014 *Lækjarbakki* heimild um bústað 65°48.551.N 18°14.190.V
"Skammt ofan við bæinn stóð Lækjarbakki sem fór í eyði 1963 og eru þar tóftarbrot," segir í Byggðum Eyjafjarðar. Ennfremur segir þar: "Bærinn stóð vestur af Hvammsbænum, rétt sunnan við Hvammslæk. Tóftir sjást þar enn," segir í Byggðum Eyjafjarðar. Í ábúendatali í sömu heimild er býlið í byggð fyrir 1902 en fer þá í eyði um 4 ára skeið og byggist svo aftur. Samkvæmt Þórði G. Þórðarsyni, heimildarmanni, var þarna auk þess fjárhús fyrir um 30 kindur. Lækjarbakki var um 120 m vestur af bæ 001. Nú eru sléttuð tún þar sem bærinn stóð.
Ekki sést til fornleifar.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:BE 1990, 380, 426.


EY-088:015 *Steinar* þúst bústaður 65°48.580.N 18°13.241.V
"[Fjórða býlið í Hvammslandi var] um skeið á steinótta holtinu beint austur frá bænum, efst í Hvammsengi. Hét það Steinar, og ætíð kallað "á Steinum"," segir í örnefnaskrá. Austan við Hvamm, austan (neðan) við þjóðveg eru sléttuð tún. Í þessum túnum, um 580 m austur af bæ 001 er grýtt steinótt holt. Í því eru stórir steinar sem sjást greinilega frá þjóðveginum. Býlið á Steinum stóð þar sem nyrsti steinninn á holtinu er. Samkvæmt Byggðum Eyjafjarðar fóru Steinar í eyði upp úr aldamótunum 1900. Umhverfis er sléttað tún en hrossabeitarhagi fyrir austan þau.
Við nyrsta steininn er hóll, um 15 m í þvermál og allt að 1,5 m á hæð. Engar tóftir eru á hólum en nokkuð þýft og vel gróið, og sker hann sig því frá umhverfinu.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Örnefni, Jóhannes Óli Sæmundsson; Byggður Eyjafjarðar 1990 I, 380

EY-088:016 *Litli-Hvammur* heimild um bústað 65°48.830.N 18°11.428.V


Litli-Hvammur eða Sjávarbakki 088:016, horft í austur

"Austan við Hvammsengið er víðáttumikið beitilandsflæmi, sem kallast Hvammsreitur. Þar niðri við sjóinn myndaðist um skeið vísir að sjávarþorpi, er nefndist Sjávarbakki. Þar er nú aðeins eitt býli, Litli-Hvammur, og er það oftast kallað Sjávarbakki. Hin býlin hétu Ásbyrgi [017] og Háagerði [018], og svo er Gilsbakki nokkru ofar, nýbýli," segir í örnefnalýsingu Jóhannesar Óla Sæmundssonar. Í Byggðum Eyjafjarðar segir hins vegar að býlin hafi verið 6, (sum þurrabúðir) og farið í eyði um 1950 nema Sjávarbakki. Samkvæmt Þórði G. Þórðarsyni, heimildamanni, voru býlin 6 talsins og voru auk Litla-Hvamms; Háagerði 018, Ásbyrgi 017, Sæból 026, Miðkot 028 og Sjávarbakki 023. Litli-Hvammur er hið eina sem enn er í byggð og er nú yfirleitt nefndur Sjávarbakki. Hann er um 2 km beint austur af Hvammi 001, alveg á sjávarbakkanum austan við Hjalteyrarveginn.
Húsin standa í dálítilli lægð niður við sjóinn og sjást ekki frá veginum.
Engar tóftir eldri bæjarhúsa eru sjáanlegar.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Örnefni, Jóhannes Óli Sæmundsson; Byggðir Eyjafjarðar 1990 I, 380

Ey-088:017 *Ásbyrgi* heimild um býli 65°48.804.N 18°11.613.V




"Austan við Hvammsengið er víðáttumikið beitilandsflæmi, sem kallast Hvammsreitur. Þar niðri við sjóinn myndaðist um skeið vísir að sjávarþorpi, er nefndist Sjávarbakki. Þar er nú aðeins eitt býli, Litli-Hvammur, og er það oftast kallað Sjávarbakki [016]. Hin býlin hétu Ásbyrgi og Háagerði [018], og svo er Gilsbakki nokkru ofar, nýbýli," segir í örnefnalýsingu Jóhannesar Óla Sæmundssonar. Í Byggðum Eyjafjarðar segir hins vegar að býlin hafi verið 6, (sum þurrabúðir) og farið í eyði um 1950 nema Sjávarbakki. Samkvæmt Þórði G. Þórðarsyni, heimildamanni, voru býlin 6 talsins og voru Litli-Hvammur 016, Háagerði 018, Ásbyrgi, Sæból 026, Miðkot 028 og Sjávarbakki 023. Litli-Hvammur er hið eina sem enn er í byggð og er nú yfirleitt nefndur Sjávarbakki. Ásbyrgi var um 1,9 km austur af Hvammi 001, austan við Hjalteyrarveginn. Uppi á brekkunni vestan við Litla-Hvamm 016 stendur stýrishús af báti sem nýtt er sem sumarbústaður. Á sama stað var býlið Ásbyrgi. Þarna er nú sléttað tún. Um 15 m austan við stýrishúsið er hóll eða ruðningur, gróinn upp. Að öðru leyti er allt sléttað og ekki sést til fornleifar.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Örnefni, Jóhannes Óli Sæmundsson; Byggðir Eyjafjarðar 1990 l, 380


Ey-088:018 *Háagerði* bæjarstæði býli 65°48.788.N 18°11.628.V
"Austan við Hvammsengið er víðáttumikið beitilandsflæmi, sem kallast Hvammsreitur. Þar niðri við sjóinn myndaðist um skeið vísir að sjávarþorpi, er nefndist Sjávarbakki. Þar er nú aðeins eitt býli, Litli-Hvammur, og er það oftast kallað Sjávarbakki [016]. Hin býlin hétu Ásbyrgi [017], og Háagerði og svo er Gilsbakki nokkru ofar, nýbýli," segir í örnefnalýsingu Jóhannesar Óla Sæmundssonar. Í Byggðum Eyjafjarðar segir hins vegar að býlin hafi verið 6, (sum þurrabúðir) og farið í eyði um 1950 nema Sjávarbakki. Samkvæmt Þórði G. Þórðarsyni, heimildamanni, voru býlin 6 talsins og voru Litli-

Hvammur 016, Háageröi, Ásbyrgi 017, Sæból 026, Miðkot 028 og Sjávarbakki 023. Litli-Hvammur er hið eina sem enn er í byggð og er nú yfirleitt nefndur Sjávarbakki. Ásbyrgi var um 1,9 km austur af Hvammi 001, austan við Hjalteyrarveginn. Uppi á brekkunni vestan við Litla-Hvamm 016 stendur stýrishús af báti sem nýtt er sem sumarbústaður. Býlið Ásbyrgi 017 var þar sem stýrishúsið er nú en Háageröi var skammt sunnan við Ásbyrgi.
Umhverfis stýrishúsið er sléttuð flöt afgirt með skjólbelti. Sunnan þess er nú sléttað tún.
Ekki sést til fornleifar.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Örnefni, Jóhannes Óli Sæmundsson; Byggðir Eyjafjarðar 1990 l, 380

EY-088:019 *Neðri Stekkjarhóll* tóft stekkur 65°48.570.N 18°14.466.V
Stekkjarhólar heita hólar tveir vestur af bænum 001, fast vestan við túnið og norðan bæjarlækjarins. Ofan á hinum neðri, um 350 m vestur af bæ 001, er tóft. Guðmundur Ólafsson skráði tóftina árið 1985 og er hún nr. 103 í skrá hans.
"Grasi vaxið ofan á hól," segir í skráningu Guðmundar Ólafssonar. Hóllinn er ávalur og gróinn.
Tóftin er gróin en mjög greinileg. Hún er niðurgrafin í topp hólsins og eru vegghleðslur að utanverðu nær engar. Tóftin er um 19x8 m að stærð og snýr norður-suður. Tóftin greinist í þrjú hólf sem öll dýpka inn að miðju og eru líklega mest um 1 m djúp. Syðsta hólfið er um 5,5x4,5 m að innanmáli, miðhólfið um 4x2 m og nyrsta hólfið um 4x4,5 m. Á nyrsta hólfinu er op í NA-horni, en önnur op eru ekki á tóftinni. Engar grjóthleðslur. Hlutverk mannvirkisins er óþekkt en líklega er um stekk eða beitarhús að ræða.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Guðmundur Ólafsson: Fornleifaskrá Arnarneshrepps 1985



EY-088:020 náma mógrafir 65°48.279.N 18°14.460.V
"...á milli Reiðholts [090:015] og Selåss er sund er Grófin heitir, þar var svarðartekja og Reiðholtið notað fyrir þurrkvöll," segir í örnefnaskrá. Selás er hálfgróinn malarás vestan við bæ 001, við fjallsrótina. Hann nær suður í Hofsland. Reiðholtið er austar, nær þjóðveginum á milli Hvamms og Hofs. Á því er dálítill skógur og nyrst á því stendur nýbýlið Hvammur II. Grófin er breitt sund, mjög blautt, á milli Reiðholtsins og Selåss og um 640 m suðvestan við bæ 001.
Á Reiðholtinu er nú mikið magn ónýtra heyrúlla.
Í Grófinni vestan undir Reiholtinu var tekinn mór og var mjög góður svörður. Margar grafanna þar voru gríðarlega djúpar en hafa nú verið fylltar. Sér þó móta fyrir þeim sem misjöfnur í sundinu. Svæðið er um 100x 80 m.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Ö-Hvammur AJ, 1



EY-088:021 tóft stekkur 65°48.597.N 18°14.608.V
Stekkjarhólar heita hólar tveir vestur af bænum 001, fast vestan við túnið og norðan bæjarlækjarins. Tóftin er ofan á Efri Stekkjarhól, um 480 m vestur af bæ, beint undir rafmagnslínu sem þar gengur um hlíðina.
"Grasi vaxið beint ofan á hól. Hóllinn er ávalur og gróinn, en austan hans eru sléttuð tún," segir í skráningu Guðmundar Ólafssonar.
Tóftin er mjög greinileg en þó nokkuð sigin og hlaupin í þúfur. Hún er um 18x11 m að stærð, snýr norður-suður og greinist í fjögur hólf. Nyrst eru tvö samliggjandi hólf. Hið eystra er um 3,5x3 m að innanmáli og er inngangur á austurhlið þess. Vestara hólfið er um 3x3 m og er lítill gangur eða op er á milli hólfanna. Sunnan við þetta vestara hólf er annað hólf. Það er um 6,5x3 m að innanmáli, með op á austurvegg. Norðarlega í hólfinu er ferköntuð hola, alveg gróin. Hún er um 0,4 m djúp og um 0,8x0,5 m á stærð. Syðst er síðan minnsta hólfið, um 2x1,5 m að innanmáli. Inngangur er á austurvegg

eins og á hinum hólfunum. Vegghleðslur tóftarinnar eru allar úr torfi, ekkert grjót er sjáanlegt í þeim. Hleðsluhæð er um 0,3 m og breidd allt að 2 m.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Guðmundur Ólafsson: Fornleifaskrá Arnarneshrepps 1985


EY-088:022 heimild um áveitu 65°48.500.N 18°14.060.V
"Suður á túni ... eru harðvellishólar. ... Á þessa hóla var veitt vatni áður ofan úr Selási, en þar sem landið er lægra rétt vestan við hólana þurfti að hlaða garð til að veita vatninu eftir, og hefur þar verið allmikið mannvirki," segir í örnefnaskrá. Ekki sést til þessara mannvirkja nú. Þau voru um 160 m suður af bæ 001.
Mannvirkin eru nú horfin í sléttuð tún.
Ekki sést til fornleifar.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Ö-Hvammur AJ, 2

EY-088:023 *Sjávarbakki* mannvirki býli 65°48.792.N 18°11.428.V


Sjávarbakki 088:023, horft í vestur

"Austan við Hvammsengið er víðáttumikið beitilandsflæmi, sem kallast Hvammsreitur. Þar niðri við sjóinn myndaðist um skeið vísir að sjávarþorpi, er nefndist Sjávarbakki. Þar er nú aðeins eitt býli, Litli-Hvammur [016], og er það oftast kallað Sjávarbakki. Hin býlin hétu Ásbyrgi [017] og Háagerði [018], og svo er Gilsbakki nokkru ofar, nýbýli," segir í örnefnalýsingu. En í Byggðum Eyjafjarðar segir að býlin hafi verið 6, (sum þurrabúðir) og farið í eyði um 1950 nema Sjávarbakki. Samkvæmt Þórði G. Þórðarsyni, heimildamanni, voru býlin 6 talsins: Litli-Hvammur 016, Háagerði 018, Ásbyrgi 017, Sæból 026, Miðkot 028 og Sjávarbakki. Litli-Hvammur 016 er hið eina sem enn er í byggð og er nú yfirleitt nefndur Sjávarbakki. Hann er um 2 km beint austur af Hvammi 001, alveg á sjávarbakkanum austan við Hjalteyrarveg. Næst sunnan við Litla-Hvamm var býlið Sjávarbakki og eru þar enn nokkrar rústir. Guðmundur Ólafsson skráði Sjávarbakki í skráningu sinni frá 1985 og er hann nr. 64 í skrá hans.
Umhverfis er nú sléttað tún, en brattur sjávarbakki um 25 m austan við rústina.
Svæðið er um 13x9 m stórt og snýr norður-suður. Syðst er húsgrunnur úr hlaðsteini og steypu, um 8x6 m að utanmáli. Hleðsluhæð er mest um 1 m. Grunnurinn er grafinn inn í bakkann vestan, en er opinn til austurs. Innan hans er mjög gróið og þýft. Norðan við grunninn er um 5x6 m svæði, mjög gróið og þýft, en ekki greinileg mannvirki. Norðaustast er þó greinileg hvilft, um 2x2 m að innanmáli, og 0,3 á dýpt.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Örnefni, Jóhannes Óli Sæmundsson; Guðmundur Ólafsson: Fornleifaskrá Arnarneshrepps 1985; Byggðir Eyjafjarðar 1990 I, 380

EY-088:024 tóft óþekkt 65°48.543.N 18°14.547.V



Tóft er um 410 m vestur af bæ 001 fast norðan við bæjarlæk vestan við Neðri Stekkjarhól 032. Guðmundur Ólafsson skráði tóftina árið 1985 og er hún nr. 114 í skrá hans.
"Í grasi gróinni brekku í hlíðhóls," segir í skráningu Guðmundar Ólafssonar. Tóftin er neðst í grasi gróinni brekku sem hallar suður að læknum.
Tóftin er mjög gróin og sigin og virðist fornlegri en sú á Neðri Stekkjarhól 032. Tóftin greinist í þrjú hólf og er um 11x7 m að stærð og snýr austur -vestur. Hún er grafinn inn í brekkuna að norðanverðu. Suðurveggur er nær alveg útflattur, en hleðsluhæð er

mest um 0,5 m í vesturenda. Eitthvað er af grjóti í hleðslunum og sér í það á stöku stað. Stærsta hólfið er um 6x3 m að innanmáli og er op á norðurhlið þess. Vestan við þetta hólf er annað hólf, um 3x2 m að innanmáli. Það virðist vera op í SV-horni og einnig á milli hólfanna tveggja við suðurvegg. Þriðja hólfið er svo ofar í brekkunni, norðan við stærsta hólfið. Það er aðeins um 1x1 m að innanmáli og opið til vesturs. Hlutverk mannvirkisins er óþekkt en gæti verið stekkur.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Guðmundur Ólafsson: Fornleifaskrá Arnarneshrepps 1985


EY-088:025 hleðsla lending 65°48.803.N 18°11.376.V
Í fornleifaskrá Guðmundar Ólafssonar frá 1985 eru skráðar tvær varir (nr. 62 í skrá hans) um 60 m suður af Sjávarbakka (þ.e. Litla-Hvammi 016). Samkvæmt Þórði G. Þórðarsyni, heimildarmanni, voru varirnar áður fleiri en eru þær hér skráðar saman. Þær eru fast suðaustur af Litla-Hvammi 016, sem er alveg á sjávarbakkanum, og eru tvær mjög greinilegar en gætu verið fleiri.
Sjávarbakkinn er þarna fremur hár og brattur en grýtt fjara fyrir neðan.
Best er að greina mannvirkin á fjöru, en þetta eru grjótranar, tveir mjög greinilegir, sem liggja um 6 m útí sjó. Umför eru nú varla meira en tvö og flæðir alveg yfir þetta á flóði. Svæðið er um 50 m breitt.


Lending 088:025, horft í norður

Hættumat: hætta, vegna rofs
Heimildir: Guðmundur Ólafsson: Fornleifaskrá Arnarneshrepps 1985


EY-088:026 *Sæból* heimild um býli 65°48.782.N 18°11.398.V
"Austan við Hvammsengið er víðáttumikið beitilandsflæmi, sem kallast Hvammsreitur. Þar niðri við sjóinn myndaðist um skeið vísir að sjávarþorpi, er nefndist Sjávarbakki. Þar er nú aðeins eitt býli, Litli-Hvammur [016], og er það oftast kallað Sjávarbakki. Hin býlin hétu Ásbyrgi [017] og Háagerði [018], og svo er Gilsbakki nokkru ofar, nýbýli," segir í örnefnalýsingu. En í Byggðum Eyjafjarðar segir að býlin hafi verið 6, (sum þurrabúðir) og farið í eyði um 1950 nema Sjávarbakki. Samkvæmt Þórði G. Þórðarsyni, heimildamanni, voru býlin 6 talsins og voru þau Litli-Hvammur 016; Háagerði 018, Ásbyrgi 017, Sæból, Miðkot 028 og Sjávarbakki 023. Litli-Hvammur 016 er hið eina sem enn er í byggð og er nú yfirleitt nefndur Sjávarbakki. Hann er um 2 km beint austur af Hvammi 001, alveg á sjávarbakkanum austan við Hjalteyrarveginn. Næst sunnan við Litla-Hvamm var Sjávarbakki 030 og sunnan hans, um 100 m sunnan við Litla-Hvamm og um 2 km austur af Hvammi 001, var býlið Sæból. Guðmundur Ólafsson skráði þar árið 1985 og er það nr. 64 í skráningu hans.
"Fremst á 15 m háum sjávarbakka," segir í skráningu Guðmundar Ólafssonar. Þarna er brattur en gróinn sjávarbakki niður á grýtta fjöru en sléttuð tún ofan hans.
"Bærinn er fremur óljós og veggir lágir. Virðast flest hús hafa verið úr timbri að undanskildu einu a) sem er miklu dýpra eða um 60 cm djúpt," segir í skráningu Guðmundar Ólafssonar. Þarna hefur nú allt verið sléttað út. Ekki sést til fornleifar.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Örnefni, Jóhannes Óli Sæmundsson; Byggðir Eyjafjarðar 1990 I, 380; Guðmundur Ólafsson: Fornleifaskrá Arnarneshrepps 1985

EY-088:027 tóft naust 65°48.804.N 18°11.382.V
Bátauppsátur eða naust er um 60 m suðaustur af Litla-Hvammi 016, í brekkunni niður að fjörunni. Guðmundur Ólafsson skráði naustin árið 1985 og eru þau nr. 62 í skráningu hans.
"Grösug brött brekka," segir í skráningu Guðmundar Ólafssonar. Neðst í gróinni brekku ofan við grýtta fjöru.
Ekki er um að ræða upphlaðna tóft heldur er grafin hvilft í bakkann á




einum stað, um 3x3 m að stærð og um 0,3 m á dýpt. Tveir bátar lágu í tóftinni þegar skráning fór fram og var spil á stalli í brekkunni ofan við þá.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Guðmundur Ólafsson: Fornleifaskrá Arnarneshrepps 1985

EY-088:028 *Miðkot* þúst býli 65°48.773.N 18°11.574.V



"Austan við Hvammsengið er víðáttumikið beitilandsflæmi, sem kallast Hvammsreitur. Þar niðri við sjóinn myndaðist um skeið vísir að sjávarþorpi, er nefndist Sjávarbakki. Þar er nú aðeins eitt býli, Litli-Hvammur [016], og er það oftast kallað Sjávarbakki. Hin býlin hétu Ásbyrgi [017] og Háagerði [018], og svo er Gilsbakki nokkru ofar, nýbýli," segir í örnefnalýsingu. En í Byggðum Eyjafjarðar segir að býlin hafi verið 6, (sum þurrabúðir) og farið í eyði um 1950 nema Sjávarbakki. Samkvæmt Þórði G. Þórðarsyni, heimildamanni, voru býlin 6 talsins og hétu þau Litli-Hvammur 016, Háagerði 018, Ásbyrgi 017, Sæból 026, Miðkot og Sjávarbakki 023. Litli-Hvammur 016 er hið eina sem enn er í byggð og er nú yfirleitt nefndur Sjávarbakki. Hann er um 2 km beint austur af Hvammi 001, alveg á sjávarbakkanum austan við Hjalteyrarveginn. Um 1,9 m austur af Hvammi 001 var býlið Ásbyrgi 017, þar sem nú er stýrishús notað sem sumarbústaður. Í sléttuðu túni um 50 m sunnan við stýrishúsið eru tóftir Miðkots. Guðmundur Ólafsson skráði býlið og er það númer 63 í fornleifaskrá hans frá 1985.
Umhverfis tóftina er sléttað tún.
Tóftin er algerlega á kafi í gróðri og erfitt að mæla hana og teikna. Talsvert er af spýtu- og bárujárnsbraki í henni. Svæðið allt er um 24x7 m og snýr norður-suður. Í miðju svæðinu er eitt greinilegt hólf, um 9x4,5 m að stærð, torfhlaðið en þó er einnig eitthvað af grjóti og steypu þar. Hleðsluhæð er um 0,4 m. Tóftin er full af spýtum og bárujárni. Fast sunnan við tóftina er greinileg hvilft, um 3x2 m að innanmáli. Ekkert op er greinanlegt. Syðst á svæðinu hefur hugsanlega verið garður.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Örnefni, Jóhannes Óli Sæmundsson; Byggðir Eyjafjarðar 1990 I, 380; Guðmundur Ólafsson: Fornleifaskrá Arnarneshrepps 1985

EY-089 Ásláksstaðir



40 hdr. 1712 (með hjáleigunni Ásláksstaðakoti sem reiknaðist 10 hdr). 40 hdr. 1707. Bændaeign. 6.11.1447 er skuld við Möðruvallaklaustur 6 kúgildi og 1 hdr. í landskuld DI IV, 711. Getið sem eignar Möðruvallaklausturs 1525 DI IX, 318. Hjáleiga Ásláksstaðakot, í eyði á 18. öld. BE 1990, 378. 1917: 5,34 ha. 1/2 slétt. Sáðreitir 610 m2. "Engjar, sem hjer hafa brúkanlegastar verið, taka nú af sjer að gánga, vegna sandsáburðar úr Hörgá. Ekki er óhætt hjer kvikfje fyrir forröðum og kílum." (JÁM X, 126). "Tún á Áslákstöðum halla vel móti suðri og austri." (BE 1990, 378).

EY-089:001 *Ásláksstaðir* bæjarhóll bústaður 65°47.740.N 18°13.259.V
Á túnakorti frá 1917 er sýndur bær um 60 m suðaustan við útihús 002 og um 120 m norðvestur af útihúsi 003. Bæjarhóllinn á Áslákstöðum er 40-50 m norðvestan við núverandi íbúðarhús.
Á bæjarhól standa nú fjós og hlaða.
Hóllinn sem fjósið stendur á er um 50x60 m að stærð og 1-3 m á hæð. Líklega hefur hóllinn breyst eitthvað í lögun er hlaðan og fjósið voru reist í kringum 1955. Ekkert sést til fornleifa.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Túnakort 1917

EY-089:002 heimild um fjárhús 65°47.767.N 18°13.189.V
Á túnakorti frá 1917 er sýnt útihús um 60 m norðaustur af bæ. Þar er nú smár hóll í túni 20-30 m vestur af fjárhúsi og hlöðu og 60-70 m norðaustur af bæjarhól 001.
Þar sem útihúsið stóð er nú sléttað tún.
Smár hóll um 0,5 m hár og 14x12 m að stærð sem snýr austur-vestur.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Túnakort 1917

EY-089:003 heimild um hesthús 65°47.694.N 18°13.152.V
1893-97: "Á Áslaksstöðum byggði Guðmundur góð fjárhús fyrir 72 kindur og hesthús fyrir 6 hross í stað rústarkofa, er þar voru fyrir," segir í Bændum og búhögum. Á túnakorti frá 1917 stendur útihús um 120 m suðaustur af bæ og um 100 m SSA við útihús 002 og samkvæmt Elínu S.Axelsdóttur, heimildamanni, voru húsin sem Guðmundur byggði þarna. Útihúsin stóðu 60-70 m sunnan við núverandi íbúðarhús.
Þar sem útihúsin stóðu er nú sléttað tún.
Ekkert sést til fornleifa. Elín S.Axelsdóttir, heimildamaður, sagði að á þessum stað hefði staðið lítill torfkofi sem notaður var sem reykkofi áður en hann var jafnaður við jörðu á 6. áratug 20. aldar. Í sömu byggingu var áður sameiginlegt hesthús og fjárhús. Elín S.Axelsdóttir telur trúlegt að byggingin hafi e-ð verið minnkuð áður en hún fæðist árið 1921 og voru það líklega húsin sem Guðmundur frá Áslaksstöðum byggði upphaflega.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Bændur og Búhagir, 17; Túnakort 1917

EY-089:004 *Áslaksstaðakot* heimild um bústað 65°47.600.N 18°13.266.V
Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín er minnst á "Auslauksstaðdakot" með einum ábúanda, Jóni Einarssyni. "Skammt sunnan við tún á Áslaksstöðum sést fyrir túngarði og túnstæði, þar sem heitir Áslaksstaðakot. Tóftir eru og greinilegar, ...(fór í eyði 1790)," segir í örnefnalýsingu. Samkvæmt Byggðum Eyjafjarðar I eru tóftir þessar horfnar í tún. Áslaksstaðakot stóð 250-300 m suðsuðvestan við bæjarhól.
Þar sem Áslaksstaðakot stóð er nú sléttað tún.
Sést ekki til fornleifa.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:JÁM, 126; Örn.Jóh.Ól., 19 ; BE.l., 378

EY-089:005 heimild um leið 65°47.321.N 18°12.907.V
"Áslaksstaðakíll fellur í Hörgá rétt utan við svonefnt Langholt. Forn alfaravegur lá þar um og er Höllunes austan hans," segir í örnefnaskrá. Samkvæmt heimildamanni lá leiðin samsíða Langholti yfir engjar í áttina að Ósi og meðfram grjótgarði EY-069:040 sem liggur norðvestan við íbúðarhúsið á Ósi og í suður yfir Möðruvallarengjar. Brú var yfir kílinn.
Í sléttuðu túni og í túni í órækt.
Sést ekki til fornleifa. Ekki er vitað hvaðan eða hvert leiðin lá.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Örn.Jóh.Ól., 19


EY-089:006 heimild um ferju 65°47.297.N 18°12.041.V
"Við suðurmerkin er Áslaksstaðatangi við Hörgá. Liggur hann að Möðruvallanesi, og er tengdur því með mjórri ræmu. Þar er gamall ferjustaður yfir um Hörgá að Skipalóni, og heitir þar Ferjubakki," segir í örnefnaskrá. Ferjubakki er um 1000 m suður af bæjarhól Áslaksstaða við árbakka Hörgár austsuðaustan við Höllunes.
Í vestur meðfram bakka Hörgár er sléttað land bæði ræktað og óræktað. Hér er allsstaðar 90° halli niður í á þar sem áin hefur rofið árbakkann og hæð bakka er 1-1,5 m. Í norðnorðaustur er bakki Hörgár sléttar grjóteyrar. Á suðurbakka Hörgár á þessum stað er Kríuhóll.
Sést ekki til fornleifar vegna vatnsrofs.
Hættumat: hætta, vegna vatnsaga
Heimildir:Örn.Jóh.Ól., 19

EY-089:007 hleðsla óþekkt 65°47.569.N 18°12.448.V
Grjóthrúga stendur í hlíð um 3 m hárrar hæðar um 695 m suðaustan við bæjarhól og um 410 m frá suður enda túngarðs EY-069:040 í Óslandi.
Grjóthrúga stendur á grasivaxinni hæð ofan við næst neðsta tún. Brekkan hallar um 20° í austur.

Hæðin er aflöng, liggur norðaustur-suðvestur meðfram næst neðsta túni um 150 m vestan við Áslaksstaðakíl.
Hringlaga grjóthrúga sem er 1 m í þvermál og minni en 0,3 m á hæð. Viðardrumbar og járnstöng við hliðina á og ofan á hrúgu. Óljóst er hvort þessi hrúga hefur áður verið regluleg hleðsla eða þjónað einhverjum ákveðnum tilgangi en engar aðrar slíkar sáust í næsta nágrenni.
Hættumat: hætta, vegna túnræktunar

EY-089:008 *Kúahólar* náma mógrafir 65°48.231.N 18°13.287.V
Kúahólar eru um 910 m fyrir norðan bæjarhól Áslaksstaða og um 410 m fyrir NNA stekk 009. Elín Sigríður Axelsdóttir sagði mótekju hafa farið fram meðfram Kúahólum. Hún lýsir mónum sem svörtum og ríkum af sprekum. Hnausarnir voru svartir þegar þeir voru orðnir þurrir. Fullyrti hún að alltaf hefði verið heitara í húsi er kynt var með mó en þegar aðkeypt kol voru notuð. Gunnlaugur Pálmason sagði mýrina þar sem mórinn var tekinn vera fyrir neðan hólana og þar eru mógrafir.
Um 5 m fyrir vestan og norðvestan grafirnar eru grasi og mosagrónir, 4-6 m háir melar sem nefnast Kúahólar, fyrir austan mógrafirnar er mýri og um 15-20 m norðvestan við þær er skógræktargirðing.
Mógrafirnar eru 0,5-1 m djúp ferhyrnd gryfja 20x40 m að stærð sem liggur norður-suður. Botn gryfju er mjög deig mýri.
Hættumat: hætta, vegna skógræktar

EY-089:009 tóft stekkur 65°48.014.N 18°13.360.V
Tóft er staðsett "um 400 m beint norðan af Áslákstöðum" segir í skráningu Guðmundar Ólafssonar nr. 36. Í aðalskráningu var tóftin staðsett um 510 m beint norðan við Áslaksstaði.
"Sléttað hefur verið austan og sunnan af þessu en vestan við eru púfur. Norðan við er holt," segir í skráningu Guðmundar Ólafssonar. Tóftin er á lágum, grasivöxnum hól. Um 10-20 m norðan, sunnan og austan við tóftina hafa tré verið gróðursett. Vestan við tóft er þéttur skógur 80-100 m í burtu.
Tóftin er tvískipt og liggur norður-suður. Veggir hennar eru grasivaxnir, 1-2 m á breidd og 0,4-0,6 m háir. Tóftin er 12-13 m löng og 8-11 m breið. Innanmál hólfs a er 8x4 m og 2x3 m í hólfi b. Inngangur inn í tóftina er ekki greinanlegur en það gæti hafa verið á suður- eða vesturhlið tóftar. Innangengt hefur verið úr hólfi a inn í hólf b. Engar grjóthleðslur eru sjáanlegar. Staðsetning tóftar, fjarlægð frá bæ og lag hennar bendir helst til að hún hafi verið stekkur.



Hættumat: hætta, vegna skógræktar
Heimildir: Guðmundur Ólafsson: Fornleifaskrá Arnarneshrepps 1985

EY-089:010 garðlag túngarður 65°47.654.N 18°13.245.V
"Skammt sunnan við tún á Áslaksstöðum sést fyrir túngarði og túnstæði," segir í örnefnaskrá. Um 160 m sunnan við bæjarhólinn á Áslaksstöðum sunnan við bæjarlæk/skurð er garðbrot í óræktarbletti í sléttuðu túni.
Syðri óræktarblettur af tveimur í sléttuðu túni, trjám hefur verið plantað á svæðinu
Garðbrotið er hlaðið úr torfi, grasigróið, um 0,5-3 m á breidd, 0,2-0,5 m á hæð og 33 m á lengd. Garðbrotið liggur austur-vestur, breikkar og lækkar er vestar í óræktarblett kemur og hverfur í tún til vestur og austurs. Hugsanlega gæti garðlagið hafa tengst túnum Áslaksstaðakots 004.
Hættumat: hætta, vegna skógræktar
Heimildir:Ö- Áslaksstaðir, 93


EY-089:011 heimild um kálgarð 65°47.773.N 18°13.238.V
Á túnakorti frá 1917 er kálgarður teiknaður um 60 m NNA við bæjarhól.
Þar sem kálgarður var er nú sléttað tún. Fyrir austan svæðið er malarvegur sem liggur niður að bæ framhjá fjósi og fyrir norðan er kartöflugarður og trjárækt. Túnið hallar hér um 5° til suðausturs.
Sést ekki til fornleifar.
Hættumat: hætta, vegna túnræktunar

Heimildir:Túnakort 1917

EY-089:012 frásögn öskuhaugur 65°47.740.N 18°13.259.V
Á túnakorti frá 1917 er bær um 60 m suðaustan við útihús 002 og um 120 m norðvestur af útihúsi 003. Bæjarhóllinn á Áslaksstöðum er 40-50 m norðvestan við íbúðarhúsið sem stendur á jörðinni.
Á bæjarhól standa nú fjós og hlaða. Hóllinn sem fjósið stendur á er um 50x60 m að flatarmáli og 1-3 m á hæð. Líklega hefur hóllinn breyst eitthvað í lögun er hlaðan og fjósið eru reist í kringum 1955.
Heimildarmaður sagði öskuhaug hafa verið undir brík meðfram sunnanverðum bæjarhól en að honum hefði verið mokað burt er fjósið var byggt. Eftir það var ösku hent þar sem fjóshlaðan stendur nú.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar

EY-089:013 garðlag túngarður 65°47.666.N 18°13.041.V
Í útjaðri túns 150-230 m suðaustan og austan við bæjarhól á Áslaksstöðum er garðbrot. Mikill hluti túngarðs var fjarlægður um 1950 og grjótið notað í grunn íbúðarhúss. Engin merki eru um túngarð sunnan eða suðvestan við bæjarhól og heimildarmaður fullyrti að aðeins hefði verið girðing að norðan.
Garður er í jaðri túns suðaustan og austan við bæjarhól. Fyrir suðaustan og austan garð er grasigróinn mói og girðing sem er að hluta til ofan á garði.
Garður er vel gróinn háu grasi og sinu og mjög þýfður á köflum. Hann er um 0,5-2 m á breidd, 0,4-0,6 m á hæð og um 130 m á lengd alls. Frá suðurenda nær garður um 35 m í norðaustur. Eftir 32 m er búið að rjúfa skarð í garð fyrir vegslóða sem liggur frá fjárhúsi og suðaustur á tún. Norðaustan við vegaslóðann hefur verið mikið umrót og ekki sést til garðs fyrr en eftir 7 m göngu í norðaustur. Um 52 m NA við SV enda garðs beygir garður í NNV og þar byrjar girðing sem fylgir honum alveg út á enda. Mikið er af þúfum og háu grasi sem skyggir á garð þar sem hann beygir en hann er vel sýnilegur í 20-25 m á norðurenda áður en hann hverfur í tún og endar girðing þar sem garður endar.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar

EY-090 Hof



30 hdr. 1712. Hofteigur byggður úr Hofslandi 1919 og er umluktur því á alla vegu. Land Hofteigs stækkað 1950 bæði í Hofslandi og lagðar undir Hofteig tvær spildur úr Hvammslandi. Hofteigur nær yfir 20 ha. lands. Hof ll byggt úr landi Hofs á 6,5 ha.
1917: 7,4 ha. Sáðreitir 1865 m2.


Hofstofa og bæjarhóll 090:001, horft í suðaustur

EY-090:001 *Hof* bæjarhóll bústaður
65°47.627.N 18°13.679.V
Tvö íbúðarhús eru nú á Hofi, annars vegar Hof sem það íbúðarhús sem búið er í og byggt var 1953 en hins vegar Hof II, einnig nefnt Hofstofan, byggð 1828 en hún er að mestu nýtt sem sumarhús. Hofstofan er bárujárnsklætt timburhús sem byggt var af Þorsteini Daníelssyni. Hofsstofa er á gamla bæjarhólnum.
Umhverfis Hofstofu er sléttaður bakgarður. Víðast hallar grasflötinni frá íbúðarhúsinu. Í garðjaðri hafa verið gróðursett tré.
Hofstofan og steinsteypt útihús í nágrenni hennar eru

á miklum hól. Hann er samtals um 70 X 70 m stór og 3-4 m á hæð þar sem mest er. Hóllinn er í grunninn náttúrulegur en í honum leynist einhver uppsöfnun. Undir Hofsstofunni er hins vegar hóltoppur sem er afgerandi og um 20 X 15 m stór. Hóllinn snýr norður-suður og nær ekki yfir mikið stærra svæði en íbúðarhúsið. Þessi toppur er að líkindum að mestu uppsöfnuð mannvistarlög. Eldri bær á Hofi var á sömu slóðum og Hofstofan stóð, fast norðan hennar. Steinsteypt viðbygging hefur verið bætt við Hofstofu að norðan og var hún byggð 1921. Sú viðbygging sem er sýnd við Hofstofu á túnakorti er því hluti gamla bæjarins en hann var ekki endanlega rifinn fyrr en steinsteypta viðbyggingin var byggð. Ekki er kjallari undir húsinu.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Túnakort 1917; BE.l., 383

EY-090:002 heimild um skemmu 65°47.643.N 18°13.671.V
Hús er merkt inn á túnakort frá 1917 um 10 m norðan við bæjarsamstæðuna 001. Á þessum stað var skemma samkvæmt Gunnlaugi Pálmasyni heimildamanni. Skemman var rifin um 1936 og í hennar stað byggt fjós úr torfi og grjóti.
Sambyggðar Hofstofu að norðan eru steinsteyptar viðbyggingar. Norðan þeirra er malarvegur og norðan hans fleiri steinsteyptar byggingar.
Fjósið samanstóð af tveimur burstum með sundi á milli. Húsið var þiljað að framan (austan). Fjósið var undir það síðasta notað sem kvígufjós. Torfinu í byggingunni var síðar skipt út og steinveggir hlaðnir þess í stað. Þetta hús stendur enn og er nú notað sem geymsla og hlaða.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Túnakort 1917

EY-090:003 heimild um fjós 65°47.641.N 18°13.689.V
Inn á túnakort frá 1917 er merkt útihús um 10 m VNV við bæ 001. Samkvæmt Gunnlaugi Pálmasyni var húsið fjós. Á þessum stað er nú steinsteypt bygging (hlaða), bárujárnsklædd. Hún er um 9 m SSV við heimreiðina.
Samkvæmt Gunnlaugi var fjósið yst (nyrst) en sunnar var hlaða úr torfi og grjóti. Básaröð var í fjósinu meðfram bæði suður- og norðurvegg þess og slétt á milli. Fjórir básar voru við hvorn vegg. Kvígur voru stundum geymdar milli fjóss og hlöðu.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Túnakort 1917

EY-090:004 *Neðragerði* heimild um fjárhús 65°47.674.N 18°13.540.V
Útihús er merkt inn á túnakort um 100 m austan við bæ 001. Á þessum stað var fjárhús samkvæmt Gunnlaugi Pálmasyni heimildamanni.
Hæð er í túninu þar sem húsið stóð. Hún er um 90 m suðaustan við hesthús 007. Í sléttuðu túni.
Í örnefnaskrá segir: "Neðan við fjárhúsin var kallað Efragerði og Neðragerði, sundurskorið af djúpum skorningi, nú fylltum upp." Fjárhúsið og svæðið í kring var stundum nefnt Neðragerði til aðgreiningar frá Efragerði 005 en á milli rann bæjarlækurinn áður. Þar sem húsið stóð er 30 X 40 m hæð. Á þessum stað voru tvístæð fjárhús (en undir lokin var aðeins einn garði í þeim) samkvæmt Gunnlaugi Pálmasyni heimildamanni, og hlaða vestan við. Tóftir fjárhúsanna sáust lengi í túninu en á endanum var sléttað yfir þær.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Túnakort 1917; Ö-Hof, 2


EY-090:005 *Fjárhúshóll* heimild um fjárhús 65°47.697.N 18°13.621.V
"Fjárhúshóll er vestan undir fjárhúshlöðunni," segir í örnefnaskrá. Fjárhúsin sem voru á Fjárhúshólnum eru merkt inn á túnakort frá 1917 um 90 m NNA við bæ 001.
Þar sem fjárhúsin stóðu hefur nú verið byggð stórt, nýlegt fjós og hlaða. Gömlu húsin hafa verið nálægt austurjaðri þessa húss. Austan við fjósið er malarplan.
Í örnefnaskrá segir: "Neðan við fjárhúsin var kallað Efragerði og Neðragerði, sundurskorið af djúpum skorningi, nú fylltum upp." Á þessum stað var fjárhús og hesthús sambyggt norðan við þau. Samfast samstæðunni var kálgarður, kallaður Hesthúskálgarður. Leifar húsanna sáust fram yfir 2000 en hurfu þegar fjós og hlaða voru byggð.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Túnakort 1917, Ö-Hof, 2

EY-090:006 heimild um útihús 65°47.704.N 18°13.609.V
Samkvæmt túnakorti frá 1917 var útihús um 120 m NNA við bæ 001 en fast austan við norðurhluta útihúss 005. Af túnakorti mæti ætla að húsið hefði verið lítið og hringlaga. Gunnlaugur Pálmason heimildamaður mundi ekki eftir húsi á þessum stað en sagði að síðar hefði verið byggð súrheysgryfja á svipuðum slóðum. Mögulegt er að á sama stað hafi staðið eldri súrheysgryfja og það sé sú bygging sem merkt er inn á túnakortið.
Gryfjan hefur verið þar sem nú er malarplan austan við nýlega fjós og hlöðubyggingu.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Túnakort 1917

EY-090:007 heimild um hesthús 65°47.699.N 18°13.650.V
Útihús er merkt inn á túnakort frá 1917 um 100 m NNA við bæ 001.
Húsið hefur verið fast vestan við nýlega, steinsteypta fjós- og hlöðubyggingu. Slétt malarhlað er á þessum slóðum.
Gunnlaugur Pálmason, heimildamaður man eftir lítilli útihúsatóft á þessum slóðum og taldi hann helst að hún hefði verið hesthús.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Túnakort 1917

EY-090:008 *Goðavöllur* heimild um 65°47.578.N 18°13.705.V
"Syðst á gamla Hofstúninu er örnefnið Goðavöllur. Var þetta þýfður reitur, en ekki minnast menn neinna ummerkja þar eftir hús eða önnur mannvirki." segir í örnefnaskrá. "Á Hofi var til forna í heiðni goðahof, og heitir þar nú Goðavöllur fyrir sunnan bæinn," segir í sóknarlýsingu Möðruvallasóknar. "Í túni um 200 m suður af Hofi," segir í skráningu Guðmundar Ólafssonar nr. 77 en Goðavöllur er þó nær því að vera 100 m suður af Hofi. Sunnan við bæjarhól Hofs 001 tekur við lægð sem liggur austur-vestur. Sunnan hennar heldur túnið áfram til suðurs að melhóli þar sem nokkur trjárækt er hafin. Þetta svæði er það sem nefnt hefur verið Goðavöllur.
Túnið er rennislétt og er enn slegið. Mishæðir eru í því.
Kristian Kålund segir í riti sínu um íslenska sögustaði: "... suðvestan við bæinn á að vera blettur sem nefndur er Goðavöllur." "Sunnan við bæinn að Hofi er þó nokkuð djúp lág í túninu. Sunnan við hana er mishæðótt tún þar er svæði sem kallað er Goðavöllur. Líklega er það um 50-100 m í þvermál," segir í skráningu Guðmundar Ólafssonar. Engar fornleifar sjást á þessum slóðum. Hugsanlegt er að mannvistarleifar kunni að leynast undir sverði en ekki er ljóst hvers lags leifa er að vænta á þessum stað.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Örn.Jóh.Ól., 18; KK III, 78-79; Guðmundur Ólafsson: Fornleifaskrá Arnarneshrepps 1985

EY-090:009 tóft stekkur 65°47.890.N 18°14.784.V



Tóft er 20-30 m norðan við Hofsá en tæpum 1 km vestur af Hofi 001. Hún er 50-70 m ofan (VSV) við stóran raflínustaur. Guðmundur Ólafsson skráði rústina og er hún nr. 82 í skrá hans.
Rústin er neðst (austast) í Selgili og myndar gilbarmurinn skjól að norðan og vestan. Syðri gilbarmurinn myndar einnig nokkurt skjól að sunnan. Hvammurinn/gilbotninn er grösugur og fremur deiglendur.
Staðsetning tóftar, lag hennar og fjarlægð frá bæ bendir helst til að hún sé stekkjartóft. Örnefnið Selgil er hins vegar í tengslum við Hofsel 011 sem er ekki fjarri gilinu nokkru ofar. Stekkjartóftin er stæðileg og veggir hennar ná allt að 0,9 m hæð en eru 2-3 m breiðir neðst. Tóftin er í megindráttum tvískipt þó örlítil hæð sé í framhaldi af nyrðra hólfi hennar nyrst. Hefur Guðmundur Ólafsson talið það sem þriðja hólfið í skráningu sinni á tóftinni en vart er hægt að


Stekkjartóft 090:009, horft í VSV

kalla þetta eiginlegt hólf. Tóftin er 13 X 7 m að stærð og snýr norður-suður. Syðra hólfið er stærra eða 5 X 3 m að innanmáli og er op vestast á suðurvegg þess og á milli hólfa. Nyrðra hólfið er tæpir 2 m á kant (að innanmáli). Ekki er annað op á það en það sem er á milli hólfa. Eins og áður sagði er lítill stallur norðan við nyrðra hólfið. Hann er um 1 m á kant en ekki er hægt að sjá dæld í hann. Einstaka grjót er greinilegt í stærra hólfi tóftarinnar en annars er hún algróin grasi. Um 5 m vestan við tóftina er hryggur í balanum. Hann er um 2 m á breidd en 8 m á lengd norður-suður. Vel má vera að þar séu alveg hrundar og grónar leifar garðlags eða viðbótar við tóftina.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Guðmundur Ólafsson: Fornleifaskrá Arnarneshrepps 1985

EY-090:010 *Mylluhóll* heimild um myllu 65°47.400.N 18°13.667.V
"Neðanvert við Dalvíkurveg, rétt við Hofsá, er Myllumór. Niður af [Malargryfjuhól] var Myllumórinn, Myllustokkurinn, sést móta fyrir honum enn, og niður af honum Mylluhóllinn, " segir í örnefnaskrá. Allt svæðið neðan (austan) við Malargryfjuhól hefur nú verið sléttað í tún, allt að Hofslæk. Mylluhóllinn sést enn fast norðan við Hofslæk en fast norðan hans eru sléttuð tún.
Grasi vaxinn hóll, fast sunnan við sléttuð tún, við lækjarbakka.
Myllustokkurinn var ofan (vestan) við Mylluhólinn. Þar sem hann var eru nú sléttuð tún nema síðustu 10 m suður að Hofslæk en þeir eru á kafi í grasi. Engar leifar myllunnar sjást nema ef skyldi telja um 8 m langan hrygg sem liggur austur-vestur um 10 m ofan við Mylluhól. Hann er þó svo ógreinilegur að ekki verður án alls vafa fullyrt að hann sé manngerður.
Hættumat: hætta, vegna jarðræktar
Heimildir:Örn.Jóh.Ól., 92

EY-090:011 *Hofssel* tóftir sel 65°47.974.N 18°15.122.V
"Sunnan við hann [Selás] er Selgil, sem Hofsá rennur eftir. Vestan í Selás sunnarlega var Hofssel á að gizka 1 km frá Hofi" segir í örnefnaskrá. Hofsel er um 1300 m VNV við Hof 001 en 150-200 m norðan við Hofsá. Selið er skráð númer 83 í fornleifaskrá Guðmundar Ólafssonar.
Tóftirnar eru byggðar VSV í grasi- og lyngivöxnum, þýfðum ási, Selási. Ofan við (vestan við) er Selmýri sem er grösug og deiglend og nær upp að fjallsrótum.



Á þessum stað eru tvær tóftir sem verða hér nefndar A og B. Tóft A er fagurgræn, grasi gróin og ræktarleg. Hún virðist skiptast upp í 6 hólf. Tóftin er 16-17 X 15 m að stærð og snýr NNA-SSV. Norðvestast í henni er lítið hólf I. Það er um 2 X 2 m að innanmáli og op virðist bæði hafa verið á norðvesturvegg þess og suðurvegg. Op er á útvegg tóftar fast vestan við vesturvegg hólfs I. Þaðan liggja e.k. göng inn eftir tóftinni yfir í hólf II sem er austan við hólf I, norðaustast í tóftinni. Hólf II er 5 X 2,5 m að innanmáli og snýr NNV-SSA. Aðeins er op á hólfið suðvestast þar sem "göngin" koma inn í það. Líklega hefur verið op á vesturútvegg tóftar um miðbik hans. Þaðan liggja mjög óljós göng til ASA yfir í hólf III. Það er um 3 X 2 m að innanmáli og snýr VNV-ASA. Op er á þetta hólf suðvestast (þar sem "göngin" liggja inn í það) en einnig suðaustast yfir í annað hólf IV vestar. Þetta hólf (IV) er 2 X 2 m að stærð. Ekki er annað op á það en það sem liggur yfir í hólf III. Syðst í tóftinni eru svo tvö hólf V og VI. Vestara hólfið (V) er alveg útflatt og mjög ógreinilegt. Það virðist hafa snúið VNV-ASA og hugsanlega verið um 4 X 2 m að innanmáli en erfitt er að segja nokkuð um það. Ekki

sést annað op á það en það sem liggur yfir í austara hólfið VI. Það er suðaustast í tóftinni og er 3 X 2 m að stærð. Hólfið snýr NNA-SSV. Eina opið sem greinilegt er á það er yfir í hólf V. Austurhluti tóftarinnar er mun skýrari en sá vestari en þar er tóftin að hluta til hlaupin í þúfur. Engar grjóthleðslur sjást í tóftinni. Um 10 m austan við tóft A er önnur tóft minni (B). Hún er lyngivaxin og sigin (veggir mest 0,2 m á hæð). Tóftin er meira í ætt við lyngvaxna móanna á ásnum heldur en A sem einnig er fjær ásnum. Tóft B er 6 X 6 m að stærð en mögulegt er að hún hafi áður náð lengra til vesturs en rof er í vesturvegg hennar. Líklega hefur op verið á vesturveggnum en ekki er greinilegt op á öðrum stað. Tóftin er einföld. Engar grjóthleðslur sjást í henni.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:Ö-Hof, 2 og Guðmundur Ólafsson: Fornleifaskrá Arnarneshrepps 1985

EY-090:012 *Beinhóll* örnefni legstaður 65°48.191.N 18°15.406.V
Ofan við Selmýrar er gríðarstór hóll, sem kallaður er Beinhóll. Guðmundur Ólafsson skráði hólinn árið 1985 en var þá á röngum stað (sjá nr. 96 í skráningu hans). Hinn raunverulegi Beinhóll er sá sem hér er lýst, efst í Selmýrum, um 1,7 km VNV við bæ 001. Hóllinn er um 150 m sunnan við merki, fast ofan (vestan) við skurð sem grafinn hefur verið til að ræsa fram mýrarnar.
Neðar (austar) eru framræstar mýrar en ofar grasi- og lyngivaxin fjallshlíð.
Hóllinn er stór og náttúrulegur. Honum hefur e-ð verið hróflað við framræslu mýrar og auk þess eru í honum flög hér og þar. Ekkert á hólnum eða við hann bendir til mannvistar.
Hættumat: engin hætta

EY-090:013 *Garðshorn* heimild um bústað 65°47.742.N 18°14.227.V
"Í Hofslandi, út og niður af Litlu-Brekku var fornbýlið Garðshorn, en það hefur verið jafnað við jörðu," segir í Byggðum Eyjafjarðar. Í örnefnaskrá segir ennfremur: "Norðan Brekkutorfuvegar voru Stekkjarhólar, stundum nefndir Garðshornshólar en þar var býlið Garðshorn fyrr á öldum. Niður frá hólunum hétu Stekkjarmóar." Garðshorn var um 470 m norðvestan við bæ 001 en 60-80 m norðan við veg að Möðruvöllum. Hólar eru ofarlega (vestarlega) í túninu, þar sem Garðshorn stóð. Þegar Guðmundur Ólafsson skráði staðinn um 1985 sáust enn leifar af garðlagi á þessum stað. Er það númer 80 í fornleifaskrá hans.
Þar sem Garðshorn stóð er nú rennislétt, slegið tún í halla til austurs. Þar sem býlið/stekkurinn stóð eru hólar í túninu, vestarlega.
Engin ummerki sjást nú um stekkinn eða býlið. Um 1985 sáust einhverjar leifar og er þeim lýst í fornleifaskrá Guðmundar Ólafssonar: "Rúst um 1,5x6 m að innanmáli. syðsti hluti hennar hefur farið undir vegarslóða. Veggir eru mjög stórar þúfur um 1,5x3 m í þvermál og 60-80 cm háir, norðurgafl er óljós. Vestanvið er e.t.v. leifar af minni rúst sem að mestu er horfinn undir vegarslóðann 5-6 m vestar er eins. 5-6 m vestar er stallur sem grafinn hefur verið niður um 50 cm hár. Virðist sem það hafi verið gert til að mynda umgerði eða rétt við rústina."
Hættumat: hætta, vegna jarðræktar
Heimildir:BE.l.; Ö-Hof, 1 og Guðmundur Ólafsson: Fornleifaskrá Arnarneshrepps 1985

EY-090:014 frásögn rétt 65°47.690.N 18°13.738.V
Gunnlaugur Pálmason ábúandi á Hofi man eftir lítilli rétt til heimilisnota sem var fast norðan við íbúðarhúsið Hof (byggt 1953).
Þar sem réttin stóð er nú steinsteypt íbúðarhús án kjallara.
Réttin var hlaðin úr grjóti að sunnan og austan en aðrir veggir voru úr timbri.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar

EY-090:015 *Reiðholt* hleðsla leið 65°47.893.N 18°14.566.V
"Ofan við Brennluás er mýrardrag og brött brekka upp á Reiðholtið. Heitir þetta Brennla. ... Um Reiðholt lá alfaraleið, sunnan frá Möðruvöllum meðfram Brekkutorfubæjum út og niður á Reiðholt og síðan um Hvammshlað," segir í örnefnaskrá. Ummerki um götuna eru misgreinileg en hún var rakin í Reiðmel þar sem hún sést víða illa enda melurinn harður. Þó má víða sjá 1-2 slóða samsíða í melnum en þeir verða 3-4 þar sem þeir liggja út í móa. Í mýrarsundi, milli tveggja mela, hefur verið hlaðið undir veginn.
Gatan liggur um mela, móa og mýrarsund.

Göturnar eru hvað greinilegastar þar sem undir þær hefur verið hlaðið í mýrarsundi milli Reiðholts og annars holts austar. Hleðslan er úr torfi og er um 0,4 m á hæð en allt að 5 m á breidd. Hún er 15-20 m löng.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:Ö-Hof, 1

EY-090:016 heimild um kvíar 65°47.697.N 18°13.615.V
"Heimreiðin að Hofi lll liggur um Kvíhól," segir í örnefnaskrá. Kvíhóll er myndarlegur hóll, 10-20 m ofan (vestan) við íbúðarhúsið á Hofi (byggt 1953), en fast norðan við heimreið. Hóllinn er um 140 m norðvestan við bæ 001.
Kvíhóll er melhóll gróinn þurru grasi. Á hólnum eru nú geymdar gamlar vélar.
Engar leifar kvía sjást á þessum slóðum. Þegar Gunnlaugur Pálmason, heimildamaður, man fyrst eftir sér voru kvíarnar horfnar enda hafði þá verið nokkurt malarnám úr hólnum vegna vegagerðar. Líklegast hafa kvíarnar horfið í malarnám.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Ö-Hof, 2

EY-090:017 *Svarfdælagróf* náma mógrafir 65°48.144.N 18°14.494.V
Miklar mógrafir voru í Gróf eða Svarfdælagróf eins og svæðið var einnig kallað. Grafirnar voru mjög góðar og var svarðartekja úr þeim seld nágrannajörðum. Gróf er um 1,1 km NNV við bæ 001.
Á þessum stað eru grónar grafir í deiglendu sundi. Neðar (austar) er Reiðmelur en ofar grasi- og lyngivaxin brekka sem heldur áfram upp að fjallsrótum.
Gunnlaugur Pálmason tók síðastur manna mó á þessum stað árið 1953. Móinn notaði hann til að einangra íbúðarhús sitt sem var þá í byggingu. Þá hafði hann reyndar lítið notað grafirnar um árabil. Grafirnar eru allt að 200 X 30-50 m að stærð og snúa NNA-SSV. Á þessum sama stað segir sagan að hafi verið bardagi mikill í fornöld. Í örnefnaskrá Hvamms, Hvammskots og Hofs segir: "Á þessu mýrarsundi, segja munnmæli, að barizt hafi verið í fornöld og hinir föllnu dysjaðir í laut utan og neðan við sundið, sem Brennla heitir. Frá bardaga þessum og tildrögum hans kvað hafa verið sagt í Hörgdælu, sem nú er glötuð fyrir löngu."
Hættumat: engin hætta
Heimildir:Ö-Hvammur, Hvammskot og Hof, 2

EY-090:018 *Svarðargrafamýri* frásögn mógrafir 65°47.733.N 18°13.959.V
Mógrafir voru í Svarðargrafamýri en aldrei var þar tekinn mór í minni Gunnlaugs Pálmasonar, heimildamanns. Svarðargrafirnar voru tæpum 300 m norðvestan við bæ 001 en þær eru nú horfnar í tún.
Svarðargrafarmýri er nú orðin að sléttum túnskika. Svæðið er í krika á milli Dalvíkurvegar og vegarins sem liggur frá Dalvíkurvegi og að Möðruvöllum (að norðan).
Engin ummerki sjást nú um grafirnar.
Hættumat: hætta, vegna jarðræktar

EY-090:019 *Grafasund* frásögn mógrafir 65°47.854.N 18°14.453.V
Í Grafarsundi voru mógrafir en ekki var tekinn þar mór í minni Gunnlaugs Pálmasonar heimildamanns. Á sama stað var hins vegar rist torf á hey og man Gunnlaugur vel eftir því. Grafarsund er um 700 m VNV við bæ 001 en um 250 m norðan við veginn að Möðruvöllum. Þar sem mógrafirnar voru eru nú sléttuð tún.
Engar leifar mógrafanna sjást nú.
Hættumat: hætta, vegna jarðræktar


EY-090:020 garðlag túngarður 65°47.677.N 18°13.489.V
Óljósar leifar túngarðs sjást um 120 m ASA við nýlegt fjós á Hofi en um 170 m norðaustan við bæ 001.
Í sléttuðu túni sem hallar til austurs.
Einu ummerkin sem nú sjást um túngarðinn er lítill hryggur í túninu um 120 m neðan (austan) við fjós. Hryggurinn er 1-1,5 m á breidd en 0,3 m á hæð. Hann er um 55 m langur

Hættumat: hætta, vegna túnræktar

EY-090:021 frásögn 65°47.780.N 18°13.642.V
Á Stórhóli, um 290 m norðan við bæ 001 var hundakofi úr torfi og grjóti.
Grasi gróinn melur í sléttuðum túnum. Fast norðan við er skurður. Á hólnum er nú ýmislegt rusl og er greinilegt að það er brennt á hólnum.
Hundakofann byggði Pálmi, faðir Gunnlaugs heimildamanns. Hann var niðurgrafinn, úr torfi og grjóti. Síðar var byggður annar hundakofi á hólnum úr timbri og bárujárni. Engin ummerki sjást nú um kofana.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Örnst.

EY-090:022 heimild um óþekkt 65°47.456.N 18°13.768.V
"[Í Malargryfjuhóli] fannst mikið af höfuðbeinum svína með stórum vígtönnum," segir í örnefnaskrá. Malargryfjuhóll er um 350 m sunnan við bæ 001 en um 10 m neðan (austan) við þjóðveg.
Hóllinn hefur nú verið ræktaður upp og á honum er rennislétt tún. Í hólnum fundust tvisvar sinnum svínshauskúpur. Í fyrra skiptið þegar möl var tekin í veginn en seinna skiptið var í tíð Gunnlaugs Pálmasonar, heimildamanns. Gunnlaugur hirti talsvert af beinunum sem komu upp og geymir hann þær ennþá í kassa uppi á háalofti á íbúðarhúsi sínu. Gunnlaugur segir að ekki hafi fundist önnur bein en höfuðkúpubein.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Örnst.

EY-090:023 tóft óþekkt 65°47.494.N 18°13.664.V
Garðlag og tóft eru um 250 m sunnan við bæ 001. Vesturendi garðlagsins er um 10 m austan við þjóðveg og eru tún á milli. Guðmundur Ólafsson skráði staðinn og er hann nr. 78 í fornleifaskráningu hans.
Lágur melur, vaxinn "þurru" grasi. Á undanförnum árum hefur verið plantað umtalsvert af birki- og barrskógi í melinn og hefur það nokkuð skemmt þær fornleifar sem þar eru. Sunnan, vestan og norðan við melinn eru sléttuð tún. Gras- og trjágróður gerir það að verkum að ómögulegt er að rekja vestari hluta garðsins í suðurhlið hólsins nema á stuttum kafla. Leifar garðlags sjást á um 90 X 50 m stóru svæði sem snýr norðvestur-suðaustur. Garðlagið hefur verið hluti af gerði en aðeins má nú greina hluta af suðvesturvegg (langvegg) og suðausturvegg. Gerðið er norðan í hólnum. Suðausturveggur er um 50 m langur og fremur heillegur. Suðvestast beygir garðlagið til VNV og liggur áfram í 20 m áður en það verður ógreinilegt. Um 50 m norðvestar má greina framhald þessa garðlags á 17 m kafla áður en það fjarar alveg út. Við suðausturenda þessa garðlagsstubbs er lítil, einföld tóft. Tóftin er 4 X 3 m að stærð og snýr suðaustur-norðvestur. Hún er opin til suðurs og talsvert niðurgrafin. Veggir mest 0,3 m á hæð. Bæði gerði og tóft eru á kafi í grasi og öðrum gróðri. Breidd hleðslna er víða 2-3 m. Á einstaka stað má greina staka steina neðst í garðlaginu. Ekki er ljóst hvaða hlutverki gerðið hefur gegnt en helst er hægt að ímynda sér að það hafi verið byggt utan um ræktun enda í talsverðum halla.




Hættumat: hætta, vegna trjáræktar
Heimildir: Guðmundur Ólafsson: Fornleifaskrá Arnarneshrepps 1985

EY-090:024 *Tóftarbrot* heimild um útihús 65°47.647.N 18°13.541.V
"Á Efragerði [005] var slétt flöt neðanundir Fjárhúshólnum kölluð Bali. Sunnan við lækinn suður og niður af fjárhúsunum var kallað Tóftarbrot, einhver hús hafa staðið þar fyrrum," segir í örnefnaskrá. Guðmundur Ólafsson skráði staðinn 1985 og er hann nr. 79 í fornleifaskrá hans. Ekki sjást lengur ummerki um tóftarbrot á þessum stað en hóllinn sem um ræðir er um 110 m ANA við bæ 001.
Talsverð brekka er niður af hólnum til austurs en aðrar hliðar hólsins eru aflíðandi. Hóllinn er vaxinn lágu grasi og njóla. Á hólnum eru geymdar heyrúllur.

Hóllinn hefur nú verið sléttaður og engar leifar fornleifa sjást nú á honum. Þegar Guðmundur Ólafsson skráði hóllinn 1985 sáust hins vegar eftirfarandi leifar: "Um 2 m hár hóll og um 20 m í þvem. Efst á honum er laut um 30 cm djúp og 5x6 m í þverm. Virðist hér hafa verið tóft með inngangi til suðurs. Veggir eru óljósir enda búið að slétta yfir. E.t.v. eru fleiri en ein rúst eða herbergi á hólnum, bæði vestan og austan við en þau eru of óljós til að hægt sé að fullyrða um þau,"
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Ö-Hof, 3 og Guðmundur Ólafsson: Fornleifaskrá Arnarneshrepps 1985


EY-090:025 *Brennla* þjóðsaga legstaður 65°47.824.N 18°14.215.V
"Á þessu mýrarsundi, segja munnmæli, að barizt hafi verið í fornöld og hinir föllnu dysjaðir í laut utan og neðan við sundið [Gróf 017], sem Brennla heitir," segir í örnefnaskrá. "Brennsla heitir reitur milli Brekkugerðis og Hvamms hvar dauðra manna hræ voru til forna brennd eftir þar haldna orrustu, á þeim stað þar sem kallast Svardæla," segir í Sýslu og sóknarlýsingum. Brennla er fremur þurr en gróinn, aflíðandi melur um 600 m norðvestan við bæ 001 en um 300 m ofan (vestan) við þjóðveg.
Melurinn er þurr og gróinn grasi og smástráum. Einstaka steinar eru í sverði hans.
Náttúrulegur hóll, engin ummerki fundust um legstaði.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Ö-Hvammur, Hvammkot og Hof, 2 og SSE, 107-108

EY-090:026 tóft heystæði 65°47.995.N 18°15.241.V



Tvær einfaldar tóftir, líklega heystæði, eru um 1400 m norðvestan við bæ 001. Syðri tóftin (A) er um 80 m VNV við tóft A á Hofseli 011. Guðmundur Ólafsson skráði tóftirnar árið 1985 og eru þær nr. 83 í fornleifaskrá hans.
Grasi gróið deiglendi við Selás. Landi hallar til vesturs, að fjallsrótum en þaðan hækkar land til vesturs. Nú hefur mýrin verið ræst fram að hluta þar sem skurðir hafa verið grafnir ofan hennar. Á þeim slóðum hefur gróðurfar breyst mikið. Rústirnar standa upp úr mýrinni umhverfis. Tóft C sem Guðmundur Ólafsson lýsti 1985 er því horfin í gras og þúfur.
Nú sjást aðeins tvær tóftir af þeim þremur sem greinilegar voru 1985. Syðst er tóft A. Hún er 12 X 9 m að stærð og snýr nálega norður-suður. Tóftin er einföld en mjókkar til norðurs. Ekki er greinilegt op á henni. Rof er innan í tóftinni og veggir eru óverulegir. Hvergi sjást grjóthleðslur. Um 20 m norðan við tóftina er önnur tóft minni B. Hún er 6 X 5 m að stærð og snýr nálega norður-suður. Tóftin er einföld og breikkar til norðurs. Hún er algróin. Hæð veggja 0,3 m. Þegar Guðmundur Ólafsson skráði tóftirnar árið 1985 fann hann eina tóft til viðbótar sem nú er horfin. Um hana segir hann: "c) 25 m norðan við b er 5x8 m stór garður (innanmál): Garðurinn er um 1 m br. og 50 cm hár. Austurhliðin er greinilegust. Svæðið innan garðsins er uppblásið eins og a)".
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Guðmundur Ólafsson: Fornleifaskrá Arnarneshrepps 1985

EY-090:027 tóft smalakofi 65°47.959.N 18°15.206.V



Um 1,3 km norðvestan við bæ 001 eru óljósar mannvistarminjar, hugsanlega smalabyrgi, á hól. Rústirnar eru á löngum mel sem snýr norður-suður í Selmýrinni sunnarlega. Guðmundur Ólafsson skráði byrgið árið 1985 undir númerinu 83.
Nyrst á melnum er stór steinn og annar minni er fast sunnan við. Á milli þeirra er grjóthrúga.
Grjóthrúga á milli tveggja stórra og stakstæðra bjarga. Öll mynd er nú farin af mannvirkinu en líklega hefur fremur verið byrgi á þessum stað heldur en varða. Steinahrúgurnar eru tvær. Sú suðaustari er á milli steinanna tveggja og er hún

1 X 0,5 m stór. Sú norðvestari er um 1 m norðvestar og við vesturenda stærra steinsins. Hún er um 1 m í þvermál.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Guðmundur Ólafsson: Fornleifaskrá Arnarneshrepps 1985


EY-090:028 varða óþekkt 65°47.948.N 18°15.226.V
Um 25 m sunnan við byrgi 027, á sama mel, er hrunin varða. Hún er um 1,3 km norðvestan við bæ 001. Guðmundur Ólafsson skráði vörðuna árið 1985 og er hún nr. 83 í skrá hans.
Umhverfis er deiglent en melurinn sem varðan er á er langur og mjór. Hann snýr norður-suður. Melurinn er grasi vaxinn í hliðunum en ber í toppinn.
Varðan er alveg hrunin og er aðeins 0,2 m á hæð. Hún er 0,8-1 m í þvermál. Talsverð steinadreif er í kringum vörðuna á melnum.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Guðmundur Ólafsson: Fornleifaskrá Arnarneshrepps 1985

EY-090:029 heimild um kálgarð 65°47.665.N 18°13.708.V
Kálgarður er merktur inn á túnakort frá 1917 25-30 m norðvestan við steinsteypt fjós og um 40 m SSA við Hof (íbúðarhús byggt 1953).
Á þessum slóðum liggur nú malarvegur upp að íbúðarhúsinu á Hofi, tún og malarborið plan norðvestan við steinsteypt fjós.
Engar leifar kálgarðsins sjást í dag.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Túnakort 1917

EY-090:030 *Stórikálgarður* heimild um kálgarð 65°47.665.N 18°13.488.V
Stórigarður eða Stórikálgarður eins og hann var einnig kallaður var neðst í túni, um 160 m ANA við bæ 001. Hann var um 50 m austan við fjárhús 004 í lítilli kvos. Kálgarðurinn er merktur inn á túnakort frá 1917.
Í sléttuðu túni rétt neðan (austan) við hæðina sem fjárhús 004 stóðu á.
Umhverfis Stóragarð voru hlaðnir háir torfveggir. Garðurinn var í halla mót vestri og til hans sást lengi þó að nú sé búið að slétta út allar leifar hans. Í horni garðsins var rabbabarabeð sem var þó ekki notað svo langt aftur sem Gunnlaugur Pálmason heimildamaður man.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Túnakort 1917

EY-090:031 heimild um kálgarð 65°47.521.N 18°13.342.V
Kálgarður er merktur inn á túnakort frá 1917 um 300 m ASA við bæ 001.
Malarslóði liggur í hólnum þar sem kálgarðurinn var. Hólnum hefur nú talsvert verið umturnað. Hann er á kafi í grasi.
Lengi sást móta fyrir leifum kálgarðsins á þessum slóðum en þær eru nú orðnar ógreinilegar.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Túnakort 1917

EY-090:032 tóft stekkur 65°47.976.N 18°13.575.V
Fagurgræn tóft er um 650 m norðan við Hof 001 en 100-130 m neðan (austan) við Dalvíkurveg. Tóftin er um 30 m ofan (vestan) við girðingu sem er á merkjum Áslákssstaða og Hofteigs (Hofs).
Umhverfis tóftina eru grasi- og lyngivaxnir móar milli þjóðvegar og merkjagirðingar (sem einnig girðir af skógrækt í landi Áslákssstaða). Móarnir eru í mjög aflíðandi halla til austurs.
Tóftin er 11-12 X 7 m stór og er tvískipt. Hún snýr norður-suður, er algróin en stæðileg og sést vel frá þjóðvegi. Syðra hólf tóftarinnar er 3 X 4 m að innanmáli og snýr norður-suður. Op er á það syðst á vesturvegg en op er einnig á milli hólfa. Innra hólfið (það nyrðra) er 3 X 3 m að innanmáli. Ekki er annað op á það en



það sem er á milli hólfanna tveggja. Eftir endilöngu nyrðra hólfinu gengur veggstúfur eða garði sem er nokkru mjórri en veggir tóftarinnar. Engar grjóthleðslur eru greinilegar í tóftinni. Staðsetning tóftar, fjarlægð frá bæ og lag hennar bendir helst til að hún hafi verið stekkur.
Hættumat: hætta, vegna trjáræktar

EY-090:033 þúst óþekkt 65°47.871.N 18°14.605.V


Þúst 090:033, horft í ASA

Guðmundur Ólafsson skráði árið 1985 hól með mannvistarleifum um 840 m norðvestan við Hof 001. Hóllinn er nr. 81 í skráningu hans. Guðmundur taldi að þarna væri fundinn s.k. Beinhóll en það er hins vegar ekki rétt þar sem hinn eiginlegi Beinhóll er um 850 m norðvestar (sjá fornleif 012). Á hólnum sem Guðmundur skráði eru hins vegar greinileg mannaverk og eru þau skráð hér. Hóllinn er um 140 m ASA við tóftir 009.
Umræddur hóll er um 140 m neðan við tóftir 009 en um 100 m neðan (austan) við raflínu. Hóllinn er grasi- og lyngivaxinn en umhverfis er grasivaxið deiglendi og nokkrar sambærilegar hæðir eru á fleiri stöðum í mýrinni.
Greinileg, manngerð dokk er í hólinn sem er 10-15 m í þvermál. Dokkin er um 2 m í þvermál þar sem mest er en í botni hennar er talsvert magn smásteina. Steinarnir ná yfir svæði sem er 1 X 0,5 m stórt og snýr NNV-SSA. Tæpum 1 m norðan við smásteinana er stór steinn (um 0,6 m í þvermál) í brún dokkarinnar. Nokkuð erfitt er að átta sig á því í hvaða tilgangi þessi mannaverk voru gerð á hólnum. Í lýsingu GÓ á dokkinni segir: "Um 1 m hár 10 m br og 15 m br hóll. Ofan í hann miðjan hefur verið grafin hola um 1 m í þvermál og um 30 cm djúp. Botn holunnar er þakinn 5-20 cm stórum steinum, sem vafalítið hafa verið lagðir þar. Umhverfis holuna eru fleiri steinar og virðist sem grafið hafi verið í hauginn og grjótinu hent upp á bakkann. Í norðurbrún holunnar er stór steinn, sem stendur uppúr um 30-50 cm í þvermál," segir í skráningu Guðmundar Ólafssonar
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Guðmundur Ólafsson: Fornleifaskrá Arnarneshrepps 1985


EY-090:034 þúst útihús 65°47.747.N 18°13.545.V
Þúst er um 250 m NNA við bæ 001 en um 100 m suðaustan við Stórhól 021.
Á þessu svæði er rennislétt tún. Þústin er í raun og veru hæð sem er vaxinn ljósleitara grasi en umhverfið.
Hæðin er um 10 m í þvermál en er um 0,5 m á hæð. Ekki er hægt að sjá tóftarlag á henni en hún er þessleg að líklegt verður að teljast að mannvistarlög leynist undir sverði.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar

EY-090:035 þúst óþekkt 65°47.761.N 18°13.761.V
Um 260 m NNV við bæ 001 en 30-50 m neðan (austan) við þjóðveg er þúst. Hún er um 100 m sunnan við þar sem vegur liggur til austurs frá Dalvíkurvegi, að Ásláksstöðum og fleiri bæjum.
Þústarhóll í rennisléttu túni.
Hóllinn er um 35 X 20 m og snýr norður-suður. Hann er 1,5 m á hæð. Af útliti að dæma má ætla að í honum séu mannvistarleifar.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar

EY-090:036 heimild um traðir 65°47.632.N 18°13.679.V
Traðir eru merktar inn á túnakort frá 1917 úr SSA að Hofsbæ 001. Norðurendi traðanna var um 15 m VNV við steinsteypt fjós sem nú stendur á Hofi.
Malarheimreið, vaxin arfa, grasi og njóla er nú á svipuðum stað. Umhverfis eru sléttuð tún.
Ummerki eldri traða eru horfin.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir:Túnakort 1917

EY-091 Litla-Brekka



13 hdr. 1712. Elstu heimildir sem fundust um Litlu- Brekku var í kaupbréfi frá 6.6.1559 þar sem hún var kölluð minne Brecka. (DI XIII, 420). Einnig er hún kölluð Minnebrecka í JÁM (JÁM X, 127) en svo Litla- Brekka í Jarðartali J. Johnsen (JJ, 289) og alla tíð síðan. En aldrei með tilvísun til Stóru-Brekku.
1917: 3,34 ha. Sáðreitir 220 m2.

EY-091:001 *Litla Brekka* bæjarhóll bústaður 65°47.656.N 18°14.316.V


Litla-Brekka 091:001, horft í norðaustur

Í Minni-Brekku/Litlu-Brekku eru tvö íbúðarhús, gamli bærinn stóð þar sem nyrðra íbúðarhúsið stendur nú en hann náði þó lengra til vesturs enda, íbúðarhúsið byggt þar sem frambærinn var.
Þar sem framhluti gamla bæjarins stóð er nú steinsteypt íbúðarhús án kjallara.
Greinilegur bæjarhóll er á þessum stað og eru austur- og suðurbrúnir hans skýrar. Ómögulegt er hins vegar að ætla stærð bæjarhólsins þar sem vestur- og norðurbrúnir hans eru alveg ógreinilegar. Raunar mætti kannski segja að norðurbrún hólsins nái alla leið að núverandi hesthúsi en hins vegar hefur verið mikið fyllt upp og rutt til jarðvegi á þessum slóðum og því ómögulegt að ákvarða hvort þessi brún er raunverulega uppsafnaðar mannvistarleifar. Ef svo er lengd bæjarhólsins allt að 60 m en áætluð breidd hans er 30 m. Bæjarhóllinn nær mest 2 m hæð. Samkvæmt Jóhönnu Jóhannsdóttur, heimildamanni, var fjós sambyggt gamla bænum.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Túnakort 1917


EY-091:002 heimild um fjárhús 65°47.624.N 18°14.424.V
Útihús var, samkvæmt túnakorti frá 1917, um 70 m SSV við bæ 001. Samkvæmt Jóhönnu

Jóhannsdóttur, heimildamanni var fjárhús á þessum stað. Það hefur staðið fast ofan (vestan) við syðra íbúðarhúsið í Litlu-Brekku og mun ábúendur eftir bragga og tóftum á þessum stað.
Náttúruleg hæð er í landslaginu á þessum stað en mögulegt er að einhver uppsöfnuð mannvistarlög leynist þar undir sverði.
Slétt grasflöt að húsabaki. Engar leifar fjárhússins sjást nú.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Túnakort 1917

EY-091:003 heimild um kálgarð 65°47.641.N 18°14.344.V
Um 15 m sunnan við bæ 001 var kálgarður samkvæmt túnakorti frá 1917. Kálgarðurinn hefur verið sunnan í bæjarhólnum.
Á þessum stað er aflíðandi bæjarhóll en neðan (sunnan) hans rennur lítill lækur.
Enginn merki kálgarðsins sjást nú á þessum slóðum en tvö lítil rabbabarabeð eru í brekkunni.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Túnakort 1917


EY-091:004 heimild um kálgarð 65°47.676.N 18°14.354.V
Samkvæmt túnakorti frá 1917 var kálgarður um 40 m norðvestan við bæ 001. Hann hefur verið fast ofan (vestan) við núverandi heimreið að Litlu-Brekku, líklega þar sem sléttuð brekka teygir sig upp frá litlum vatnspolli.
Grasi gróin, sléttuð brekka.
Engin ummerki sjást nú um kálgarðinn.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Túnakort 1917

EY-091:005 tóft beitarhús 65°47.838.N 18°15.123.V



Þrískipt tóft er á hæð, sunnan við Selgil og um 700 m norðvestan við bæ 001. Guðmundur Ólafsson skráði tóftina árið 1985 og er hún númer 37 í skráningu hans.
Umhverfis eru grasi vaxnir móar. Um 10 m austar er melur sem er ber í toppinn. 5-10 m norðar lækkar landið ört að ánni og því má segja að tóftin sé á gilbarmi Hofsár.
Tóftin er 11 X 6 m stór og snýr nálega austur-vestur. Hún skiptist í 2-3 hólf. Austurhluti tóftar er fremur skýr en hún verður óljósari eftir því sem vestar dregur og hið "meinta" vestasta hólf er á mörkum þess að vera greinilegt. Austasta hólfið er um 3 X 3 m að stærð. Op er á suðurvegg þess austarlega. Vestar er hólf sem er 3 X 2 m að innanmáli og snýr nálega norður-suður. Op er suðurvegg þess austarlega. Vestasta hólfið er vart greinilegt en dæld sést þar í þúfnabakkann. Hún er 2-3 X 1-2 m stór. Tóftin er algróin og mjög sigin, aðeins 0,2 m á hæð. Einstaka steinar, úr grjóthleðslum sjást á stöku stað. Samkvæmt skráningu Guðmundar Ólafssonar er tóftin af beitarhúsum en ekki er ljóst á hverju hann byggir þá túlkun sína.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Guðmundur Ólafsson: Fornleifaskrá Arnarneshrepps 1985

EY-092 Stóra-Brekka



30 hdr. 1712. Fyrst getið í jarðakaupabréfi ritað í Arnbjargarbrekku 14.2.1442 (DI XII, 40-41). Kemur fram í kaupmálabréfi dagsett 11.9.1485/20.4.1486 þar sem Sveinn Sumarliðason gefur Guðrúnu Finnbogadóttur: "jordina alla arnbiargarbrekkv. Er liggr j modruualla kirkiu sokn j huvrgardal med sva felldvm skildaga at hann gaf henni. lx. Hvndrada j giof. epter logvm vpp j nefnda jord arnbiargarbrekkiu og þar til .xl. hvndrada j gagngialld og giof. hvert kallaz morgingiof og bekkiargiof. skylldi gudridr taka þessar giafir vpp j arnbiargarbreckv sem hvn veri dýr til." (DI VI, 538). Getið í bréfi um tylftardóm (útnefndum af Finnboga Jónssyni lögmanni) þann 24.5.1486 að Arnbjargarstaðir voru í eign Eiríks Loftssonar er fór svo í arf til Sveins Sumarliðasonar." (DI VI, 571). 12.8.1503 stefnir séra Eiríkur Sumarliðason Finnboga Jónssyni lögmanni m.a. vegna: "[...] þu helldur og hefur halldid upp áá iij áá R halfa iord mina er arnbiargarbrecka heiter er liggr j modruualla þingum j haurgardal og gudridr heitin gaf mier j sina testamentumgiof." (DI VII, 647). Í testamentsbréfi Gottskálks Nikulásarsonar biskups á Hólum þann 6.6.1520: "Arnbiargar Brecku og halft Krossanesid ýtra fieck oss sıjra Eıjrıjkur Sumarlidason fyrer vora peninga. Enn hann tok j sama fyrer Riettarbotina. Af þeim fimbogasonum." (DI VIII, 728). Þann 17.8.1544 er kaupmálabréf Jóns Þórarinssonar og Guðnýar Einarsdóttur ritað í Arnbjargarbrekku. (DI XII, 93-94). Kemur fram í kaupbréfi frá 15.9.-17.12.1564/22.3.1565: "Enn ef jorden Holar genge af Sera Biorn med logum. þa skylldi þrattnefndur Sera Biorn eignast þridiung j jordunni Arnbiargarbrecku þann sem Halfdan Eijnarson helldur vegna kuinno Þrudar Ormsdottur." (DI XIV, 303). Engar heimildir fundust um að Litlu- Brekku hafi verið skipt út úr Stóru- Brekku þó líklegt verði að teljast að svo hafi verið gert í fyrndinni. Elstu heimildir sem fundust um Litlu- Brekku var í kaupbréfi frá 6.6.1559 þar sem hún var kölluð minne Brecka. (DI XIII, 420). Einnig er hún kölluð Minnebrecka í Jarðabók Á.M. og P.V. (JÁM X, 127) en svo Litla- Brekka í Jarðartali J. Johnsen (JJ, 289)og alla tíð síðan. En aldrei með tilvísun til Stóru- Brekku. Í Jarðabók Á.M. og P.V. er minnst á Rauðagerðis- tóttir. (JÁM X, 127). Sömuleiðis í Jarðartali J. Johnsen er minnst á eyðihjáleigurnar Rauðagerði og Brekkugerði. (JJ, 289). Brekkugerði fór í eyði á 19. öld. (BE 1990, 392). Minnst er á hjáleiguna Breckukot í Jarðabók Á.M. og P.V. og þar segir að "Bygðin varaði um ii ár eður iii, hvörki áður nje síðan." (JÁM X, 127). En búið var í Brekkukotunum á 19. öld þá sem hjáleigurnar Syðra- og Ytra- Brekkukot, stundum kölluð Syðra- og Ytrakot. (JJ, 289).

1917: 6 ha. 3/4 slétt. Sáðreitir 440 m2. 1712: "Á nefndum xxi jarðarinnar kann að fóðrast um vetur ii kýr, xv ær, x lömb, i hestur. Upprekstur frammkemur að þessi jörð eigi á þorvaldsdal, lamba einúngis,

í Vatnshlíð á millum hraunanna, fyrir utan toll.[...] Ekki er hjer óhætt fyrir forræðum og dýjum kvikfjenaði."(JÁM X, 127.) Einnig varðandi hjáleiguna Brekkukot: "Má ei byggjast aftur án jarðarinnar skaða." (JÁM X, 127.)


EY-092:001 *Stóra Brekka* bæjarhóll bústaður 65°47.548.N 18°14.978.V


Bæjarhóll Stóru-Brekku, horft í vestur

Gamli bærinn í Stóru-Brekku stóð nálega þar sem íbúðarhúsið gerir nú. Gamli bærinn náði þó talsvert lengra til vesturs en íbúðarhúsið gerir en það stendur þar sem frambær gamla bæjarins var.
Bæjarhóllinn er í hlíð sem hallar til austurs, túnin umhverfis hann eru enn slegin.
Gamalt eldhús var norðan við frambæinn en fjós var sambyggt bænum nyrst að aftanverðu (vestan) (sjá 022). Bærinn brann árið 1941 og var þá núverandi íbúðarhús byggt ofan í rústirnar (sama ár). Stóra-Brekka er nú komin í eyði, ein af Brekkujörðum. Steinsteypta íbúðarhúsið á Stóru-Brekku er með kjallara og má því ætla að bygging þess hafi skemmt bæjarhólinn talsvert. Hóllinn er þó enn greinilegur. Hann er um 80 m á lengd norður-suður en um 40 m (til 60 m) á lengd. Bæjarhóllinn nær úr norðri frá Merkjalæk og samtals í 80 m til suðurs þó að syðstu 20 metrarnir séu mun lægri en nyrðri hluti hólsins. Austurbrún bæjarhólsins er skýr en vesturbrúnin óskýrari. Bæjarhóllinn er mest 1-2 m á hæð. Honum hefur sjálfsagt verið umturnað talsvert á 20. öld en þó eru líklega talsverðar mannvistarleifar undir sverði á þessum slóðum.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:Túnakort 1917

EY-092:002 heimild um bænhús 65°47.538.N 18°14.777.V
"Bænhús ætla menn hjer að forngildu verið hafi, sem merkja er af tóftarleifum, sem fyrir austan bæinn enn nú sýnilegar eru. Ekki hafa hjer tíðir verið veittar í manna minnum," segir í Jarðabók Árna og Páls. Í örnefnaskrá segir ennfremur: "Utarlega og neðarlega í túni Stóru-Brekku er olnbogi á bæjarlæknum. Bænhúsvöllur og Bænhústóft voru þar áður en sléttað var." Samkvæmt Jóhönnu Jóhannsdóttur, heimildamanni, var Bænhúsvöllur neðan (austan) Möðruvallarvegar, fast sunnan við læk og um 150 m austan við bæ 001.
Á þessum slóðum er sléttað tún sem slegið er.
Ekkert sést til minja nema að ójöfnur sem eru í túninu á einum stað (og skildar eru eftir óslegnar) séu vísbending um staðsetningu bænhússins.
Hættumat: hætta, vegna jarðræktar
Heimildir:JÁM X, 127; Örn.Jóh.Ól.

EY-092:003 tóft fjárhús 65°47.571.N 18°15.028.V



Stórt útihús/útihúsasamstæða er merkt inn á túnakort frá 1917 um 40 m ofan og utan (norðvestan) við bæ 001. Á þessum stað er ennþá tóft sem samkvæmt Jóhönnu Jóhannsdóttur, heimildamanni, var af fjárhúsi og lambhúsi en undir lokin var húsið notað sem hænsnakofi.
Stór hluti samstæðunnar hefur verið rifinn og stendur braggi þar sem gamla lambhúsið var.
Á þessum stað voru stór fjárhús nyrst en sunnar lambhús með hlöðu og heytóft að baki. Lambhúsið, sem undir lokin var notað sem hæknakofi, var syðst en norðar voru fjárhúsin sem samtals voru með fjórar burstir og rúmuðu 60 kindur. Síðar var byggð lítil heimilisrétt þar sem fjárhúsin voru og sést hún ennþá. Réttartóftin er 22 X 14 m stór og snýr austur-

vestur. Vesturhluti hennar er um 2 m mjórri en sá austari. Tóftin er einföld og opin til vesturs. Ómögulegt er að greina nákvæma lögun tóftar þar sem mannhæðarhátt gras vex innan í henni. Því er vel mögulegt að tóftinni hafi verið skipt upp þótt skrásetjari hafi ekki áttað sig á henni á vettvangi sökum gróðurs. Veggir tóftarinnar eru 2-3 m á þykkt en mest 0,8 m á hæð. Tóftin er byggð á 20. öld og í henni má sjá steypuleifar hér og þar. Hún er annars hlaðin úr torfi og grjóti og á kafi í gróðri.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:Túnakort 1917;

EY-092:004 *Mylluhús* heimild um fjárhús 65°47.573.N 18°15.052.V
Útihús voru um 70 m ofan við bæ 001 og örlítið utar (eða VNV) við bæ 001 samkvæmt túnakorti frá 1917. Á þessum stað stóðu 40 kinda fjárhús þegar Jóhanna Jóhannsdóttir, heimildamaður, man fyrst eftir. Húsin voru um 10 m ofan (vestan) við fjárhús 003.
Þar sem húsin stóðu er nú óræktarblettur ofan (vestan) við bragga og fast neðan (austan) við túngarð. Svæðið er á kafi í háu grasi.
Húsin voru byggð alveg við túngarðinn sem sést ennþá 004. Þar sem þau voru er mikil grjótdreif. Húsin voru nefnd Mylluhús en Jóhanna kannaðist þó ekki við að þar hefði verið mylla. Húsin stóðu við læk. Þau voru síðast í notkun um 1950.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:Túnakort 1917


EY-092:005 heimild um fjárhús 65°47.552.N 18°15.044.V
Útihús eru merkt inn á túnakort frá 1917 rúmum 50 m ofan (vestan eða VNV) við bæ 001. Samkvæmt Jóhönnu Jóhannsdóttur, heimildamanni, var fjárhús á þessum stað fyrst þegar hún man eftir en undir lokin voru húsin notuð sem hesthús.
Á óræktarbletti, skammt sunnan við bragga. Engar leifar húsanna sjást.
Húsin voru rifin á 7. áratug 20. aldar.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:Túnakort 1917

EY-092:006 heimild um hesthús 65°47.481.N 18°15.019.V
Um 140 m innan (sunnan) við bæ 001 var útihús samkvæmt túnakorti frá 1917. Á þessum stað var hesthús samkvæmt Jóhönnu Jóhannsdóttur, heimildamanni.
Á þessum stað eru tún í órækt.
Engin ummerki sjást nú um húsið en það var rifið þegar vegur var lagður á þessum slóðum, um 1960.
Hættumat: hætta, vegna vegagerðar
Heimildir:Túnakort 1917

EY-092:007 heimild um traðir 65°47.544.N 18°14.958.V
Gamla heimreiðin að Stóru-Brekku er sýnd á túnakorti frá 1917. Hún hefur legið úr túnjaðri í norðri og í 30-35 m til suðurs að bæjarhlaði 001. Sunnan við bæ hefur heimreiðin svo haldið áfram í um 80 m til suðurs áður en heimatúni sleppti.
Á þessum slóðum eru sléttuð tún.
Engar leifar heimreiðarinnar sjást nú. Samkvæmt Jóhönnu Jóhannsdóttur, heimildamanni, var heimreiðin kerrufær götuslóði.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:Túnakort 1917

EY-092:008 *Gerðismóar* tóft óþekkt 65°47.069.N 18°14.260.V
"Vestan Dalvíkurvegar eru Gerðismóar suður að Þrastarhólsmerkjum," segir í örnefnaskrá. Tóft er í Gerðismóum um 60 m norðaustur af garði (EY-095:009) í landi Þrastarhóls og um 870 m suðaustan við merki við Þrastarhól. Tóftin er 200-250 m norðvestan við Dalvíkurveg. Guðmundur Ólafsson skráði hana árið 1985 og er hún númer 40 í fornleifaskrá hans.
Á þessum stað er um 2 m hár hóll í mjög þýfðum móa, hugsanlega gamalt tún í órækt. Allt í kring er grasivaxinn mói.
Tóftin er 12 X 8 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Hún er á hól sem er 21 X 18 m að stærð,

um 2 m hár og mjög þýfður. Tóftin er grasi gróin og engar grjóthleðslur sjást í henni. Hún virðist skiptast í tvö hólf þó ekki sé hægt að útiloka að "milliveggurinn" sé náttúrulegt þýfi. Bæði hólfin snúa nálega norður-suður. Það vestara er 5 X 2 m að innanmáli en hið eystra 7 X 2 m. Ekkert op er greinilegt á tóftinni. Svo virðist sem garðlag liggi meðfram tóftinni að sunnan og austan, um 2 m frá henni.




Hættumat: hætta, vegna jarðræktar
Heimildir:Örn. Jóh. Ól. og Guðmundur Ólafsson: Fornleifaskrá Arnarneshrepps 1985

EY-092:009 *Brekkugerði* heimild um býli 65°47.519.N 18°15.020.V
"Hjáleiga hefur hjer í túninu innangarðs verið að nafni Breckukot. Bygðin varaði í um ii ár eður iii, hvörki áður nje síðan," segir í Jarðabók Árna og Páls. "Milli [Stóru-Brekku og Ytra-Kots] hefur heitið Gerði, eða Brekkugerði, og norðan undir því er Gerðislækur," segir í örnefnaskrá. Talið er að Brekkugerði hafi verið þar sem nú er hóll í túninu, nefndur Gerðishóll. Hóllinn er um 60 m suðvestan við bæ 001.
Hóll í sléttuðu túni, engin ummerki sjást um tóftir á eða við hólinn.
Búið var í Brekkugerði 1829-31 a.m.k. Í Jarðartali J. Johnsen er minnst á eyðihjáleigurnar Rauðagerði 093:005 og Brekkugerði. (JJ, 289). Brekkugerði fór í eyði á 19. öld samkvæmt Byggðum Eyjafjarðar. Minnst er á hjáleiguna Breckukot í Jarðabók Á.M. og P.V. og þar segir að "Bygðin varaði um ii ár eður iii, hvörki áður nje síðan." (JÁM X, 127). En búið var í Brekkukotunum á 19. öld þá sem hjáleigurnar Syðra- og Ytra- Brekkukot, stundum kölluð Syðra- og Ytrakot. (JJ, 289). Á Gerðishólnum var lengi smiðja en um hann var sagt að þar hefði áður verið búið.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:JÁM X, 127, Örn.Jóh.Ól.; Bændur og búhagir, 45, JJ, 289, BE 1990, 392

EY-092:010 heimild um óþekkt 65°47.483.N 18°14.339.V
„Yzt og efst í engi Stóru-Brekku eru Efra- og Neðra-Kálfholt. Tóftarbrot, nafnlaus, eru sunnan í efra holtinu." segir í örnefnaskrá Jóhannesar Óla. Tóftarbrotin voru um 500 m ASA við íbúðarhúsið á Stóru-
Brekku byggt 1942.
Tóftarbrotin voru í túni sem er nú notað sem hagabeit fyrir hross. Það er suður undan holti sem er miðja vegu milli Brekku-bæjanna og vegar nr. 82.
Ekkert sér til fornleifa og hafa tóftirnar líklegast verið sléttaðar í tún.
Hættumat: hætta, vegna jarðræktar
Heimildir:Örn.Jóh.Ól.

EY-092:011 *Grænutóftir* þúst óþekkt 65°47.549.N 18°15.475.V
„Sunnan við Böðin er allstór grasmór, og eru efst í horni hans að utan Grænutóftir." segir í örnefnaskrá Jóhannesar Óla. Þústin er um 400 m vestan við íbúðarhúsið á Stóru-Brekku byggt 1942. Garðlag 016 liggur að hluta umhverfis þessa þúst. Garðlagið er um 50 m sunnan við þústina, 40 m vestan við hana og um 20 m norðan við hana.




Þústin er í grösugum móa sem einkennist af mikilli snarrót. Nýleg rafmagnsgirðing liggur þvert yfir tóftina.
Tóftin er ekki mikið meira en einn torfveggur en þó má sjá vísi af öðrum veggjum á formi steinadreifar sem mynda hólf. Samtals má áætla að tóftin hafi verið um 8 x 10 m að stærð. Hún hefur líklega verið tvö hólf. Veggurinn sem er greinilegur snýr norður-suður. Mikið rof er í þústinni og er hún mikið blásin. Hleðsluhæð veggsins sem best stendur er um 30 cm. Tóftin er líklega sama tóft og Guðmundur Ólafsson skráði númer 38 í fornleifaskrá sinni. Þar segir: "I. Þetta er frekar óljóst en sést

móta fyrir tveim hólfum. Konan á Stóru-Brekku man eftir þeim miklu auðsjáanlegri þegar hún var barn. Ytri mörk veggja eru óljós og hallandi hæð veggja er um 0,2 m og breidd um 0,7 m. Innanmál a) er 2x2 m og b) 2,5x2 m. Herb. liggja ekki samhliða heldur á ská frá hvort öðru (horn í horn). Norðvestur af a) er op og gæti þar hafa verið hólf en þar sést bara austurveggur. Konan á Stóru-brekku segir að þetta sé sennilega bara inngangur og man ekki eftir öðrum veggjum þar."
Hættumat: stórhætta, vegna rofs
Heimildir:Örn.Jóh.Ól. og Guðmundur Ólafsson: Fornleifaskrá Arnarneshrepps 1985

EY-092:012 garðlag óþekkt 65°47.479.N 18°15.616.V
,,Sunnan við Böðin er allstór grasmór, og eru efst í horni hans að utan Grænutóftir [011] Sunnan við móinn mótar fyrir garðhleðslum. ... Garðhleðslan nær að Þrastarhólsá ..." segir í örnefnaskrá Jóhannesar Óla. Þetta garðlag er um 520 m VSV við íbúðarhúsið á Stóru-Brekku byggt 1942. Það er 180-200 m suðvestan við Grænutóft 011 og um 5 m norðan við stekk 013.
Garðlagið er í grösugum móa, ofan við (vestan) við túngirðingu en neðan við fjallsrætur og liggur það samsíða Þrastarhólsá sem er 50 m sunnar. Landið sem garðlagið liggur um er dálítið mýrlent.
Garðlagið er í þremur pörtum en er hér skráð sem ein fornleif. Saman eru garðbútarnir um 140 m að lengd og allir eru þeir áþekkir, um 1,5 m á breidd en 0,3-0,6 m að hæð og er hleðsluhæðin meiri ofar og nær fjalli. Ekkert grjót sést í garðlaginu, það er grasi vaxið en víða er hrunið úr garðinum. Það liggur frá vestsuðvestri til austnorðausturs og er svo til beint. Ekki er með fullu ljóst hvaða hlutverki það hefur gengt nema ef til vill að það hafi þjónað sem vörslugarður og þá kannski í einhverjum tengslum við stekk 013 sem er alveg við garðlagið sunnan megin. Óljósan hrygg má greina í móanum í stefnu áfram til norðausturs þar sem garðlagið fjarar út en ekki er hægt að fullyrða með vissu að það sé framhald hans.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:Örn.Jóh.Ól.

EY-092:013 *Stekkur* tóft stekkur 65°47.461.N 18°15.737.V



,,Sunnan við Böðin er allstór grasmór,... . Sunnan við móinn mótar fyrir garðhleðslum. ... Garðhleðslan nær að Þrastarhólsá, og þar eru tóftarbrot, sem heita Stekkur. Ofan við tóftarbrotin er Stekkjargrund." segir í örnefnaskrá. "Um 200 m vestan við Syðra-brekkukot (íbúðarhúsið)," segir í skráningu Guðmundar Ólafssonar nr. 39. Stekkurinn er um 600 m VSV við íbúðarhúsið á Stóru-Brekku byggt 1942. Hann er um 400 m VSV við íbúðarhúsið á Syðra-Brekkukoti sem upphaflega var byggt 1939. Hann er um 260 m suðvestan við Grænutóftir 011.
,,Í fjalli, þúfur eru bæði fyrir neðan og ofan smá mýri er að norðanverðu og lækur holt að sunnanverðu," segir í skráningu Guðmundar Ólafssonar. Stekkurinn er í nokkrum halla, í mólendi sem er fyrir ofan (vestan) tún en neðan við fjallsrætur.
,,I Þessi rúst sést mjög vel. Grjóthlaðnir veggir um 1,1 m háir, sjást mjög greinilega. Það eru tvö hólf a)5x5,5 og b) 3x4-5 m að innanmáli. Veggir eru um 1,5 m að breidd. Inngangur er á miðri austurhlið. II. Norðan við er aðeins um 2 m frá er garður um 2 m breiður og nær um 15 m upp fjallshlíðina," segir í skráningu Guðmundar Ólafssonar. Stekkurinn er frekar áberandi, hefur grjóthleðslur í veggjum sem sjást að hluta en þær eru vel grónar. Stekkurinn sem er um 12 x 8 m að stærð og snýr norður-suður. Veggir eru þykkir og stæðilegir og eru um 2 m að þykkt og um 90 cm að hæð. Stekkurinn skiptist í tvö hólf, það syðra er 4 x 1 m að innanmáli og snýr austur-vestur en nyrðra hólfið er 5 x 4 m að innanmáli. Svo virðist sem op hafi verið milli hólfa í norðvesturhorninu á syðra hólfinu en einnig er op á nyrðra hólfinu á miðjum austurvegg.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:Örn.Jóh.Ól. og Guðmundur Ólafsson: Fornleifaskrá Arnarneshrepps 1985


EY-092:014 *Grásteinar* heimild um huldufólksbústað 65°47.518.N 18°15.647.V
,,Skammt ofan við Böðin eru Grásteinar á Steinahjalla, mikill huldufólksbústaður." segir í örnefnaskrá. Grásteinar er lítil klettaborg með þéttri steinadreif að austan og er hún um 520 m vestan við

íbúðarhúsið á Stóru-Brekku byggt 1942. Borgin er um 130 m norðaustan við stekk 013 og 160-170 m norðaustan við Þrastarhólsá.
Klettaborgin er í fjallshlíð og hallar landinu til austurs. Steinadreifin er á lítilli syllu í brekku þó nokkuð ofan við tún, við fjallsrætur.
Grásteinar er lítil klettaborg samsett af tveim stórum steinum og minni urð umhverfis. Steinarnir eru vel sorfnir eða ávalir.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:Örn.Jóh.Ól.

EY-092:015 þjóðsaga 65°47.464.N 18°16.052.V
,,Tregagil, sem sagt er frá í þjóðsögum, mun vera Þrastarhólsárgil (merkjagil). Þangað segir sagan, að örninn hafi flogið með barnið, er hann tók heima við bæ í Stóru-Brekku. Móðirin elti upp að fjalli, fannst þar sturluð, en óp hennar heyrðust oft síðan í Tregagili, segir sagan." Segir í örnefnaskrá. Tregagil er um 850 m vestsuðvestan við íbúðarhús á Stóru-Brekku byggt 1942 001 og um 250 m vestan við stekk 013.
Þröngt gil með frekar brattar en grónar hlíðar beggja vegna. Þrastarhólsá rennur um gilið og eru háar flúðir eða lítill foss í gilinu.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:Örn.Jóh.Ól.


EY-092:016 garðlag óþekkt 65°47.515.N 18°15.417.V
,,Sunnan við Böðin er allstór grasmór, og eru efst í horni hans að utan Grænutóftir." segir í örnefnaskrá. Grænatóft 011 er um 400 m vestan við íbúðarhúsið á Stóru-Brekku byggt 1942. Garðlag liggur að hluta umhverfis þessa þúst og er að greina það um 50 m sunnan við þústina, 40 m vestan við hana og um 20 m norðan megin við hana. Guðmundur Ólafsson skráði garðlagið og þústina í skráningu sinni árið 1985 og er hvort tveggja nr. 38 í skrá hans.
"Ofan og vestan við er brekka upp í fjallið. Smáhæðótt norðan við og dálýtið þýft. Sunnan og austan við er sléttara. Þetta er grösugt svæði," segir í skráningu Guðmundar Ólafssonar. Við lýsingu Guðmundar er það helst að bæta að garðlagið er bæði fyrir ofan og neðan túngirðingu, en landið er þó vel grösugt alveg upp að fjallsrótum.
Garðlagið sem er í tveim aðskildum hlutum liggur að mestu ofan við Grænutóft 011, er allt hlaupið í þúfur og víða alveg komið í sundur. Saman mynda þessir tveir hlutar sporöskjulaga garðlag sem afmarkar svæði sem er 90 x 60 m en alveg er opið til austurs. Það ber lítið á því í landinu því mikið stórþýfi er á þessum slóðum. Syðrihluti þess er sunnan megin við Grænutóft 011 og er stefna þess þar frá suðaustri til norðvesturs. Hinn hlutinn er vestan og norðan við Grænutóft og stefnir frá suðvestri til norðausturs. Hleðsluhæð garðlagsins er um 40 cm en breidd þess er um 2 m, það lítur út fyrir að vera mjög sigið og slitið, ekki sér í neinar grjóthleðslur. Ekki er ljóst hvaða hlutverki þetta garðlag hefur gengt en sennilegast er að ætla að þetta garðlag hafi notast í fjárrekstri sem einhvers konar aðhald. Ekki er ósennilegt að einhver tengst séu á milli garðlagsins og Grænutóftar 011 þau liggja þó ekki ljós fyrir. Rétt er að geta að austasti hluti garðlagsins liggur á merkjum og gæti hafa gengt hlutverki merkjagarðs.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Guðmundur Ólafsson: Fornleifaskrá Arnarneshrepps 1985

EY-092:017 tóft heystæði 65°47.215.N 18°13.624.V
Lítil tóft er um 1,2 km suðaustur af íbúðarhúsinu á Stóru-Brekku 092:001 sem byggt var 1942. Tóftin er um 160 m ANA af heystæði 018 og 230-240 m norður af Lárusarlaut þar sem einnig er heystæði 020. Þessi litla tóft er sennilega enn eitt heystæðið. Samkvæmt landamerkjum frá Rala tilheyrir þessi tóft nú Ytra-
Brekkukoti en í skráningunni voru allar fornleifar austan við veg skráðar undir Stóru-Brekku en hinar jarðirnar hafa byggst út frá henni.
Tóftin er í svolitlum halla til vesturs. Hún er í jaðri túna sem taka við vestar og norðar en að sunnan og austan er mói. Túnið ber þess




merki að það er ekki slegið reglulega og er á kafi í grasi. Grösug tóftin sker sig þó lítið eitt út úr í jaðrinum á móanum sem hefur frekar þunna gróðurhulu.
Tóftin sem er tveggja hólfa og er 6 x 5 m að utanmáli snýr norðaustur-suðvestur. Veggir eru um 50 cm á breidd en um 20 cm á hæð. Í norðurhorninu á tóftinni er lítið hólf sem er 1,5 x 1 m að innanmáli og snýr eins og tóftin en ekkert sýnilegt op er á tóftinni.
Hættumat: engin hætta

EY-092:018 tóft heystæði 65°47.203.N 18°13.690.V



Um 1,2 km suðaustur af Syðra-Brekkukoti en um 1,5 km norðan við Syðrakotslæk er tóft. Hún er um 400 m VNV af Lárusarlaut 020. Samkvæmt landamerkjum frá Rala tilheyrir þessi tóft nú Ytra-Brekkukoti en í skráningunni voru allar fornleifar austan við veg skráðar undir Stóru-Brekku en hinar jarðirnar hafa byggst út frá henni.
Tóftin er í grösugu túni sem komið er í órækt og er grasið á þessum slóðum víða orðið mannhæðarhátt. Að austan er hins vegar mói en þar er skógrækt hafin í mel.
Tóftin er öll á kafi í grasi og af þeim sökum illgreinanleg. Ekki var vart við neina hólfaskipan og virðist því tóftin einföld. Hún er 8 X 8 m að stærð en innanmál er 5 X 6 m. Hún minnir helst á heystæði og er alveg hlaðin úr torfi. Tóftin virðist í jaðri gamals túns og rennur lækur í um 20 m fjarlægð, í nokkuð djúpu lægðardragi. Tóftin og allt umhverfi hennar er í stórþýfi og oft erfitt að úrskurða um hvort þúfurnar gætu verið hluti af alveg hrundum veggjum eða hvort þær eru náttúruleg frostverkun. Tóftin er á dálitlum hól og stendur vel upp úr umhverfinu, er einnig grænni en umhverfið.
Hættumat: engin hætta

EY-092:019 tóft heystæði 65°47.079.N 18°13.907.V
Tóft er 1,2 km suðaustan við bæ 001 en 280 m SSV við tóft 018. Tóftin er 50-60 m ASA við Dalvíkurveg. Þetta er líklega sama tóft og Guðmundur Ólafsson hefur skráð númer 42 í skráningu sinni 1985.



Tóftin er í hæðóttu landi og er norðvestast á mel sem liggur frá tóftinni til suðurs en í boga til suðausturs. Umhverfis eru melhólar í bland við grösuga móa en svæðið er nú nýtt sem bithagi fyrir hross.
Tóftin er 13 X 10 m stór og snýr nálega austur-vestur. Hún er að hluta niðurgrafin þannig að dýpt veggja mæld innanfrá er 1,7 m en utan frá 1 m. Tóftin virðist hafa verið tvískipt og er vestara hólfið stærra eða 5 X 5 m en það eystra 3 X 2 m að innanmáli. Ekkert op er greinilegt á henni. Tóftin er gróin og virðist að mestu hlaðin úr torfi þótt stöku steina megi greina í torfhruni hennar. Guðmundur Ólafsson lýsir tóftinni á eftirfarandi hátt: "Þetta er sporöskjulaga, veggir eru um 1 m háir og um 1,5 m breiðir en misbreiðir, ummál er 14x10m, innanmál 9x5m,".
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Guðmundur Ólafsson: Fornleifaskrá Arnarneshrepps 1985

EY-092:020 *Lárusarlaut* tóft heystæði 65°47.090.N 18°13.170.V
"Framan í [Kúamel] er heystæði, sem kallast Lárusarlaut, síðan þar fannst örendur Lárus Thorarensen frá Hofi...," segir í örnefnaskrá. Guðmundur Ólafsson skráði tóftina 1985 og er hún númer 85 í skrá hans. Tóftin er í laut eða kvos sem er opin til suðvesturs að stóru, sléttu túni eða mýri. Tóftin er suðaustan til við Kúamel. Hún er 1,6 km suðaustan við bæ 001 en um 440 m suðaustan við tóft 018.
Tóftin er í jaðri túns upp við malarhólinn Kúamel.
Tóftin er 9 X 6 m að stærð og snýr í suðsuðvestur og norðnorðaustur. Hún er einföld, um 6 X 4 m að innanmáli. Veggir eru mest 1 m á breidd en 0,3 m á hæð. Eiginlega er bara hægt að tala um ytra byrði veggja á suður- og austurvegg því aðrir veggir eru að mestu leyti náttúrulegir. Austurhliðin og suðurgaflinn eru torfhlaðnir og ekkert op sést á tóftinni.

Hættumat: engin hætta
Heimildir:Örn.Jóh.Ól.

EY-092:021 garðlag túngarður 65°47.574.N 18°15.053.V
Túngarður markaði af tún í Stóru-Brekku, a.m.k. ofan túna (að vestan). Þessi garður markaði reyndar vesturjaðar fleiri túna þar sem hann lá eftir hlíðinni ofan við Brekkubæina (sjá einnig 094:010). Túngarðurinn sést enn ofan við bæ 001 sunnan við læk sem er á merkjum. Norðan við læk eru hins vegar sléttuð tún og hefur garðurinn horfið í þau.
Túngarðurinn er, rétt eins og nánasta umhverfi hans, á kafi í mjög háu grasi.
Túngarðurinn er greinilegur og 2-2,5 m á breidd, mest um 0,8 m hár. Hann er á kafi í grasi og ekki sáust grjóthleðslur í honum. Hann er nokkuð samfelldur en þó eru eyður í hann á nokkrum stöðum, m.a. þar sem vegarslóði liggur í gegn. Garðurinn er samtals um 210 m langur og liggur norðaustur-suðvestur.
Hættumat: engin hætta

EY-092:022 frásögn fjós 65°47.550.N 18°14.967.V
Samkvæmt Jóhönnu Jóhannsdóttur, heimildamanni, var fjósið á Stóru Brekku norðan við bæ 001. Reyndar var fjósið sambyggt gamla bænum en eftir að hann brann var nýtt fjós úr torfi og grjóti byggt 5-10 m norðan við íbúðarhúsið á grunni þess gamla.
Grasi gróin hæð er fast norðan við íbúðarhúsið en þar norðan við er heimreið og óræktarblettur að læk.
Fjósið var upphaflega reist úr torfi og grjóti en síðar var það steinsteypt og á endanum rifið. Samkvæmt Jóhönnu bjó gamall maður í fjósinu um hríð á 19. öld.
Hættumat: engin hætta


EY-092:023 heimild um útihús 65°47.527.N 18°14.891.V
Útihús er merkt inn á túnakort frá 1917 um 60 m neðan (austan eða ASA) við gamla bæinn 001. Húsið var 10-20 m sunnan við heimreið 007.
Sléttað tún neðan (austan) íbúðarhúss en ofan Möðruvallavegar. Túnið er í aflíðandi halla til austurs.
Engin ummerki sjást nú um húsið.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:Túnakort 1917

EY-092:024 heimild um kálgarð 65°47.507.N 18°15.121.V
Kálgarður er merktur inn á túnakort frá 1917 um 120 m innan og ofan (SSV) við bæ 001.
Á þessum stað eru sléttuð tún í órækt og engin merki kálgarðsins sjást.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:Túnakort 1917

EY-092:025 heimild um kálgarð 65°47.487.N 18°15.133.V
Inn á túnakort frá 1917 er merkur kálgarður um 170 m innan og ofan (suðvestan) við bæ 001 en 40-50 m beint innan við kálgarð 024.
Á þessum stað eru sléttuð tún í órækt og engin merki kálgarðsins sjást.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:Túnakort 1917

EY-092:026 tóft + garðlag óþekkt
Við kortlagningu minja á loftmyndir fannst tóft og garðlag um 150 m SSV við 020 en 180 m ASA við 027. Tóftin og garðlagið eru byggð vestan í mel.
Tóftin virðist fremur áberandi og snýr NNA-SSV. Hún hefur líklega verið 18 X 14 m stór. Hún er gróin en ekkert er hægt að segja um innri lögun. Afar óljóst virðist mega greina garðlag um 17 m ASA við tóftina. Það liggur í boga til VSV og síðan vesturs og þá NNA austan í mel. Samtals var hægt að rekja garðlagið á um 180 m kafla. Líklegt er að garðlagið hafi verið lengra og hugsanlega tengst öðrum mannvirkjum á þessum slóðum. Ekki er ljóst hvaða hlutverki þessi tóft hefur gengt.

EY-092:027 *Rauðagerði* tóft bústaður 65°47.146.N 18°13.903.V



Í Jarðabók Árna og Páls segir: "Tóttarleifar með girðingum eru hjer einnig í landinu [Stórubrekku] nefnt Raudagerde, meinast þrælsgerði verið hafa." Í örnefnalýsingu eru móarnir upp frá Stórulág [sem er sunnan við Kúamel sem er sunnan við Ytrikotslág] sagðir heita Rauðagerðismór, og þar muni býlið Rauðagerði hafa staðið. Býlið er nú í landi Ytra-Brekkukots. Guðmundur Ólafsson skráði býlið 1985 og er það númer 41 í skrá hans. Tóftin er um 160 m austan við Ytra-Brekkukot 093:001 en 50-60 m norðan við heystæði 019.


Rústin er í þýfðum móa 60-70 m austan við Dalvíkurveg.

Tóftin er ekki áberandi í grösugum móanum. Skýrust eru tvö hólf en mögulegt er að tvö hólf til viðbótar hafi verið fyrir norðurenda og sömuleiðis virðist garðlag liggja til suðurs frá tóft. Samtals eru ummerki á svæði sem er 32 X 8-9 m stórt norður-suður. Guðmundur Ólafsson lýsti, í skráningu sinni frá 1985, aukalega tveimur tóftum (I og II) en engin ummerki fundust um þau við skráninguna 2006. Hér verður svæðinu lýst frá norðri til suðurs. Nyrst er afar óljós þúst sem snýr austur-vestur og er um 8 X 5 m að utanmáli. Vart er hægt að greina hólfaskipan í þústinni en mögulegt er að hún hafi skiptist í 2 hólf. Þá hefur stærra hólfið verið austar og líklega hefur op verið á minna hólfið syðst. Um þetta er þó erfitt að fullyrða. Sunnan við þessa þúst, sambyggt henni er svo skýrari, tvískipt tóft. Hún er 13 X 4 m að utanmáli og snýr norður-suður. Op er á miðjum norðurvegg nyrðra hólfsins sem er um 4 X 2 m að innanmáli. Syðra hólfið er 6 X 2 m að innanmáli en ekki sést op á því. Frá suðausturhorni þessarar tóftar liggur garðlag til norðurs. Það er um 12 m langt. Engar grjóthleðslur sjást í tóftinni eða garðlaginu og veggir eru víða 0,4 m á hæð. Allar þessar mannvistarleifar eru óskýrar og að talsverðu leyti hlaupnar í þúfur. Hvergi sjást grjóthleðslur. Verið getur að rústirnar hafi verið svolítið skýrari þegar Guðmundur Ólafsson skráði þær árið 1985. Í skráningu hans segir: "Þessi rúst er mjög óljós en liggur hærra en það sem er í kring - hálfgerður hóll (um 8 cm) þar er erfitt að sjá nokkra herbergja skipun. Þar sem veggir eru lágir en grasið hátt. Það sést móta fyrir þrem herb. a) 3x5m b) 3x6 m, c) 3x3 m að innanmáli. Veggir eru nokkuð óljósir en eru um 2,5 m breiðir og 0,1-0,2 m háir. II Heystæði um 45 m suðvestur af I ummál er 12x8m. III. Garður liggur um 45 m suður og suðaustur af II. Hann er 50 cm hár og 70 cm breiður. Hann liggur alveg að IV í norður. Garðurinn er nokkuð óljós og sundurslitinn sumstaðar en stór annars. IV virðist vera byggt alveg við garðinn og hefur hann verið austurhlið þess. Þetta er mjög augljós rúst og heldur konan á Stóru-brekku að þetta hafi verði mannabústaður. Þetta eru tvö hólf. Veggir eru mjög breiðir og rúml. 60 cm háir og um 1 m breiðir. Innnamál a) 4x3 m og innanmál b) 6x3 m. Það getur verið að það sé eitt herb. eða lítið hólf utan við þetta norðanmegin en veggir þess eru óljósari og eru aðeins um 30 cm á hæð."

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir:JÁM X, 127; Örn.Jóh.Ól, 90; Guðmundur Ólafsson: Fornleifaskrá Arnarneshrepps 1985

EY-093 Ytra Brekkukot



Í JÁM er minnst á Rauðagerðis- tóttir sem eru í landi Ytra-Brekkukots. (JÁM X, 127). Sömuleiðis í Jarðartali J. Johnsen er minnst á eyðihjáleigunar Rauðagerði og Brekkugerði. (JJ, 289). Brekkugerði fór í eyði á 19. öld. (BE 1990, 392). Minnst er á hjáleiguna Breckukot í JÁM og þar segir: "Bygðin varaði um ii ár eður iii, hvörki áður nje síðan." (JÁM X, 127). En búið var í Brekkukotunum á 19. öld þá sem hjáleigurnar Syðra- og Ytra- Brekkukot, stundum kölluð Syðra- og Ytrakot. (JJ, 289). "[Stóra- Brekka liggur] neðar að Þrastarhóli en í norðri að Ytra- Brekkukoti." BE 1990.
1917: 2,9 ha. 1/2 slétt. Sáðreitir 335 m2.

EY-093:001 *Ytra Brekkukot* bæjarhóll bústaður 65°47.585.N 18°14.954.V
Gamli bærinn í Ytra-Brekkukoti var þar sem nú stendur skemma/verkstæði og hlaða vestan við. Hann hefur verið um 50 m suðvestan við núverandi íbúðarhús á Ytra-Brekkukoti.
Bæjarhólnum hallar að bæjarlæk, til suðurs. Stórt reynitré og nokkur birkitré voru fast austan við suðurenda bæjar og standa þessi tré ennþá.
Greinilegur bæjarhóll er á þessum stað. Kálgarður hefur, samkvæmt túnakorti frá 1917, verið fast við bæinn og legið frá suðurhlið hans að bæjarlæk. Bæjarhóllinn er um 45 X 35 m stór og snýr norður-suður. Reyndar er erfitt að greina norður- og vesturbrún hans. Skemman/verkstæðið sem nú stendur þar sem gamli bærinn var er ekki niðurgrafin og því mætti ætla að einhverjar leifar mannvistarlaga kunnið að leynast í bæjarhólnum, sérstaklega syðst. Bæjarhóllinn er um 2 m á hæð þar sem mest er. Samkvæmt Jóhönnu Jóhannsdóttur, heimildamanni, var fjós sambyggt gamla bænum að norðan. Samkvæmt henni var eldhús byggt við gamla bæinn þar sem syðsti hluti skemmu er nú. Vestan við eldhús var "langhús" og var það endanlega rifið eftir 1970.
Heimildir:Túnakort 1917

EY-093:002 heimild um hesthús 65°47.606.N 18°14.982.V
Um 20 m ofan (vestan) við norðurenda gamla bæjarins 001 voru útihús sem merkt eru inn á túnakort frá 1917. Húsin voru hesthús samkvæmt Jóhönnu Jóhannsdóttur, heimildamanni.
Hugsanlegt er að hluti húsanna hafi horfið undir vesturjaðar hlöðu sem er sambyggð

verkstæði/skemmu að norðan.
Ábúendur á Syðra-Brekkukoti muna eftir tóft sem fyrri ábúendur sögðu þeim að væri af hesthúsi. Tóftin var fast norðan og NNV við hlöðu, þar sem nú er hæð og óræktarblettur. Úr þessum leifum var sléttað á síðasta áratug 20. aldar.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Túnakort 1917


EY-093:003 heimild um útihús 65°47.596.N 18°14.940.V
Fast norðaustan við norðausturhorn bæjar 001 var útihús samkvæmt túnakorti frá 1917 en heimreiðin 007 lá á milli.
Fyrir framan (suðaustan) það verkstæði/skemmu sem nú stendur þar sem bærinn 001 var er um 5 m langt malarplan en austan þess eru tún. Engin merki sjást nú um útihúsið og var það horfið þegar Jóhanna Jóhannsdóttir (f. 1928), heimildamaður, fór að muna eftir sér.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Túnakort 1917

EY-093:004 heimild um fjárhús 65°47.609.N 18°14.766.V
Útihús voru, samkvæmt túnakorti frá 1917, um 160 m utan og neðan (norðaustan) við bæ 001. Húsin voru fjárhús samkvæmt Jóhönnu Jóhannsdóttur, heimildamanni.
Þar sem húsin stóðu er lág hæð í túninu. Dældir eru í hæðina þar sem húsið hefur staðið en ekki er hægt að greina nákvæma lögun.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Túnakort 1917

EY-093:005 heimild um traðir 65°47.602.N 18°14.953.V
Samkvæmt túnakorti frá 1917 lá heimreið að bæ úr norðri, efst (vestast) í túni. Heimreiðin var, samkvæmt túnakorti, samtals um 160 m löng og náði að bæjarhlaði. Hún lá svo áfram frá suðurenda kálgarðs 006 og í um 20 m til suðurs, út túnið.
Á kafla hefur heimreiðin legið á svipuðum slóðum og malarplan sem er fyrir framan (austan) verkstæðið nú og malarslóði í framhaldi af því til norðurs, fram hjá núverandi íbúðarhúsi.
Engar leifar sjást um eldri heimreið en samkvæmt Jóhönnu Jóhannsdóttur, heimildamanni, var heimreiðin aðeins götuslóðar.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Túnakort 1917

EY-093:006 heimild um kálgarð 65°47.589.N 18°14.739.V
Samkvæmt túnakorti frá 1917 var kálgarður um 160 m neðan við bæ 001 og örlítið utar (ANA). Kálgarðurinn hefur verið 35-40 m ASA við útihús 004.
Kálgarðurinn var fast neðan (austan) við Möðruvallaveg, til móts við heimreið að Ytra-Brekkukoti.
Kálgarðurinn hefur verið þar sem nú er brekka í halla til suðausturs. Engin merki kálgarðsins sjást en á þessum slóðum eru sléttuð tún.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Túnakort 1917

EY-094 Syðra Brekkukot



Minnst er á hjáleiguna Breckukot í JÁM og þar segir að "Bygðin varaði um ii ár eður iii, hvörki áður nje síðan." (JÁM X, 127). En búið var í Brekkukotunum á 19. öld þá sem hjáleigurnar Syðra- og Ytra-Brekkukot, stundum kölluð Syðra- og Ytrakot. (JJ, 289). "Neðan fjallsgirðingar liggur landið [Stóra-Brekka] í suðri að Syðra- Brekkukoti ofantil [...]"BE 1990
1917: 3,2 ha. 3/5 slétt. Sáðreitir 500 m2.

EY-094:001 *Syðra Brekkukot* bæjarhóll bústaður 65°47.436.N 18°15.136.V
Gamli bærinn í Syðra-Brekkukoti stóð þar sem hesthús og fjárhús standa nú, um 50 m norðan við það íbúðarhús sem nú stendur á jörðinni.
Bærinn stóð í aflíðandi brekku þar sem land lækkar frá honum til austurs en hækkar til vesturs.
Enginn bæjarhóll er nú greinilegur á þessum stað. Samkvæmt Jóhönnu Jóhannsdóttir, heimildamanni, var fjós sambyggt gamla bænum að norðan og náði það út að bæjarlæk. Fjósið rúmaði um 8 kýr. Í bæjarröðinni var fjósið nyrst, þá eldhús og svo baðstofa.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Túnakort 1917

EY-094:002 heimild um hesthús 65°47.440.N 18°15.178.V
Útihús er merkt inn á túnakort frá 1917 um 35 m ofan (VSV) við bæ 001. Á þessum stað var hesthús samkvæmt Jóhönnu Jóhannsdóttur, heimildamanni.
Hesthúsin voru í aflíðandi halla til austurs. Úr þeim hefur nú verið sléttað en dálítil hæð er í túninu þar sem húsin stóðu og skammt frá henni er steinahrúga. Svæðið er nú bithagi hrossa.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Túnakort 1917


EY-094:003 heimild um fjárhús 65°47.426.N 18°15.198.V
Inn á túnakort frá 1917 er merkt útihús um 40 m ofan og örlítið innan (VSV) við bæ 001. Húsin hafa verið um 10 m innan (sunnan) við útihús 002. Útihúsin hafa staðið á svipuðum stað og braggi og lítill kofi gera nú ofan (vestan) við íbúðarhús, en líklega upprunalega náð lengra til vesturs.

Vestan við bragga er svæði á kafi í grasi, þar er hafin skógrækt.
Á þessum stað var fjárhús samkvæmt Jóhönnu Jóhannsdóttur, heimildamanni.
Hættumat: hætta, vegna trjáræktar
Heimildir:Túnakort 1917

EY-094:004 heimild um fjárhús 65°47.425.N 18°15.133.V
Útihús er merkt inn á túnakort frá 1917 um 30 m innan (SSA) við bæ 001. Húsið hefur staðið vestan við núverandi íbúðarhús í Syðra-Brekkukoti.
Nú er malarplan vestan við íbúðarhúsið í Syðra-Brekkukoti, þar sem útihúsin hafa staðið.
Á þessum stað var fjárhús samkvæmt Jóhönnu Jóhannsdóttur, heimildamanni.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Túnakort 1917

EY-094:005 *Arnbjargarhóll* álagablettur legstaður 65°47.435.N 18°15.289.V
Í örnefnaskrá segir: "Arnbjargarhóll er gamalt nafn á allstórum hóli ofan við túngarð í Syðra-Brekkukoti, en ekki er kunnugt um hver sú kona hefur verið (...) og ekki hefur þessi hóll verið kannaður að neinu ráði. Um hólinn ríkti fyrrum sú trú að ekki mætti í hann grafa, því að þá gæti kviknað í Möðruvallakirkju, og sýndist þeim, er hófu það verk, jafnan svo. Annars var það trú margra, að gullkvartil hefði verið lagt í hólinn með Arnbjörgu, sem þar á að vera grafin," Í Sýslu- og sóknarlýsingum er getið um sama stað. Þar segir: "Arnbjargarhóll heitir fyrir utan Brekkutorfuna, hvar heygð skal hafa verið kona með því nafni." Arnbjargarhóll er stór, náttúrulegur melhóll um 100 m vestan við bæ 001.
Hóllinn er algróinn grasi og nú hefur trjám verið plantað í suður-, austur- og norðurhliðar hans en ekki í hóltoppinn né heldur vesturhlið hólsins.
Hóllinn er gróflega áætlað 30 X 20 m stór og um 3 m á hæð. Mjög lág dæld er í toppi hólsins og er hún 3,5 X 2 m að stærð en 0,2 m á dýpt. Ekki er óhugsandi að þetta séu vegsummerki þess að einhvern tíma hafi verið grafið í hólinn. Utan þessarar dældar er engin mannaverk að sjá á hólnum og virðist hann alfarið náttúruverk.
Hættumat: hætta, vegna trjáræktar
Heimildir:Örn.Jóh.Ól; FF, 548; SSE, 108

EY-094:006 tóftir óþekkt 65°47.415.N 18°15.363.V



Um 100 m VSV af gamla bænum 001 eru nokkrar tóftir í hvammi sunnan við Arnbjargarhól. Lítið lækjardrag er í lautinni að norðan og sunnan. Neðsta (austasta) tóftin (E) er 20-30 m ofan (vestan) við túngarð 010. Guðmundur Ólafsson skráði tóftirnar árið 1985 og eru þær númer 43 í skrá hans. Hann skráir tóftirnar sem býlistóftir en færir ekki rök fyrir því hvers vegna svo sé og hér er ekki talin ástæða til að álykta að tóftirnar hljóti að vera að býli, þvert á móti minna tóftirnar meira á skepnuhús og aðhöld.
Tóftirnar eru í grasi grónum hvammi og eru þær allar á kafi í grasi. Skógrækt er hafin á þessum slóðum.
Á svæðinu eru tvær greinilegar tóftir, tvær þústir og eitt gerði. Samtals er svæðið 70 X 60 m að stærð og snýr austur-vestur. Hér verður hverju mannvirki gefinn bókstafur til aðgreiningar og hefst lýsingin vestast á svæðinu. Allra vestast á svæðinu er skýr tóft, A, sem líklega hefur verið haldið við lengur en öðrum mannvirkjum (sama og I hjá GÓ). Tóftin skiptist upp í fjögur hólf og er 13 X 10 m að stærð. Hún snýr austur-vestur. Að austanverðu eru í tóftinni tvö stór hólf (það

syðra er 7 X 4 m að innanmáli en það nyrðra 7 X 3,5 m) sem snúa austur-vestur. Austurveggur þeirra beggja er mjög óljós. Að baki (vestar) eru tvö minni hólf (það syðra 2 X 2 m að innanmáli en það nyrðra 5 X 2 m að innanmáli og snýr norður-suður). Ekkert op er greinilegt á þessi hólf en líklega hafa op verið á austurveggjum austari hólfanna. Tóftin er fremur sigin og mest 0,3-0,4 m á hæð. Hún minnir meira á e.k. skepnuhús heldur en íbúðarhús eins og Guðmundur Ólafsson giskar á í skráningu sinni. Í skráningu sinni frá 1985 greinir Guðmundur Ólafsson fimmta hólfið á þessari tóft suðaustast. Engin ummerki fundust um það 2006. 10-15 m austan við tóft A er ógreinileg þúst B. Hæðin er um 5 m í þvermál og engin leið er að sjá á henni nokkurt lag. Ekki er óhugsandi að hæðin sé náttúruleg en líklegra verður þó að teljast að mannvistarlög leynist undir sverði. Um 20 m norðaustan við tóft A er svo önnur tóft C (sama og tóft II hjá Guðmundi Ólafssyni), í dálítilli dæld milli þeirrar hæðar sem A og B eru á og annarrar hæðar norðar sem gerði E og þúst D eru í. Tóftin er um 9 m breið þar sem mest er (austast) en mjókkar til vesturs og er vesturendi hennar 6 m breiður. Hún er 7 m löng og snýr því norður-suður. Tóftin er einföld og op er á miðjum austurvegg hennar. Veggir tóftarinnar eru allt að 2 m á breidd og í þá og allt umhverfis tóftina hefur verið plantað. Engar grjóthleðslur sjást í tóftinni frekar en öðrum tóftum á þessum stað. Rúmum 20 m austan við tóft C er þúst D. Hún er í raun lítil dæld í hæðardrag sem liggur út í mýri sem er á þessum slóðum. Dældin er 4 X 2 m að innanmáli og snýr austur-vestur. Dýpt hennar er 0,2-0,3 m. Tæpum 15 m norðan við dældina er svo stórt gerði E (sama og rúst III hjá Guðmundi Ólafssyni). Það er um 20 m ANA við tóft C. Gerðið er 1 27 X 18 m stórt að utanmáli (23 X 14 m innanmál) og snýr austur-vestur. Það er sporöskjulaga og op virðist vera á vesturvegg þess miðjum. Austurhlið gerðisins gengur í e.k. spíss en vesturhliðin er mun beinni. Veggir gerðisins eru mjög signir og hvergi meira en 0,3 m á hæð og 2-3 m á breidd. Guðmundur Ólafsson lýsti sama tóftarsvæði 1985 á eftirfarandi hátt: "I Lítur út fyrir að hafa verið íbúðarhús, það sést móta fyrir 4 herb. Tvö af þeim þau sem liggja vestar eru minni en sjást mikið betur. Það sjást veggir hlaðnir úr grjóti og torfi. Veggir eru um 30-50 cm háir. Og 50 cm breiðir en breiðari á austur og norðurhlið um 1 m. Innanmál a) 4x5 m, b) 4x2,5 m, C) 5x3 m, d) 4x4 m, e) 2x1 m, f) 1x0,5m. Vestan við þetta gætu hafa verið eitt en fleiri herb. en það er ekki hægt að sjá neina veggi. Veggur á milli a) og c) er mjög óskýr eins og hann hafi hrunið hann er mjög breiðum um 1,2m. II Mjög greinileg rúst í laut austurhlið er byggð inní brekku það er aðeins eitt hólf. Innanmál þess er 6x4 m. Veggir eru um 50 cm háir og 1 m breiðir. Inngangur er í auðauðaustur. III) Afgirt svæði (Nátthagi) er aðeins austur af II fyrir ofan lautina. Veggir eru ekki mjög greinilegri. Þeir eru um 1,5 - 2 m breiðir og 40 cm háir á norðurhlið þar sem þetta er byggt inní hæð aðrir veggir eru lægri um 20 cm. Það lítur út fyrir að það hafi verið 2 inngangar inn í þetta. Sá greinilegri er á suðurhlið, hann er í norðvesturhorni. Ummál þessa er18x23m."

Hættumat: stórhætta, vegna trjáræktar


Heimildir: Guðmundur Ólafsson: Fornleifaskrá Arnarneshrepps 1985

EY-094:007 gerði kálgarður 65°47.464 N 18°15.227 V

Kálgarður er merktur inn á túnakort frá 1917 um 80 m ofan við bæ 001 og örlítið utar (VNV). Kálgarðurinn er örlítið ofan (vestan) við túngarðinn 010 sem enn sést. Guðmundur Ólafsson skráði garðinn 1985 og er hann númer 44 í skrá hans.

Kálgarðurinn er í aflíðandi brekku. Lækur rennur um 30 m norðan við kálgarðinn en beygir svo til suðurs og rennur 5 m neðan við garðinn.

Kálgarðurinn er ferhyrndur, 20 X 15 m stór og snýr austur-vestur. Hann er í halla til austurs. Veggir eru víða 1-1,5 m breiðir en 0,2 m á hæð. Steinar sjást í hleðslum hér og þar, óreglulega þó. Ekki er greinilegt op á kálgarðinum. Guðmundur Ólafsson sem skráði garðinn 1985 lýsir 1-2 hólfum innan kálgarðs en þau eru ekki lengur greinileg. Vestustu 3 m gerðisins eru innan skógræktargirðingar og hafa plöntur verið gróðursettar í vesturhlið þess.



Hættumat: stórhætta, vegna trjáræktar

Heimildir: Guðmundur Ólafsson: Fornleifaskrá Arnarneshrepps 1985 og Túnakort frá 1917

EY-094:008 tóft óþekkt 65°47.342.N 18°15.080.V
Í skráningu sinni frá 1985 skráir Guðmundur Ólafsson tóft skammt suður af íbúðarhúsinu í Syðra-Brekkukoti. Tóftin er númer 45 í skráningu hans. Um hana segir: "Suður af íbúðarhúsinu í Syðra-Brekkukoti um 2,5 m." Af lýsingu hans og minjakorti að dæma (en tóftin er sýnd sunnan heimreiðar) hlýtur þó fjarlægðin að eiga að vera í mun meiri fjarlægð frá bæ (hugsanleg misritun fyrir 25 m eða 250 m). Í skráningu Guðmundar er tóftin skráð sem stekkur en ekki eru færð rök fyrir því hvers vegna hann telur tóftina stekk og verður það að teljast afar ólíklegt hlutverk á tóft svo nærri bæ. Gengið var um allt svæðið sunnan heimreiðar sunnan við bæ en ekki fundust greinileg ummerki um tóft. Líklegasta staðsetning þessa minjastaðar er um 140 m sunnan við íbúðarhús.
"Grasi vaxin frekar stór laut," segir í skráningu Guðmundar Ólafssonar. Á þessum stað er laut sem snýr NNV-SSA. Hún er sunnan við heimreið og bæjarhús. Lautin er grasivaxin og í henni er grjót á víð og dreif.
Í lautinni eru tvær dældir á svæði sem er 10 X 6 m að stærð og snýr austur-vestur. Grjót er á víð og dreif í og við dældirnar en ekki er hægt að sjá eiginlegar tóftarleifar á þessum stað. Þetta er þó líklega sami staður og Guðmundur Ólafsson skráði árið 1985. Í lýsingu hans segir: "Þetta eru tvö hólf annað stærra en hitt. Inngangur er á austurhlið þess stærra. Veggir eru um 50 cm háir og 70 cm breiðir. Innanmál eru a) 3,5x3 m, og b) 1,5x2 m. Suðvesturhlið er byggt inní brekku,"
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Guðmundur Ólafsson: Fornleifaskrá Arnarneshrepps 1985

EY-094:009 frásögn óþekkt 65°47.386.N 18°15.082.V
"Um 80 m norðar í móum [frá 008] sem hafa að hluta verið sléttaðir er smá svæði sem gæti hafa verið eitthvað - öðru vísi gróður er þar en það sést ekki móta fyrir veggjum," segir í skráningu Guðmundar Ólafssonar. Í dag er þetta svæði um 80 m norðan við 008 og um 135 m ASA við SV enda garðlags 010 (L).
Á þessu svæði er í dag mói sem hallar um 10° til SSA meðfram vegi.
Engin ummerki um fornleifar fundust á þessum stað.
Hættumat: hætta, vegna jarðræktar
Heimildir: Guðmundur Ólafsson: Fornleifaskrá Arnarneshrepps 1985


EY-094:010 garðlag túngarður 65°47.482.N 18°15.168.V
Túngarður var umhverfis tún í Syðra-Brekkukoti og er hann ennþá greinilegur að hluta. Skurður hefur reyndar verið grafinn meðfram túngarði að sunnan.
Garðurinn sést efst (vestast). Þar sem hross hafa verið sett á beit er gras á garðinum nagað niður í rót og hann vel greinilegur en annars staðar er erfitt að rekja hann sökum þess að hann, og allt umhverfið, eru á kafi í grasi.
Túngarðurinn er grasi gróinn og nokkuð mikill um sig, víða 2-3 m á breidd en allt að 1 m á hæð. Engar grjóthleðslur sjást í honum. Samtals var garðurinn rakinn á um 150 m kafla en nyrsti hluti hans var reyndar í landi Stóru-Brekku. Sá kafli garðsins nær að landamerkjalæk milli jarðanna og er hlykkjóttur. Sunnan við læk (og merki) er garðurinn hins vegar beinni og á kafla hefur uppkasti frá skurði verið bætt ofan á hann. Garðurinn hverfur nær alveg á köflum og ekki er óhugsandi að hann megi greina enn sunnar. Í fornleifaskrá Guðmundar Ólafssonar er garðinum lýst á eftirfarandi hátt: "Túngarður. Þessi garður er landamerkjagarður fyrir Syðri-Brekkukot þangað til á seinni tíð. Hann er 1,5 m á hæð og sumstaðar hærri, og er næstum 3 m á breidd,"
Hættumat: hætta, vegna ábúðar

EY-094:011 heimild um kálgarð 65°47.419.N 18°15.153.V
Kálgarður er merktur inn á túnakort frá 1917 um 40 m beint innan (sunnan) við bæ 001. Hann hefur verið í brekkunni austan við braggabyggingu en vestan við núverandi íbúðarhús í Syðra-Brekkukoti.
Grasi gróin, slétt brekka er á þessum slóðum. Neðsti hluti hennar hefur verið skorinn til að stækka bílaplan.
Engin ummerki sjást nú um kálgarðinn en á litlu svæði í brekkunni er rabbabarabeð.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir:Túnakort 1917

EY-094:012 frásögn útihús 65°47.461.N 18°15.055.V
Jóhanna Jóhannsdóttir heimildamaður man eftir útihústóft á hól ofan við Sölvagrund og 60-65 m ANA við bæ 001. Tóftin var um 75 m NNA við annað útihús 015.
Á þessum stað er 4 m há hæð vaxin háu grasi og njóla. Í brún hennar er girðing. Hæðin er sléttuð. Bæjarlækur rennur suðvestan við hæð.
Engar leifar útihústóftarinnar sjást nú.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar


EY-094:013 gerði kálgarður 65°47.420.N 18°15.224.V
Samkvæmt túnakorti frá 1917 var kálgarður um 60 m ofan við bæ 001 en örlítið innar (VSV). Kálgarðurinn hefur verið um 5 m ofan (vestan) við útihús 003.
Samkvæmt túnakorti hefur túngarður 010 beygt úr suðri og til austurs á þessum slóðum og legið að norðvesturhorni útihúss 003. Engin merki sjást hins vegar nú um túngarð á þessum slóðum, þvert á móti virðist túngarðurinn halda áfram til suðurs, nálega þar sem vesturhlið kálgarðsins er. Hann er því byggður við túngarð að vestan.
Kálgarðurinn er samtals 13 X 13 m stór. Norðurveggur er fremur heillegur og enn má greina hluta suðurveggjar. Vesturveggur er sambyggður túngarð en engar leifar austurveggjar eru greinilegar. Kálgarðurinn er úr torfi og engar grjóthleðslur sjást. Hann er í halla til austurs. Tré hafa verið gróðursett í garðinn og innan hans.
Hættumat: hætta, vegna trjáræktar
Heimildir:Túnakort 1917



EY-094:014 heimild um traðir 65°47.415.N 18°15.035.V
Traðir heim að Syðra-Brekkukoti eru merktar inn á túnakort frá 1917. Þær hafa legið 30-40 m neðan (austan) við bæ 001, þvert um túnið endilangt norður-suður og hafa samtals verið um 100 m langar.
Á þessum slóðum, 70-80 m austan við bæ 001, sést óljós slóði á kafla, neðan við hól 015 .
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Túnakort 1917

EY-094:015 frásögn útihús 65°47.419.N 18°15.064.V
Samkvæmt Jóhönnu Jóhannsdóttur, heimildamanni var útihús 40-45 m ASA við íbúðarhús í Syðra-Brekkukoti. Það var 60-65 m suðaustan við bæjarhól 001.
Á þessum stað er hóll sem nær allt að 3-4 m hæð, grasi vaxinn og ræktarlegur. Moldarflag er í hólnum sökum hrossabeitar.
Engin ummerki útihússins sjást nú.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar

EY-095 Þrastarhóll



24 hdr. 1712.
1917: 5,2 ha. 4/5 slétt. Sáðreitir 550 m2. "Upprekstur á Thorvaldsdal fyrir toll" JÁM X, 128

EY-095:001 *Þrastarhóll* bæjarhóll bústaður 65°47.212.N 18°15.354.V
Eldra íbúðarhúsið á Þrastarhóli er að hluta til gamli frambærinn. Í húsinu var búið fram til 1990. Eldra íbúðarhúsið er nú að mestu notað sem geymsla. Gamli bærinn hefur verið um 25 m sunnan við Þrastarhólsá en um 1,1 km VNV við Möðruvallaveg. Hann er um 150 m NNV við yngra íbúðarhúsið á Þrastarhóli. Raunar standa nú tvö yngri íbúðarhús á Þrastarhóli. Það sem hér er miðað við er hið syðra af þeim tveimur. Margoft hefur verið byggt við gamla bæinn á undanförnum áratugum og eldri hlutar hans rifnir. Þar sem gamli bærinn stóð er nú að hluta til gróin bakgarður eldra íbúðarhússins með talsverðum trjágróðri. "Gamli bærinn á Þrastarhóli stendur enn að stofni til. Framhúsin og göngin eru nú úr viði í stað torfs. Baðstofan er rifin, en stóð að baki núverandi stofu," segir í skráningu Guðmundar Ólafssonar. Gamli bærinn hefur verið á bæjarhól sem enn er greinilegur. Bæjarhóllinn er 40 X30-35 m stór og snýr norður-suður. Hann er 1-1,5 m á hæð þar sem mest er en víðast lægri. Framhúsið stendur enn sem hluti af eldra íbúðarhúsi. Ekki er kjallari á íbúðarhúsinu og má reikna með að talsverðar mannvistarleifar leynist undir sverði bæjarhólsins. Trjágróður í bakgarði eldra íbúðarhúss kann þó að hafa skemmt mannvistarleifar eitthvað. Gamli bærinn skiptist í þrjár baðstofur: Norðurbaðstofu sem var löng og mjó, óupphituð og var, eins og nafnið gefur til kynna nyrst í bænum. Þá var Miðbaðstofa en í henni var eldað og syðst var Suðurbaðstofa sem þótti besta baðstofan og var alþiljuð. Var þiljað í boða. Hún stóð undir burst og á henni var stór gluggi. Skemma var norðan við gamla bæinn. Gamli bærinn var rifinn að stórum hluta árið 1962 en eftir stóðu framhúsin sem í var búið til 1990. Niðurrif gamla bæjarins var tekið upp á kvikmynd (það gerði Jóhannes Hermannsson).
Hættumat: hætta, vegna ábúðar


Heimildir:Túnakort 1917; Guðmundur Ólafsson: Fornleifaskrá Arnarneshrepps 1985

EY-095:002 heimild um útihús 65°47.217.N 18°15.326.V
Samkvæmt túnakorti frá 1917 var útihúskofi fast NNA við NNA gafl gamla bæjarins 001, undir eða fast NNA við viðbyggingu við gamla framhúsið.
Við NNA gaflinn er grasigróinn blettur en þar NNA er malarslóði meðfram húsinu (um 5 m frá því).
Engar leifar útihússins sjást á yfirborði.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Túnakort 1917

EY-095:003 heimild um útihús 65°47.212.N 18°15.313.V
Um 20 m ASA við gamla bæinn 001 var útihús samkvæmt túnakorti frá 1917. Húsið var horfið um miðja 20. öld þegar Vilborg Petersen og Jósef Tryggvason, heimildamenn, fluttu á bæinn.
Þar sem útihúsið stóð er nú óræktarblettur á milli gamla bæjarins 001 og nýja íbúðarhússins sem er um 150 m neðar (austar).
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Túnakort 1917

EY-095:004 heimild um útihús 65°47.195.N 18°15.383.V
Samkvæmt túnakorti frá 1917 var útihús um 40 m suðvestan við gamla bæinn 001.
Þar sem útihúsið stóð er nú grasi gróinn blettur á milli bakgarðs gamla íbúðarhússins og malarslóða sem liggur upp að sumarbústað í túni Þrastarhóls.
Engar leifar sjást um útihúsið enda var það horfið um miðja 20. öld þegar Vilborg Petersen og Jósef Tryggvason, heimildamenn, fluttu á bæinn.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Túnakort 1917

EY-095:005 *Gerðishús* tóft fjárhús 65°47.155.N 18°15.436.V
"Vestan bæjar [eru] Ytragerði og Syðragerði, og rennur Gerðalækur milli þeirra. Er þarna kallað "á Gerðunum". Þar voru Gerðishús, en þau hafa nú verið jöfnuð við jörðu," segir í örnefnaskrá. Gerðishús er merkt inn á túnakort frá 1917. Þau hafa verið um 110 m SSV við bæ 001. Þrátt fyrir að í örnefnaskrá segi að húsið hafi verið jafnað við jörðu sjást tóftarleifar ennþá. Tóftin er 5-10 m norðan við húsgafl syðri sumarbústaðar af tveimur sem eru í túni Þrastarhóls. Guðmundur Ólafsson skráði staðinn árið 1985 og er hann nr. 89 í fornleifaskrá hans.



Tóftin er í litlum trjálundi á milli tveggja sumarbústaða. Hún er á kafi í grasi. Tóftin er neðst í brekku í 5-10° halla.

Tóftin er tvískipt og 10 X 6 m að stærð. Hún snýr VNV-ASA. Ytra hólf tóftarinnar er 4 X 3,5 m og snýr austur-vestur. Op er á austurvegg þess miðjum og einnig á vesturvegg miðjum, yfir í vestara hólfið. Vestara hólfið er 4 X 3 m stórt og snýr norður-suður. Ekki er annað op á því en það sem liggur yfir í austara hólfið. Vestara hólfið stendur mun hærra en það austara. Tóftin er gróin en grjóthleðslur sjást í veggjum að innan. Veggir eru 0,5-1 m á hæð en 1-1,5 m á breidd.
Hættumat: hætta, vegna trjáræktar
Heimildir:Túnakort 1917, Örn.Jóh.Ól., 89; Guðmundur Ólafsson: Fornleifaskrá Arnarneshrepps 1985

EY-095:006 heimild um fjárhús 65°47.249.N 18°15.414.V
Útihús er merkt inn á túnakort frá 1917 60-70 m norðvestan við bæ 001 en um 10 m suðaustan við útihús 007.
Þar sem húsið stóð er grasi- og njólagróin hæð. Vel má vera að leifar leynist undir sverði á þessum stað en ekki sjást þær á yfirborði.
Húsið var tóft þegar Vilborg Petersen og Jósef Tryggvason, heimildamenn, fluttu á bæinn um miðja 20. öld. Í húsinu var kindabað og garðar og notuðu þau Vilborg og Jósef kindabaðið fyrir fé sitt fyrstu

búskaparár sín. Fjárhúsið var norðarlega í útihúsasamstæðunni en syðst var hesthús. Þar sem húsin stóðu er hæð sem er 30-35 X 25 m að stærð og snýr NNA-SSV. Hæð mest 1,5 m.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Túnakort 1917

EY-095:007 heimild um fjárhús 65°47.265.N 18°15.397.V
Útihús er merkt inn á túnakort frá 1917 um 90 m norðvestan við bæ 001. Á þessum stað stóðu fjárhús fram til 1970 þegar þau voru rifin og ný fjárhús, sem enn standa, byggð á sama stað.
Steinsteypt fjárhús og hlaða standa nú þar sem eldra fjárhús stóð.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Túnakort 1917

EY-095:008 *Merkjagarður* heimild um landamerki 65°46.957.N 18°16.077.V
"Landamerki milli Þrastarhóls og Hallgilsstaða eru við Einstökuborg og eftir Merkjagarði," segir í örnefnaskrá. Landamerki Þrastarhóls og Hallgilsstaða eru 500-550 m sunnan við gamla bæinn á Þrastarhóli 001. Nú er girðing á merkjum.
Neðst (austast) eru á merkjum grasi grónar engjar, að hluta framræstar, ofar (vestar) eru grasi- og mosavaxnir móar í 30-40° halla.
Engin ummerki sjást nú um merkjagarðinn vegna sléttunar.
Hættumat: hætta, vegna jarðræktar
Heimildir:Örn.Jóh.Ól., 89

EY-095:009 garðlag landamerki 65°47.170.N 18°15.044.V


Garðlag 095:009, horft í suðaustur

"Landamerki milli Þrastarhóls og Hallgilsstaða eru við Einstökuborg og eftir Merkjagarði. Norðurmerki Þrastarhóls eru við Þrastarhólsá ofan bæjar, en þaðan eftir garðmóti beina stefnu niður í flóa," segir í örnefnaskrá. Landamerkjagarðurinn er fyrst merkjanlegur um 250 m suðaustan við 001, neðan (austan) við Möðruvallaveg. Hann liggur norðvestur-suðaustur í átt að sjó.
Sunnan megin við garðinn, rétt neðan (austan) við veg er tún en norðan við hann er grasi gróinn mói. Garðurinn liggur í aflíðandi (5-10° halla að sjó).
Garðurinn er gróinn og hvergi sjást grjóthleðslur. Hann nær allt að 4 m breidd á kafla, 0,2-1 m á hæð og er samtals um 820 m langur. Í garðinn eru eyður hér og þar og víða er í hann rof. Á kafla hefur verið grafinn skurður meðfram honum og uppkastinu hent ofan á garðinn. Garðurinn nær langleiðina að Dalvíkurvegi en sést ekki austan hans vegna landamerkjaskurða.
Hættumat: hætta, vegna túnræktar
Heimildir:Örn.Jóh.Ól., 89


EY-095:010 *Þórðarauga* heimild um vatnsból 65°47.243.N 18°15.306.V
"Utantil við [Hryggi] er uppsprettulind, sem heitir Þórðarauga, kennd við Þórð gullsmið Thorarensen, sem fann þessa uppsprettu, en það kom sér mjög vel, þar eð árvatnið er óhæft til drykkjar og matargerðar," segir í örnefnaskrá. Ekki er alveg ljóst hvar Þórðarauga hefur verið. Heimildamenn, þau Vilborg Petersen og Jósef Tryggvason, töldu líklegast að þetta örnefni væri notað um deiglendan blett sem er norðvestan við bæ 001, við Þrastarhólsá.
Norðvestan við bæ eru árbakkar Þrastarhólsá grónir og í 5-10° halla að ánni. Engin merki sjást nú um vatnsbólið.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Örn.Jóh.Ól., 89

EY-095:011 *Smiðjuhóll* heimild um smiðju 65°47.197.N 18°15.268.V
"Framan við bæinn er Smiðjuhóll..." segir í örnefnaskrá. Smiðjuhóll er næsti hóll neðan (suðaustan)

við bæjarhól. Um 70 m eru á milli.
Nú hefur Smiðjuhóli verið rutt til og á honum byggt annað af tveimur nýjum íbúðarhúsum á Þrastarhóli (það nyrðra). Við þær framkvæmdir kom ekkert í ljós sem benti til mannvistarlaga. Þvert á móti reyndist jarðvegur í hólnum fínasta, hrein gróðurmold.
Engin ummerki smiðju sjást nú á þessum slóðum. Mögulegt er að smiðja hafi ekki staðið á sjálfum hólnum heldur ofan hans. Hafi svo verið er hugsanlegt að það "útihús" sem skráð er undir númerinu 002 hafi verið smiðja á einhverjum tímapunkti.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Örn.Jóh.Ól., 89

EY-095:012 gryfja brunnur 65°47.214.N 18°15.501.V
Brunnur var 10-15 m sunnan við Lambhús/Hólshús 018. Hann var um 110 m vestan við bæ 001.
Ofar tekur við grasi gróin, aflíðandi fjallshlíð. Neðar (austar) er brött, grasi gróin brekka að bæ.
Brunnurinn var ekki grjóthlaðinn að innan en hann var 1-1,5 m djúpur samkvæmt Vilborgu Petersen og Jósef Tryggvasyni, heimildamönnum. Enn sést dokk á þessum stað og er hún 0,3 m á dýpt en 0,6-0,7 m í þvermál. Ekkert vatn er nú í dokkinni.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar

EY-095:013 mannvirki herminjar 65°46.751.N 18°13.863.V
Herminjar eru fast ANA við Mannhól. Herminjarnar eru 1,4 km suðaustan við bæ 001 en 350-400 m neðan (suðaustan) við Dalvíkurveg.
Herminjarnar hafa verið grafnar inn í melhól. Neðar (suðaustar) eru mýrar.
Á þessum stað voru skotgrafir eða byssuhreiður samkvæmt Jósefi Tryggvasyni, heimildamanni. Mannvirkið er enn greinilegt. Það er eins konar sylla sem grafin er inn í hóllinn að norðan og austan. Syllan myndar gleitt horn og er hver vængur hennar 9-10 m langur. Mannvirkið hefur verið gert þannig að stungið hefur verið upp úr hólnum og uppkastinu hrúgað á hóljaðarinn þannig að hægt var að liggja í skjóli milli hóls og uppkasts.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar



EY-095:014 frásögn hesthús 65°47.238.N 18°15.382.V
Hesthús var um 60 m norðvestan við bæ 001samkvæmt Vilborgu Petersen og Jósef Tryggvasyni heimildamönnum. Húsið var byggt á 2. áratug 20. aldar, en vel er mögulegt að niðurgrafin hlaða sem var sambyggð því að norðan hafi verið eldri.
Hesthúsið var neðst í grasi gróinni brekku. Engin ummerki sjást um eldra húsið en steinsteypt útihús er nú á þessum stað.
Gaflar hesthússins voru steyptir en langveggir úr torfi og grjóti. Síðar voru torf- og grjótveggir hússins rifnir og steyptir veggir gerðir í þeirra stað.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar


EY-095:015 *Tjaldhóll* örnefni tjaldstæði 65°46.899.N 18°15.320.V
"Syðst og neðst í [Kröppumóum] var fyrrum Tjaldhóll, hár og húsi líkastur, en þarna er nú allt orðið að sléttum nýræktum," segir í örnefnaskrá. Tjaldhóll er um 580 m sunnan við bæ 001.
Tjaldhóll var þar sem nú er grasi gróið tún í um 15° halla til suðvesturs. Um 20 m ofar tekur við grasi gróinn mói.
Höfundur örnefnaskrár gefur í skyn að nafn hólsins stafi af útliti hans en nafn hans gæti einnig gefið til kynna að hugsanlega hafi verið áningastaður á þessu svæði. Lítil sem engin ummerki um hólinn eru nú merkjanleg vegna sléttunar og engin mannvirki eru á svæðinu svo ekki er hægt að skera úr um hvor þessara hugmynda er rétt.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir:Örn.Jóh.Ól., 89

EY-095:016 *Kró* heimild um 65°46.897.N 18°14.889.V
"Vestan Dalvíkurvegar eru Flötumóar [Smjörmóar samkvæmt heimildamönnum] og suðaustur frá þeim Gulanes við veginn. Tóftarbrotin hinum megin vegarins þar heita Kró," segir í örnefnaskrá. Flötumóar eru heiti á móasvæði fast neðan (austan) við Dalvíkurveg samkvæmt heimildamönnum en ekki vestan hans. Svæðið er um 680 m SSA við bæ 001.
Á þessum stað voru fremur sléttir móar en þeir hafa nú verið sléttaðir í tún.
Vilborg Petersen og Jósef Tryggvason heimildamenn muna ekki eftir tóftum/þústum á þessum stað.
Hættumat: hætta, vegna jarðræktar
Heimildir:Örn.Jóh.Ól., 89


EY-095:017 *Mannhóll* heimild um 65°46.734.N 18°13.888.V
"Lægðin, sem [Dauðatjörn] er í, nær suðvestur að Mannhóli. Vestan hans er Mannhólsenni...," segir í örnefnaskrá. Mannhóll er stæðilegur, náttúrulegur hóll um 1,4 km suðaustan við bæ 001 en fast norðan við suðurmerki.
Melhóll gróinn þurru og snöggu grasi.
Hóllinn er hér skráður vegna örnefnis sem gæti bent til mannvistarleifa, mögulega legstaðar. Slíkar kenningar verða þó að teljast fremur ólíklegar þar sem hóllinn er alfarið náttúrusmíði. Lítil, gróin bunga, hundaþúfa, er í toppinn.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Örn.Jóh.Ól., 89

EY-095:018 *Gömlu fjárhús* tóft fjárhús 65°47.225.N 18°15.496.V



"Suður og upp frá bæ er Lambhúshjalli," segir í örnefnaskrá. Fjárhúsið sem hjallinn er kenndur við var bæði nefnt Hólshús og Lambhús. Tóftir þess sjást enn. Þær eru um 110 m VNV við bæ 001 en um 130 m sunnan við rétt 029. Guðmundur Ólafsson skráði tóftina árið 1985 og er hún númer 86 í skráningu hans.
Ofan við fjárhústóftina tekur við grasi gróin, aflíðandi fjallshlíð. Neðar (austar) er brött, grasi gróin brekka í átt að bæ 001. Tóftin er á kafi í grasi og er ógreinileg af þeim sökum. Nokkur skógrækt er hafin á þessum slóðum.
Tóftin er 12 X 6 m stór og snýr norðaustur-suðvestur. Hún er tvískipt. Að norðan er sjálft fjárhúsið sem er um 4 X 5 m að innanmáli (norður-suður) en sunnar hlaðan sem er 4 X 3 m að innanmáli og snýr norður-suður. Garði gengur eftir fjárhúsinu frá norðri til suðurs. Op er á fjárhúsið nyrst á austurvegg. Ekkert op er á hlöðu eða milli hólfa. Veggir hússins eru úr torfi og grjóti og mest 0,6 m á hæð. Hlaðan er dýpri en fjárhúsið. Húsið var lengi notað fyrir lömb en undir það allra síðasta 1960-1970 var hluti þess nýttur sem hænsnakofi.
Hættumat: hætta, vegna trjáræktar
Heimildir:Örn.Jóh.Ól. og Guðmundur Ólafsson: Fornleifaskrá Arnarneshrepps 1985

EY-095:019 gerði kálgarður 65°46.981.N 18°15.436.V
Kálgarður er um 430 m sunnan við bæ 001 en 300-350 m ofan (vestan) við Möðruvallaveg.
Kálgarðurinn er í mosa- og grasivöxnum móa í um 5° halla utan í stórum hóli.
Kálgarðurinn er um 29 X 13-14 m að stærð, ferkantaður og snýr norður-suður. Hann er mest 0,5-0,6 m á hæð. Austurhlið virðist upphlaðin en aðrar hliðar eru ógreinilegri. Fyrir ofan (vestan) svæðið er 0,4-0,8 m hár hryggur sem afmarkar vesturhlið gerðisins. Hann er líklega aðallega myndaður úr uppkasti þar sem stungið hefur verið innan úr garði. Suður- og norðurhliðar eru ógreinlegar. Hvergi sjást grjóthleðslur í gerðinu.




Hættumat: hætta, vegna ábúðar

EY-095:020 frásögn 65°47.262.N 18°15.441.V
Reykhús stóð um 15 m sunnan við þar sem nú stendur steinsteypt hlaða á Þrastarhóli. Reykhúsið hefur verið um 115 m NNV við bæ 001. Á þessum stað var torfkofi en hann hefur nú vikið fyrir litlum bárujárnskofa sem byggður var í sama tilgangi. Kofinn er á sléttu malarhlaði fast innan (sunnan) við hlöðu. Ekkert sést til fornleifar.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar

EY-095:021 tóft mylla 65°47.258.N 18°15.325.V
Guðmundur Ólafsson skráði árið 1985 mylluleifar skammt norðan við Þrastarhól 001. Í skráningu hans segir: "Um 15-20 m norðan við Þrastarhólsá, NNA af bænum." Myllan var nr. 87 í skráningu Guðmundar. Á síðustu 25 árum hefur eitthvað af mylluleifunum farið forgörðum en þó má enn greina hluta mannvirkisins. Það er fast utan (norðaustan) við Þrastarhólsá og um 70 m utan (norðaustan) við bæ 001.
Leifarnar eru á bakka Þrastarhólsár sem er fremur grýttur en þó grasi gróinn á kafla.
Guðmundur Ólafsson lýsir nokkrum mannvirkjum á þessum stað. Í fyrsta lagi talar hann um "a) Um 70 m langur skurður, 1 m br. grafinn í brekkubrún meðfram ánni. Norðurbakkinn er um 1 m hár, suðurbakkinn er um 50 cm hár. Þar hefur vatni verið veitt niður að myllunni." Þessi skurður er nú aðeins um 50 m langur en neðsti hluti hans (suðausturhluti) er horfinn í rask. Fyrir neðan (suðaustan) við skurðendann er dokk sem er um 2 X 3,5 m að stærð og snýr austur-vestur. Aðeins hefur verið rutt úr vesturvegg hennar. Er þetta líklega sjálf myllan sem Guðmundur Ólafsson lýsir sem svo: " b)Myllan hefur verið um 2x4 m hús að innanverðu. Grafin niður, nú er lautin um 60 cm djúp og er við enda á myllurásinni." Um 25 m ASA við dokkina er annar skurður, líklega sá sem Guðmundur Ólafsson lýsir sem niðurfallsskurði. "c) Hliðarskurður, e.t.v. til að taka við yfirfallsvatni, liggur í bugðum 18 m NV við mylluna og er eins og hann hafi verið grafinn á stalla, til suðurs og síðan til austurs." Skurðurinn liggur ASA-VNV og endar við árbakkann. Norðurhlið hans er sjálfur árbakkinn en suðurhliðin hefur verið upphlaðin, líklega úr torfi og grjóti þó hann sé nú algróin og engar grjóthleðslur sjáist. Skurðurinn er um 16 m langur og enda við árbakkann. Hann er 0,6-0,8 m á dýpt. Auk ofangreindra mannvirkja lýsir Guðmundur e.k. tóft eða þúst sem ekki sést lengur á svæðinu. Um hana segir hann: " Í bugðunni þar sem skurðurinn beygir til austurs, gæti hafa verið einhver smákofi, tengdur myllunni. Nú sést hann aðeins sem lítil þúst um 3 m að utanmáli og um 1 m að innanmáli" Mylluleifarnar eru á svæði sem er samtals um 100 m langt en um 10 m á breidd. Það snýr NNV-SSA. Samkvæmt Guðmundi Ólafssyni fékk Syðri-Brekka líka að nota mylluna. Hún var í notkun fyrir aldamótin 1900.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Guðmundur Ólafsson: Fornleifaskrá Arnarneshrepps 1985

EY-095:022 *Gamlistekkur* tóft stekkur 65°47.252.N 18°15.687.V
"Stekkjarhólar eru ofan við Þrastarhólsbæ og Gamlistekkur sunnan undir þeim. Þá er Stekkjarsund og svo Langihjalli..." segir í örnefnaskrá. Á þessum stað sjást enn leifar stekkjar. Hann er um 260 m VNV við bæ 001 en um 70 m ofan (VNV) við fjallgirðingu. Guðmundur Ólafsson skráði tóftina árið 1985. Hann taldi hana helst beitarhús en hún er í raun stekkur.
Grösugur bali í fjallshlíðinni. Melar (Stekkjarhólar veita skjól að norðan og austan). Neðan við er grasi gróin hlíð.
Á þessum stað er greinileg, tvískipt tóft og önnur öllu óljósari. Samtals eru þær á svæði sem er 26 X 23 m stórt og snýr nálega austur-vestur. Hér verður báðum tóftum gefin bókstafur til aðgreiningar. Tóft A er tvískipt auk þess sem e.k. gerði er byggt samfast við norðvesturhlið hennar. Tóftin er 16 X 7-8 m að stærð og snýr NNA-SSV. Stærra hólfið af tveimur er norðar. Það er 7 X 2-3 m að innanmáli og er op er á útvegg þess, þ.e. á miðjum norðurveggnum. Annað op er á milli hólfa,



inn í syðra hólfið austast á milliveggnum. Syðra hólfið er ógreinilegra en það nyrðra. Það stendur hærra. Hólfið er 2-3 m á kannt að innanmáli. Engar grjóthleðslur sjást í tóftinni en stór steinn er í stærra hólfinu nálega miðju. Talsverður bratti er niður af vestur- og suðurvegg. Tæpir 10 m eru frá tóft A að hlíðarrótum. Þar á milli eru tvö garðlög sem mynda áðurnefnt gerði. Þessi garðlög virðast ekki eins sigin og tóftin og má vel vera að þau hafi verið byggð seinna. Í þeim sjást grjóthleðslur. Hlíðin, tóftin og garðlögin tvö hafa myndað gerði eða hólfs sem er 12 X 8 m að stærð og snýr eins og tóftin. Um 7 m norðaustan við austurhlið tóftarinnar er dæld B. Hún er 7 X 4 m að stærð og snýr norður-suður. Líklega hefur e.k. bygging verið á þessum stað þó hún sé nú of óljós til að hægt sé að dæma um það.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:Örn.Jóh.Ól. og Guðmundur Ólafsson: Fornleifaskrá Arnarneshrepps 1985

EY-095:023 garðlag óþekkt 65°47.160.N 18°15.459.V
Um 125 m suðvestan við bæ 001 en um 10 m vestan við Gerðishús 005 er stutt garðlag. Það má fyrst greina stutt ofan við tóftina og liggur þaðan til norðurs.
Garðlagið er í grasi gróinni brekku vestan við sumarbústaði í túni Þrastarhóls. Talsverð skógrækt er á þessum slóðum.
Garðinn má greina á um 20 m kafla. Hann er víða 2 m á breidd en 1 m á hæð. Garðurinn er á kafi í grasi. Hann virðist mikill um sig en erfitt er að greina umfang hans vegna alls þess umróts (skógræktar, skurðar o.fl.) sem hefur átt sér stað á þessum slóðum. Þó að erfitt sé að fullyrða það verður að teljast afar líklegt að þetta garðlag hafi verið túngarður og þá hugsanlega tengst garðlagið 030 sem er norðar.
Hættumat: hætta, vegna trjáræktar

EY-095:024 þúst óþekkt 65°46.825.N 18°14.293.V
Þúst er um 1,1 km suðaustan við bæ 001 en 100-120 m vestan við þjóðveg. Þústin/rústahóllinn er vel greinilegur þar sem hann rís upp úr móunum. Guðmundur Ólafsson skráði þústina 1985 og er hún nr. 90 í fornleifaskrá hans.
Þústin er í raun hár rofabakki sem stendur hátt upp úr móunum í kring og sker sig algjörlega úr smáþýðu grasinu í kring. Mikil hrossabeit er í kring og er rof í þústinni að norðan, sunnan og austan.
Ómögulegt er að sjá nokkra hólfaskipan í dag og erfitt að ímynda sér að hún hafi verið mikið greinilegri fyrir 25 árum. Guðmundur Ólafsson sá þó meira rústalag á hólnum 1985 en í fornleifaskrá hans segir um staðinn: "Rústahóllinn stendur um 1 m upp úr móunum umhverfis. Húsin eru mjög samfallin og herbergjaskipan óljós. Ummál hólsins er um 12x18 m. Inngangur virðist hafa verið á V-hlið. Um 30 m ANA af kotinu eru ógreinilegar þúfur, sem eru e.t.v. leifar af rétt. Ummál þessa svæðis er líklega um 10x12 m,". Nú er hóllinn 17 X 10 m stór og snýr norður-suður. Hann er um 1 m á hæð.
Hættumat: hætta, vegna rof

EY-095:025 garðlag varnargarður
65°47.157.N 18°15.156.V
Vilborg Petersen heimildamaður benti á varnargarður úr grjóti er um 180 m suðaustan við bæ 001. Hann er nú aðeins greinilegur utan (norðan) heimreiðar og til VNV að Þrastarhólsá en lá áður lengra til ASA. Garðurinn hefur reyndar legið þar sem mörk túna eru samkvæmt túnakorti frá 1917 og samkvæmt því mætti ætla að hann hefði einnig gegnt hlutverki túngarðs og hugsanlega tengst bútum 023 og 030. Um þetta er þó erfitt að fullyrða.
Garðurinn liggur á grasi grónum árbakka.
Garðurinn er alveg grjóthlaðinn. Hann er siginn en mest 0,8 m á hæð. Garðurinn er um 60 m langur og þar sem hann er breiðastur er hann um 1,5 m breiður. Garðurinn endar til VNV þar sem nokkurt umrót hefur átt sér stað vegna vatnsbóls fyrir bæinn.


Garðlag 095:025, horft í suðaustur


Hættumat: hætta, vegna ábúðar

EY-095:026 heimild um kálgarð 65°47.255.N 18°15.442.V
Kálgarður er merktur inn á túnakort frá 1917 um 80 m norðvestan við bæ 001. Þessi kálgarður var horfinn um miðja 20. öld þegar Vilborg Petersen og Jósef Tryggvason, heimildamenn, fluttu á bæinn. Þar sem kálgarðurinn var hefur átt sér stað mikið malarnám og því er svæðinu alveg umturnað.
Engar leifar kálgarðsins sjást nú.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Túnakort 1917

EY-095:027 heimild um traðir 65°47.206.N 18°15.344.V
Heimreiðin að gamla bænum 001 lá áður fast utan (norðan) við Þrastarhólsá, á barðinu. Hún er merkt inn á túnakort frá 1917. Heimreiðin lá upp (vestur) með ánni nálega til móts við bæinn 001 en þar hefur verið vað á ánni þar sem hún var þægilegust yfirferðar (sjá 028).
Ekkert sést nú til traðanna. Nú liggur heimreiðin sunnan ár. Beggja vegna Þrastarhólsár eru grasi grónir bakkar en svæðinu sunnan ár hefur talsvert verið umturnað.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Túnakort 1917

EY-095:028 frásögn vað 65°47.228.N 18°15.299.V
Vað var á Þrastarhólsá þar sem heimreiðin lá úr suðri, yfir ána og að gamla bænum 001.
Þrastarhólsá er víða 3-5 m breið. Hún breiðir úr sér þar sem vaðið er á henni og á sama stað er grashólmi í ánni. Á þessum slóðum er áin um 8 m breið. Aflíðandi bakkar eru að ánni á þessum stað og má vel sjá hvar farið hefur verið niður að ánni beggja vegna árinnar.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar

EY-095:029 tóft rétt 65°47.292.N 18°15.487.V
Leifar af heimilisrétt eru um 170 m VNV við gamla bæinn 001 en fast sunnan við Þrastarhólsá, um 60 m ofan við hlöðu sem nú stendur á bænum.
Fast ofan (vestan) við vesturvegg réttar hefst brekka til vesturs upp að næsta hjalla. Réttin er á grasi gróinni jafnsléttu.
Réttin er 13 X 10 m stór og snýr norður-suður. Hún er einföld en op er nyrst á austurvegg hennar. Veggir réttarinnar eru hlaðnir úr grjóti en þeir eru nú talsvert hrundir og grónir. Þrastarhólsá er búin að brjóta af ytra byrði norðurveggjar. Veggir réttarinnar eru víða um 2 m á breidd en mest um 0,3-0,6 m á breidd.
Hættumat: hætta, vegna vatnsaga



EY-095:030 garðlag túngarður 65°47.236.N 18°15.453.V
Garðlag er greinilegt um 70 m ofan (vestan) við bæ 001. Það er fyrst greinilegt fast innan (sunnan) við malarnám, á svipuðum slóðum og kálgarður 026 er merktur inn á túnakort frá 1917. Þaðan liggur garðurinn til suðurs.
Garðlagið er á kafi í grasi. Umhverfis það og í það hefur verið plantað talsvert af skógi, aðallega lerki.
Garðlagið er mikið um sig og er mögulegt að því hafi aðeins verið hrúgað upp á síðustu áratugum, þá líklega til að hamla vatnsflæði úr brekkunum ofan við það. Garðurinn er 2-3 m á breidd en 65 m á lengd. Hann fjarar út til norðurs þar sem girðing liggur þvert á hann. Reyndar er eins og hlaðið hafi verið undir þessa girðingu en það sýnist ekki stöndug garðhleðsla og því ólíklegt að garðurinn hafi beygt til vesturs á þessum stað.
Hættumat: stórhætta, vegna trjáræktar


EY-095:031 frásögn mógrafir 65°46.784.N 18°14.184.V
Neðan (suðaustan) við Smjörmóa eða neðst í þeim voru mógrafir. Þær hafa verið um 1,2 km suðaustan við bæ 001 en fast ofan (vestan eða VNV) við Dalvíkurveg.

Á þessum stað eru nú tún og hrossabeit. Svæðið er vaxið fremur háu grasi og sóleyjum.
Á því svæði sem mógrafirnar voru eru talsverðar dældir. Ekki sjást hins vegar skýr merki mógrafanna. Vel má þó ímynda sér hvar þær hafa verið í túninu.
Hættumat: hætta, vegna jarðræktar

EY-095:032 heimild um kálgarð 65°47.205.N 18°15.351.V
Kálgarður er merktur inn á túnakort frá 1917. Hann var fast SSV við gamla bæinn 001 en var horfinn um miðja 20. öld þegar Vilborg Petersen og Jósef Tryggvason, heimildamenn, fluttu á bæinn. Síðar var byggt við framhús gamla bæjarins og er sú viðbygging á svipuðum slóðum og kálgarðurinn var þó hann hafi náð talsvert langt inn (til suðurs) í bakgarð gamla bæjarins.
Þar sem kálgarðurinn var er nú viðbygging og bakgarður. Óljóst má sjá móta fyrir hryggjum í grasverðinum þar sem kálgarðurinn var. Þessar leifar sjást um 10 m innan (sunnan) við viðbygginguna þar sem greina má fremur skarpa brún á bæjarhólnum.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Túnakort 1917

EY-095:033 frásögn öskuhaugur 65°47.210.N 18°15.381.V
Suðvestan við gamla bæinn 001 var áður aflangur hóll. Við garðrækt kom þar upp mikið af ljósgrárri ösku. Haugurinn var um 20 m suðvestan við suðvesturhorn elsta íbúðarhússins á Þrastarhóli, í horni bakgarðs.
Umhverfis er sléttaður bakgarður. Talsvert af trjám hefur verið gróðursett í garðinn.
Örlítil merki sjást um öskuhauginn á yfirborði. Hann er nú lágur og ógreinilegur. Hóllinn er aflangur og 9 X 3 m að stærð en 0,6 m á hæð, grasi gróinn.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar

EY-096 Hallgilsstaðir



24 hdr. 1712. Eign Möðruvallaklausturs. Í eyði frá 1976.
1917: 4 ha. 3/5 slétt. Sáðreitir 555 m2.

EY-096:001 *Hallgilsstaðir* bæjarhóll bústaður 65°46.707.N 18°15.237.V

Í Bændum og búhögum segir svo: "Bærinn [Hallgilsstaðir] stóð skammt vestan Möðruvallavegar niður undan Hallgilsstaðaskarði, talsvert sunnan við Þrastarhól. Íbúðarhúsið brann 1928 og var þá byggt steinhús. Föst búseta lagðist af 1976 og steinhúsið brann 1980. Eina húsið á jörðinni er vélageymsla sem byggð var 1982". Samkvæmt Eggerti Jónssyni var sambyggt fjós við gamla bæinn sem brann árið 1928 en það stóð talsvert lengur eftir brunann. Steinhúsið var byggt á svipuðum stað og gamli bærinn en nú sjást engar leifar bygginga á bæjarhólnum. Í dag er búið að breyta vélageymslunni sem minnst er á hér að ofan í íbúðarhús og stendur það um 120 m austnorðaustan við bæjarhólinn.


Bæjarhóll 096:001 á Hallgilsstöðum, horft í norður

Bæjarhóllinn er greinilegur, mest 3,5-4 m hár að austan og vaxinn háu grasi. Suðurhlið hans er einnig skýr en norður- og þó sérstaklega vesturhliðin eru aflíðandi. Nokkur reyni- og birkitré eru á bæjarhólnum og stóðu þau sunnan við bæ. Bæjarlækur hefur runnið niður hlíðina skammt sunnan við bæjarhól.
Bæjarhóllinn er 60 X 50 m stór og mest 4 m á hæð. Í suðurjaðri bæjarhóls, um 3 m sunnan við trjáreit, er um 4 m langt rofabarð og þar má sjá torf og öskulög og sést einnig glitta í bein og gripi í barðinu.


Leirkersbrot sem lá neðan við rof virtist brot úr disk eða skál úr rauðleitum jarðleir og er frá 18.-19. öld.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Bændur og búhagir, 427

EY-096:002 heimild um útihús 65°46.710.N 18°15.243.V
Samkvæmt túnakorti frá 1917 stóð lítill kofi fast norðan við gamla bæinn. Eggert Jónsson man ekkert eftir þessu húsi en það stóð á bæjarhólnum.
Bæjarhóll á kafi í háu grasi
Sést ekki til fornleifar.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Túnakort 1917

EY-096:003 heimild um fjárhús 65°46.723.N 18°15.275.V
Samkvæmt túnakorti frá 1917 stóð útihús um 20 m NNV við bæ. Samkvæmt heimildamanni stóð fjárhús á þessu svæði.
Á þessum stað er nú sléttlendi grafið í háu grasi og njóla.
Sést ekkert til fornleifa.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Túnakort 1917

EY-096:004 heimild um útihús 65°46.673.N 18°15.164.V
Samkvæmt túnakorti frá 1917 stóð útihús um 120 m suðaustan við bæ.
Tún í órækt.
Sést ekki til fornleifa.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Túnakort 1917

EY-096:005 tóft óþekkt 65°46.747.N 18°15.907.V




Um 500 m VSV við bæjarhól rétt ofan við neðsta hjalla við fjallsrætur fannst einföld tóft.
Tóftin er í grasigróinni kvos sunnan undir 8-10 m háum grasigrónum hól með rofna austurhlið. Austan við tóftina aðeins neðar á hjallanum er deig mýri.
Tóftin er grasigróin, þýfð og situr fast sunnan í hólnum. Vesturveggur tóftar liggur í suðvestur út frá hólnum og er líkt og tóftin hafi verið grafin inn í hlíð hólsins. Tóftin er 6 m á lengd og 6 m á breidd og er í 5-10° halla. Veggir hennar standa 0,3-0,6 m hátt og eru um 1-2 m á breidd. Tóftin er einföld, snýr suðvestur-norðaustur og inngangur hennar er upp við hól á austurvegg. Engar grjóthleðslur eru sjáanlegar.
Hættumat: engin hætta

EY-096:006 *Kerlingarhóll* heimild um legstað 65°46.658.N 18°15.124.V
"Austan bæjarins er Kerlingarhóll. Munnmæli telja þar heygða kerlingu nokkra," segir í örnefnalýsingu. Nákvæm staðsetning leiðisins er óþekkt en um 140 m suðaustan við bæjarhól og um 100 m suðvestur af íbúðarhúsinu/skemmunni er aflangur 3-4 m hár hóll sem gæti hugsanlega komið til greina sem Kerlingarhóll.
Grasi- og mosagróinn hóll sem er um 40 m vestan við veg. Að austan og sunnanverðu er hóllinn óhreyfður en að norðan og vestanverðu hefur verið grafið í hann til að byggja húsgrunn. Grunnurinn stendur ennþá og sagt er að framkvæmdum hafi verið hætt vegna huldufólks/álfa. Hóll hefur verið um 60-70x8 m að flatarmáli, er 3-4 m á hæð og snýr norðaustur - suðvestur. Umhverfi austan við hól er vaxið háu grasi.
Sést ekki til fornleifa.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Örn.Jóh.Ól., 87

EY-096:007 þúst kálgarður 65°46.689.N 18°15.226.V
Samkvæmt túnakorti frá 1917 er kálgarður sýndur um 45 m SSA við bæjarhól.
Á þessu svæði sem er norðan við girðingu og lítinn læk sem rennur samsíða er grasigróin brekka sem hallar 5-10° í austur.
Sést ekki til hleðslna en á staðnum eru um 8 djúpar rákir sem liggja norðvestur-suðaustur á svæði sem er 6x56 m að flatarmáli. Rákirnar eru 0,2-0,4 m djúpar, ógrónar í hliðunum en hátt gras er uppi á brún bakkanna milli rákanna og blöð sem líkjast kartöflugrösum í botni rákanna. Mjög trúlega miklu yngra en 1917 þar sem ekkert sést til hins kálgarðsins sem átti að vera í notkun á sama tíma, sjá 008.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Túnakort 1917


EY-096:008 heimild um kálgarð 65°46.794.N 18°15.126.V
Samkvæmt túnakorti var kálgarður um 200 m norðaustan við bæ. Þetta svæði er nú um 200 m norðaustan við bæ og um 140 m norðan við núverandi íbúðarhús.
Á svæðinu þar sem kálgarðurinn á að hafa verið er grasi gróinn mói milli tveggja hæða sem eru norðan við veg, bæjarhóls í suðri og annars hóls í norðri. Svæðið hallar minna en 5° í austur.
Ekkert sést til fornleifa vegna sléttunar.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Túnakort 1917

EY-096:009 tóft útihús 65°46.727.N 18°15.248.V



Um 30-40 m NNA af bæjarhól og 120 m vestur af núverandi íbúðarhúsi er einföld tóft.
Tóftin er á flatlendi í mjög háu grasi og njóla.
Tóftin er einföld, um 10 x 10 m að flatarmáli og veggir standa um 0,3-1 m á hæð. Algengasta hæð er um 0,5 m. Op er á suðurhorni tóftar og veggir hennar erum um 2,5-3 m breiðir. Tóftin snýr norðvestur-suðaustur og hleðslur sjást aðeins á einum stað á norðvesturvegg annars er allt gróið háu grasi og njóla. Ekki er hægt að sjá hversu mörg umför af hleðslum eru í veggjum.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar

EY-096:010 *Beitarhús* tóft beitarhús 65°46.753.N 18°15.942.V




"Alldjúp kvos ofan bæjarins nefnist Jarðfall. Nokkru ofar er suðurendi Langahjalla í Þrastarhólslandi, og sunnan undir hjallaendanum eru tóftir, sem heita Beitarhús," segir í örnefnalýsingu. Við suðurenda Langahjalla er stór áberandi hóll um 500 m fyrir vestan Hallgilsstaði. Um 25 metrum vestan við topp hólsins er tvískip tóft, 40-50 m austan við efstu girðingu.
Lágur hóll vaxinn háu grasi sem er í 10° halla til austurs. Norðan við hólinn er lækjarspræna og mýrar vestan og norðvestan við hann. Hóllinn er ekki mikið stærri að flatarmáli en tóftin sjálf sem stendur á honum.
Tóftin er tvískipt og liggur norðvestur-suðaustur. Hleðsluhæð veggjanna er 0,2-0,5 m, breidd þeirra er 1-2 m og stærð tóftarinnar er 16 x 13 m. Grjóthleðslur sjást vel en tóftin er einnig mjög grasigróin og þýfð í miðjunni. Engin merki sjást um heygarða. Þar sem umför sjást eru þau 2-4. Um 2 m fyrir norðvestan tóft er há brekka og á milli tóftar og brekku er eins og hafi verið 1-2 m breitt innrekstrarhólf.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:Örn.Jóh.Ól., 87

EY-096:011 heimild um traðir 65°46.673.N 18°15.164.V
Samkvæmt túnakorti 1917 var útihús 004 um 120 m SA við bæ og upp að útihúsinu voru traðir sem lágu ASA-VNV. Þetta svæði er um 90 m suðvestan við núverandi íbúðarhús og um 100 m frá bæjarhól

á Hallgilsstöðum.
Búið er að grafa upp þetta svæði fyrir húsgrunn, þar er nú malarbali.
Sést ekki til fornleifa.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar

EY-097 Spónsgerði



"Hjáleiga í heimaklaustursins landi" 1712.
1917: 2 ha. 2/5 slétt. Sáðreitir 280 m2.

EY-097:001 *Spónsgerði* bæjarhóll bústaður 65°46.461.N 18°14.545.V
„Bærinn stendur á melhólum, Spóngerðisholti, skammt vestan Ólafsfjarðarvegar. Spónsgerði var áður nefnt Skúmsgerði og var fyrrum hjáleiga frá Möðruvöllum en síðar sjálfstætt býli." segir í Byggðum Eyjafjarðar. Íbúðarhús, byggt 1947, stendur á norðaustanverðum bæjarhólnum en gamli bærinn eða húsið sem búið var í á undan stóð um 10 m suðvestan við íbúðarhúsið.
Bæjarhóllinn stendur í svolitlum halla til suðurs, enginn skrúðgarður er umhverfis húsið frá 1947.
Ekkert sér til minja eftir síðasta bæinn á þessum stað annað en líðið steypt brot í jaðri bæjarhólsins og svo dældir. Bæjarhólinn er ekki mjög áberandi en hefur mögulega verið um 25 x 20 m að stærð og hugsanlega 50 -80 cm á hæð þó að bakkinn framan við húsið geti líka mögulega verið náttúrulegur. Núverandi íbúðarhús byggt 1947 er að öllum líkindum byggt að hluta á bæjarhólnum og hefur sennilega ekki verið mikið rask á hólnum vegna þeirrar byggingar því kjallari þess húss er ekki djúpur.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Túnakort 1917; BE.l., 398


EY-097:002 heimild um útihús 65°46.459.N 18°14.533.V
Samkvæmt túnakorti frá 1917 var útihús austan við suðurenda gamla bæjarins 001 og aðeins um 5 m á milli. Ekkert sér lengur til þessa húss. Þetta útihús mun hafa staðið um 7 m SSV við íbúðarhús byggt 1948.

Útihúsið hefur verið þar sem nú er skrúðgarður við íbúðarhús, í eilitlum halla til suðurs.
Ekkert sér til minja nema lítil óljós dæld.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Túnakort 1917

EY-097:003 heimild um útihús 65°46.479.N 18°14.505.V
Samkvæmt túnakorti frá 1917 var útihús um 50 m NNA við gamla bæinn 001 en ekkert sér lengur til þessa húss. Það hefur staðið um 13 m NNA við íbúðarhúsið byggt 1948 og stendur enn. Þar hefur nú verið reistur braggi og liggur heimreiðin meðfram honum að austan.
Landið er slétt og þar sem útihúsið stóð er nú braggi.
Ekkert sér til minja.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Túnakort 1917

EY-097:004 heimild um útihús 65°46.471.N 18°14.610.V
Samkvæmt túnakorti frá 1917 var útihús um 60 m VNV við bæ 001 og eru enn útihús á sama stað. Húsin standa nokkur saman um 70 m vestan við íbúðarhús byggt 1948.
Bæjarstæðið er á lágri hæð og milli hennar og útihúsanna er aflöng hvilft.
Þar sem útihúsin stóðu standa ný yngri útihús. Verið getur að leifar þess húss sem merkt er inn á túnakortið séu að hluta varðveittar en í útihúsasamstæðunni stendur eitt torfhús ennþá, í næstsyðsta húsinu og hefur þar einungis verið byggt utan um torfhúsið.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Túnakort 1917

EY-097:005 heimild um útihús 65°46.463.N 18°14.617.V
Samkvæmt túnakorti frá 1917 var útihús um 60 m vestan við bæ 001 og 10 m sunnar en útihús 004. Á þessum stað er slétt plan sem er notað undir heyrúllur. Útihúsin hafa staðið 70 m vestan við íbúðarhúsið í Spónsgerði sem byggt var 1948.
Þar sem húsin stóðu er plan sem er notað undir heyrúllur en þetta plan er á kolli hóls og er það afgirt. Mögulega er hóllinn myndaður vegna uppsöfnunar.
Ekkert sér til minja.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Túnakort 1917




EY-097:006 *Pitty-me-camp* mannvirki herminjar 65°46.360.N 18°14.182.V
Um 40 m austan við þjóðveginn, sunnan undir hólunum sem ganga til austurs frá Spónsgerði, kallaðir Skeiðmelur, er braggi og 8 braggagrunnar í kring. Þessi staður er beint austur af nyrsta fjósinu á Möðruvöllum og ASA af Spónsgerði. Kampurinn hét Pity-me-camp.
Á sléttri flöt ofan við Möðruvallaengjar, sunnan undir lágum melhólum, sem að hluta eru horfnir í malarnám.
Bragginn sem enn stendur er með göflum úr steypusteinum og hefur verið notaður sem hlaða. Steypuleifar sjást í sumum grunnana en lágir torfveggir hafa verið hlaðnir í kringum þá flesta. Vestan við vestustu grunnana er regluleg dæld sem gæti verið skotgröf.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar



Pitty-me-camp 097:006, horft í ASA

EY-097:007 gerði kálgarður 65°46.449.N 18°14.562.V
Samkvæmt túnakorti frá 1917 var kálgarður um 20 m SSV við bæ 001. Hann hefur verið um 40 m suðvestan við íbúðarhús í Spónsgerði sem byggt var 1948.
Kálgarðurinn var í hlíðum bæjarhólsins 001 og hefur garðurinn snúið mót suðaustri, hann er innan afgirts svæðis og er notað sem beitarhagi fyrir hross, er gróðurhulan frekar þunn á þessum slóðum.
Gerðið liggur eftir rótum bæjarhólsins og er þar sem kálgarður er sýndur á túnakorti frá 1917. Eru þetta einu sýnilegu leifar kálgarðsins. Það er 18 m langt og snýr suðvestur-norðaustur. Gerðið er um 60 cm breitt og um 50 cm hátt. Suðvestast ber nokkuð á stórum steinum sem virðast tengjast gerðinu sem gæti gefið til kynna að það hafi að hluta verið grjóthlaðið.
Hættumat: stórhætta, vegna ábúðar
Heimildir:Túnakort 1917

EY-098 Bjargir



20 hdr. 1712. Eign Möðruvallaklausturs.
1917: 2,74 ha. 2/3 slétt. Sáðreitir 280 m2.

EY-098:001 *Björg* bæjarhóll bústaður 65°45.747.N 18°15.828.V
„Björg voru stundum nefnd Bjargir fyrrum. Bærinn stendur við brekkurót ofan við Hörgárdalsveg," segir í Byggðum Eyjafjarðar. Gamli bærinn mun hafa staðið á svipuðum stað og íbúðarhús, byggt 1929, stendur nú. Gamli bærinn hefur þó sennilega staðið aðeins norðvestar eða nær hlíðinni sem bærinn stendur undir. Annað íbúðarhús á Björgum stendur 80 -100 m suðaustan við bæjarhólinn og var það byggt 1963.
Vestan við bæjarhólinn eru klappir og frekar brött brekka til austurs. Austan við bæjarhólinn taka við slétt tún og hæðóttir melar. Á bæjarhólnum stendur enn íbúðarhús og þétt vestan við það eru nokkur tré.
Á bæjarhólnum stendur steypt íbúðarhús, byggt 1929. Húsið er með kjallara, hæð og risi og er það í burstastíl. Suðaustan við það er trjágarður en vestan við er slétt grasflöt. Steyptur bílskúr er norðvestan við húsið og gætu verið 8 - 10 m á milli húss og skúrs. Bæjarhóllinn er ekki áberandi en þó má sjá móta fyrir honum umhverfis íbúðarhúsið. Hóllinn er um 20 x 40 m að stærð og snýr vestur-austur hæð hans er um 50 cm.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Túnakort 1917 og BE.l., 408

EY-098:002 *Hesthúshóll* heimild um hesthús 65°45.792.N 18°15.897.V
„Ofan við bæinn er Kartöfluhóll [009] og Hesthúshóll (ofar)." segir í örnefnaskrá Jóhannesar Óla. Samkvæmt túnakorti frá 1917 var útihús um 100 m norðvestan við bæinn 001. Ekki sér lengur til þessa húss en Hesthúshóllinn er enn á sínum stað. Ber hann þess merki að mikið hafi verið grafið í hann.
Hesthúshóll er grasi vaxinn hóll í túni sem er innan afgirts svæðis og er að öllum líkindum í beitarlandi.
Hóllinn er egglaga og snýr norðaustur-suðvestur. Í austurhorni hans hefur verið grafið fyrir reykkofa. Frekari ummerki eftir framkvæmdir eru einnig á sunnanverðum hólnum en hólkollurinn virðist hafa fengið að vera í friði. Engin ummerki sjást lengur um hesthúsið.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Túnakort 1917 og Örn. Jóh.Ól.

EY-098:003 heimild um útihús 65°45.760.N 18°15.787.V
Samkvæmt túnakorti frá 1917 var útihús 40 m norðnorðaustan við bæ 001 og standa þar enn útihús þó mun yngri séu. Húsin sem nú standa eru steypt og eru u- laga með hestagerði í portinu. Heimreiðin liggur til norðvesturs að íbúðarhúsinu (sem byggt var 1929). Útihúsin norðaustan við heimreiðina.
Útihúsin eru í sléttulendi eða túni við heimreið. Framan við útihúsin er e.k. hlað að sem sameinast heimreiðinni.
Ekkert sér til minja því þar sem gömlu húsin stóðu hafa risið ný hús úr steypu.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Túnakort 1917

EY-098:004 heimild um útihús 65°45.755.N 18°15.704.V
Samkvæmt túnakorti frá 1917 var útihús um 100 m ANA við bæ 001. Þar er plan og vestan við það er útihús eða skemma sem mun vera töluvert yngri en það útihús sem sýnt er á túnakorti frá 1917 og eru þessi mannvirki norðan við heimreiðina.
Vinnuvélaplan og girðing við útihús eða skemmu í sléttu landi.
Ekkert sér til minja, þar er nú plan og hugsanlega vélageymsla með áfastri girðingu.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Túnakort 1917

EY-098:005 heimild um huldufólksbústað 65°45.682.N 18°15.928.V
„Suður frá bænum heitir lægð milli Efri- og Neðri-Bjargaklappa Bjargadalur. Er hún norðurendi Dals í Dunhagalandi. Mikil álfabyggð átti fyrrum að hafa verið í klöppunum beggja megin dalsins, góðálfar í efri klöppunum en vondir álfar í þeim neðri." segir í örnefnaskrá Jóhannesar Óla. Bjargaklappir eru lágar klettaborgir með litlu dalverpi á milli. Þær eru um 150 m suðvestan við bæ 001.
Klappirnar marka af lítið dalverpi og er það um 20 m breitt. Svæðið hefur verið girt af og eru þar ræktaðar kartöflur.
Klettarnir eru aflíðandi og lágir, norðan megin eru „efri" klettarnir og eru þeir um helmingi hærri en syðri og „neðri" klettarnir.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:Örn. Jóh.Ól.

EY-098:006 garðlag vörslugarður 65°45.674.N 18°15.928.V
Garðlag er í Bjargadal sem er dalverpi milli Efri- og Neðri-Bjargaklappa. Garðlagið er um 150 m suðvestan við bæ 001.
Klappirnar marka af lítið dalverpi og er það um 20 m breitt. Svæðið hefur verið girt af og eru þar ræktaðar kartöflur.
Garðlagið liggur í boga og er rúmlega 20 m langt. Það snýr norður-suður, þvert á Bjargardalinn sem snýr vestur-austur. Garðlagið er sigið og mjög illa farið, frekar smáþýft og er komið rof í það. Grjóthleðslur sjást í garðlaginu hér og þar. Það er um 30 cm á hæð en um 2 m breitt. Þar sem garðlagið er ofarlega í dalverpi og kálgarður norðar og neðar í dalnum er líklegt að það hafi verið byggt sem vörslugarður til að halda skepnum frá kálgarðinum.


Hættumat: stórhætta, vegna ábúðar

EY-098:007 *Róðukot* þúst býli 65°45.534.N 18°15.302.V

,,Sunnan undir [Bjargamelum] eru örnefni sem benda til þess að þar hafi verið býli [...]. Staðurinn heitir Róðukot, og heitir einnig Róðukotsengi og Róðukotsbakki." segir í örnefnaskrá Jóhannesar Óla. Í Súlum er leitt að því getum að Róðukot séu Akrar hinir fornu. ,,Um 500 m suðaustur af Björgum og um 80 m norðan við Hörgá," segir í skráningu Guðmundar Ólafssonar nr 142. Þarna man Gestur Björnsson eftir tóftum fram á unglingsár þegar farið var í það að slétta þetta. Róðukot er 560-570 m suðaustur af bæ 001, um 50 m norðan við Hörgá og um 1 km ANA við íbúðarhús á Litla-Dunhaga II (EY-099:011) byggt 1981.

,,Lágur hóll í túni," segir í skráningu Guðmundar Ólafssonar. Hólar eru nokkuð einkennandi fyrir svæðið en að vestaverðu eru þrír hólar og eru þeir mis grónir. Túnið sjálft þar sem bærinn hefur staðið er mjög grösugt.

,,Enn heita Róðukotsbakki og Róðukotsengi við Hörgá, sunnan undir Bjargamelum, inn og niður frá bænum. Þar eru rústir nokkrar í brekku við ána, sem menn telja vera af Róðukoti. Þær virðast þó helst vera af matjurtagörðum eða fornum akurgerðum. Bæjarins Akra í Hörgárdal er getið í Ljósvetningasögu og býli með því nafni er skráð meðal eigna Möðruvallklausturs árið 1477. Steindór Steindórsson telur líklegt að Akrar og Róðukot séu sami bærinn, og bendir m.a. á ofangreinda þjóðsögu því til stuðnings." Segir í Heimaslóð. ,,Búið að slétta yfir rústirnar aðeins sést móta fyrir þeim sem lautum á hólnum í túninu þar sem bæjarstæðið var," segir í skráningu Guðmundar Ólafssonar. Hóllinn er lágur og óljós í óslegnu túni en nokkur gróður munur mun vera þar sem bærinn stóð, gras þar virðist mun hærra en í nágrenninu og var það fallið þegar staðurinn var skráður síðsumars 2006. Í hæðinni eru tvær ferhyrndar dældir. Ef þær gefa hugmynd um staðsetningu bæjarins má ætla að hann hafi snúið vestur-austur. Stærri dældin er 11 x 9 m að innanmáli og snýr austur-vestur en austan við hana er önnur minni sem er 6 x 4 m að innanmáli og snýr norður-suður. Samtals er hóllinn um 22 x 12 m að stærð og gæti framhliðin hafa snúið til suðurs niður að Hörgá. Dældirnar eru ekki á há-hólnum heldur eilítið sunnar. Þar hallar landið til suðurs alveg þangað til að það kemur að bröttum bökkum Hörgár sem rennur í kvíslum. Garðlag er 60 m norðaustur af bæjarhólnum og liggur það eftir brekku sem er afmarkar túnið sem hóllin er í til norðurs og liggur það í VSV - ANA. Garðlagið er um 180 m langt og sérstakt að því leyti að það hlykkist upp og niður hlíðina með hvössum hornum þó og myndar sumstaðar eins og lítil gerði. Hugsanlega er þetta túngarðurinn og utanáliggjandi gerði en þar sem túnið hefur verið sléttað sést ekki meira af honum en endar hans ná ekki saman. Þar sem garðlagið er sem skýrast er um 2 m breitt, hleðsluhæð frá túni séð er um 1 m en þar sem það gengur upp í hlíðina er hleðsluhæðin um 50 cm. Engar grjóthleðslur sjást í því. Segja má að bæjarhóllinn og garðlagið afmarki svæði sem er um 215x60 m að stærð.



Hættumat: hætta, vegna túnræktar

Heimildir:Örn.Jóh.Ól.; Súlur 1982 XII (23.-24.h.) bls. 113ff; Helgi Hallgrímsson: "Huldufólksstaðir og aðrir átrúnaðarstaðir í Arnarneshreppi, Eyjafirði" Heimaslóð 1994-1996, 13-15 árg bls. 108; Guðmundur Ólafsson: Fornleifaskrá Arnarneshrepps 1985

EY-098:008 gerði kálgarður 65°45.692.N 18°15.934.V



Garðlag er í dalverpinu milli Efri- og Neðri-Bjargaklappa eða í Bjargadal sem er lítið dalverpi um 150 m suðvestan við bæ 001. Þetta er garðlag myndar lítið gerði og er um 11 m norðaustar er vörslugarðurinn [006].


Klappirnar marka af lítið dalverpi og er það um 20 m breitt. Svæðið hefur verið girt af og eru þar ræktaðar kartöflur.

Gerðið sem er ferhyrnt, er frekar lítið og ógreinilegt. Það liggur það upp að hlíðum Efri-Bjargarklappa. Gerðið er um 20 x 10 m að utanmáli og snýr VSV - ANA. Steinar sjást víða í gerðinu sem er um 20 cm hátt og um 60 cm breitt.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar

EY-098:009 *Kartöfluhóll* heimild um kartöflugarður 65°45.735.N 18°15.873.V
„Ofan við bæinn er Kartöfluhóll og Hesthúshóll [002] (ofar)." segir í örnefnaskrá Jóhannesar Óla. Samkvæmt túnakorti frá 1917 var kálgarður um 40 m norðvestan við bæ 001 og um 60 m vestan við útihús 003.
Kálgarðurinn var þar sem nú eru slétt og grösugt tún sem eru nýtt sem beitarhagi. Á þessum stað hallar landi til suðausturs.
Ekkert sér til minja.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Túnakort 1917 og Örn. Jóh.Ól.

EY-098:010 heimild um kálgarð 65°45.735.N 18°15.873.V
Samkvæmt túnakorti frá 1917 var kálgarður um 40 m suðvestan við bæ 001 og um 60 m suðsuðaustan við Hesthúshól [002].
Kálgarðurinn var upp við nokkuð bratta en ágætlega gróna klöpp í halla til austurs. Svæðið er slétt en lítt gróið og er sennilega beitt hrossum.
Ekkert sér til minja.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Túnakort 1917

EY-099 Litli-Dunhagi



20 hdr. 1712. Eign Möðruvallaklausturs. Skipti í tvær jarðir 1988. Litli-Dunhagi l á land ofan vegar að norðan og neðan vegar að sunnan, Litli-Dunhagi ll neðan vegar að norðan og ofan vegar að sunnan. 1917: 7,1 ha. 3/5 slétt. Sáðreitir 225 m2. 1990: Land ofan vegar er fremur brattlent og hólótt, en sléttir bakkar meðfram Hörgá hafa verið nýttir sem tún.

EY-099:001 *Litli Dunhagi* bæjarhóll bústaður 65°45.339.N 18°16.514.V
Gamli bærinn á Litla Dunhaga stóð um 50 m suðaustan við íbúðarhús á Litla Dunhaga II sem er byggt

1981 og um 80 m vestar en íbúðarhús Litla Dunhaga III sem er byggt 1945. Jörðinni var skipt í tvíbýlisjörð árið 1988 en þó eru þar þrjú íbúðarhús á henni. Þriðja íbúðarhúsið Litli Dunhagi I var byggt 1985. Íbúðarhúsið sem kallast Litli Dunhagi III er gamla íbúðarhúsið sem búið var í fyrir skiptingu jarðarinnar.
Gamli bærinn var í túni sem hallar til suðurs.
Ekkert sér til minja nema örlítil bunga þar sem bærinn mun hafa staðið en annars mun alveg hafa verið rutt úr hólnum. Ekki hefur verið mikil uppsöfnun undir bæjarhólnum eða að henni hafi mikið til verið rutt í burtu þó má gera ráð fyrir að eitthvað leynist enn undir sverði þar sem bærinn stóð í nokkurri brekku og erfitt að sjá eftir sléttunina hvað er náttúrulegt og hvað manngert.
Hættumat: stórhætta, vegna ábúðar
Heimildir:Túnakort 1917

EY-099:002 heimild um kálgarð 65°45.345.N 18°16.513.V
Samkvæmt túnakorti frá 1917 var kálgarður 10 m norðan við bæ 001.
Engin merki sjást um kálgarðinn en þar sem hann var er nú rennislétt tún.
Ekkert sér til fornleifar.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Túnakort 1917

EY-099:003 heimild um kálgarð 65°45.361.N 18°16.493.V
Samkvæmt túnakorti frá 1917 var kálgarður 40 m norðan við bæ 001.
Engin merki sjást um kálgarðinn en þar sem hann var er nú rennislétt tún.
Ekkert sér til fornleifar.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Túnakort 1917

EY-099:004 kuml legstaður 65°45.322.N 18°16.780.V
,,Mannabein komu í ljós þegar unnið var í nýrækt 1963 um 300 m fyrir sunnan og ofan bæinn, á svonefndu Syðraholt, sem er fyrir sunnan svokallaða Hesthúslaut, og er miklu hærra en bærinn. Ýtumaður fann bein sem KE [Kristján Eldjárn] taldi e.t.v.. úr 2 mönnum og hrossi. Ekkert haugfé fannst." segir í Árbók fornleifafélagsins. Kumlið var 160-170 m suðsuðvestan við Hesthúshól 011 (þar sem nú stendur íbúðarhús Litla Dunhaga II sem er byggt 1981). Kumlið var rúmum 200 m VSV við gamla bæinn 001.
Kumlið var þar sem nú er slétt tún sem búið er að yrkja og sá í aftur en gróðurhulan er þunn og opin. Landið hallar til suðurs og til austurs, góð sýn er yfir dalinn.
"NKt-19-Litli-Dunhagi, Arnarneshreppur. 29. 8. 1963: Sumarið 1963 fundust mannabein við túnrækt í Litla-Dunhaga í Hörgárdal. Kristján Eldjárn gerði þar rannsókn og tók saman svofellda skýrslu um fundinn: "Ég kom þangað hinn 28. ágúst og hafði tal af Jóni M. Jónssyni, bónda þar. Hann skýrði svo frá, að jarðýtumaður hefði verið að vinna í nýrækt og séð í flaginu nokkur bein, sem að hann afhenti mér. Reyndust það vera bein úr höfuðskel úr manni, og jafnvel getur verið, að beinin séu úr tveimur mönnum, enn fremur nokkur hrossbein. Staðurinn, sem beinin fundust á, er um það bil 300 metra fyrir sunnan og ofan bæinn, á svonefndu Syðraholti, sem er fyrir sunnan svokallaða Hesthúslaut, og er miklu hærra en bærinn. Liggur nærri, að staður þessi sé jafnnærri Dunhögunum báðum, en þó mun hann vera aðeins nær Litla-Dunahaga en Stóra-Dunahaga. Ekki varð vart við neitt járnkyns eða annað, sem benti til haugfjár. Ekki var nú unnt að sjá, hvar kuml þetta hafði verið nánar tiltekið, vegna þess hve mikið var búið að vinna í flaginu. En eflaust hafa beinin ekki borist langt, og vafalaust virðist, að þetta séu leifar af kumlateig úr heiðni, þótt héðan af verið varla meiri vitneskju um hann borgið." Hildur Gestsdóttir hefur rannsakað beinin og telur líklegt að þau séu úr karlmanni um fimmtugt." segir í Kuml og haugfé.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:KE:Árb 1965, 50; Kuml og haugfé (2000), 173

EY-099:005 *Kvíaholt* heimild um kvíar 65°45.327.N 18°17.033.V
,,Ofan túnanna fer merkjalínan [við Stóra-Dunhaga] um Kvíaholt (Réttarholt)..." segir í örnefnaskrá. Kvíaholtið sem þekkist núna betur sem Réttarholt er suðvestan við Dunhagalæk og liggur að girðingu

(merkjagirðingu) næsta bæjar um 350 m vestan við Hesthúshól 011.
Kvíarnar voru þar sem nú eru slétt tún sem hallar til suðurs og suðausturs. Túnin eru afgirt og er slegin. Að norðanverðu er mói sem er nýttur sem beitarhagi fyrir hross.
Ekkert sér til minja.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Örn.Jóh.Ól.

EY-099:006 heimild um kálgarð 65°45.370.N 18°16.501.V
Samkvæmt túnakorti frá 1917 var kálgarður 70 m norðan við gamla bæinn 001.
Kálgarðurinn var í nokkurri brekku sem nú hefur verið sléttuð.
Ekkert sér til fornleifa.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Túnakort 1917

EY-099:007 *Möðruvallavegur* gata leið 65°45.553.N 18°15.908.V
,,Norðurmerki Litla-Dunhaga eru frá Grásteinum í fjallinu,..., í Merkjaklöpp við gamla Möðruvallaveg, um Krika og yfir í Yzta-Hólma." segir í örnefnaskrá. Hjá Merkjaklöpp á leiðin samleið með vegi nr. 815 en hún er um 650 m norðaustur af Hesthúshóli 011 og 360-370 m suðsuðvestan við bæjarhólinn á Björgum EY-098:001. Þessi leið liggur út Hörgárdal og minnist Hulda Á Stefánsdóttir á hana í minningum sínum : ,,lá þjóðvegurinn um hlaðið á Möðruvöllum milli kirkju og bæjar. Ef komið var handan yfir á eða framan úr sveit, lágu göturnar sunnan að túninu (á Möðruvöllum) austarlega, heim Jaðarinn...." ,,Sýsluvegurinn er vestan við Jaðar (Möðruvallarvegur)" segir í örnefnaskrá Jóhannesar Óla.
Graslendi meðfram veg og er allt á kafi í snarrót.
Göturnar mest 4-5 slóðar, þeir eru um 20 cm djúpir og um 30 cm breiðir en botninn er gróinn. Slóðarnir liggja að túni og þar hverfa þeir alveg, væntanlega vegna sléttunar.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Örn.Jóh.Ól. og Minningar Huldu Á Stefánsdóttur I Bernska.

EY-099:008 *Lambhús* heimild um lambhús 65°45.389.N 18°16.288.V
,,Utan við [bæjar-] lækinn, eins og hann rennur nú, er Grundin og nokkru ofar Kinnin sunnan undir Lambhúsinu, sem enn er að nokkru uppistandandi, og alltaf nefnt svo, þó að alllangt sé nú síðan það var notað." segir í örnefnaskrá. Lambhús voru 230-240 m NNA við Hesthúshól 011. Lambhúsið var 8-10 m sunnan við heimreiðina að Litla Dunhaga II.
Lambhúsið var þar sem nú er lítil grasskák í órækt neðan við heimkeyrslu.
Ekkert sér til minja.
Hættumat: stórhætta, vegna ábúðar
Heimildir:Örn.Jóh.Ól.

EY-099:009 *Sauðhús* heimild um fjárhús 65°45.396.N 18°16.267.V
,,Utan við [bæjar-] lækinn, eins og hann rennur nú, er Grundin og nokkru ofar Kinnin sunnan undir Lambhúsinu [010], ... Þarna voru tvenn fjárhús saman og hét hið ytra Sauðhús." segir í örnefnaskrá. Sauðhúsin munu hafa staðið 250-260 NNA við Hesthúshól 011. Sauðhús voru um 20 austar en Lambhúsin 008 en um 60 m suðaustan við gaflinn á steyptu fjósi (sem verður bráðum gamla fjósið þar sem nýtt er í smíðum rétt hjá).
Sauðhúsið var þar sem nú er lítil grasskák í órækt neðan við heimkeyrslu. Liggur skurður í gegnum hana.
Ekkert sér til minja enda hefur verið grafinn skurður í gegnum staðinn þar sem húsin eiga að hafa staðið.
Hættumat: stórhætta, vegna ábúðar
Heimildir:Örn.Jóh.Ól.

EY-099:010 heimild um kálgarð 65°45.327.N 18°16.638.V
Samkvæmt túnakorti frá 1917 var kálgarður 100 m vestsuðvestan við bæjarstæði 001 og um 60 m suðvestan við Hesthúshól 011 (en á honum er nú íbúðarhús Litla Dunhaga II byggt 1981).


Sléttur hóll í túni sem hallar til suðausturs.
Ekkert sér til minja.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Túnakort 1917

EY-099:011 *Hesthúshóll* heimild um hesthús 65°45.349.N 18°16.580.V
Ofan við [Merkja-] leyning þennan og sunnan við gamla bæinn er Rasshóll, en Hesthúshóll aðeins ofar. Þar er Hesthúslaut, og í hólnum eru enn sýnilegar hesthústóftir Jóns prests hins lærða, er bjó í Litla-Dunhaga og andaðist þar 1846. Hesthúshóll er 50-60 m norðvestan við bæjarhól 001 og á honum stendur nú íbúðarhús Litla Dunhaga II sem er byggt 1981, ekkert mun vera eftir af upprunalega hólnum en umhverfi hans hefur að öllum líkindum breyst mikið þegar nýtt íbúðarhús hefur verið byggt á honum.
Sléttur og grösugur bakki sem á stendur íbúðarhús. Umhverfis íbúðarhúsið er afgirtur skrúðgarður með nokkrum trjágróðri.
Ekkert sér til minja.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Örn.Jóh.Ól.

EY-099:012 *Kvíahóllinn* heimild um kvíar 65°45.365.N 18°16.532.V
„Vestan gamla bæjar er Kvíahóllinn. Rennur bæjarlækurinn yfir hann og heitir ás þessi ekki því nafni nema að læknum. Sunnan bæjarlækjar er jafnan talað um Holtið." segir í örnefnaskrá. Kvíahóllinn er u.þ.b. 50 m norðaustar við Hesthúshóll 011 og 80-90 m VSV við stór útihús (fjárhús og hlaða). Lækurinn hefur verið færður í skurð norðaustan við túnið og norðaustan hans er þýfður mói.
Landi hallar til austurs og suðausturs. Heimreiðin að Litla Dunhaga II um staðinn þar sem hnitið var tekið.
Ekkert sér til minja.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Örn.Jóh.Ól.


EY-099:013 heimild um kálgarð 65°45.380.N 18°16.321.V
Samkvæmt túnakorti frá 1917 var kálgarður 170 m norðaustur af bæ 001.
Í grösugri brekku sem er sléttuð.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Örn.Jóh.Ól.

EY-099:014 tóft stekkur 65°45.477.N 18°16.579.V
„Suður frá Brúnum vestarlega liggur áslaga hæð, sem nefnist Stekkjarhóll ..." segir í örnefnaskrá. Stekkjartóftin er um 260 m norður af bæjarhól 001, um 250 norðvestur af nýju fjósi sem er verið að byggja og um 240 m beint norður af Hesthúshól 011.



Landið er grösugt, afgirt og notað sem beitiland fyrir nautgripi, það er hæðótt og út úr Stekkhól kemur rani sem skyggir á útsýn til bæjar frá stekknum.
Stekkurinn er 15 x 8 m að stærð og snýr NNV-SSA. Hleðslur hans eru mjög útflattar og ytra byrði vart greinanlegt en innra byrði er frekar skýrt nema helst syðsta hólfið. Hleðsluhæð um mest um 30 cm. Hólfin eru sennilega þrjú og öll í röð. Syðst er hólf sem er frekar óljóst en gæti verið um 2 x 2 m að innanmáli, norðan við það er hólf sem er 3 x 4 m að innanmáli og snýr það eins og tóftin. Í þessu hólfi má greina grjóthleðslur. Úr eystri vegg þess gengur lítið veggjarbrot (eða mögulega garði) en brotið er að hverfa í gras. Nyrst í tóftinni er svo hólf sem er 3 x 2 m að innanmáli og snýr það austur-vestur. Nyrsta hólfið er það grynnra en það sem er í miðjunni en samt ekki eins óljóst og það syðsta. Engin greinileg op eru á tóftinni.
Hættumat: stórhætta, vegna ábúðar
Heimildir:Örn.Jóh.Ól.


EY-099:015 tóft rétt 65°46.455.N 18°16.427.V



„Suður frá Brúnum vestarlega liggur áslaga hæð, sem nefnist Stekkjarhóll [015] og ofan við hann er Réttarlaut.!" segir í örnefnaskrá. Í Réttarlaut er hlaðin rétt og er hún um 230 m NNA af bæjarhól 001 og um 230 m NNA við Hesthúshól 011 og 120-130 m norðvestan við fjós sem er í smíðum.
Réttin er í stórri kvos. Hlíðar kvosarinnar eru brattar til norðvesturs en hún er opin til austurs. Umhverfis réttina er þýfður og grösugur mói sem er afgirtur.
Réttin er í kvos og hefur það skjól sem hún veitir verið nýtt við byggingu réttarinnar. Réttin er 35 x 20 m að stærð og snýr ANA-VSV. Veggir eru um 2 m á breidd en um 1 m á hæð. Réttin er hlaðin úr torfi og virðist fjögur hólf. Vestast eru hólf a og b. Hólf a er 12 x 8 m að innanmáli og snýr NNV-SSA, það þrengist eftir því sem norðar dregur og er um 6 m breitt nyrst. Op virðist vera á því fyrir miðjum suðurvegg. Norðan við a er hólf b. Það er 10 x 3 að innanmáli og snýr vestur-austur. Allur norðurveggur þess er í raun bara náttúrusmíð. Austan við hólf a er hólf c. Það er það 10 x 3 m að innanmáli. Hólfið liggur samsíða hólfi a og er op á því inn í hólf b. Austan við hólf c og samsíða því er gangur að hólfi b engin greinanlega skil eru á milli þessa gangs og hólfs d sem er stærst og líka hugsanlega elsti hluti réttarinnar því vegghleðslan þar er lyngivaxin og sumstaðar hlaupin í þúfur. Hólfið er um 10 x 15 m að innanmáli og snýr ANA-VSV. Austurveggur þess nær mun lengra til norðurs en sem nemur breidd hólfsins en hann liggur upp á hæðina sem réttin er byggð upp að. Hólf d er alveg opið til norðurs og gæti féið því hafa verið rekið úr þeirri átt inn í réttina. Sé sú raunin hefur hólf d þjónað svipuðu hlutverki og almenningur í stærri réttum. Suðurveggur þess virðist þó ekki tengjast suðurvegg hólfa a og c, er op þar á milli sem er um 3 m stórt.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Örn.Jóh.Ól.

EY-099:016 heimild um ristu 65°45.425.N 18°16.587.V
„Suður frá Brúnum vestarlega liggur áslaga hæð, sem nefnist Stekkjarhóll og ofan við hann er Réttarlaut. Neðan við Stekkjarhól er Torfhóll." Segir í örnefnaskrá. Torfhóll er 80-90m norðnorðvestan við bæjarhól 001 og 140m beint norður af Hesthúshól 011 sem á stendur íbúðarhús byggt 1981.
Hóllinn er inn í afgirtu svæði, er hann nokkuð grýttur og lítið þýfður en mói er allt um kring.
Örnefnið á hólnum er þannig til komið að þar var torfið þerrað, sjálfur staðurinn þar sem torfið var rist mun vera í nágrenni við þennan hól.
Heimildir:Örn.Jóh.Ól.

EY-099:017 *Dunhagastekkur* tóft stekkur 65°45.654.N 18°17.229.V



„Litla-Dunhagalækur (bæjarlækurinn) kemur úr uppsprettulindum við rætur fjallsins sunnan við Stekkjarholt.....Upp með Dunhagalæk að norðan er Stekkjarholt, flatt og víðáttumikið, og er Dunhagastekkur utan og neðan við holtið. Þarna efra, sunnan lækjarins, heitir Grund." segir í örnefnaskrá. Dunhagastekkur er um 800 m norðvestan við bæjarhól 001, 750-760 m norðvestan við Hesthúshól 011 og 440 -450 m norðnorðaustan við Kotsstekk Ey-183:002.
Tóftin er í grasivöxnum móa við fjallsrætur og hallar landi til suðausturs. Lítil skák af flötu graslendi er norð- og norðaustan við hana.
Stekkurinn er grasi gróinn. Hann er 5 x 5 m að stærð og er tvískiptur. Upphaflega hefur stekkurinn verið bara eitt hólf 4x3 m að utanmáli. Hann snýr norðaustur-suðvestur og er op í suðurhorni á suðvesturveggnum. Suðausturveggurinn er lengri en


norðvesturveggurinn og kemur í smá boga til suðurs. Annað veggbrot sem sennilega er aðeins yngri en aðrir veggir stekksins hefur verið byggt við suðausturvegginn á stekknum utanverðum og beygir það til suðurs. Þessir tveir veggstubbar mynda lítið hólf, um 1 x 2 m að innanmáli, opið til suðurs. Frá austurhorni stekksins er mjög óljós vottur af hleðslu sem gæti verið leifar af aðhaldi. Hleðsluhæð veggja er um 50 cm.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:Örn.Jóh.Ól.

EY-183 Dunhagakot

Hjáleiga hjá Dunhaga, fyrst getið 1802. Í Arnarneshreppi frá því um aldamót. Fór í eyði 1919. Heyrir nú undir Litla-Dunhaga II. Túnakort vantar. "Dúnhagakot var lítil jörð og fremur léleg."BE 1990, 428

EY-183:001 *Dunhagakot* bæjarhóll bústaður 65°45.257.N 18°16.760.V
,,Dunhagakot var á milli Stóra Dunhaga og Litla Dunhaga og var samtýnis [samtímis] báðum. Stóð bærinn á hólbrún beint norður undan Stóra-Dunhagabænum, rétt utan við núverandi norðurmerki Stóra-
Dunhaga..... Engin ummerki húsa sjást lengur." .....,,Í landi Litla-Dunhaga ll er eyðibýlið Dunhagakot sem fór í eyði 1919," segir í Byggðum Eyjafjarðar. Dunhagakot stóð á lágum hól um rúmum 200 m suðvestan við bæjarstæði Litla Dunhaga EY-099:001 og um 240 m suðvestan við Hesthúshól EY-099:011 en á honum stendur íbúðarhús Litla Dunhaga II byggt 1981.
Á þeim stað þar sem bærinn eitt sinn stóð er landið nýtt undir matjurtagarða og hallar landið til suðvesturs eða þvert á dal.
Greinilegur en fremur lítill bæjarhóll er í Dunhagakoti. Norðan í honum er öskudreif og þar er beinarusl, leirkersbrot og fleira smálegt. Í miðjum matjurtagarðinum er þó svolítil hæð og stóð bærinn líklega þar. Sumarið 2007, var bæjarhóllinn aftur skoðaður og þá var þar flag, hugsanlega stendur til frekari túnrækt á þessum slóðum.
Hættumat: hætta, vegna jarðræktar
Heimildir:BE I 1990, 412, 428

EY-183:002 *Kotsstekkur* tóft stekkur 65°45.456.N 18°17.556.V



Samkvæmt Árna Arnsteinssyni heimildamanni er Kotsstekkur um 750 m norðvestur af bæ 001. Stekkurinn er örfáa metra inni í landi Litla-Dunhaga og er því í Arnarneshreppi.
Stekkurinn er á grösugu svæði við hlíðarrætur.
Tóftin er um 9 X 8 m og snýr NA - SV. Hún er nokkuð hringlaga. Tóftin er tvískipt en ansi sigin, mesta hleðsluhæð er 0,4 m. Grjót er ekki að sjá í hleðslum. Op er í austurhorni tóftar. Suðvestara hólfið er mun stærra og dýpra en hitt hólfið.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: BE 1990,428

EY-183:003 heimild um útihús 65°45.243.N 18°16.565.V
Samkvæmt túnakorti frá 1917 var útihús 150 m suðaustan við bæ 001 og um 200 m beint suður af Hesthúshól á Litla Dunhaga EY-099:011 (en á honum stendur nú íbúðarhús Litla Dunhaga II byggt 1981).
Útihúsið hefur verið þar sem nú er lítil og óslegin flöt í jaðri túns. Túninu hallar til suðurs, norðar er brött brekka og 15 m vestar liggur rafmagnslína.
Ekkert sér til minja.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Túnakort 1917

EY-183:004 heimild um kálgarð 65°45.233.N 18°16.588.V
Samkvæmt túnakorti frá 1917 var kálgarður um 140 m suðaustan við bæ 001 og 215-220 m beint suður af Hesthúshól á Litla Dunhaga EY-099:011 (en á hólnum stendur nú íbúðarhús Litla Dunhaga II byggt 1981).
Þar sem kálgarðurinn var er nú sléttur matjurtagarður en engin hleðsla er umhverfis hann, hallar landið til suðausturs.
Ekkert sér til minja.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Túnakort 1917

EY-631 Arnarneshreppur, fornleifar á fleiri en einni jörð

EY-631:001 *Kirkjuvegurinn gamli* gata leið 65°50.579.N 18°12.848.V
Leið lá í suður meðfram Ásunum frá leið EY-631:002 í norðvestri um alla sveitina og hefur hún verið köllum ýmsum nöfnum m.a. Kirkjuvegurinn gamli og Reiðgöturnar. Líklega hefur verið farið um þennan veg á milli bæjanna austar í sveitinni nær sjónum og frá þeim m.a. til kirkju á Möðruvöllum. Var leiðin skráð á þeim jörðum þar sem heimildir voru um hana og verður henni hér lýst hér að neðan fyrst nyrst í sveitinni í landi Arnarness en svo fikrað sig til suðurs í átt að Óslandi EY-069. Í Sýslu- og sóknalýsingum segir um þessa leið: "Út hjá Lóni, svo yfir Hörgá, síðan út fyrir ofan Ós l og út eftir hæðunum á bak við Syðri- og Ytri-Bakka, síðan út hjá Arnarnesi og yfir áðurnefndan malarkamb endilangan, svo fyrir neðan Fagraskóg og út fyrri neðan Hillur í Stærraskógssókn, [EY-631:002]." Í örnefnaskrá Jóhannesar Ó. Sæmundssonar segir frá nyrsta hluta leiðarinnar: "Frá Naustunum [Kambhólsnaustum EY-081:005] liggur langur malarkambur austur milli Tjarnarinnar (Arnarnestj.) og sjávar, og er hann oftast nefndur Mölin, en annars almennt Arnarnesmöl. Þar var fyrrum alfaravegur, lá suður Bakkaása." Mölin er um 950 m norðvestan við Arnarnes EY-074:001. Samkvæmt Jóni Þ. Benediktssyni, heimildarmanni lá Kirkjuvegurinn gamli í gegnum jörðina [Ytri-Bakka EY-072:001] um 400 m suðvestan við gamla skólahúsið Skruggu og um 610 m vestan við Ytri-Bakkabæ. Í örnefnaskrá Jóhannesar Ó. Sæmundssonar fyrir Syðri-Bakka EY-071:001 segir: "Rétt fyrir ofan við þessar bæjarrústir [Mið-Bakka EY-071:006], fast við gömlu reiðgöturnar, er alldjúp lág, sem nefnist Bakkaklauf [EY-071:043]." og var þar áður áfangastaður á þessari leið. Leifar reiðgötu eru þarna um 760 m NV við Syðri-Bakka og um 1600 m norðaustan við Pálmholt EY-070:001. Í örnefnaskrá Pálmholts segir: "Gamli vegurinn er síðan landamerki milli Pálmholts og Syðri-Bakka, allt frá læknum og út (norður) að Þvergarði." Þar var gamli vegurinn um 820 m suðaustan við Pálmholt og um 1200 m SSV við Syðri Bakka.

Leifar götunnar í Arnarness- og Ytri-Bakkalandi lágu um malarkamb og þýfða grasi-, lyngi- og mosagróna móa. Í Syðri-Bakkalandi lá gatan um rofið malarbarð í þýfðum lyngi og mosagrónum móa. Leifar götunnar á landamerkjum Pálmholtslands (nú einnig Búlands 2007) og Syðri-Bakkalands liggja austan við sléttuð tún, um þýft graslendi gróið háu grasi og þýfðan grasi- og mosagróinn móa.
Á Kambinum milli Tjarnarinnar og sjávar í landi Arnarness er gatan bara mjög grófur malarslóði sem liggur A-V. Frá malarslóðanum lá gatan í suðaustur upp fyrir Arnarnesbæ EY-074:001 en lítil sem engin ummerki sjást eftir að malarslóðanum á Kambinum vegna túnasléttunar og annars rasks af mannavöldum. Gatan lá svo á milli Bragholtslands og Ytri-Bakkalands og vestan og ofan við Mið-Bakka í Syðri-Bakkalandi. Á þessu svæði lá götuslóðinn norður-suður meðfram hæstu brún Ássins að vestanverðu þar sem nú er um 20 m breitt og 0,2-1 m djúpt rofabarð. Enn sunnar lá svo gatan til suðurs um sveitina á landamerkjum Pálmholts og Syðri-Bakka. Gatan þar hefur verið 4-5 m á breidd og um 0,5-1 m á dýpt í landslaginu en lítið sést af henni í dag (2007) vegna grasvaxtar. Mjög líklegt er að skýrar leifar af götunni kæmu víðar í ljós ef grasið væri slegið eða búpeningi væri beitt á svæðið um tíma. Líklega hefur verið farið um þennan veg á milli bæja austar í sveitinni nær sjónum og m.a. til kirkju á Möðruvöllum. Líklega hafa aðeins heimreiðar Arnarnesbæjar, Mið-Bakka og Syðri-Bakka legið beint að götunni.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Örn.Jóh.Ól., 30; SSE, 114; Örn.Jóh.Ól., 36; Ö-Pálmholt, 1

EY-631:002 gata leið 65°51.667.N 18°15.616.V
Í örnefnaskrá Jóhannesar Ó. Sæmundssonar segir: "Galmarsstaðabærinn [EY-081:004] stóð örskammt ofan við Kambhólsnaust. Þar voru vegamót á alfararleiðum, önnur lá suður með efri bæjunum, en hin eftir grandanum [EY-631:001] um Arnarnes og Bakkaása." Í Sýslu og sóknalýsingum segir: "Út hjá Lóni, svo yfir Hörgá, síðan út fyrir ofan Ós l [EY-069:001] og út eftir hæðunum á bak við Syðri- [EY-071:001] og Ytri-Bakka [EY-072:001], síðan út hjá Arnarnesi [EY-074:001] og yfir áðurnefndan malarkamb endilangan [EY-631:001], svo fyrir neðan Fagraskóg [EY-079:001] og út fyrri neðan Hillur í Stærraskógssókn, [leið EY-631:002]." Alfaraleiðin um Arnarneshrepp og til norðurs Árskógsströndina lá norður-suður meira en 500 m austan og neðan við Syðri-Kambhól EY-081:001 inn Eyjafjörð meðfram fjallshlíð hans að vestan.

Í landi Fagraskógar liggur gamall götuslóði norður-suður um grasi- og mosagróna móa en hverfur norðaustan og austan við bæinn vegna sléttaðra túna og kornakra. Sunnar liggur malbikaður þjóðvegur um svæðið þar sem göturnar voru og austan og vestan við veginn er búið að slétta landið að mestu í tún og akra.
Lítið sést til gamla vegarins vegna rasks af mannavöldum en vegurinn var fyrir hesta og kerrur. Hér og þar NA við Fagraskóg glittir í ógreinilegan grasigróinn eða malarborinn vegslóða um 4 m á breidd og um 0,2-0,5 m á dýpt sem liggur til meðfram strönd Eyjafjarðar norður í átt að Torfnesi EY-079:026. Gamli vegurinn í Fagraskógarlandi lá að mestu um svæði þar sem eru sléttuð tún, kornakrar og grasi- og mosagrónir móar. Óljóst er nákvæmlega hvar gatnamót leiða EY-631:001 og EY-631:002 voru, á mörkum Arnarnesslands og Fagraskógarlands en samkvæmt lýsingu í örnefnaskrá hér að ofan voru þau nálægt Galmarsstöðum. Trúlega hafa þau annað hvort verið NV eða NA við bæinn nálægt ströndinni. Samkvæmt Þorvaldi G. Hermannssyni, heimildarmanni, lá leiðin um svipuðu svæði og þjóðvegur 82 eða aðeins neðar þegar komið er innar í fjörðinn framhjá Galmarsstöðum. Lítið sem ekkert sést til götu utan Fagraskógarlands vegna vegagerðar og annars rasks af mannavöldum.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Örn.Jóh.Ól., 29; SSE, 114

EY-633 Þorvaldsdalur

Samkvæmt Jarðabók Árna og Páls frá 1712 (JÁM X, 107), heyrði afréttin framan við Kúgilsland (frá Þverá) að vestan og Stóra-Árskógsland (við Háleiti) að austan, undir Auðbrekku í Hörgárdal og var greiddur afréttartollur þangað. Afrétt þessi var þá notuð mest af Galmaströnd en einnig Árskógsströnd öðru hvoru. Tollurinn var lamb eða 5 álnir af hverjum manni sem rak 10 lömb eða fleiri. 1839: "Afréttarland Árskógssóknar er ... Þorvaldsdalsafrétt og telst hún nú eign Auðbrekku í Hörgárdal; hefir og Möðruvallasókn þangað upprekstur." SSE, 97. Afrétt þessi hefur nú verið seld Arnarneshreppi til upprekstrarlands.



Séð suður Þorvaldsdal

EY-633:001 *Lambá* heimild um býli 65°50.119.N 18°23.120.V

Í Jarðabók Árna og Páls frá 1712 segir: "Lambárkot kallast fornt eyðiból í þessum afrjett fyrir vestan Þorvaldsdalsá, og eru þar þó litlar byggíngaleifar. Ekki má hjer aftur byggja fyrir heyskaparleysi." "Neðan við Réttarhóla suður og upp frá Langholtseyrum ... er Langholtið, sem nær suður að Heimari-Lambá. Þar við ármótin mun hafa staðið býlið Lambárkot ...," í örnenfalýsingu. "Sunnan [Heimari] Lambár og neðan Langholts sjást vallgrónar rústir, þar sem talið er að Lambárkot hafi staðið,"segir í örnefnaskrá. "Rétt áður en komið er að næstu hraundyngju, Hestahrauni, er farið yfir stærsta lækinn og kemur hann úr Vatnshlíðarskarði, stærsta skarði fjallsins þó ekki sé það verulegt. Handan ár kemur Heimari-Lambá skoppandi niður hlíðina úr Heimari Lambárdal og úr henni er Lambárfoss. Skammt sunnan Heimari-Lambár eru tóftarbrot sem talin eru tóftir Lambár eða Lambárkots sem á að hafa eyðst í skriðuföllum," segir í grein Bjarna E. Guðleifssonar. Í svo til miðjum dalnum er vatn í Þorvaldsdalsá. Sunnan við vatnið þrengist dalurinn verulega og eru brattir hári malarhólar að vestanverðu við ána. Norðan við þessa hóla rennur Heimari Lambá úr Lambárdal til austurs í Þorvaldsdalsá. Sunnan við ármótin og malarhólana er dálítill gróið svæði og mun Lambárkot hafa staðið þar.



Lambárkot 633:001? Horft í suður

Sunnan þessa gróna svæðis tekur svo við nyrsta tunga Hestahrauns sem er hin syðri tveggja hraunspýja í dalnum, en býlið á að hafa eyðst í skriðuföllum.

Ekki eru greinilegar tóftir en þrír þýfðir hólar og greinileg þúfnamyndun í kring. Svæðið allt er um 80x80 m.

Heimildir:Ö-Eyjafjarðar I.1, 46; Ö-Árskógsströnd, 25; JÁM X, 107; Bjarni E. Guðleifsson: "Óbyggðaleiðir umhverfis Þorvaldsdal og Hörgárdal" Árbók ferðafélagsins 1990, 100


EY-633:002 *Grasabyrgishóll* heimild um smalakofa 65°49.842.N 18°23.357.V

"Fljótlega eftir að komið er yfir brúna [Göngubrú við Hestahraun] og haldið suður með ánni má sjá hlaðna steinveggi tveggja lítilla byrgja, sennilega smalabyrgja. Þetta kunna að vera mannvirki tengd Lambárkoti sem var svolítið utar í Þorvaldsdal, út undir Heimari-Lambá." segir Bjarni E. Guðleifsson í grein í Árbók Ferðafélagsins. Byrgin munu vera vestan Þorvaldsdalsár. "Grasabyrgishóll er skammt sunnan við Lambárkotstóftirnar. Upp frá honum þótti gott til grasa, meðan það var stundað, og þar mun gert hafa verið skýli til að sofa í," segir í örnefnaskrá. Í svo til miðjum dalnum er vatn í Þorvaldsdalsá. Sunnan við vatnið þrengist dalurinn verulega og eru brattir hári malarhólar að vestanverðu við ána. Norðan við þessa hóla rennur Heimari Lambá úr Lambárdal til austurs í Þorvaldsdalsá. Sunnan við ármótin og malarhólana er dálítið gróið svæði og mun Lambárkot 001 hafa staðið þar. Sunnan við gróna skikann þar sem Lambárkot stóð þrengist dalurinn að nýju og við tekur

nyrsta tunga Hestahrauns sem er hin syðri tveggja hraunspýja í dalnum.
Byrgin fundust ekki sumarið 2007.
Heimildir: Bjarni E. Guðleifsson: "Óbyggðaleiðir umhverfis Þorvaldsdal og Hörgárdal" Árbók ferðafélagsins 1990, 100; Ö-Árskógsströnd, 25 sbr. Ö-Eyjafjarðar I.1, 47


EY-633:003 *Hestahraunsbolli* þjóðsaga 65°49.708.N 18°23.477.V
"Nokkru innan við Trippaklif fellur áin miklu fjær Vatnshlíðinni og þar er Hestahraunið, sem fyrr mun hafa heitið Syðra-Hestahraun. Yzt á því er Hestahraunsbolli, valllendishvammur, umluktur stórgrýtinu. Þar á gangnamenn og beita hestum sínum í hvamminn, sem er einu leifarnar af engjum Sigríðar stórráðu. Hún bjó í Auðbrekku í Hörgárdal, og sagan segir, að hún hafi átt góðar engjar þarna á Þorvaldsdalnum og hestar Þorvaldsdælinga gerzt þar helzt til ágengir. Tók kerling þá til þess ráðs, en hún var talin fjölkunnug, að ganga upp á Vatnshlíðarfjallið með galdrastaf sinn. Þar merkti hún fyrir stóru stykki í fjallsbrúninni, mælti svo um og lagði á, að hinn afmarkaði hluti fjallsins skyldi hrynja yfir hross Þorvaldsdælinga, sem einmitt þá voru á beit í Auðbrekkuengjunum. Þessu fékk hin stórráða kona fram komið, og þykja mönnum dæmin deginum ljósari, þar sem hraundyngjan er c. 1 km2." segir í örnefnalýsingu Eyjafjarðar. "Hestahraunið er stórfelldasta framhrunsdyngja í Þorvaldsdal. Hún hefur fallið í áföngum, síðast 19. júní árið 1959. Hvarf þá að mestu hinn gamli Hestahraunshaus, sem e.t.v. hefur verið frá tímum Sigríðar stórráðu og granna hennar í Auðbrekkutorfunni, sem kom því til leiðar að hrundi yfir hrossastóðið," segir í örnefnaskrá Árskógsstrandar. Hestahraunið er hið innra (syðra) tveggja mikilla framhlaupa í austanverðum Þorvaldsdal (en nær þó vestur fyrir á líka). Það er talsvert innan við vatnið í ánni. Nokkurn veginn í miðju hrauninu, neðarlega, þ.e. vestast og næst ánni, er gróinn bolli, og er það líklega Hestahraunsbolli.
Hraunið er gríðarlega mikið og stórgrýtt og erfitt yfirferðar.
Bollinn er gróinn og er umlukinn hrauninu til austurs, suðurs og norðurs, en opnast á milli tveggja hraunspýja til vesturs í átt að ánni. Þaðan er greiðfært inn í hann.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:Ö-Árskógsströnd, 24; Ö-Eyjafjarðar I.1, 102-103; Sjá Þjóðsögur Ólafs Davíðssonar I, 240 og Berghlaup e. Ólaf Jónsson, s. 271-74.

EY-633:004 *Fögruhlíðarrétt* hleðsla rétt 65°51.083.N 18°23.118.V



"Gamla fjárréttin á Réttareyrum við Þverá ... er öll hlaðin úr hnullungagrjóti og stendur að verulegu leyti enn, þó að nú [1978] sé að verða hálf öld síðan þar var síðast réttað. Fögruhlíðarrétt var algengasta nafnið á réttinni, en hún var auðvitað einnig nefnd Þorvaldsdalsrétt," segir í örnefnalýsingu Eyjafjarðar. "Þorvaldsdalsrétt er enn að verulegu leyti uppistandandi. Hún stendur á ofanverðum eyrum Þverár og var notuð fram til ársins 1929," segir í örnefnaskrá Árskógsstrandar. Í miðjum Þorvaldsdal, norðan við Hrafnagilshraun sem er hið ytra (nyrðra) tveggja stórra framhlaupa í dalnum, er vatn í Þorvaldsdalsá. Þar rennur Þverá í vatnið úr Þverárdal í vestri og hefur myndað miklar eyrar úr framburði sínum. Réttin er á grjóteyrum þessum, vestan við vatnið og fast sunnan við meginkvísl Þverár.
Þverá rennur þarna úr Þverárdal (í raun bara þröngt gil) í vestri og hefur hún myndað miklar eyrar, nú hálf- eða lítt grónar. Hallar þeim lítillega til austurs.
Réttin er hlaðin úr vatnssorfnu og fremur stóru grjóti og stendur enn. Hæð hleðsla er mest um 1,5 m og breidd allt að 1,5 m þar sem hleðslur hafa sigið dálítið út. Réttin er um 50 x 22 m stór og snýr austur-

vestur. Hún greinist í almenning, um 23x 15 m að innanmáli og 7 hólf eða dilka umhverfis hann. Þrír dilkar eru að norðanverðu við almenninginn, tveir að austan og tveir að vestan. Op er á suðurhlið almenningsins, nálægt austurenda hans. Greinilegt op er úr almenningnum inn í hinn vestasta af dilkunum að norðanverðu við hann. Annarsstaðar eru möguleg op svo samanhrunin að ekki verður fullyrt að um raunveruleg op sé að ræða.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:Ö-Eyjafjarðar I.1, 45; Ö-Árskógsströnd, 25-26


Fögruhlíðarrétt 633:004, horft í austur

EY-633:005 heimild um smalakofa 65°47.721.N 18°23.122.V
Á móts við Lambárdal er komið í Kytru og eru þar lítið grónir, uppblásnir og fremur ógreiðfærir hólar nefndir Kytruhólar. ... Í Kytrunni má sjá hleðslur lítilla byrgja." Kytra nefnist svæðið innan við tunguna þar sem Kytruá og Nautá sameinast. Þar hækkar landi ört að vatnaskilum sem eru í um 500 m hæð.
Þar eru grýttir melhólar og grónar lautir á milli. Kytruáin rennur þarna eftir dalnum til norðurs en landið hækkar til suðurs.
Grjótbyrgin fundust ekki við skráningu 2007, en þau munu líklega vera austan árinnar.
Heimildir: Bjarni E. Guðleifsson: "Óbyggðaleiðir umhverfis Þorvaldsdal og Hörgárdal" Árbók ferðafélagsins 1990, 120

EY-633:006 *Derrisskarð* heimild um leið 65°48.517.N 18°28.549.V
"Úr botni [Derrisdals] er auðfarið yfir í Sæludal (Skíðadal) um Derrisskarð, öðru nafni Skíðdælingaskarð. Þar fóru Skíðdælingar, er þeir vildu stytta sér leið til Akureyrar. Framhaldið var þá að sjálfsögðu um Innri-Þorvaldsdal til Hörgárdals hjá Fornhaga," segir í örnefnalýsingu Eyjafjarðar. Leiðin var einnig nefnd Þröskuldur, og talað um að fara yfir Þröskuld. "Leið þessi liggur um Þorvaldsdal, norðurhlíðar Nautárdals, upp Derrisdal og yfir skarðið. ...Derrisskarð (stundum nefnt Skíðdælingaskarð) er 1150 m hátt," segir í grein Bjarna E. Guðleifssonar, en þar er leiðinn vel lýst. Leiðin liggur til vesturs úr Þorvaldsdal inn Nautárdal, meðfram Nautánni og yfir Derrisskarð. Leiðin er ekki vörðuð. Leiðin er allbrött Derrisdalsmegin en skárri Skíðadalsmegin.
Heimildir:Ö-Eyjafjarðar I.1, 48-49; Bjarni E. Guðleifsson: "Óbyggðaleiðir umhverfis Þorvaldsdal og Hörgárdal" Árbók ferðafélagsins 1990, 106-108.

EY-633:007 *Nautárvað* heimild um vað 65°49.150.N 18°23.730.V
"Nautárvað er á Nautá úr Tungunum yfir í Fögruhlíð rétt neðan við Nautárfoss, sem er lágkúrulegur, en framan undir honum er djúpur hylur, sem nær fast að vaðinu. Vaðið er líka nefnt Tungusporðsvað, og verður ekki fullyrt, hvort nafnið er eldra eða réttara," segir í örnefnaskrá. Nautá og Kytruá mynda Þorvaldsdalsá innarlega í dalnum. Þar kemur Kytruá úr suðri en Nautá úr vestri, úr Nautárdal. Þær mætast innan við Hestahraunið sem er syðra framhlaupið í austanverðum dalnum og þar nálægt ármótunum hefur verið vað á ánni. Nautáin er aðeins meiri en Kytruáin. Árbakkar eru grónir eða hálfgrónir og sumstaðar brattir.
Vaðið tengist væntanlega rústum 008 í tungunni á milli Kytruár og Nautár.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:Ö-Árskógsströnd, 25

EY-633:008 *Tunga* heimild um býli 65°49.059.N 18°23.833.V
"Áður en skilið verður við Nautártungu skal staldrað við á tóftabrotum ofan við melhrygg, sem liggur þvert yfir tunguna u.þ.b. miðja. Í graslág ofan við melinn, Tungumel, eru tvennar tóftir vallgrónar, greinileg mannaverk. Túnstæði er lítt sjáanlegt, en útsýni um gervallan dalinn er hvergi fegurra og bæjarstæði fallegt. ... Munnmæli eru til bæði um Tungu og Tungukot ...," segir í örnefnaskrá. Í Árbók ferðafélagsins frá árinu 1990 segir: "Enn fremur má að minnsta kosti með kíki greina miklar rústir í

svonefndum Tungusporði, tungunni á milli Nautár og Kytruár. Þarna eru líklega ein þrjú tóftarbrot og hefur þetta verið kallað Tungukot eða Tunga en fast nafn hefur það ekki." Það eru grónar tóftir norðvestan í melhrygg, rétt ofan við tungusporðinn þar sem árnar mætast.
Á grónum velli vestanundir blásnum melhrygg.
"Erum við nú komin nærri ármótunum þar sem Nautá úr vestri og Kytruá úr suðri sameinast og mynda Þorvaldsá. Í Tungusporðinum á milli ánna, undir Nautárhnjúki, eru talsvert miklar mannvistarleifar. Jóhannes Óli Sæmundsson getur sér þess til í grein sinni í Ferðum að þarna hafi fyrsti landnámsmaðurinn Þorvaldur Galmsson reist bú sitt." Tóftirnar voru ekki skoðaðar 2007.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:Ö-Eyjafjarðar I.1, 50-51; Bjarni E. Guðleifsson: "Óbyggðaleiðir umhverfis Þorvaldsdal og Hörgárdal" Árbók ferðafélagsins 1990, 101, 106

EY-633:009 *Tungukot* tóftir býli 65°49.283.N 18°23.726.V
"[frá 008 er örstutt] ...yfir í Fögruhlíð, þar sem allt er grasi vafið langt upp til fjalls. Þeim megin Nautár sést líka fyrir tóftum en óglöggt, enda á votlendi. Munnmæli eru til bæði um Tungu og Tungukot ...," segir í örnefnaskrá. Samkvæmt lýsingunni mun þetta vera norðan við Nautá, skammt frá ármótum Nautár og Kytruár þar sem þær mynda Þorvaldsdalsá, og vestan Þorvaldsdalsár. Bjarni E. Guðleifsson minnist á rústir í Tungunni 008 í grein sinni í Árbók Ferðafélagsins og segir þær ýmist nefndar Tunga eða Tungukot. Þessar tóftir nefnir Bjarni hins vegar ekki.
Landið er þarna gróið þótt kannski sé ofsögum sagt að það sé grasi vafið langt upp til fjalls.
Gengið var um svæðið norðan við ármót Kytruár og Nautár en tóftir fundust ekki.
Heimildir:Ö-Eyjafjarðar I.1, 51; Bjarni E. Guðleifsson: "Óbyggðaleiðir umhverfis Þorvaldsdal og Hörgárdal" Árbók ferðafélagsins 1990

5. Samantekt um helstu minjaflokka

Arnarneshreppur er lítið sveitarfélag milli tveggja stærri, Hörgárbyggðar að sunnan og Dalvíkurbyggðar að norðan. Að norðan eru mörk hreppsins um ströndina frá Hillum í Dalvíkurbyggð en að sunnan fylgja hreppamörkin Hörgá inn að Litla-Dunhaga. Þaðan liggja vesturmörkin til fjalls, upp á Dunhagahnjúk og eftir vatnaskilum á Möðruvallafjalli í Vatnshlíðarhaus, um þveran Mjóadal norðan Reistarárskarðs og norður á Kötlufjall og þaðan til sjávar.

Eins og áður kom fram var skráð 691 fornleif í Arnarneshreppi. Fornleifarnar voru af ýmsum toga en hér verður fjallað um helstu minjaflokka, ástand þeirra og einkenni.

Bæjarhólar, bæjarstæði og býli

Lögbýli

Bæjarhólar myndast þar sem bæir hafa staðið á sama stað um aldir. Hólarnir verða til úr gólflögum sem hafa hlaðist upp í tímans rás, byggingarefni, torfi og grjóti og öskuhaugum. Í bæjarhólum er helst að leita upplýsinga um húsakost, fæðu og almenn lífsskilyrði til forna og þar eru mestar líkur á að finnist merkir gripir. Bæjarhólar eru því mikilvægir minjastaðir en jafnframt eru þeir sá minjaflokkur sem einna verst hefur farið í uppbyggingu í landbúnaði á 20. öld.

Alls voru skráð 29 lögbýli í Arnarneshreppi.[1] Á flestum þeirra sáust einhverjar leifar bæjarhóls en engar leifar bæjarhóls sáust á sex bæjum: á Ytra-Kambhóli (080:001), í Kjarna (082:001), á Ytri-Reistrará (085:001), í Hvammskoti (087:001), Syðra-Brekkukoti (094:001) og Litla-Dunhaga (099:001). Mjög litlar leifar bæjarhóls sáust á fjórum bæjum til viðbótar, á Pálmholti (070:001), Arnarnesi (074:001), Fagraskógi (079:001) og Dunhagakoti (183:001).

Ekki er víst að búseta á Ytra-Kambhóli nái langt aftur fyrir aldamótin 1700 og gæti það að hluta skýrt litla uppsöfnun á bæjarstæðinu. Í Kjarna hafa allar leifar bæjarhóls horfið í umrót og/eða verið sléttaðar og svipaða sögu er að segja um bæði Ytri-Reistrará og Hvammskot. Á síðastnefnda bænum sáust hvorki leifar bæjarhóls á yngra (087:001) eða eldra bæjarstæði (087:002) og má ætla að þar spili saman að á hvorugum staðnum var búið um margra alda skeið og að tún hafa verið sléttuð á þessum slóðum. Í Syðra-Brekkukoti var gamli bærinn þar sem hesthús og fjárhús standa nú, um 50 m norðan við núverandi íbúðarhús. Engin hólmyndun er þar greinileg og hefur þeim minjum sem kunna að hafa safnast upp eftir búsetu

[1] Hér er miðað við þær jarðir sem töldust lögbýli í Jarðatali Johnsens frá 1847.

sjálfsagt alveg verið rutt út áður en peningshúsin voru byggð. Í Litla-Dunhaga var rutt úr bæjarhólnum. Þó er hugsanlegt að enn leynist einhverjar mannvistarleifar undir sverði þar sem bærinn stóð í brekku og er erfitt að ákvarða hvort bæjarhóllinn sé algjörlega horfinn.

Í Pálmholti (070:001), Arnarnesi (074:001), Fagraskógi (079:001) og Dunhagakoti (183:001) sáust, eins og áður segir mjög lítilfjörlegar leifar bæjarhóls. Í Pálmholti var talsvert sléttað úr bæjarhólnum á fyrri áratugum en þó er greinileg hæð á svæðinu. Gera má ráð fyrir að undir sverði leynist einhverjar mannvistarleifar en stærstur hluti hæðar er þó líklega náttúrumyndun. Síðasti bærinn í Arnarnesi brann um 1940 en þá var búið að byggja nýrra íbúðarhús á svipum slóðum. Svæðið þar sem gamli bærinn stóð hefur verið sléttað en örlitla uppsöfnun má þó greina á þessum slóðum og ólíklegt annað en að þar reynist einhverjar mannvistarleifar undir sverði. Svipaða sögu er að segja með Fagraskóg. Þar stóð torfbær fram til 1930 en sléttað var úr rústum hans skömmu síðar og bæjarhólnum þá eitthvað raskað. Þar sést þó enn óljós hóll eða hæð sem án efa geymir talsvert af mannvistarleifum. Leifar afar lítils hóls sjást í Dunhagakoti en þó var öskudreif í rofi norðan í hólnum og mátti þar sjá beinaleifar og leirkersbrot þannig að ljóst er að einhver uppsöfnun mannvistarlaga leynist þar.

Á öðrum bæjum á skráningarsvæðinu er ástand bæjarhóla betra, þó að víðast hafi einhverjar framkvæmdir átt sér stað á þeim, ýmist bygging nýrri íbúðarhúsa eða sléttun. Í mörgum tilfellum hafa framkvæmdir ekki eyðilagt bæjarhóla algjörlega. Á svæðinu er talsvert um stóra og reisulega bæjarhóla og allra umfangsmesti hóllinn á svæðinu er bæjarhóllinn á Möðruvöllum. Stærð hans er áætluð 80 X 80 m og hann er mest 4-5 m á hæð. Bæjarhóllinn geymir miklar minjar um sögu staðarins. Ætla má að talsvert magn minja sé þar óraskað þótt bygging íbúðarhúsa (sérstaklega þau sem eru með kjallara), gróðursetning trjáa og lagnir hafi talsvert raskað minjum í efstu 0,5-1 m. Hæsti og vestasti hluti bæjarhólsins sem nær yfir mest af norður- og vesturhluta hans er s.k. Öskuhóll (068:025) þar sem fornleifafræðingar hafa sumurin 2006-2008 unnið að uppgreftri.[2] Annar stór og mikill bæjarhóll á svæðinu er á Hofi (090:001). Hann er um 70 X 70 m að stærð og 3-4 m hár þar sem mest er. Hóllinn er í grunninn náttúrulegur en í honum leynist einhver uppsöfnun. Á háhólnum er fornfrægt timburhús, s.k. Hofstofa sem byggð var af Þorsteini Daníelssyni frá Skipalóni 1828. Undir Hofstofunni er afgerandi hóltoppur, um 20 X 15 m að stærð. Hóllinn snýr norður-suður og nær ekki yfir mikið stærra svæði en íbúðarhúsið. Þessi toppur er að líkindum að mestu

[2] Harrison, R og Roberts, H.M. (2006). *The Midden at Möðruvellir 2006: PreliminaryExcavation Report* (FS338-06381). Fornleifastofnun Íslands, Reykjavík; Harrison, R. Og Roberts, H.M. (2007). *The Midden at Möðruvellir, 2007: Preliminary Excavation Report* (FS365-06382). Fornleifastofnun Íslands, Reykjavík; Harrison, R. (2008). *Midden Excavation at Möðruvellir, and Prospection in Hörgárdalur:Interim Field Report, Gásir Hinterlands Project 2008* (FS402-06383). Fornleifastofnun Íslands, Reykjavík og New York.

uppsöfnuð mannvistarlög. Ekki er kjallari undir húsinu og má ætla að í hólnum séu tiltölulega lítið raskaðar leifar. Á Ásláksstöðum er greinilegur bæjarhóll (089:001) sem er 60 X 50 m að stærð og allt að 3 m á hæð þar sem mest er. Gamli bærinn stóð á hólnum fram undir miðja 20. öld en þá var nýtt íbúðarhús byggt 40-50 m suðaustar. Skömmu síðar voru reist fjós og hlaða á gamla bæjarhólnum sem hafa raskað honum að hluta en þó má ætla að talsverðar leifar séu þar óhreyfðar undir sverði. Greinilegur bæjarhóll er í Litlu-Brekku (091:001) þótt erfitt sé að skilgreina vestur- og norðurbrúnir hans. Hóllinn kann að hafa verið allt að 60 m á lengd og 30 m á breidd. Hæð hans er mest 2 m. Steinsteypt íbúðarhús (þó án kjallara) er nú á hólnum og ljóst er að honum hefur nokkuð verið raskað og lögun hans breytt. Þrátt fyrir það má ætla að þar leynist mannvistarleifar undir sverði. Gamli bærinn á Stóru-Brekku brann árið 1941 og var þá núverandi íbúðarhús (með kjallara) byggt ofan í rústirnar. Stóra-Brekka er nú komin í eyði, sú eina af Brekkujörðum. Á Stóru-Brekku er greinilegur bæjarhóll. Hann er um 80 X 40 m að stærð og mest 1-2 m á hæð. Honum hefur eitthvað verið umturnað talsvert á 20. öld en þó eru líklega talsverðar mannvistarleifar undir sverði á þessum slóðum. Á Hallgilsstöðum (096:001) er stór og myndarlegur bæjarhóll sem kann í grunninn að vera náttúrulegur. Íbúðarhús á jörðinni brann 1928 og var þá byggt steinhús. Föst búseta lagðist af 1976 og steinhúsið brann 1980. Engin bygging er því lengur á bæjarhólnum. Bæjarhóllinn er 60 X 50 m að stærð og mest 4 m hár. Nokkur reyni- og birkitré eru á bæjarhólnum og stóðu þau sunnan við bæ. Í suðurjaðri bæjarhóls, um 3 m sunnan við trjáreit, er um 4 m langt rofabarð og þar má sjá torf og öskulög og sést einnig glitta í bein og gripi í barðinu. Leirkersbrot sem sást í rofinu var úr disk eða skál, úr rauðleitum jarðleir og er frá 18.-19. öld. Á Ósi er greinilegur bæjarhóll 50 X 30 m stór. Hann er a.m.k. 1,3 m á hæð og brattur að austan og sunnan en fjarar út til norðurs. Síðasti torfbærinn á jörðinni stóð enn þegar Guðmundur Ólafsson gerði fornleifaskráningu sína 1985 en hefur síðan verið rutt, þó án þess að skemma bæjarhólinn mikið. Bæjarhóllinn á Ytra-Brekkukoti (093:001) er um 50 m suðvestan við núverandi íbúðarhús á jörðinni. Hann er um 45 X 35 m að stærð og 2 m hár þar sem mest er. Á bæjarhólnum eru nú skemma/verkstæði og hlaða. Þessi hús eru ekki niðurgrafin og því mætti ætla að einhverjar leifar mannvistarlaga leynist í bæjarhólnum, sérstaklega syðst. Gamli bærinn að Syðri-Reistará (086:001) var rifinn um miðbik 20. aldar og síðar voru byggð útihús á sama stað. Þar er þó greinilegur og lítt raskaður bæjarhóll, um 40 x 40 m að stærð. Ekki sést til fornleifa á yfirborði og má ætla að bygging útihúsanna hafi eitthvað skemmt efstu mannvistarlögin í hólnum. Bæjarhóllinn á Þrastarhóli (095:001) er 40 X 30-35 m að stærð og 1-1,5 m hár þar sem mest er en víðast lægri. Gamli frambærinn stendur enn að hluta á hólnum. Í honum var búið fram til 1990 en húsið er nú notað sem geymsla. Ekki er kjallari

undir íbúðarhúsinu og má reikna með að talsverðar mannvistarleifar leynist undir sverði bæjarhólsins. Trjágróður í bakgarði eldra íbúðarhúss kann þó að hafa skemmt mannvistarleifar að hluta. Bæjarhóllinn á Björgum (098:001) og í Baldursheimi voru áþekkir og um 40 X 20 m að stærð og 0,5 m háir. Báðum hólum hefur talsvert verið raskað bæði við byggingu íbúðarhúsa og lagningu heimreiða en þó má enn ætla að þar leynist eitthvað af óröskuðum mannvistarleifum.

Þeir bæjarhólar á svæðinu, sem enn eru ótaldir (á Syðri- og Ytri-Bakka (071:001 og 072:001), í Bragholti (073:001), á Syðra-Kambhóli (081:001), í Skriðulandi (083:001), Hvammi (088:001) og Spónsgerði (097:001)) voru nokkru minni, eða á bilinu 15-30 X 10-30 m stórir. Um flesta þessa hóla gilda svipuð lögmál, þ.e. að þeim hefur eitthvað verið raskað í seinni tíð vegna byggingar nýrri húsa á eða við hólinn en þó má vænta einhverra óraskaðra mannvistarleifa undir sverði.

Býli og hjáleigur

Á skráningarsvæðinu voru skráðar hvorki fleiri né færri en 60 hjáleigur og býli. Þetta er hátt hlutfall en nærri því helmingur býlanna er frá seinni hluta 19. aldar eða frá upphafi þeirrar 20.

Býli frá 19.öld og fyrri hluta 20. aldar

Í Arnarneshreppi myndaðist þéttbýli á Hjalteyri á seinni hluta 19. aldar. Vísir að öðru slíku byggðarlagi, sem aldrei náði þó viðlíka fótfestu, var Sjávarbakki sem byggðist í kringum aldamótin 1900 úr landi Hvamms. Auk þessara þéttbýliskjarna spruttu upp stök býli hér og þar um sveitina á þessu tímabili.

Sjávarbakki samanstóð af sex þurrabúðum (088:016-Litli-Hvammur, 088:017-Ásbyrgi, 088:018-Háagerði, 088:023-Sjávarbakki, 088:026-Sæból og 088:028-Miðkot) sem allar nema ein voru farnar í eyði um miðbik 20. aldar og sjást nú litlar leifar um byggðina. Öllu meiri voru umsvifin á Hjalteyri í landi Arnarness og Ytri-Bakka þar sem 15 nýbýli (072:023-Guðrúnarhús, 072:024-Friðriks Antonssonarhús, 072:025-Búðin, 072:033-Knútshús, 072:034-Möllershús II, 072:035-Möllershús I, 072:036-Möllershús III, 072:042-Péturshús, 072:044-Syðri-Oddi, 072:054-Friðrikshús, 074:024-Grímsstaðir, 074:025-Eyrarbakki, 074:033-Jónshús, 074:040-Oddi og 074:044-Stinnabær) byggðust upp í kringum aldamótin 1900. Talið er að Friðrik Jónsson á Ytri-Bakka hafi fyrstur manna byggt bryggju og önnur mannvirki um miðja 19. öld á svæðinu, til að stunda hákarlaveiðar. Síðar á öldinni jókst starfsemi í tengslum við síldveiði og voru þar mikil umsvif Norðmanna, Skota, Þjóðverja og

Svía í kringum aldamótin 1900. Talsverð umsvif voru á eyrinni fram eftir öldinni eða allt fram til 1966 og var fjöldi fornleifa skráður sem þeim tengist, auk híbýlanna. Margir þeirra bústaða sem risu á seinni hluta 19. aldar og í upphafi 20. aldar á Hjalteyri standa enn en aðrir hafa vikið í yngri framkvæmdum eða við endurnýjun húsa.

Auk þeirra 21 bústaða sem þegar eru upptaldir og voru hluti af péttbýlismyndun á seinni hluta 19. aldar og í upphafi þeirrar 20. voru skráð níu býli til viðbótar sem byggðust upp á svipuðu skeiði annars staðar í Arnarneshreppi og voru ýmist lítil þurrabýli eða smábýli út frá heimajörðinni. Elst þessara býla er líklega Friðriksgáfa (068:015) sem byggð var á Möðruvöllum árið 1826, á sama stað og prestbústaðurinn nú. Ekki er vitað hvort amtmannshúsið svokallaða, sem brann 1826, stóð á sama stað. Friðriksgáfa brann 1874 en sumarið 1879 var skólahús byggt á grunninum. Það var múrað í binding og notaður múrsteinn úr Friðriksgáfu. Á Möðruvöllum reis einnig annar bústaður á 19. öld, nánar tiltekið 1854, sem nefndur var Nunnuhóll (068:014). Þar er sagður hafa verið rekinn "hálf-sjálfstæður búskapur" allt fram til 1937 að bærinn brann en ummerki um býlið eru enn merkjanleg. Hústóftirnar eru óljósar en tveir ferhyrndir kálgarðar sjást vel. Á seinni hluta 19. aldar byggðust einnig upp býlin Litli-Ós (069:014) frá Ósi, Ás (070:017) úr landi Pálmholts, Bakkagerði (071:019) úr landi Syðri-Bakka og Steinnes (074:015) úr landi Arnarness og í upphafi 20. aldar Stekkjarholt (070:013) úr landi Pálmholts, Torfnes (079:022) úr landi Fagraskógar og Lækjarbakki (088:014) í landi Hvamms. Af þessum býlum eru leifar Áss og Torfuness lang umfangsmestar en á báðum stöðum sjást talsverð ummerki býlanna en þau eru þó ívið meiri í Torfunesi þó að öllum ummerkjum um íbúðarhús hafi verið rutt út.

Býli sem litlar sem engar heimildir eru þekktar um

Afar takmarkaðar heimildir eru um 15 af býlunum á svæðinu og er því oftast erfitt að setja fram nokkrar tilgátur um aldur þeirra. Sumra er hvergi getið í heimildum og á önnur aðeins minnst í örnefnaskrám eða Byggðum Eyjafjarðar. Mörg þessara býla eru þó líklega fremur ung, sum hver jafnvel aðeins frá aldamótunum 1900, en um flest þeirra er lítið hægt að segja. Þau býli sem litlar sem engar heimildir eru um eru Leirgerði í landi Óss (069:017), Grænhóll í landi Ytri-Bakka (072:009), Guddugerði í landi Fagraskógar (079:013), Arnarneskot í landi Syðri-Kambhóls (081:009), Syðsti-Kambhóll (081:008) í landi Syðri-Kambhóls[3], Strunsa í landi Skriðulands (083:009)[4], Grund (085:012) og annar ónefndur

[3] Sett hefur verið fram sú tilgáta að annað nafn á þessum býli gæti verið Arnarneskot 081:009 eða Skógarbrekkur í eldri heimildum (sjá 083:020) en ekkert er um þetta vitað.
[4] Sem sumir telja að sé í raun sami bær og Jarðteinabrekka.

bústaður (085:005) í landi Ytri-Reistrarár, Steinar í Hvammslandi (085:015), Garðshorn í landi Hofs (090:013), Róðukot (098:007) í landi Bjarga[5], auk þriggja ónefndra býla í landi Óss (069:023, 031 og 038)[6] og Tunga og Tungukot á Þorvaldsdal (633:008-009).

Af þessum býlum öllum sjást aðeins umtalsverðar leifar á þremur stöðum. Á Syðsta-Kambhóli sem fór aðeins í eyði 1967, sést bæjarhóll og leifar af hesthúsi úr torfi og grjóti ásamt yngri steypuleifum. Í Róðukoti er búið að slétta yfir rústirnar en þó sést enn móta fyrir þeim sem lautum á hólnum í túninu þar sem bæjarstæðið var og stæðilegir rústahólar sjást enn. Garðlag sem hefur legið umhverfis rústirnar er einnig óskemmt að hluta.

Talsverðar rústir sjást á einum af þeim þremur nafnlausu býlum sem skráð voru í landi Óss. Þar er er sporöskjulaga túngarður og innan hans eru tvær mjög greinilegar þústir eða hólar og ein greinileg tóft. Útlit tóftanna þótti eindregið benda til að þarna hafi verið býli, og þá líklega hjáleiga frá Ósi sem ekki er getið í heimildum.

Býli frá 18. öld eða eldri

Í Arnarneshreppi voru skráð 15 býli sem áreiðanlega eru eldri en frá 1700. Elstu heimildirnar eru um býlin Skógarbrekku og Akra.

Í reikningi Möðruvallaklausturs frá 1447 er talinn upp bærinn Skógarbrekka á milli Skriðulands og Baldursheims. Neðanmáls í Fornbréfasafni kemur þó fram að upplýsingar um Skógarbrekku hafi verið viðbót á spássíu handritsins, sem e.t.v. dregur úr áreiðanleika þess að staðsetning býlisins í textanum gefi til kynna raunverulega staðsetningu þess. Ekki er annað vitað um Skógarbrekku og verður að teljast líklegast að leifar býlisins séu annað hvort alveg horfnar eða að það hafi breytt um nafn á síðari öldum.

Býlisins Akra er víða getið, fyrst í Ljósvetningasögu en síðast í eyðijarðaskrá Möðruvallaklausturs frá 1447.[7] Ekki eru þekktar rústir með þessu nafni á Möðruvöllum og í raun ekkert sem bendir til staðsetningu Akra annað en örnefnið Akramýri (068:034). Ef miðað er við að aðstæður hafi ekki breyst að ráði frá því sem nú er þá eru önnur bæjarstæði varla líklegri en Jaðar og Heyhóll í næsta nágrenni við mýrina. Möguleg skýring á því er, eins og áður segir, að nafn Akra hafi breyst og sé nú það sem er þekkt sem Róðukot í landi Bjarga. Ef sú er ekki raunin er býlið líklega alveg horfið af yfirborði og staðsetning þess týnd.

[5] Hugsanlegt er að Róðukot hafi á fyrri öldum heitið Akrar og tilheyrt Möðruvöllum (sjá einnig 068:020)
[6] Þessara býla er hvergi getið í heimildum er frá er talin Fornleifaskráning Guðmundar Ólafssonar frá 1985. Rétt er að geta að ekki reyndist unnt að staðsetja síðast nefnda býlið sem Guðmundur skráði en líklega er það sama býli og var skráð undir númeri 069:014 sem Litli-Óss.
[7] DI IV, 710-712.

Rauðagerði (092:027) tilheyrði Stóru-Brekku. Árni og Páll telja býlið í jarðabók sinni frá 1712, segja þar vera "tóttarleifar með girðingum" og kalla staðinn þrælsgerði. Því verður að teljast líklegt að þá sé býlið farið í eyði vel fyrir minni elstu manna og að það sé líklega eldra en frá fyrri hluta 17. aldar. Í Rauðagerði eru enn leifar af einni tóft og garðbroti en umfangsmeiri leifar voru áður á þessum stað.

Á Möðruvöllum voru skráð býlin Karlskofi (068:017), Neskot (068:018) og Jaðar (068:022), allt smábýli, sem líklega fóru í eyði um það leyti sem Möðruvellir urðu amtmannssetur 1782. Um Karlskofa er sagt að þar hafi einsetumaður sem gætti engjanna líklega búið en Neskot og Jaðar virðast hafa verið reisulegri býli. Eina rúst/rústahól má greina á Karlskofa. Hún virðist skiptast í 4-5 hólf en er alveg sigin og ógreinileg. Umfangsmeiri eru rústir Neskots í Neskotshólum. Þar sjást 4 rústir, sem flestar skiptast í 1-2 hólf, ásamt tveimur garðlagsbútum. Allar eru þessar minjar signar. Rústirnar af Jaðri eru við nýja kirkjugarðinn á Möðruvöllum. Þar eru enn tvær greinilegar rústir. Sú stærri skiptist í 5-6 hólf og er líklega bæjarrúst.

Miðbakka eða Miðbakkakots (071:006) er fyrst getið í Jarðabók Árna og Páls 1712. Ekkert er vitað um uppruna þessa bæjar en umfangsmiklir landamerkjagarðar marka af landamerki þessarar jarðar og má telja líklegt að hún hafi byggst upp mjög snemma. Svæðið er friðlýst og alls fundust ellefu tóftir og vallargarðar þar á svæði sem er samtals um 450 x 200 m að stærð. Ekki fundust greinilegar leifar um mörg byggingarstig á svæðinu og kann að vera að búseta á jörðinni hafi lagst af mjög snemma og svæðið aldrei endurnýtt að ráði. Býlisrústirnar eru lítið skemmdar og afar merkilegt minjasvæði.

Árni og Páll geta um Gerði (071:018) í landi Syðra-Bakka og segja að sýnileg merki tilsjást af girðíngum og tóttarleifum, sem menn halda þrælsgerði".[8] Af lýsingunni að dæma virðist þetta hafa verið býli en öll vitneskja um það er nú glötuð og nákvæm staðsetning er óþekkt. Hugsanlegt er að hér sé um að ræða gerðið og tóftirnar í Kvíasundi (071:016) en enginn heimildarmaður fannst sem gat hrakið eða staðfest þá hugmynd.

Í landi Syðra-Kambhóls geta þeir félagar Árni og Páll um eyðibýlið Gálmastaði (081:004) sem þeir segja hafa verið í eyði svo lengi sem elstu menn muni. Jörðin komst hins vegar aftur í byggð á síðari öldum en fór endanlega í eyði árið 1922 og var þá sameinuð Fagraskógi Til skamms tíma markaði fyrir gömlu brunnstæði suðaustan til við bæjarhólinn og ekki var óalgengt að steinar kæmu upp í hólnum, sem taldir voru gamlir hleðslusteinar. En nú er Bæjarhóllinn túnvöllur og öll ummerki um bæjarhús horfin í tún- og kornrækt.

[8] JÁM X, 122-123.

Býlisins Jarðteiknabrekku (083:008) í Skriðulandi er fyrst getið í reikningi Möðruvallaklausturs frá 1447. Árni og Páll fjalla einnig um eyðibýlið í Jarðabók sinni og segja að geti ekki aftur byggst nema skaða heimajörðina. Býlið hefur hins vegar byggst aftur því í Jarðatali Johnsens frá 1847 segir í neðanmálsgrein að 1802 hafi eyðihjáleigan Jarteiknabrú verið talin með jörðinni. Staðsetning Jarðteiknabrekku er nú gleymd en sett hefur verið fram sú tilgáta að býlið hafi verið þar sem yngra eyðibýli sem kallað var Strunsa (083:009) byggðist síðar og nú stendur íbúðarhús. Ekkert verður þó um það fullyrt eða vitað um örlög býlisins.

Í Ásláksstaðakoti (089:004) var búið árið 1712 en býlið fór í eyði 1790 og hafa öll ummerki um það verið sléttuð undir tún. Brekkugerði/Brekkukot (092:009) sem var í eyði 1712 og hafði einungis verið í byggð í 2-3 ár samkvæmt þeim félögum. Býlið komst hins vegar aftur í byggð og þar var búið 1829-31 samkvæmt Jarðabók Johnsens. Ekki er ljóst hvort býlið fór endanlega í eyði 1831 en a.m.k. var ekki búið þar eftir 19. öld samkvæmt Byggðum Eyjafjarðar. Býlið stóð þar sem nú er sléttaður hóll, Gerðishóll, en samkvæmt kunnugum var þar lengi smiðja.

Talsverð ummerki sjást um býlið Skiptagerði (086:015) í landi Syðri-Reistrarár sem Árni og Páll nefna þrælsgerði í Jarðabók sinni. Talsverðar mannvistarleifar sjást enn á Skiptagerði. Þar eru sex tóftir og markar túngarður sporöskjulaga svæði umhverfis sem er 120 X 70 m stórt. Minjarnar eru í góð ástandi og á svæðinu virðist mega greina a.m.k. tvö byggingarstig.

Í lok umfjöllunar um elstu þekktu býli á skráningarsvæðinu er rétt að geta um meint býli á Þorvaldsdal sem Árni og Páll geta um í jarðabók sinni og nefna Lambárkot. Þeir segja þar litlar byggingaleifar og að ekki sé mögulegt að byggja aftur á þessum stað sökum heyskaparleysis. Þessi heimild, ásamt sjálfu örnefninu, eru einu vísbendingarnar um að rústir á þessum slóðum hafi verið býli, en svæðisins er víða getið í yngri heimildum. Nú sjást aðeins þrjár óljósar þústir á gróskusvæði á dalnum og ólíklegt að rústirnar hafi nokkru sinni verið fleiri, þó að þær kunni að hafa verið skýrari á fyrri árum. Svæðið er í 450-500 m h.y.s. og telst ekki hentugt býlisstæði í neinum hefðbundnum skilningi. E.t.v. má stinga upp á því að rústirnar kunni að hafa verið af seli þó auðvitað sé ekki hægt að útiloka að þarna hafi verið býli, rétt eins og Árni og Páll leggja til.

Kirkjur, bænhús og kuml

Möðruvellir í Hörgárdal eru einn af helstu sögustöðum landsins. Þar var og er enn sóknarkirkja Arnarneshrepps en á jörðinni var um langt skeið klaustur, og síðar

amtmannssetur og skóli.

Kirkjan sem nú stendur var byggð 1867 af Þorsteini Daníelssyni frá Skipalóni. Hún er í kirkjugarðinum, sem er austan við hlaðið á Möðruvöllum. Garðurinn er nú 80 X 55 m (lengri A-V) og hefur verið lengdur um 10 m til austurs eftir 1917.

Ekki er vitað hvenær kirkja reist fyrst á Möðruvöllum. Jarðarinnar er ekki getið í Landnámu og er Möðruvalla fyrst getið sem kirkjustaðar þegar Guðmundur Arason var fermdur þar 1162. Árið 1296 setti Jörundur biskup á fót klaustur á Möðruvöllum. Við siðaskiptin lagðist klausturhald af á Möðruvöllum og var staðurinn settur í hendur klausturhaldara. Möðruvellir og þær jarðir sem undir klaustrið höfðu legið urðu þar með lítið annað en rekstrareining – klausturhaldararnir leigðu klaustrið og eignir þess af konungi og höfðu ekki aðrar skyldur en að standa skil á leigunni til konungs. Klausturhaldarar á Möðruvöllum voru hinsvegar oft embættismenn og 1784 var klaustrið gert að amtmannssetri, og stóð svo í slétta öld. Eftir siðaskipti bættust engar nýjar eignir við klausturgóssið og ýmis ítök gengu úr sér eða hreinlega gleymdust. Sennilegt er því að umsvif búrekstrar hafi heldur dregist saman þótt Möðruvellir hafi áfram verið eitt helsta stórbýli landsins fram eftir 19. öld.

Ekki voru fleiri kirkjur á skráningarsvæðinu en eitt bænhús var skráð, í landi Stóru-Brekku (092:002). Í upphafi 18. aldar, þegar félagarnir Árni og Páll fóru um sveitina voru leifar bænhússins enn greinilegar enda segja þeir félagar: "Bænhús ætla menn hjer að forngildu verið hafi, sem merkja er af tóftarleifum, sem fyrir austan bæinn enn nú sýnilegar eru. Ekki hafa hjer tíðir verið veittar í manna minnum". Í örnefnaskrá er getið um Bænhúsvöll og sagt að þar hafi verið Bænhústóft áður en sléttað var. Engin ummerki sjást lengur um tóftina.

Í bókinni Kuml og haugfé úr heiðnum sið á Íslandi er getið um kuml á þremur stöðum í Arnarneshreppi, í landi Möðruvalla, Syðri-Reistarár og Litla-Dunhaga.

Kumlið á Möðruvöllum (068:031) fannst á fyrri hluta 19. aldar og því eru upplýsingar um það ekki eins ítarlegar og best væri á kosið. Staðsetning kumlsins er t.d. óljós en í upphaflegri lýsingu er það sagt “í holtinu fyrir sunnan Möðruvelli…”. Berir melar eru sunnan við tún á Möðruvöllum og hefur hluti þeirra verið ræktaður undir tún. Melhólar og klettaholt eru neðst í fjallshlíðinni við merkin á móti Björgum og virðist lýsingin helst eiga við það svæði. Melhólarnir og holtin eru raunar mest í landi Bjarga og má vel vera að kumlið hafi verið þeim megin merkjanna. Í kumlinu fannst auk beina hnífur, fingurbaugur úr silfri og silfurpeningur, líklega af sláttu Aðalsteins Englakonungs (frá tímabilinu 924-40).

Um kumlfundinn í Litla-Dunhaga (099:004) eru ítarlegri upplýsingar. Kumlið þar fannst við túnrækt árið 1963 og rannsakaði Kristján Eldjárn það sama ár. Kumlið fannst á

Syðraholti, sunnan við Hesthúslaut um 300 m sunnan og ofan við bæ. Því hafði talsvert verið raskað með jarðýtu áður en beinanna varð vart en þar fundust leifar beina úr karlmanni um fimmtugt. Ekki fannst haugfé með honum, en hugsanlegt er að það hafi farið forgörðum við framkvæmdirnar.

Tvö kuml hafa fundist í landi Syðri-Reistarár (086:010), á melnefi rétt sunnan við ána á milli Reistarárbæjanna. Árið 1936 rannsakaði Matthías Þórðarson þar mannabein sem fundust við malartöku. Beinin reyndust úr miðaldra konu og höfðu orðið fyrir allmiklu hnjaski þannig að ekki var unnt að greina frekar legu þeirra eða umgjörð. Árið 1940 komu enn í ljós mannabein á staðnum og rannsakaði Kristján Eldjárn þau. Þau reyndust einnig úr eldri konu, en fá og óheilleg. Hann gróf víðar í melnum en varð einskis vísari. Engir munir fundust. Kristján Eldjárn taldi staðinn leifar af fornum kumlateigi enda staðurinn þesslegur. Í umfjöllun sinni um kumlin á Syðri-Reistará segir Kristján ennfremur að víðar á þessum slóðum hafi blásið upp mannabein. Til dæmis væri lærleggur úr manni í refti búrsins á Ytri-Reistará og hefði verið notaður hvað eftir annað. Samkvæmt Davíð Sigurðssyni, síðar bónda á Stóru-Hámundarstöðum, hafði blásið upp stóra mannsbeinagrind ofan við túnið þegar hann var drengur á Ytri-Reistará (085:006) og var sennilegt að lærleggurinn væri úr henni. Samkvæmt þessari frásögn er því mögulegt að þar hafi einnig verið um kuml að ræða þótt ekki verði það fullyrt.

Auk kumlanna sem getið er í Kuml og haugfé hefur fundist eitt staðfest kuml til viðbótar í hreppnum og komið verður að því síðar. Á fjölmörgum stöðum til viðbótar eru örnefni eða sagnir tengdar meintum legstöðum eða haugum fornmanna. Þjóðsögur eru um meinta legstaði á Möðruvöllum (068:039) og á Hofi (090:025). Á Möðruvöllum voru, samkvæmt sögunni, tvær þúfur sem snéru austur-vestur, nálægt fjóshaugnum. Um þær var gömul sögn að undir þeim lægi fjósamaður og sauðamaður sem hefðu flogist á og drepið hvor annan. Á Hofi segir sagan að mikill bardagi hafi orðið í fornöld í sundi nokkru utan og ofan við bæ og samkvæmt sögunni voru hinir föllnu dysjaðir í laut utan og neðan við sundið. Á hvorugum þessara staða sjást nokkur ummerki sem styðja sögurnar. Á Hofi er einnig hóllinn Beinhóll (090:012) og gæti örnefnið bent til þess að í honum leyndust bein. Engin merki sjást þó um að grafið hafi verið í hólnum og má vel vera að örnefnið eigi sér allt aðra skírskotun.

Í Syðra-Brekkukoti er allstór hóll sem nefndur er Arnbjargarhóll (094:005) og átti þar fornkonan Arnbjörg að vera grafin ásamt góðum gripum. Um hólinn ríkti sú trú að ekki mætti í hann grafa, því að þá gæti kviknað í Möðruvallakirkju. Hóllinn er stór, náttúrulegur melhóll en lág dæld er í toppi hans og ekki er óhugsandi að hún sé vegsummerki þess að einhvern tíma hafi verið grafið í hólinn. Utan þessarar dældar er engin mannaverk að sjá á hólnum og

virðist hann alfarið náttúruverk.

Á Hallgilsstöðum geta heimildir um Kerlingarhól (096:006) austan bæjarins þar sem kerling nokkur á að vera heygð. Ekki er nákvæmlega vitað hvar hóllinn var en líklegast á örnefnið við aflangan hól suðaustan við bæjarhól. Á honum sjást engin mannaverk.

Í landi Arnarness er hóll sem nefndur er Arnarhóll (074:009) og fylgir honum sú sögn að þar sé greftraður Örn er fyrstur á að hafa byggt jörðina. Í örnefnaskrá Arnarness segir ennfremur að 3 eða 4 dysjar séu norðarlega í landareigninni (074:039), en staðsetning þeirra er nú óþekkt.

Utan og neðan við tún á Ytri-Bakka var smáhóll sem kallaður var Dys (072:008) og getið er um í örnefnaskrá. Nákvæm staðsetning hólsins er nú óþekkt og hefur hann líklega horfið í tún.

Í landi Syðri-Bakka er Bjarnarhóll (071:008) en honum fylgir sú sögn að þar sé heygður fornmaður í skipi. Í landi sömu jarðar eru örnefnin Dysnes og Kumlholt (071:009 og 013), sem verða að teljast mjög forvitnileg. Frásagnir herma auk þess að mannabein hafi fundist þar. Í Dysnesi eða Dysjarnesi eins og það er stundum kallað hafa sést mannabein standa fram úr bakkanum en aldrei hefur verið gerð eiginleg rannsókn á staðnum. Við skráningu fundust aflangar rofnar púfur á svæðinu sem gætu hugsanlega líkst dysjum en ekkert er hægt að fullyrða um hvort kuml leynist undir sverði. Í Kumlholti voru þekktar 4-5 þústir sem taldar voru kuml og virðist sem grafið hafi verið í þær festar á fyrri öldum. Adolf Friðriksson skoðaði svæðið 6. júní 2006 og kallar þústirnar “hauga” í dagbókarfærslu sinni. Hann taldi allt að sex slíka á svæðinu og segir kumlaröðina jafnvel vera tvöfalda að hluta. Hildur Gestsdóttir og Rúnar Leifsson, fornleifafræðingar hjá Fornleifastofnun Íslands, gerðu könnunargröft í eitt hinna meintu kumla ágúst 2006. Athugun leiddi í ljós þar leyndist rænt kuml og fundust þar hælbein úr manni og rónaglar. Fullnaðarrannsókn er ekki lokið. Ljóst er að fleiri kuml eru umhverfis og kunna sum þeirra jafnvel að vera óröskuð.

Útihús og önnur hús í heimatúnum

Eins og algengt var á Íslandi voru skepnuhús dreifð um tún á bæjum á skráningarsvæðinu til að dreifa áburði. Flest voru fjárhús, en hesthús voru á hverjum bæ og stóðu þau oftast nærri túngarði. Fjós voru víðast inni í bæ eða fast við hann og hlöður áfastar eða í námunda við fjósin.

Útihús eru stærsti minjaflokkurinn en þau eru jafnframt sá flokkur mannvirkja sem einna verst hefur orðið úti við jarðabætur á 20. öld. Ástand útihúsa á skráningarsvæðinu var

æði misjafnt. Samtals voru skráð 142 útihús auk níu fjósbygginga sem voru sambyggðar bæ.

Ekki er vitað um hlutverk 59 útihúsanna en af útihúsum með óþekkt hlutverk sáust aðeins tóftir á þremur stöðum, á Ytri-Bakka (072:022), Syðri-Reistará (086:009) og á Hallgilsstöðum (096:009), en ógreinilegar þústir átta húsa til viðbótar, tveggja á Möðruvöllum (068:026 og 030) og Syðri-Reistrará (086:019 og 023), en eins á Pálmholti (070:028), Syðri-Bakka (071:002), Bragholti (073:005) og Hofi (090:034).

Flest útihús með óþekkt hlutverk voru í landi Pálmholts eða átta talsins, á Möðruvöllum voru þau sex talsins, í Arnarnesi fimm en fjögur í Spónsgerði og á Syðri-Bakka. Á öðrum bæjum á skráningarsvæðinu voru 1-3 útihús með óþekkt hlutverk.

Flest þeirra útihúsa þar sem nánara hlutverk er þekkt eru fjárhús. Samtals voru skráð 44 fjárhús á skráningarsvæðinu.[9] Fjárhús eru þekkt á flestum bæjanna nema á Syðri-Bakka, Ytri-Bakka, Arnarnesi, Spónsgerði og Björgum, en á öllum ofangreindum jörðum voru skráð útihús þar sem hlutverk var óþekkt og fullvíst að einhver þeirra hafi verið fjárhús. Flest fjárhús, eða fjögur, eru þekkt í landi Þrastarhóls og í Skriðulandi en þrjú hús eru þekkt í Pálmholti, Fagraskógi, Kjarna, Hvammi og Stóru-Brekku. Á öðrum bæjum sem ekki er þegar getið voru 1-2 fjárhús þekkt. Einhverjar leifar sáust af rúmlega 40% fjárhúsanna, þar af voru níu þústir og níu tóftir (sjá *Viðauka 2, Lista 1*). Þau fjárhús sem horfin voru höfðu undantekningalítið vikið fyrir nýrri byggingum eða við sléttun túna.

Þústirnar voru í öllum tilfellum hús sem getið var í heimildum, oftast á túnakorti frá 1917. Oftast höfðu húsin hins vegar verið rifin en ummerki þeirra mátti sjá á formi ólögulegra rústahóla, misstórra. Fjárhústóftirnar níu sem skráðar voru reyndust mjög fjölbreytilegar. Algengastar voru rústir sem annað hvort skiptust í eitt eða tvö hólf. Í þeim síðarnefndu var gjarnan hlaða eða heytóft að baki fjárhúsi. Á tveimur stöðum voru skráðar tóftir sem skiptust í þrjú hólf (068:011 og 083:006) og á einum stað skiptist fjárhústóftin upp í fimm hólf (070:005) en getur hafa verið leiddar að því að þar leynist tvö byggingarstig og að aðeins helmingur húss sé frá hvoru skeiði. Auk þeirra fjárhúsa sem hér er getið voru fjárhús skráð sem eitt af mörgum hlutverkum á fimm stöðum (069:007 með hlöðu, 088:004 með býli, 088:014 sambyggð bæjarhúsum, 088:005 sambyggt hesthúsum og 089:003 sambyggt hesthúsum).

Í Arnarneshreppi eru þekkt 23 hesthús (sjá *Viðauka 2, Lista 2*). Flest hesthúsin hafa vikið í ýmsum framkvæmdum en leifar þústa sáust á fimm stöðum og tóftir á tveimur til viðbótar. Önnur tóftin var í landi Ytra-Kambhóls (080:003) en hin í Baldursheimi (084:004). Sú síðarnefnda er lítill hesthúskofi sem eitthvað hefur verið raskað en á Ytra-Kambhóli

[9] Þar með eru talin lambhús og hrútakofar.

leyndist stæðileg rúst sem skipt var í fjögur hólf og hefur vafalaust haft fleiri hlutverk en að hýsa hross.

Á svæðinu voru einungis skráð 11 frístandandi fjós en að auki eru heimildir þekktar um að fjós hafi verið sambyggð bæjum á 15 stöðum. Má reyndar ætla að sú hafi verið raunin mun víðar, eða á flestum þeim bæjum þar sem ekki eru þekktar heimildir um stök fjós. Ástand þessa minjaflokks reyndist afar slæmt því hvergi reyndust tóftir fjósanna óraskaðar. Reyndar er það ofsagt því eitt fjós stendur ennþá en það er mjög ódæmigert. Þetta er hið s.k. Stefánsfjós (068:006) á Möðruvöllum. Fjósið var byggt um aldamótin 1900, að stórum hluta úr tilhöggnum steini úr Bjargafjalli og múrsteini úr amtmannssetrinu Friðriksgáfu og þótti mikil bygging á sínum tíma. Það tók 20 kýr og var bæjarlæknum veitt í gegnum það. Þegar fyrir því var grafið var komið niður á miklar brunarústir og gátu menn sér til að mögulega væru þar komnar rústir Möðruvallaklausturs. Byggingin stendur enn að hluta þótt stór hluti hennar hafi verið endurbyggður. Tvær ógreinilegar þústir eða rústahólar leyndust að auki þar sem áður voru fjós, annars vegar í Arnarnesi (074:024) og hins vegar í Fagraskógi (079:016).

Auk þeirra skepnuhúsa sem hér hafa verið talin upp í heimatúnum leyndust þar nokkrar aðrar tegundir af húsum, s.s. hlöður, smiðjur, skemmur og myllur. Flestar þessar byggingar eða fimm hús, voru á Möðruvöllum. Auk hjalls 068:003, hlöðu 068:009 var skráður útikamar (068:016) á jörðinni, fyrir vestan skólahúsið. Kamarinn var hólfaður í sundur og ætlaður fyrir skólapilta og fjölskyldu skólastjórans en engin ummerki hans sjást nú. Svipaða sögu er að segja um myllu (068:023) sem var á bæjarlæknum skammt frá Stefánsfjósi, þ.e. hún er nú alveg horfin af yfirborði. Eina gamla húsið af þeim sem hér er fjallað um á Möðruvöllum sem enn sést er s.k. Leikhús (068:007) sem notað var sem íþrótta-, samkomu- og geymsluhús, byggt 1881. Húsið er ferhyrnd timburbygging, tvær hæðir og stendur á hlöðnum sökkli. Dyr eru nú á suður- og norðurhliðum. Unnið hefur verið að endurbótum Leikhússins undanfarin ár. Austurendi hússins var nefndur "Pakkhús" samkvæmt Huldu Stefánsdóttur og þar voru geymd ýmiskonar amboð. Stigi var úr þessum hluta upp á loft, sem var yfir því. Þar var geymsla fyrir mat. Vestari hluti hússins var rifinn veturinn 1911-1912 og var viðurinn notaður í viðbyggingu íþróttahúss Menntaskólans á Akureyri ("Fjósið"). Eftir að vestari helmingur hússins var rifinn var reist skúrbygging við vesturenda, en hún hefur nú verið rifin. Er hús þetta það eina sem eftir stendur til minningar um Möðruvallaskóla.

Af öðrum mannvirkjum í túni á svæðinu voru smiðjur algengastar en sex slík mannvirki voru skráð (069:004, 070:015, 072:007, 082:003, 085:015 og 095:011). Fjórar skemmur voru skráðar í heimatúnum (069:003, 072:003, 074:042 og 090:002) og gilti það

sama um þær eins og smiðjurnar, þ.e. engar leifar sáust af nokkurri þeirra. Auk myllu á Möðruvöllum voru skráðar myllur á Hofi (090:002) og Þrastarhóli (095:021).[10] Örlitlar leifar myllunnar á Þrastarhóli sjást enn en önnur mannvirki eru horfin. Af öðrum kofum í túni má t.d. nefna hænsnakofa í landi Hvammskots (087:003) og óljósar hlöðuþústir á Ósi (069:007) og Syðri-Reistrará (086:006).

Að lokum er rétt að geta minjaflokks í túni sem ekki flokkast undir eiginleg mannvirki í heimatúnum en telst engu að síður stórmerkilegur þó að hann láti lítið yfir sér. Þetta eru öskuhaugar. Öskuhaugar eru gríðarlega mikilvægir minjastaðir í augum fornleifafræðinga því í þeim leynist oft mikill fróðleikur um líf, mataræði og búskaparhætti fyrri tíma.

Þó svo að gera megi ráð fyrir því að öskuhaugar hafi verið við alla bæi á skráningarsvæðinu er vitneskja um þá oftast af skornum skammti og kemur þar ýmislegt til. Þyngst vegur sjálfsagt að upplýsingar um öskuhauga rata undantekningalítið ekki inn í ritaðar heimildir s.s. jarðabækur og örnefnaskrá eða á túnakort. Það liggur í hlutarins eðli að öskuhaugarnir voru oftast í námunda við bæi og sökum þess er varðveisla þeirra að jafnaði slæm enda gjarnan með fyrstu verkum eftir tilkomu stórtækra vinnuvéla á bæjum að jafna úr stórum öskuhaugum sem oft eru úrvals áburður á tún. Sumir öskuhauganna hafa heldur aldrei verið stórir og falla því inn í landslagið án þess að eftir þeim sé tekið. Að samanlögðu verður niðurstaðan sú að staðsetning öskuhauga týnist fljótt niður og erfitt er að staðsetja þá þegar frá líða stundir. Þetta skýrir það hvers vegna aðeins voru skráðir sjö öskuhaugar í Arnarneshreppi þrátt fyrir að eðlilegt mætti teljast að þeir hafi a.m.k. verið jafnmargir og býli og bæir eða um 60 haugar.

Í flestum tilfellum veittu heimildamenn upplýsingar um öskuhauga sem voru alveg horfnir eða hafði verið raskað mikið. Tveir slíkir haugar eru þekktir heim við bæ í Fagranesi (079:012 og 014) og á Áslaksstöðum (089:012), Þrastarhóli (095:033) og við býlið Torfnes (079:022).

Leifar tveggja öskuhauga voru greinilegar. Annars vegar ösku- eða mykjuhaugur við smábýlið Ás í landi Pálmholts (070:017) og hins vegar s.k. Öskuhóll á Möðruvöllum (068:025).[11] Síðarnefndi hóllinn er sennilega náttúruleg upphækkun í grunninn og er líklegt að byggingaleifar séu í honum auk öskulaga. Starfsmenn Fornleifastofnunar Íslands og nemendur í City University New York hafa sumurin 2006-2008, grafið í haug þennan með

[10] Reyndar er rétt að geta þess að heimildamenn töldu að smiðja hefði einnig verið í Brekkugerði (090:009) á Stóru-Brekku en þar var áður býli og var minjastaðurinn því skráður með tvö hlutverk. Engin ummerki sjást þó þar.

[11] Ekki er óhugsandi að þarna sé alveg sigin rúst en þar sem býlið var aðeins frá miðri 19. öld þótti líklegra að um e.k. haug væri að ræða.

góðum árangri. Verkið var unnið í samvinnu við Minjasafnið á Akureyri og RALA fyrir styrk úr Fornleifasjóði og fleiri sjóðum.Varðveisluskilyrði í hólnum eru mjög góð, sér í lagi á lífrænum leifum s.s. viðarleifum og vefnaði og mikið af beinum og gripum hefur fundist í hólnum. Því má ætla að áframhaldandi rannsóknir komi til með að veita mikilvægar upplýsingar um lífsskilyrði og daglegt líf á Möðruvöllum á fyrri öldum.[12] Frekari rannsóknir á hólnum eru ráðgerðar á næstu árum og í tengslum við þær er ráðgerð leit að fleiri öskuhaugum í Arnarneshreppi og Hörgárbyggð til samanburðar, enda gæti slík rannsókn gefið góðar vísbendingar um mataræði, skepnuhald og búskaparskilyrði á fyrri öldum á svæðinu. Rannsóknirnar eru gerðar í tengslum við uppgröft á Gásakaupstað.

Tún, kál- og túngarðar

Fá gömul tún eru eftir ósnortin á skráningarsvæðinu og er þar helst um að kenna hversu þéttbýl sveitin er. Hluti túna á Möðruvöllum hefur þó ekki verið sléttaður með nútímaaðferðum. Í sveitinni er undirlendi annars mestallt framræst eða uppræktað og tún teygja sig víða eins hátt upp í hlíðina og ræktunarskilyrði leyfa. Túnbleðlar í kringum aðra bæi og býli á skráningarsvæðinu sem fóru í eyði á 20. öld eða fyrr hafa allir verið sléttaðir.

Menn hafa hlaðið túngarða um tún sín frá örófi alda. Mikill kippur kom í túngarðahleðslu á 19. öld og var hún hluti af túnabótum sem áttu sér stað á þessum tíma. Vitað er um túngarða umhverfis heimatún á þriðjungi lögbýla eða á 13 af 29 jörðum.

Leifar túngarðs sjást á Möðruvöllum (068:033). Garðurinn er vel stæðilegur fyrir vestur- og suðurhlið túnsins, alls um 715 m langur á 850 m löngu svæði. Einnig sjást slitrur garðsins að norðan. Í Ósi fundust leifar af túngarði á tveimur stöðum sem þó virðast ekki eiga saman. Þetta er annars vegar garðlag (069:010) sem liggur til ANA frá túni og gæti í raun mögulega einnig verið e.k. vörslugarður og hins vegar garðlag (069:040) sem liggur í vesturjaðri túna á um 680 m kafla. Garðlag hefur markað af tún í Pálmholti (070:016) og sjást leifar þess vestan og norðan við tún. Þessi garður er samtals um 115 m langur og er á kafla merki milli Pálmholts og Búlands. Túngarðurinn í Arnarnesi (074:029) er mjög misgreinilegur. Þegar þær minjar sem greinilega má sjá á vettvangi eru lagðar saman við það sem greina má á loftmynd kemur í ljós að garðurinn hefur afmarkað geysistórt svæði eða 830 X 150-320 m að stærð og hefur það snúið NNV-SSA. Aðeins má greina hluta þessa garðs á jörðu niðri enda hefur stór hluti verið sléttaður í tún. Þar sem túngarðurinn sést er hann torf-

[12] Ramona Harrison og Howell Roberts. 2006. The Midden at Möðruvellir: Preliminary excavation report. FS338-06381. Fjölrit. Reykjavík.

og grjóthlaðinn og samtals um 380 m á lengd. Túngarður var áður í Fagraskógi samkvæmt heimildamanni (079:010) en leifar hans eru nú alveg horfnar og svipaða sögu er að segja um túngarð á Ytra-Kambhóli (080:004) þótt örlitlar leifar hans megi enn greina í túni á stuttum kafla austan bæjar. Mikill túngarður var umhverfis tún á Ásláksstöðum (089:013) en hluti af honum var rifinn um 1950 og grjótið nýtt í grunn íbúðarhússins sem þá var í byggingu. Leifar garðsins sjást þó ennþá sunnan og suðvestan við tún á samtals 130 m kafla. Á Ásláksstöðum fannst reyndar annað garðbrot sem líklega er túngarður (089:010). Garðbrotið er hlaðið úr torfi, grasigróið og um 33 m að lengd. Garðlagið gæti hugsanlega hafa tengst túnum Ásláksstaðakots (089:004).

Nær öll ummerki um túngarð á Hofi (090:020) eru horfin. Norðaustan við bæ má þó greina 55 m langan hrygg í túninu þar sem túngarðurinn var.

Túngarður var um tún í Stóru-Brekku (092:021), a.m.k. ofan þeirra (að vestan). Þessi garður markaði reyndar vesturjaðar fleiri túna í bæjarröðinni þar sem hann lá eftir hlíðinni ofan við Brekkubæina (sjá einnig 094:010). Garðurinn er samtals um 210 m langur og liggur norðaustur-suðvestur.

Leifar garðs, hugsanlega túngarðs, eru neðan og utan við bæ á Þrastarhóli (095:030). Garðlagið er mikið um sig og er mögulegt að því hafi aðeins verið hrúgað upp á síðustu áratugum, þá líklega til að hamla vatnsflæði úr brekkunum ofan við það.

Ekki voru skráðir fleiri túngarðar á skráningarsvæðinu en ekki er ólíklegt að túngarðar hafi verið umhverfis heimatún flestra þeirra bæja sem ekki eru nefndir hér. Hafi svo verið virðast þeir horfnir með öllu og ekki vitað um heimildir sem greina frá þeim.

Í Arnarneshreppi voru skráðir 55 kálgarðar. Flestir þeirra, eða fimm garðar, voru í landi Litla-Dunhaga en fjórir garðar voru skráðir á bæði Syðri- og Ytri-Bakka. Á öðrum stöðum voru færri garðar. Af görðunum 55 sáust aðeins leifar 18 gerða, þriggja á Ytri Bakka, tveggja í landi Pálmholts og í landi Syðra-Brekkukots en einn garður var í landi Óss, Syðri-Bakka, Arnarness, Kjarna, Skriðulands, Ytri-Reistrarár, Þrastarhóls, Hallgilsstaða, Spónsgerðis og á Björgum (sjá nánar *Viðhengi 2, Lista 3*). Af þessum leifum voru kálgarðarnir í Kjarna (082:014) og Syðri-Reistará (086:007) mestir að umfangi eða um 1500 m2.

Garðlög

Samtals voru skráðir níu landamerkjagarðar í Arnarneshreppi og sáust oftast talsvert miklar leifar þeirra. Margir garðanna voru fornlegir og signir og gætu, við fyrstu sýn, alveg talist hluti af fornu garðakerfi, líkt og þau sem þekkt eru í sumum nágrannasveitum s.s. í

Þingeyjarsýslum og í Dalvíkurbyggð. Á þetta fyrst og fremst við svæðið í námunda við Bakkabæi þar sem flestir garðanna voru. Aðeins er vitað um einn landamerkjagarð sem alveg er horfinn en hann var á merkjum Þrastarhóls og Hallgilsstaða (095:008). Stystur var garðbúturinn sem fannst á merkjum Ytri-Bakka og Arnarness (074:046) á 90 m kafla. Langur og mikill garður, nefndur Þvergarður, liggur austur-vestur á merkjum Syðri-Bakka og Ytri-Bakka (072:056), annars vegar og Syðri-Bakka og Bragholts (073:007) hins vegar. Á fyrrnefndu merkjunum er garðurinn um 760 m langur en á þeim síðarnefndu 860 m langur en bil er á milli garðanna. Reyndar má færa góð rök fyrir því að þetta sé í raun einn og sami garðurinn og þá hefur upphaflega verið um 2 km á lengd. Á suðurmörkum Syðri-Bakka, á mörkum við Pálmholt reyndist annar stæðilegur landamerkjagarður (070:008) sem kallaður var Þvergarður. Hann var skráður á samtals 1 km löngum kafla en fastlega má gera ráð fyrir að garðlag sem skráð var nær sjávarsíðunni og í sömu stefnu (071:028) hafi áður verið framhald hans og þá markað skil milli Syðri- og Miðbakka. Á milli landamerkjagarða 070:008 og 073:007/072:056 liggur garður (071:027). Hann er greinilegur merkja á milli og hefur að öllum líkindum verið merkjagarður Mið-Bakka að vestan. Auk þessara miklu landamerkjagarða í kringum Bakkabæina var skráður garður á milli Þrastarhóls og Ytra- og Syðra-Brekkukots (095:009). Hann er merkjanlegur á rúmlega 800 m kafla neðan Möðruvallavegar þó hann hafi á köflum horfið í skurð og uppmokstur úr honum.

Á skráningarsvæðinu var skráður einn varnargarður, á Þrastarhóli (095:025), sem byggður var til að varna flóði úr ánni leið inn í heimatún. Skráður var einn vörslugarður, í landi Bjarga (098:006). Hann er í s.k. Bjargadal þar sem einnig er kálgarður og er hugsanlegt að garðurinn hafi verið byggður sem vörslugarður til að halda skepnum frá kálgarðinum.

Auk þeirra garðlaga sem hafa verið talin upp hér voru skráð sjö garðlög með óljóst hlutverk. Tvö þessara garðlaga eru í landi Óss og annað þeirra (069:042) tengist líklega nokkrum mannvirkjum sem eru við sjávarsíðuna á þessum slóðum. Þar voru m.a. skráð beitarhús (069:019), sjóbúð (009), tvö naust (069:026 og 029) og tvennar tóftir með óþekkt hlutverk (069:027 og 028). Umrætt garðlag (069:042) liggur frá sjó og hefur líklega upphaflega markað hólf við sjóinn þar sem öll mannvirkin eru innan þess. Sökum þess að öll suðurhlið hólfsins er horfið er erfitt að áætla stærð þess en líklega hefur það a.m.k. verið um 300 X 270 m stórt. Hitt garðlagið (069:044) í Óslandi er um 130 m langt og liggur á deiglendu svæði við Hörgárósa og er e.t.v. eðlilegast að álykta að það gæti hafa tengst e.k. áveituframkvæmdum.

Stutt garðlag (070:036) með óþekkt hlutverk er skammt frá túni á Pálmholti. Líklegast má telja að það tengist túnrækt eða framræslu þótt ekkert sé hægt að fullyrða um það. Í landi

Syðri-Bakka er fornlegt garðlag sem liggur austur-vestur að sjó (071:030). Garðlagið er samfellt en ógreinilegt, 2-3 m á breidd, um 180 m á lengd. Garðurinn gæti vel verið forn og ekki er ólíklegt að hann hafi markað af heimahaga Syðri-Brekku og verið e.k. vörslugarður. Í landi Stóru-Brekku eru tvö garðlög með óþekkt hlutverk, bæði nálægt tóftum. Annað (092:012) er skammt frá stekkjartóft (092:013) og gæti tengst því en hitt (092:016) er nálægt Grænutóft (092:011) og er líklegast að þau séu bæði byggð í tengslum við fyrrnefndar tóftir. Garðlag með óljóst hlutverk var einnig skráð ofan við bæ á Þrastarhóli (095:023). Það er sigið og fornlegt og hugsanlega hefur það verið hluti af því garðlagi sem virðist hafa verið ofan við bæjarröðina í Brekku (sjá 092:021 og 094:010) en ástand garðsins gerir það að verkum að erfitt er að fullyrða nokkuð um hann.

Engjar og áveitur

Auk þess garðlags sem áður er getið og gæti mögulega verið leifar af áveitu (069:044) voru skráð ummerki um áveitu á sjö stöðum í Arnarneshreppi. Fjórir þessara staða voru í landi Möðruvalla. Annars vegar var skráð áveitukerfi á Möðruvallaengjum (068:050-052) sem enn er greinilegt en auk þess eru heimildir um aðra áveitu (068:019) í landi Möðruvalla. Hún var á Gamla-Flæðiengi en öll ummerki um hana hafa verið sléttuð í tún. Í landi Óss (069:036) voru áveituskurðir grafnir víða í gamla túnið, vatni veitt úr Hofsá og safnað í litla bolla þar sem húsdýraáburði var blandað í vatnið og síðan borið á túnin. Áveitukerfið var umhverfis gamla túnið og sumir bollarnir sjást ennþá. Í Pálmholtslandi (070:018) var byggt nokkuð umfangsmikið áveitukerfi í upphafi 20. aldar sem þó heppnaðist ekki sem skyldi. Nokkur ummerki má enn sjá um kerfið sunnan og suðaustan við bæ. Öll áveitumannvirki sem voru áður sunnan við tún í Hvammi (088:022) eru nú horfin í tún.

Samtals voru skráð sjö heystæði í Arnarneshreppi og sáust tóftir sex þeirra. Engar tóftir fundust á Heygörðum í landi Pálmholts (070:010) en vel má vera að það sé einungis sökum þess að það svæði þar sem heystæðin voru eru nú á kafi í órækt. Á öðrum stöðum voru greinilegar leifar. Í Óslandi við Hörgárós kvíslast Hörgá um grösuga hólma sem nokkrir eru í Óslandi. Stærstur er Austarihólmi og í honum var haft fé á fyrri tímum og þar leynist enn heytóft frá þeim tíma sem hólminn var sleginn. Fjögur heystæðanna (092:017-020) voru í landi Stóru-Brekku en fimmta heystæðið var á Hofi (090:026). Flest heystæðanna voru einfaldar tóftir en þó voru sumar tvískiptar. Allar voru þær grónar og signar. Sennilegt verður að teljast að heystæði leynist víðar þó að heimildir um þau hafi ekki verið skráðar og skrásetjarar ekki rekist á fleiri að þessu sinni.

Vatnsból

Flest bæjarstæðin á skráningarsvæðinu virðast hafa verið valin með nálægð við gott vatnsból í huga. Bæirnir standa flestir nálægt ám eða smálækjum en þó voru skráð fimm vatnsból og sex brunnar á svæðinu.

Ekki reyndist unnt að staðsetja Sjóarlind (071:015) en önnur vatnsból voru staðsett. Öll ummerki um fjögur af fimm vatnsbólum á svæðinu voru horfin. Í Óslandi var skráður Gvendarbrunnur (069:016) sem Guðmundur biskup góði á að hafa vígt en hann hvarf í skurðagröft. Annar af tveimur vatnsbólum í landi Pálmholts hvarf einnig í skurðagröft en það var s.k. Stekkjarlind (070:014). Hitt vatnsbólið (070:029) sem einfaldlega heitir Lindin sést og er enn notað. Vatnsbólið Þórðarauga (095:010), var kennt við Þórð gullsmið Thorarensen, sem fann uppsprettuna. Á Þrastarhóli var einnig skráður brunnur (095:012) um 110 m vestan við bæ en ummerki um hann eru nú horfin. Ummerki um brunn í Hvammi (087:005) og Ytra-Bakka (072:010) eru horfin og ekki var unnt að staðsetja brunn í landi Syðri-Bakka sem örnefnið Brunnhall (071:017) benti á. Ummerki um brunna fundust hins vegar bæði í Bragholti (073:006) og í Arnarnesi (074:028). Fleiri heimildir voru ekki um eiginleg vatnsból á svæðinu enda renna bæjarlækir nær undantekningarlaust niður hlíðarnar og um heimatúnin skammt frá bæjunum.

Svarðargrafir

Mótak er þekkt á 29 stöðum á skráningarsvæðinu á 16 jörðum. Líklega hafa mógrafir verið á fleiri jörðum þótt sumir smærri bæjanna kunni að hafa haft aðgang að mótaki utan jarðamarkanna. Flestar mógrafanna voru á Syðra-Kambhóli þar sem fernar grafir voru skráðar en þrennar grafir voru þekktar á Hofi, Pálmholti og Syðra-Holti. Á öðrum bæjum þar sem vitað var um mógrafir reyndust 1-2 grafir. Öll ummerki um mógrafirnar voru horfin á 16 stöðum (068:034, 070:009, 070:034, 070:039, 071:033, 072:057, 081:006, 081:013, 082:010, 082:011, 083:013, 084:007, 088:012, 090:018, 090:019 og 095:031).

Greinileg ummerki eftir mógrafir sáust á 13 stöðum. Ummerkin voru mjög misgreinileg og stærð grafanna var einnig mismunandi. Átta grafanna voru innan við 2500 m2 (068:049, 069:013, 069:043, 071:038, 081:007, 081:017, 086:026 og 089:008) en fimm stærri eða milli 8000-20.000 m2 (071:032, 073:011, 074:030, 088:020 og 090:017).

Flestar þessara grafa fundust eftir viðtöl við heimildamenn en fjögurra var getið í örnefnaskrá. Lítið var oftast vitað um gæði svarðar eða hversu lengi grafirnar voru notaðar. Í Grófinni (088:020 og 090:017) voru t.d. mjög góðar mógrafir og var nágrannajörðum seld svarðartekja þar. Gunnlaugur Pálmason tók síðastur manna mó á þessum stað árið 1953.

Móinn notaði hann til að einangra íbúðarhús sitt sem var þá í byggingu. Þá hafði hann reyndar lítið notað grafirnar um árabil. Svörður við Kúahóla (089:008) fullyrti heimildamaður að hefði verið svartur og ríkur af sprekum og að heitara hefði verið í húsum þegar kynt var með þessum sverði en þegar aðkeypt kol voru notuð. Í Tjarnargröfum (081:007) var góð svarðartekja og þar var tekinn svörður frá Fagraskógi fram á miðjan 50. áratug 20. aldar.

Fjórir torfristustaðir voru skráðir í Arnarneshreppi (071:021, 084:008, 079:023 og 099:016) og sáust ummerki ristunnar á einum stað, í Torfnesi í Fagranesi (079:023). Svo virðist reyndar sem mór hafi einnig verið stunginn upp á þessum sama stað og eru sjáanleg ummerki líklega til vitnis um það.

Kvíar, réttir og stekkir

Kvíar voru gjarnan staðsettar í eða skammt frá túnjaðri og á skráningarsvæðinu var ekki óalgengt að kvíarnar væru ofan við bæ og oft í námunda við hóla, væri þeim að skipta. Sökum nálægðar við bæi eru kvíar einn sá minjahópur sem hvað verst hefur orðið úti á bæjum þar sem enn er búið. Á fjölmörgum bæjum hafa tún verið stækkuð og í slíkum framkvæmdum verða kvíar oft að víkja. Á sumum bæjum voru hins vegar, á seinni öldum, notaðar færikvíar en ekki er að vænta ummerkja eftir slík mannvirki og því erfitt að áætla hversu algengar þær voru.

Samtals voru skráðar 10 kvíar í Arnarneshreppi (sjá nánar lista yfir kvíar, réttir og stekki í *Viðauka 2, Lista 4*). Af þessum kvíum sáust aðeins leifar á tveimur stöðum, annars vegar voru rústir í Kvíasundi á Syðri-Bakka (071:016) en hins vegar fundust tvær tóftir á Kvíabóli í Baldursheimslandi (084:017). Rústirnar á Syðri-Bakka voru afar óljósar en nokkuð umfangsmiklar. Þar leynast tvær óljósar rústir innan gerðis sem gæti verið nátthagi. Þessi ummerki eru illgreinileg af jörðu niðri en sjást betur af loftmynd. Umfang þeirra (gerðið er 160 X 60) gæti jafnvel bent til að þar hefði einhverju sinni verið meiri umsvif en kvíar, e.t.v. jafnvel húsmennskukofi en ekkert er hægt að fullyrða um það og örnefnið bendir vissulega til kvía. Kvíarnar í Baldursheimi eru ofan við bæ á s.k. Kvíabóli. Þar eru tvær samsíða tóftir, önnur þrískipt og 14 X 7 m að stærð en hin tvískipt og 11 X 8 m að stærð. Þessar leifar eru óvenju umfangsmiklar miðað við dæmigerðar kvíar en má vera að þær hafi ekki verið notaðar samtímis og eru t.d. grjóthleðslur sýnilegar í minni tóftinni en ekki þeirri stærri sem gæti bent til þess að sú stærri væri eldri.

Samtals voru skráðar sjö réttir á svæðinu auk örnefnisins Réttarholts í Litla-Dunhaga. Þrjár af réttunum sjö voru horfnar Á Ytri-Reistará (085:016), Möðruvöllum (068:004) og Hofi (090:014). Þar sem aðalskilarétt hreppsins, Reistarárrétt, stendur nú var líklega eldri rétt áður

en engar leifar sjást um hana. Á Möðruvöllum var hestarétt (einnig notuð sem fjárrétt) áður upp við kirkjugarðinn alveg horfin. Á Hofi var áður lítil heimilisrétt nálægt þeim stað þar sem yngra íbúðarhúsið á jörðinni stendur nú. Leifar rétta sáust hins vegar á fjórum stöðum á skráningarsvæðinu. Réttir í Fagraskógi (079:020) og á Þrastarhóli (095:029) voru líklega aðeins til heimilisnota. Afar óverulega leifar sjást nú eftir réttina í Fagraskógi en á Þrastarhóli er einföld heimilisrétt skammt ofan við efstu tún. Réttarleifar í Litla-Dunhaga (099:015) eru talsvert stærri og skiptist í 4 dilka en stærsta réttin á skráningarsvæðinu var hins vegar á Þorvaldsdal (633:004). Réttin er bæði nefnd Fögruhlíðarrétt og Þorvaldsdalsrétt. Hún er á ofanverðum eyrum Þverár í miðjum Þorvaldsdal og var í notkun til 1929. Réttin er hlaðin úr vatnssorfnu og fremur stóru grjóti of er um 50 x 22 m stór. Hún greinist í almenning og 7 hólf eða dilka

Skráðir voru 31 stekkur í Arnarneshreppi en auk þess benda örnefnin Stekkjarhólar og Stekkjarmóar, þar sem fornbýlið Garðshorn í landi Hofs var áður (090:013), til þess að þar hafi síðar verið stekkur. Allar minjar þar hafa þó orðið túnasléttun að bráð. Ástand stekkja var almennt mjög gott og það voru aðeins stekkir í landi Arnarness (074:014) og Fagraness (079:007) sem voru horfnir.

Samtala	Heiti jarðar	Tegund	Fjarlægð frá bæ
EY-069:012	Ós	tóft	560
EY-070:024	Pálholt	tóft	615
EY-070:037	Pálmholt	tóft	810
EY-071:034	Syðri-Bakki	tóft	560
EY-073:009	Bragholt	tóft	560
EY-074:013	Arnarnes	tóft	800
EY-074:014	Arnarnes	örnefni	1100
EY-074:022	Arnarnes	tóftir	910
EY-079:007	Fagriskógur	heimild	460
EY-081:011	Syðri-Kambhóll	tóft	430
EY-081:018	Syðri-Kambhóll	tóft	830
EY-082:008	Kjarni	tóft	420
EY-083:011	Skriðuland	tóft	490
EY-083:015	Skriðuland	tóft	830
EY-084:011	Baldursheimur	tóft	300
EY-084:012	Baldursheimur	tóft	400
EY-085:009	Ytri-Reistará	tóftir	400
EY-085:018	Ytri-Reistará	tóft	250
EY-086:014	Syðri-Reistará	tóft	700
EY-088:013	Hvammur	tóft	340
EY-088:019	Hvammur	tóft	350
EY-088:021	Hvammur	tóft	480
EY-089:009	Ásláksstaðir	tóft	510
EY-090:009	Hof	tóft	1000
EY-090:013	Hof	örnefni	470
EY-090:032	Hof	tóft	650
EY-092:013	Stóra-Brekka	tóft	600
EY-095:022	Þrastarhóll	tóftir	260
EY-099:014	Litli-Dunhagi	tóft	260
EY-099:017	Litli-Dunhagi	tóft	800
EY-183:002	Dunhagakot	tóft	750

Með þeirri vísbendingu um stekk sem minnst er á hér að ofan á Hofi voru samtals skráðir þrír stekkir á jörðinni en þrír stekkir voru einnig skráðir í Arnarnesi og Hvammi. Stekkir voru á öllum stærri jörðunum nema í Ytri-Haga og á Möðruvöllum. Erfitt er að segja hverju þetta sætir. Þó má giska á að á Möðruvöllum kunni ástæða stekkjarleysis að vera sú að í heimalandinu hefur verið lítil sumarbeit, a.m.k. ef gert er ráð fyrir að engjar og tún hafi verið varin fyrir beit, en vetrarbeit sennilega nokkur. Í byrjun 18. aldar er kvartað undan landþrengslum á Möðruvallaklaustri og

sagt að klausturhaldarinn neyðist til að þiggja hey og haga af nágrannajörðum.[13] Ekki er því ólíklegt að stekkur frá Möðruvöllum kunni að hafa leynst í landi nágrannajarða klaustursins en eins kann að hafa verið fært frá á beitarhúsum jarðarinnar.

Stekkjartóftirnar voru flestar áþekkar að stærð og lögun. Af þeim 28 tóftum sem sáust var í 25 tilvikum að ræða eina, staka tóft. Þessar tóftir voru oftast tvískiptar. Á Þrastarhóli voru hins vegar skráðar tvær tóftir (önnur einföld og óljós þúst, hin tvískipt). Á Arnarnesi (074:022) og Syðri-Reistará (085:009) voru tvær tvískiptar tóftir á stekkjum. Allar stekkjartóftirnar voru fremur signar og grónar. Flestir voru stekkirnir í 300-1000 m fjarlægð frá bæ en annar stekkurinn á Ytri-Reistará (085:018) og stekkir frá Litla-Dunhaga (099:014) og Þrastarhóli (095:022) voru óvenju nærri bæ eða um 260 m. Einn af stekkjunum á Arnarnesi (074:014) reyndist í meira en 1 km fjarlægð frá bæ (1100 m).

Beitarhús og sel

Fremur fá beitarhús og sel voru skráð í Arnarneshreppi og veldur því sennilega lítið landrými.

Beitarhús voru skráð á sex jörðum, gjarnan þeim sem landmeiri eða dýrari voru, og sáust leifar þeirra allra. Á Möðruvöllum voru beitarhús (068:028) á rana milli tveggja kvísla úr Staðará, á mörkum fjalls og móa. Á þessum stað leyndust fimm tóftir og a.m.k. tvö byggingarstig. Yngsta rústin er tvískipt: fjárhús með garða eftir endilöngu og hlaða að baki. Undir norðurvegg þessara tóftar og lengra til norðurs má sjá ógreinilegar leifar eldri, tvískiptrar tóftar og fast framan við hana er ferhyrnt hólf, hugsanlega leifar réttar. Auk þessa eru þrjár aðrar einfaldar tóftir í hnapp á þessum stað. Staðará og minni kvísl árinnar ógna minjastaðnum.

Í landi Óss var skráð beitarhúsrúst með garða og hlöðu að baki (069:019) um 1,4 km frá bæ. Á þessum stað var áður önnur tóft sem nú er horfin í vegagerð.

Um 710 m norðan við Pálmholt (070:022) er einföld tóft, 11 X 7 m að stærð, sem túlkuð var sem beitarhús þó að hennar væri ekki getið í heimildum. Rústin virtist mjög fornleg.

Beitarhús frá Ytri-Reistará (085:007) eru um 920 m vestan við bæ. Þar er tvískipt tóft sem skiptist í fjárhús og hlöðu eða heygarð að baki.

Fornleg, þrískipt tóft er við Hofsá í landi Litlu-Brekku (091:005) um 700 m norðvestan við bæ. Engar ritaðar heimildir eru þekktar um að tóftin sé beitarhús en Guðmundur Ólafsson, fornleifafræðingur kallar tóftina beitarhús í úttekt sinni árið 1985. Ekki er ljóst á hverju hann byggir þessa niðurstöðu sína um hlutverk rústarinnar. Útlit tóftarinnar

[13] JÁM X, 130.

bendir allt eins til að hún gæti verið stekkur eða sel.

Beitarhúsin frá Hallgilsstöðum (096:010) voru um 500 m vestan við bæ og heita því frumlega nafni Beitarhús. Þar er fremur stæðileg, tvískipt tóft.

Sex sel voru skráði í Arnarneshreppi en aðeins fundust leifar á tveimur stöðum. Hugsanlegt er reyndar að þau þrjú sel sem leitað var að á vegna örnefnisins Selhjalla í Fagraskógar- (079:017) Skriðulands- (083:012) og Baldursheimslandi (084:018) kunni í raun öll að benda á eitt og sama selið. Um það verður hins vegar ekki fullyrt og engar leifar fundust á þessum slóðum.

Engar leifar fundust heldur um Reistarársel (086:012) sem samkvæmt heimildum á að vera upp með Reistaránni í landi Syðri-Reistarár. Guðmundur Ólafsson fann fjórar tóftir á þessum slóðum í skráningu 1985 en þær fundust sem fyrr segir ekki við vettvangsgöngur sumarið 2007. Rústir í landi Ytri-Reistarár voru hins vegar eitt af tveimur seljum sem leifar fundust af í Arnarneshreppi. Tóftirnar eru um 1,2 km beint vestur af bæ 001, í um 330 m hæð í fjallinu. Svæðið allt er um 20x15 m, allt hlaupið í þúfur og illgreinanlegt. Þó virðist um tvær aðskildar og tvískiptar tóftir að ræða.

Hitt selið var í Hofslandi (090:011). Selið er vestan í Selás um 1300 m VNV við Hof. Þar leyndust tvær fornlegar tóftir.

Í lok þessa kafla um beitarhús og sel er rétt að geta þess að Möðruvellir áttu sel og selland í Barkárdal, allstóra afrétt á Hörgárdalsheiði og beitarhús í Staðartungu. Þó að allir þessir staðir séu utan þess svæðis sem hér er til umfjöllunar og tilheyri Hörgárbyggð verður hér fjallað stuttlega um þau. Á Hörgárdalsheiði var ágætt beitarland en þar var aðeins eitt sel, skammt sunnan við Laugareyri. Þar sjást enn sjást rústir Saurbæjarsels (651:014) en ekkert bendir til að Möðruvellir hafi nokkru sinni haft þar í seli. Samkvæmt heimildum lagðist selstaða af á þessum stað í lok átjándu aldar. Samkvæmt Árna og Páli var selstaðan á svæði: “sem liggur millum stólsins og klaustursins landa fram af Hörgárdal, og nefnist Gullreitur."[14]

Á Barkárdal eru rústir Möðruvallasels (200:006) skammt innan við eyðibýlið Baugasel. Samkvæmt örnefnaskrá lagðist Möðruvallasel niður í Stórubólu 1707 og var fólkleysi um kennt og selstöðin ekki tekin upp þar að nýju. Á staðnum sjást 3-4 tóftir og myndarlegur öskuhaugur. Þar er einnig uppsprettulind sem er e.k. rás sem hlaðið hefur verið umhverfis.

Í landi Staðartungu eru s.k. Klausturhús (215:022) sem samkvæmt örnefnaskrá tilheyrðu áður Möðruvallaklaustri. Rústir Klausturhúsa eru mjög fornlegar og athyglisverðar

[14] BE 1990, 487, JÁM X, 144,

að mörgu leyti. Þær minna ekkert á dæmigerðar beitarhúsarústir frá síðari öldum. Rústin er löng og mjó (34 X 7 m stór) og skiptist í 5 hólf. Hún er um 15 km frá Möðruvöllum.

Gerði

Í Arnarneshreppi voru skráð 14 Gerðis-örnefni. Rúmlega helmingur þeirra var býli eða bær en slík örnefni voru einnig notuð yfir aðskilda túnskækla eða túnjaðra og undantekningarlítið hafa staðið á þeim fjárhús á seinni öldum. Af býlunum þremur á skráningarsvæðinu sem höfðu endinguna –gerði í nafni sínu er aðeins eitt enn í byggð, Spónsgerði (097:001) en býlisins er fyrst getið í upphafi 18. aldar en þá var byggð þar óstöðug. Brekkugerði (092:009) í landi Stóru-Brekku sem og Rauðagerði (093:005) í landi Litlu-Brekku fóru í eyði á fyrri öldum. Um Leirgerði (069:017) eða Guddugerði (079:013) er ekkert vitað og engar rústir sjást. Óljós ummerki um Bakkagerði (071:019) sjást enn en byggð þar hófst ekki fyrr en um 1870 (og fór í eyði 1966) og svipaða sögu má segja um Háagerði en þar var byggt nýbýli um aldamótin 1900 á Sjávarbakka sem var vísir að litlu sjávarþorpi í Hvammslandi. Öll býlin voru farin í eyði á seinni hluta 20. aldar.

Talsverðar leifar sjást hins vegar í Skiptagerði (086:015) í landi Syðri-Reistará. Þar eru sex tóftir og túngarður umhverfis sem afmarkar sporöskjulaga svæði. Býlið var löngu orðið að rústum þegar Árni og Páll gerðu Jarðabók sína um 1712.

Almennt er talið að bæir með nafnliðnum –gerði séu ekki mjög fornir og virðast flestir hafa orðið sérstök býli á 16. öld eða síðar.

Af hinum gerðisnöfnunum á svæðinu reyndust tvö fjárhús, Neðragerði (090:004) í Hofslandi og Gerðishús (095:005) á Þrastarhóli. Öll ummerki um húsið á Hofi voru horfin en leifar fjárhússins á Þrastarhóli sjást enn skammt frá bæ. Að lokum ber að geta fjögurra gerðisörnefna þar sem ekkert er vitað um hlutverk. Þrjú þeirra eru í landi Baldursheims (Grænagerði 084:010, Efra-Gerði 084:013 og Neðra-Gerði 084:014) en hvergi sjást mannvistarleifar þar. Á fjórða staðnum, í Gerðismóa (092:008) í Stóru-Brekkulandi, vestan Dalvíkurvegar er hins vegar tvískipt tóft á dálitlum hól en engar heimildir eru tiltækar um hvaða hlutverki tóftin hefur gegnt.

Verbúðir og útgerðarminjar

Sá hluti Arnarneshrepps sem liggur að sjó hefur, svo lengi sem menn muna, verið talsvert útgerðarsvæði. Úr landi Ytri-Bakka og Arnarness byggðist upp lítið sjávarþorp, Hjalteyri, undir lok 19. aldar og þar var um tíma rekin útgerð og stundaðar miklar hákarlaveiðar og síðar

síldveiði. Í tengslum við þennan iðnað byggðust einnig upp nokkrir bústaðir en þeirra er getið í kafla um býli og bústaði á svæðinu hér að framan. Byggðin á Hjalteyri hafði lengi á sér alþjóðlegan blæ. Í upphafi voru Norðmenn þar áberandi en þaðan gerðu einnig Þjóðverjar Svíar og Skotar út og byggðu bryggjur, pakkhús, söltunarplön og ýmis önnur mannvirki tengd fiskveiðum og -verkun.

Á svæðinu voru skráðar 13 lendingar en í þann flokk falla reyndar bæði hefðbundnar lendingar (071:025, 072:052, 074:032, 079:008 og 088:025) sem og bryggjur (072:014, 072:028, 072:032, 072:038, 072:049-051 og 074:037) en talsvert var um bryggjur á og við Hjalteyri. Auk lendinganna voru skráð sjö naust (069:026, 069:029, 071:031, 071:039, 074:020 og 088:027) og sáust leifar þeirra allra sem verður að teljast nokkuð gott. Á þremur stöðum voru skráðar sjóbúðir (069:009, 079:006 og 081:005) en aðeins eru nú eftir leifar einnar sjóbúðar í Fagranesi en önnur ummerki horfin. Auk áður getinna minja á Hjalteyri má búast við að fleiri mannvirki tengd sjósókn hafi verið byggð á svæðinu þótt ummerki um þau sé víða brotin í sjó eða hafi aldrei verið umfangsmikil. T.d. má ætla að lendingar hafi verið víðar en nú er þekkt og eins mætti ætla að herslubyrgi eða hjallar sem og aðrir staðir þar sem gert var að fiski eða hann unninn hafi verið á flestum þeim bæjum þar sem sjór var stundaður.[15]

Leiðir

Nokkrar leiðir voru skráðar í Arnarneshreppi. Traðir í heimatúni voru skráðar á átta bæjum, á Möðruvöllum (068:055), Syðri-Bakka (071:014), Hofi (090:036), Stóru-Brekku (092:007), Ytra-Brekkukoti (093:007), Syðra-Brekkukoti (094:014), Þrastarhóli (095:027) og Hallgilsstöðum (096:011). Heimildir um traðirnar voru í öllum tilfellum túnakort frá 1917 en þær voru alls staðar nema á Syðri-Bakka horfnar.

Sextán aðrar götur og leiðir voru skráðar, flestar eða þrjár, í landi Möðruvalla. Nokkrar leiðanna voru innan jarða eða styttri leiðir á milli bæja (070:012, 070:035, 072:018, 072:019 og 074:019). Ellefu lengri leiðir um sveitina voru skráðar og voru þær ýmist um afdali eða alfaraleiðir um eða í gegnum sveitina. Frá Möðruvöllum lá gata (068:047) meðfram Hörgá, um engjar og niður Möðruvallanes. Þar lá gatan um brú á Ásláksstaðakíl. Umrædd leið var áður alfaraleið á neðri bæina í sveitinni þangað til henni var lokað, einhvern tíma fyrir 1920 og færðist þá leiðin ofar og var farið um Möðruvallahlað. Leifar gömlu götunnar sjást enn á köflum. Önnur gata (068:046) lá frá Staðarvaði upp í gegnum Möðruvallahlað norður á Grundir og yfir brú á Staðaránni (sem þarna nefnist Spónsgerðislækur). Þar skiptist gatan og

[15] Hjallar voru reyndar skráðir á tveimur stöðum. Á Möðruvöllum var hjallur en ekki vitað í hvaða tilgangi hann var byggður (sjá 068:003) og hjallur var einnig skráður á Hjalteyri (072:040).

lá önnur leiðin áfram beint upp í Brekkutorfu og var alfaraleið á efri bæjarröðina, en hin niður á neðri göturnar norðan við Spónsgerði og á neðri bæina. Leifar þessara slóða sjást á kafla. Þriðja leiðin sem skráð var í landi Möðruvalla (068:048) var frá Staðarvaði út með ánni norður á Heyhól og þaðan upp að Möðruvöllum og upp á hlað um Leyning. Þessi leið var á sama stað og gamla heimreiðin að Möðruvöllum þvert yfir Akramýri af Heyhól en engar leifar hennar sjást nú.

Í landi Óss fundust nokkrir götuslóðar (069:041) austan við Hjalteyrarveg en talið er að gamla alfararleiðin hafi verið á þessum slóðum og horfið undir Hjalteyrarveg að stórum hluta.

Í landi Kjarna er Þorvaldsdalsskarð (082:016) sem farið var þegar ferðinni var heitið inn í Þorvaldsdal og þá Mjóadal fylgt til norðvesturs og komið niður hjá bænum Hrafnagili sem var innsti bær í Þorvaldsdal austanverðum.

Alfaraleið var skráð í landi Ásláksstaða (089:005). Leiðin þar lá um Langholt og Höllunes og suður yfir Möðruvallarengjar. Engin merki fundust um þessa leið.

Þjóðleiðin um sveitina lá m.a. um Hofsland (090:015). Þar lá hún sunnan frá Möðruvöllum meðfram Brekkutorfubæjum út og niður á Reiðholt í landi Hofs og síðan um Hvammshlað. Ummerki um götuna eru misgreinileg en hún var rakin í Reiðmel þar sem hún sést víða illa enda melurinn harður. Þó má víða sjá 1-2 slóða samsíða í melnum en þeir verða 3-4 þar sem þeir liggja út í móa. Í mýrarsundi, milli tveggja mela, hefur verið hlaðið undir veginn.

Möðruvallavegur (099:007) var skráður í Litla-Dunhaga en það var leiðin frá Möðruvöllum og inn Hörgárdal. Göturnar sjást enn á kafla og eru mest 4-5 paldrar.

Við Galmarsstaði voru vegamót á alfararleiðum. Önnur þessara leiða (631:002) lá frá Árskógsströnd suður með efri bæjunum, en hin mun neðar eftir grandanum (631:001) um Arnarnes og Bakkaása. Leifar fyrrnefndrar leiðar sáust m.a. í Fagraskógslandi en þær hafa víða horfið í ýmist umrót vegna búskapar og yngri vegar. Neðri leiðin (631:001) lá frá þeirri efri (631:002) á fyrrnefndum gatnamótum og lá svo til suðurs meðfram Ásunum í norðvestri um alla sveitina og hefur hún verið köllum ýmsum nöfnum m.a. Kirkjuvegurinn gamli og Reiðgöturnar. Líklega hefur verið farið um þennan veg á milli bæjanna austar í sveitinni nær sjónum og frá þeim m.a. til kirkju á Möðruvöllum og sjást óljós ummerki um hana hér og þar.

Að lokum ber að nefna leið sem stundum var farin yfir í Skíðadal. Þá var farið um Þorvaldsdal og því næst til vestur inn norðanverðan þverdal hans Nautárdal. Úr Nautárdal var farið upp Derrisdal og þvínæst yfir skarðið og yfir í Sæludal í Skíðadal. Derrisskarð var öðru


nafni nefnt Skíðdælingaskarð og er sagt að leiðina hafi aðallega farið Skíðdælingar sem vildu stytta sér leið til Akureyrar.

Auk leiðanna voru skráðar 15 samgönguminjar. Samtals voru skráð níu vöð og þar af fjögur á Möðruvöllum. Flest vöðin voru á Hörgá (068:045, 068:046, 068:047, 068:048 og 069:018). Auk vaðanna á Hörgá var skráð vað á Þrastarhóli yfir Þrastarhólsá (095:028), vað á Tjarnarlæk í Arnarnesi (074:018) og vað á Pálmholtslæk (633:007) en um það síðast talda lá alfararleið um sveitina sem áður er nefnd (631:001) og var einnig skráð brú yfir sama læk á svipuðum slóðum (070:011). Vað var einnig skráð á Nautá í Þorvaldsdal (633:007)

Auk þessara samgönguminja voru skráðar þrjár vörður sem þjónuðu hlutverki vegvísa (070:011, 085:013 og 085:014) , tveir ferjustaðir sem báðir voru á Hörgá - annar nálægt Ferjuvaði sem áður en nefnt (068:041) en hinn í landi Ásláksstaða (089:006) í Möðruvallanesi. Þar var ferjan á Hörgá yfir að Skipalóni.

6. Verndun og kynning minja á skráningarsvæðinu

Um dreifingu minjastaða gildir sú meginregla að flestar fornleifar eru í heimatúnum, í og við bæi. Því fækkar fornleifum eftir því sem fjær dregur frá bæ. Á bæjum sem búið hefur verið á alla 20. öld hafa undantekningalítið átt sér stað gagngerar breytingar; ný íbúðarhús hafa verið byggð og útihús endurnýjuð eða byggð frá grunni. Sömuleiðis hafa tún verið sléttuð, skurðir grafnir, vegir heim að bæ lagfærðir o.s.frv. Það er því algengt að næstum ekkert sé eftir af þeim fornleifum sem voru sýnilegar heima við bæi í upphafi 20. aldar. Af þessum sökum er algengt að um eða meira en helmingur fornminja á hverri jörð (að meðaltali) sé horfinn af yfirborði og var sú raunin í Arnarneshreppi þar sem öll ummerki voru horfin á 53% minjastaða. Ræður þar mestu að sveitin er þéttbýl og að mestu leyti ennþá í byggð. Brýnt er að gerðar verði ráðstafanir til að koma í veg fyrir frekari eyðileggingu fornleifa nærri byggð á svæðinu. Eins og áður hefur komið fram var gert hættumat fyrir flesta minjastaðina. Um 23% minjastaða töldust ekki í hættu og voru það gjarnan minjar fjarri bæ og stundum í þverdölum. Mun fleiri minjastaðir (eða 73%) reyndust í einhverri hættu, oftast einfaldlega vegna nálægðar við bæi og tún í ræktun. Í stórhættu töldust 4% minjastaða oftast vegna trjáræktar eða rofs (sjá nánar um minjastaði í stórhættu í *Viðhengi 2, Lista 5*).



Allar þær minjar sem skráðar voru í fornleifaskráningu 2006-2007 njóta verndunar samkvæmt þjóðminjalögum og eru því jafn hátt settar í lögunum. Hins vegar eru minjarnar þúsund auðvitað eins misjafnar og þær eru margar. Sumir minjastaðanna kunna að vera frá fyrstu öldum byggðar á svæðinu en aðrir eru frá því um aldamótin 1900, sumar minjanna eru alveg horfnar á meðan aðrar standa enn undir þaki eða eru greinilegar rústir. Margar af fornleifunum eru í alfaraleið en aðrar eru fjarri bæ og allri umferð.

Mat á gildi minjastaða hlýtur alltaf að vera álitamál og mótast af tíðaranda og áhuga hvers og eins. Fram til þessa hefur friðlýsing – þinglýst kvöð á landareign um ævarandi verndun minjastaðar – verið helsta tækið til að skilgreina sérstaklega merkilega minjastaði. Í friðlýsingu minja felst ákveðin mótsögn þar sem allir minjastaðir hundrað ára og eldri njóta lögum samkvæmt verndunar, og er því lögfræðilegt álitamál hvort friðlýstar fornleifar eru í

raun á einhvern hátt rétthærri en aðrar minjar. Friðlýsingar byggja upphaflega á lögum um verndun fornminja frá 1907. Flestar friðlýsingar fornminja voru gerðar fyrir 1940 og aðeins hafa örfáar fleiri fornleifar fengið þann virðingarsess á undanförnum áratugum þótt fornleifaskráning og fornleifarannsóknir hafi margfaldast á þessu sama tímabili. Friðlýsingarnar mótuðust því af tíðarandanum á fyrri hluta 20. aldar og byggja oft fremur á rómantískri trú á staðfræði Íslendingasagna heldur en fornleifafræðilegum staðreyndum. Friðlýsingarnar voru líka gerðar áður en fornleifaskráning komst á skrið og byggja því ekki á heildaryfirsýn um fornleifar. Því er viðbúið að fjölmargir staðir sem hefðu talist nógu merkilegir til að vera friðlýstir njóti ekki friðlýsingar einfaldlega vegna þess að ekki var um þá vitað á millistríðsárunum þegar mest var friðlýst. Lengi hefur verið rætt um að endurskoða friðlýsingarnar eða jafnvel afnema þær að hluta eða öllu leyti, en ennþá hefur ekkert verið hreyft við þeim. Á meðan hefur friðlýsingum fornleifa verið gefið mikið vægi í skipulagsmálum og er algengt að við skipulagsgerð sé einblínt á þá staði innan sveitarfélaga sem eru friðlýstir en hinir látnir liggja á milli hluta. Með þessu verða friðlýsingarnar fremur hindrun en hækja í minjavernd, sér í lagi í ljósi þess að meðal þeirra eru ýmsir staðir þar sem allt eins má ætla að fornleifar hafi aldrei verið að finna, þar eru staðir sem eru með öllu horfnir fyrir mörgum áratugum og staðir sem ómögulegt er að rökstyðja að séu öðrum minjastöðum fremri. Á friðlýsingaskrá eru ekki skilgreind minjasvæði líkt og á náttúruminjaskrá heldur aðeins stakar fornleifar og sjaldnast línulegar fornleifar, þ.e. fornleifar sem ná yfir margar jarðir s.s. garðlög og leiðir.

Að samanlögðu má segja að friðlýsingaskrá sé afar óheppilegt tæki til að varpa ljósi á merkustu minjastaði í hverju sveitarfélagi og því ekki góð leið að byggja á henni við gerð skipulagsuppdrátta eða sem flokkun á minjum sem sérstaka athygli ætti að vekja á.

Í Arnarneshreppi eru tvær friðlýstar fornleifar.[16]. Báðir staðirnir eru í landi Syðri-Bakka og þeir eiga það einnig sameiginlegt að þeir voru friðlýstir fremur nýlega (1984) og teljast býsna merkilegir. Annar staðurinn er eyðibýlið Miðbakki (071:006). Þar sjást umfangsmiklir landamerkjagarðar, túngarðar og tóftir. Býlið var löngu komið í eyði þegar Árni og Páll rita jarðabók sína en annars er lítið vitað um upphaf þess og örlög. Prufuhola sem tekin var í eina rústina 1980 leiddi í ljós vegleg gólflög en umfang hennar var of lítið til að segja mikið um hlutverk tóftar. Við skráningu á minjunum 2007 fundust ellefu tóftir og einn túngarður sem markar af um 450 x 200 m stórt svæði. Tóftirnar reyndust allar í svipuðu ástandi og ekki eru nein augljós merki um yngri byggingarstig eða að einhverjar tóftir hafi verið endurnýttar til annars eftir að þær voru upprunalega yfirgefnar. Landamerkjagarðar

[16]Í raun er þó bara ein friðlýsing á svæðinu en nær hún til tveggja fornleifa og er því svo talið hér.

umhverfis býlið sem og nafnið Mið-Bakki gefur ákveðna vísbendingu um að býlið kunni að hafa byggst upp á svipuðum tíma og Bakkabærinn greindist upp í einingar sem líklega voru í upphafi Syðri-, Mið- og Ytri-Bakki. Mjög forvitnilegt væri að kanna þessar rústir frekar og reyna að skera úr um aldur þeirra, upphaf og endilok en ekki síður búskaparhætti, efnahagsstöðu bæjarins og daglegt líf. Hinn friðlýsti staðurinn á Syðri-Bakka eru tvær fornlegar rústir sunnan undir Bjarnarhól á Bakkaásum (071:007). Rústirnar er helst álitnar stekkjartóftir og hjá þeim er hola sem gæti verið brunnur. Önnur tóftin er tvískipt og að mörgu leyti hefðbundin stekkjartóft en hin er óljósari en gæti hugsanlega verið lítil tóft í gerði.

Hér verður stungið upp á hóp minja og minjasvæða til viðbótar við friðlýstu staðina tvo, sem gætu einnig átt heima á sérstökum úrvals minjalista. Samtals er hér stungið upp á 29 minjum/minjasvæðum sem þykja verðugir sérstakrar athygli. Ýmsar ástæður liggja að baki vali minjastaðanna. Sumir þeirra eru einfaldlega fágætir á þessum slóðum og því brýnt að vernda síðustu fulltrúa ákveðins minjaflokks á svæðinu, aðrar minjar teljast hafa sérlega mikið rannsóknargildi og ber að huga sérstaklega að varðveislu þeirra af þeim sökum og enn annar hluti þeirra minja sem hér eru valdar í hóp úrvalsminja eru, auk þess að vera áhugaverðar, bæði sjónrænar og aðgengilegar og gætu því hentað vel til kynningar á svæðinu fyrir ferðamönnum jafnt sem heimamönnum og mætti t.d. nýta í uppbyggingu útivistarsvæða.

Af fornleifum á skráningarsvæðinu sem hafa óvenju mikið verndunar-, rannsóknar- og eða kynningargildi má nefna:

1. *Bæjarhóll og öskuhaugur á Möðruvöllum (068:001 og 068:025)* eru merkir minjastaðir og þar leynast merkileg mannvistarlög undir sverði. Sjálft bæjarstæðið er bakvið (vestan við) bústjórahús, b. 1938. Það er ekki með kjallara og forveri þess, timburhús byggt 1892, var með grunnum handgröfnum kjallara. Á þessum stað hefur því ekki verið annað rask en trjárækt síðan bærinn var rifinn snemma á 20. öld. Yst og neðst í eða við bæjarhól er Stefánsfjós (068:006) og niðurgrafin hlaða við það hefur skemmt mannvistarleifar, m.a. komu þar í ljós brunaleifar við byggingaframkvæmdir og mögulegt er að bygging fjóss á suðvesturhluta bæjarstæðisins 1934 hafi einnig skemmt fornleifar í jörðu. Núverandi prestbústaður stendur þar sem skólahús frá 1879 og amtmannssetur frá 1826 voru áður og munu leifar nyrðri hluta þeirra bygginga vera undir sverði norðan við prestbústaðinn en líklegt er að bygging hans hafi að öðru leyti eyðilagt húsgrunninn. Ekki er vitað um aðrar minjar á þessum syðsta hluta staðarins. Allur vestari helmingur gamla bæjarstæðisins er undir stórum öskuhaug, s.k. Öskuhól, sem hefur heldur ekki orðið fyrir öðru raski en trjárækt. Allt bendir til að leifar

miðaldabæjar og klausturs séu óskemmdar af seinni tíma raski undir sverði í bæjarhólnum. Það eykur á gildi Möðruvallaklausturs sem rannsóknarstaðar hvað bæjarhúsin (og kirkjan) hafa oft brunnið. Ætla má að brunalögin skipti mannvistarlagabunkanum í vel skilgreind skeið auk þess sem brunarnir hafa orsakað að byggja hefur þurft upp af grunni að minnsta kosti þrisvar (1184, 1316 og 1712). Það þýðir að leifar um byggingarhætti 12., 14. og 18. aldar ætti að vera að finna í jörðu á Möðruvöllum. Ljóst er að bæði bæjarhóllinn sjálfur sem og öskuhaugurinn geyma merkilegar minjar um forna tíma á Möðruvöllum og hafa því mikið rannsóknargildi. Sér í lagi hentar öskuhaugurinn prýðisvel til rannsókna og eru þær nú hafnar með könnunarskurði í hauginn. Ljóst er að búast má við miklum og merkilegum mannvistarleifum undir sverði á þessum slóðum.

2. *Gamla kirkjan og kirkjugarðurinn á Möðruvöllum (068:002).* Garðurinn er að mestu ósléttaður og eru ekki mörg tré í eldri hluta hans. Garðurinn er einn örfárra við sóknarkirkjur landsins sem ekki hefur verið sléttaður og er mikilvægt að hann fái að halda sér. Grafir eru á svæði þar sem nú er tún norðan við kirkjugarðinn og er mikilvægt að þess verði gætt að þar verði ekki rask. Ekki er vitað hvar norðurmörk grafreitsins eru. Mögulegt er að miðaldakirkjur á Möðruvöllum hafi verið stærri en núverandi kirkja og hugsanlegt að þær hafi ekki staðið á alveg sama stað. Því er ekki ólíklegt að hægt væri að rannsaka eldri kirkjugrunna, t.d. með jarðsjármælingum.
3. Á Möðruvöllum eru þrjár gamlar og merkar byggingar: kirkjan frá 1868 (068:002), stór og vönduð, svokallað *Leikhús (068:007)* frá 1881 og *Stefánsfjós (068:006)* frá 1902. Þær tvær síðastnefndu hafa tvímælalaust varðveislu- og kynningargildi, enda eru þær hvort tveggja sérstæðar og nátengdar sögu staðarins.
4. *Túnið í kringum Möðruvelli* hefur verið náttúrulega slétt og hefur aðeins lítill hluti þess verið sléttaður með stórvirkum vinnuvélum. Syðri hlutinn og Miðtúnið vestur af staðnum eru óskemmd og sjást þar víða ummerki um gamlar byggingar og garða. Á Nunnuhóli (068:014) sjást leifar kotsins sem þar stóð 1854-1937 og efst í túninu er tóft Sauðhúss (068:011) ósnert. Fyrir vestur- og suðvesturhlið túnsins er gríðarstór túngarður. Hið forna túnstæði Möðruvalla er merkilegar fornleifar sem nauðsynlegt er að varðveita óspillt. Ræktunarsaga Möðruvalla er án efa einn lykilinn að skilningi á sögu staðarins og rannsókn á þeirri sögu er aðeins hægt að gera með því að skoða þá hluta túnsins sem ekki hefur verið raskað með stórvirkum vinnuvélum. Heimatúnið í heild hefur því varðveislu- og rannsóknargildi.

5. *Fornar býlisrústir Jaðars (068:022)* sjást enn suðvestan við kirkjugarðinn á Möðruvöllum. Jaðar er talin meðal eyðikota "sem voru í kringum Möðruvallaklaustur en sem lögðust í eyði, þegar það varð amtmannssetur," í sóknarlýsingu frá 1841. Rústirnar hafa varðveislu-, kynningar- og rannsóknargildi.
6. *Tóftir Neskots (068:018)* eru suðvestan undir Neskotshólum, sem er þyrping af malarhólum norðvestan við Möðruvallaengi. Þar eru fjórir rústahólar, fjórar tóftir og tvö garðlög. Neskots er getið í upptalningu á eyðibýlum í sóknalýsingu frá 1841 og má vera að það hafi verið eitt af þeim kotum sem þar er sagt frá að hafi lagst í eyði er Möðruvellir urðu amtmannssetur 1782. Staðurinn hefur varðveislu- og kynningargildi í tengslum við Möðruvallastað og einnig nokkurt rannsóknargildi.
7. *Rjómabú (068:024) var stofnað á Möðruvöllum 1903* og starfaði það til 1915. Grunnur búsins sést enn vel og hefur tvímælalaust varðveislugildi. Samkvæmt heimildum stóðu 30 bændur úr Arnarnes-, Glæsibæjar- og Skriðuhreppum að búinu. Búið var starfrækt í um það bil tvo mánuði yfir hásumarið, í júlí og ágúst og var sauðamjólkin önnur aðaluppistaðan í hráefninu. Til eru ítarlegar lýsingar af húsinu og þeirri vinnslu sem þar fór fram og eykur það enn á gildi staðarins. Árið 1917 var rjómabúið keypt til niðurrifs. Grunnur hússins sést enn og sömuleiðis gólf þess og þró við suðurhlið þess, þar sem sjálft drifhjólið hefur skagað út í lækinn. Húsið sjálft var úr timbri og mun hafa verið skipt í tvennt, vinnslusal og geymslu. Tóftin sést nú aðeins sem nokkurn veginn ferhyrndur pallur og hlaðin og að hluta steypt þró sunnan við þar sem vatnshjólið var.
8. *Beitarhús (068:028) frá Möðruvöllum* voru á Beitarhúsahjalla og sjást rústir þeirra ennþá vel. Beitarhúsatóftirnar eru rétt ofan við fjallgirðingu á norðurbakka Staðarár og brýtur hún af þeim. Kvísl úr Staðará rennur einnig í skorningi norðan við tóftirnar og því er rústasvæðið í talverðri hættu sökum vatnsaga. Staðurinn hefur tvímælalaust varðveislu- og rannsóknargildi og þyrfti að grípa til aðgerða til að koma í veg fyrir að Staðará gangi frekar á þær.
9. Norðarlega í landi Óss eru *tveir fornlegir rústahólar og tóft* (mögulega stekkur) innan gerðis *(069:023)*. Staðarins er ekki getið í ritheimildum, örnefnaskrá eða öðru, en umfang rústa bendir til að hann gæti verið lítið býli. Um 220 m norðaustur af staðnum eru *þrjár fornlegar tóftir (069:021)*, útihús af einhverju tagi, einnig óþekktar úr

ritheimildum.[17] Nálægð þeirra við hinar rústirnar gæti bent til þess að tengsl væru á milli þeirra. Svæðið er mjög spennandi minjasvæði, ekki síst í ljósi þess að þetta er nálægt landamerkjum Óss og Hvamms, en Hvammsmegin landamerkjanna er talsverð saga smærri býla (þótt hún nái skv. ritheimildum ekki mjög langt aftur).

10. *Tveir kumlastaðir eru líklega í landi Syðri-Bakka* og hefur hvorugur verið rannsakaður að fullu ennþá. Fyrst er að nefna *Dysnes (071:009)* þar sem þústir sem líkjast kumlum fundust vettvangsrannsókn en hafa aldrei verið rannsakaðar. Hins vegar er það *Kumlholt (071:013)* en þar leynast nokkrar þústir (hugsanlega allt að sex) í röð frá norðri til suðurs, og holur í þeim með sömu stefnu. Grjót er í syðstu kumlunum tveimur en rofskallar eru á milli, grónir. Sumarið 2006 stóð Fornleifastofnun Íslands fyrir könnunargreftri í eina þústina á Kumlholti og leiddi rannsóknin í ljós það sem virtist vera rænt kuml. Fundust þar hælbein úr manni og rónaglar og er því nokkuð öruggt að um kuml er að ræða. Fullnaðarrannsókn er ekki lokið. Ljóst er að fleiri kuml eru umhverfis og kunna sum þeirra jafnvel að vera óröskuð. Kumlholt og Dysnes hafa því bæði mjög mikið varðveislu- og rannsóknargildi.
11. Á undanförnum árum hefur áhugi manna á fornum garðlögum aukist til muna. Talsverðar rannsóknir hafa farið fram á miklum garðakerfum í Suður-Þingeyjarsýslu og jafnvel þó að umfang þeirra sé óvíða eins mikið og greinanlegt eins og þar þá hafa menn í auknu mæli tekið eftir garðlögum í fleiri sveitum sem hugsanlega gætu verið hluti af áþekkum kerfum eða, í það minnsta fornum garðlögum. Talsvert af garðlögum er þekkt í Dalvíkurbyggð og á Árskógsströnd og það þarf því e.t.v. ekki að koma á óvart að í Arnarneshreppi fundust nokkur ummerki garða sem virtust fornir og hugsanlega frá fyrstu öldum byggðar. Þessir garðar hafa í flestum tilfellum eitthvað verið skemmdir en brýnt er að koma í veg fyrir frekari skemmdir enda hafa þeir talsvert kynningar- og rannsóknargildi. Flestir garðanna virðast hafa verið landamerki eða hagagarðar og ef þeim helstu má nefna *Þvergarð (070:008) í Pálmholtslandi, þrjá ónefnda garða í landi Syðri-Bakka (sem m.a. hafa markað land býlisins Mið-Bakka 071:027, 071:028, 071:030), Þvergarður (072:056) í landi Ytri-Bakka, merkjagarður á merkjum Bragholts og Ytri-Bakka-073:007 og landamerkjagarður (095:009)* milli Þrastarhóls og Hallgilsstaða.

[17] Ekki er útilokað að Hallfríðarbyrgi eða Hallfríðarstaðabyrgi **069:011** sem er um 280 m norður af staðnum (og greinilegir götuslóðar **EY-069:041** frá því að "býlinu" og áfram til suðurs) séu upprunalega kennt við býlið sem þá hefði borið það nafn. Hins vegar er einnig mögulegt að Hallfríðarstaði í Hörgárdal.

12. *Túngarðurinn í Arnarnesi (074:029)* er mjög misgreinilegur. Þegar þær minjar sem greinilega má sjá á vettvangi eru lagðar saman við það sem greina má á loftmynd verður ljóst að garðurinn hefur afmarkað um 830 X 150-320 m stórt svæði og snúið NNV-SSA. Aðeins má greina hluta þessa garðs á jörðu niðri enda hefur stór hluti verið sléttaður í tún. Umfang garðlagsins og þær leifar sem sjá má af loftmynd og á jörðu benda til að hluti garðlagsins kunni að vera talsvert forn en að túngarði hafi verið haldið við mjög lengi. Hann hefur mikið varðveislugildi.
13. Meðal yngri minja sem skráðar voru var he*imatúnið í Torfnesi og þær tóftir og mannvirki sem þar leynast (079:022)*. Þessar leifar eru ungar, en bærinn komst í byggð 1911 og er því rétt ófarinn inn á minjaskrá (þar sem miðað er við minjar 100 ára eða eldri). Þrátt fyrir þetta er minjasvæðið skemmtilegt og óhætt að mæla með varðveislu þess, sér í lagi þar sem saga bæjarins og ábúenda er þekkt og skemmtilegt. Í túninu eru fimm tóftir ásamt lendingu í Byttuvík. Bærinn stóð á brekkubrún en því miður var talsvert sléttað úr bæjarhóli fyrir um 15 árum. Íbúðarhúsið var timburhús á steyptum og grjóthlöðnum grunni og var lítill kjallari í suðurenda hússins. Reiðingur var notaður sem einangrun og var öskuhaugur austan í brekku austan og fast neðan við bæinn. Síðasti ábúandi á jörðinni var með vindrafstöð fyrir 5-6 perur. Í túninu eru einnig stæðilega tóftir útihúsa, s.s. fjárhús, kálgarður og skemma. Í Byttuvík var svo eins og áður segir lending og þar var einnig sjóhús þar sem síðasti ábúandi geymdi árabát og veiddi hann aðallega rauðsprettu. Síðasti ábúandi seldi fiskinn með mjólkurbílnum en spáði einnig fyrir um veður og sendi spána með mjólkurbílnum. Sökum þess hversu stutt er síðan bærinn fór í eyði en mikill fróðleikur þekktur um ábúendur og búskaparhætti og því brýnt að halda þeim honum sem og þeim rústum og minjum sem eftir eru, til haga og varðveita.
14. Athyglisverð *tóft* fannst inni í skógarreit við Freyjulund, í landi Ytri-Reistarár *(085:020)*. Tóftarinnar er ekki getið í heimildum. Hún er nærri landamerkjum Ytri- og Syðri-Reistarár. Tóftin er nokkuð sigin og fornleg með skálalagi en alveg er óvíst hvort hún var mannabústaður. Umhverfis hana er mjög þéttur trjágróður og telst hún í stórhættu vegna þess. Hún hefur hins vegar gott varðveislu- og rannsóknargildi.
15. Þegar valdir eru áhugaverðir minjastaðir verða oft fyrir valinu fornlegar tóftir með óþekkt hlutverk, gömul býli eða miklir garðar. Stundum gleymist að ekki er síður mikilvægt að vekja athygli á og vernda hversdagslegri leifar. Dæmi um slíkan minjastað eru *stæðilegir og vel varðveittir kartöflugarðar í Garðakinn á Syðri-*

Reistará (086:007). Þar sem árið í ár er ár karöflunnar þykir við hæfi að benda á garðana sem eru mjög gott og vel varðveitt dæmi um kálgarða frá 19. og 20. öld.

16. *Skiptagerði (086:015)* á landamerkjum Hvamms og Syðri-Reistarár var komið í eyði þegar Árni og Páll rita jarðabók sína 1712. Þar sjást enn vel varðveittar minjar, sex tóftir og túngarður. Engin þeirra tófta sem nú sést á yfirborði minnir á mannabústað en vel má vera að svæðið hafi verið endurnýtt sem sel eða stekkur eftir að búskap lauk. Svæðið hefur mikið varðveislu-, kynningar og rannsóknargildi.
17. *Á og við Stekkjarhóla (Efri og Neðri) í landi Hvamms eru umtalsverðar minjar (088:019, 013, 021 og 024)* og sumar þeirra mjög fornlegar. Guðmundur Ólafsson skoðaði staðinn á sínum tíma og taldi að þarna hefði verið býli. Örnefnið gefur til kynna að þarna hafi verið stekkur, en umfang minjanna getur hins vegar rennt stoðum undir það að þarna hafi einhverju sinni verið umfangsmeiri mannvist, jafnvel býli. Tóftirnar hafa gott varðveislu- og rannsóknargildi.
18. *Hofstofan (090:001) á Hofi* var byggð 1828 en hún er að mestu nýtt sem sumarhús. Húsið er járnklætt timburhús sem byggt var af Þorsteini Daníelssyni og er friðað. Húsið og bæjarhóllinn sem það stendur á hafa því mikið varðveislugildi.
19. Aðeins fundust leifar af seljum á tveimur stöðum í Arnarneshreppi. Tóftir *Hofsels (090:011)* eru um 1300 m VNV við Hof. Á þessum stað eru tvær signar og fornlegar tóftir sem hafa varðveislu- og kynningargildi. Rústir í landi Ytri-Reistarár eru hins vegar mun ógreinilegri og er svæðið allt hlaupið í þúfur og illgreinanlegt.
20. Um 350 m sunnan við bæ á Hofi er hóll sem nefnist *Malargryfjuhóll (090:022).* Í hólnum hafa tvisvar sinnum fundist svínshauskúpur sem samkvæmt örnefnaskrá voru með stórum vígtönnum. Aðeins hafa komið upp hauskúpur en ekki önnur bein. Þessi fundur er afar athyglisverður og bendir allt til að hann sé mjög forn. Staðurinn hefur því mikið rannsóknargildi.
21. Á skráningarsvæðinu eru nokkrir skemmtilegir stekkir og einn þeirra *090:032* er skammt frá þjóðvegi í Hofslandi, um 650 m norðan við bæ. Stekkurinn er fornleg tóft og að mörgu leyti dæmigerð stekkjartóft. Hún hefur varðveislu- og kynningargildi.
22. Í Jarðabók Árna og Páls er getið um *Rauðagerði (093:005)* og telja þeir félagar að þar hafi verið "þrælsgerði". Af lýsingu þeirra má dæma að býlið hafi þá verið löngu komið í eyði. Ummerki um Rauðagerði sjást ennþá og hafa rústirnar varðveislu- og rannsóknargildi.
23. *Nokkrar fornlegar tóftir (094:006)* eru í hvammi sunnan við Arnbjargarhól Guðmundur Ólafsson skráði tóftirnar árið 1985 sem býlisrústir en ekki er ljóst hvaða

heimildir hann hafði fyrir hlutverki þeirra, enda eru þær aðeins þekktar úr örnefnaskrá. Rústirnar eru engu að síður áhugaverðar en minna meira á skepnuhús og aðhöld. Þær eru í hættu vegna skógræktar en hafa varðveislu- og rannsóknargildi.

24. Afar fáar fjárhúsrústir eru eftir á skráningarsvæðinu og er full ástæða til að huga að varðveislu þeirra sem eftir standa. Tvö slík hús eru á Þrastarhóli. Annars vegar er það *Gerðishús (095:005) og hins vega Hólshús/Lambhús (095:018)*. Gerðishús er í talsverðri hættu. Það er í þéttum skógi í nágrenni sumarbústaðar og Hólshúsi stafar einnig hætta af skógrækt þó hún sé styttra á veg komin. Hólshús var notað langt fram eftir 20. öld en þar hafa að líkindum staðið útihús um aldaskeið.
25. Leifar af *heimilisrétt (095:029)* sjást enn á Þrastarhóli, við Þrastarhólsá. Hún er einföld og hlaðin úr grjóti en á margan hátt dæmigerð fyrir réttir sem flestar eru horfnar á þessu svæði. Réttinni stafar hætta af Þrastarhólsá sem er búin að brjóta af ytra byrði norðurveggjar. Réttin hefur mikið varðveislugildi.
26. *Bæjarhóllinn á Hallgilsstöðum (096:001)* er stór og mikill. Íbúðarhúsið á jörðinni brann 1928 og var þá byggt steinhús en föst búseta lagðist af 1976 og brann steinhúsið árið 1980. Engar byggingar eru því eftir á bæjarhólnum en þar eru nokkur stæðileg tré. Bæjarhóllinn er 60 X 50 m að stærð og mest 4 m á hæð. Í suðurjaðri hólsins er um 4 m langt rofabarð og þar má sjá torf og öskulög og sést einnig glitta í bein og gripi í barðinu. Leirkersbrot sem sást í rofinu var brot úr disk eða skál úr rauðleitum jarðleir og er frá 18.-19. öld. Ljóst er að hólnum er hætta búin en hann hefur mikið varðveislu- og rannsóknargildi.
27. Leifar um veru hermanna í Arnarneshreppi á stríðsárunum má sjá á nokkrum stöðum þótt víða sé búið að má þær alveg af yfirborði. Um 40 m austan við þjóðveg, í Skeiðsmel stendur enn *stakur braggi og átta braggagrunnar eru umhverfis (097:006)*. Kampurinn hét því skemmtilega nafni Pity-me-camp. Full ástæða er til að reyna að varðveita eitthvað af þeim fáu minjum sem eftir eru um veru hermanna í hreppnum og því hafa leifar Pity-me-camp því gott varðveislugildi.
28. Á Björgum eru leifar af koti sem nefnt er *Róðukot (098:007)*. Leiddar hafa verið að því getur að Róðukot séu Akrar hinir fornu. Bæjarins Akra í Hörgárdal er getið í Ljósvetningasögu og býli með því nafni er skráð meðal eigna Möðruvallklausturs árið 1477. Búið er að slétta yfir rústirnar en þó sést enn móta fyrir þeim sem lautum á hólnum í túninu þar sem bæjarstæðið var og stæðilegir rústahólar sjást enn. Garðlag sem hefur legið umhverfis rústirnar er einnig óskemmt að hluta. Staðurinn hefur mikið varðveislu- og rannsóknargildi.

29. Hlaðnar skilaréttir hafa gjarnan vikið á síðustu áratugum, ýmist vegna bygginga nýrra rétta, niðurrifs eða annars ágangs. Í Arnarneshreppi er hins vegar ein stæðileg skilarétt sem hefur því mikið varðveislugildi. Það er Þorvaldsdalsrétt (633:004). Gildi réttarinnar er gott eitt og sér en staðsetning hennar, í miðjum Þorvaldsdal sem er í heild sinni einstakt minjasvæði, gerir það að verkum að hiklaust ber að varðveita hana og hún hefur talsvert kynningargildi í tengslum við aðrar minjar á svæðinu, bæði í Arnarneshreppi sem og í Dalvíkurbyggð og Hörgárbyggð.

Heimildaskrá

AÍ: *Alþingisbækur Íslands* I-XVII. Reykjavík. 1912-1990.

Ágúst Sigurðsson: "Í kytrum kotalífs". *Dagur*, 27. júní 1998.

Bjarni E. Guðleifsson: "Óbyggðaleiðir umhverfis Þorvaldsdal og Hörgárdal" *Árbók ferðafélagsins 1990*.

Björn M. Ólsen: "Smávegis". *Árbók hins íslenzka fornleifafélags 1899*, 19-28.

Brynjúlfur Jónsson: "Rannsókn í Norðurlandi sumarið 1905". *Árbók hins íslenzka fornleifafélags 1906*, 1-27.

BE: *Byggðir Eyjafjarðar* I-II. Akureyri. 1973.

BE 1990: *Byggðir Eyjafjarðar 1990* I-II. Akureyri. 1993.

Bæksted: Anders Bæksted: *Islands runindskrifter*, (Bibliotheca arnamagnæana II). Kaupmannahöfn. 1942.

Bændur og Búhagir: *Bændur og búhagir í Arnarneshreppi 1824-1960.* Eyfirðingarit 2. Hannes Davíðsson. Sögufélag Eyfirðinga. Akureyri.

DI: *Diplomatarium Islandicum eða Íslenzkt fornbréfasafn* I-XVI. Kaupmannahöfn og Reykjavík. 1853-1976.

Einar Bjarnason: 'Rúnasteinar og mannfræði.' *Árbók hins íslenzka fornleifafélags 1971*, 46-73.

Finnur Birgisson: *Leikhúsið á Möðruvöllum. Stutt greinargerð.* [1992].

FF: *Frásögur um fornaldarleifar 1817-1823.* Sveinbjörn Rafnsson bjó til prentunar. Stofnun Árna Magnússonar. Reykjavík. 1983.

Friðlýsingaskrá: *Fornleifaskrá: skrá um friðlýstar fornleifar.* 1990. Ágúst Ó. Georgsson tók saman. Reykjavík.

Gils Guðmundsson: *Skútuöldin.* 1944-1946. Bókaútgáfa Guðjóns Ó. Guðjónssonar. Reykjavík.

GÓ 1985: Guðmundur Ólafsson. Gögn um fornleifaskráningu Guðmundar Ólafssonar í Arnarneshreppi 1985 (óútg.), Þjóðminjasafn Íslands, fornleifadeild.
Gráskinna hin meiri I-II, útgefendur Sigurður Nordal & Þórbergur Þórðarson. Reykjavík. 1962.

Harrison, R og Roberts, H.M.: *The Midden at Möðruvellir 2006: PreliminaryExcavation Report* (FS338-06381). Fornleifastofnun Íslands, Reykjavík, 2006.

Harrison, R. og Roberts, H.M.: *The Midden at Möðruvellir, 2007: Preliminary Excavation*

Report (FS365-06382). Fornleifastofnun Íslands, Reykjavík, 2007.

Harrison, R.: *Midden Excavation at Möðruvellir, and Prospection in Hörgárdalur:Interim Field Report, Gásir Hinterlands Project 2008* (FS402-06383). Fornleifastofnun Íslands, Reykjavík og New York, 2008.

Helgi Hallgrímsson: "Huldufólksstaðir og aðrir átrúnaðarstaðir í Arnarneshreppi, Eyjafirði" *Heimaslóð 1994-1996*, 13-15 árg.

Helgi Hallgrímsson: *Söguminjaskrá Eyjafjarðar*, handrit á Minjasafninu á Akureyri.

Hreinn Ragnarsson: "Þýsk útgerð á Hjalteyri" *Súlur 1998*: 150-159.

Hulda Á. Stefánsdóttir: *Minningar Huldu Á. Stefánsdóttur* I. *Bernska*, Reykjavík. 1985.

ÍF: *Íslenzk fornrit,* Reykjavík. 1933-.

JÁM: *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín* 1-11. Kh. 1913-43; 12-13. Reykjavík. 1990.

JJ: Johnsen, J: *Jarðatal á Íslandi.* Kaupmannahöfn. 1847.

Jón Hjaltason. *Hernámsárin á Akureyri og Eyjafirði*, Hólar, 1991.

Jón Þór Benediktsson. "Hjalteyri - Sjávarþorp við Eyjafjörð". *Súlur 2004*: 89-118.

KK/Kaalund: P.E. Kristian Kålund: *Íslenzkir sögustaðir* III. *Norðlendingafjórðungur*. Haraldur Matthíasson þýddi. Reykjavík. 1986.

KEKH: Kristján Eldjárn: *Kuml og haugfé í heiðnum sið á Íslandi*. Akureyri. 1956.

KE:Árb 1965: Kristján Eldjárn. "Kuml úr heiðnum sið, fundin á síðustu árum". *Árbók hins íslenzka fornleifafélags 1965.*

LE I: *Lýsing Eyjafjarðar I.* Steindór Steindórsson frá Hlöðum. Eyfirðingarit I. Norðri. Akureyri. 1949.

Minningar frá Möðruvöllum. 1943. Brynjólfur Sveinsson sá um útgáfuna, Reykjavík.

Möðruvallatíðindi. Möðruvöllum 1990-.

Ólafur Jónsson: *Berghlaup.* Ræktunarfélag Norðurlands. Akureyri.

Ólafur Davíðsson (safnaði): *Þjóðsögur Ólafs Davíðssonar I.* Þorsteinn M. Jónsson. Akureyri. 1935.

ÓO: Ólafur Olavius: *Ferðabók: landshagir í norðvestur-, norður-, og norðaustursýslum Íslands 1775-1777* I-II. Steindór Steindórsson þýddi. Reykjavík. 1964-65.

Saga Menntaskólans á Akureyri 1880-1890 I-III, Gísli Jónsson ritstj.. Akureyri. 1981.

‘Skýrsla um viðbót við Þjóðmenjasafnið 1912.’ *Árbók hins íslenzka fornleifafélags 1914*, 38-83.

SSE: *Sýslu- og sóknalýsingar Hins íslenzka bókmenntafélags 1839-1854*, (Eyfirzk fræði II). Akureyri. 1972.

Stefán Halldórsson: “Rjómabúið á Möðruvöllum.” *Heimaslóð* 1991-93, 46-54.

Steindór Steindórsson: *Lýsing Eyjafjarðar*. Fyrri hluti, (Eyfirðingarit I), Akureyri. 1949.

Steindór Steindórsson: *Möðruvellir í Hörgárdal*. Akureyri. 1956. (sérpr. úr *Jólablaði alþýðumannsins* 1955).

Sturlunga saga. Örnólfur Thorsson ritstj.. Reykjavík. 1988.

TE: Tryggvi Emilsson. *Fátækt fólk.* Mál og menning. Reykjavík. 1973.

ÞT Ferðabók: Þorvaldur Thoroddsen: *Ferðabók. Skýrslur um rannsóknir á Íslandi 1882-1898* I-IV. Reyjavík. 1913-15.

Óútgefið efni:

Eiríkur Þormóðsson: *Möðruvallaklaustur*, lokaritgerð í sagnfræði, Háskóli Íslands. 1966.

H-6/39 Arnarneshreppur - Úttektargjörð 1898

Hildur Gestdóttir, munnleg heimild, 9.9. 2008

Túnakort. Þjóðskjalasafn Íslands.

Örnefnaskrár:

Ö-Arnarneshreppur: Örnefnaskrá Eyjafjarðarsýslu. Arnarneshreppur, Jóhannes Óli Sæmundsson skráði, (ártal vantar). Héraðsskjalasafnið á Akureyri.

Ö-Arnarnes: Örnefnaskrá fyrir Arnarnes. Margeir Jónsson skráði eftir Þorláki bónda á Reistrará, 1936. Örnefnastofnun Íslands.

Ö-Arnarnesviðb: Viðbætur við örnefnaskrá Arnarness. Aðalsteinn Jónsson skráði, 1985. ÖrnefnastofnunÍslands.

Ö-Ár: Örnefnaskrá Árskógsstrandar. Jóhannes Óli Sæmundsson tók saman, (ártal vantar). Hérðaðsskjalasafn Akureyrarbæjar og Eyjafjarðarsýslu

Ö-Baldursheimur: Örnefnaskrá fyrir Baldursheim, Aðalsteinn Jónssona skráði, 1985. Örnefnastofnun Íslands.
Ö-Baldursheimur: Örefnaskrá fyrir Baldursheim. Margeir Jónsson skráði, (ártal vantar). Örnefnastofnun Íslands.

Ö-Fagraskógar og Torfnes: Örnefnaskrá fyrir Fagraskóg og Torfnes. Jóhannes Óli Sæmundsson tók saman. Héraðskjalasafnið á Akureyri.

Ö-Hvammur, Hvammkot og Hof: Örnefnaskrá fyrir Hvamm, Hvammkot og Hof. Þorlákur ?-son á Reistará skráði, (ártal vantar). Örnefnastofnun Íslands.
Ö-Hvammur: Örnefnaskrá fyrir Hvamm. Aðalsteinn Jónsson skráði, 1985. Örnefnastofnun Íslands.

Ö-Kjarni: Örnefnaskrá Kjarna. Margeir Jónsson skráði eftir handriti Sveins Friðrikssonar, (ártal vantar). Örnefnastofnun Íslands.
Ö-Kjarni og Syðri-Kambhóll: Örnefnaskrá fyrir Kjarna og Syðri-Kambhól. Jóhannes Óli Sæmundsson tók saman. Héraðskjalasafnið á Akureyri.
Ö-Kjarni, Syðri- og Syðsti-Kambhóll: Örnefnaskrá fyrir Kjarna, Syðra- og Syðsta-Kambhól. Helgi Helgason (heimildamaður). Aðalsteinn Jónsson skráði, 1985. Örnefnastofnun Íslands.

Ö-Ós: Örnefnaskrá fyrir Ós. Margeir Jónsson skráði, (ártal vantar). Örnefnastofnun Íslands.
Ö-Ós Viðb: Viðbætur Sigríðar Axelsdóttur. Jónína Hafsteinsdóttir skráði, 1985. Örnefnastofnun Íslands.

Ö-Pálmholt: Örnefnaskrá fyrir Pálmholt. Jón Kjartansson skráði árið 1982. Örnefnastofnun Íslands.
Ö-Pálmholt og Búland: Örnefnaskrá fyrir Pálmholt og Búland, viðbætur. Ólafur Kjartansson. Aðalsteinn Jónsson skráði, 1985. Örnefnastofnun Íslands.

Ö-Skriðuland: Örnefnaskrá fyrir Skriðuland. Aðalsteinn Jónsson skráði, 1985. Örnefnastofnun Íslands.
Ö-Skriðuland: Örnefnaskrá fyrir Skriðuland. Margeir Jónsson skráði, (ártal vantar). Örnefnastofnun Íslands.

Ö-Syðribakki: Örnefnaskrá fyrir Syðri-Bakka. Þorlákur bóndi á Reistrará og Halldór Ólafsson Búlandi tóku saman, um 1935. Samlesið G.S.M. Örnefnastofnun Íslands.
Ö-Syðri-Bakka: Örnefnaskrá fyrir Syðri-Bakka. Jóhannes Óli Sæmundsson tók saman. Héraðskjalasafnið á Akureyri.

Ö-Syðri-Kambhóll: Örnefnaskrá fyrir Syðri-Kambhól. Margeir Jónsson skráði eftir handriti Sveins Friðrikssonar, (ártal vantar). Örnefnastofnun Íslands.

Ö-Syðri-Reistará: Örnefnaskrá fyrir Syðri-Reistará. Skrásetjari og ártal óuppgefið. Örnefnastofnun Íslands.
Ö-Syðri-Reistará, viðb: Viðbætur við örnefnaskrá Syðri-Reistarár. Aðalsteinn Jónsson skráði, 1985. Örnefnastofnun Íslands.

Ö-Ytri-Bakki: Örnefnaskrá fyrir Ytri-Bakka. Margeir Jónsson skráði eftir handriti Þorláks bónda á Reistrará. Samlesið G.S.M., (ártal vantar). Örnefnastofnun Íslands.

Ö-Ytri-Kambhóll: Örnefnaskrá fyrir Ytri-Kambhól. Margeir Jósson skráði eftir handriti Sveins Friðrikssonar. Samlesið G.S.M., (ártal vantar). Örnefnastofnun Íslands.

Ö-Ytri-Reistará: Örnefnaskrá fyrir Ytri-Reistará. Aðalsteinn Jónsson skráði, 1985. Örnefnastofnun Íslands.
Ö-Ytri-Reistará: Örnefnaskrá fyrir Ytri-Reistará. Margeir Jónsson skráði, (ártal vantar). Örnefnastofnun Íslands.

Örn. G.S.M. (Pálmholt): Örnefnaskrá fyrir Pálmholt, athugasemdir og við bætur Guðrúnar S. Magnúsdóttur, 1982. Örnefnastofnun Íslands.

Örn.M.Jónssonar (Fagriskógur): Örnefnaskrá fyrir Fagraskóg. Margeir Jónsson skráði eftir handriti Sveins Friðrikssonar. Samlesið G.S.M., (ártal vantar). Örnefnastofnun Íslands.

Örn.St.Stefánssonar (Fagriskógur): Örnefnaskrá fyrir Fagraskóg og Torfnes. Stefán Stefánsson skráði, 1981.

Heimildamenn:
Arnarnes: Eygló Jóhannesdóttir f. 8.6.1958, Jón Þór Benediktsson f. 5.12.1972, Jóhannes Þ. Hermansson f. 26.3.1935 og Gunnar Ragnarsson f. 10.9.1929
Áslaksstaðir: Elín Sigríður Axelsdóttir f. 28.9.1921
Baldursheimur: Þorlákur A. Aðalsteinsson f. 11.8.1949.
Björg: Gestur Björnsson f. 3.12.1945
Bragholt: Guðrún Jónína Þorsteinsdóttir f. 4.12.1917 og Haukur Gils Jóhannson f. 15.5.1949
Dunhagakot: Árni Arnsteinsson f. 15.4.1954 og Haukur Hreinn Jónsson f. 4.1.1927
Fagriskógur: Magnús Vilhelm Stefánsson f. 30.12.1934
Hallgilsstaðir: Eggert Jónsson f. 16.10.1928
Hof: Gunnlaugur Pálmason f. 28.2.1923
Hvammur og Hvammkot: Þórður Guðmundur Þórðarson f. 11.7.1930.
Kjarni: Helgi Helgason f. 14.8.1918
Litla-Brekka: Jóhanna Jóhannsdóttir f. 6.10.1928
Litli-Dunhagi: Haukur Hreinn Jónsson f. 4.1.1927
Möðruvellir: Bjarni E. Guðleifsson f. 21.6.1942 og Torfi Hjaltalín Stefánsson f. 22.3.1953
Ós: Elín Sigríður Axelsdóttir f. 28.9.1921 og Borghildur Einarsdóttir f. 1.11.1927
Pálmholt: Ólafur Kjartansson f. 2.8.1931
Skriðuland: Jóhannes Þ. Hermansson f. 26.3.1935 og Helgi Helgason f. 14.8.1918.
Spónsgerði: Ásta Ferdinandsdóttir f. 25.6.1928
Stóra-Brekka: Jóhanna Jóhannsdóttir f. 6.10.1928
Syðra-Brekkukot: Jóhanna Jóhannsdóttir f. 6.10.1928
Syðri-Bakki: Helgi Helgason f. 14.8.1918 og Ólafur Kjartansson f. 2.8.1931
Syðri-Kambhóll: Jóhannes Þ. Hermansson f. 26.3.1935 og Magnús Vilhelm Stefánsson f.
Syðri-Reistará: Sveinn Þorbergsson f. 4.9.1931 og Ragna Petersen f. 3.1.1938.
Ytra-Brekkukot: Jóhanna Jóhannsdóttir f. 6.10.1928
Ytri-Bakki: Jón Þór Benediktsson f. 5.12.1972, Gunnar Ragnarsson f. 10.9.1929 og Jóhannes Þ. Hermansson f. 26.3.1935
Ytri-Kambhóll: Magnús Vilhelm Stefánsson f. 30.12.1934
Ytri-Reistará: Kristján Buhl Pétursson f. 13.6.1930, Magnús Kristjánsson f. 26.5.1961 og

Hans Pétur Kristjánsson f. 20.11.1962.
30.12.1934
Þrastarhóll: Vilborg Petersen f. 29.6.1934 og Jósef Tryggvason f. 19.8.1934

VIÐAUKI 1: HNIT Í LANDSHNITAKERFI (ISN93)

Samtala	Longitude	Latitude
EY-068001B	534361.92	586076.27
EY-068002C	534429.77	586046.69
EY-068003C	534400.39	585994.03
EY-068004A	534413.01	586085.35
EY-068005C	534410.44	586184.95
EY-068005C	534402.36	586126.77
EY-068006A	534380.27	586096.19
EY-068007C	534361.14	586052.61
EY-068007C	534385.79	586070.16
EY-068008B	534058.18	586177.46
EY-068009B	534036.68	586171.74
EY-068010B	534069.43	586262.86
EY-068011B	533985.8	586059.9
EY-068012B	533982.05	585887.52
EY-068013C	534030.77	585881.8
EY-068014B	534016.37	585784.56
EY-068015C	534372.38	586023.61
EY-068016A	534374.75	585993.83
EY-068017B	535933.1	587629.7
EY-068017B	535749.67	587277.44
EY-068017B	535874.92	587005.45
EY-068017B	535650.46	586843.72
EY-068017B	535456.19	586796.58
EY-068018B	535429.95	586972.12
EY-068019A	535229.96	586566.4
EY-068021A	534760.93	585955.76
EY-068021A	534809.45	585629.14
EY-068021A	535304.12	585152.03
EY-068021A	535295.83	585207.45
EY-068021A	535445.14	586599.34
EY-068021A	535500.56	586314.34
EY-068021A	534623.26	585467.61
EY-068021A	534709.06	586001.72
EY-068022C	534514.59	586003.69
EY-068024C	533969.23	586281.2
EY-068025A	534339.64	586107.24
EY-068026C	534168.63	585865.23
EY-068028A	533381.86	586507.43
EY-068029B	534272.38	585907.24
EY-068030C	534316.17	585950.83
EY-068031A	533781.46	585632.3
EY-068032A	534321.89	586362.46
EY-068033A	534209.86	585663.66
EY-068033B	534060.94	585708.63
EY-068033C	533914.6	585798.57
EY-068035A	534978.09	586259.7
EY-068036C	535554.21	587052.59
EY-068040A	535554.41	587172.31
EY-068040A	535439.62	587136.22
EY-069001	536227.97	589196.73
EY-069002	536275.3	589217.84
EY-069003	536268.99	589223.16
EY-069004	536282.21	589233.22
EY-069005	536268.01	589388.25
EY-069006	536217.71	589362.02
EY-069007	536356.56	589342.88
EY-069008	536308.64	589298.7
EY-069009	537140.18	590098.49
EY-069010	536739.79	589297.72
EY-069011	536564.85	590260.82
EY-069012	536391.28	589735.78
EY-069013	536207.85	589525.92
EY-069014	536279.84	589332.23
EY-069015	535884.19	589282.92
EY-069016	536133.69	588948.22
EY-069018	536828.35	589133.81
EY-069019	537118.48	590214.86
EY-069021	536733.88	590140.5
EY-069022	536523.82	590072.46
EY-069023	536586.34	589988.83
EY-069024	536379.44	589075.43
EY-069025	536292.66	589204.62
EY-069026	537148.86	590115.06
EY-069027	537117.7	590124.72
EY-069028	537137.02	590127.68
EY-069029	537108.03	590034.78
EY-069031	536224.02	589184.9
EY-069032	536257.55	589231.05
EY-069033	536201.34	589315.07
EY-069034	536123.83	589207.78
EY-069035	536086.75	589013.5
EY-069036	536122.64	589053.54
EY-069037	536042.96	588966.36
EY-069040	536129.55	589159.65
EY-069041	536587.13	590007.17
EY-069042	537050.24	590290.01
EY-069043	536700.54	589585.09
EY-069044	536771.55	589125.92
EY-069045	536696.99	589228.49
EY-069046	536970.95	589277.99
EY-069047	536147.69	589171.49
EY-069048	536091.09	589025.53
EY-069049	536075.7	588933.82
EY-06921B	536756.16	590125.51
EY-06921C	536772.93	590128.47
EY-06942A	537050.24	590289.81
EY-06942B	536979.63	590265.16
EY-06942C	536955.17	590255.69
EY-06942D	536858.13	590059.04
EY-070001	535715.35	591772.03
EY-070002	535665.45	591885.05

Samtala	Longitude	Latitude
EY-070003	535657.96	591869.86
EY-070004	535632.32	591724.1
EY-070005	535612.4	591764.34
EY-070006	535657.96	591689.98
EY-070007	535740.4	591741.07
EY-070008A	536158.54	593012.25
EY-070008B	536002.13	593001.6
EY-070008C	535918.11	592998.44
EY-070008E	535762.29	592991.14
EY-070008F	535706.87	592989.57
EY-070008G	535278.67	592940.06
EY-070008H	535154.22	592936.11
EY-070008I	535356.78	592956.63
EY-070008J	535363.29	592958.21
EY-070008K	535369.6	592956.04
EY-070008X	536260.31	593018.36
EY-070008Y	536357.35	593060.96
EY-070009	535784.98	591018
EY-070010	536173.53	591099.26
EY-070011	536456.37	591429.43
EY-070013	536049.08	592038.3
EY-070014	536174.32	592006.94
EY-070016A	535721.66	591878.93
EY-070016B	535758.35	591896.69
EY-070016C	535764.46	591818.38
EY-070017A	536178.86	592647.95
EY-070017B	536154.6	592645.19
EY-070017C	536173.73	592677.93
EY-070018A	536038.82	591583.87
EY-070018B	535832.91	591570.46
EY-070018C	535824.42	591569.47
EY-070018D	535817.52	591607.54
EY-070018E	535814.76	591643.63
EY-070018F	535556.58	591681.9
EY-070018G	535541.39	591761.58
EY-070019	536408.83	590875.01
EY-070020	535691.88	591894.12
EY-070021	535944.93	592228.24
EY-070022	535618.9	592474.98
EY-070023	535137.06	592401.8
EY-070024	535529.95	592357.23
EY-070025	536451.04	590903.01
EY-070026A	535585.57	591779.72
EY-070026B	535681.23	591832.39
EY-070026C	535667.62	591828.24
EY-070026D	535677.88	591844.02
EY-070026E	535646.91	591819.37
EY-070026F	535656.38	591827.65
EY-070026G	535608.85	591777.16
EY-070026H	535656.77	591808.13
EY-070026I	535663.28	591817.99
EY-070026J	535672.75	591826.67
EY-070026K	535684.58	591841.46

Samtala	Longitude	Latitude
EY-070027	535587.35	591767.3
EY-070028	535655.59	591841.66
EY-070029	535740.2	591721.54
EY-070030	535736.85	591740.28
EY-070031	535750.26	591740.87
EY-070032	535859.14	591960.59
EY-070034	536036.65	592448.55
EY-070036A	535880.04	591949.74
EY-070036B	535839.61	591960.39
EY-070037	535949.47	590999.26
EY-070039	535571.96	591644.22
EY-070040	535675.71	591934.95
EY-070041	535694.25	591809.51
EY-070042	535711.41	591796.69
EY-070043	535690.11	591653.69
EY-071001	536525.79	592637.11
EY-071002	536536.84	592751.9
EY-071003	536538.22	592786.41
EY-071004	536544.92	592619.16
EY-071005	536488.91	592543.02
EY-071006A	536285.56	593224.47
EY-071006B	536248.68	593139.86
EY-071006C	536267.02	593245.58
EY-071006D	536255.58	593268.46
EY-071006E	536238.03	593158.6
EY-071006F	536329.15	593435.12
EY-071006G	536404.69	593381.47
EY-071006H	536243.75	593185.03
EY-071006I	536246.31	593171.02
EY-071006J	536264.46	593027.43
EY-071006K	536233.88	593236.31
EY-071006L	536232.7	593256.62
EY-071006M	536232.5	593266.88
EY-071006N	536260.51	593335.91
EY-071006O	536270.96	593372.99
EY-071006P	536246.51	593166.49
EY-071006Q	536245.52	593163.13
EY-071006R	536251.44	593155.44
EY-071006S	536247.69	593141.04
EY-071006T	536244.14	593116.98
EY-071006U	536244.73	593097.65
EY-071006V	536244.14	593067.67
EY-071006W	536250.25	593045.78
EY-071006X	536377.47	593459.58
EY-071006Z	536283.19	593136.7
EY-071007A	535669.99	593264.12
EY-071007B	535689.71	593250.31
EY-071008	535649.28	593335.12
EY-071009	537007.44	591736.14
EY-071010	536991.46	591136.34
EY-071011	536962.47	591518.98
EY-071012	536982.79	591545.8
EY-071013	536939.99	591217.6

Samtala	Longitude	Latitude
EY-071014A	536374.91	592676.75
EY-071014B	536330.33	592681.88
EY-071014D	536444.73	592667.09
EY-071016A	536408.04	592597.86
EY-071016B	536409.23	592626.26
EY-071016C	536402.52	592673.2
EY-071016D	536342.76	592677.93
EY-071016E	536344.73	592630.2
EY-071016F	536345.91	592600.42
EY-071016H	536356.56	592571.62
EY-071016I	536372.54	592548.15
EY-071016J	536388.71	592561.17
EY-071016K	536375.3	592593.71
EY-071019	536613.56	592286.42
EY-071019A	536581.61	592277.35
EY-071019B	536556.96	592279.32
EY-071019C	536590.09	592316.2
EY-071019D	536630.13	592325.08
EY-071021	534885.19	593055.64
EY-071022	536984.56	591818.38
EY-071023A	536750.44	590984.67
EY-071023B	536762.87	590983.09
EY-071023C	536760.31	590998.87
EY-071023D	536780.23	590986.05
EY-071023E	536789.5	590987.63
EY-071023F	536797.58	590994.93
EY-071024	536994.82	591072.44
EY-071025	537054.78	591043.05
EY-071026	537034.86	591230.42
EY-071027A	536006.47	593334.14
EY-071027G	535964.66	593644.39
EY-071027H	535972.55	593625.85
EY-071027I	535987.34	593589.36
EY-071027J	535991.48	593541.63
EY-071027K	536003.32	593433.54
EY-071028A	536632.5	593201.79
EY-071028B	536883.77	593264.91
EY-071030A	536913.75	592961.16
EY-071030B	536740.98	592913.24
EY-071031	536956.16	592567.09
EY-071032	536943.93	592698.25
EY-071033	536933.48	592511.86
EY-071034	536762.47	592887.59
EY-071036	536990.68	591138.51
EY-071037	537003.5	591091.37
EY-071038	536160.71	593138.08
EY-071039	536974.9	592450.52
EY-071040A	536939	592419.36
EY-071040B	536930.12	592428.63
EY-071040C	536982.39	592398.45
EY-071041	536673.52	592862.55
EY-071042	535583.99	593235.91
EY-071043	536187.93	593147.55

Samtala	Longitude	Latitude
EY-071044	536534.87	592731.58
EY-071045	536554	592838.68
EY-071046	536525	592654.07
EY-072001	536515.73	594221.5
EY-072002	536514.55	594212.62
EY-072003	536517.9	594183.04
EY-072004	536512.18	594316.76
EY-072005	536552.02	594161.34
EY-072009	536581.02	594333.13
EY-072012	536741.77	594374.75
EY-072013	536771.74	594330.37
EY-072014	536785.95	594300.98
EY-072015	535953.81	594231.95
EY-072016	536529.93	594156.21
EY-072017	536261.3	594650.88
EY-072018	536204.3	594388.95
EY-072019	536496.21	593906.31
EY-072020	536491.67	594255.42
EY-072021	536459.32	594141.42
EY-072022	536469.58	594154.04
EY-072023	536687.33	594973.75
EY-072024	536645.12	594903.34
EY-072025	536669.58	594935.49
EY-072027A	536863.85	595124.24
EY-072027B	536901.13	595143.97
EY-072028	536820.46	595061.32
EY-072029	536625.2	594893.48
EY-072030	536803.11	595086.18
EY-072031	536713.76	595014.97
EY-072033	536628.16	594858.57
EY-072034	536656.95	594909.65
EY-072035	536657.74	594927.99
EY-072036	536613.76	594934.11
EY-072037	536728.55	595021.09
EY-072038A	536801.72	595046.33
EY-072038B	536741.37	595002.55
EY-072039	536706.85	595052.25
EY-072040	536914.54	595246.33
EY-072041	536633.48	595005.51
EY-072042	536686.14	594979.08
EY-072043	536682.59	594990.52
EY-072044	536927.17	595205.9
EY-072045	536230.93	594489.93
EY-072046	536723.03	595025.23
EY-072048	536693.64	594984.99
EY-072049	536680.42	594929.97
EY-072050	536656.36	594888.74
EY-072051	536954.58	595163.89
EY-072052	536887.72	595113.99
EY-072053	536607.84	595002.75
EY-072054	536682.59	594961.92
EY-072055	536570.96	594963.3
EY-072056A	536339.6	593757.2

Samtala	Longitude	Latitude
EY-072056B	536302.33	593752.47
EY-072056C	536255.19	593753.85
EY-072056D	536084.18	593730.18
EY-072056E	536041.78	593741.23
EY-072056F	535958.54	593701.98
EY-072056M	536550.45	593875.74
EY-072056N	536618.69	593804.74
EY-072057	535797.4	594073.18
EY-072058A	536487.13	593921.11
EY-072058B	536453.21	593889.55
EY-072058C	536459.52	593884.42
EY-072058D	536456.56	593879.69
EY-072058E	536447.88	593880.28
EY-072058F	536438.81	593886
EY-073001	535370.78	594586.97
EY-073002	535374.93	594603.94
EY-073003	535306.09	594556.99
EY-073004	535415.56	594432.93
EY-073005	535253.43	594575.14
EY-073006	535267.83	594570.41
EY-073006	535267.83	594570.41
EY-073007	535493.66	593666.67
EY-073008	534588.55	594095.27
EY-073009	535111.22	594090.34
EY-073010	535694.05	594081.66
EY-073011	535688.33	594461.14
EY-073012	535274.14	593937.87
EY-073013	535366.84	594575.34
EY-073014	535272.17	593930.57
EY-073015	535387.35	594591.9
EY-073016	535403.72	594567.25
EY-073017	535233.51	594562.32
EY-073018A	535021.48	594821.49
EY-073018A	535021.48	594821.49
EY-073018B	535059.74	594795.65
EY-073018B	535059.74	594795.65
EY-074001	535035.68	596044.15
EY-074002	534968.03	596086.95
EY-074003	535053.83	596106.47
EY-074004	534996.83	596034.09
EY-074005	535093.86	596054.6
EY-074006	535016.94	596042.96
EY-074007	534941.01	596011.21
EY-074008	535091.5	595955.98
EY-074009	535027.4	595522.07
EY-074010	535027	595522.85
EY-074011	534866.26	596610.21
EY-074012	535422.26	596653.8
EY-074013	535436.27	595353.43
EY-074014	536149.66	595876.69
EY-074015	535200.96	595679.26
EY-074017	535432.71	595336.07
EY-074018	534520.3	595674.92
EY-074019	534605.71	595760.33
EY-074020A	534911.82	596695.81
EY-074020B	534896.43	596683.19
EY-074021	536628.55	595602.93
EY-074022A	534637.46	595227.4
EY-074022B	534651.47	595228.78
EY-074024	536236.25	595346.13
EY-074025A	536418.1	595379.66
EY-074025B	536412.38	595333.9
EY-074026	535121.87	595862.1
EY-074027	535214.77	595631.53
EY-074028	535172.96	595799.18
EY-074029A	535235.28	595604.51
EY-074029B	535205.89	595600.17
EY-074029C	535193.67	595599.78
EY-074029D	535181.63	595596.62
EY-074029E	535142.58	595596.62
EY-074029F	535216.15	595672.16
EY-074029G	535197.02	595713.58
EY-074029H	535177.89	595765.26
EY-074029I	535127.59	595898.59
EY-074029J	535084	596008.45
EY-074030	534704.92	595261.72
EY-074030	534999.98	595157.77
EY-074030	535042.78	595214.97
EY-074030	534973.55	593945.37
EY-074031	534536.08	595520.49
EY-074032	534670.99	596367.61
EY-074033A	536819.48	595429.96
EY-074033B	536808.04	595435.28
EY-074033C	536790.48	595441.79
EY-074033D	536792.45	595461.51
EY-074033E	536825.59	595421.48
EY-074033F	536831.7	595411.81
EY-074034	536738.21	595491.69
EY-074035	536804.68	595453.82
EY-074036	536782.59	595475.12
EY-074037	536817.7	595466.05
EY-074038	536889.89	595286.57
EY-074040	536922.43	595258.76
EY-074041	536896.79	595296.82
EY-074042	536840.78	595395.84
EY-074043	536604.69	595355.2
EY-074044	536440.98	595260.53
EY-074045A	536622.83	595254.02
EY-074045B	536533.29	595254.61
EY-079001	533589.35	597215.33
EY-079002	533541.62	597200.14
EY-079003	533529	597262.27
EY-079004	533591.92	597294.03
EY-079005	533675.55	597348.07
EY-079006	533759.37	597391.26
EY-079007	533385.22	597623.8

Samtala	Longitude	Latitude
EY-079008	533771.99	597387.91
EY-079009	533759.37	597390.47
EY-079010	533419.34	597298.76
EY-079011	533661.74	597082.79
EY-079012	533593.89	597218.68
EY-079013	533562.14	597127.76
EY-079014	533572.59	597245.9
EY-079015	533169.24	598251.01
EY-079016	533511.45	597167.4
EY-079017	532949.33	597127.76
EY-079018	532272.61	596943.54
EY-079020	533702.37	597623.02
EY-079021	533675.74	597347.87
EY-079022A	533583.44	598442.13
EY-079022B	533573.38	598335.82
EY-079022C	533586.2	598296.57
EY-079022D	533643.79	598501.7
EY-079022E	533638.86	598474.09
EY-079022F	533605.73	598312.94
EY-079022G	533594.48	598309.59
EY-079022H	533588.37	598321.23
EY-079022I	533603.36	598321.82
EY-079023	533362.73	598095.99
EY-079024	533409.28	597225.59
EY-079025	533560.56	597546.69
EY-080001	533407.7	596559.13
EY-080002	533346.16	596579.05
EY-080003	533384.82	596693.05
EY-081001	533392.71	596510.21
EY-081002	533412.63	596421.26
EY-081003	533384.82	596428.16
EY-081004A	533895.46	596598.97
EY-081004B	534051.28	596542.17
EY-081004C	533889.35	596464.06
EY-081005	534104.14	596724.81
EY-081006	533840.83	596404.5
EY-081007	534206.31	596489.5
EY-081008A	533422.1	596323.83
EY-081008B	533430.58	596294.24
EY-081008C	533387.78	596253.22
EY-081009	533417.56	596397
EY-081010A	534146.74	596589.31
EY-081010B	534255.62	596255.58
EY-081011	532994.69	596304.5
EY-081012	533219.54	596282.8
EY-081013	533846.55	596844.92
EY-081014	533853.85	596872.54
EY-081015	533737.87	596641.57
EY-081016	533916.17	596802.91
EY-081017	534277.51	596323.83
EY-081018	534187.96	596258.15
EY-082001	533590.93	595896.62
EY-082002	533657.8	595805.69

Samtala	Longitude	Latitude
EY-082003	533577.32	595818.51
EY-082004	533495.27	595877.09
EY-082005	533464.9	595874.72
EY-082006	533483.04	595833.5
EY-082007	533570.42	595874.13
EY-082008	533467.66	595493.86
EY-082009	533009.48	595240.02
EY-082010	533946.55	595593.27
EY-082011	534441.61	596056.97
EY-082012	533633.73	595809.24
EY-082013	533650.1	595695.24
EY-082014	533649.71	595696.03
EY-082015	533578.51	595891.88
EY-082017	533383.44	596119.29
EY-082017O	533361.35	596129.94
EY-082017P	533353.46	596119.89
EY-082017Q	533352.67	596115.15
EY-082017R	533355.24	596109.43
EY-082017S	533361.15	596105.49
EY-082018	533437.09	595859.34
EY-082019	533382.45	596024.82
EY-083001	533911.05	594147.14
EY-083002	533910.65	594147.14
EY-083003	533926.04	594158.58
EY-083004	533904.54	594111.04
EY-083005	533788.96	594148.91
EY-083006	533745.76	594102.17
EY-083007	533669.83	594032.94
EY-083009	534028.6	594326.62
EY-083010	533841.03	594067.65
EY-083011	533452.87	594298.02
EY-083012	533408.69	594029.78
EY-083013	534452.85	594214.4
EY-083014	533898.22	594238.85
EY-083015	533565.09	594906.89
EY-083016	534158.18	594293.88
EY-083017	533719.14	593955.62
EY-083018	533771.8	593963.91
EY-083019	533772.19	593964.3
EY-084001	534030.96	593281.08
EY-084002	533960.55	593314.41
EY-084003	534014.4	593311.45
EY-084004	533979.29	593366.68
EY-084005	533984.61	593491.33
EY-084006	534015.97	593480.68
EY-084007	534372.18	593344.98
EY-084008	534520.3	593025.66
EY-084009	533897.24	592724.88
EY-084010	534193.29	592978.52
EY-084011	534109.27	593017.97
EY-084012	533716.97	593078.52
EY-084013	534144.97	593217.77
EY-084014	534181.85	593220.53

Samtala	Longitude	Latitude
EY-084015	533951.48	593462.93
EY-084016	534011.04	593282.66
EY-084017	533948.13	593228.22
EY-084018	533412.83	593522.3
EY-085001	534539.83	592201.81
EY-085002	533409.48	591985.44
EY-085003	534499.99	592205.95
EY-085004	534598.8	592174.39
EY-085005	534610.64	592145.99
EY-085006	534227.61	591998.06
EY-085007	533657.99	591929.82
EY-085008	534333.52	592187.41
EY-085009	534312.42	591871.24
EY-085010	534692.1	592007.73
EY-085011	534821.29	591794.71
EY-085012	534849.69	591709.31
EY-085013	533162.34	592040.08
EY-085014	534305.52	591911.87
EY-085015	534587.36	592183.47
EY-085016	534694.07	591684.07
EY-085017	534448.51	592119.36
EY-085019	534459.36	592245.79
EY-085020	534573.95	591748.17
EY-085021	533903.55	591765.72
EY-086001	534766.45	591363.36
EY-086002	534766.65	591363.76
EY-086003	534742.39	591374.41
EY-086004	534734.7	591524.31
EY-086005	534801.76	591560.79
EY-086006	534747.52	591560.2
EY-086007	534484.41	591515.03
EY-086008	534564.09	591478.15
EY-086009	534643.77	591390.58
EY-086010	534569.81	591661.98
EY-086011	532930.98	590858.64
EY-086012	533410.27	591329.24
EY-086013	533848.13	591363.56
EY-086014	534300.58	591199.26
EY-086015	534602.75	590882.9
EY-086016	534350.09	591538.7
EY-086017	534418.73	591497.68
EY-086018	533020.53	591441.86
EY-086019	535244.55	591624.11
EY-086020	534691.11	591429.83
EY-086021	534690.91	591428.84
EY-086022	533141.24	591432.59
EY-086023	534852.25	591424.9
EY-086024	534458.18	591766.71
EY-086025	535264.87	591007.94
EY-086026	535286.96	591471.05
EY-08615A	534628.98	590817.02
EY-08615B	534562.32	590817.61
EY-08615C	534573.95	590886.64
EY-08615D	534578.29	590868.1
EY-08615E	534620.7	590927.27
EY-08615F	534634.11	590957.25
EY-08615G	534577.9	590924.51
EY-08615H	534577.5	590924.91
EY-08615I	534583.81	590944.24
EY-08615J	534646.54	590957.06
EY-08615K	534575.93	590510.12
EY-08626B	535670.78	590833.39
EY-08626C	535231.93	591606.55
EY-087001	535084.2	590586.45
EY-087002	535005.11	590586.65
EY-087003	535042.78	590604.79
EY-087004	535035.29	590638.52
EY-087005	535084	590587.04
EY-088001	535055.01	590468.9
EY-088002	535074.73	590467.91
EY-088003	535069.41	590461.01
EY-088004	535018.13	590466.14
EY-088005	535077.3	590329.45
EY-088006	534944.95	590348.39
EY-088007	534970.2	590336.16
EY-088008	534986.37	590338.92
EY-088009	535009.25	590361.01
EY-088010	534922.07	590500.46
EY-088011	535064.67	590458.25
EY-088012	535683.6	590735.56
EY-088013	534730.95	590447.99
EY-088014	534924.64	590429.45
EY-088015	535647.9	590491.19
EY-088016	537024.01	590972.84
EY-088017	536883.38	590922.93
EY-088018	536872.53	590893.35
EY-088019	534713.79	590461.21
EY-088020	534725.43	589921.37
EY-088021	534605.31	590511.5
EY-088022	535025.03	590335.37
EY-088023	537024.6	590903.21
EY-088024	534653.24	590411.7
EY-088025	537064.64	590923.72
EY-088026	537048.27	590884.87
EY-088027	537059.31	590926.68
EY-088028	536913.95	590866.72
EY-089001	535653.22	588930.86
EY-089002	535715.35	588972.08
EY-089003	535775.9	588852.36
EY-089004	535651.25	588671.1
EY-089005A	535931.72	588154.54
EY-089005B	535802.14	588495.76
EY-089005D	535957.36	588730.47
EY-089006	536593.05	588119.83
EY-089007	536276.09	588620.41
EY-089008	535620.88	589843.07

Samtala	Longitude	Latitude
EY-089009	535570.19	589437.95
EY-089010A	535665.85	588770.7
EY-089010B	535669.99	588776.82
EY-089010C	535644.94	588767.75
EY-089011	535664.86	588996.74
EY-089012	535661.11	588917.45
EY-089013A	535820.87	588795.95
EY-089013B	535847.3	588819.03
EY-089013C	535852.63	588824.55
EY-089013D	535857.56	588832.83
EY-089013E	535857.17	588835.79
EY-089013F	535822.85	588904.82
EY-090001	535335.87	588717.25
EY-090002	535341.4	588745.85
EY-090003	535327.39	588741.91
EY-090004	535440.6	588805.42
EY-090005	535378.28	588848.02
EY-090006	535387.35	588860.25
EY-090007	535344.16	588848.22
EY-090008	535317.14	588625.34
EY-090009	534486.38	589194.96
EY-090010A	535349.68	588295.56
EY-090010B	535330.94	588316.27
EY-090011A	534227.02	589347.62
EY-090011B	534242.2	589348.21
EY-090012	534005.52	589748.2
EY-090013	534914.97	588926.13
EY-090014	535288.93	588833.82
EY-090015A	534653.24	589203.04
EY-090015B	534658.37	589293.97
EY-090015C	534665.08	589306.2
EY-090015D	534675.73	589312.9
EY-090015E	534685.39	589326.12
EY-090016	535382.42	588848.22
EY-090017	534702.35	589670.29
EY-090018	535119.9	588911.92
EY-090019	534739.83	589130.46
EY-090020A	535479.07	588810.94
EY-090020B	535475.91	588832.83
EY-090020C	535465.06	588862.02
EY-090021	535360.13	589002.26
EY-090022	535271.57	588398.13
EY-090023A	535349.88	588469.13
EY-090023B	535371.18	588462.82
EY-090023C	535378.08	588468.74
EY-090023D	535399.18	588494.38
EY-090023E	535314.37	588527.91
EY-090023F	535323.45	588517.85
EY-090024	535440.01	588754.33
EY-090025	534922.07	589077.01
EY-090026A	534136.09	589386.47
EY-090026B	534153.45	589409.35
EY-090027	534163.11	589319.22

Samtala	Longitude	Latitude
EY-090028	534148.12	589298.11
EY-090029	535312.2	588787.86
EY-090030	535480.64	588789.05
EY-090031	535595.24	588522.39
EY-090032	535406.68	589366.55
EY-090033	534623.85	589162.02
EY-090034	535435.28	588940.33
EY-090035	535270.19	588965.77
EY-090036	535335.68	588725.54
EY-091001	534849.1	588764.59
EY-091002	534767.24	588704.24
EY-091003	534828.19	588737.37
EY-091004	534819.12	588801.87
EY-091005	534228.99	589095.16
EY-092001	534351.47	588550
EY-092002	534536.28	588542.5
EY-092003	534307.88	588600.69
EY-092004	534289.34	588604.24
EY-092005	534296.25	588565.38
EY-092006	534290.13	588421.4
EY-092007	534361.92	588551.18
EY-092008	534905.11	587674.87
EY-092009	534315.18	588504.44
EY-092010	534826.41	588378.4
EY-092011	533967.06	588554.93
EY-092012a	533860.95	588423.77
EY-092012b	533841.42	588414.5
EY-092012c	533811.64	588408.19
EY-092012d	533781.07	588395.37
EY-092012e	533742.61	588388.27
EY-092012f	533724.86	588389.25
EY-092013	533769.04	588388.66
EY-092014	533836.69	588496.35
EY-092015	533528.8	588393
EY-092016A	534012.03	588492.6
EY-092016B	533984.61	588504.24
EY-092016C	533943.98	588516.27
EY-092016D	533941.62	588525.15
EY-092016E	533915.78	588533.23
EY-092016F	533925.25	588557.89
EY-092016G	533962.92	588569.72
EY-092017	535386.96	587951.59
EY-092018	535336.46	587928.12
EY-092019	535173.94	587697.15
EY-092020	535395.04	587720.03
EY-092021A	534288.36	588606.01
EY-092021B	534273.76	588593.19
EY-092021C	534265.87	588584.12
EY-092021D	534253.64	588562.42
EY-092021E	534233.92	588518.44
EY-092021F	534228.99	588504.63
EY-092021G	534210.05	588460.85
EY-092022	534354.63	588562.42

Samtala	Longitude	Latitude
EY-092023	534413.01	588518.83
EY-092024	534246.54	588491.81
EY-092025	534209.66	588431.46
EY-093001	534363.7	588626.53
EY-093002	534342.2	588665.18
EY-093003	534374.15	588647.43
EY-093004	534507.09	588673.66
EY-093005	535175.91	587820.42
EY-093006	534527.8	588636.39
EY-093007	534384.41	588684.32
EY-09305A	535141.2	587878.02
EY-09305B	535125.03	587823.78
EY-094001	534228.59	588349.21
EY-094002	534195.85	588355.33
EY-094003	534180.86	588328.9
EY-094004	534227.61	588312.53
EY-094005	534111.63	588346.06
EY-094006A	534055.42	588307
EY-094006B	534076.13	588300.1
EY-094006C	534085.8	588320.42
EY-094006D	534105.72	588299.11
EY-094006E	534114.2	588314.3
EY-094007	534158.38	588400.3
EY-094008	534273.17	588175.05
EY-094009	534270.41	588255.33
EY-094010A	534202.76	588434.42
EY-094010B	534199.21	588428.3
EY-094010C	534188.95	588427.71
EY-094010D	534186.39	588424.56
EY-094010E	534183.43	588406.02
EY-094010F	534178.89	588391.62
EY-094010G	534175.73	588388.66
EY-094010H	534159.17	588336.98
EY-094010I	534158.77	588335.21
EY-094010J	534150.69	588311.74
EY-094010K	534149.31	588307
EY-094010L	534137.67	588270.32
EY-094011	534201.38	588300.5
EY-094012	534289.54	588388.07
EY-094013	534161.93	588318.44
EY-094014A	534305.71	588310.36
EY-094014B	534317.94	588406.41
EY-094014C	534299.01	588370.32
EY-094015	534283.82	588317.26
EY-095001	534067.26	587929.69
EY-095002	534087.77	587939.75
EY-095003	534098.22	587930.09
EY-095004	534034.71	587905.63
EY-095005	534005.32	587823.98
EY-095006	534037.47	588011.55
EY-095007	534017.36	588038.76
EY-095008	533517.96	587453.96
EY-095009A	534304.53	587854.55
EY-095009B	534321.1	587849.02
EY-095009C	534345.16	587839.95
EY-095009D	534379.87	587831.67
EY-095009E	534388.75	587827.33
EY-095009F	534424.65	587819.44
EY-095009G	534441.21	587816.48
EY-095009H	534464.68	587808.99
EY-095009I	534496.24	587793.21
EY-095009J	534575.53	587759.68
EY-095009K	534607.29	587746.26
EY-095009L	534642.99	587730.09
EY-095009M	534663.89	587720.03
EY-095009N	534705.11	587705.04
EY-095009P	534858.96	587631.28
EY-095009Q	535327.79	587580.98
EY-095009R	535032.13	587547.25
EY-095010	534102.96	587987.68
EY-095011	534141.81	587922.99
EY-095012	533954.83	587932.65
EY-095013	535214.97	587087.89
EY-095014	534044.77	587978.02
EY-095015	534099.6	587348.84
EY-095016	534428.59	587348.44
EY-095017	535196.43	587055.55
EY-095018	533958.38	587952.77
EY-095019	534009.66	587500.71
EY-095020	533999.01	588022.99
EY-095021A	534088.36	588016.08
EY-095021B	534114.2	587982.75
EY-095021C	534126.62	587968.75
EY-095021D	534147.92	587959.87
EY-095021E	534154.83	587948.04
EY-095022A	533812.23	588002.08
EY-095022B	533822.88	588008.78
EY-095023A	533987.97	587832.46
EY-095023B	533992.11	587845.67
EY-095024A	534885.39	587220.44
EY-095024B	534922.66	587244.3
EY-095025A	534219.13	587830.48
EY-095025B	534196.84	587875.06
EY-095026	533998.81	588009.77
EY-095027	534074.55	587919.63
EY-095028	534108.08	587960.66
EY-095029	533963.9	588076.83
EY-095030A	533991.12	587973.08
EY-095030B	533995.46	587954.54
EY-095030C	533995.07	587932.45
EY-095030D	534000	587908.59
EY-095031	534969.41	587145.49
EY-095032	534069.62	587918.06
EY-095033A	534046.15	587926.93
EY-095033B	534130.37	587968.15
EY-095033C	534045.76	587930.68

Samtala	Longitude	Latitude
EY-096001	534167.06	586993.42
EY-096001	534155.81	586999.73
EY-096002	534162.91	586998.94
EY-096003	534137.67	587022.02
EY-096004	534286.78	586920.05
EY-096005	533654.84	587060.67
EY-096006	534254.63	586902.1
EY-096007	534194.87	586937.99
EY-096008	534250.09	587155.15
EY-096009	534158.18	587029.31
EY-096010	533627.82	587071.92
EY-096011	534302.56	586924.78
EY-097001	534700.97	586538.99
EY-097002	534706.49	586533.47
EY-097003	534720.5	586581.39
EY-097004	534650.68	586560.68
EY-097005	534645.75	586545.1
EY-097006	534980.45	586357.14
EY-097007b	534691.31	586518.67
EY-098001	533737.28	585205.09
EY-098002	533682.84	585287.14
EY-098003	533794.08	585219.48
EY-098004	533847.34	585204.49
EY-098005	533662.33	585083
EY-098006a	533662.33	585067.42
EY-098006b	533654.44	585085.17
EY-098007a	534142.99	584812.19
EY-098007b	534167.25	584862.09
EY-098007bb	534170.02	584856.77
EY-098007bc	534187.17	584862.29
EY-098007bd	534198.61	584870.77
EY-098007be	534197.04	584880.44
EY-098007bf	534225.04	584908.84
EY-098007bg	534234.31	584898.19
EY-098007bh	534255.42	584897.2
EY-098007bi	534274.35	584901.54
EY-098007bj	534295.46	584904.3
EY-098007bk	534295.85	584914.95
EY-098007bl	534335.1	584912.59
EY-098007bm	534340.23	584894.64
EY-098008a	533657.6	585100.16
EY-098008b	533664.11	585089.51
EY-098008c	533679.29	585100.55
EY-098008d	533677.32	585105.28

Samtala	Longitude	Latitude
EY-098009	533712.03	585236.64
EY-098010	533702.57	585180.83
EY-099001	533222.1	584439.62
EY-099002	533221.91	584450.27
EY-099003	533237.29	584481.04
EY-099004	533019.34	584406.09
EY-099005	532825.46	584412.2
EY-099006	533230.98	584497.6
EY-099007	533650.69	584825.21
EY-099008	533393.5	584534.88
EY-099009	533409.48	584547.7
EY-099010	533126.84	584415.75
EY-099011	533171.41	584457.56
EY-099012	533207.7	584488.53
EY-099013	533368.45	584517.92
EY-099014	533169.05	584695.04
EY-099015	533285.61	584656.18
EY-099016	533164.12	584599.18
EY-099017	532668.86	585017.71
EY-183001	533026.45	584263.29
EY-183002	532430.6	584647.7
EY-183003	533184.43	584260.92
EY-183004	533167.67	584242.78
EY-631001A	534134.51	596716.52
EY-631001B	534211.63	596697.39
EY-631001C	535901.54	594210.45
EY-631001D	536003.51	593752.27
EY-631001E	536127.97	593281.47
EY-631001F	536458.73	591420.76
EY-631001G	536457.94	590916.43
EY-631002A	533643.2	597442.94
EY-631002B	533770.22	596206.08
EY-633001	528089.06	593269.05
EY-633002	527913.12	592752.49
EY-633003	527824.17	592502.2
EY-633003	527824.17	592502.2
EY-633004	528073.28	595060.54
EY-633004	528110.75	594995.45
EY-633005	528130.48	588812.32
EY-633005	528130.48	588812.32
EY-633006	523978.67	590254.31
EY-633006	523978.67	590254.31
EY-633007	527641.33	591463.56
EY-633007	527641.33	591463.56
EY-633008	527564.61	591293.54
EY-633008	527564.61	591293.54
EY-633009	527642.12	591710.69
EY-633009	527642.12	591710.69

Viðauki 2: listar yfir minjaflokka og minjar í stórhættu

LISTI 1: FJÁRHÚS

SAMTALA	TEGUND	ÁSTAND
EY-068:011	fjárhús	hleðslur signar
EY-068:013	fjárhús	ekki sést til fornleifa
EY-069:005	fjárhús	hleðslur útflattar
EY-069:008	lambhús	hleðslur útflattar
EY-070:004	fjárhús	sést til
EY-070:005	fjárhús	hleðslur signar
EY-070:032	fjárhús	ekki sést til fornleifar
EY-073:003	fjárhús	sést til
EY-079:003	lambhús	ekki sést til fornleifar
EY-079:004	fjárhús	ekki sést til fornleifar
EY-079:005	hrútakofi	ekki sést til fornleifar
EY-080:002	fjárhús	hleðslur signar
EY-081:002	fjárhús	ekki sést til fornleifar
EY-082:004	fjárhús	ekki sést til fornleifar
EY-082:007	lambhús	ekki sést til fornleifar
EY-082:012	fjárhús	hleðslur signar
EY-083:005	fjárhús	hleðslur útflattar
EY-083:006	fjárhús	hleðslur standa
EY-083:017	lambhús	ekki sést til fornleifar
EY-083:018	fjárhús	ekki sést til fornleifar
EY-084:002	fjárhús	ekki sést til fornleifar
EY-085:003	fjárhús	sést til
EY-086:004	fjárhús	sést til
EY-086:021	fjárhús	sést til
EY-087:004	fjárhús	ekki sést til fornleifar
EY-088:008	fjárhús	hleðslur signar
EY-088:009	fjárhús	ekki sést til fornleifar
EY-089:002	fjárhús	ekki sést til fornleifar
EY-090:004	fjárhús	ekki sést til fornleifar
EY-090:005	fjárhús	ekki sést til fornleifar
EY-091:002	fjárhús	ekki sést til fornleifar
EY-092:003	fjárhús	hleðslur standa grónar
EY-092:004	fjárhús	ekki sést til fornleifar
EY-092:005	fjárhús	ekki sést til fornleifar
EY-093:004	fjárhús	ekki sést til fornleifar
EY-094:003	fjárhús	ekki sést til fornleifar
EY-094:004	fjárhús	ekki sést til fornleifar
EY-095:005	fjárhús	hleðslur standa grónar
EY-095:006	fjárhús	ekki sést til fornleifar
EY-095:007	fjárhús	ekki sést til fornleifar
EY-095:018	fjárhús	hleðslur standa grónar
EY-096:003	fjárhús	ekki sést til fornleifar
EY-099:008	lambhús	ekki sést til fornleifar
EY-099:009	fjárhús	ekki sést til fornleifar

LISTI 2: HESTHÚS

EY-095:014	frásögn	ekki sést til fornleifar
EY-072:006	heimild	ekki sést til fornleifar
EY-081:003	heimild	ekki sést til fornleifar
EY-082:002	heimild	ekki sést til fornleifar
EY-082:006	heimild	ekki sést til fornleifar
EY-083:010	heimild	ekki sést til fornleifar
EY-084:003	heimild	ekki sést til fornleifar
EY-085:004	heimild	ekki sést til fornleifar
EY-088:007	heimild	ekki sést til fornleifar
EY-089:003	heimild	ekki sést til fornleifar
EY-090:007	heimild	ekki sést til fornleifar
EY-092:006	heimild	ekki sést til fornleifar
EY-093:002	heimild	ekki sést til fornleifar
EY-094:002	heimild	ekki sést til fornleifar
EY-098:002	heimild	ekki sést til fornleifar
EY-099:011	heimild	ekki sést til fornleifar
EY-069:006	tóft	hleðslur útflattar
EY-080:003	tóft	hleðslur signar
EY-084:004	tóft	hleðslur signar
EY-074:003	þúst	sést til
EY-086:005	þúst	hleðslur útflattar
EY-088:005	þúst	hleðslur signar
EY-088:006	þúst	sést til

LISTI 3: KÁLGARÐAR

SAMTALA	**TEGUND**	**ÁSTAND**
EY-068:035	heimild	
EY-068:054	heimild	
EY-069:025	heimild	ekki sést til fornleifar
EY-069:034	gerði	hleðslur signar
EY-070:021	gerði	hleðslur signar
EY-070:027	gerði	hleðslur signar
EY-070:040	heimild	ekki sést til fornleifar
EY-071:037	gerði	hleðslur signar
EY-071:044	heimild	ekki sést til fornleifar
EY-071:045	heimild	ekki sést til fornleifar
EY-071:046	heimild	ekki sést til fornleifar
EY-072:020	heimild	ekki sést til fornleifar
EY-072:021	gerði	hleðslur signar
EY-072:055	gerði	sést til
EY-072:058	gerði	hleðslur signar
EY-073:013	frásögn	ekki sést til fornleifar
EY-073:015	heimild	ekki sést til fornleifar
EY-073:016	heimild	ekki sést til fornleifar
EY-074:026	heimild	ekki sést til fornleifar
EY-074:027	heimild	ekki sést til fornleifar
EY-074:043	þúst	sést til
EY-079:011	heimild	ekki sést til fornleifar
EY-081:012	frásögn	ekki sést til fornleifar
EY-082:013	heimild	ekki sést til fornleifar

EY-082:014	gerði	hleðslur signar
EY-083:016	gerði	hleðslur signar
EY-085:017	gerði	hleðslur signar
EY-086:007	gerði	hleðslur standa
EY-089:011	heimild	ekki sést til fornleifar
EY-090:029	heimild	ekki sést til fornleifar
EY-090:030	heimild	ekki sést til fornleifar
EY-090:031	heimild	ekki sést til fornleifar
EY-091:003	heimild	ekki sést til fornleifar
EY-091:004	heimild	ekki sést til fornleifar
EY-092:024	heimild	ekki sést til fornleifar
EY-092:025	heimild	ekki sést til fornleifar
EY-093:006	heimild	ekki sést til fornleifar
EY-094:007	gerði	hleðslur signar
EY-094:011	heimild	ekki sést til fornleifar
EY-094:013	gerði	hleðslur signar
EY-095:019	gerði	hleðslur signar
EY-095:026	heimild	ekki sést til fornleifar
EY-095:032	heimild	ekki sést til fornleifar
EY-096:007	þúst	sést til
EY-096:008	heimild	ekki sést til fornleifar
EY-097:007	gerði	hleðslur signar
EY-098:008	gerði	hleðslur signar
EY-098:009	heimild	ekki sést til fornleifar
EY-098:010	heimild	ekki sést til fornleifar
EY-099:002	heimild	ekki sést til fornleifar
EY-099:003	heimild	ekki sést til fornleifar
EY-099:006	heimild	ekki sést til fornleifar
EY-099:010	heimild	ekki sést til fornleifar
EY-099:013	heimild	ekki sést til fornleifar
EY-183:004	heimild	ekki sést til fornleifar

LISTI 4: KVÍAR, RÉTTIR OG STEKKIR

SAMTALA	**TEGUND**	**HLUTVERK**	**ÁSTAND**
EY-068:032	heimild	kvíar	ekki sést til fornleifa
EY-070:020	frásögn	kvíar	ekki sést til fornleifar
EY-071:016	tóftir+garðlag	kvíar	hleðslur signar
EY-079:024	heimild	kvíar	ekki sést til fornleifar
EY-083:014	heimild	kvíar	ekki sést til fornleifar
EY-084:017	tóftir	kvíar	hleðslur signar
EY-085:008	örnefni	kvíar	ekki sést til fornleifar
EY-090:016	heimild	kvíar	ekki sést til fornleifar
EY-099:005	heimild	kvíar	ekki sést til fornleifar
EY-099:012	heimild	kvíar	ekki sést til fornleifar
EY-068:004	heimild	rétt	ekki sést til fornleifa
EY-079:020	hleðsla	rétt	hleðslur útflattar
EY-085:016	heimild	rétt	ekki sést til fornleifar
EY-090:014	frásögn	rétt	ekki sést til fornleifar
EY-095:029	tóft	rétt	hleðslur signar
EY-099:015	tóft	rétt	hleðslur signar
EY-633:004	hleðsla	rétt	hleðslur standa

EY-069:012	tóft	stekkur	hleðslur signar
EY-070:024	tóft	stekkur	hleðslur signar
EY-070:037	tóft	stekkur	hleðslur signar
EY-071:034	tóft	stekkur	hleðslur signar
EY-073:009	tóft	stekkur	hleðslur signar
EY-074:013	tóft	stekkur	hleðslur signar
EY-074:014	örnefni	stekkur	ekki sést til fornleifar
EY-074:022	tóftir	stekkur	hleðslur signar
EY-079:007	heimild	stekkur	ekki sést til fornleifar
EY-081:011	tóft	stekkur	hleðslur signar
EY-081:018	tóft	stekkur	hleðslur signar
EY-082:008	tóft	stekkur	hleðslur signar
EY-083:011	tóft	stekkur	hleðslur standa grónar
EY-083:015	tóft	stekkur	hleðslur signar
EY-084:011	tóft	stekkur	hleðslur standa grónar
EY-084:012	tóft	stekkur	hleðslur signar
EY-085:009	tóft	stekkur	hleðslur signar
EY-085:018	tóft	stekkur	
EY-086:014	tóft	stekkur	hleðslur standa grónar
EY-088:013	tóft	stekkur	hleðslur signar
EY-088:019	tóft	stekkur	hleðslur signar
EY-088:021	tóft	stekkur	hleðslur signar
EY-089:009	tóft	stekkur	hleðslur signar
EY-090:009	tóft	stekkur	hleðslur signar
EY-090:032	tóft	stekkur	hleðslur signar
EY-092:013	tóft	stekkur	hleðslur standa grónar
EY-095:022	tóft	stekkur	hleðslur signar
EY-099:014	tóft	stekkur	hleðslur signar
EY-099:017	tóft	stekkur	hleðslur signar
EY-183:002	tóft	stekkur	hleðslur signar

LISTI 5: MINJAR Í STÓRHÆTTU

Samtala	**tegund**	**hlutverk**	**ástand**	**í stórhættu vegna**
EY-072:021	gerði	kálgarður	hleðslur signar	trjáræktar
EY-097:007	gerði	kálgarður	hleðslur signar	ábúðar
EY-085:020	tóft	óþekkt	hleðslur signar	trjáræktar
EY-095:030	garðlag	túngarður	hleðslur signar	trjáræktar
EY-079:015	örnefni	áfangastaður	ekki sést til fornleifar	trjáræktar
EY-099:001	bæjarhóll	bústaður	ekki sést til fornleifar	ábúðar
EY-099:009	heimild	fjárhús	ekki sést til fornleifar	ábúðar
EY-099:008	heimild	lambhús	ekki sést til fornleifar	ábúðar
EY-071:019	bæjarstæði	býli	hleðslur signar	ábúðar
EY-094:007	gerði	kálgarður	hleðslur signar	trjáræktar
EY-071:039	tóft	naust	hleðslur signar	rofs
EY-069:028	tóft	óþekkt	hleðslur signar	vegagerðar
EY-071:022	tóft	óþekkt	hleðslur signar	rofs
EY-071:026	tóft	óþekkt	hleðslur signar	rofs
EY-094:006	tóftir	óþekkt	hleðslur signar	trjáræktar
EY-074:013	tóft	stekkur	hleðslur signar	trjáræktar
EY-099:014	tóft	stekkur	hleðslur signar	ábúðar

EY-071:012	tóftir	verbúð	hleðslur signar	rofs
EY-098:006	garðlag	vörslugarður	hleðslur signar	ábúðar
EY-092:011	þúst	óþekkt	hleðslur útflattar	rofs
EY-074:041	mannvirki	herminjar	sést til	rofs
EY-071:040	tóftir	verbúð	sést til	rofs

Viðauki 3: Örnefnaskrá, skrá yfir fornleifar með sérheiti (í starfrófsröð)

Sérheiti	Tilheyrir	Samtala
Akramýri	Möðruvöllum	EY-068:034
Akrar	Möðruvöllum	EY-068:020
Arnarhóll	Arnarnesi	EY-074:009
Arnarnes	Arnarnesi	EY-074:001
Arnarneskot	Syðra-Kambhóli	EY-081:009
Arnbjargarhóll	Syðra-Brekkukoti	EY-094:005
Álfasteinn	Bragholti	EY-073:010
Ás	Pálmholti	EY-070:017
Ásbyrgi	Hvammi	Ey-088:017
Ásgeirsbryggja	Ytri-Bakka	EY-072:049
Áslaksstaðakot	Áslaksstöðum	EY-089:004
Áslaksstaðir	Áslaksstöðum	EY-089:001
Bakkagerði	Syðri-Bakka	EY-071:019
Bakkaklauf	Syðri-Bakka	EY-071:043
Baldursheimagrafir	Baldursheimi	EY-084:007
Baldursheimsstekkur	Baldursheimi	EY-084:012
Baldursheimur	Baldursheimi	EY-084:001
Beinhóll	Hofi	EY-090:012
Beitarhús	Ytri-Reistrará	EY-085:007
Beitarhús	Hallgilsstöðum	EY-096:010
Bjarnarhóll	Syðri-Bakka	EY-071:008
Björg	Björgum	EY-098:001
Bragholt	Bragholti	EY-073:001
Bragholt Camp	Ytri-Bakka	EY-072:017
Bragholtsgrafir	Bragholti	EY-073:011
Bragi hf.	Arnarnesi	EY-074:021
Brekkugerði	Stóru-Brekku	EY-092:009
Brennla	Hofi	EY-090:025
Brunnhall	Syðri-Bakka	EY-071:017
Brúarholt	Pálmholti	EY-070:011
Bröttusléttur	Baldursheimi	EY-084:015
Búðin	Ytri-Bakka	EY-072:025
Bygghóll	Syðri-Bakka	EY-071:010
Byrgisgeirar	Fagraskógi	EY-079:018
Byttuvík	Arnarnesi	EY-074:032
Derrisskarð	Þorvaldsdal	EY-633:006
Dunhagakot	Dunhagakoti	EY-183:001
Dunhagastekkur	Litla-Dunhaga	EY-099:017
Dys	Ytri-Bakka	EY-072:008
Dysnes	Syðri-Bakka	EY-071:009
Dýjahraukur	Baldursheimi	EY-084:009
Efra-Gerði	Baldursheimi	EY-084:013
Efri-Klöpp	Fagraskógi	EY-079:025
Einarstótt	Ytri-Bakka	EY-072:011
Eiríkshús	Skriðulandi	EY-083:018
Eiríksþúfa	Skriðulandi	EY-083:019
Eyrarbakki	Arnarnesi	EY-074:025
Fagriskógur	Fagraskógi	EY-079:001
Ferðamannaklauf	Fagraskógi	EY-079:015
Ferjuvað	Möðruvöllum	EY-068:041
Fjárhúsahóll	Bragholti	EY-073:003
Fjárhúsavöllur	Syðri-Reistrará	EY-086:021
Fjárhúshóll	Hofi	EY-090:005
Fjóshólar	Möðruvöllum	EY-068:005
Fjósið	Ytri-Bakka	EY-072:048
Friðriks Antonssonarhús	Ytri-Bakka	EY-072:024
Friðriksgáfa	Möðruvöllum	EY-068:015
Friðriksgrafir	Pálmholti	EY-070:039
Friðrikshús	Ytri-Bakka	EY-072:054
Fögruhlíðarrétt	Þorvaldsdal	EY-633:004
Galmarsstaðir	Syðra-Kambhóli	EY-081:004
Gamlistekkur	Ósi	EY-069:012
Gamlistekkur	Þrastarhóli	EY-095:022
Garðakinn	Syðri-Reistrará	EY-086:007
Garðshorn	Hofi	EY-090:013
Gerðishús	Þrastarhóli	EY-095:005
Gerðismóar	Stóru-Brekku	EY-092:008
Grafarmór	Pálmholti	EY-070:009
Grafasund	Hofi	EY-090:019
Grasabyrgishóll	Þorvaldsdal	EY-633:002
Grásteinar	Stóru-Brekku	EY-092:014
Grímsstaðir	Arnarnesi	EY-074:024
Grund	Ytri-Reistrará	EY-085:012
Grænagerði	Baldursheimi	EY-084:010
Grænhóll	Ytri-Bakka	EY-072:009
Grænutóftir	Stóru-Brekku	EY-092:011
Guddugerði	Fagraskógi	EY-079:013
Guðrúnarhús	Ytri-Bakka	EY-072:023
Gula húsið	Arnarnesi	EY-074:042
Gvendarbrunnur	Ósi	EY-069:016
Gömlu fjárhús	Þrastarhóli	EY-095:018
Hallfríðarstaðabyrgi	Ósi	EY-069:011
Hallgilsstaðir	Hallgilsstöðum	EY-096:001
Háagerði	Hvammi	Ey-088:018
Helgugarður	Ytri-Reistrará	EY-085:017
Hesthúshóll	Fagraskógi	EY-079:016
Hesthúshóll	Skriðulandi	EY-083:010
Hesthúshóll	Baldursheimi	EY-084:004
Hesthúshóll	Ytri-Reistrará	EY-085:004
Hesthúshóll	Björgum	EY-098:002
Hesthúshóll	Litla-Dunhaga	EY-099:011
Heygarðar	Pálmholti	EY-070:010
Heyhólsvað	Möðruvöllum	EY-068:043

Sérheiti	Tilheyrir	Samtala
Hjallhóll	Arnarnesi	EY-074:003
Hjaltalínshús	Möðruvöllum	EY-068:013
Hof	Hofi	EY-090:001
Hofssel	Hofi	EY-090:011
Horngrýti	Ósi	EY-069:048
Hraunkofahús	Skriðulandi	EY-083:005
Hvammkot	Hvammskoti	EY-087:001
Hvammkot	Hvammskoti	EY-087:002
Hvammur	Hvammi	EY-088:001
Hörgárvöð	Ósi	EY-069:018
Jaðar	Möðruvöllum	EY-068:022
Jarðteiknabrekka	Skriðulandi	EY-083:008
Jónshús	Arnarnesi	EY-074:033
Kambhólsnaustir	Syðra-Kambhóli	EY-081:005
Karlskofi	Möðruvöllum	EY-068:017
Kartöfluhóll	Björgum	EY-098:009
Kerlingarhóll	Hallgilsstöðum	EY-096:006
Kerruvað	Möðruvöllum	EY-068:044
Kirkjuvegurinn gamli	Fornleifar á fleiri en einni jörðu	EY-631:001
Kjarni	Kjarna	EY-082:001
Knútshús	Ytri-Bakka	EY-072:033
Kotsstekkur	Dunhagakoti	EY-183:002
Krókhús	Hvammi	EY-088:009
Kumblholt	Syðri-Bakka	EY-071:013
Kúagötusund	Ytri-Bakka	EY-072:018
Kúahólar	Ásláksstöðum	EY-089:008
Kúavað	Arnarnesi	EY-074:018
Kveldúlfsbryggjur	Ytri-Bakka	EY-072:038
Kveldúlfsskúr	Ytri-Bakka	EY-072:039
Kveldúlfur hf	Ytri-Bakka	EY-072:037
Kvíaból	Fagraskógi	EY-079:024
Kvíaholt	Litla-Dunhaga	EY-099:005
Kvíahóllinn	Litla-Dunhaga	EY-099:012
Kvíasund	Syðri-Bakka	EY-071:016
Lambá	Þorvaldsdal	EY-633:001
Lambhús	Kjarna	EY-082:007
Lambhús	Litla-Dunhaga	EY-099:008
Lambhúshjalli	Skriðulandi	EY-083:017
Lambhúshóll	Fagraskógi	EY-079:003
Lárusarlaut	Stóru-Brekku	EY-092:020
Leikhús	Möðruvöllum	EY-068:007
Leirgerði	Ósi	EY-069:017
Lindin	Pálmholti	EY-070:029
Litla Brekka	Litlu-Brekku	EY-091:001
Litli Dunhagi	Litla-Dunhaga	EY-099:001
Litli-Hvammur	Hvammi	EY-088:016
Litli-Ós	Ósi	Ey-069:014
Lækjarbakkahús	Möðruvöllum	EY-068:010
Lækjarbakki	Hvammi	EY-088:014
Merkjagarður	Þrastarhóli	EY-095:008
Mið-Bakki	Syðri-Bakka	EY-071:006
Miðhús	Möðruvöllum	EY-068:008
Miðkot	Hvammi	EY-088:028
Mylluhóll	Hofi	EY-090:010
Mylluhús	Stóru-Brekku	EY-092:004
Möðruvallaklaustur	Möðruvöllum	EY-068:001
Möðruvallavegur	Litla-Dunhaga	EY-099:007
Möllershús I	Ytri-Bakka	EY-072:035
Möllershús II	Ytri-Bakka	EY-072:034
Möllershús III	Ytri-Bakka	EY-072:036
Nautárvað	Þorvaldsdal	EY-633:007
Nauthólasteinar	Syðri-Reistrará	EY-086:013
Neðra Gerði	Baldursheimi	EY-084:014
Neðragerði	Hofi	EY-090:004
Neðri Stekkjarhóll	Hvammi	EY-088:019
Neskot	Möðruvöllum	EY-068:018
Norsku húsin	Ytri-Bakka	EY-072:026
Nunnuhóll	Möðruvöllum	EY-068:014
Oddi	Arnarnesi	EY-074:040
Ós	Ósi	EY-069:001
Ósnaust	Ósi	EY-069:026
Pakkhúsið	Ytri-Bakka	EY-072:047
Pálmholt	Pálmholti	EY-070:001
Pálsbryggja	Ytri-Bakka	EY-072:051
Péturshús	Ytri-Bakka	EY-072:042
Pitty-me-camp	Spónsgerði	EY-097:006
Pollnaustavík	Syðri-Bakka	EY-071:011
Pöntunarhúsið	Ytri-Bakka	EY-072:030
Rauðagerði	Stóru-Brekku	EY-092:027
Reiðholt	Hofi	EY-090:015
Reiðmelur	Arnarnesi	EY-074:019
Reistarárrétt	Ytri-Reistrará	EY-085:016
Reistarársel	Syðri-Reistrará	EY-086:012
Róðukot	Björgum	EY-098:007
Samúelssonbryggja	Ytri-Bakka	EY-072:014
Sauðhús	Möðruvöllum	EY-068:011
Sauðhús	Litla-Dunhaga	EY-099:009
Sauðhúsvöllur	Fagraskógi	EY-079:005
Selhjalli	Fagraskógi	EY-079:017
Selhjalli	Baldursheimi	EY-084:018
Sjávarbakki	Hvammi	EY-088:023
Sjóarlind	Syðri-Bakka	EY-071:015
Skiptagerði	Syðri-Reistrará	EY-086:015
Skógarbrekka	Skriðulandi	EY-083:020
Skriðuland	Skriðulandi	EY-083:001
Skriðulandsgrafir	Skriðulandi	EY-083:013
Skriðulandsstekkur	Skriðulandi	EY-083:011
Smiðjan	Kjarna	EY-082:003
Smiðjuhóll	Pálmholti	EY-070:015
Smiðjuhóll	Ytri-Reistrará	EY-085:015

Sérheiti	Tilheyrir	Samtala
Smiðjuhóll	Þrastarhóli	EY-095:011
Snorrahóll	Syðra-Kambhóli	EY-081:014
Spónsgerði	Spónsgerði	EY-097:001
Spónsgerðiskíll	Möðruvöllum	EY-068:038
Staðarvað	Möðruvöllum	EY-068:042
Stefánsfjós	Möðruvöllum	EY-068:006
Steinar	Hvammi	EY-088:015
Steinnes	Arnarnesi	EY-074:015
Stekkhóll	Arnarnesi	EY-074:022
Stekkjarholt	Pálmholti	EY-070:013
Stekkjarholtslind	Pálmholti	EY-070:014
Stekkjarlaut	Arnarnesi	EY-074:013
Stekkjarlaut	Arnarnesi	EY-074:017
Stekkjarlaut	Fagraskógi	EY-079:007
Stekkjarnes	Arnarnesi	EY-074:014
Stekkur	Stóru-Brekku	EY-092:013
Stinnabær	Arnarnesi	EY-074:044
Stóra Brekka	Stóru-Brekku	EY-092:001
Stórikálgarður	Hofi	EY-090:030
Strunsa	Skriðulandi	EY-083:009
Sundpollur	Ytri-Reistrará	EY-085:010
Svarðargrafamýri	Hofi	EY-090:018
Svarðarhóll	Bragholti	EY-073:008
Svarðarmelur	Syðri-Bakka	EY-071:038
Svarfdælagróf	Hofi	EY-090:017
Svínakofi	Syðri-Reistrará	EY-086:019
Syðra Brekkukot	Syðra-Brekkukoti	EY-094:001
Syðri Bakki	Syðri-Bakka	EY-071:001
Syðri Reistará	Syðri-Reistrará	EY-086:001
Syðri-Kambhóll	Syðra-Kambhóli	EY-081:001
Syðri-Oddi	Ytri-Bakka	EY-072:044
Syðsti-Kambhóll	Syðra-Kambhóli	EY-081:008
Sæból	Hvammi	EY-088:026
Tjaldhóll	Þrastarhóli	EY-095:015
Tjarnargrafir	Syðra-Kambhóli	EY-081:007
Torfhóll	Syðri-Bakka	EY-071:021
Torfnes	Fagraskógi	EY-079:022
Tóftarbrot	Hofi	EY-090:024
Tunga	Þorvaldsdal	EY-633:008
Tungukot	Þorvaldsdal	EY-633:009
Wallenshús	Ytri-Bakka	EY-072:029
Wallensplan	Ytri-Bakka	EY-072:050
Ytra Brekkukot	Ytra-Brekkukoti	EY-093:001
Ytri Bakki	Ytri-Bakka	EY-072:001
Ytri Reistará	Ytri-Reistrará	EY-085:001
Ytri-Kambhóll	Ytra-Kambhóli	EY-080:001
Þinghóll	Syðra-Kambhóli	EY-081:010
Þorlákskofi	Möðruvöllum	EY-068:027
Þorvaldsskarð	Kjarna	EY-082:016
Þórðarauga	Þrastarhóli	EY-095:010
Þrastarhóll	Þrastarhóli	EY-095:001
Þvergarður	Pálmholti	EY-070:008
Þvergarður	Ytri-Bakka	EY-072:056
Þýsku húsin	Ytri-Bakka	EY-072:027
Ærhús	Kjarna	EY-082:012
Ærhúshóll	Fagraskógi	EY-079:004
Öskuhóll	Möðruvöllum	EY-068:025

Viðauki 4: Loftmyndir, minjakort

Minjakort: Landamerki og minjastaðir í Arnarneshreppi

N

Minjastaðir

Garðlög


Mörk túns 1917


Landamerki*

*Landamerki eru sett fram án ábyrgðar. Minjakortin má ekki nota sem heimild um landamerki. Leitast var við að setja inn landamerki miðað við jarðamörk um miðja 19. öld.


0 1,5 3


kílómetrar


Minjakort: Fornleifar á Ósi
N
069011
06942
069019
069021
06921B - C
069027
069028
069026
069009
069022
069029
069041
069023
069012
069043
069013
069015
069010
069046
069045
069034
069044
069018
069024
069036
069048
069035
069037
069016
069049
0
250
500
metrar



Minjakort: Fornleifar á Syðri - Bakka og í Pálmholti
N
071006X
071006F
071006G
071008
071027
071006
631001E
071007A
071007B
071042
071006D
071006C
071006A
071028
071043
071038
071006Z
071021
071006
070008
070008
070008G
071030
071034
071041
071045
071032
070017C
070017B
070017A
071016
071016K
071005
071031
071033
071039
070022
070034
071040B
071040A
070023
070024
071040C
071019
071019
071019
070021
070013
070014
070036
070016
071022
070026
071009
070039
070018
071012
071011
631001F
071026
071013
071036
071037
070010
071024
071025
070009
070037
071023
070025
070019
0
250
500
metrar



Minjakort: Fornleifar á Ytri - Bakka
N
072040
072044
072051
072027B
072027A
072052
072030
072028
072038A
072046
072037
072038B
072048
072042
072023
072054
072025
072035
072050
072039
072041
072053
072031
072043
072055
072036
072034
072029
072024
072033
072017
072045
072018
072012
072009
072013
072014
072015
631001C
072022
072021
072057
072058A
072019
072058
072056
072056
072056
0
100
200
metrar



Minjakort: Fornleifar í Bragholti
N
073019A
073019B
073018A
073018B
073011
073004
073008
073009
073010
074030
073014
073012
073007
0
150
300
metres



Minjakort: Fornleifar í Arnarnesi
N
074020B
074020A
074012
074011
074032
074003
074005
074029
074014
074028
074019
074018
074029
074021
074031
074009
074034
074036
074037
074035
074033
074042
074025A
074043
074017
074013
074024
074025B
074041
074038
074030
074044
074045A
074040
074022A
074022B
0
300
600
metrar



Minjakort: Fornleifar í Fagraskógi og á Ytri - Kambhól
N
079022D
079022E
079022A
079022B
079022F
079022C
079015
079023
079007
079025
079010
079024
079017
079018
080003
080002
080001
0
200
400
metrar



Minjakort: Fornleifar á Syðri - og Syðsta Kambhól og Kjarna
N
081014
081013
081016
081005
631001B
081015
081004A
081010A
081004B
081007
081004C
081006
081017
081011
081012
081008C
081018
081010B
631002B
082017
082017
082011
082019
082005
082018
082010
082008
082009
0
150
300
metrar


Minjakort: Fornleifar á Skriðulandi
N
083015
083011
083016
083013
083012
0
300
600
metrar



Minjakort: Fornleifar í Baldursheimi
N
084018
084007
084017
084013
084014
084012
084011
084008
084010
084009
0
200
400
metrar



Minjakort: Fornleifar á Ytri-Reistará
N
085019
085008
085017
085013
085002
085006
085010
085007
085014
085009
085011
085021
086024
085020
085012
085016
0
250
500
metrar



Minjakort: Fornleifar á Syðri-Reistará
N
086024
086010
086019
08626C
086016
086007
086017
086008
086026
086018
086022
086013
086012
086014
086025
08615
08615E
08615C
086015
086011
08626B
08615K
0
350
700
metrar



Minjakort: Fornleifar í Hvammi og Hvammkoti
N
088016
088027
088017
088025
088023
088018
088026
088028
088012
088021
088015
088019
088013
088024
088014
088020
0
300
600
metrar


Minjakort: Fornleifar á Áslákstöðum
N
089008
089009
089010
089005D
089004
089007
089005B
089005A
089006
0
150
300
metrar


Minjakort: Fornleifar á Hofi, Litlu - Brekku og Ytra - Brekkukoti
N
090012
090017
090026B
090026A
090011A
090011B
090027
090028
090015E
090015D
090015C
090015B
090015A
090009
090033
090019
091005
090025
090032
090021
090035
090013
090018
091004
093006
090023
090023
090031
090022
090010B
090010A
0
250
500
metrar


Minjakort: Fornleifar í Stóru - Brekku, Syðra - Brekkukoti og á Þrastarhól
N
092021
092016
092011
092014
092015
092012
094007
094010
092010
094005
094006C
094006E
094006A
094006B
094006D
094009
094008
095029
095007
095022B
095020
095021A
095026
095022A
095010
095018
095030
095021D
095012
092017
092018
095023
095025
092027
092020
092019
092008
092026
095019
095008
095015
095016
095024B
095024A
095031
0
250
500
metrar


Minjakort: Fornleifar á Hallgilsstöðum, Möðruvöllum og í Spónsgerði
N
068017
068049
068040
06847
068036
068050
068018
068051
068052
068045
068019
068028
068032
097006
068044
068024
068038
068022
068048
068021
06833A
06831A
068034
068046
068042
06821A
096008
096010
096005
0
450
900
metrar


Minjakort: Fornleifar á Björgum og í Litla - Dunhaga
N
098006
099017
098007
098007ba
099007
098007a
099014
099015
183002
099016
099009
099008
099005
099004
0
250
500
metrar


Minjakort: Fornleifar í Arnarnesafrétt
N
633004
633004
633001
633002
633003
633009
633007
633008
633006
633005
0
1.000
2.000
metrar